Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Mannanöfn.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um mannanöfn** [34. mál] (stjfrv., A. 34).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það til l. um mannanöfn, sem hér er lagt fyrir, kom einnig fyrir þing síðari hluta síðasta þings, en varð þá ekki útrætt. Þetta frv. er flutt á ný sem stjfrv. En það skal skýrt tekið fram þegar hér í upphafi, að slíkt felur ekki í sér, að ríkisstj. geri málið þar með að sínu máli í öllum greinum eða aðhyllist einróma þá stefnu, sem þar er mörkuð í hverju atriði. Þetta er ekki pólitískt mál og ljóst, að um einstök atriði frv. sýnist sitt hverjum í öllum flokkum. En það er að mínum dómi einsýnt að nauðsyn ber til, að Alþ. gefist kostur á að marka stefnu í þessu máli, stefnu, sem unnt er að fara eftir og framkvæma. Svo hefur tekizt til, að l. frá 1925, sem enn eru í gildi, hafa reynzt dauður bókstafur og aldrei verið framkvæmd og mannanafnamálið er því í algerri sjálfheldu. Reynt var að ráða bót á þessu árið 1955, þegar skipuð var n. til þess að semja nýtt frv. til laga um mannanöfn. Sú n. þríklofnaði og frv., sem hún samdi, dagaði uppi. Enn var skipuð n. 1967 og árangurinn af starfi hennar er það frv., sem hér liggur fyrir. Í þessari n. sátu Klemens Tryggvason hagstofustjóri, prófessor Ármann Snævarr, prófessor Einar Bjarnason, prófessor Halldór Halldórsson og Matthías Johannessen ritstjóri. Þessi n. kveðst í starfi sínu hafa lagt höfuðáherzlu á að ná samstöðu um samfellt frv., og það liggur nú hér fyrir. Frv. er ýtarlegt og kemur víða við, en að svo stöddu ætla ég mér ekki að rekja einstök nýmæli, sem í því felast, heldur ræða fyrst og fremst það atriði, sem helzt veldur ágreiningi og deilum, það er afstaðan til ættarnafna.

Ættarnöfn hafa verið bönnuð hér á landi frá 1925, að því er tekur til annarra nafna en þeirra, sem tíðkuðust fyrir 1901, og nokkurra, sem voru löglega upp tekin fram til 1913. En vegna þess, að lögin frá 1925 hafa aldrei verið framkvæmd, hafa á gildistíma þeirra bætzt inn ýmis ný ættarnöfn, gersamlega löglaust, og talið er, þó að fullnaðarkönnun hafi aldrei farið fram á því, að þessi nöfn séu einhvers staðar á bilinu 450—550. Annað, sem fylgt hefur í kjölfar þess, að mannanafnalögin frá 1925 hafa aldrei komið til framkvæmda, er það, að ákvæði, sem þar var að finna og áttu að útiloka hrein ónefni í eiginnöfnum, hafa aldrei orðið virk.

Eins og þessu máli er nú komið, virðast þrír kostir fyrir hendi. Í fyrsta lagi að láta reka á reiðanum, eins og gert hefur verið frá 1925, og býst ég við, að öllum hv. alþm. þyki það alveg óviðunandi kostur. Í öðru lagi að taka að framfylgja þeim lögum, sem sett voru 1925, eða öðrum svipuðum ákvæðum um ættarnöfn, og yrði þá hreinlega að höfða mál á hendur þeim, sem ólögleg nöfn bera, til þess að knýja þá til að leggja þau niður. Í þriðja lagi að taka upp lagafyrirmæli, sem gera ráð fyrir, að meginreglan sé hinn íslenzki nafnsiður að kenna sig til foreldris, en leyfi þó undantekningar hvað ættarnöfn varðar, vegna þess að þau eru tvímælalaust búin að vinna sér nokkurn rétt í íslenzku nafnkerfi. Og til þess að koma í framkvæmd ákvæðum, sem hér er að finna í þessu frv., eða öðrum, sem sett kunna að verða, er tvímælalaust full nauðsyn, að komið verði upp því eftirlitskerfi, sem gert er ráð fyrir í frv., sem sé mannanafnanefnd, sem virku stjórnvaldi. Hún getur stuðzt við þjóðskrá, sem komið hefur til sögunnar síðan fyrri mannanafnalög voru sett og gerir framkvæmd á mannanafnalögunum örugga og tiltölulega auðvelda. Þýðingarmesta verkefni mannanafnanefndar yrði tvímælalaust að útrýma því, sem telja verður hrein ónefni, bæði úr eiginnöfnum og ættarnöfnum.

Það kann að vera nokkurt matsatriði, hver áhrif það hefði, ef lögfest væru ákvæði þessa frv., sem heimila upptöku ættarnafna undir eftirliti og með sérstöku leyfi dómsmrn. Mitt álit er það, að ásókn í ný ættarnöfn sé ekki mikil. Ef hún væri það, hefðu þau, sem fyrir eru, breiðzt út í þjóðfélaginu miklu meira en raun hefur á orðið, því að eðli ættarnafna er slíkt að ef þau ná til allra afkomenda, sem rétt hafa til að bera þau, breiðast þau afar fljótt út. Þau verða á skömmum tíma ríkjandi, ef vilji fólksins er sá að bera ættarnafn. En ég býst við, að öllum sé kunnugt, að þess eru mýmörg

dæmi, að fólk, sem rétt hefur til ættarnafna, fellir þau niður og hverfur að hinum forna nafnsið að kenna sig til foreldris. Það er engum blöðum um það að fletta, að hinn forni nafnsiður að kenna sig til foreldris, oftast föður, en í einstaka tilvikum móður, er ríkjandi í landinu og ríkjandi vilji, að honum sé við haldið. En það verður að viðurkennast, að ættarnöfn hafa frá því á 17. öld komið hér inn og unnið sér takmarkaðan rétt. Meginstefna þessa frv., sem hér er lagt fyrir, er að mínum dómi að viðurkenna þetta ástand og gera haldgóðar ráðstafanir til, að unnt sé að framfylgja réttsýnum reglum um framkvæmd þess nafnsiðar, sem komið er á.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 649).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um mannanöfn, en þetta er allmikill lagabálkur um meðferð og notkun eiginnafna og ættarnafna. Alllangt er síðan lögum hefur verið breytt um mannanöfn og núgildandi lög eru frá árinu 1925. Rétt er að láta þess getið, að þau lög vísa til fyrri laga frá árinu 1913, þegar heimilað var, að menn gætu tekið upp ættarnöfn, og það var sem sagt leyfilegt um 12 ára skeið, frá 1913 til 1925. En þegar lög voru sett um þetta efni 1925, var ákveðið, að þeir, sem borið hefðu gild ættarnöfn fyrir setningu laga 1913, mættu halda þeim með óskertum rétti, en þeir, sem tekið hefðu upp ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, skyldu fá að bera þau áfram sjálfir persónulega og börn þeirra, en þar með ekki aðrir, þannig að þau ættarnöfn, sem tekin voru upp á tímabilinu 1913—1925, áttu raunverulega að hverfa úr sögunni með þeim, sem þá voru á lífi og báru ættarnöfn, og með börnum þeirra. Það er skemmst frá að segja, að lög þessi hafa verið að litlu höfð á landi okkar og þeim hefur ekki verið framfylgt nema í mjög litlum mæli, raunverulega alls ekki, þar til þjóðskrá var upp tekin 1952, en eftir tilkomu þjóðskrár hefur verið reynt að sögn hagstofustjóra að tryggja, að þar væru ekki tekin inn önnur ættarnöfn en þau, sem væru lögum samkv., en að öðru leyti hefur lögum ekki verið framfylgt, þannig að menn hafa getað haft hvort heldur lögleg eða ólögleg ættarnöfn hvar sem var annars staðar og í öðrum skrám.

Menntmn. er sammála um, að nauðsyn beri til, að frá þessu lögleysisástandi verði horfið og að sett verði ný löggjöf um mannanöfn, sem síðan verði reynt að framfylgja með aðstoð þjóðskrár, þannig að ákveðnar reglur gildi á þessu sviði.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er meginatriðið það, að leyft er, að tekin séu upp ættarnöfn, og það eru raunverulega opnaðar allar gáttir fyrir því, að menn geti fengið að taka upp ættarnöfn. Vafalaust eru margir, sem telja þetta sjálfsagt og eðlilegt, að ættarnöfn hafi unnið sér þá hefð í íslenzku þjóðlífi, þannig að ekki þýði annað en að viðurkenna þá staðreynd. En ekki er síður vafi á því, að fjöldamargir eru algjörlega öndverðrar skoðunar og leggja á það kapp, að ættarnöfnum sé algjörlega útrýmt. Menntmn. er þeirrar skoðunar, að það sé ekki raunsætt, hver sem vilji einstakra manna kunni nú að vera í þeim efnum, að ættarnöfnum manna verði útrýmt með lögum, eins og einu sinni var gerð tilraun til án árangurs. N. telur eðlilegast, að í þessum efnum verði valin einhver millileið milli hinna öndverðu skoðana, sem uppi eru um þetta efni í þjóðfélaginu, þannig að það sé einhver von til þess, að þeim reglum og þeim lögum, sem sett verða um þetta efni, verði framfylgt og eining skapist um það. Hún er þeirrar skoðunar, að það sé raunverulega ekki ástæða til þess að opna allar dyr til fjölgunar ættarnafna, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Hún telur eðlilegra, að settar séu strangari skorður og raunverulega sé þá reiknað með því í lögum, sem sett yrðu í þessu efni, að þeim, sem bera ættarnöfn í dag, lögleg ættarnöfn, sé leyfilegt að halda þeim, en það sé ekki leyfilegt að taka upp ný ættarnöfn. Það verði sem sagt dregið strik á þeim punkti, sem við stöndum nú á. Jafnframt telur n. æskilegt, að áður en endanlegar ákvarðanir séu teknar um það efni, sé það rannsakað, hvort ættarnöfn hafa raunverulega verið að vinna á, hvort þeim hefur verið að fjölga á seinustu áratugum, en um þetta ætti að vera hægt að fá nokkuð góðar niðurstöður og áreiðanlegar, og hagstofustjóri hefur tjáð n., að hann væri fús til þess að láta gera slíka rannsókn.

Að öllu þessu athuguðu telur n. eðlilegast, að frv., sem hér liggur fyrir, verði tekið til nýrrar athugunar, áður en Alþ. tekur það til endanlegrar meðferðar, og að það verði endurskoðað á næstu mánuðum, m. a. með það sjónarmið í huga, að fyrrnefnd rannsókn fari fram og að því stefnt, að ættarnöfn verði raunverulega ekki algjörlega gefin frjáls og öllum leyfilegt að taka upp ný ættarnöfn, heldur verði slegið strik við það, sem nú er.

Í frv., sem hér liggur fyrir, eru ýmis ákvæði, sem óneitanlega hljóta að orka nokkuð tvímælis. Ég nefni sem dæmi, að í 13. gr. frv. segir: „Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í karllegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn.“ Ekki fer á milli mála, að hér er um mismunun kynjanna að ræða að því leyti, að það eru aðeins niðjar í karllegg, sem hafa rétt til að halda ættarnafninu, en ekki niðjar í kvenlegg. Benda má á fjöldamörg önnur ákvæði í frv., sem eru af sama tagi. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því í 14. gr., að af eiginkonu sem tekið hefur upp ættarnafn manns síns og kannske borið það um langt skeið, kannske nokkurra áratuga skeið, en síðan hafi þau slitið samvistum, skilið, þá geti eiginmaðurinn heimtað ættarnafn sitt með dómi, svipt hana nafninu, sama rétt hafi ekkja mannsins. Þarna er

greinilega um nokkra mismunun að ræða. Eins er um ákvæði í 9. gr. og 7. gr. og víðar í frv.

Menntmn. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé, að fram fari endurskoðun á þessu frv. og auk þeirrar stefnu, sem ég hef nú vikið að hvað ættarnöfnin snertir almennt, verði við það miðað, að karlar og konur hafi sömu réttindi að öllu leyti hvað ákvæði um mannanöfn snertir, endurskoðunin miðist við það. Í trausti þess, að ríkisstj. leggi fyrir næsta Alþ. endurskoðað frv. um mannanöfn, leggur sem sagt n. til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 649 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. Fræðslustofnun alþýðu.

Á 10. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Fræðslustofnun alþýðu [58. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 11. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður E. Guðmundsson): Herra forseti. Á síðustu árum hefur sú skoðun rutt sér til rúms hér á landi, að nauðsynlegt væri að gefa fullorðnu fólki kost á því að afla sér frekari menntunar, þekkingar eða þjálfunar en það hafði aðstöðu til á yngri árum sínum. Sannarlega er það fagnaðarefni, að augu manna skuli hafa opnazt fyrir nauðsyn þessa, því að vissulega er hér rétt stefnt. Ástandið í menntunar- og fræðslumálum hérlendis nú er þannig, að þeir, sem eru á æskualdri eða unglingsárum, eiga þess kost að sækja ríkisskólana og ber raunar skylda til þess. En auk þess, sem hið opinbera heldur uppi skyldunámskerfinu, rekur það bæði beint og óbeint mikinn fjölda skóla, bæði sérskóla og fagskóla. Sammerkt þeim öllum er þó það, að þeir eru að nær öllu leyti ætlaðir yngri mönnum, sem eru að leita sér undirbúningsmenntunar vegna lífsstarfs síns. En það er ekki aðeins, að ríki og sveitarfélög eigi og reki allt þetta mikla skólakerfi, heldur er einnig haldið uppi geysilega viðamikilli lána- og styrktarstarfsemi til sumra þeirra manna, sem einna lengst eru á veg komnir með nám sitt. Í öllum þessum efnum hefur orðið stórkostleg þróun á síðustu árum undir forustu fyrrv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, og er óhætt að fullyrða, að aldrei hafi mennta- og skólamál hér á landi tekið jafnstórstígum framförum og í hans ráðherratíð. Allt hið mikla og dýra menntunar- og skólakerfi, er ég hef nú vikið orðum að, er að sjálfsögðu greitt með fjármunum hins óbreytta skattborgara, mannsins, sem kominn er á fullorðinsár og vinnur hörðum höndum við að halda uppi heimili sínu og fjölskyldu og ríkisbúskapnum að sínu leytinu til, þ. á m. hinu dýra og umfangsmikla skólakerfi. Sjálfur hefur hann e. t. v. átt þess lítinn kost, að öðlast alla þá menntun og fræðslu á sínum yngri árum, sem börn hans og annað ungt fólk geta nú fengið. Þjóðin bjó og býr enn við takmarkaðan fjárhag, fyrr á árum og ekki síður þar áður átti ungt fólk ekki margra kosta völ um menntun, ætti það ekki til því efnaðra fólks að telja. Af þeim sökum fékk margur efnismaðurinn aldrei notið hæfileika sinna til fulls og enginn vafi er á því, að þannig fóru stundum miklir eðlislægir hæfileikar fyrir lítið, mönnunum sjálfum og þjóðinni allri til mikils tjóns. En til þess eru vítin að varast þau og ranglætið ber að leiðrétta. Fullorðið fólk á vitaskuld fullan rétt á því að fá að njóta frekari menntunar og fræðslu en það átti kost á í uppvexti sínum. En það er ekki aðeins, að það eigi fullan siðferðilegan rétt á slíku og það sé sjálfsagt réttlætismál að gefa því kost á að njóta slíkrar menntunar eða þjálfunar, heldur er hér líka um að ræða mikið hagsmunamál fyrir þjóðfélagið sjálft. Vitaskuld kostar það nokkuð, að fullorðnu fólki gefist kostur á aukinni og frekari menntun en það hefur haft tök á að afla sér til þessa. En þjóðfélagið kaupir aldrei of dýru verði vel menntaða og vel upplýsta þegna. Í þeim efnum á enginn að búa við forréttindi að því er varðar aðstöðu til náms og lánveitingar og styrki, enda er þjóðfélaginu mikils virði, að fullorðið fólk afli sér frekari menntunar, þekkingar og þjálfunar en það hefur áður átt kost á, óski það eftir því.

Í því frv., er hér liggur fyrir um Fræðslustofnun alþýðu, er gert ráð fyrir því, að jöfnuð verði námsaðstaða fullorðinna og yngra fólks. Ætlazt er til, að lagafrv. þetta, verði það samþ., leiði til þess, að fullorðið fólk geti leitað sér þeirrar menntunar eða þjálfunar, sem hugur þess stendur til, því sjálfu að kostnaðarlitlu eða kostnaðarlausu. Hér er sannarlega um stórt mál að ræða. Ætlazt er til, að fræðslustofnunin styðji með fjárframlögum margs konar menntunar- og fræðslustarfsemi, sem fullorðnu fólki gefist kostur á að njóta, en einnig styðji hún með fjárframlögum þá fjölskyldumenn, karla og konur, er eigi geta án þess stundnings aflað sér slíkrar menntunar. Í því sambandi skal lögð áherzla á það, að tryggja verður að próf eða menntunaráfangar þeir, sem þetta fólk aflar sér á umræddum þekkingarbrautum, geti með eðlilegum hætti opnað því leið að hinu almenna skólakerfi. Í dag er það svo, að karl eða kona, sem komin er á miðjan aldur og vill annaðhvort taka upp sinn menntunarþráð að nýju eða hefja nám, verður að byrja þar sem frá var horfið eða jafnvel byrja á byrjuninni, og er það þá oft gert utan skóla. Að engu er metin mikil og dýrmæt lífsreynsla og mikill þroski, er þetta fólk hefur aflað sér. Þess í stað er það sett á skólabekk með reynslulitlum unglingum og í sama kerfi og þeir eru. Ég minnist þess, að ég heyrði gamlan og góðan vin minn, Ingvar Carlsson, skólamálaráðherra Svía, fjalla um þetta atriði meðal margra annarra á norrænni ráðstefnu mennta- og fræðslusamtaka alþýðu, er haldin var í nágrenni Stokkhólms sumarið 1970. Honum þótti fjarstætt það fyrirkomulag, að lífsreynsla

og þroski fullorðins fólks væri að engu metið, er það loks fengi tækifæri til að hefja nám að nýju. Minnist ég þess, að hann taldi reynslu manna og þroska jafngilda tveggja eða þriggja ára námi í kennara- eða menntaskóla, og mun það víst ekki ofmælt. En ég skal ekki hafa fleiri orð um það, heldur víkja að nýju að því, sem áður sagði.

Við flm. þessa frv. gerum ráð fyrir því, að Fræðslustofnun alþýðu verði gert kleift að styðja með fjárframlögum fræðslustarfsemi, er nyti hennar viðurkenningar og væri ætluð fullorðnu fólki. Er þá átt við starfsemi á borð við námsflokka ýmissa sveitarfélaga, tungumálaskóla, handíða- og myndlistarskóla fyrir almenning, listaskóla, margs konar öðruvísi fræðslustarfsemi o. fl. þ. h. Í þessu sambandi vil ég minnast á og nota sem dæmi athyglisverða starfsemi, er hófst hér í Reykjavík fyrir um það bil tveimur árum, að ég ætla. Nokkrir ungir skólamenn tóku saman höndum um stofnun skóla, er þeir nefna Kvöldskólann. Er tilgangur hans að gefa þar yngra og eldra fólki kost á að stunda nám til gagnfræðaprófs. Aðsóknin mun vera mjög mikil og meiri en unnt er að sinna. En þar sem skólinn er einkaskóli, er krafizt hárra skólagjalda, og í ofanálag verða vitaskuld margir nemendanna að draga úr vinnu sinni vegna námsins. Ég er persónulega kunnugur manni vestan af fjörðum, 35 ára að aldri eða svo, fjölskyldumanni, er haft hefur atvinnu af leigubílaakstri. Hann átti þess ekki kost að taka gagnfræðapróf á sínum yngri árum, en hafði sterkan hug á því. Honum tókst að komast í þennan kvöldskóla og hann hefur nú lokið námi sínu, gagnfræðaprófinu. En það kostaði hann þúsundir kr. í útlögðum skólagjöldum, auk þess sem hann varð að draga við sig atvinnuna og konan hans að fá sér vinnu út á við. Á sama tíma getur svo annar maður, 20 árum yngri eða svo, aflað sér sömu menntunar ókeypis.

Við flm. erum þeirrar skoðunar, að úr slíku misrétti verði að bæta. Allir þegnar þjóðfélagsins eiga að sitja við sama borð í þessum efnum. Viss ókeypis grundvallarmenntun a. m. k., á í raun að standa öllum til boða, hvað sem aldri þeirra, efnahag, fjölskyldustærð og öðrum aðstæðum líður. Og í því sambandi vil ég enn á ný leggja áherzlu á nauðsyn þess, að venjulegu launafólki gefist kostur á fjárhagslegum stuðningi vegna launataps, er það kann að verða fyrir vegna námsins. Íslenzka ríkið veitir unglingum í dreifbýli fjárhagslegan stuðning til náms og einnig fjölmörgum námsmönnum, er nám stunda erlendis. Þarf ég ekki að rekja það mál, því að það er hv. alþm. öllum kunnugt. Vitaskuld er það mikið fagnaðarefni, að hagur þjóðarinnar skuli vera slíkur, að þetta er unnt. En það verður líka að búa svo um hnútana, að fjölskyldufólki verði gert fjárhagslega fært eða það a. m. k. styrkt fjárhagslega til þess að afla sér þeirrar menntunar eða þjálfunar, sem hér er rætt um.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að unnt er að veita fullorðinsmenntun, sem svo er nefnd, eftir mörgum leiðum og með ýmsum hætti, og ekki þarf það allt að kosta mikla peninga. Sýnilegt er, að unnt er að beita bæði hljóðvarpi og sjónvarpi í því skyni í mun ríkari mæli en nú er gert, enda mun fyrrv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hafa hugsað sér að hefja fullorðinsmenntunina á þeim vettvangi og hafði látið fram fara nokkurn undirbúning þar að lútandi. Sýnist mér einnig sem núv. hæstv. menntmrh. hugsi til hins sama, og er það vel. En vafalaust kemur ekki síður til greina, að fullorðinsmenntunin fari fram að einhverju leyti á vegum frjálsra fræðslusamtaka með sama hætti og gerist í nágrannalöndum okkar með miklum og góðum árangri. Frv. okkar gerir ráð fyrir miklum stuðningi við slíka starfsemi.

Ég vil ekki skilja við þennan þátt máls míns án þess að drepa á enn eitt atriði, sem ég tel, að skipti miklu máli í þessu sambandi. Sem betur fer stefnir svo, að tómstundir manna aukast fremur en hitt og efni manna fara batnandi. Launþegasamtökin í nágrannalöndunum hafa gert sér ljósa grein fyrir nauðsyn þess, að stuðlað verði að því, að þessi bætti hagur manna verði þeim að sem beztu og mestu gagni. Þar á miklu hlutverki að gegna sú fullorðinsmenntun, almenningsfræðsla, sífræðsla eða hvað við viljum kalla hana, sem ekki er aðeins hliðstæð eða í ætt við hið venjulega skólanám, heldur er einnig á sviði léttara náms, t. d. á sviði listiðkunar, föndurs og annarra persónulegra áhugamála. Fræðslusamtök alþýðu í nágrannalöndunum halda uppi mikilli ríkisstyrktri starfsemi á þessu sviði, og gildir það raunar fyrir öll önnur frjáls fræðslusamtök í nágrannalöndunum. Þessi starfsemi er öll saman ríkisstyrkt. Með þeim hætti gefst mönnum kostur á að verja tómstundum sínum nytsamlega og til uppbyggingar í stað þess, sem lakara væri. Tel ég, að hér sé um afar mikilvægt atriði að ræða, atriði, sem jafnvel mætti kalla öðrum þræði uppeldislegt og jákvætt í alla staði.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að menn geti átt þess kost að afla sér endurþjálfunar, annaðhvort á vegum fræðslustofnunarinnar sjálfrar eða á vegum annarra aðila, er hún styrkti til þess. Ég tel vafalaust, að mikil þörf sé á starfsemi sem þessari. Öll munum við kannast við fólk, er vill leita sér þjálfunar á nýjan leik og þarf jafnvel beinlínis á því að halda. Gildir þetta bæði um þá, sem vilja eða þurfa að leita nýrra starfa, t. d. vegna breytinga á atvinnuháttum, og eins um hina, er ekki hafa starfað í atvinnulífinu um nokkurt skeið, en snúa svo aftur til þess. Hinir fyrri neyðast nú oft til að hverfa að lakari og verr launuðum störfum vegna aldurs síns eða vegna þess, að þeim gefst ekki kostur á endurþjálfun eða að læra ný störf. Meðal hinna síðarnefndu eru t. d. sjúklingar, er ná heilsu, eða húsfreyjur, sem hafa komið upp börnum sínum og vilja nú á nýjan leik taka til starfa á hinum almenna vinnumarkaði. Þjóðfélagið og atvinnulífið tekur satt að segja ekki fagnandi á móti þessu fólki. Atvinnurekendur vísa því oft og tíðum á þann bekk, sem þeir telja óæðri. Hér er bæði um ranglæti að ræða og heimskulega afstöðu af hálfu samfélagsins, sem nauðsynlegt er að bæta úr. Í annan

stað gerir frv. okkar einnig ráð fyrir því, að launþegasamtökunum gefist kostur á að fá fjárhagslegan styrk til þess að koma upp fræðslustarfsemi fyrir trúnaðarmenn samtakanna sérstaklega. Í nágrannalöndunum er haldið uppi mikilli og vandaðri starfsemi af þessu tagi og er hún m. a. og í mörgum tilfellum kostuð af hinu opinbera. Það þykir nauðsynlegt, að þeir, sem gegna trúnaðarstörfum hjá launþegasamtökunum, eigi kost á sem víðtækastri fræðslu og þjálfun vegna starfa sinna. Er það vitaskuld í þágu þjóðfélagsins engu síður en það er í þágu samtakanna sjálfra. Hér á landi hefur ekki reynzt unnt að halda uppi jafnviðamikilli starfsemi á þessu sviði og þörf hefði verið á, og er þar raunar mikill munur á, því miður. Það er ætlan okkar flm. að leggja með frv. þessu grundvöll að því, að unnt verði úr að bæta.

Herra forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum um þá hugsun og þau sjónarmið, sem í þessu frv. felast og að baki því liggja. Um allt þetta mál mætti þó flytja miklu lengri ræðu, því að hér er um viðamikið málefni að ræða. Í nágrannalöndunum hefur fullorðinsfræðslan þróazt um langan aldur. Hún er upprunnin í alþýðusamtökunum sjálfum, og á þeirra vegum hefur hún verið mest og öflugust, þótt fleiri aðilar eigi nú hlut að máli. Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum starfa sterk og víðtæk fræðslusamtök alþýðu, sem hafa stóra þætti fullorðinsfræðslunnar í sínum höndum. Svo þróuð sem fullorðinsmenntunin er þar, þá er engu að síður enn lögð mikil áherzla á að auka hana og efla. Þetta sýnir t. d. nýlegt fréttaskeyti, sem ég hef undir höndum frá norsku fréttastofunni. Segir þar frá ræðu, er Ivar Leveraas, framkvstj. Menningarsambands og fræðslusambands alþýðu í Noregi, hélt nýlega á fundi í Osló. Bendir hann þar á, að verkalýðshreyfingin verði að vinna að ummyndun menntunarkerfisins með það í huga, að auka jafnréttið og bæta lýðræðið. Leveraas segir í þessari ræðu sinni, að í Noregi sé um það bil 1% heildarkostnaðarins við fræðslu- og skólamál varið til fullorðinsfræðslu, en í Svíþjóð sé um það bil 10% varið í sama skyni. Við íslenzkir jafnaðarmenn getum til fulls tekið undir þau orð Leveraas, að með aukinni fullorðinsmenntun sé stefnt að stórauknu jafnrétti og bættu lýðræði.

Ég hef ekki haft mörg orð um einstök atriði frv. um Fræðslustofnun alþýðu, enda skýrir það sig sjálft að mestu leyti. Við teljum, að starf hennar fyrir fullorðinsfræðsluna í landinu eigi að vera í 4 meginfarvegum, þ. e. 1) fjárhagslegur stuðningur við fræðslustarfsemi, sem ætluð er fullorðnu fólki; 2) fjárhagslegur stuðningur við þá, sem námið stunda; 3) þjálfunar- og endurhæfingarnámskeið fyrir fullorðið fólk og stuðningur við slíka starfsemi á vegum annarra aðila, ef vill, og 4) fræðslunámskeið fyrir trúnaðarmenn í launþegasamtökunum, svo og fjárhagslegur stuðningur við þau, séu þau rekin á vegum annarra. Stærð hvers þáttar um sig takmarkast af því fjármagni, er til hans rennur. Teljum við, að sennilega mundi við hæfi, að um það bil 80% samtals árlegrar fjárveitingar rynni til tveggja fyrst töldu kaflanna, en samtals 20% til tveggja hinna síðarnefndu. Ég hygg, að frv. skýri sig sjálft að öllu öðru leyti.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því, herra forseti, að láta þá von í ljós, að frv. þessu verði vel tekið og það fái vandaða meðferð hér í þinginu. Ég er sannfærður um, að verði það samþ., hefur verið stigið stórt og mikilvægt spor, ekki aðeins að því er varðar almenna fræðslu og menntun með þjóðinni, heldur hefur líka þar með verið lagður grundvöllur að stórauknu jafnrétti og bættu lýðræði. Með frv. er einnig stefnt að því, að allir þeir, sem þess óska, fái aðstöðu til að nema það, sem hugurinn þráir með öllu án tillits til efnahags, aldurs eða annarra aðstæðna. Það hlýtur að vera mesta réttlætismálið.

Með þeim orðum læt ég máli mínu lokið og legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 44. og 45. fundi í Nd., 28. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 63, n. 348).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er frv. til l. um Fræðslustofnun alþýðu. Flm.: Sigurður E. Guðmundsson, Stefán Gunnlaugsson og Pétur Pétursson. Menntmn. hefur fjallað um frv. og leitað umsagnar nokkurra aðila um það. Þeirra á meðal er nýskipuð fullorðinsfræðslunefnd, sem lýsir einróma áliti sínu á þessa leið:

„Fullorðinsfræðslunefndin fagnar frv. því, sem lagt hefur verið fram í Nd. Alþ. um Fræðslustofnun alþýðu, og telur, að með því hafi verið vakin athygli á hinu mikla og flókna verkefni fullorðinsfræðslunnar. N. lítur hins vegar svo á, að hún hafi á þessu stigi enga möguleika til að láta efnislega í ljós álit á framkomnu frv. N. er að hefja störf og hefur viðað að sér gögnum um skipulag fullorðinsfræðslunnar í nágrannalöndum. Kemur þegar í ljós, að um margbrotið og viðamikið verkefni er að ræða, enda mála sannast, að undirbúningur að samningu l. um fullorðinsfræðslu hefur tekið nokkur ár í öllum þeim löndum, sem vitneskja hefur borizt frá."

Í trausti þess, að hin nýskipaða fullorðinsfræðslunefnd taki frv. til gaumgæfilegrar athugunar, leggur menntmn. til, að því verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 348 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 24 shlj. atkv.

3. Almannatryggingar (frv. PP).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar [44. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 45 frv., sem hefur oft áður verið flutt svipaðs eðlis hér á hv. Alþ., en er þó að því leyti öðruvísi, að í staðinn fyrir, að oftast hefur áður verið talað um það að tannlækningar falli að öllu leyti undir sjúkrasamlagskerfið í landinu, þá hef ég hér lagt til að tannlækningar á fólki upp að 20 ára aldri séu felldar undir sjúkrasamlagskerfið.

Ég sagði, að málið hefði oft verið áður flutt, og ég geri það nú í trausti þess, að hv. þm. vilji fallast á þá skoðun mína, að það sé ekki óhyggilegt að koma þessu sjálfsagða máli á í áföngum. Nú þegar er það svo, að ríkissjóður og sveitarfélög og bæjarfélög greiða talsvert háar upphæðir fyrir tannlækningar skólabarna, nefnilega skólabarna á aldrinum 7—14 ára, en þau munu vera eitthvað um 37 þús. í landinu. Þær upphæðir, sem hafa verið greiddar til þessara hluta á síðustu tveimur árum, þ. e. a. s. 1969 og 1970, eru af ríkisins hálfu um 7½ millj. hvort ár, var samtals 15.2 millj. 1969, þ. e. a. s. um 8 millj. frá sveitar- og bæjarfélögum, en fór samtals upp í 19.1 millj. á árinu 1970. Það er þannig þegar farið að greiða talsvert af tannviðgerðum í landinu, en þetta er bara gert í gegnum skólakerfið, að hálfu leyti af ríkinu og að hálfu leyti frá bæjarfélögum, eða því sem næst. En við þetta er þó það að athuga, að í ýmsum byggðarlögum, þar sem ekki er tannþjónusta fyrir hendi, vill mjög dragast úr hömlu, að þetta sé raunverulega gert.

Það er því um að ræða, ef þetta frv. verður samþ., að tannlæknaþjónusta talsvert stærri hóps kæmi til greina, en innan við 20 ára aldur í landinu eru um það bil 87 þús. manns. Nú eru engar tannviðgerðir á yngstu börnum, svo að ég gizka á, að þetta yrðu 15—20 þús. manns, sem bættust hér við í þessum áfanga. Þetta er auðvitað enginn lokaáfangi, en ég er að gera mér vonir um, að ef þetta yrði samþ., mundi það þróast til þess, að sjúkrasamlögin tækju þetta meira og meira upp á sína arma. Vitanlega þarf einhverja peninga til að greiða þetta, og ég hef hugsað mér, að það komi einfaldlega fram í sjúkrasamlagsgjöldum til viðbótar við þær fjárhæðir, sem þegar eru greiddar af opinberri hálfu til þessara hluta.

Mér finnst, að þessi tannlæknamál ungs fólks séu svo þýðingarmikið mál fyrir allt fólk í landinu, að það sé ómögulegt að horfa fram hjá því. Það er hörmulegt til þess að vita, að tennur í fólki eru kannske látnar skemmast af því, að aðstandendurnir hafa kannske ekki efni á því að láta gera við tennurnar, og þetta vitum við sjálfsagt öll, að dæmi eru til um. Það verður líka að minnast þess, að eftir því sem farið er fyrr að gera við tennur, þá er enginn vafi á því, að viðhald þeirra verður bæði ódýrara, fyrir nú utan það, hvað þetta er miklu betra fyrir fólk sjálft. Mér finnst, að sameiginlegt átak þurfi að koma til í þessu efni. Stundum hefur vantað tannlækna hér á landi. En nú held ég, að það sé ekki. Nú held ég einmitt, að til sé nægur tannlæknaafli til að taka við þessu verkefni.

Ég hefði auðvitað viljað þetta frv. í þeirri veru, að allar tannlækningar komi hér undir. En ég tel hyggilegra að reyna að freista þess, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um þetta mál nú í ljósi þess, að það er þegar byrjað á þessum aðgerðum, og þarna er í raun og veru verið að stíga aðeins eitt spor fram á við í þessum efnum. Ég vildi mega vænta þess, að hv. þdm. sæju sér fært að standa að þessu máli, eða a. m. k. kanna það mjög rækilega frá öllum hliðum, áður en því er kastað til hliðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nú, en legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 50. og 51. fundi í Nd., 13. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 45, n. 423).

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að almannatryggingar skuli greiða kostnað við tannlækningar samlagsmanna, barna og fósturbarna, allt að 20 ára aldri.

N. hefur rætt þetta frv. og sent það til umsagnar ýmissa aðila: tryggingaráðs, landlæknis, nefndar, sem nú starfar að endurskoðun á tryggingalögunum og Tannlæknafélags Íslands. Kemur yfirleitt hvarvetna fram, að það sé æskilegt markmið, að kostnaður við tannlækningar sé greiddur af almannatryggingakerfinu. Sú hugmynd er orðin gömul. Það hefur verið rætt í áratugi að taka tannlækningar undir tryggingakerfið, en hingað til hefur það strandað á því, hversu kostnaðarsamt það yrði talið. Um skeið var meira að segja í lögunum heimild til þess að greiða kostnað af tannlækningum þeirra, sem eru innan 18 ára, en sú heimild var ekki notuð. Þess vegna var ákvæðið numið úr gildi og í stað þess sett almenn heimild til handa sjúkrasamlögum til að greiða tannlækningar. En sú heimild hefur ekki verið notuð að heitið geti, og hafa verið taldir nokkrir framkvæmdarörðugleikar á því að heimila sjúkrasamlögunum að nota sér þessa heimild.

Vegna þess að upplýst var fyrir heilbr.- og félmn., að almannatryggingakerfið sé í heildarendurskoðun, var n. sammála um, að ekki væri rétt, að frv. þetta kæmi til atkvæða á þessu stigi málsins, en varð sammála um að vísa því til ríkisstj. og gerir það í trausti þess, að það fái jákvæða afgreiðslu í endurskoðunarnefndinni.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. heilbr.- og félmn. fyrir af-

greiðslu á þessu máli, enda þótt ég hefði nú vænzt þess, að hv. n. kynni að geta fallizt á þau rök, sem fram koma í grg. fyrir frv. Að hinu leytinu verð ég að viðurkenna, að það er eðlileg afstaða hjá n., þar sem tryggingakerfið er í endurskoðun, og að það sé rétt að vísa málinu nú til ríkisstj. Ég legg verulega mikið upp úr því, að hér er sagt fortakslaust, að málinu sé vísað til ríkisstj. í trausti þess, að það fái jákvæða afgreiðslu. Ég met þetta á þann veg, ef þessi till. verður samþykkt á þann veg, að d. sé virkilega jákvæð í afgreiðslu málsins. Eins og málum er nú komið í þessu efni, þá verður ekki lengra komizt að sinni. Það felst að mínu mati í þessu mjög mikilvæg viðurkenning á því, að hér sé um mikið réttlætismál að ræða.

ATKVGR.
Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 423 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

4. Ljósmæðralög.

Á 44. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933 [168. mál] (þmfrv., A. 319).

Á 45. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 6. landsk. þm. að bera fram þetta frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933. Ég sé ekki ástæðu til í sambandi við þetta frv. að ræða um mikilvægi ljósmóðurstarfsins. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þdm. séu sammála um það, enda talar reynslan þar skýrustu máli, og á það ekki sízt við í byggðarlögum, sem eru langt frá læknissetri og þar af leiðandi hafa takmarkaða læknisþjónustu. En ég vil með örfáum orðum skýra þær breytingar á gildandi lögum, sem lagt er til, að gerðar verði með þessu frv.

Staða ljósmæðra meðal hins fjölmenna hóps opinberra starfsmanna er að sumu leyti með nokkuð sérstökum hætti. Ljósmæður fá skipun til starfsins af hendi embættismanns ríkisins, þ. e. a. s. í sveitum landsins af hendi sýslumanna, en í kaupstöðum af hendi bæjarfógeta. Sumar ljósmæður eru þannig settar, að það má segja, að ljósmóðurstarfið sé fullt starfssvið og þeirra aðalstarf. En miklu fleiri einstaklingar í stéttinni eru þannig settir, að ljósmóðurstarfið getur ekki kallazt fullt starf, og launakjörin því miðuð við, að þau séu fremur þóknun en full embættislaun. Greiðsla ljósmóðurlauna í kaupstöðum er innt af hendi úr bæjarsjóði, en greiðsla ljósmóðurlauna í sýslum landsins er að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta úr sýslusjóði.

Lögin sem hér er lagt til, að gerð verði nokkur breyting á, eru frá 1933 og því allt að 40 ára gömul. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan þau voru sett, hafa gerzt miklar og margháttaðar breytingar í þjóðfélaginu, og snertir það þetta svið að vissu leyti eins og mörg önnur svið í þjóðfélaginu, þannig að sum ákvæði ljósmæðralaganna samrýmast ekki þeim öru breytingum, sem orðið hafa, og hefur því reynzt óhjákvæmilegt í framkvæmd að víkja frá bókstaf laganna.

4. gr. laganna, þar sem kveðið er á um launakjör ljósmæðra, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins. Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að ⅓ hluta úr sýslusjóði og að ⅔ hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig: 1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 700 kr. 2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaun vera 700 kr. að viðbættum 16 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300. 3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 kr. í byrjunarlaun. Launin skulu hækka eftir 3 ár um 85 kr. og eftir önnur 3 ár um 85 kr.“

Eins og að líkum lætur, hefur ekki verið hægt í framkvæmd að fara eftir þessum bókstaf laganna, þó að þessi ákvæði séu enn talin í gildi. Það er því till. okkar, sem berum fram þetta frv., að þeirri skipan verði komið á, að launakjör skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna samkv. lögum nr. 55 28. apríl 1962. Þess skal getið, að í kjarasamningum, sem gerðir voru í árslok 1970, er tekið fram, að í 14. launaflokk sé skipað ljósmóður, en það mun einungis ná til þeirra örfáu einstaklinga í stéttinni, sem hafa fullt starf og ljósmóðurstarfið má því teljast aðalstarf þeirra. En ég hef það fyrir satt, að um launakjör annarra ljósmæðra, þ. e. a. s. þeirra, sem starfa úti á landsbyggðinni, hafi í framkvæmd verið farið þannig að, þegar almennar launabreytingar hafi orðið, hafi heilbr.- og félmrn. gert till. um það, hverjar breytingar skyldu verða gerðar hverju sinni á þeirri þóknun eða því kaupgjaldi, sem ljósmæður úti á landsbyggðinni fá, og síðan hafi þær till. verið lagðar fyrir fjmrn. og það raunverulega ákveðið þessar greiðslur.

Nú vil ég taka fram, að við flm. þessa frv. höfum alls enga ástæðu til að ætla, að af hálfu rn. hafi verið nokkur tilhneiging til þess að halla á þessa starfsmenn, sem hér um ræðir, að þessu leyti. En við teljum það ekki eðlilega skipun, að rn., framkvæmdavaldið, þurfi á þennan hátt að vera að ákveða launakjör þó þetta fjölmennrar stéttar, sem þarna er um að ræða, og starfsmanna, sem hafa fengið bréf um skipun í opinbert starf, og teljum því eðlilegast,

að þetta verði lagt á hendur þeirra, sem fara með kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða kjaradóms.

Önnur ákvæði í 4. gr. eru óbreytt í frv. okkar frá því, sem er í gildandi lögum. Ég tel vel koma til álita, að sú skipan verði tekin upp, að ríkissjóður greiði hluta af launum allra ljósmæðra í landinu, hvort sem þær starfa í kaupstöðum eða sveitum. Það getur þá komið til athugunar við meðferð málsins, en við flm. höfum ekki gert till. um það í þessu frv.

2. gr. þessa frv. kveður svo á, að ljósmæðir, sem skipuð er í starf samkv. lögum þessum, eigi rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Það má telja mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þessi réttur sé veittur, en það eru engin ákvæði um þetta efni í núgildandi ljósmæðralögum.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Á árinu 1972 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðh. grein fyrir till. um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim."

Í 2. gr. ljósmæðralaganna, sem hér er vitnað til, segir svo orðrétt:

„Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðh. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa."

Vera má, að það sé misjafnt í hinum einstöku héruðum, hve langt er síðan þessi skipting var gerð, en mér er kunnugt um það, að í sumum héruðum hefur skipting í ljósmæðraumdæmi ekki verið gerð síðan snemma á þessari öld. Og við teljum því, flm. þessa frv., mjög eðlilegt, að það séu sett fyrirmæli um það, að sú skipting, sem gilt hefur, skuli tekin til endurskoðunar.

Skipting í ljósmæðraumdæmi, eins og hún er nú í mörgum eða jafnvel flestum sýslum landsins, er miðuð við það, að hver sveit eða hvert sveitarfélag sé ljósmæðraumdæmi út af fyrir sig. Þessi skipting var eðlileg og kannske óumflýjanleg, á meðan landið var veglaust að heita mátti, öll vötn óbrúuð og bifreiðaeign var ekki til staðar eða a. m. k. ekki almenn eins og nú er orðið. En með þeim breytingum, sem orðið hafa, og með þeirri fækkun, sem orðið hefur í sumum sveitabyggðum, virðist hafa komið í ljós, að það sé mjög erfitt að fá ljósmæður til að gegna starfi í sumum hinna fámennari héraða, og teljum við því eðlilegt, að þetta verði tekið til endurskoðunar. En að sjálfsögðu hlýtur þessi endurskoðun, ef til kemur, að verða fyrst og fremst í höndum sýslunefndanna. Með því á að vera tryggt, enda þarf það að vera tryggt, að um þetta málefni fjalli menn, sem hafa staðgóða þekkingu í hverju héraði, og tekin verði til greina sjónarmið þeirra manna, sem eru gagnkunnugir staðháttum og aðstöðu í hverju byggðarlagi.

Þegar ákveða skal, hvernig skipta á héraði í ljósmæðraumdæmi, þá ber að dómi okkar flm. að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Það ber að líta með sanngirni á sérstöðu einstakra byggðarlaga og hafa það í huga fyrst og fremst, að ávallt verði veitt svo góð þjónusta á þessu sviði sem kostur er. Það verður líka að taka tillit til samgangna innan héraðs, eigi aðeins á þeim árstíma, þegar samgöngur eru greiðastar, heldur engu síður, hvernig samgöngum er háttað á vetrum. Rétt er og að hafa hliðsjón af fólksfjölda í sveitarfélögum og gera sér grein fyrir því eftir fenginni reynslu, hvort auðveldara muni reynast að fá ljósmæður til starfa í allfjölmennum umdæmum fremur en í hinum fámennustu. Enn fremur verður að hafa það í huga í sambandi við skiptingu héraða í ljósmæðraumdæmi, að fyrirhugað er að gera með nýrri löggjöf breytingar á skipun læknishéraða og auka og bæta þjónustu við heilsugæzlu yfirleitt í landinu.

Þm. hafa átt þess kost að hafa með höndum grg. og till. um skipun heilbrigðisþjónustunnar, sem samin er á vegum nefndar, sem fjallað hefur um athugun á heilbrigðismálum í landinu. Og ég ætla, að á grundvelli þessara till. sé nú unnið að undirbúningi nýrrar löggjafar á þessu sviði. Ég hef komið auga á það, að í þessum till. er gert ráð fyrir því, að læknishéruðin verði stækkuð að miklum mun og komið verði á fót heilsugæzlustöðvum í mörgum eða í flestum héruðum, þar sem starfi a. m. k. tveir læknar. Og ég hef komið auga á það, að þar sem talin eru upp í þessum till. verkefni, sem á að inna af hendi í heilsugæzlustöðvum, þá er þar m. a. talað um mæðravernd og lít ég þannig á, að þar hljóti að verða óhjákvæmileg samvinna að vissu leyti á milli ljósmæðra og heilsugæzlustöðvar í hverju héraði.

Þá virðist það augljóst, að í sambandi við þá fyrirhuguðu skipulagsbreytingu á þessu sviði, sem nú er unnið að að undirbúa, þá beri sérstaklega að athuga, hvort hagkvæmt sé að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða með því að þær jafnframt ljósmóðurstarfi veiti héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæzlu. Þetta mundi sérstaklega eiga við og geta komið sér vel í byggðarlögum, sem eru í allmikilli fjarlægð frá heilsugæzlustöð og í fámennum ljósmæðraumdæmum.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er sannarlega tímabært. Breyting á kjörum ljósmæðra er nauðsynleg, og það er þess vegna, sem ég kem hér og ætla að segja nokkur orð.

Ég lít svo á, að síðasta mgr., sem hér er í grg. frv., sé mjög athyglisverð, þótt mér sé það hins vegar ljóst, að það að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða sé ekki sérstaklega skjótvirk lausn og komi ekki að fullum notum. En hins vegar er hér átt við það að gera fjölbreyttari störf ljósmæðra, og það er einmitt þess vegna, sem mig langar til að segja nokkur orð.

Það er ekki vafi á því, að jafnframt ljós-

móðurstarfi geta ljósmæðurnar veitt héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæzlu, og hérna er drepið á viðfangsefni, sem gætu komið að miklu liði. Ljósmæður munu viðast hvar staðsettar nærri héraðslæknum, en þær eru einnig dreifðar um læknishéraðið og hér getur því verið um tvíþætta hjálp við læknana að ræða. Í fyrsta lagi, að ljósmæður, sem staðsettar eru nærri bústöðum héraðslækna, mundu aðstoða héraðslæknana við ýmis störf, svo sem störf ritara. Til þess þyrftu þær hins vegar að kunna vélritun og venjuleg skrifstofustörf. Þær gætu aðstoðað hann við almenn hjúkrunarstörf og rannsóknastörf og jafnvel við afgreiðslu í lyfjabúð. Þær gætu aðstoðað við töku röntgenmynda og að sjálfsögðu unnið allt, er lýtur að mæðravernd. Þetta eru veruleg aukastörf hjá læknunum, og að fá góða aðstoðarmenn til slíkra *starfa mundi létta þeim starfið mjög. Hins* vegar mundi þetta lengja nokkuð nám ljósmæðra, ef gengið væri út frá því, að þær yrðu hæfar til að gegna þessum störfum. Þó yrði varla nema um nokkurra mánaða aukningu að ræða, þar sem mjög verulegur hluti af þessu námi gæti farið fram og verið dreifður á allan námstímann. En þetta yrði örugglega báðum aðilum mjög hagkvæmt, létti lækninum störfin og skapaði ljósmóðurstarfinu öruggari fjárhagsgrundvöll. Og það var ekki sízt þess vegna, sem mér fannst rétt, að þetta kæmi hér fram, vegna þess að ég held, að þetta sé einasti mögulegi grundvöllurinn til þess að ljósmæður geti virkilega unnið fyrir sér með sínum störfum.

Eitt af því, sem háir héraðslæknum mjög, er skortur á aðstoðarfólki. Störf þeirra eru svo margþætt og tímafrek, að erfitt er að komast yfir þau, svo að vel sé, og því er það, að seinni þátturinn kemur einnig til greina, og hann er sá, að ljósmæður, sem eru staðsettar fjarri héraðslækninum, en í sama héraði, geta einnig veitt honum margháttaða hjálp, sparað honum marga ferðina og skapað aukið öryggi í héraðinu. Ég vil því eindregið mælast til þess, að n. sú, er fær þetta frv. til afgreiðslu, athugi, hvort ekki megi breyta námsefni ljósmæðra á þann veg, er hér hefur verið minnzt á, og stuðla að námskeiðum fyrir eldri ljósmæður, svo að starfskraftar þessa mikilvæga fólks geti nýtzt betur en nú er, þar sem mér er ljóst, að þörf er mjög mikil fyrir hjálp á þessu sviði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 697).

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fengið til umsagnar frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum. Þetta frv. var flutt af okkur hv. 3. þm. Austf. Það laut aðallega að tvennu: Annars vegar, að launakjör skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, en ekki með þeirri undarlegu reglu, sem lengi hefur gilt og ekki er í neinu samræmi við venjulegar kjaraákvarðanir. Í öðru lagi var það um það, að ljósmóðir eigi rétt á orlofi á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Til viðbótar þessu voru svo í frv. ákvæði þau til bráðabirgða, að endurskoðuð yrði skipting í ljósmæðraumdæmi. Þetta var aðalefni frv. Það var flutt að ósk ljósmæðra úti í dreifbýlinu sem sjálfsögð réttarbót þeim til handa.

Leitað var umsagnar um frv. og samkv. umsögn landlæknis stendur nú yfir allsherjar endurskoðun á ljósmæðralögunum, framkvæmd af n., sem skipuð mun hafa verið til þessa starfs í fyrra. Sömuleiðis vísaði formaður Ljósmæðrafélagsins í viðtali til þessarar endurskoðunar, en fagnaði þeim bótum, sem í frv. felast, sem hún taldi víst, að næðu fram að ganga í endanlegri heildarmynd þess eftir endurskoðun.

Ég hef það fyrir satt, að þessi frv.-flutningur hafi örvað þessa hv. n. til starfa og er það vel, og með tilliti til þessarar heildarendurskoðunar laganna og í trausti þess, að þar verði fljótt og vel að unnið, þá leggur heilbr.- og félmn. einróma til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Það skal tekið fram, að hv. 6. þm. Reykv. var fjarstaddur, er n. afgreiddi málið.

ATKVGR.
Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 697 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

---

5. Snjóbílar vegna heilbrigðisþjónustu.

Á 26. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaup og rekstur á snjóbílum, þar sem þeirra er þörf vegna heilbrigðisþjónustu [122. mál] (þmfrv., A. 163).

Á 27. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 1. þm. Vesturl. leyft mér að leggja fram í deildinni á þskj. 163 frv. til laga um aðstoð ríkisins við kaup og rekstur á snjóbílum, þar sem þeirra er þörf vegna heilbrigðisþjónustu.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um þá erfiðleika, sem víða eru í dreifbýlinu í sambandi við heilbrigðisþjónustu. Hér á hinu háa Alþ. hafa fjölmargir hv. þm. á undanförnum árum lagt sig mjög fram við að ráða bót á þessum erfiðleikum. Bent hefur verið á fjölmargar leiðir, sem gætu orðið til þess að bæta það ástand, sem nú ríkir, og hygg ég, að Alþ. hafi með umr. um þessi mál sýnt mjög

ákveðinn vilja sinn í þá átt að bæta heilbrigðisþjónustu dreifbýlisins. Því miður hygg ég þó, að það sé staðreynd, að fremur hefur hallað undan fæti, a. m. k. víða, í þessu sambandi. Læknislaus héruð eru mörg og hefur að jafnaði, að ég hygg, farið fjölgandi.

Sérstaklega hefur þetta ástand verið erfitt, þar sem samgöngur eru lélegar eða jafnvel engar vegna snjóa mikinn hluta vetrar, ekki síst í mörgum útgerðarstöðum, þar sem hætt er við slysum og langan tíma getur tekið að komast til læknis. Sem betur fer hefur á nokkuð mörgum stöðum á landinu rutt sér til rúms notkun snjóbíla, einkum á Austfjörðum og Vestfjörðum, og hygg ég, að óhætt sé að segja, að þessi tæki hafa reynzt mjög mikilvæg ekki síst í sambandi við heilbrigðisþjónustu, en jafnframt einnig til almennra samgöngubóta.

Einnig hefur verið tekinn upp sá siður, að Alþ. hefur veitt, samkvæmt sérstökum umsóknum, nokkra styrki, bæði til kaupa á snjóbílum og einnig til rekstrar á þeim, og hefur Alþ. þannig í verki staðfest mikilvægi þessara tækja.

Sú lausn, sem helzt virðist vera rætt um nú í heilbrigðismálum dreifbýlisins, er fyrst og fremst fólgin í því að koma upp heilsugæzlustöðvum á nokkrum stöðum í hverjum landshluta, en ljóst má öllum vera, að heilsugæzlustöðvar sem slíkar eru til lítils megnugar, ef læknarnir, sem þar sitja, fá ekki komizt til hinna ýmsu staða í viðkomandi umdæmi. Ég hygg, að þegar þessar stöðvar eru vel komnar á fót, þá muni reynast rétt, að öflugir og góðir snjóbílar verða taldir hin sjálfsögðustu tæki við slíkar stöðvar. Okkur flm. þessa frv. sýnist því tímabært orðið að binda aðstoð ríkisins við kaup og rekstur snjóbíla nokkuð fastari böndum en verið hefur og jafnframt með frv. um slíka aðstoð að vekja athygli á mikilvægi þessara tækja í hinum ýmsu tilfellum, sem ég hef drepið á.

Við höfum sett í frv. ákveðnar hundraðstölur, sem framlag ríkisins miðast við. Ég skal viðurkenna, að þessar tölur eru ef til vill nokkuð úr lausu lofti gripnar, þó að við höfum reynt að kynna okkur þessi mál eins og við frekast gátum, og sýnist mér sjálfsagt, að n., sem fær þetta mál til athugunar, kanni þær tölur nokkru nánar. Við höfum jafnframt talið rétt að setja þá eðlilegu takmörkun, að framlag til rekstrar skuli þó aldrei vera meira en rekstrarhalli. Við höfum einnig sett það skilyrði fyrir framlagi, að skilað sé rekstrarreikningi, en það mun yfirleitt ekki hafa verið gert í þeim tilfellum sem Alþ. styrkir slíkan rekstur nú. Með þessu hyggjumst við binda þetta, eins og ég sagði áðan, nokkuð fastari böndum.

Ég vil einnig vekja athygli sérstaklega á 3. gr. þessa frv., þar sem áherzla er lögð á, að Vegagerð ríkisins skuli athuga, hvort snjóbílum verði við komið, og heimilað er að greiða úr Vegasjóði kostnað við lagfæringar á akstursleiðum í því skyni að gera fært fyrir snjóbíla á vetrum og jafnframt að merkja akstursleið, þar sem þörf krefur.

Ég held, að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði, sem þörf hefur verið á víða. Ég þekki sjálfur þess dæmi, að aðeins lítilfjörlegur hliðarhalli eða annar erfiðleiki í landslagi getur valdið því, að snjóbílum verður varla við komið, en þetta mætti lagfæra með afar litlum kostnaði. Auk þess hygg ég, að víða mætti hafa slíkt betur í huga, þar sem vegir eru lagðir almennt.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, sé ekki ástæðu til þess, enda fylgir þessu nokkur grg., sem skýrir málið frekar. Ég vil aðeins að lokum leggja áherzlu á þá skoðun okkar flm., að hér geti verið um mikilvæga aðstoð vegna heilbrigðisþjónustu að ræða, og legg áherzlu á þá von okkar, að þetta mál fái góða afgreiðslu í hv. d., og vil ég svo leggja til að umr. lokinni, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 81. og 83. fundi í Ed., 15. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 163, n. 793).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til athugunar í heilbr.- og félmn. og umsagnir hafa borizt frá Vegagerð ríkisins, sem mælir með frv. nokkuð breyttu, og einnig hefur borizt umsögn frá landlækni, þar sem hann telur frv. óþarft, vegna þess, að meginefni þess felist í frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. 242. máli, sem liggur nú fyrir hv. Alþingi.

En frv. um heilbrigðismál mun ekki ná fram að ganga á þessu þingi, en verður athugað nánar fyrir næsta Alþ., og í trausti þess, að meginefni þessa frv., sem hér er um fjallað, verði fellt inn í heilbrigðislöggjöfina, hefur heilbr.- og félmn. orðið sammála um að leggja til að vísa frv. til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 793 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

---

6. Fiskvinnsluskóli.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um fiskvinnsluskóla, nr. 55 15. apríl 1971 [228. mál] (þmfrv., A. 482).

Á 61. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. segir, að stuðlað skuli að því að dreifa opinberum stofnunum um landið.

Ég geri mér grein fyrir því, að þetta er að mörgu leyti mjög erfitt mál og raunar langtímaþróun, ef vel á að takast. En ég hygg, að það sé mjög aukinn og vaxandi skilningur meðal landsmanna á nauðsyn þess, að opinberum stofnunum sé ætlaður staður víðar en hér á höfuðborgarsvæðinu, skilningur á því, að slíkt er öllu landinu raunar nauðsynlegt að ýmsu leyti.

Aðrar þjóðir hafa skoðað svipuð mál, t. d. Norðmenn, sem settu á fót n. hjá sér til þess að kanna þetta, og var þar um að ræða flutning opinberra stofnana frá Óslóarsvæðinu. N. komst eftir langa athugun að þeirri niðurstöðu, að það væri ýmsum erfiðleikum háð að flytja opinberar þjónustustofnanir út í dreifbýlið eða m. ö. o. stofnanir, sem þurfa að hafa náið samband við ríkisvaldið eða rn. og vera þannig staðsettar, að sem flestir landsmenn hafi auðveldan samgönguaðgang að þessum stofnunum og starfsmönnum þeirra. N. komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, að um ýmsa skóla gegndi nokkuð öðru máli, og væru þeir að ýmsu leyti betur staðsettir úti í dreifbýlinu heldur en á þéttbýlissvæðunum.

Þess ber einnig að gæta í þessu sambandi, að *erfiðara verður að flytja opinberar stofnanir og* jafnvel skóla, þegar slíkar stofnanir hafa fest rætur á ákveðnum stað, t. d. verið yfir þær byggt eða kennarar ráðnir til slíkra stofnana og þær tengdar ýmsu á viðkomandi svæði.

Okkur flm. þessa frv. sýndist því ástæða til að hreyfa þessu máli um staðsetningu fiskvinnsluskóla fyrr en síðar. Lög um fiskvinnsluskóla voru samþykkt á hinu háa Alþ. á s. l. *ári á síðustu dögum þess þings. Ég sat hér* þá sem varamaður nokkra stund og kynntist nokkuð meðferð þessa máls. Á allra síðustu stundu komu áskoranir bæði frá bæjarstjórn Akureyrar og sömuleiðis bæjarstjórn Ísafjarðar um staðsetningu þessa skóla á Ísafirði, en sökum þess hve seint þær komu fram reyndist ekki unnt að taka tillit til þeirra, og það var talið varasamt að tefja málið með breytingum á því frv., sem þá lá fyrir. *Ég fyrir mitt leyti treysti* mér ekki til þess að hreyfa þessu máli þá. Ég taldi mjög mikilvægt, að skóli þessi kæmist á fót, en hins vegar var ég þá eins og nú þeirrar skoðunar, að kanna bæri, hvort skólinn væri ekki betur staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins.

Raunar vil ég vekja athygli á því, að í meðferð Alþ. á þessu máli varð að margra dómi 6. gr. frv., sem fjallar um staðsetningu skólans, nokkuð furðuleg. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara“ o. s. frv. Síðan heldur áfram: „Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.“ M. ö. o.: skólinn á að vera staðsettur á Suðvesturlandi, en síðan á að undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs enn á Suðurnesjum, sem að sjálfsögðu er á Suðvesturlandi, og á Akranesi, sérstaklega tilgreint. Ég hygg raunar, að öllum hafi borið saman um, að þessari gr., eins og hún var orðin í meðferð þingsins, væri nokkuð ábótavant og ástæða til þess að lagfæra hana.

Með því frv., sem ég hef hér lagt fram ásamt 4. þm. Vestf., gerum við ráð fyrir því, að gr. þessi breytist þannig, að skólinn skuli staðsettur á Ísafirði, en allar aðrar deildir skólans, sem síðar verða settar upp, fari eftir ákvæðum gildandi laga.

Ég tel að mörgu leyti mjög eðlilegt að staðsetja fiskvinnsluskólann á Ísafirði. Það eru fáir staðir og fá landssvæði, sem eru eins háð fiskvinnslu og Vestfirðirnir og ekki sízt Ísafjarðarsvæðið. Þar er hver fiskvinnslustöðin við aðra. Þar er fiskvinnsla fjölbreytt, þar eru sum af beztu frystihúsum þessa lands. Þar er einnig rækjuvinnsla og skelfiskvinnsla, og ég vil einnig geta þess, sem að mínu viti er mjög mikilvægt í þessu sambandi, að á Ísafirði er nú kominn ágætur vísir að menntaskóla, sem virðist dafna vel. Það er mikil aðsókn að þeim skóla og sýnist mér sjálfsagt að athuga, eins og raunar er minnzt á í grg. með þessu frv., að koma á nánum tengslum milli fiskvinnsluskóla, ef samþykkt verður, að hann verði staðsettur á Ísafirði, *og menntaskólans, sem þar er nú.* Sýnist mér, að báðir skólarnir gætu notið góðs af.

Með frv. er nokkuð ýtarleg grg., sem ég leyfi mér að vísa til, og get því stytt mitt mál.

Ég vil aðeins geta þess, að mér hefur sýnzt við athugun á þessu máli, að tveir staðir væru eðlilegastir fyrir fiskvinnsluskólann, annaðhvort Ísafjörður eða Vestmannaeyjar. Ég veit, að það er áhugi á því að fá skólann til Vestmannaeyja, og get ég vel skilið það og raunar fallizt á þau sjónarmið, er þar hafa fram komið. En ég vil vekja athygli á því, að í 6. gr. laganna og einnig í því frv., sem nú er lagt fram, er gert ráð fyrir því að stofnaður verði fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölul. 2. gr., og skal námi skólans skipt í þrjár deildir. Þetta er óbreytt. Hins vegar tel ég, að það sé Ísafirði til framdráttar í þessu máli, að þar er kominn menntaskóli, eins og ég sagði áðan, og mjög æskilegt að tengja þessa tvo skóla.

Að þessum orðum sögðum vil ég leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

Jón Helgason: Herra forseti. Tveir hv. þm. Vestf. hafa á þskj. 482 flutt frv. til l. um breyt. á l. um fiskvinnsluskóla, nr. 55 15. apríl 1971. Í 6. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, *sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og* fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölul. 2. gr., og skal námi við skólann skipt í þrjár deildir, sbr. 1.—3. tölul. 10. gr.

Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki rn., að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.“

Eins og hv. frsm. minntist hér á, hefur, síðan þessi lög voru samþ., hæstv. núv. ríkisstj. lýst því yfir í málefnasamningi sínum, að stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert. Til þess að vinna að þessu yfirlýsta markmiði ríkisstj. virðist því augljóst tækifæri að framkvæma lög um fiskvinnsluskóla þannig að velja fyrsta skólanum, sem stofnaður er, stað í Vestmannaeyjum. Þær hljóta að teljast til þess landshluta, sem við heyrum í ríkisútvarpinu oft á dag kallaðan Suðvesturland, og því ætti að mega stofna þann skóla, sem fyrst og fremst virðist talað um í I. kafla laganna, í Vestmannaeyjum. En verði ekki fallizt á þá skoðun, er ekkert í lögunum, sem mælir á móti því, að fyrst verði hafizt handa um stofnun þess skóla, sem sérstaklega er tekið fram um, að stofna eigi þar, enda eru Vestmannaeyjar eini staðurinn, sem lögin taka afdráttarlaust fram um, að stofna eigi skóla á strax, og þarf því ekkert að deila þar um staðarval.

Í 1. mgr. 6. gr. l., sem ég las hér upp, er að vísu aðeins tekið fram, að við skólann í Vestmannaeyjum eigi að vera þrjár fyrstu deildir skólans, undirbúningsdeild, fiskiðndeild og meistaradeild. En það kom einnig fram síðar í sömu gr., að veitt er heimild til að setja á stofn framhaldsdeildir við slíka skóla, svo framarlega sem þeir eru utan Reykjavíkur, og eru Vestmannaeyjar þar ekki undanþegnar. Það er augljóst, að margt mælir með því, að í Vestmannaeyjum verði fyrsta fiskvinnsluskólanum valinn staður. Þetta er stærsta verstöð landsins, þar sem allar algengustu bolfisktegundir hér við land eru veiddar og unnar allt árið, en það hlýtur að auðvelda alla verklega kennslu við skólann. Þessi skoðun kom m. a. glöggt fram hjá Útvegsbanka Íslands fyrir nokkrum árum, þegar hann gaf myndarlega upphæð til stofnunar fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum.

Í grg. fyrir frv. á þskj. 482 er skýrt frá því, að með stofnun menntaskólans á Ísafirði sé að rísa upp menntamiðstöð Vestfjarða. Ég vil af heilum hug láta í ljós ánægju mína yfir þeirri þróun, þar sem ég er búsettur í fámennu héraði og skil því vel, hvað það er mikilvægt fyrir þróun byggðar á Vestfjörðum. En mér finnst það einmitt beztu rökin fyrir því, hvað mikla áherzlu þurfi að leggja á stofnun fullkomins fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Þar er ekki menntaskóli. Mér er ekki kunnugt um, að undirbúningur að stofnun hans sé enn á döfinni. En skóli, sem veitti víðtæka kennslu og starfsþjálfun í þessum undirstöðuatvinnuvegi Vestmanneyinga, ætti að einhverju leyti að geta gegnt svipuðu hlutverki í menntalífinu þar og menntaskóli á Ísafirði gerir á Vestfjörðum, enda er í 4. gr. laga um fiskvinnsluskóla gert ráð fyrir, að nemendur, sem ljúka námi í framhaldsdeild hans, eigi aðgang að frekara námi í háskóla. Það er ómetanlegt fyrir hvert byggðarlag, að sem flestir nemendur þar geti stundað nauðsynlegt nám innan þess, en þurfi ekki um margra ára skeið að dvelja fjarri sinni heimabyggð til að geta stundað það. Vaxandi kröfur til fiskiðnaðarins eins og annarra atvinnuvega um fjölbreytni, vörugæði, afköst og annað þess háttar munu heimta meiri þekkingu af starfsfólkinu. Mikið af þeirri þekkingu ætti að vera hægt að fá í fiskvinnsluskóla. En óhjákvæmilegt hlýtur að verða, að nokkur hluti starfsfólksins hafi meiri sérþekkingu en þar verður unnt að veita. Hjá því starfsliði ætti því að vera hægt að fá nauðsynlega kennslukrafta að skólanum, að svo miklu leyti sem kennsla við hann verður ekki fullt starf kennaranna. Og gagnkvæmt ætti aðgangur að kennslu e. t. v. að auðvelda atvinnufyrirtækjum að ráða sérfræðinga í sína þjónustu.

Við vitum, að það er margt, sem þarf að gera í okkar landi. Verkefnin blasa alls staðar við. En við vitum líka, að ekki er hægt að gera allt í einu. Það verður einhvers staðar að byrja og ganga síðan á röðina. Ef hv. Alþ. samþykkir nú, að fiskvinnsluskóli sá, sem fyrst og fremst virðist talað um í I. kafla laga um fiskvinnsluskóla, skuli vera á Ísafirði, þá yrði það til að draga framkvæmd ákvæðisins um stofnun skóla í Vestmannaeyjum, þar sem óhjákvæmilega yrði þá litið þannig á, að mest áherzla væri lögð á stofnun þess fyrrnefnda. Ég vil vara við því að hefja harðar deilur milli landshluta um staðarval slíkra stofnana utan Reykjavíkur, þar sem hætt er þá við, að það hindri nauðsynlega dreifingu þeirra um landið. Og allra sízt finnst mér, að rökstyðja megi staðarvalið með því, að þær eigi að vera þar, sem aðrar, er svipuðu hlutverki geta gegnt, eru komnar áður. Þvert á móti tel ég, að við þurfum að vinna saman að skynsamlegri dreifingu þeirra milli héraða, þannig að stuðningur verði að þeim í sem flestum byggðarlögum. Það þarf á þessu sviði sem öðrum að hugsa um fólkið alls staðar í landinu.

Ég vænti því þess, að sem flestir geti fallizt á þá skoðun, sem ég hef rökstutt í þessum orðum, að lög um fiskvinnsluskóla verði þegar framkvæmd með stofnun fyrsta fiskvinnsluskólans í Vestmannaeyjum og síðan verði haldið áfram við stofnun þeirra annars staðar á landinu, eins og lög gera ráð fyrir. Ég vona því, að hv. n., sem fær mál þetta til meðferðar, sjái ekki ástæðu til að mæla með samþykkt þessa frv., sem hér liggur fyrir, en komi það óbreytt til 2. umr., mun verða flutt brtt. við það.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er fjarri mér að taka upp deilur við hv. 4. þm. Sunnl. um ágæti Vestmannaeyja annars vegar og Vestfjarða hins vegar, báðir eru hinir ágætustu landshlutar. Þó eru fáein atriði í máli hans, sem ég vil leyfa mér að minnast á.

Hv. þm. taldi, að í núgildandi lögum væri heimild til þess að stofnsetja fiskvinnsluskólann sem slíkan — og á ég þar við fullkominn skóla — í Vestmannaeyjum, þar sem Vestmannaeyjar tilheyra Suðvesturlandi. Ég hef aldrei heyrt þá staðsetningu á Vestmannaeyjum, sem betur fer. Þetta er stærsta fiskvinnslustöð landsins, og ég held, að Sunnlendingar hljóti að vera stoltir af henni og gefi seint Suðvesturlandi.

Ég skil lögin þannig, að skólinn eigi að vera staðsettur á höfuðborgarsvæðinu, þ. e. a. s. Suðurnesjum eða við Faxaflóa. Ég hygg, að um það geti varla verið nokkur deila.

En í þessu sambandi er afar mikilvægt, að þegar málið var til umr. hér á hinu háa Alþ., þá var, að því er ég bezt veit, enginn ágreiningur eða raddir uppi um það, að skólinn skyldi staðsettur í Vestmannaeyjum. Ekki varð ég a. m. k. var við það, heldur skildist mér, að fulltrúar Suðurlands og Vestmannaeyja ekki sízt væru fyllilega ánægðir með lögin, eins og þau eru nú, sem heimila stofnsetningu fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölul., eins og nánar er fram tekið í lögunum, þ. e. a. s. ekki fullkominn fiskvinnsluskóla, sem vitanlega gæti þó smám saman orðið það. Það er því í fyrsta sinn, sem ég verð var við ágreining að þessu leyti.

Í öðru lagi kemur mér það mjög spánskt fyrir sjónir, að stofnsetning aðalskólans á Ísafirði þurfi að tefja fyrir stofnsetningu þessarar fullkomnu deildar í Vestmannaeyjum. Hvers vegna tefur þá ekki stofnsetning fiskvinnsluskólans í Reykjavík framkvæmd þessa máls í Vestmannaeyjum? Ég get ekki séð þar neinn mun á. Það er verið að leita að húsnæði fyrir fiskvinnsluskólann í Reykjavík nú. Það er rætt um húsnæði t. d. í Hafnarfirði. Sé ég því ekki, að málið þurfi að valda neinum vandræðum eða ágreiningi við fulltrúa Vestmannaeyja.

Hv. þm. ræddi nokkuð um og gerði nokkurn samanburð á fiskvinnslu í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Ég skal með ánægju viðurkenna það, að Vestmannaeyjar eru líklega, þó að Grindavík sé nú æðiofarlega, stærsta verstöð landsins. En ég vil vekja athygli á því, að þegar rætt er um staðsetningu á Ísafirði, þá má ekki einblína á Ísafjörð sem slíkan. Þar eru í næsta nágrenni aðrar mjög stórar og mikilvægar fiskvinnslustöðvar. Þar er Bolungarvík með þeim stærri, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Patreksfjörður, og að sjálfsögðu mundi fiskvinnsluskóli á þessu svæði bæði draga til sín nemendur frá öllum þessum stöðum sem og vitanlega landinu öllu og njóta í kennslunni þeirrar gífurlegu fjölbreytni, sem þarna er fáanleg, sem ég leyfi mér að fullyrða, að sé töluvert meiri en er í Vestmannaeyjum. Og ég hygg raunar, að það væri nokkuð varasamur samanburður fyrir fulltrúa Vestmannaeyja og hv. þm. Sunnl. að fara út í samanburð á stærð verstöðva, þegar landshlutinn sem slíkur er tekinn fyrir í einu. Því er ekki að neita, að mér sýnist nokkur annmarki á staðsetningu í Vestmannaeyjum, að Vestmannaeyjar eru æðifráskildar frá meginlandinu og samgöngur þar á milli iðulega erfiðar, og mjög er vafasamt, að nemendur skólans gætu notið t. d. reynslu í fiskvinnslustöðvum á meginlandinu.

Ég vil fyrst og fremst leggja áherzlu á það, að með þessu frv. er alls ekki ætlunin að tefja á nokkurn máta stofnsetningu þess fiskvinnsluskóla, sem lögin gera ráð fyrir í Vestmannaeyjum, — alls ekki. Þvert á móti mundi ég með mikilli ánægju standa að því, að þeirri framkvæmd yrði flýtt. Og ég sé ekki, að nokkur rök yrðu færð fyrir því, að þessi flutningur skólans frá Reykjavík til Ísafjarðar geti tafið það mál. Ég vil leyfa mér að vona, að framkoma þessa frv. stuðli fyrst og fremst að því, að litið verði á þetta mál af raunsæi og vandlega og niðurstaða fengin um staðsetningu skólans úti í dreifbýlinu, áður en hann hefur fest rætur, svo að hann verði naumast fluttur. Það er megintilgangur frv. En að sjálfsögðu er það von okkar, sem frv. flytjum, að samkomulag náist um staðsetningu hans á Ísafirði.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil við þessa 1. umr. ekki láta hjá líða að lýsa fyllsta stuðningi mínum við þetta frv. Ég get tekið undir öll þau rök, sem hv. 1. þm. Vestf. taldi fram fyrir frv. þessu í sinni ræðu.

Ég skal því ekki fara að endurtaka það, sem þar var sagt. En eitt af því, sem hv. þm. upplýsti og einnig er tekið fram í grg. með frv., er það, að í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar frá 14. júlí 1971, segir, að stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert. Ég er líka sammála þessu. Ég styð þessa stefnu ríkisstj. og tel, að þetta sé mjög þýðingarmikið atriði. En með því að hæstv. ríkisstj. telur þetta atriði svo mikilvægt, að hún tekur það sérstaklega fram í málefnasamningnum, geri ég ráð fyrir því, að ríkisstj. muni vinna á skipulegan og markvissan hátt að framkvæmd þessa máls.

Ég held, að það sé ekki vandalaust að framkvæma þetta stefnuatriði. Ég held, að það sé mjög óhyggilegt að kasta hér fram frv. um, að ýmsar stofnanir skuli fluttar héðan úr höfuðstaðnum til hinna ýmsu staða úti á landsbyggðinni, ef það mál er ekki sérlega vel undirbúið og litið á þessi mál í heild. Það er hægt að deila hér endalaust um staðsetningu ýmissa opinberra stofnana, ef á að flytja þær út á land. Það örlar á því hér í þessum umr., að slíkt sé gert. En kannske er það vegna þess, að hv. 4. þm. Sunnl., sem hér talaði áðan, er varaþingmaður, að hann er ekki svo inni í þeim ráðagerðum, sem ríkisstj. hefur uppi í þessum efnum, og ég geri ráð fyrir, að sé búið að kynna í þingflokkum ríkisstj.

Með því að þetta mál er þess eðlis, vildi ég mega gera ráð fyrir því, að hv. 1. og hv. 4. þm. Vestf. hafi undirbúið þetta mál betur en fram kom eða mátti ætla, eftir því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan. Ég geri ráð fyrir, að til þess að tryggja framgang þessa máls, hljóti þeir að hafa rætt þetta mál við ríkisstj. Ég hef þess vegna ástæðu til þess að ætla, ef þessi eðlilegu vinnubrögð hafa verið viðhöfð, að gera megi ráð fyrir, að það sé stefna ríkisstj., að fiskvinnsluskóli verði staðsettur á Ísafirði. Ég vil ekki ætla það, að þessir hv. þm., 1. og 4. þm. Vestf., hreyfi svo þýðingarmiklu máli fyrir Vestfjarðakjördæmi nema þeir hafi undirbúið það með eins tryggilegum hætti og hægt er. Ef það er ekki, þá segir mér svo hugur um, að hér sé aðeins kastað bolta inn í hæstv. deild, til þess að menn geti hent á milli sín og komið með margháttaðar till. um staðsetningu skólans, eins og raunar er búið að boða frá einum hv. þm. nú þegar. Ég vil þess vegna spyrja hv. 1. þm. Vestf., hvort það megi líta svo á, að það sé stefna ríkisstj., að fiskvinnsluskólinn verði á Ísafirði.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna framkominna spurninga frá hv. 5. þm. Vestf. vil ég upplýsa, að við flm. þessa frv. teljum okkur hafa haft allan þann undirbúning á, sem nauðsynlegur er, og raunar eins og hann rakti. Við höfum rætt frv. í þingflokki okkar, það var ýtarlega rætt þar, og ég hygg mér sé óhætt að segja, að þar kom fram, að hæstv. ríkisstj. hefur í huga að skoða þetta mál allt í heild sinni mjög ýtarlega. Ljóst er, að það tekur nokkurn tíma. Talið var, að skoðun okkar flm. væri eðlileg, að nauðsynlegt væri að hreyfa þessu sérstaka máli fremur fyrr en síðar, vegna þess að skólinn festir bráðum rætur, — það er verið að tala um að kaupa undir hann húsnæði. Á þetta var fallizt, og með fullu samþykki lögðum við því þetta frv. fram.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að sú ýtarlega endurskoðun, sem þessi mál í heild sinni þurfa að fá, getur tafið framgang þessa máls. Þó væntum við þess, að hv. þm. sýni vilja sinn í þessu máli og það fái meðferð við þá athugun, sem fram undan er.

Ég vil fullvissa hv. þm. um, að við skoðuðum málið og það var mjög vel skoðað, þó að ég hafi enga heimild og geti ekki lýst yfir ákveðnum stuðningi hæstv. ríkisstj. við málið. Eins og ég sagði áðan, það þarf að skoða í heild sinni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég er nú sízt því mótfallinn, að ríkisstofnunum og skólum sé valinn staður úti um hinar dreifðu byggðir. Hins vegar finnst mér ekki óeðlilegt, þegar valinn skal staður fyrir skóla, að tekið sé tillit til nemendanna. Þá er ekki vafi á því, að leita ber eftir því, að sem flestir geti haft heimangöngu til þess skóla. Þá held ég, að væri ekki úr vegi að nefna Suðurnesin. Suðurnesin hafa þá sérstöðu, að þar kemur á land mesti bolfiskur á einu svæði, á svæði sem gæti verið heimangöngusvæði fyrir fiskvinnsluskóla. Þar búa um 10 þús. manns. Þar er mikil fjölbreytni í fiskvinnslustöðvum og vinnsla árið um kring. Þess vegna var mín ástæða til að koma hingað í ræðustólinn fyrst og fremst sú, að vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, á því, að mikils er um vert, að okkar fyrsti aðalfiskvinnsluskóli heppnist vel, þá ekki hvað sízt að hann fái næg verkefni, nóga nemendur. Ég held, að varla sé á öðrum stað utan Reykjavíkur meira úrval, lengri og betri bakgrunnur en einmitt á Suðurnesjum, stað, sem hefur stundað fiskveiðar frá ómunatíð, stað, þar sem fiskvinnsla er fjölbreytt, stað, sem sjáanlega er í miklum vexti og örum. Ég verð að segja, þótt það sé mjög mikilvægt, að skólar rísi úti um landið, þar sem fiskvinnsla fer fram, þá held ég, að með þann fyrsta skóla sé okkur mikilvægt, að hann sé á sem heppilegustum stað og þar sem hann nýtist okkur öllum sem bezt.

Jón Árnason: Herra forseti. Í sambandi við umr. um þetta mál vil ég víkja að því, sem fram kom, þegar lög um fiskvinnsluskóla voru hér samþ. á sínum tíma. Þá var vissulega rætt um það, að ýmsir aðrir staðir en Reykjavík kæmu til greina fyrir staðsetningu skólans. Þá voru auk þess sem var samþ. löggjöf um sjálfan fiskvinnsluskólann, bæði hér í Reykjavík og í Vestmannaeyjum, einnig tilgreindir tveir staðir sérstaklega, Suðurnesin annars vegar og Akranes hins vegar, þar sem skyldi leggja áherzlu á, að á árunum 1972—1975 skyldi undirbúa og koma á fót fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs. Það er nú, sem betur fer, þannig með fleiri en eina verstöð í okkar landi, að þær hafa að bjóða margvísleg skilyrði til þess, að þar sé slíkur skóli sem hér er um að ræða. Á Akranesi t. d. eru, að ég hygg, allar greinar fiskvinnslunnar, sem um er að ræða hjá okkur. Við höfum niðursuðu, við höfum síldar- og fiskmjölsverksmiðju, við höfum hraðfrystingu, við höfum saltfiskverkun og annað þess háttar. Við höfum sem sagt fiskvinnslu á öllum sviðum, sem um er að ræða í nýtingu sjávarafurða, sem nú eru þekktar hjá okkur hér á landi. Það eru fleiri staðir eða slíkar verstöðvar úti um landið, sem vissulega uppfylla þessi skilyrði, en ég tók hér fyrst og fremst til máls til þess að leggja áherzlu á það, að *stjórnvöld standi við það, sem kveðið er á* um í þessum lögum, en ekki til þess að fara að metast um það, hvar þessi fiskvinnsluskóli sem samkv. þessu frv. er lagt til að verði á Ísafirði, verður endanlega staðsettur.

Það má segja, að það sé merkilegt fyrir þjóð eins og Íslendinga, hvað það hefur dregizt um langan tíma, að við sinntum meira verzlunar- og skólamálum fiskiðnaðarins en raun ber vitni, — þjóð, sem á jafnmikið undir því komið, að full og góð nýting sé á sjávarafurðum, sem hafa verið 80—90% af verðmæti þeirrar útflutningsvöru, sem þjóðin hefur haft mörg undanfarin ár og áratugi. Ég vil segja, að eins og fram kemur í 1. gr. laganna, þar sem talað er um að undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum, sé þetta, ef við þetta verður staðið og að því stefnt, merkilegt mál út af fyrir sig, það eigi eftir að hafa mjög góð og giftudrjúg áhrif í þessum málum hjá okkar þjóð. Ég vil því sérstaklega leggja áherzlu á það, að ríkisstj. vinni samkv. þessum lögum, og þar sem nú er komið árið 1972, þá byrji hún að vinna að því að undirbúa, að stofnsettir verði þeir fiskvinnsluskólar, sem um getur í 1. gr. laganna og, eins og ég þegar hef sagt, ber að vinna að á árunum 1972—1975.

Að sjálfsögðu er hér um mikið fjárhagsmál að ræða, og bylting í þessum efnum verður vart gerð á örfáum árum. En það ber að hefja þessar framkvæmdir, að stofnsetja þessa skóla í hinum ýmsu fiskvinnslustöðvum. Vissulega er það rétt, sem síðasti hv. ræðumaður gat um hér áðan, að að sjálfsögðu verður að líta á það, *hvernig* aðstaðan er í hinum ýmsu sjávarplássum með það, hvað verður látið sitja í fyrirrúmi. Ég tel t. d., að auk Akraness sé í Vesturlandskjördæmi sérstaklega nauðsynlegt að koma upp einum skóla á Snæfellsnesi. Þar eru, sem kunnugt er, í röð inn með Breiðafirði fjórar verstöðvar, en þaðan á sér stað mikil útgerð á hverju ári. Þarna hafa á undanförnum árum

verið námskeið fyrir skipstjóraefni og vélstjóra og aðra slíka, og hefur það greitt fyrir í þeim efnum, sem við koma útgerðinni. En vissulega væri mikil þörf á að koma þar á stofn fiskvinnsluskólum, þó ekki væri nema 1. og 2. stigs, eins og þessi lög gera ráð fyrir, að verði á Akranesi.

Ég vil því að lokum endurtaka það og vænta þess, að ríkisstj. muni beita sér fyrir því, að lög þau, sem hér um ræðir, nr. 55 frá 15. apríl 1971, komi sem fyrst til framkvæmda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 814).

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og hefur orðið sammála með tilliti til þess, að hæstv. ríkisstj. hefur sett á fót n. til að athuga staðsetningu opinberra stofnana, að mæla með því við hv. d., að þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég er flm. að þessu frv. og hef rætt um málið við 1. umr.

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 814 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 13 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Námulög.

Á 21. fundi í Nd., 3. des., var útbýtt:
Frv. til námulaga [114. mál] (stjfrv., A. 142).

Á 22. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 8. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um frv. að ræða, sem er endurflutt, var flutt á síðasta þingi og hefur því legið fyrir Alþ. Hér er um frv. að ræða á vegum iðnrn. Ég verð nú að játa það, að ég er ekki ýkja kunnugur efni frv., en vildi í forföllum iðnrh. mæla hér fyrir frv. og óska eftir því, að það gangi til n. og fái þar sína athugun. Frá því er skýrt í aths. frv., að frv. hefur verið samið af þeim Árna Snævarr ráðuneytisstjóra, Gizuri Bergsteinssyni hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara, og þeir gera hér grein fyrir ýmsum meginatriðum í sambandi við þetta mál í grg. frv., bæði þeim stefnum, sem gildandi hafa verið varðandi þessi mál hér á landi frá fornu fari, og eins meginstefnum, sem um þessi mál eru ríkjandi í öðrum löndum.

Það er enginn vafi á því, að það er orðin mikil þörf á því, að sett séu hér skýr lagaákvæði varðandi námuréttindi, og að því er stefnt með þessu frv. að marka þar skýra stefnu í meginatriðum, en efnislega mun ég ekki rekja þetta, því að ég er ekki nægilega kunnugur málinu til þess, og vænti, að hv. þm. kynni sér málið, eftir því sem tök eru á, og að sú n., sem fær málið til athugunar, kanni það gaumgæfilega, svo að hægt verði þá hér við 2. umr. málsins að ræða málið meir efnislega en tök eru á í rauninni af minni hendi hér við 1. umr.

Ég hef þessi orð mín svo ekki fleiri, en óska eftir því, að málið að lokinni 1. umr. gangi til hv. allshn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 74., 75. og 77. fundi í Nd., 10., 12. og 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 142, n. 742).

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á Alþ. í fyrra, var undirbúið af fyrrv. ríkisstj. og hefur legið fyrir tveim þingum, þannig að þm. hafa fengið ærinn tíma til að íhuga málið, og sé ég því ekki ástæðu til þess að rifja hér upp þær breyt., sem það felur í sér, en ég hygg, að undantekningarlaust megi segja, að þær stefni í rétta átt.

Iðnn. hefur lagt allmikla vinnu í að athuga þetta mál. Niðurstaða hennar er sú, að hún leggur til, að gerðar séu á því þrjár breytingar.

Fyrsta breyt. er við 2. gr. frv. og er gerð samkv. till. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. En eins og kunnugt er, hefur verið nokkur deila milli ríkisins og sveitarfélaga um eignarrétt á afréttum, almenningum. Breyt. sú, sem gerð er á 2. gr., samkv. till. Sambands ísl. sveitarfélaga, felur það í sér, að þetta frv. tekur ekki neina afstöðu til þeirrar deilu, þannig að það mál stendur óbreytt eftir sem áður. En eins og 2. gr. er orðuð nú, mætti kannske skilja þetta á þann veg, að réttur ríkisins væri gerður meiri en mörg sveitarfélög telja, að hann sé í dag. En sem sagt, breyt. felur það í sér, að Alþ. tekur enga afstöðu til þessa atriðis.

Önnur brtt. er við 5. gr., í henni er lagt til, að stofnað verði embætti sérstaks eftirlitsmanns, sem fylgist með málmleit og öðru í því sambandi. N. taldi hæpið, að nauðsynlegt væri að setja á stofn sérstakt embætti til þess að hafa slíkt eftirlit með höndum, og þess vegna var ákvæðið um þessa embættisstofnun fellt niður og eftirlitið, sem þessi sérstaki embættismaður átti að hafa samkv. frv. eins og það nú er, verður falið rn. þess ráðh., sem með þessi mál fer.

Það er orðin æðimikil venja, þegar verið er að endurskoða lagabálka eins og þessa, að jafnhliða sé sett á fót eitthvert nýtt embætti eða ný stofnun. Mér finnst rétt að minnast á þetta hér, vegna þess að ég held, að hér sé farið inn á mjög háskalega braut, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið. Það er þannig alltaf

verið að búa til nýjar og nýjar stofnanir og ný embætti, þó að um sé að ræða störf, sem vel mætti fela einhverjum þeim stofnunum, sem fyrir eru. Með þessari brtt. er lagt til, að í þetta skipti skuli ekki haldið inn á þá braut, og því lagt til, að það embætti, sem fjallað er um í 5. gr., eins og hún er nú, verði fellt niður og eftirlitið með námuleit og öðru slíku heyri undir viðkomandi rn.

Þriðja brtt. er við 8. gr. og fjallar um það að gera rétt landeigenda enn gleggri en gert er í frvgr., þannig að ef ráðh. tekur landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu. Þetta er ekki nægilega ljóst, eins og gr. er orðuð. N. þótti sjálfsagt að tryggja rétt landeigenda á þennan hátt.

Með þeim breyt., sem ég hef nú rakið, leggur n. til, að frv. verði samþ., en þess skal getið, að einn nefndarmanna, hv. 5. þm. Norðurl. e., tók ekki endanlega afstöðu til málsins og annar nm., hv. 5. þm. Reykv., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Haustið 1969 skipaði þáv. iðnrh., Jóhann Hafstein, þriggja manna n. til að endurskoða námulögin. Það var ljóst, að námulögin, sem voru frá 1909, þurftu gagngerðrar endurskoðunar við. Í þessa n. voru skipaðir þeir Árni Snævarr ráðuneytisstjóri, Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrum hæstaréttardómari. Þessir nm. hafa kannað rækilega eldri löggjöf um efnið og erlend gögn, og er mikinn fróðleik að finna í grg. frv. Fyrrv. iðnrh. lagði svo þetta frv. fyrir Alþ. vorið 1971, því var vísað til n., en komst ekki lengra. Nú hefur núv. hæstv. iðnrh. lagt frv. fyrir þing að nýju. Nokkrar breyt. eru í frv. frá því, sem nm. höfðu lagt til, og vil ég sérstaklega benda hér á eitt atriði í 4. gr., sem þarf athugunar við og breytinga, en n. hefur ekki gert till. um. Segir í 4. gr., fyrri málsgr., að m. a. skuli leggja fram jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmati hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Þetta er ákvæði, sem nm. höfðu ekki haft í uppkasti sínu, og er ekki ljóst við hvað er átt, hvort er átt við álitsgerð um áhrif borana á verðmat eða verðmæti, en eitthvað hefur þetta skolast til og hefði verið eðlilegt, að frsm. n. hefði gert till. um breytingu á því, eða er hugsanlegt að túlka þetta sem prentvillu, að þarna eigi að standa verðmæti. Þetta liggur ekki ljóst fyrir.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir þessa hv. d. í des., var því vísað til iðnn. þessarar d. 8. des. Þar svaf frv. værum svefni í fjóra mánuði röska, og það er í fyrsta sinn á fundi n. 10. apríl, sem frv. er tekið til umr. Síðan var það rætt ýtarlega á þrem fundum, 10., 17. og 25. apríl. Höfundar frv. voru boðaðir á tvo þessara funda og fóru fram ýtarlegar umr. um málið.

Ég tel, að þó að vandað sé til undirbúnings og hinir færustu menn hafi um það fjallað, þá sé ljóst, að um svo stórt mál sem hér um ræðir sé eðlilegt, að skiptar verði skoðanir um ýmis veigamikil atriði. Ég benti í n. á nokkur þeirra og lagði til að lokum, að frv. yrði ekki afgreitt á þessu þingi, það væri hyggilegra að athuga nánar ýmis atriði þess, en hins vegar væri ekkert sérstakt, sem ræki á eftir, að það yrði að lögum nú. Mér virtist þetta fá góðar undirtektir hjá samnm. mínum, en án þess að ákvörðun væri tekin. Þannig stóðu sakir eftir ýtarlegar umr. á þrem fundum, þegar ég þurfti 5. maí að skreppa af landi brott í fáeina daga á formannafund norrænu félaganna á Álandseyjum. En þegar heim kom, brá mér nokkuð í brún, því að n. var þá búin degi áður að afgreiða málið frá sér og leggja til, að það yrði samþ. og lögfest með þrem breytingum. Í nál. segir: „Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.“ Mætti því af þessu ráða, að ég hafi engan þátt tekið í meðferð málsins, en þar skýtur skökku við, því að ég ætla, að ég hafi átt töluverðan þátt í umr. og athugun málsins á þremur ýtarlegum fundum. Þegar við ræddum um það í n., að málið biði næsta þings, því að ekkert sérstakt knýði á, þá var þess óskað, að ef menn vildu ýta málinu áfram út úr n., þá yrðu gefnar upp þær ástæður, sem lægju til þess, að þyrfti að hraða þessu máli svo mjög, en það hefur ekki verið gert.

Ég vil að loknum þessum inngangi skýra það nokkru nánar fyrir hv. þdm., hvers vegna ég hef talið æskilegt og eðlilegt, að þetta — ég vil segja stóra mál yrði athugað nokkru nánar. Þetta frv. hefur í för með sér mjög veigamiklar breytingar frá gildandi lögum. Það er þá fyrst að geta þess, að núgildandi námulög frá 1909 eiga eingöngu við um námur og námuréttindi, leit og vinnslu utan eignarlanda, þ. e. a. s. á afréttum, almenningi og ríkisjörðum. En varðandi lönd, sem eru í einkaeign, þá eiga núgildandi námulög ekki við eða ná ekki til þeirra. Með þessu frv. er hins vegar svo ákveðið, að námulög þessi skuli ná til allra landeigna. Í grg. frv. og frv. sjálfu er byggt á þeirri meginstefnu, eins og það er orðað í frv., í grg. 7. gr., að landeigendastefnan sé lögð til grundvallar í samræmi við sögulega hefð, að því er einkalendur varðar. Og þannig er ákveðið í frv., að landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgi réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna. En þó að þessi meginstefna sé þannig mörkuð, þá er þessi eignarréttur mjög skertur í frv. og veittar margvíslegar heimildir til handa ráðh. til að ganga á þennan rétt. Í fyrsta lagi hefur ráðh. rétt til þess að láta leita að jarðefnum hvar sem er á einkalöndum manna. Í öðru lagi hefur hann rétt til að veita rétt, ekki aðeins á vegum ríkisins, til að leita að jarðefnum, heldur hefur ráðh. rétt til að veita einstaklingum, íslenzkum aðilum, einstaklingum eða félögum eða fyrirtækjum, rétt til þess að leita á löndum manna hvar sem er. Þá er ráðh. heimilt að taka eignarnámi námuréttindi í hvaða eignarlandi sem er, og enn fremur er heimild til þess að veita svo íslenzkum aðilum, þ. e. a. s. einstaklingum og einkafélögum, heimildir til þess að vinna námur á eignarlöndum, sem ráðh. hefur þannig tekið eignarnámi. M. ö. o.: eignarnámsheimildin er ekki eingöngu til þess að ríkið sjálft hagnýti sér

þessi réttindi, eins og er í ýmsum öðrum lögum, heldur er einnig heimilt að afhenda þetta öðrum einstaklingum en landeiganda sjálfum. Meira að segja er svo langt gengið, að landeigandinn hefur þar engan forgangsrétt samkv. frv. Ég benti á þetta í n. og í samræmi við það hefur meiri hl. n. eða n. flutt till. þess efnis að reyna að bæta hér nokkuð úr, og er sú till. vissulega til bóta, en nær hins vegar of skammt.

Þá er einnig viðtæk heimild til þess í 9. gr. frv. eða viðtækt ákvæði um það, að þegar einhver aðili, hvort sem það er ríkið eða einstakir aðilar, hefur frá ráðh. fengið heimild til þess að leita eða vinna jarðefni í löndum einstaklinga, þá er landeigandinn skyldur til að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og önnur afnot af löndum sínum, sem talin eru nauðsynleg vegna þessara framkvæmda. Það liggur óneitanlega nærri að líta svo á, að hér séu veittar fullrúmar og viðtækar heimildir til þess að ganga á eignarrétt og eignarlönd manna. Og ég ætla, að þetta mál snerti svo mjög jarðeigendur hér á landi, að fullkomin ástæða sé til þess að staldra aðeins við, því að ég býst við, að sá eða þeim aðilum, bændum landsins, sem eiga langsamlega mestan hluta landareigna hér á landi, sem eru í einkaeign, sé í rauninni almennt ekki kunnugt um þetta frv. Það hefur ekkert verið rætt opinberlega, þó að það hafi legið hér fyrir þinginu um sinn. M. a. *af þeirri ástæðu, að nauðsynlegt sé að kynna málið þeirri fjölmennu stétt manna*, sem hér á svo mikið í húfi, þá hef ég einnig talið eðlilegt, að málið yrði geymt til næsta þings.

Nú er það ljóst, að þegar námuréttindi eða réttur til leitar eða vinnslu jarðefna er tekinn þannig af eigendum, þá verða auðvitað að koma fullar bætur fyrir. En engu að síður eru hér möguleikar eða heimildir fyrir ráðh. svo viðtækar, að ástæða er til að íhuga þetta nokkru nánar. Það er byggt á því að sjálfsögðu af hálfu höfunda frv., að enginn ráðh. muni beita þessum heimildum nema af varfærni og með fullri gætni. Við þm. vitum það af reynslu, að ráðh. eru misjafnlega tillitssamir og m. a. má vera, að í ráðherrasæti sitji einhvern tíma menn, sem ekki bera sérstaka virðingu fyrir eignarrétti einstaklinganna samkv. stefnu sinni og sannfæringu, og er af ýmsum ástæðum varhugavert að veita ráðh., hver sem hann er á hverjum tíma, svo viðtækar heimildir sem hér er gert.

Það er bent á það, að t. d. í orkulögum, sem eru frá 1967, séu viðtækar heimildir svipaðar þessu til þess að taka eignarnámi jarðhita í vinnsluskyni o. s. frv. Slíkar heimildir eru rúmar í orkulögum. En hér er margt ólíkt, sérstaklega tvö atriði, sem ég vildi benda á. Í orkulögunum er gert ráð fyrir, að það sé almannavaldið eitt, ríkið eitt, sem má taka þannig eignarnámi til vinnslu sjálft. En hér er gert ráð fyrir, að ekki aðeins ríkið taki þessi réttindi eignarnámi til þess að vinna það sjálft, heldur er heimild til að framselja þetta einstaklingum eða fyrirtækjum einstaklinga. Í annan stað er jarðhitinn nokkuð afmarkaður og einangraður, en hins vegar er hér um að ræða hvers konar jarðefni, sem er auðvitað ákaflega viðtækt mál.

Þessar aths. vildi ég láta koma hér fram strax varðandi þau lönd, sem eru í einkaeign, því að hér er um þá meginbreytingu að ræða, að allar þessar viðtæku heimildir til leitar og vinnslu eru þar settar, en núgildandi námulög ná alls ekki til landa í einkaeign. Ég vil undirstrika það enn, að vítanlega er nauðsyn að endurskoða og breyta núgildandi lögum. En þess verður að gæta að ganga ekki of langt í því efni.

Annað atriðið er svo um réttindi á afréttarlöndum, almenningum, og um það fjallar 2. gr. frv., að á öðrum landssvæðum en þeim, sem eru í einkaeign, svo sem á afréttarlöndum, sem eru ekki í einkaeign, almenningum og öræfum, hafi ríkið eitt rétt til jarðefna. Flutt hefur verið brtt. í samræmi við ábendingu Sambands ísl. sveitarfélaga, og er hún til bóta, svo langt sem hún nær. En það er skemmst frá að segja, að Samband ísl. sveitarfélaga hafði mjög skamman tíma til athugunar þessa máls, vegna þess að n., sem samþykkti einnig eftir till. okkar hv. þm. Lárusar Jónssonar að senda málið til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, veitti sambandinu aðeins örfárra daga frest til að fjalla um málið. Það kemur fram í umsögn sambandsins, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi sínum 27. apríl fjallaði stjórn sambandsins m. a. um þetta mál. Sökum tímaskorts tekur stjórn sambandsins ekki afstöðu til efnis frv. í heild, en vill á þessu stigi málsins aðeins gera aths. við 2. gr. og leggur til, að hún verði orðuð þannig," — eins og n. hefur tekið upp.

En nú er svo mál með vexti, að um afréttarlönd á Íslandi, eignarrétt og afnotarétt, ítök og hvers konar réttindi á þeim, eru deilur og ágreiningur og mjög skiptar skoðanir í okkar þjóðfélagi. Þetta kemur m. a. fram í nál. um 13. þingmál, sem liggur fyrir þinginu, þáltill. um að lýsa hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign. Á þskj. 669 er nál. frá meiri hl. allshn. Sþ., þar sem meiri hl. leggur til, að sú till. sé afgreidd með rökstuddri dagskrá, og segir m. a. í þessu nál.:

„Að því er varðar eignarréttindi á afréttum uppi viljum vér geta þessa: ... Lög gera ráð fyrir því, að skorið sé úr með eignardómsmáli, ef deila rís um eignar- eða afnotarétt að tilteknum landssvæðum. Nýlega hefur ríkisvaldið lagt mál af þessu tagi undir úrskurð dómstóls. Til málsins er stofnað vegna þess, að ríkisvaldið telur, að ekki liggi fyrir bein og formleg eignarheimild að afréttarsvæði innan Rangárþings. Þannig er dómsvaldinu fengið það verkefni að kanna til hlítar og kveða síðan upp dóm þar að lútandi, hvort íslenzk löggjöf að fornu og nýju geymi ekki beint eða óbeint ákvæði eða til séu hefðbundnar réttarreglur, sem skeri til fulls úr um eignarréttinn á hinu tiltekna landssvæði."

Síðan segir meiri hl. allshn.: „Hitt sýnist fráleitt, að ríkið lýsi yfir eignarrétti sínum að vafa- eða umdeildum eignum. Síðan verði svo þeir landsmenn, sem telja á stjórnarskrárverndaðan eignarrétt sinn gengið, tilneyddir að hefja málssókn á hendur ríkisvaldinu með ærnum tilkostnaði og margháttuðum öðrum vandkvæðum."

Í rauninni á ýmislegt af þeim sjónarmiðum, sem koma fram hjá meiri hl. allshn., við hér líka. Varðandi námuréttindi eða rétt til leitar og vinnslu jarðefna á afréttum og í almenningum, er vafalaust nokkurt vafamál í ýmsum tilfellum, hvaða réttindi þar eru fyrir hendi. T. d. hefur sýslunefnd Árnessýslu sent Alþ. ályktun, sem hljóðar svo: „Sýslunefnd lýsir sig mótfallna ákvæðum 2. gr. í frv. til námulaga, þar sem stefnt er að því að rýra rétt eigenda afréttarlanda.“ Nú er hér talað um eignarrétt að vísu, en þetta blandast allt saman í sambandi við afréttarlöndin: eignarrétturinn, afnotarétturinn og einstök réttindi.

Við vitum, að þannig er ástatt um t. d. vatnsréttindi á afréttarlöndum, að um þau mál gilda aðrar reglur en um veiðirétt á afréttarlöndum, og hafa gengið um það dómar. Varðandi jarðefnaréttinn eða námuréttindi á afréttum má t. d. benda á það, sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., Steinþórs Gestssonar, um þessa þáltill. um óbyggðirnar hér í haust. Þar skýrði hann frá því t. d., að vikurnám hefði viðgengizt í afrétti Gnúpverjahrepps frá því 1932, þ. e. a. s. frá þeim tíma að hægt var að nýta vikurinn vegna flutnings. Hér er því spurning um, hver á þann námurétt, sem hér er um að ræða, rétt til þess að taka vikur á þessum afrétti. Og þannig er um fjölmörg önnur tilvik, að hér er um viðkvæm ágreiningsmál að ræða, og er næsta hæpið, að Alþ. færi nú að afgreiða án frekari íhugunar og umr. frv. til námulaga, þar sem því er slegið föstu, hvernig um þessi réttindi skuli vera, og kalli e. t. v. á málaferli.

Þriðja atriðið, sem ég ætla aðeins að minnast á hér, er það, að í frv. er engin skilgreining á því, hvað felst í orðinu „jarðefni“. Í 1. gr. segir, að landareign fylgi réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, en í 2. gr., að ríkið eitt eigi rétt til jarðefna. Það er ekki skýring á þessu nánar fyrr en í 3. gr., þá er talað um viss jarðefni, þ. e. a. s. að landeigandi megi vinna án leyfis ráðh. jarðefni, svo sem grjót, möl, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni. Er gerð svo grein fyrir þessu í frv., að hér sé um að ræða þau jarðefni, sem frá fornu fari hafi verið hagnýtt af jarðeigendum. Síðar er í 4. gr. talað um önnur jarðefni, þ. e. a. s. málma eða málmblendinga, og gilda um það aðrar reglur. En um ýmis önnur jarðefni en þau, sem þarna eru nefnd í 3. og 4. gr., gæti orðið nokkur vafi. Sú spurning gæti t. d. komið upp: Að sjálfsögðu telst gróðurmold til jarðefna, en fellur hún undir 3. gr., hún er ekki nefnd þar sérstaklega, en telst kannske til slíkra jarðefna, sem þar eru talin. Olía, jarðgas og fjölmargt fleira telst vafalaust til jarðefna.

Í lögum frá 1969 um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu er áskilinn eignarréttur og yfirráðaréttur íslenzka ríkisins til allra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í landgrunninu, og allra annarra auðæfa þess, lífrænna og ólífrænna. Hér eru sem sagt jarðefni tekin í ákaflega víðtækri merkingu.

Annað kemur einnig upp í þessu sambandi. Það eru sérstök lög til um vatnsréttindi, vatnalögin. Það eru önnur lög til um jarðhita, þar sem eru orkulögin frá 1957. Nú er það altítt, að jarðefni og meira að segja verðmæt jarðefni eru uppleyst í vatni, ýmist köldu eða heitu eða í gufu. Og þá kemur spurningin: Hvernig er um vinnslu slíkra jarðefna, sem eru uppleyst í vatni eða gufu? Þannig koma upp hin margvíslegustu vandamál, sem frv. tekur ekki afstöðu til, af því að höfundar hafa ekki lagt út í að skilgreina nánar, hvað jarðefni séu í merkingu laganna.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. En ég vænti þess, að hv. þdm. sé ljóst, hvers vegna ég hef lagt til í n. og óskað eftir því, að málið yrði skoðað nokkru nánar og ekki afgreitt á þessu þingi. Ég er sömu skoðunar enn. Ef málið hefði ekki verið hespað þannig út úr n. eins og raun ber vitni um, þá hefði ég að sjálfsögðu borið þar fram formlega till. um þetta efni og þá væntanlega á þá lund að vísa málinu til ríkisstj. Nú má vera, að þessi ósk mín um nánari athugun málsins verði að veruleika, vegna þess hve áliðið er þings og ekki vinnst tími til þess að afgreiða málið, þar sem það er hér í fyrri d. En ég vildi láta þessar aths. koma fram til þess að reyna að vekja menn til umhugsunar um þetta mál, sem ég tel, að sé stórt mál og mikilvægt.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að ræða þetta frv. í neinum efnisatriðum, — frsm. n. hefur þegar gert þessu skil, — en geri það kannske frekar á eftir, ef ástæða er til. En þar sem mér fannst jafnvel örla á aðdróttunum í garð n. frá hv. þm., Gunnari Thoroddsen, vil ég koma fram örlitlum athugasemdum.

Í fyrsta lagi var því lýst yfir þegar á fyrsta fundi nefndarinnar, þegar um málið var fjallað af hálfu formanns hennar, að hann óskaði eftir því, að málið fengi afgreiðslu á þessu þingi, enda hefði það þegar legið fyrir þinginu í fyrra og ekki fengið afgreiðslu, auk þess sem óskir væru um það af hálfu rn., að málið kæmist í gegn á þessu þingi. Í upphafi var hv. þm. Gunnari Thoroddsen því ljóst, að meiningin var að fá frv. samþ. Haldnir voru samtals fjórir fundir í n. um þetta mál, ekki þrír, eins og þm. gat um. Þann fjórða gat hann ekki setið og þykir mér það leitt, en við því var ekkert að gera, ef málið átti að fá afgreiðslu, varð það að komast úr n. Hins vegar gerðist það, á meðan þessi þm. dvaldist erlendis, að umsögn kom frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um breytingar á 1. gr. frv., held ég, frekar en 2., en eftir þessari umsögn hafði verið leitað sérstaklega eftir ósk Gunnars Thoroddsens. Ákveðið var að verða við þessari till. sambandsins, og taldi ég því, að nú væri búið að ganga til móts við höfuðsjónarmið þessa hv. þm. í n., þau atriði, sem hann hafði út á frv. að setja, sérstaklega þegar það var haft í huga, að ýmsar aðrar till. höfðu verið samþ., sem frá honum voru komnar. Ég vil svo taka það skýrt fram, að þó að í nál. standi, að hann hafi verið fjarverandi, ber ekki að skoða það þannig, að hann hafi ekki starfað

að málinu í n. Hann gerði það af miklum dugnaði, eins og hans var von og vísa, og kann ég honum þakkir fyrir það eins og öðrum nm.

Ég vil svo að lokum einungis segja, að mig undrar, að menn skuli hafa þau orð hér uppi, að frv. sem þetta sé ekki það áríðandi, að nauðsynlegt sé að samþykkja það á þessu þingi. Við vitum það, held ég, flestöll, að það er í mjög auknum mæli, sem menn eru farnir að gefa gaum ýmsum verðmætum jarðefnum, sem fram til þessa hafa legið ónotuð eða lítt notuð í okkar landi, og það er náttúrlega ekki hæfa, að á sama tíma sé ekki til heildarlöggjöf, sem tryggi það, að þessi vinnsla og þessi náttúruauðæfi komi þjóðinni að sem beztum notum. Ég tel því mjög eðlilegt, að frv. nái fram að ganga, og í trausti þess vona ég, að þingheimur taki því vel.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 742,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 742,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 742,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
9.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 823).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 16. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 823, n. 893 og 894).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Fiskeldi í sjó.

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskeldi í sjó [154. mál] (stjfrv., A. 291).

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 7. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir, að sjútvrn. geti veitt leyfi einstökum aðilum til þess að hafa með höndum fiskeldi í sjó. Gert er ráð fyrir í frv., að slík leyfi verði aðeins veitt að fenginni sérstakri umsögn frá Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni og veiðimálastjóra. Ýmsar almennar reglur eru settar í þessu frv. um starfsemi af þessu tagi. Þannig er gengið út frá því, að leyfi verði allajafna veitt til 10 ára til fiskræktar samkv. þessu frv., en þó ekki lengur en til 20 ára. Að sjálfsögðu er síðan gert ráð fyrir því, að hægt sé að samþykkja framlengingu á leyfistímanum.

Gengið er út frá því í frv., að slík leyfi skuli veita á nöfn eða til tilgreindra aðila og það sé ekki leyfilegt að færa slík leyfi á milli aðila, án þess að til komi sérstakt samþykki rn. í hverju einstöku tilviki.

Eins og kunnugt er, hefur allmikið verið um það rætt á síðari árum, að rétt væri að hefjast handa um fiskrækt í sjávarlónum og fjörðum, sem þykja til þess sérstaklega vel fallnir, og nokkrir áhugamenn á þessu sviði hafa óskað eftir að fá heimildir til þess að koma upp þvílíkri starfsemi. En það hefur komið í ljós, að ekki er að finna í íslenzkum lögum nein ákvæði, sem geta talizt viðhlítandi og hægt væri að veita slík leyfi samkvæmt, og því hefur verið horfið að því ráði að taka saman þetta frv. og gera þannig ráð fyrir föstu skipulagi í þessum efnum, þannig að þeir, sem áhuga hefðu og teldu sig hafa aðstöðu til þess að koma upp fiskrækt í sjó, gætu þá samkv. ákveðnum lagabókstaf sótt um leyfi og fengið rétt sinn verndaðan til þessarar starfsemi.

Það hefur þótt rétt í þessu tilfelli að ganga út frá því, að bæði Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunin væru í rauninni aðilar að þessu máli, vegna þess að þetta eru aðilar, sem eiga að fylgjast nákvæmlega með því, sem er að gerast í sjónum hér við strendur landsins, og eins og kunnugt er, þá getur verið um slíkt líf að ræða í ýmsum fjörðum og í lónum, sem þættu sæmilega álitleg til fiskræktar, að fiskifræðingum þyki ástæða til þess að fylgjast þar nákvæmlega með, hvernig með verður farið.

Það er ekki gert ráð fyrir því samkv. þessu frv., að fiskrækt af þessu tagi geti á neinn hátt rekizt á ákvæði um fiskrækt í ám og vötnum, en um hana gilda önnur lagaákvæði.

Ég tel ekki nauðsynlegt að fjölyrða frekar um þetta frv. hér á þessu stigi málsins, en vil vænta þess, að sú n., sem tekur málið til athugunar, kynni sér alla málavexti gaumgæfi-

lega og hafi samráð við þá aðila, sem eðlilegast er, að fjalli um þessi mál, þannig að örugglega verði frá öllu gengið, þegar farið er inn á þessa braut, að veita aðilum sérstök réttindi og þar með einkaréttaraðstöðu í vissum tilfellum, til þess að hafa með höndum fiskrækt á tilteknum svæðum.

Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 291, n. 584).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér er til 3. umr. frv. til l. um fiskeldi í sjó. 2. umr. fór hér fram án þess að ég hefði framsögu um málið, en ég var innilokaður í Vestmannaeyjum, vegna samgönguerfiðleika, eins og oftast kemur fyrir, þegar maður þarf að bregða sér þangað.

N. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og leitað umsagna og fengið umsagnir frá 4 aðilum; Fiskifélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, veiðimálastjóra og Hafrannsóknastofnun. Þessar umsagnir eru að vísu með ýmsum hætti, en heldur neikvæðar að því leyti, að Fiskifélaginu finnst af sér tekið, Hafrannsóknastofnunin gerir aths. m. a. við orðalag, og síðan höfum við rætt þetta mál við höfunda frv. og starfsmenn í rn. Ég sé nú ekki ástæðu til að lesa upp allar þessar umsagnir að þessu sinni, nema um það verði beðið, en frv. er, eins og menn sjá, þegar þeir líta yfir það, í fyrsta lagi um það, hvern þarf að biðja um leyfi til þess að setja á stofn fiskeldi í sjó og til hverra þarf síðan að leita, áður en leyfið er veitt. Um leyfið er sótt til sjútvrn., þar sem þetta er í sjó, en áður en leyfið er veitt, verða þeir í Fiskifélagi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni og veiðimálastjóri að gefa sínar umsagnir, þannig að í þessum efnum geta þeir í hverju einstöku tilfelli komið fram með sitt álit.

N. varð sammála um að fylgja þessu frv., nema Björn Pálsson sat hjá við afgreiðsluna, en þm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Á 38. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Tæknistofnun sjávarútvegsins [182. mál] (stjfrv., A. 347).

Á 43. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með frv.. þessu er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, sem ætlað er það hlutverk að fylgjast með tæknimálefnum sjávarútvegsins, vinna að tilraunum í þeim efnum og reyna að stuðla að því að koma fram sem mestri hagræðingu við sjávarútvegsstörf, hvort heldur er á fiskiskipunum eða við þau störf í landi. Lagt er til með þessu frv., að stjórn þessarar stofnunar verði í höndum 5 manna og þeir verði fyrst og fremst tilnefndir af þýðingarmestu samtökum sjávarútvegsins. Þannig er lagt til, að Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni tvo menn í stjórn þessarar stofnunar, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefni einn og Sjómannasamband Íslands einn, en fimmti maðurinn verði skipaður af ráðh. án tilnefningar. Gert er ráð fyrir því, að tekjur þær, sem þessi stofnun ætti að styðjast við í störfum sínum, komi að verulegu leyti frá Fiskimálasjóði, þ. e. a. s. gert er ráð fyrir, að um ⅛ hluti þess hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem rennur til Fiskimálasjóðs samkv. lögum, renni til þessarar stofnunar, og má búast við því, að það gæti verið á milli 3 og 4 millj. kr., miðað við þessi gjöld, eins og þau eru í dag. Auk þess er svo lagt til, að stofnunin fái fé úr ríkissjóði, sem nemur jafnhárri upphæð á ári og þessi hluti af útflutningsgjöldunum. Þetta yrðu aðaltekjur þessarar stofnunar. Hins vegar er síðan gert ráð fyrir því, að hún geti haft nokkrar tekjur af þeim verkum, sem hún tekur að sér að láta vinna fyrir ýmsa aðila.

Aðalverkefnin, sem þessari stofnun eru ætl-

uð, eru, eins og ég sagði áðan, á sviði tæknimála sjávarútvegsins, og er þar um að ræða tæknimálefni, sem snerta fiskveiðarnar sem slíkar, þ. e. a. s. fiskiskipin, útbúnað þeirra og ýmiss konar tæki, vinnu, fyrirkomulag á fiskiskipunum og annað af slíku tagi, en einnig það, sem varðar t. d. fisklöndun eða önnur störf, sem eru nátengd fiskveiðunum, en þar getur auðvitað verið um að ræða ýmiss konar tækninýjungar, sem gætu stuðlað að auknu hagræði. Hér kæmu einnig undir tæknimálefni, sem snerta fiskvinnslu í landi, alls konar nýjungar varðandi vélar og útbúnað annan í sambandi við fiskvinnsluna. Þá er einnig ætlazt til, að þessi stofnun taki að sér að gera ýmsar tilraunir og grandskoða ýmsar hugmyndir, sem fram koma og mættu verða til framfara eða hagsbóta fyrir þennan atvinnuveg.

Það hefur lengi verið rætt um það í röðum sjávarútvegsmanna, að það þyrfti að koma upp stofnun af þessu tagi, vegna þess að menn hafa fundið, að þannig hefur verið staðið að þessum málum nú um langa hríð, að það verður að teljast mjög ófullnægjandi aðstaða. Að vísu hafa ýmsir aðilar, opinberir aðilar, fengizt við þessi málefni að meira eða minna leyti, en þar hefur verið tiltölulega lítil festa í og samstarf þeirra á milli hefur verið heldur lítið.

Í fyrsta lagi má nefna það, að Fiskimálasjóður hefur komið hér talsvert við sögu á undanförnum árum. Til þeirrar stofnunar hafa margir aðilar leitað með ýmiss konar hugmyndir um ný tæki og nýjar vélar, og Fiskimálasjóður hefur æðioft veitt í slíkum tilfellum styrki eða áhættulán til þess að láta gera athuganir á því, hvort þær hugmyndir eða þær vélar, sem hugmyndasmiðir hafa komið fram með hugmyndir um, fengju í rauninni staðizt í veruleikanum. En það verður að segja eins og er, að öll þessi starfsemi á vegum Fiskimálasjóðs hefur verið mjög laus í böndunum og engan veginn þar verið hægt að fylgja á eftir þessum málum sem skyldi, því að vitanlega er það svo, að í mjög mörgum tilfellum koma fram nýtar hugmyndir, en þá er líka nauðsynlegt að kosta til talsverðum fjármunum til þess að sannreyna það, hvort þær fái staðizt eða hvort þær geti raunverulega komið að notum. Til þess þarf þá tæknifróða menn, og oft þarf sérstök verkstæði til að geta fullprófað þessi mál.

Þá hefur Fiskifélag Íslands á undanförnum árum einnig haft þó nokkur afskipti af þessum málum, hefur stundum haft í sinni þjónustu sérstaka menn, sem sinnt hafa vissum greinum þessara tæknimála, og enginn vafi er á því, að þau störf hafa komið að góðu gagni. En það verður líka að segja það eins og er, að sú starfsemi öll er í molum og tilraunir, sem gerðar hafa verið á vegum félagsins hin síðari ár, hafa ekki heppnazt, og nú er svo komið, að það má segja, að á vegum félagsins sé tiltölulega lítil starfsemi á þessu sviði. Þá hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um nokkra hríð fjallað um vissa þætti þessara mála, einkum að því leyti sem það hefur snert sérstaklega starfssvið þeirrar stofnunar, og er enginn vafi á því, að frá þeirri stofnun hafa komið ýmsar mjög gagnlegar leiðbeiningar og aðstoð við fiskiðnaðarfyrirtæki í landinu, og till. þeirrar stofnunar hafa miðað að því að koma fram ýmsum tækninýjungum og tækniframförum. En það er skoðun mín, að það fari miklu betur á því að reyna að fella þessa starfsemi sem mest saman á vegum einnar stofnunar, þó að að sjálfsögðu sé ekkert við því að segja, að til hliðar við hana kunni að vera meiri eða minni starfsemi áfram, t. d. á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, að því leyti til sem segja má að hún sé nokkuð sérhæfð til þess að fjalla um þau mál.

Þá hefur einnig á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar farið fram rannsókn á sumum þýðingarmiklum atriðum í þágu sjávarútvegsins, einkum varðandi veiðarfæri. En það er sem sagt skoðun mín, að það sé orðið mjög aðkallandi að koma á fót slíkri stofnun, sem lagt er til að koma upp samkv. þessu frv., og að þessi grundvallaratvinnuvegur landsmanna, svo þýðingarmikill sem hann er og víðtækur, þar sem hann grípur inn í mjög mörg og fjölbreytileg störf, geti stuðzt við eina sjálfstæða stofnun, þar sem fastir starfsmenn vinna frá ári til árs og öllum fróðleik er safnað saman varðandi þessi mál, síðan geti forustumenn í sjávarútvegsmálum, hvort sem þeir starfa aðallega að fiskveiðum eða fiskvinnslu eða öðru því, sem þessum málaflokki er tengt, leitað til þessarar stofnunar, óskað eftir fyrirgreiðslu hennar, og hún hafi einhverja starfsmöguleika til þess að glíma við að leysa tæknileg vandamál.

Ég efast ekkert um, að það eru uppi mismunandi skoðanir um það, hvernig bezt sé að standa að þessum málum, og ég hef orðið þess áþreifanlega var, að ýmsum þeim, sem hafa haft nokkuð með þessi mál að gera að undanförnu, finnst eins og með þessu frv. sé verið að taka af þeim þau verkefni, sem þeir hafa haft með höndum. En meginhugsunin, sem liggur að baki þessu frv., er ekki sú, heldur fyrst og fremst að efla þessa starfsemi verulega frá því, sem verið hefur, og reyna að samhæfa kraftana og reyna að tryggja það, að til sé aðstaða, sem nauðsynleg er til að hægt sé að vinna að þessum úrlausnarefnum. En á það tel ég að skorti mjög, eins og nú er ástatt um þessi mál.

Það er enginn vafi á því, að við stöndum nú frammi fyrir mjög örri þróun varðandi þessi mál. Ný tæki koma sífellt á markaðinn. Sum eiga hér við að fullu, en önnur ekki, og stundum þarf að breyta þeim eða laga þau að okkar aðstæðum, og í ýmsum tilfellum er hér um slík tæknileg vandamál að ræða, að það er mjög aðkallandi fyrir okkur að leysa þau, þó að ýmsir aðrir, sem við yfirleitt fáum okkar tækniframfarir frá, hafi ekki lagt mikið á sig til þess að leysa þau. Ég skal í þessu efni aðeins nefna eitt dæmi.

Það hefur verið áhugamál hér á landi um langan tíma að reyna að leysa á viðunandi hátt það vandamál að eignast vél, sem gæti tekið að sér í meginatriðum þau störf, sem menn hafa leyst af hendi varðandi beitingu á línu, og alla þá miklu handavinnu, sem tilheyrir okkar línuveiðum. Margar hugmyndir Íslendinga hafa komið fram á undanförnum árum til þess að reyna að leysa

þetta vandamál, og Fiskimálasjóður og aðrar stofnanir hafa lagt fram allmikið fé til ýmissa aðila til þess að leysa verkefnið. Við vitum, að frændur okkar í Noregi hafa einnig glímt við þetta verkefni og náð nokkrum árangri. Við höfum hins vegar ekki náð hér miklum árangri. En þó er svo komið nú, að talið er af þeim, sem hér hafa bezt fylgzt með, að íslenzkur maður hafi lagt fram hugmyndir, sem séu mjög athyglisverðar í þessum efnum, og talsvert fé hefur verið lagt fram úr opinberum sjóðum til þess að reyna að fá sannprófað, hvort þessar hugmyndir fengju fyllilega staðizt og hægt væri að framleiða vél af þessari tegund og vélvæða á þann hátt þessa veiðiaðferð okkar, sem var að falla fyrir ofurborð, vegna þess að ekki var hægt að fá vinnuafl til þess að vinna þessi verk eftir gamla laginu. Það er enginn vafi á því, að það eru litlar líkur til þess, að við fáum fyllilega úr þessu skorið, t. d. þó að við séum búin að leggja þarna fram allmikið fé, nema tæknimenntaðir menn með góða vinnuaðstöðu geti glímt áfram við verkefnið, þ. e. a. s. unnið að því að smíða vél samkv. þeim hugmyndum, sem þarna hafa komið fram.

Mörg slík dæmi önnur mætti nefna, en ég tel, að hér sé hreyft mjög þýðingarmiklu máli fyrir íslenzkan sjávarútveg, og ekki þætti mér ótrúlegt, að ef vel tækist til með starfslið þessarar stofnunar, þá ætti hún eftir að færa í íslenzkt þjóðarbú á komandi árum stórar fjárhæðir í hreinan ávinning.

Ég vil svo óska eftir því, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, kynni sér það vel og vandlega og hafi að sjálfsögðu samráð við þá aðila, sem þessi mál hafa haft með höndum, svo að öll sjónarmið geti komið sem bezt fram og takist að leysa það verkefni, sem hér er um að ræða, á viðunandi hátt. Gæti ég þá vel hugsað mér, að einhverjar breytingar yrðu gerðar á frv. frá því formi, sem það er í nú.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er hverjum manni ljóst, að sjávarútvegur og fiskiðnaður okkar Íslendinga verða á hverjum tíma að hagnýta sér ýtrustu og beztu tækni, sem fyrir hendi er á því sviði. Ekki verður sagt, að við höfum brugðizt þessu hlutverki undanfarna áratugi. Hin mikla framleiðni okkar í þessum greinum sýnir, að hér hefur ekki verið sofið á verðinum. Hins vegar er það hverju orði sannara, sem hæstv. ráðh. sagði, að skipulögð starfsemi til þess að auka tækni í þessum greinum hefur verið í molum, enda þótt ljóst sé, að verkefnið er ekki aðeins að fylgjast með því bezta, sem aðrir finna upp í þessum starfsgreinum, heldur verðum við að hafa forustu og komast á undan öðrum, hvenær sem þess er nokkur kostur.

Eins og hæstv. ráðh. nefndi, hafa ýmsar opinberar stofnanir tekið þátt í starfi á þessu sviði, og til viðbótar því, sem hann taldi upp, tel ég ástæðu til að leggja áherzlu á, að margir einstaklingar í þessu landi hafa lagt fram mikið starf, komið með snjallar hugmyndir, sem í ýmsum tilvikum hefur verið hægt að hagnýta og hafa gefið af sér mjög góðan arð. Margir þessara einstaklinga hafa kvartað undan því, að aðstoð hins opinbera á þessu sviði væri mjög í molum og ónóg tækifæri væru til þess að prófa nýjar hugmyndir og koma þeim á framfæri, ef þær reynast gagnlegar. Ég tel því, að það muni tvímælalaust verða spor í framfaraátt, ef sett verður á fót sú stofnun, sem hér er lagt fram frv. um, enda þótt ég sé einnig sammála hæstv. ráðh., að með því á ekki að leggja niður það starf, sem unnið er hjá ýmsum öðrum aðilum. Vegna þess, hve þetta tæknisvið er í raun og veru vítt, hve verkefnin eru mörg og ólík, verður lengi óhjákvæmilegt, að ýmsar mismunandi stofnanir, ýmsir mismunandi aðilar fái verkefni. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt, að stofnunin komist á fót og verði í framtíðinni miðstöð þessarar starfsemi.

Ég hef, herra forseti, leyft mér að flytja eina brtt. við frv., við 1. gr. þess, og er hún á þskj. 352. Efni hennar er mjög einfalt, eingöngu það, að þessi nýja stofnun, sem á að koma á fót, verði á Akranesi.

Undanfarið hafa hvað eftir annað orðið miklar umr. hér á Alþ. um nauðsyn þess að dreifa opinberum stofnunum, ekki sízt menningarstofnunum ýmiss konar, um landið og láta þær ekki safnast saman hér í Reykjavík, eins og mjög hefur viljað brenna við undanfarið. Hér á að setja upp algerlega nýja stofnun, og ég vil því minna á þessa hlið málanna, minna á, að það virðast allir aðilar, allir flokkar og ég held allar ríkisstj. vera í orði þeirrar skoðunar, að það verði að dreifa slíkum stofnunum, enda þótt framkvæmdin sé, eins og allir vita, harla lítil. Ég hef áður hér í þessari hv. d. fært rök að því, að Vesturlandskjördæmi hefur búið við óhagstæða þróun hvað byggð og íbúafjölda snertir, enda þótt það teygi sig allt suður undir Reykjavíkursvæðið. Það er rík ástæða til þess, þar ekki síður en í ýmsum öðrum landshlutum, að gera einhverjar þær aðgerðir, sem geta orðið til þess að styrkja og efla byggð í þessum landshluta.

Akranes er mikill útgerðarstaður og hefur sem heimkynni slíkrar stofnunar margvíslega kosti. Þar er ekki aðeins mikil útgerð, heldur hygg ég, að þar séu gerðar út flestar tegundir fiskiskipa, sem notaðar eru á Íslandi, allt frá 1000 tonna togurum og niður í trillur. Þar eru hafnaraðstæður góðar, þar eru verkstæði þegar allmikil og verulegur hópur iðnaðarmanna. Ég vil því í allri vinsemd vísa til þessa mikla áhuga, sem fram hefur komið undanfarið hjá öllum aðilum, sem um það hafa rætt hér á þingi, að nú gefst tækifæri til þess með algerlega nýja stofnun að framkvæma hugmyndirnar um að dreifa stofnunum um landið. Það er ljóst, að þessi stofnun þarf að hafa samband við marga aðila og þarf að leita til margvíslega sérlærðra og tæknilærðra manna, en það má vel vera rétt, að mikið af þeim mönnum sé á Reykjavíkursvæðinu. Þá er þess að geta, að sá staður, sem ég bendi á, er ekki það fjarri, að það þurfi að vera nokkrum vandkvæðum háð að hagnýta sér allan slíkan mannafla eða aðra aðstöðu, sem kynni að þurfa að leita til. Hins vegar vil ég benda á það að lokum, að þótt heimkynni þessarar Tæknistofn-

unar sjávarútvegsins verði á einum stað, — ég vona, að það verði eins og ég legg til, á Akranesi, — þá tel ég, að verkefni á þessu sviði verði eftir sem áður að vinnast víðar en í stofnuninni sjálfri og þá eigi ekki að horfa eingöngu til þeirra stofnana hér í Reykjavík, sem hafa komið nærri þessum málum, heldur eigi að reyna að dreifa þessum verkefnum, t. d. prófun á nýjum tækjum, sem víðast um landið og reyna þau á sem flestum stöðum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Því miður tafðist ég og var ekki kominn til fundar, þegar hæstv. sjútvrh. hóf ræðu sína og fylgdi þessu frv. um Tæknistofnun sjávarútvegsins úr hlaði, en ég vildi um þetta frv. segja nokkur orð.

Í sjálfu sér finnst mér þetta frv. í raun og veru ekki koma fram með nein markverð nýmæli, því að þau verkefni, sem þessari stofnun er ætlað að vinna, eru í höndum annarra stofnana. Út af fyrir sig getur verið gott í orði að segja, að sameina eigi allar tilraunir, allar nýjungar með veiðarfæri og rannsóknir í sambandi við tæknimál atvinnuveganna og þá sjávarútvegsins undir eina stofnun, en ég hygg, að í framkvæmd verði þetta engan veginn létt í vöfum eða eðlilegt. Nú er þessum málum háttað á þann veg, að vissar stofnanir hafa ákveðin verkefni með höndum, og sem dæmi um það ætla ég t. d. að nefna, að Hafrannsóknastofnunin annast fiskileit og tilraunir með ný veiðarfæri. Hún er kostuð á fjárlögum ríkisins, eins og fé er til hennar veitt hverju sinni. Hennar verksvið er mjög margvíslegt, eins og hæstv. sjútvrh. þekkir mjög vel, en það hefur ekkert staðið á þeirri stofnun, sem fyrst og fremst á að standa undir þessari tilraunastarfsemi að meta og vega þýðingu þeirra verkefna, sem eru efst á baugi hverju sinni, og veita fjármagni til þeirra, en þar á ég við Fiskimálasjóð. Fiskimálasjóður hefur í þó nokkuð mörgum tilfellum komið til móts við óskir og kröfur einstaklinga, atvinnufyrirtækja, hreppsfélaga í ákveðnum byggðarlögum um leit að t. d. skelfiskmiðum og haft þá um það mjög náið samráð við Hafrannsóknastofnunina, gert það að skilyrði fyrir styrkveitingum sínum, að Hafrannsóknastofnunin hafi þar mann um borð og skilað sé skýrslum um árangur þeirra verkefna, sem verið er að styrkja hverju sinni. Ég held, að þessi mál hafi verið í nokkuð góðu lagi. En þó eru engin mál það fullkomin, að það megi ekki breyta þeim og færa til betri vegar og þá sannarlega í þessu máli. Í sambandi við þetta má segja, að verkefni slíkrar stofnunar, bæði þessi hluti af hlutverki Fiskimálasjóðs og það verkefni, sem þetta stjfrv. um Tæknistofnun sjávarútvegsins gerir ráð fyrir, þau auðvitað fara fram víðs vegar um landið og eru engan veginn staðsett á neinum einum og ákveðnum stað, að öðru leyti en því, að skrifstofuhaldið hefur verið hér í Reykjavík og þá um leið yfirstjórn þeirrar stofnunar.

Brtt., sem hv. 8. landsk. þm. flytur um, að þessi stofnun, ef þetta frv. verður að lögum, hafi aðsetur á Akranesi, er viðleitni út af fyrir sig í þá átt að draga úr því, að miðstöð alls sé hér á Reykjavíkursvæðinu. En ég hygg, að við, sem erum tvímælalaust þeirrar skoðunar, að við eigum að færa hin fjölmörgu verkefni út um byggðir landsins, eigum fyrst og fremst að vinna að því og finna þær stofnanir, sem skilja eitthvað verulegt eftir sig úti um byggðirnar, bæði útvega sem flestu fólki atvinnu og koma með sem mest fjármagn, sem verður þessum byggðum til góðs. En ég held, að þó að þetta frv. verði að lögum, þá verði þetta tiltölulega lítilvægt atriði í þeirri viðleitni, án þess að ég sé á nokkurn hátt að kasta rýrð á þessa brtt. eða mæla gegn henni.

Þegar við athugum gildandi lög um Fiskimálasjóð, þá segir í 4. gr. þeirra laga, að Fiskimálasjóður veitir styrki til hafrannsókna. Eftir að þessi lög voru sett, voru sett lög um Hafrannsóknastofnunina og þá löngu síðar. En ég hef áður sagt að Fiskimálasjóður hefur komið til móts við starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu sviði, til rannsókna á fiskigöngum og fiskstofnum. Sama er einnig að segja um tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum, tilraunir við verkun og vinnslu sjávarafurða, markaðsleit fyrir sjávarútveginn og aðrar rannsóknir og nýjungar í þarfir sjávarútvegsins, og öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstj. og hún heyrir undir sjútvrh., hvert einasta atriði eða hver einasta till., sem stjórn Fiskimálasjóðs gerir till. um. Ég get því ekki við lestur þessa frv. sannfærzt um það, að verið sé að stíga mikilvægt spor í þá átt að bæta úr í þessum efnum. Að vísu má benda á ákveðin dæmi þess í þessu frv., sem ekki eru beint tekin fram í lögum um Fiskimálasjóð, eins og t. d. að halda námskeið fyrir starfandi sjómenn til að bæta þekkingu þeirra og kynna tækninýjungar. Ég vil taka það fram, að lögin um Fiskimálasjóð eru það rúm og samstarfið á milli Fiskimálasjóðs og sjútvrn. bæði fyrr og nú hefur verið með þeim hætti og það góð samvinna, að það væri hægt að hafa þetta allt saman innan ramma þeirra laga. Ég tel það t. d. hafa mikla þýðingu í sambandi við kaup og væntanlega komu margra nýrra skuttogara að veita sjómönnum og þá einkum yfirmönnum, sem eiga að vinna á þessum nýju skipum og við nýja tækni, styrk til að kynna sér starfsaðferðir á skipum annarra þjóða. Og ég tel það miklu meira virði en jafnvel að halda einhver námskeið hér á mölinni. Ég tel það líka vera mjög mikils virði bæði að kynna okkar sjómönnum vinnubrögð á þessum skipum og jafnvel um leið að kynna forvígismönnum verkalýðsfélaganna eða réttara sagt sjómannasamtakanna vinnuafköst og störf á þessum skipum með tilliti til nýrrar samningsgerðar um kaup og kjör á þessum skipum. Ég tel, að þjóðfélagið þurfi á engan hátt að sjá eftir þeim fjármunum, sem færu til þessara hluta.

Ég vil svo aðeins víkja að hinni almennu tilraunastarfsemi með ýmsar gerðir veiðarfæra. Fiskimálasjóður hefur veitt marga styrki og til margra hluta, m. a. veitti Fiskimálasjóður í mörg ár styrki til þess að greiða fyrir og standa að smíði á þeitingarvél, sem gæti gerbreytt aðstöðunni til línuútgerðar í landinu. Mér er fyllilega kunnugt um það, að hæstv. núv. sjútvrh.

er mikill áhugamaður um þetta mál. Hér er um að ræða tvö verkefni, tvenns konar verkefni, annars vegar að flytja inn vél, sem Norðmenn hafa fundið upp og smíðað, reyna hana við íslenzkar aðstæður, og svo aftur á hinn bóginn að halda áfram styrkveitingum til aðila, sem lengst hefur haldið út og notið hefur nokkurra styrkja í þessu sambandi. Ég er ekki einn af þeim, sem vilja stöðva fjárframlög til slíkrar tilraunastarfsemi, þegar búið er að eyða töluverðu fjármagni til hennar og þegar menn og fleiri en hugvitsmennirnir sjálfir hafa þá skoðun, að hugmyndin sé þess virði, að það beri að veita meira fjármagn til hennar. Hins vegar verðum við að hafa í huga, að öll tilraunastarfsemi og allar uppfinningar eru að verulegu leyti fyrst í stað í svo mikilli óvissu, að við vitum ekki, hvort það fjármagn, sem til þeirra fer, skilar sér nokkurn tíma aftur. En þó að það sé ekki nema örlítill hluti af því, sem verður að veruleika og verður til hagsbóta fyrir atvinnulífið, þá borgar sig að láta slíka styrki og slíkt fjármagn af hendi.

Á þessu stigi málsins vil ég ekki mæla gegn þessu frv. En ég vil með þessum orðum benda á, að það fer mjög inn á starfssvið Fiskimálasjóðs. Tekjuöflunin til þess að standa undir þessari stofnun er með þeim hætti, að tekjur Fiskimálasjóðs eru skertar að sama skapi. Ég hefði talið það vera hyggilegra í raun og veru að gera breytingu á lögum um Fiskimálasjóð, jafnvel ef hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar, að meira af fjármagni Fiskimálasjóðs fari í tilraunastarfsemina, að binda það þá í lögum. Ég segi fyrir mitt leyti sem einstaklingur, að ég tel, að það kæmi mjög til greina. Hér er aðeins verið að koma með viðbót til styrktar starfsemi Fiskimálasjóðs.

Einn þátt í starfsemi Fiskimálasjóðs hef ég ekki gert að umtalsefni, en það er markaðsleit. Fiskimálasjóður hefur í nokkrum tilfellum metið og vegið umsóknir og beiðnir, sem komið hafa fram frá samtökum, sem varða útflutningsverzlunina, um að styrkja þau til markaðsleitar sérstaklega, þegar verið hefur um mjög fjárfrekar ferðir eða verkefni að ræða, og sjávarútvegsráðherrar, a. m. k. þeir, sem ég hef haft samskipti við frá því að ég kom á þing, hafa allir þrír tekið mjög vel undir þessa starfsemi.

Svo vil ég einnig koma að því, að ein grein í starfsemi Fiskimálasjóðs er bein lánastarfsemi. Það er að vísu ekki stór grein í starfi sjóðsins, því að sjóðurinn má aðeins veita hámarkslán 600 þús. kr. til hverrar einstakrar greinar í sjávarútvegi, og ég held, að a. m. k. okkur, sem höfum haft svo að segja dagleg kynni og margra ára tengsl við sjávarútveginn, hafi þótt gott að eiga þar hauk í horni til þess að brúa bil, þegar búið hefur verið að fá lán úr stærsta stofnlánasjóðnum. Ég tel því, að það sé þörf á að halda þeirri starfsemi áfram, enda heyrði ég ekki á hæstv. ráðh., að þar væri neinnar breytingar að vænta.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, beri það mjög ýtarlega saman við gildandi lög um Fiskimálasjóð og athugi, og hafi þá um það mjög náið samráð við hæstv. sjútvrh., hvort ekki megi komast að þeirri niðurstöðu, að við náum sama tilgangi, því að í raun og veru stefnum við að því sama, og eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá má auðvitað ýmislegt út á lög um Fiskimálasjóð setja og vafalaust má finna að mörgu í starfsemi þess sjóðs, sem er nauðsynlegt að bæta úr, og geta komið fram um það skynsamlegar ábendingar.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Sú hugsun, sem liggur að baki þessu frv., á fyllsta rétt á sér að mínum dómi. Það liggur alveg ljóst fyrir, að það þarf að sinna tæknilegri þjónustu við sjávarútveginn miklu meira en gert hefur verið til þessa, þótt ýmislegt gott og gagnlegt hafi verið gert í þeim efnum á undanförnum árum. Það þarf vissulega að auka rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, sem notaðar eru í þágu sjávarútvegsins. Það þarf að efla sérstaka stofnun til stórra átaka til þess að vinna að sérstökum tæknilegum verkefnum eða rannsóknum fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir, eins og segir orðrétt hér í 6. gr. frv.

Hæstv. ráðh. benti á það réttilega í sinni ræðu áðan, að hér væru fyrir stofnanir eins og Fiskimálasjóður, Fiskifélag Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og jafnvel Hafrannsóknastofnunin, sem hefðu þessi verkefni með höndum. Og ég efa það ekki, að þessar stofnanir hafi látið þessi mál til sín taka, svo sem lög gera ráð fyrir. Hitt liggur einnig greinilega fyrir að minni hyggju, að vafasamt verður að teljast að dreifa kröftunum svo í þessum efnum sem gert hefur verið til þessa. Ég tel, að það sé skynsamlegt að efla einhverja eina stofnun til stórra átaka í þessum efnum.

Til er löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem samþykkt var árið 1965. Hún fjallar um rannsóknastofnanir atvinnuveganna, og á grundvelli þessara laga starfa Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunin. Ég tel, að mjög kæmi til álita að fella þessa fyrirhuguðu tæknistofnun sjávarútvegsins undir þá löggjöf og breyta henni að öðru leyti með hliðsjón af því, að ætlunin virðist vera að efla fyrirhugaða stofnun til að gera stóra hluti í þessum efnum, en samkv. gildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er gert ráð fyrir því, að hvor tveggja þessara stofnana, sem ég nefndi hér áðan, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunin, sinni þessum málum einnig. Ég vil því beina því til hæstv. sjútvrh., að hann athugi þessa leið, því að ég er þeirrar skoðunar, að til þess að verulegur árangur náist í þessum efnum, sé skynsamlegast að efla einhvern einn aðila til þess að verða athafnamikill og öflugur til framkvæmda á þessu sviði. Það er einnig um það að ræða að nýta fjármagn, sem til þessara hluta er varið, á sem skynsamlegastan hátt.

Hér er vissulega hreyft mikilvægu máli, og ég vænti þess, að sú ábending, sem ég hef hér komið fram með, verði tekin til athugunar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örstuttar aths. við þetta frv., áður en það fer til n., sem ég vildi koma hér á framfæri.

Ég vildi þá fyrst segja það, að ég fagna því, að það virðist vera meginhugsunin með þessu frv. að efla mjög tækniþjónustu í þágu sjávarútvegsins. Ég held, að við allir alþm. getum verið hjartanlega sammála um, að það sé eðlilegt og sjálfsagt og beri að stefna að því. En það er ýmislegt í þessu frv., sem ég sakna, og einna frekast það, að það vantar alveg í frv. að mínu viti ákvæði um það, hvernig þessi nýja stofnun, sem verið er að efna til, eigi að tengjast öðrum þeim stofnunum, sem vinna að þessum verkefnum nú. Það hefur komið hér fram í umr., að það eru aðrar stofnanir, sem vinna að þessum verkefnum. T. d. vinnur Hafrannsóknastofnunin að veiðarfæratilraunum, og við fyrstu sýn sýnist mér, að sú stofnun hafi til þess öll skilyrði. Hún hefur á að skipa hafrannsóknaskipum og hún gerir þau skip út og hefur aðstöðu um borð í þeim skipum til þess að koma þar fyrir veiðarfærum og getur sinnt tilraunum, veiðarfæratilraunum, um leið og hún stundar almennar hafrannsóknir, þannig að mér sýnist, að það sé mjög góð aðstaða fyrir slíka stofnun, Hafrannsóknastofnunina, að halda þeim tilraunum áfram. Nú skal þessari nýju stofnun falið að hafa á hendi rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum skv. frv. Mér er til efs, að þetta sé rétt. Það kann að vera við skoðun, að það komi í ljós, að þetta sé heppileg tilhögun, en ég vil benda á þetta, áður en þetta mál fer í hv. þn.

Ég hef reynslu af því af störfum mínum undanfarin ár, að það er mjög þýðingarmikið að koma á samstarfi slíkra stofnana, sem vinna að þjónustu við sjávarútveginn. Á sínum tíma var gerð allvíðtæk athugun á því, hvers konar skip hentuðu til veiða fyrir Norðurlandi á vegum Norðurlandsáætlunar, og þá þurftum við að koma á fót sérstakri n. eða starfshópi til að gera þessa athugun og það þurfti að taka m. a. inn í hópinn fulltrúa frá Reiknistofnun háskólans og Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni og marga fleiri aðila. Ég varð þá áþreifanlega var við það, hversu það er mikilvægt að koma á samstarfi slíkra aðila, og þess vegna vil ég benda mjög ákveðið á, að það þyrftu að vera einhver ákvæði í þessu frv., sem tryggðu samstarf þessara stofnana, ef þetta frv. yrði að lögum.

Ég vil á það benda, að síðast í aths. með frv. stendur: „Tæknistofnun sjávarútvegsins skal hafa samstarf við aðrar stofnanir, er vinna að skyldum málum í þágu sjávarútvegsins, einkum rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.“ Þessi grein þarna virðist eiginlega hafa misfærzt og hefði átt kannske að vera einhvers staðar inni í lagagr. sjálfum, því að hún kemur þarna alveg eins og skrattinn úr sauðarleggnum, að mér finnst.

Svo er önnur aths. við fyrstu athugun á þessu frv., sem ég vildi gjarnan gera, og hún er sú, að mér sýnist, að með þessu frv. sé jafnframt stefnt að því að veikja Fiskimálasjóð, sem mér finnst ákaflega ógeðfellt, því að hann hefur vissulega mörgum fleiri hlutverkum að sinna en þeim, sem þessi stofnun mun hafa á sinni könnu. Og svo vil ég benda á það líka, eins og hér hefur raunar komið fram, að rannsóknir og tilraunir í þágu sjávarútvegsins hljóta alltaf að framkvæmast að verulegu leyti í atvinnulífinu sjálfu með aðstoð útvegsmanna og sjómanna. Þess vegna þarf að veita styrki til slíkra rannsókna og tilrauna, og einhver sjóður þarf að gera það, hvort sem það er Fiskimálasjóður eða þessi tæknistofnun. En ég held, að það sé varhugavert að taka það fé frá Fiskimálasjóði, sem hann gæti varið til slíkra athugana, þá undir stjórn þessarar stofnunar, því að slíkar athuganir þurfa alltaf að fara fram við raunhæfar aðstæður, eins og þær eru hverju sinni í hverju byggðarlagi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég fagna nú þeim áhuga, sem hér hefur komið fram í sambandi við það mál, sem hér er til umr., og er enn þá sannfærðari en áður um það, að hér er gripið á máli, sem er orðið brýnt að vinna að lausn á. Ég er síður en svo hissa á þeim aths., sem hér hafa komið fram frá einstökum þm. út af ýmsum atriðum, sem snerta málið. Ekkert af þessum aths. kemur mér í rauninni á óvart. Ég hef heyrt þessar aths. svo að segja allar áður og vantar þó nokkuð á, að allar þær aths. hafi komið fram í þessum umr., sem ég hef heyrt, þegar þetta mál hefur verið til umr. og í undirbúningi, og líklega stafar það af því, að þm. eru ekki í beinum tengslum við ýmsa þá aðila, sem svolítið hafa komið að þessum málum á undanförnum árum. Ég býst við því, að ef þeir hefðu átt hér sæti, þá hefðu þeir hver komið fram með sín sjónarmið og vissulega getað bent á það, að það finnst lagastafur fyrir því, að ekki ein, heldur margar stofnanir á Íslandi gætu látið sig skipta þessi mál, sem hér er verið að ræða um.

Hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, minntist á það í aths. sínum, að það væri rétt að geta þess líka, að margir einstaklingar hefðu lagt fram drjúgan skerf á undanförnum árum í sambandi við tæknimál sjávarútvegsins. Þetta er vissulega rétt. Það er ekkert um það að villast, að margir einstaklingar hafa unnið að þessum málum og lagt á sig mikið erfiði og kostnað til þess beinlínis af sínum eigin fjármunum, allverulegar fjárhæðir, til þess að koma þar fram ýmsum nýjungum. Þetta er rétt. En þeir hafa líka sumir hverjir fengið nokkurn stuðning af hálfu opinberra sjóða.

Hv. 8. landsk. þm. minntist á það, að hann hefði þegar lagt hér fram brtt. um það, að þessari ríkisstofnun yrði ætlaður staður á Akranesi, en ekki í Reykjavík. Ég tel fyrir mitt leyti alveg sjálfsagt að athuga þessa hugmynd. Ég er ekki á nokkurn hátt bundinn við það, að stofnun eins og þessi þurfi fremur að vera í Reykjavík en í einhverjum nágrannabyggðarlögum. Mér er ljóst, að það er svo með þessa stofnun eins og reyndar mjög margar aðrar, að það er ýmislegt, sem Reykjavíkuraðstaðan, eins og hún er orðin, hefur fram að færa með sér og veitir þannig að vissu leyti betri aðstöðu í ýmsum tilfellum en staðir langt frá Reykjavíkursvæðinu, þó að það sé ekki í öllum. En ég tel, að staðsetning stofnunar eins og þessarar t. d. hér á Suðurnesjum, í Hafnarfirði eða á Akranesi, gæti fyllilega komið til greina, og ég tel sjálfsagt, að það mál verði athugað út af fyrir sig.

Ég held nú, þegar rætt er um það atriði að ætla þessari stofnun annan stað en ráð hafði

verið fyrir gert, að það blandist inn í þær umr., sem hér hafa orðið á Alþ. um það að dreifa stofnunum út um landið. Ég tek undir það fyrir mitt leyti, að það þarf að vinna að því. Ég held hins vegar, að þegar kemur að því að ná einhverjum verulegum árangri í þeim efnum, þá þurfum við að huga að ýmsum stórum og umfangsmiklum stofnunum, sem eru nú í Reykjavík og hafa verið í Reykjavík, en eru í ríkum mæli þjónustustofnanir fyrir allt landið, og það sé vel hægt að færa þær úr Reykjavík eða a. m. k. vissan hluta af þessum stofnunum, og það skipti í rauninni fyrir byggðarlögin út á landi miklu meira máli heldur en jafnvel þó að stofnun af þessari stærð yrði valinn staður t. d. á Akranesi.

Hv. 2. þm. Vestf. gerði nokkrar aths. við frv., og mér fannst á honum, að honum fyndist, að í rauninni gerði þetta frv. ekki ráð fyrir miklum nýjum verkefnum umfram þau verkefni, sem Fiskimálasjóður hefði með höndum eða gæti unnið að. Ég minntist á það strax í minni framsöguræðu, að mér er þetta mjög vel kunnugt. Ég veit, að það er að finna ákvæði í lögum um Fiskimálasjóð, það er einnig að finna ákvæði í lögum um Hafrannsóknastofnun og einnig vitanlega í sambandi við verksvið Fiskifélagsins, enda hafa allir þessir aðilar meira og minna komið fram og sagt: Nei, látið þetta vera eins og það er. Þetta er okkar mál. — En ég hef verið í fiskimálanefnd, starfað þar og fylgzt með störfum hennar í mörg ár, og mér er fullkunnugt um það, að sú n. leysir ekki þau verkefni, sem hér er um að ræða, nema á svo ófullkominn hátt, að ég tel með öllu óviðunandi. Sannleikurinn er sá, að aðalverkefni Fiskimálasjóðs hefur verið nú um margra ára skeið að veita viðbótarlán ýmsum aðilum, sem standa í margvíslegum framkvæmdum í sambandi við sjávarútvegsmál. Auk þess hefur svo þessi sjóður veitt nokkuð af styrkjum ýmsum aðilum, venjulega litla styrki, sem stundum hafa komið að góðu liði. En af hálfu þessarar stofnunar hefur ekki nú um langa hríð verið hægt að tala um neina beina starfsemi eða forustu, sem þessi sjóður hefði þannig með höndum, að hann gæti leyst sjálfstætt af hendi einhver meiri háttar verkefni, enda hefur þessi sjóður ekki á að skipa neinu sérstöku starfsliði nema rétt til að ganga frá lánsskjölum og innheimta afborganir og vexti.

Mér hefur vitanlega komið í hug í sambandi við þessi mál nú, og reyndar áður, þegar þessi mál hafa verið til umr., hvort það ætti að dubba upp Fiskimálasjóð og fela honum þessi stóru verkefni og sjá um það, að sjóðurinn yrði byggður upp á þann hátt, að hann gæti leyst þessi verkefni, að hann hefði þá í þjónustu sinni ekki aðeins einn, heldur nokkra tæknifróða menn og verkstæði og gæti unnið jöfnum höndum sjálfstætt að því að leysa þessi verkefni, sem við vitum, að þarf að leysa, eða gæti tekið að sér að vinna úr þeim hugmyndum, sem til hans berast. Sannleikurinn um Fiskimálasjóð hefur verið sá, að til hans hafa verið að berast æ ofan í æ alls konar hugmyndir um tækniframfarir eða um tæknimálefni varðandi sjávarútveginn, og þessi sjóður hefur verið að veita mönnum styrki eða lán, og mér er kunnugt um þó nokkuð mörg dæmi þess efnis, að sjóðurinn hefur gert þetta hvað eftir annað út á sömu hugmyndina, af því að það hafa verið komnir nýir menn í Fiskimálasjóð, sem hafa ekki vitað fyllilega um það, sem búið var að gera í þessum efnum áður. Þetta er ósköp eðlilegt, vegna þess hvernig þar er staðið að verkum. Hér er aðeins um það að ræða, að sjóður með litla fasta starfsemi metur þær umsóknir, sem til hans berast hverju sinni, og komi þar fram góðar hugmyndir, þá telja sjóðsstjórnarmenn eðlilegt, að reynt sé að hlúa að þeim og sannprófa þær. En það er fjarri því, að sjóðurinn hafi aðstöðu til þess að fylgja því eftir, að endanlegum árangri sé náð.

Það var sem sagt vel hugsanleg ein leið í þessum efnum, en hún var að gera þessum sjóði kleift að yfirtaka þessi verkefni. Ég álít hins vegar, að Fiskimálasjóður hafi með höndum ýmis verkefni enn auk þessara af þessu tagi, sem hann eigi að sinna. Ég vil fyrir mitt leyti ekki að svo komnu máli fella niður þá starfsemi sjóðsins, að hann geti veitt viðbótarlán við hin fastmörkuðu stofnlán til ýmissa framkvæmda, nokkurs konar áhættulán, þar sem jafnvel er verið að ryðja nýjar rekstrarbrautir, og hann geti sinnt þeim mörgu verkefnum, sem hv. 2. þm. Vestf. minntist m. a. á. En ég er á þeirri skoðun, að ekki væri óeðlilegt, að vegna þeirrar starfsemi, sem þessi sjóður átti að hafa með höndum og hefur haft með höndum, væri ákveðið, að nokkur hluti af árlegum tekjum hans yrði tekinn og þeim varið gagngert í þessu skyni, til stofnunar, sem gæti unnið að þessu á áframhaldandi hátt. En þegar það var ákveðið, þá vil ég ekki heldur fallast á þá ályktun, sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að með þessu sé verið að veikja Fiskimálasjóð. Ég álít, að þeim hluta af tekjum sjóðsins, sem á þennan hátt er tekinn og ráðstafað í þessu skyni, sé áfram ráðstafað í það, sem þessi sjóður átti að hafa með höndum. Ef við hefðum létt af sjóðnum algerlega þessum verkefnum, en látið hann eftir sem áður halda öllum sínum tekjum, þá vorum við að auka tekjur sjóðsins til þeirra verkefna. En það var aðeins ofur eðlilegt, þegar þessu verkefni er létt af sjóðnum, að nokkur hluti af tekjum hans renni þá með verkefninu til þeirrar stofnunar, sem fyrst og fremst á að hafa verkefnin með höndum.

Það er mér svo fullkunnugt um, að löggjöf okkar er á þessa lund, eins og hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, minntist hér á, að það er talað um, að Fiskimálasjóður eigi að styrkja og styðja fiskirannsóknir og fiskileit og athuga fiskigöngur og þess háttar, og hann getur haft með að gera athuganir jöfnum höndum á markaðsmálum, veiðarfæraransóknir og tilraunir á þessu eða hinu sviði. Verkefni sjóðsins er afskaplega vítt samkv. lögum. Ég tel hins vegar, að þessi mál hafi þróazt þannig, að það sé miklu eðlilegra, að Hafrannsóknastofnunin gefi sig fyrst og fremst að öllum fiskirannsóknum og fiskimiðaleit, en þar geti vitanlega Fiskimálasjóður ekki verið nema alger aukaaðili, sem grípur inn í í alveg sérstökum tilvikum, eins og gert hefur verið. Ég tel líka, að það sé miklu eðlilegra, að Hafrannsóknastofnunin með þau gífurlegu verkefni, sem

hún á óleyst og hún þarf að geta unnið að, vinni að þeim verkefnum og krefjist þá meiri fjármuna til þess að geta sinnt þeim, og þarf ekki að útskýra hér fyrir neinum hv. þm., hvaða verkefni það eru, heldur en það, að sú stofnun eigi að hafa sérstaklega með höndum almennar tæknirannsóknir fyrir sjávarútveginn. Mér er vel kunnugt um það, að á vegum þeirrar stofnunar eru uppi kröfur um það, af því að það finnast um það ákvæði í lögum, að það sé hún, sem eigi að hafa með höndum allar rannsóknir varðandi gerð fiskiskipa. Svo kemur bara önnur stofnun, sem segir: Það er ég, sem á að hafa þetta með höndum, því að það er miklu nær minu verkefni.

Ég óttast sem sagt ekki um það, að Hafrannsóknastofnunin hafi ekki meira en nóg að gera á sínu eiginlega sviði og við það, sem að kallar hjá henni, þó að þessi þáttur yrði fyrst og fremst færður yfir til annarrar stofnunar. Ég tel, að viðvikjandi þeim þætti, sem Hafrannsóknastofnunin hefur haft með að gera og unnið allmyndarlega að nú á síðari árum, þ. e. a. s. ákveðnum veiðarfæratilraunum, þar kæmi vissulega til greina ákveðið samstarf á milli þessarar stofnunar, sem hér er verið að ræða um, og Hafrannsóknastofnunarinnar á því sviði eða hrein verkaskipting á milli þeirra varðandi þetta atriði. Það álít ég nánast eins og hvert annað framkvæmdaratriði, en ekki að það eigi að verða til þess, að hér verði togazt á um verkefni, sem leiði síðan til þess, eins og gert hefur hjá okkur á undanförnum árum, að meginkjarni verkefnanna fáist ekki leystur.

Ég vil taka það fram í tilefni af því, sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að því fer víðs fjarri, að þetta frv. sé flutt af mér varðandi Tæknistofnun sjávarútvegsins vegna þess, að ég hafi talið, að það vantaði ákvæði í lög um, að það mætti vinna að þessum verkefnum. Nei, sannleikurinn er sá, að það er að finna ákvæði um næstum öll þessi atriði í mörgum lögum. En það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mér, var að reyna að koma því fram, sem hvað eftir annað hefur komið fram af hálfu sjávarútvegsmanna á undanförnum árum, að það þyrfti að ná tökum á þessu verkefni og leysa verkefnið. Við verðum að játa það eins og það er, að málið er þannig nú, að það er mjög veik starfsemi hjá okkur, sem snýr virkilega að því að vinna að tækniframförum í okkar grundvallaratvinnuvegi, sjávarútveginum. Það er mjög veik starfsemi. Á því sviði höfum við t. d. ekkert frambærilegt verkstæði eða vinnuaðstöðu og sárafáa tæknimenntaða menn á hinum ýmsu sviðum þessara mála, sem við þurfum þó virkilega á að halda í okkar þjónustu, þannig að þeir geti unnið að þessum störfum.

Hér kom fram frá hv. 5. landsk. þm. ábending um, að það væri e. t. v. rétt, að þessi nýja stofnun yrði felld undir þá heildarstarfsemi, sem unnið er að á vegum nokkurra stofnana og lög um rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna fjalla um. Það getur vel komið til mála, að það sé rétt að ætla þessari stofnun þar stað. Það er sjálfsagt að huga að því. En ég held, að aðalkjarni málsins sé sá, að við þurfum að ná þessum aðalverkefnum inn í eina stofnun, sem hefur á að skipa tæknimenntuðu starfsliði og getur boðið sæmilega vinnuaðstöðu, ræður m. a. yfir verkstæðum, þar sem hægt er að gera tilraunir og vinna að því að fullgera vélar og tæki, — það sé aðalatriðið. Ég veit, að m. a. Fiskifélag Íslands sækir það af talsvert miklum áhuga að hafa með alla þessa starfsemi að gera, og forustumenn þar halda því fram, að Fiskifélagið hafi sinnt þessum málum um langan tíma og það sé langeðlilegast, að þessi stofnun ætti beinlínis að vera á vegum Fiskifélagsins og Fiskifélagið ætti að fá aðstöðu til að ráða þessa menn í sína þjónustu og stjórna þessu öllu. En eins og ég segi, það eru aðrar opinberar stofnanir, sem halda hinu sama fram, og niðurstaða mín er sú eftir þá athugun, sem ég hef látið gera á þessum málum nú í fullu samræmi við það, sem hafði komið fram áður margsinnis hér á Alþ., — mín skoðun er sú, að það fari bezt á því að sameina þessa starfsemi í einni stofnun undir einni stjórn, án þess þó að ákveða nokkuð um það gagnvart stofnunum, sem hafa unnið að þessum málum, bæði vegna skyldleikans við sín verkefni í vissum tilfellum eða af almennum áhuga, án þess að það sé verið að ryðja þeim á nokkurn hátt út af þeim starfssviðum, sem þær hafa tekið sér á undanförnum árum. En hitt á að vera öllum ljóst, sem til þekkja, að það er ekki unnið núna að þessum málum á svo myndarlegan hátt sem þarf að verða hjá okkur.

Það má vel vera, að setja mætti inn einhverja gr. í frv. alveg beint um það, sem sagt er hér í grg., að þessi stofnun skuli hafa samstarf við ýmsar aðrar stofnanir. Auðvitað gæti slíkt líka verið beint reglugerðaratriði, og það skiptir auðvitað engu höfuðmáli. Það, sem skiptir aðalmáli, eins og ég hef sagt, það er, hvort það sé ekki tími kominn til þess að setja upp stofnun af þessu tagi, sem sinni þessum verkefnum, m. a. vegna þess að þeim sé ekki sinnt á þann hátt, sem okkur er þörf á nú.

Ég vil svo þakka góðar undirtektir, því að mér er það ljóst, að allir þeir, sem hér hafa talað, taka jákvætt undir það efni, sem frv. fjallar um. En eins og ég hef sagt, þá er ég ekkert hissa á því, þó að það komi hér fram skoðanir um það, að e. t. v. væri frekar rétt að fela þessi verkefni Hafrannsóknastofnuninni, Fiskifélaginu, Fiskimálasjóði eða enn öðrum stofnunum, sem hér hafa komið til greina. Þessar hugmyndir hafa hvað eftir annað komið upp á undanförnum árum, og það hefur orðið til þess kannske, að þessar stofnanir hafa verið að fást við þetta á þennan hátt, sem þær hafa gert, en á algerlega ófullnægjandi hátt.

Ég vil svo endurnýja þá ósk mína til þeirrar n., sem fær málið, að hún athugi allar þær ábendingar, sem hér hafa komið fram. Ég er algerlega opinn fyrir því að breyta þessu frv. Ég tel það sjálfsagt, ef meginmarkmiðinu verður náð, þ. e. a. s. að við náum sterkari tökum á því að leysa það verkefni, sem hér bíður óleyst í þessum efnum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það skiptir eflaust mestu máli, að þeir, sem hafa látið í ljós skoðanir sínar á þessum málum almennt,

eru allir þeirrar sömu skoðunar, að efla beri tilrauna- og tæknistofnun sjávarútvegsins. En hins vegar eru ekki allir á sömu skoðun um þær leiðir, sem um er að velja.

Ég vil ítreka það, að það segir í 4. gr. þessa frv., að sjútvrh. skipi forstjóra við tæknistofnunina að fengnum till. stjórnar stofnunarinnar, og stjórnin ræður í samráði við forstjóra sérfræðinga og aðra tæknimenntaða starfsmenn við stofnunina. Hæstv. sjútvrh. sagði, að stofnun eins og Fiskimálasjóður hefði engu líku starfsliði á að skipa, og það er hverju orði sannara og hefur ekki verið svo lengi sem ég man. Það er aðeins um skrifstofuhald að ræða, afgreiðslu þeirra mála, sem stjórnin fjallar um, og innheimtu afborgana og vaxta. Hér er einnig gerð sú breyting með þessu frv., að það er lagt til að taka fimmta hlutann af tekjum Fiskimálasjóðs eða ⅕ af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem rennur til Fiskimálasjóðs. En það er líka lagt til í þessu frv., að ríkissjóður auki verulega framlög sín á þessu sviði, og er sagt í b-lið 7. gr., að árlegt framlag úr ríkissjóði skuli aldrei vera minna en fjárhæð sú, sem árlega rennur til stofnunarinnar af útflutningsgjaldi samkv. a-lið þessarar gr. Ef þessu fjármagni hefði verið varið til Fiskimálasjóðs, þá hefði hann vafalaust getað farið frekar inn á aukið svið í þessari tilraunastarfsemi. Um það er ekki að deila.

Hins vegar er eitt atriði, sem ég er mjög ósammála hæstv. ráðh. um, en það eru verkefni stofnunarinnar, það eru rannsóknir og tilraunir á veiðarfærum, tækjum og vélum, sem notaðar eru í þágu sjávarútvegsins, tæknileg þjónusta við sjávarútveginn, söfnun og dreifing upplýsinga um tæknimál, því að ég tel, að það sé hægt að rækja það hlutverk með öðrum hætti, og ég hygg, að það muni vera ódýrara heldur en stofna til sérstakrar stofnunar, sem á að hafa þetta með höndum. Svo kemur að c-lið þessarar gr., 6. gr., en þar segir, að sérstök tæknileg verkefni eða rannsóknir fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir eigi þessi stofnun að hafa með höndum, en í d-lið 7. gr. segir, að greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir, séu meðal tekna þeirra, sem þessi stofnun á að hafa. Þá segi ég: Ég hef ekki orðið var við auðuga menn í hópi hinna svonefndu hugvitsmanna. Þegar þeir hafa fundið upp eða þeim hefur dottið í hug eitthvert verkefni til að vinna að, þá hefur sá háttur verið hafður á, að þeir hafa notið styrks frá þessari stofnun, Fiskimálasjóði, og við skulum hafa um það okkar skoðanir, hvort þessir styrkir hafa nokkru sinni verið nægilegir fyrir þessa menn, hvort þeir hafa verið veittir með þeim hætti, að þeir hafi getað unnið sleitulaust að sínum hugðarefnum og sínum hugsmíðum. Ef það á að vera samkv. þessu frv., þá á hugvitsmaðurinn að leita til stofnunar, þar sem eru menn í þjónustu ríkisins, og segja: Hér er ég með hugmynd, og ég óska eftir því, að stofnunin vinni úr henni. Síðan á svo stofnunin að senda reikning fyrir og ég er anzi hræddur um það, að það verði erfitt að fá þá reikninga innheimta, a. m. k. mundi ég ekki sækjast eftir því að verða innheimtumaður stofnunarinnar og eiga að fá þá reikninga greidda. Ég held, að þetta sé spor í ranga átt.

Hinu hverf ég ekki frá, að þessum málum í heild verður ekki safnað saman í eina stofnun. Alþ. hefur á undanförnum árum markað stefnu í nokkrum greinum í þessum efnum með lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þar með lögum um Hafrannsóknastofnunina og um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þessar stofnanir hafa ákveðin verkefni, og eins og ég sagði í þeim orðum, sem ég lét frá mér fara áðan, hefur í nokkrum tilfellum verið komið til móts við báðar þessar stofnanir af Fiskimálasjóði hvað snertir fjármuni.

Hins vegar skal ég koma inn á mál, sem ég gerði ekki áðan, og lýsa því yfir sem afdráttarlausri, persónulegri skoðun minni, að ég álít, að allar nýjungar í byggingu fiskiskipa og tæknilegri þjónustu í sambandi við byggingu fiskiskipa eigi alls ekki að vera í höndum hvorki þessarar stofnunar, Fiskimálasjóðs, né Fiskifélags Íslands. Ég álít það fyrst og fremst verkefni þess stofnlánasjóðs, sem lánar frá ¾ upp í ¾ af stofnkostnaði þessara mannvirkja eða til þessara framkvæmda, þar eigi að vera sjálfstæð tæknistofnun innan þess ramma, en viðskiptamennirnir þurfi ekki að leita eftir úrlausnum þessara verkefna hingað og þangað úti um borg eða úti um land, ef stofnunin verður flutt þangað. Og ég trúi því, að þegar við hugleiðum nánar þessi mál, verði litið á það sem skynsamlegri lausn þessara mála, að hver sú stofnun, sem þegar hefur markað sína fyrstu göngu og hér hefur áður verið rakin, eigi að hafa sitt frumverkefni. Fjármál má leysa aftur á líkan hátt og gert hefur verið á seinni árum.

Ég vil svo að síðustu leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það hafi komið fyrir, að nýir menn hafi verið kjörnir í stjórn Fiskimálasjóðs, sem hafi ekki vitað um, hvað áður hafi verið gert í lánum eða styrkjum til þessa eða hins. Við skulum segja, að slíkt hafi nú átt sér stað. En þá er til önnur stofnun, sem hlýtur að hafa sitt skjalasafn í lagi og fylgjast með hlutunum, — stofnun, sem hefur staðfest hvern einasta styrk, sem Fiskimálasjóður hefur veitt frá byrjun, og það er sjálft sjútvrn. Mér er ekki kunnugt um, að slík mistök hafi átt sér stað, hvorki í stjórn Fiskimálasjóðs né hjá sjútvrn. Og ég hygg, að hér sé um misskilning eða misminni að ræða hjá hæstv. ráðh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Lífeyrissjóður sjómanna (stjfrv.).

Á 50. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna [218. mál] (stjfrv., A. 444).

Á 51., 52., 54., 55. og 57. fundi í Nd., 15., 16., 20., 22. marz, 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á Alþ. hinn 17. apríl 1968 var samþykkt till. til þál. um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:
„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um breyt á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðfélögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú."
Hinn 12. september 1968 fól félmrn. Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að annast endurskoðun umræddra laga með hliðsjón af nefndri þál. Skömmu síðar hófust viðræður útvegsmanna og bátasjómanna um aðild hinna síðarnefndu að sjóðnum, og náðist samkomulag um það efni milli þessara aðila í febrúar 1969. Með lögum nr. 59 1970 var lögum sjóðsins breytt með tilliti til aðildar bátasjómanna og jafnframt var nafni hans breytt í lífeyrissjóð sjómanna. Meginmál laga nr. 59 1970 var síðan fellt inn í lög nr. 78 1962, sbr. núgildandi lög nr. 78 frá 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna. Vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr. laganna um heimild fyrir bátasjómenn í einstökum byggðarlögum eða landshlutum til undanþágu frá þátttöku í sjóðnum hefur ekki fyrr en á yfirstandandi ári fengizt heildaryfirsýn um, hvernig lífeyrisréttindum sjómanna er háttað, svo að unnt yrði að ljúka endurskoðun laganna. Breytingin á bótaákvæðum lífeyrissjóðs sjómanna er að sjálfsögðu háð því, hve miklar tekjur sjóðsins eru. Iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nægja ekki til þess að standa undir skuldbindingum hans, heldur eru það ákvæði 25. gr. laga nr. 29 1963 um endurgreiðslu verulegs hluta lífeyrisins úr ríkissjóði, sem tryggja gildi bótaákvæðanna. Þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum endurgreiðslum lífeyris, hvorki af hendi vinnuveitenda, sjómanna né úr ríkissjóði, er ljóst, að eftir sem áður hljóta lífeyrisréttindin að verða tryggari í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en í lífeyrissjóði sjómanna, nema launakjör og verðlag í landinu verði stöðugri í framtíðinni en hingað til. Eigi að síður miða þær breytingar, sem felast í frv. þessu, að því að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Má þar í fyrsta lagi nefna, að gert er ráð fyrir takmarkaðri verðtryggingu, svo sem gert er ráð fyrir í nær öllum reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, og í frv. er gert ráð fyrir, að allar elli- og örorkulífeyrisgreiðslur, sem úrskurðaðar hafa verið, miðist við kauplag 1962—1971. Frá 1. jan. 1972 að telja og síðar verði sjálfkrafa hækkanir árin 1973 og 1974, en frá árslokum 1974 verði teknar ákvarðanir um áframhaldandi hækkanir fyrir 5 ára tímabil í senn með hliðsjón af afkomu sjóðsins.
Önnur meginbreytingin, sem felst í frv., er sú, að horfið er frá því að miða lífeyrisgreiðslur við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans. Í staðinn er gert ráð fyrir umreikningi iðgjalda hvert almanaksár í því skyni, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna, eins og það var, þegar þau voru innt af hendi. Nær allir hinir nýju lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna nota slíkan stigagrundvöll.
Þriðja meginbreytingin, sem í frv. felst, er að verulegu leyti stytting á biðtíma, veruleg stytting á biðtíma, þ. e. lágmarksiðgjaldagreiðslutímabil til þess að um rétt til lífeyris geti orðið að ræða.
Fjórða meginbreytingin er fólgin í heimild til að hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri, að uppfylltum þeim skilyrðum annars vegar, að sjóðfélagi hafi lengi stundað sjómennsku, og hins vegar, að ekki sé langt síðan hann hætti í störfum á sjó. Loks má benda á, að gert er ráð fyrir greiðslu barnalífeyris til 18 ára aldurs, en nú er miðað við 16 ára aldur.
Þetta eru þau meginatriði, sem í frv. felast, sem eru breyting frá gildandi lögum um lífeyrissjóð sjómanna.
Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli, en legg til, herra forseti, að að umr. lokinni verði því vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Framleiðsluráð landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 58. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðákvarðanir, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [241. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 59. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 517 er frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðákvarðanir, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru fyrst sett árið 1947. 1. júlí n. k. eru því 25 ár liðin frá því, að þau lög tóku gildi. Þessi lög voru arftakar laga um mjólkur- og kjötsölu, sem sett voru hér 1934 og leystu úr

miklum erfiðleikum, sem þá voru á sölu landbúnaðarvara. Enda þótt þetta sé sagt, vil ég geta þess, að á árunum 1945—1947 giltu hér lög um búnaðarráð, sem giltu aðeins þau tvö ár, og voru þau millispor á milli þessarar gömlu löggjafar og framleiðsluráðslaganna frá 1947. Þegar Stéttarsamband bænda var stofnað, 9. sept. 1945, var uppi fljótlega frá þeirra hendi krafa um það, að sett yrði löggjöf, sem tryggði Stéttarsambandinu aðild að samningsrétti bænda um kaup og kjör. Það var því eitt af fyrstu verkefnum þeirra að fara fram á setningu þessara laga, sem nú hafa gilt í nærri 25 ár.

Þegar ríkisstjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar var mynduð 1947, en í þeirri ríkisstj. sátu auk Alþfl. framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, þá var eitt af þeim samningsatriðum, sem þar var samið um, að setja lög um framleiðsluráð, en þau tóku gildi, eins og áður sagði, á miðju sumri þar næst á eftir. Að stofni til hefur þessi löggjöf haldizt, þó að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á löggjöfinni á þessu tímaskeiði.

Stéttarsamband bænda hefur ætíð átt þátt í því að endurskoða þessa löggjöf, þó að mismikið hafi verið farið eftir óskum þess, enda urðu nú á síðari árum háværari raddir um það, að nauðsyn bæri til að endurskoða þessa löggjöf, og fyrir nokkrum árum samþykkti aðalfundur Stéttarsambandsins að óska eftir því, að gagnger breyting yrði á löggjöfinni, m. a. yrði farið inn á þá braut, að viðsemjendur yrðu ríkisvaldið, en ekki stéttarfélögin, eins og verið hefði í löggjöfinni. Í stjórnarsamningi núv. ríkisstj., sem gerður var í júlí s. l. var eitt af ákvæðunum svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði skoðuð í samráði við Stéttarsamband bænda og að því stefnt, að Stéttarsambandið semji við ríkisstj. um kjaramál bændastéttarinnar og verðlagningu búvara. Miða skal jafnan við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta."

Samkv. þessu ákvæði og þeirri samþykkt, sem gerð var á aðalfundi Stéttarsambandsins á s. l. hausti, sem var haldinn austur á Höfn í Hornafirði, var hinn 14. nóv. s. l. af landbrn. skipuð n. til þess að endurskoða gildandi lög um framleiðsluráð. Af hálfu Stéttarsambandsins voru þessir menn í n.: Gunnar Guðbjartsson formaður þess, Ólafur Andrésson stjórnarnefndarmaður og Ingi Tryggvason, sem einnig er stjórnarnefndarmaður. Aðrir í n., sem voru skipaðir af ráðh. án tilnefningar, voru: Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri, sem var formaður n., Ólafur Björnsson prófessor, Hjalti Gestsson ráðunautur, Jónas Jónsson fulltrúi, Guðmundur Þorsteinsson bóndi og Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður. Guðmundur Sigþórsson búnaðarhagfræðingur starfaði með n. og var ritari hennar.

Þar sem fyrirhugað var að gera þá meginbreytingu á fyrirkomulagi um verðlagningu landbúnaðarvara, að bændur semdu við ríkisvaldið, og vitað var, að Norðmenn hafa það fyrirkomulag, fékk n. þessi heimild til þess, í samráði við landbrn., að fá hingað upp formann norsku bændasamtakanna, Jan Melbye. Hann kom hingað og sat á fundum með n. í tvo daga og gerði henni grein fyrir því helzta, sem máli skiptir um samningsaðstöðu norsku bændasamtakanna og skipti þeirra við ríkisvaldið.

Frv., eins og n. gekk upphaflega frá því, var sent landbrn. og ráðuneytisstjóri þess, Gunnlaugur Briem, fór yfir frv. og benti á ýmsar leiðréttingar og breytingar, sem hann taldi betur horfa. Þetta fékk n. aftur til meðferðar, og eftir að hún hafði athugað það og tekið í sínar till. það, sem var að hennar skapi, þá lagði hún frv. fyrir aukafund Stéttarsambands bænda, 9. febr. s. l., eða réttara sagt, stjórn sambandsins lagði það fyrir í samráði við landbrn. Á þeim fundi voru gerðar nokkrar breytingar á frv., eins og það lá þá fyrir, og tók n. það til meðferðar á nýjan leik. Það var aðeins ein grein frv., sem olli verulegum deilum á stéttarsambandsfundinum, en það var 3. gr. þess, sem ég kem að síðar, en hún var samþ. með 34:7 atkv., en 4 sátu hjá. Eftir að frv. hafði fengið þessa meðferð, var það á nýjan leik tekið fyrir í þeirri n., sem samdi frv. Þar voru gerðar á því þær breytingar, sem fundurinn hafði óskað eftir, að mestu leyti, held ég, eins og þar var gengið frá því, og frv. er svo flutt nú eins og n. gekk endanlega frá því. Engar breytingar hafa verið gerðar á því, eftir að þessi meðferð hafði farið fram, að aukafundur Stéttarsambandsins hafði fjallað um það og n. á nýjan leik orðið sammála um niðurstöðu þess.

Ég vil taka það fram, að það var ákvörðun landbrh. að flytja frv. algerlega óbreytt. Hins vegar er það svo, að það eru atriði í því, sem bæði mínir flokksmenn og aðrir eru ekki á eitt sáttir um, og það var af hendi ríkisstj. gerð sú samþykkt, að menn áskildu sér rétt til þess að koma að breytingum við meðferð málsins hér á þingi, ef það væri talið, að til bóta mætti horfa. Ég vil t. d. geta þess, að kvótakerfi, sem talað er um í frv., var ekki að mínu skapi, ef ég hefði samið frv., en hins vegar hef ég haldið mér fast við þá reglu að láta það koma fram eins og n. gekk frá því endanlega og stéttarsambandsfundurinn, enda er mér ljóst, að þar voru að verki þeir, sem bezt þekktu og mesta reynslu höfðu á þessum sviðum. Og það er líka mín skoðun og hefur verið ríkjandi stefna núv. ríkisstj. gagnvart heildarsamtökum stétta þeirra, sem hún hefur haft mest samstarf við, að málefni þeirra hafa komið fram á þann hátt, sem þær hafa helzt óskað eftir, enda þótt einhverjar breytingar gætu verið á því gerðar í þinginu. Hins vegar treysti ég því, að þau atriði, sem mestu máli skipta, muni njóta sín og fá fylgi hér á hv. Alþ., enda hygg ég, að segja megi um frv., að það sé gert að beztu manna yfirsýn.

Þennan formála mun ég nú láta nægja í sambandi við þetta frv., en hins vegar snúa mér að því að gera grein fyrir þeim breytingum, sem eru í frv. frá gildandi lögum.

Þar er fyrst að geta þess, sem ég reyndar vék að áðan, að samningsformið er nú breytt, þar sem viðsemjandi á nú að vera ríkisvaldið eða ríkisstj., sem á að tilnefna jafnmarga fulltrúa í samningsnefndina og stéttarfélögin gerðu áður. Í sambandi við þetta atriði vil ég geta þess, að þegar það ákvæði var sett inn í lögin, þá var

skoðun manna, að það mundi reynast svo, að bezt færi á því, að viðsemjendurnir væru fulltrúar neytenda og valdir af þeim sjálfum. Segja má með réttu, að þetta form hafi gefizt vel alllengi, stundum ágætlega og stundum misjafnlega, en hins vegar gerðist það nú fyrir nokkrum árum, að neytendurnir, sem áttu að tilnefna fulltrúa í samningsnefndina, ákváðu að gera það ekki. Það var því ríkisstj., sem tilnefndi þá aðila, sem við var samið, og það var álit manna, að þetta form, hversu gott sem það hefði upphaflega verið, hefði gengið sér til húðar og rétt væri að breyta þar um, og þess vegna er það nú gert. Enn fremur hefur sú reynsla, sem fengizt hefur af hinu norska kerfi, margt til síns ágætis. M. a. hefur þá komið fram, að hægt hefur verið að semja um aðra þætti, er landbúnaðinn varða, heldur en þá, sem eingöngu vörðuðu verðlagið. Þetta hefur verið talið til bóta, og hugmyndin með þessu frv. er einnig, að það sé hægt að gera það í þessum samtökum. Nú er engri loku fyrir það skotið heldur í sambandi við þetta form, að neytendur fái þar sína fulltrúa, þó að óbeint sé, inn í samningsumr., og er það talið heppilegra en að formið sé eins og það hefur verið framkvæmt á síðustu árum.

Í sambandi við framkvæmdina á verðlagningunni, þá er gert ráð fyrir því, að áfram starfi sex menn að henni, þrír, sem verði valdir, einn af framleiðsluráðinu og tveir frá Stéttarsambandinu, og þrír, sem aftur verði valdir af ríkisstj. á vegum landbrn.

Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að til þess geti komið, að þessir aðilar verði ekki sammála og nái ekki samkomulagi um þau ágreiningsatriði, sem verulegu máli skipta. Til þess að leysa þá úr, er skipuð yfirnefnd, eins og áður hefur verið, og hefur því verið fellt niður það svið, sem sáttasemjari átti að annast, enda hygg ég, að reynsla af því hafi ekki gefið þá raun, að aðilar hafi talið ástæðu til að halda í það. Er gert ráð fyrir því, að hvor aðilinn um sig velji einn úr hópi þeirra, sem í samningunum hafa verið, en Hæstiréttur skipi svo oddamanninn í þessa n. Yfirnefnd þessari ber að skila rökstuðningi og grg. með úrskurði sínum. Telji annar hvor aðilinn eða hluti sexmannanefndar úrskurði yfirnefndar óviðunandi, getur sá hluti hennar krafizt þess, að úrskurður yfirnefndar gildi aðeins í 6 mánuði, sé um haustverðlagningu að ræða, en annars til 1. sept. næst á eftir. Krafa um málsupptöku samkv. þessu ákvæði hefur því aðeins gildi, að hún sé samþ. af meiri hl. fulltrúa á stéttarsambandsfundi eða af ríkisstj. í heild, og er hér um nýtt ákvæði að ræða. Þetta ákvæði hlýtur að sjálfsögðu að verða í lögum um verðlagninguna, vegna þess að alltaf getur farið svo, að deiluaðilar nái ekki samkomulagi og verði því að ganga undir úrskurð.

Annað atriði í þessu frv., sem er mikilvægt nýmæli, er ákvæðið um að stefna að skipulagningu framleiðslunnar og að hafa stjórn á framleiðslumagninu til aukningar, ef á þarf að halda, eða til að draga úr framleiðslunni í einstökum greinum, ef þurfa þykir. Framleiðsluráði landbúnaðarins ber að gera framleiðsluáætlanir til langs tíma um þróun á landbúnaðarframleiðslu. Þessar áætlanir ber að gera í samráði við Búnaðarfélag Íslands og þær stofnanir í landinu, sem hafa áætlanagerðir í þjóðfélaginu með höndum. Meðal þeirra stofnana, sem þetta yrði unnið í samráði við, yrði Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem hlýtur með lánastarfsemi sinni að hafa mikið að segja þar um. Árlega ber að endurskoða þessar áætlanir af sömu aðilum, og ef það kemur í ljós, að þær raskast verulega frá því, sem upprunalega var gert ráð fyrir, er Framleiðsluráði heimilt í samráði við landbrh. að grípa til sérstaks álags á innflutt kjarnfóður eða tvenns konar verðs til bænda, hins svokallaða kvótakerfis, sem ég vék lauslega að áðan. Fé því, sem fæst með töku fóðurbætisgjalds, er gert ráð fyrir að ráðstafa til útflutningsbóta, ef þeirra er þörf, og til þess að auka hagkvæmni vinnslustöðva landbúnaðarins og til styrktar innlendri fóðuröflun.

Geta má þess, að n. þeirri, sem falið var að endurskoða lög um Framleiðsluráð, var í skipunarbréfi sínu falið að kanna, að hversu miklu leyti það sé rétt að hafa stefnumarkandi áhrif á landbúnaðarframleiðsluna. Í grg. segir, að af hálfu n. hafi mikið verið rætt þetta atriði, og eru þau ákvæði, sem hér er nú getið, árangur þeirrar umr. Hins vegar reiknar þetta frv. með því, að réttur til útflutningsbóta haldist sá sami og verið hefur síðan 1959, þ. e. að 10% af framleiðslu landbúnaðarins geti verið bætt upp með útflutningsbótum. N. telur, að innan þeirra marka sé eðlilegt að halda framleiðslunni að mestu. Nauðsynlegt er að hafa þarna visst svigrúm vegna sveiflna í árferði og á mörkuðum.

Þetta segir auðvitað ekki, að útflutningur geti ekki orðið verulegur á einstökum vörum, ef góðir markaðir fást, sem gefa gott verð. Bættir markaðir og bætt samkeppnisaðstaða íslenzks landbúnaðar tryggja vonandi landbúnaði nægt vaxtarrými, þannig að hinir miklu og góðu framleiðslumöguleikar okkar nýtist á þann hátt. Annað væri óeðlilegt í heimi, sem skortir matvæli.

Það atriði í 3. gr. frv., sem nú hefur verið rætt um, hefur valdið nokkrum umr. og var það atriði, sem um var deilt á stéttarsambandsfundinum og hefur áður verið deilt um, hvort leggja ætti sérstakt gjald á innfluttan fóðurbæti til þess að jafna verðið á landbúnaðarvörunum. Í því sambandi vil ég benda á það, að þetta mál er frá þeim aðilum komið, sem bezt þekkja til og hafa haft með þessi mál að gera, sem er Framleiðsluráðið og Stéttarsambandið. Ég vil líka benda á það, að hér er ekki um skatt að ræða í venjulegri merkingu þess orðs, vegna þess að þessa fjármuni, sem þarna á að taka, á að nota til þess að verðjafna á milli búgreinanna eða framleiðslunnar innbyrðis, ef útflutningsbæturnar nægja ekki til þess að ná því verði, sem grundvöllur landbúnaðarverðsins gerir ráð fyrir. Það er líka þannig, að það eru bændurnir eða framleiðsluráðið og stéttarsambandsstjórnin, sem ræður því, hvort út í þetta verður farið, og hefur landbrh. aðeins neitunarvald þar um.

Það er hægt að hugsa sér og er reyndar gert ráð fyrir því í þessu frv., að það megi velja aðra leið til þess að jafna þar um heldur en þessa, sem hér er lagt til. Það er að taka sérstakt gjald af

einstakri vörutegund til þess að jafna yfir til annarrar eða á milli mjólkurbúa innbyrðis eða sláturhúsa. Það er því á valdi þeirra aðila, sem framkvæma þetta mál, hvort gripið verður til þeirrar leiðar eða hinnar fyrri. Ég vil líka geta þess, að þær till., sem hér eru uppi í þessu frv. um það, hve hátt þetta gjald skuli vera, það er ekkert atriði út af fyrir sig, sem er óbreytanlegt. Ef að dómi þeirra, sem um fjalla, er talið hyggilegra, að það sé lægra eða hærra, þá er það ekki það atriði í þessu máli, sem ég mundi á neinn hátt setja fyrir mig í sambandi við væntanlega meðferð málsins. Hins vegar er það svo, að það er mat þeirra, eins og ég sagði áðan, sem bezt þekkja til, að nauðsynlegt sé að hafa einhverja stjórn á framleiðslu og gera einhverjar ráðstafanir á félagslegum grundvelli til þess að bæta innbyrðis á milli seljenda, ef með þarf, og þá verði að vera tiltækt ráð þar um og áætlanir í þessu skyni njóti sín ekki nema einhverjir möguleikar séu til að beita stjórnunartækinu. Mér er ljóst, að það hafa verið skiptar skoðanir innan bændastéttarinnar um þetta atriði. Það voru líka skiptar skoðanir innan bændastéttarinnar um að taka svokallað innvigtunargjald, þegar það var gert, til þess að ekki yrði mjög mikill mismunur á útborgaðri vöru innan stéttarinnar í heild. En að sjálfsögðu held ég að ekki sé hægt að líta á annað en nauðsyn þess, að það sé heppilegt að hafa fleiri en eina leið til þess að velja þarna um til að verja sig gegn þessu ákvæði.

Annar þáttur í sambandi við þetta gjald er svo 5% gjald, sem lagt er til, til þess að hafa sem mótvægi upp í kostnað við uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Það er kunnara en frá þurfi að segja á síðari árum, að fram undan eru mikil verkefni í því að bæta úr hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins. Kröfur þær, sem gerðar hafa verið í sambandi við sláturhúsin, hafa verið himinhrópandi að fjárhæðum til, og er mikið átak búið að gera í því, en meira er þó eftir. Það sama er einnig í mjólkuriðnaðinum. Þar er stórt átak fram undan til þess að koma vinnslustöðvunum í eðlilegt horf miðað við nútímatækni og kröfur og þekkingu. Þegar fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, mun hafa verið samkomulag á milli hennar eða þáv. landbrh. og bændasamtakanna, að af hálfu ríkisvaldsins í gegnum framleiðnisjóðinn yrði lagt fram fé til uppbyggingar sláturhúsanna, enda er það vitað mál, að ef ætti að ná því verðlagi, sem á þeim húsum er, að öllu leyti í gegnum verðlagið, þá yrði það til þess að hækka verðlagið verulega. Úr framkvæmdum hafði ekki orðið, þegar stjórnarskiptin urðu, nema að litlu leyti. En á núgildandi fjárl. er í gegnum framleiðslusjóðinn veitt 12 millj. kr. beint til sláturhúsanna og hugsanlegt, að einhver hluti af þessum 10 millj., sem eru samkv. lögunum gangi þangað líka. En það, sem skorti þá á, er það fjármagn, sem Framleiðsluráðið ætlaði að sjá um frá sinni hendi sem framlag á móti þessu. Og hugsunin með 5% gjaldi, sem þarna er gert ráð fyrir, er byggð á þessari niðurstöðu.

Ég held, að ég eyði nú ekki fleiri orðum um þetta atriði í frv. Þó að ég viti, að um það verði deilt áfram, þá tel ég mig ekki hafa fyrir mér öruggari ráðgjafa en þá, sem mest hafa að þessum málum unnið og bezt þekkja. Í þessari 9 manna n., sem starfaði að því að semja þetta frv., tel ég, að séu aðilar, sem kunni þar full skil á, þó að meiningarmunur geti verið um slíkt atriði sem þetta, og við því er ekkert að segja.

Eitt atriði, sem tekið er upp í þetta frv., er ákvæði til styrktar búsetu í einstökum landshlutum. Lagt er til, að bændum þeim, sem búa við hin erfiðari búskaparskilyrði, verði rétt hjálparhönd með sérstökum flutningastyrkjum, niðurgreiðslum á áburði o. fl. eða hærra afurðaverði. Því er gert ráð fyrir, að sérstakur sjóður verði stofnaður í þessu skyni, er fái árlega framlag, sem er um 1% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Gert er ráð fyrir því, að landbrh. verði í samningum um, hvernig fyrir þessu verði séð.

Í sambandi við þetta atriði vil ég geta þess, að í lögum um Byggðasjóð er komið að því einmitt að jafna þarna á milli, og ég tel, að það ákvæði, sem í þeim lögum er, snerti einmitt þetta atriði. Ég lít líka svo á, að hér sé ekki eingöngu um stuðning að ræða við landbúnaðinn, heldur og ekkert síður við þau byggðarlög og þéttbýliskjarna, sem þurfa á landbúnaðarvörum að halda. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á okkar landi er það svo, að neyzlumjólk, kjötvörur og aðrar landbúnaðarvörur þurfa þessi þéttbýlissvæði að fá, og byggðaraukning og byggðarframtíð þar byggist einmitt á því, að aðgangur að góðum og nógum landbúnaðarvörum sé auðveldur. Þess vegna er þetta mikið atriði í sambandi við þéttbýliskjarnana, og það er mín skoðun, að einmitt stofnun eins og Byggðasjóðurinn eigi að styðja að því að létta undir með flutningi eða framleiðslu á þeim stöðum, þar sem skortir möguleika til þess að hafa nægar og góðar landbúnaðarvörur. Það hefur líka orðið þannig í framkvæmdinni, að með þessu móti, að styðja, eins og Framleiðsluráðið hefur gert, flutning á milli staða, hefur verið hægt að koma í veg fyrir, að byggt yrði of mikið af mjólkurbúum, og eru dæmi þar um.

Í grg. frv. er skýrt frá því, hvað Framleiðsluráðið hefur haft mikinn kostnað af því að færa þannig á milli, og skýrir það kannske betur en allt annað nauðsyn þess, að slíkar ráðstafanir séu gerðar eins og hér er farið fram á að styðja af almannafé. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, minna á grg., en þar segir svo á miðri bls. 17:

„Árið 1971 greiddi Framleiðsluráðið slíka rekstrarstyrki til Mjólkurstöðvarinnar á Patreksfirði (kr. 2.92 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Þórshöfn (kr. 3.76 á lítra), Mjólkurstöðvarinnar á Vopnafirði (kr. 2.85 á lítra) og til Mjólkurstöðvarinnar á Djúpavogi (kr. 4.45 á lítra).“

Ég vil enn fremur minna á það, sem fram kemur í grg., að til þess að forðast það, að stofnuð yrðu t. d. mjólkurbú, eins og stóð til að yrði gert á Reykhólum, þá hefur verið farið inn á þá braut að styðja mjólkurflutninga til Búðardals til þess að tryggja stöðu þess mjólkurbús og enn fremur til þess að draga úr stofnkostnaði, sem hefði orðið þarna mikill og rekstrarkostnaðurinn hæpinn.

Framleiðsluráðið hefur greitt flutningastyrki,

sem hér segir: Frá Reykhólum til Búðardals 40 aura á kg, á leiðinni Fljót til Sauðárkróks 30 aura á kg, á leiðinni austan Mýrdalssands til Selfoss 55 aura á kg og á leiðinni Kelduhverfi til Húsavíkur 30 aura á kg. Enn fremur voru greiddar á leiðinni Breiðavík til Borgarness kr. 1.20 á ltr., aðflutningur að Ms. Patreksfirði 55 aurar á ltr., á leiðinni Breiðdalur til Djúpavogs 30 aurar á ltr. og á leiðinni Jökulsárhlíð til Egilsstaða 10 aurar á ltr. Þessar upphæðir, sem Framleiðsluráðið hefur eitt greitt, nema verulegum fjárhæðum og eru líkur til þess, að hér geti verið um einhverja tugi millj. að ræða, ef verður eins og horfir nú þar um, og er óeðlilegt, að landbúnaðarframleiðendur annist einir þennan tilflutning og sjái þannig um það, að byggð haldist á þessum stöðum, sem mundi ekki gerast, ef ekkert væri aðhafzt.

Á s. l. hausti áttu sér stað verulegir mjólkurflutningar á milli stærri sölusvæða. T. d. má nefna, að mjólk, rjóma og skyr hefur vantað á Ísafjörð í vetur og hefur verið flutt frá Akureyri og jafnvel frá Reykjavík, ef skipaferðir hafa ekki fallið jafnt að norðan. Það mætti sem sagt nefna fleiri dæmi um það, að nauðsyn ber til að styðja þessa flutninga og tryggja annað hvort kostnað við að flytja landbúnaðarvörurnar á milli þessara staða eða framleiðslu þeirra á viðkomandi stöðum.

Megintilgangur þessara laga er að tryggja bændum sæmileg kjör og neytendum góðar vörur ásamt hóflegu verði og sem bezta nýtingu á þeim markaði, sem fyrir hendi er fyrir íslenzkar landbúnaðarvörur. Varðandi fyrsta atriðið, það sem bændur munu spyrja um, vil ég víkja að því, hvernig þetta hefur tekizt á undanförnum árum.

Í grg. n. um þetta segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur látið gera athugun á því, hvernig háttað er kjörum bænda, miðað við hinar svokölluðu viðmiðunarstéttir.

Frá og með árinu 1962 hefur Hagstofan birt tölur um tekjur hinna einstöku starfsstétta. Eftirfarandi samanburður á brúttótekjum bænda og viðmiðunarstéttanna er byggður á úrvinnslu Hagstofunnar. Það mun skekkja samanburðinn, að ekki eru vextir af skuldum vegna búsins og að nokkru leyti fyrning og fasteignagjöld útihúsa talin á landbúnaðarframtali og koma því ekki öll til frádrags. Sama er að segja um útgjöld vegna viðhalds og viðgerða á útihúsum og tryggingariðgjöld fram til ársins 1965, en frá og með því ári eiga þessir liðir að koma til frádráttar á landbúnaðarframtali.“

Meðaltekjur bænda á aldrinum 25—66 ára, þegar miðað er við tekjur viðmiðunarstéttanna, er sem hér segir: 1962 0.79, 1963 0.78, 1964 0.84, 1965 0.86, 1966 0.71, 1967 0.65, 1968 0.71 og 1969 0.74. Þá segir n., að hún sé þeirrar skoðunar, að einmitt með hinu breytta samningsformi skapist ýmsir möguleikar til þess að rétta þennan hlut. Í 5. gr. frv., þar sem kveðið er á um launaviðmiðun bænda, eru skýrari ákvæði og ótvíræðara orðalag hvað snertir viðmiðun við launastéttir og vinnutíma og skyldulið bóndans. Í sambandi við það vil ég geta þess, að ég hef orðið var við það, að ýmsir hafa fett fingur út í það, að fellt væri niður úr þessari viðmiðun að taka sjómannastéttina inn í samanburðinn, því hér er eingöngu átt við iðnaðarmenn og verkamenn. Í sambandi við það atriði vil ég geta þess, að meginbreytingin, sem gerð var á framleiðsluráðslögunum 1966, var sú, að felldir voru niður úr viðmiðuninni verkamenn og iðnaðarmenn í ákvæðisvinnu svo og sjómenn, sem tóku kaup sitt af aflahlut. Þegar búið var að fella þá sjómenn úr, sem tóku kaup eftir aflahlut, voru aðeins eftir þeir sjómenn, sem lægst laun höfðu, og var þá hætt að taka sjómenn með í kaupviðmiðunina. Það er því búið að fella þetta ákvæði úr framkvæmd, eftir að breyting var gerð á lögunum 1966, enda var þá fellt niður að mestu það, sem máli skipti í sambandi við þetta mál.

Auk þeirra atriða, sem ég hef hér drepið á, eru mörg fleiri atriði í frv., en smærri, sem ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja sérstaklega hér, enda hef ég vikið að því, sem meginmáli skiptir í þessu frv. frá gildandi löggjöf. Sumt af því eru orðalagsbreytingar, og önnur atriði eru byggð á þeirri reynslu, sem fengizt hefur í sambandi við framkvæmd laganna. Einu atriði vil ég þó víkja að, áður en ég lýk þessu, og það er það, að ríkisstj. á að hafa samráð við Framleiðsluráðið, ef ákveðið er að gera stórfelldar breytingar á því niðurgreiðsluformi, sem hefur gilt hér um alllangt skeið. Það má vel vera, að mönnum finnist, að hér sé of langt gengið, að leita eigi sérstaklega til bændasamtakanna í sambandi við niðurgreiðslurnar. Hér er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að þau geti synjað eða ákveðið um þetta, hins vegar gætu þau haft áhrif á framkvæmdina og leiðbeint um það, sem betur mætti fara í sambandi við framkvæmd á niðurgreiðslu.

Eitt af því, sem lagt var fyrir n., var að hafa samráð við ráðuneytisstjórann í viðskrn., hagstofustjóra og hagsýslustjóra einmitt um þetta atriði. Þetta atriði er m. a. byggt á því, að af reynslu undanfarandi ára hefur það komið í ljós, að stórar sveiflur í niðurgreiðslum, hvort sem hefur verið til lækkunar eða hækkunar, hafa haft veruleg áhrif á sölu landbúnaðarvara. Þegar niðurgreiðslur hafa verið auknar, hefur salan aukizt, og þegar úr þeim hefur verið dregið mjög skyndilega og stórfellt, þá hefur hið gagnstæða gerzt. Þess vegna er þetta ákvæði sett hér inn í frv., að einmitt slíkar sveiflur, sem geta átt sér stað í sambandi við niðurgreiðslur, séu gerðar í samráði við samtökin, til þess að þau geti komið að sínum athugasemdum og leiðbeint um framkvæmdina þannig, að áhrifin yrðu, a. m. k. þegar um skaðleg áhrif er að ræða, minna en ella.

Ég tel því, að hér sé um nauðsynlegt atriði að ræða, sem brýna nauðsyn beri til að haldist í löggjöfinni, þegar hún verður afgreidd hér á hv. Alþ., og eigi á engan hátt að skaða ríkisvaldið, enda kemur þá til sú þekking, sem þeir aðilar, sem um fjalla, hafa á þessum málum, og oft væri hægt að koma í veg fyrir slys, ef einmitt væri leitað slíkrar þekkingar.

Það er svo meginstefna frv., að niðurgreiðslur eigi fyrst og fremst að ná inn á svið frá framleiðendum til neytandans, en óheppilegt sé, að almennt sé gengið lengra í þeim.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég getið þess, hver sé tilgangur með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð sé á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Hann er sá að tryggja bændastéttinni góða afkomu og neytendum góða og sæmilega ódýra vöru. Í öðru lagi hef ég getið þeirra breytinga, sem máli skipta og eiga að tryggja þennan tilgang. Í þriðja lagi hef ég getið þess, að frv. er byggt á reynslu og þekkingu þeirra manna, sem bezt þekkja til um meðferð þess máls, sem hér er á ferðinni. Frv. er flutt óbreytt eins og n. gekk frá því. Einhverjar breytingar geta orðið í meðferð málsins hér á hv. Alþ., enda sumt af því, sem ekki eru útkljáð atriði, þó að ég treysti því hins vegar, að höfuðatriði málsins fái notið sín, svo að tilganginum verði í engu breytt.

Ég vil að lokum geta þess, að eins og kunnugt er hefur landbúnaðurinn verið mikil lyftistöng í íslenzku þjóðfélagi. Bændastéttin hefur jafnan verið í forustusveit hér á landi og haft mikla þýðingu í sögu íslenzku þjóðarinnar, og svo er enn og svo mun verða. Það er einnig svo á síðari árum og fer vaxandi, að landbúnaðarframleiðslan leggur til verulegt hráefni í uppbyggingu á iðnaði þéttbýlisins. Þess vegna er það mikils virði, ekki eingöngu fyrir bændastéttina og íslenzkan landbúnað, heldur fyrir íslenzku þjóðina í heild, að að bændastéttinni og íslenzkum landbúnaði sé þannig búið, að hún haldi áfram því mikilvæga hlutverki í þjóðfélaginu, sem bændastéttin og landbúnaðurinn hefur haft.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er, eins og hæstv. ráðh. sagði, samið af stjórnskipaðri n. N. mun hafa lokið störfum um s.l. áramót. Aukafundur Stéttarsambands bænda kom saman til þess að athuga málið og hafði ýmislegt við það að athuga, en síðan eru liðnir, að ég held, tveir mánuðir, frá því að stéttarsambandsfundurinn var og þangað til frv. er lagt fram. Það eru vitanlega til ýmsar skýringar á þessu, en það, sem greinilegast er, er það, að stjórnarliðið, eins og hæstv. ráðh. sagði, er ekki á einu máli um þetta frv. Satt að segja undrast ég það ekki. Þegar frv. er lesið vel, kemur margt í ljós, sem vissulega ber að gera athugasemdir við, og ég hygg, að þeir, sem telja sig sérstaklega fulltrúa bænda, og eins hinir, sem telja sig sérstaklega fulltrúa neytenda, geti haft ástæður til að gera athugasemdir við málið, en þá ekki sízt þeir, sem bera sérstaklega hagsmuni bænda fyrir brjósti.

Fyrstu lög um Sexmannanefnd voru samþ. 1943. Með þeim lögum var það viðurkennt, að bændur skyldu ekki hafa lakari kjör en aðrar stéttir, sjómenn, verkamenn og iðnaðarmenn. Þetta samkomulag fékkst eftir að búvörur höfðu hækkað mjög mikið haustið 1942, og þótti þá nauðsynlegt að gera nákvæma athugun á því, með hverjum hætti hægt væri að finna út réttmætt verð til handa bændum. 1947 voru sett lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og verðmiðlun, en margt í þeim lögum var líkt því, sem var í hinum upphaflegu lögum um Sexmannanefnd. Síðan hafa lögin um Framleiðsluráð oft verið endurskoðuð. Þeim hefur nokkrum sinnum verið breytt allverulega. Síðasta breytingin var gerð 1966. Þá vann stjórnskipuð n. að endurskoðun laganna. Þá var það mál manna, að endurskoðunin hefði leitt til þess, að lögin voru endurbætt verulega, og það eru þau lög, sem nú eru í gildi.

Ég man eftir því, að flokksbræður hæstv. landbrh. töldu breytinguna 1966 vera mikilvægan árangur til hagsbóta fyrir bændur. Síðan eru 5 ár rúmlega, að þessi lög voru staðfest. Það breytist vitanlega margt og getur margt breytzt aðeins á 5 árum, og út af fyrir sig er réttmætt að hefja endurskoðun öðru hverju á lagabálki. En endurskoðun á að leiða til framfara, leiða til þess, að sú löggjöf, sem er endurskoðuð, verði endurbætt. Sé það ekki unnt, á að fresta endurskoðuninni og láta hana taka lengri tíma, þar til þróunin verður sú, að það megi takast að endurbæta þá löggjöf, sem stefnt er að að breyta.

Þessum lögum hefur alltaf verið ætlað að tryggja bændum sambærileg kjör og aðrar vinnandi stéttir hafa haft, þ. e. viðmiðunarstéttirnar, sem ég áðan nefndi. Þetta hefur tekizt misjafnlega, og eru vitanlega margar ástæður til þess, að það hefur sjaldnast tekizt að láta bændur fá jafnháar tekjur á pappírnum og viðmiðunarstéttirnar. En þetta hefur sérstaklega verið erfitt, þegar atvinnuástand hefur verið gott í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar atvinna hefur verið svo mikil, að það hefur verið bæði eftirvinna og næturvinna, þá hefur það leitt til þess, að heildartekjur viðmiðunarstéttanna hafa orðið meiri en þegar atvinnuástandið hefur verið í meðallagi. Þetta hefur einnig verið erfitt, þegar árferði hefur verið slæmt, eins og oft er hér á Íslandi. Þegar kuldatíð hefur verið, eins og síðastliðin ár, þá hefur það haft áhrif á tekjur bænda, eins og eðlilegt er. Það hefur einnig haft áhrif, þegar búin eru mjög lítil og ef ekki hefur tekizt að ná því verði á afurðirnar, sem stefnt hefur verið að.

Hæstv. ráðh. las upp áðan töflu, sem er prentuð með þessu frv., þar sem skýrt er frá því, hvernig það hefur tekizt að láta bændur fá sambærilegar tekjur við viðmiðunarstéttirnar. Ég verð að segja það, að þessar tölur, sem hér eru birtar, eru mér alveg ókunnar. Þær eru nýjar. Hvernig þær eru til orðnar, vil ég ekkert fullyrða um, en mér dettur ekki í hug að ætla það, að sú n., sem vann að endurskoðun framleiðsluráðslaganna hafi viljandi látið prenta hér rangar tölur. Ég vil gera samanburð á tölum n. og tölum Hagstofunnar og lofa hv. alþm. að heyra, hver hann er. Hingað til hefur það þótt góð regla — og reyndar alltaf verið gert — að byggja á tölum Hagstofunnar í þessu efni sem öðru.

Þegar talað er um heildartekjur viðmiðunarstéttanna yfir landið allt 1969, þá eru tölur Hagstofunnar 277 514, en tölur n. 316 000, og þannig er þetta öll árin, að tölum Hagstofunnar og tölum n. ber ekki saman. Tekjutölur n. til handa viðmiðunarstéttunum eru miklu hærri en tölur þær, sem Hagstofan birtir, og með þessu móti vantar eðlilega mörg prósent á, að bændur hafi sambærilegar tekjur, þegar miðað er við tölur n. En sé miðað við tölur Hagstofunnar, þá verður

allt annað uppi á teningnum. Að vísu er útkoman ekki nógu góð þrátt fyrir það, en hún er allt önnur og betri. Hér er miðað við tölur Hagstofunnar, bæði hvað tekjur bænda snertir á árunum 1962—1969 og einnig þær tölur hvað atvinnustéttirnar snertir, og reiknað út hlutfallið, hvað vantar til þess að bændur fái sambærilegar tekjur og viðmiðunarstéttirnar. Meðaltalið á þessum árum, 1962—1969, verður það, að bændur vantar 13.8% til þess að fá sambærilegar tekjur og viðmiðunarstéttirnar, 1962 vantar 5.1%, 1963 vantar 6%, 1964 vantar 0.6%, 1965 vantar ekkert — það er bezta árið —, 1966 vantar 27.4%, 1967 vantar 6%, 1964 vantar 0.6%, 1965 vantar ekkert en til jafnaðar er vöntunin á þessum árum 13.8%. Ef tekinn er sams konar samanburður á árunum 1954—1960, þá vantar að meðaltali 22.7%. Hér er um hagstofutölur að ræða í báðum tilfellum, bæði hvað tekjur bænda snertir og hvað tekjur viðmiðunarstéttanna snertir, en tekjur n. til handa viðmiðunarstéttunum eru harla skrýtnar og þarf að gera grein fyrir því, hvernig þær eru fengnar, prentaðar í opinbert þingskjal, sem lesið er upp í útvarp og birt öllum almenningi. Tekjutölur bænda virðast vera í aðalatriðum réttar í frv., en það er lítið atriði, sem ber þó keim af því, sem er heldur dularfullt og leiðinlegt í þessu sambandi, og það er það, að tekjur bænda 1969 voru samkvæmt hagstofutölum 235 þús., en eru samkvæmt nefndartölunum 233 þús. Ég segi það, að mér þykir leiðinlegt, að það skuli verið að hagræða tölum í sambandi við þetta frv., til þess jafnvel að það líti þannig út, að útkoman hafi verið verri á undanförnum árum en hún raunverulega var hvað snertir tekjur bænda. Ég tek það þó fram, að mér kemur ekki til hugar, að þeir, sem stóðu að samningu þessa frv., hafi gert þetta viljandi. (Gripið fram í.) Það er einhver skrifstofumaður, sem hefur reiknað vitlaust og fengið n. þetta í hendur. Ég þekki ýmsa af þessum mönnum, sem stóðu að samningu frv., og ég væni þá alls ekki um að vilja hafa það frekar, sem rangt er — dettur það ekki í hug. En þetta þarf að leiðrétta, og bæði hv. alþm. og þjóðin öll á heimtingu á því, að aðeins sé borið fram það, sem rétt er, í þessu efni sem öðru.

Þess ber náttúrlega að geta, að nú hefur vinnutíminn verið styttur verulega og orlofið lengt, og þá þarf náttúrlega að taka tillit til þess í þessari nýju löggjöf og reyna að vinna það upp samhliða því, sem vantar til, eins og hefur verið undanfarið. Það er enginn vafi á því, að hagur bænda hefur farið batnandi undanfarið, þegar árferði hefur verið í meðallagi eða sæmilegt, og kemur þar til, að þeir hafa búið við þessa löggjöf, sem við nú erum að ræða um, framleiðsluráðslögin. Þeir hafa tileinkað sér tæknina og þeir hafa aukið framleiðsluna í krafti aukinnar ræktunar og tækni. Þeir hafa stækkað búin. Það er þetta, sem hefur gefið þeim betri afkomu. Og það er enginn vafi á því, að þeir bændur, sem hafa meðalbú eða meira sæmilega rekin og hafa lagni á því að fá afurðir af búinu, hafa sambærilegar tekjur og aðrar stéttir þjóðfélagsins. En því miður eru enn svo margir með lítil bú, að það er vonlaust, að þau bú geti gefið sæmileg laun. Og það eru þessi mörgu smáu bú, sem enn eru fyrir hendi, sem draga niður meðaltalið, og það verður til þess, að flaggað er alltaf með því, að bændur séu lægst launaðir af öllum stéttum þjóðfélagsins. Ég segi, að enn er svo mikið af litlum búum og tekjulágum, að það ber mikið á þeim, þótt þeim hafi fækkað og stærri búunum hafi fjölgað. Tekjuhlutfall bænda versnaði eðlilega á kuldaárunum undanfarið, og það er ekki nema eðlilegt, að það hafi sagt til sín. En það var hin mikla ræktun, sem þá var komin, sem bjargaði því, að það var hægt að halda búpeningnum, og tiltölulega hagstætt verð á fóðurbæti hjálpaði einnig mikið til. En strax þegar árferðið fór að batna 1970, batnaði hagur bóndans verulega. Búnaðarmálastjóri gaf greinargerð eftir síðustu áramót um hag bænda og útkomu ársins 1970. Búnaðarmálastjóri sagði, að samkv. búreikningum yfir það ár hefði hækkun meðaltekna bænda verið 50% í krónutölu frá árinu 1969 og námu 83% af vinnutekjum viðmiðunarstéttanna. Ég hygg, að búnaðarmálastjóri hafi miðað við hagstofutölurnar, og hann hefur ekki haft aðrar tölur. Þess vegna hygg ég, að þetta sé rétt, sem hann segir. En tekjur viðmiðunarstéttanna hækkuðu 1970 um 27.4% samkv. upplýsingum Hagstofunnar. Sýnir það sig því, að bændur hafa unnið mikið á á árinu 1970 til þess að rétta sinn hlut.

Árið 1971 var mjög hagstætt, eins og allir vita, en það liggja ekki fyrir tölur um það, hversu mikið tekjur bænda hafa hækkað á því ári. Ég hef ekki fengið þær tölur enn. En vonandi er það lítið minna en árið 1970. Þó er vitanlega ekkert hægt að fullyrða um það.

Framleiðsluráðslögin hafa í aðalatriðum reynzt bændum mjög vel og tryggt bændum sæmilegar tekjur í meðalárferði. Það er þetta, sem við þurfum að hafa hugfast, þegar um það er að ræða að breyta þessum lögum, að það verði þá ekki til þess að gera lögin verri í framkvæmd en gildandi lög. Í Ólafskveri stendur skrifað, að breytt skuli framleiðsluráðslögunum, og þar er sagt, að breytingarnar eigi að verða til að tryggja bændum betri lífsafkomu. Ja, mér dettur ekki í hug, að nokkur ríkisstjórn eða nokkrir ráðh. og þá ekki heldur neinir alþm. vilji gera lög þannig úr garði, að þau verði til þess að gera hlut heilla stétta verri. En menn hafa skiptar skoðanir á málunum, og margir hafa rangar skoðanir, og þeir, sem halda því fram, að þetta frv., ef það verður lögfest, leiði til þess að rétta hlut bænda, þeir hafa rangar skoðanir á málunum. Ég er sannfærður um það, að þetta frv., ef það verður að lögum, verður ekki til þess að bæta hlut bænda.

Mér þykir rétt að minnast á nokkrar þær breytingar, sem í þessu frv. felast.

Breytingar samkv. 1. gr. frv. eru alveg meinlausar. Þar er gert ráð fyrir að fjölga í Framleiðsluráði úr 9 í 11. Þetta er vitanlega ekkert aðalatriði. Framleiðsluráð getur starfað alveg eins vel, þótt það séu 11 menn, sem þar eiga sæti, eins og 9, en kannske ekkert betur.

Breytingar á 2. gr. ættu einnig að vera meinlausar, ef rétt er á haldið. Þar er talað um áætlanagerð í landbúnaði og að skipuleggja framleiðsluna, eftir því sem unnt er. Þetta er í raun-

inni ekki nýtt ákvæði, nema þá að litlu leyti, vegna þess að undanfarið hefur verið unnið að áætlanagerð í landbúnaði, og meira að segja fyrir 20 árum lét Stéttarsamband bænda gera 10 ára áætlun fyrir landbúnaðinn. Og síðan hafa áætlanir verið gerðar, bæði smáar og stórar og til lengri og til skemmri tíma.

En breytingarnar, sem felast í 3. gr., eru veigamiklar, og þær eru sannarlega þess virði, að það verði staldrað við þær. Þar er um nýmæli að ræða, að vísu þó ekki nema að nokkru leyti. Það hefur verið óskað eftir því fyrr að leggja á fóðurbætisskatt, en það hefur ekki orðið samkomulag um það fyrr en ef það er nú. En ég vil vænta þess, að það sé ekki samkomulag um það í stjórnarliðinu að leggja fóðurbætisskatt á, eins og hér er lagt til. Það er gert ráð fyrir að fá heimild til þess að leggja 25% fóðurbætisskatt á innflutt kjarnfóður, ef útflutningsuppbæturnar hrökkva ekki til til þess að gefa bændum fullt verð, þ. e. 10% ákvæðið, sem gerir ríkissjóði skylt að greiða í útflutningsuppbætur 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar, ef með þarf. Þetta ákvæði var sett í lög snemma árs 1960, og það verður að segja, að oftast síðan hafa útflutningsuppbæturnar verið nægilegar til þess að tryggja bændum haustverð. Nokkrum sinnum hefur lítið eitt vantað. Ég hef talað við marga bændur, sem hafa sagt, að þeir vildu miklu heldur, að það vantaði nokkur prósent á fullt verð framleiðslunnar, en þeir færu að taka á sig fóðurbætisskatt, sem þeir verða að borga í því skyni að borga sjálfum sér aftur hluta af verði búvörunnar, ef útflutningsuppbæturnar hrökkva ekki til. Og ég hef heyrt marga bændur segja, að það væri fyrir sig, þótt það vantaði nokkur prósent á verðlagið, ef það væri vegna aukinnar framleiðslu, vegna þess að árferðið væri betra en venjulega, — þá þyldu þeir betur að láta sig vanta örfá prósent heldur en fara að taka á sig að borga fóðurbætisskatt. Og fóðurbætisskatturinn kemur ekki heldur jafnt eða réttlátlega niður. Það er gert ráð fyrir, að þeir borgi vitanlega mestan fóðurbætisskatt, sem mest framleiða. Þeir vitanlega borga mestan fóðurbætisskatt. Og þeir, sem engan fóðurbæti kaupa, eiga að njóta þess, að þeir, sem kaupa fóðurbæti, borga svona mikið með fóðurbætinum. Með þessu móti er ætlazt til, að það verði flutt fjármagn á milli landshluta og á milli bænda eftir því, hvað þeir framleiða. Þeir, sem framleiða mjólk, kaupa mikinn fóðurbæti. Þeir, sem ekki framleiða mjólk, kaupa lítinn og jafnvel engan fóðurbæti. En þeir eiga eigi að síður að fá hlutdeild í þeim sjóði, sem verður myndaður með fóðurbætisgjaldinu.

Þessi fóðurbætisskattur á ekki að koma inn í verðlagið. En það er annars konar fóðurbætisskattur, sem gert er ráð fyrir að leggja á. Þar er ekki um heimild að ræða. Það er ákveðið, að það skuli gert. Það eru 5%. Þessi skattur á að renna í sjóð til þess að byggja upp sláturhúsin og aðrar vinnslustöðvar landbúnaðarins. Þetta hljómar nú ekki illa, en þetta er ekki eðlileg skattlagning, vegna þess að landbúnaðurinn hefur byggt upp vinnslustöðvar sínar, án þess að þetta gjald væri til, og landbúnaðurinn er kominn vel á veg með að byggja upp sínar vinnslustöðvar, að byggja upp mjólkurbúin. Mjólkuriðnaðurinn er í bezta standi, og vinnslustöðvar mjólkuriðnaðarins eru fyrsta flokks víðast hvar. Það hefur þegar verið byggt upp nokkuð mikið af sláturhúsum, góðum, fullkomnum sláturhúsum, en því miður er enn eftir að fullgera mörg sláturhús. Það er verkefni næstu ára. En það er hægt að gera án þess að taka þennan skatt, sem hér er gert ráð fyrir. Það er hægt að gera með því, að Stofnlánadeild landbúnaðarins veiti lán í þessu skyni, eins og hún hefur gert. Það er unnt að gera með því að halda áfram því, sem þegar hefur verið byrjað á í sambandi við Framleiðnisjóð landbúnaðarins og framlög á fjárlögum í þessu skyni, og það er miklu eðlilegra en að leggja á fóðurbætisskatt í þessu skyni. Þess vegna er það, að ég er á móti því, að þetta ákvæði verði lögfest.

Það er gert ráð fyrir, að þessi skattur komi inn í verðlagið og leiði til þess að hækka búvöruverðið. Frá sjónarmiði bænda er þarna bót í máli. En er ekki miklu eðlilegra, að vextir af lánum, sem eru tekin í þessu skyni, gangi inn í verðlagið og að bændur fái það bætt á þann hátt? Ég held, að það sé hlutverk lánastofnana og þeirra stofnana, sem þegar hafa verið settar á fót til styrktar þessum málum, að stuðla að því, að landbúnaðurinn geti haldið áfram að byggja upp og endurbæta vinnslustöðvar sínar, eins og hann er kominn vel á veg með. Og ólíkt er nú það, hvað landbúnaðurinn er kominn lengra og stendur betur að vígi í sambandi við sínar vinnslustöðvar en sjávarútvegurinn. Og það er ekki rétt að vera að leggja skatt hér á þá, sem kaupa fóðurbæti, til þess að standa undir þessu.

Þá er eitt atriði í 3. gr., sem er nýmæli og hæstv. ráðh. sagðist vera á móti, eigi að síður flytur hann frv. með þessu ákvæði. Það er að taka upp svokallað kvótakerfi, þ. e. að refsa þeim, sem framleiða mikið, og láta þá aðeins fá fullt verð af hluta framleiðslunnar. Þetta er nýtt ákvæði í lögum, en minnir þó nokkuð á 17. gr. jarðræktarlaganna, sem mikið var rifizt um á fjórða tug þessarar aldar, þegar jarðræktarstyrkurinn var tekinn af þeim bændum, sem voru duglegir að rækta. En nú á að setja í lög ákvæði, sem heimila að borga ekki fullt verð fyrir framleiðsluna til þeirra bænda, sem eru duglegir og framtakssamir.

Ég held, að ákvæði eins og þetta geti fyllilega orðið til þess að draga það mikið úr framleiðslunni, að það geti orðið skortur á búvörum hér í landinu. Þetta ákvæði ásamt öðrum, fóðurbætisskatti og öðrum, getur leitt til þess, að það verði verulegur samdráttur í framleiðslu búvöru í landinu, og þetta er spor aftur á bak. Með þessum ákvæðum er stefnt að því, að bændastéttin hætti að ganga fram og sækja fram, eins og hún hefur gert undanfarið, og stigið er spor aftur á bak. Mig undrar ekki, þó að ekki hafi fengizt samstaða innan stjórnarliðsins um þetta frv., eins og það er úr garði gert.

Þá er það 5. gr. frv. Það var áður miðað við, að bændur skyldu hafa tekjur eins og iðnaðarmenn, verkamenn og sjómenn. Nú er fellt úr að hafa sjómennina með. Hæstv. ráðh. sagði áðan,

að sjómennirnir hefðu verið felldir niður 1966. Þetta er ekki rétt. Það var ákvæði í lögum um það, að ekki skyldi miða við aflahlut sjómanna eða ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna. En til þess að sýna, að það getur verið skaði fyrir bændur að fella sjómennina úr, þá er rétt að geta þess, hverjar tekjur sjómenn höfðu árið 1970. Þeir höfðu 429 þús. kr., en verkamenn höfðu 372 þús. og iðnaðarmenn 439 þús. Vegið meðaltal er 402 þús. Vegið meðaltal lækkar verulega, ef sjómennirnir eru taldir úr, og ég er sannfærður um það, að hv. landbn. á eftir að gera aths. við þetta. Þetta dregur niður þá upphæð, sem tekjur bænda miðast við, og getur orðið til þess að lækka tekjur bænda, þegar kaup bóndans er miðað við, eins og að undanförnu, kauptaxta og heildartekjur. Þess vegna hljóta bændur að verða á móti þessu. Neytendur geta kannske greitt atkv. með því í von um að fá lægra verð á búvörunni á eftir. En það er ekki það, sem stefnt er að með þessu frv., eftir því sem hæstv. landbrh. lýsti því hér áðan og stefnumiðum þess.

Breyting samkv. 6. gr. er skipun Sexmannanefndar. Nú á að semja við ríkisstj. og fulltrúar neytenda í Sexmannanefnd eiga ekki lengur að koma við sögu. En það hefur áreiðanlega orðið til þess að auka skilning á milli stéttanna, að neytendur og fulltrúar bænda komu saman að samningsborði til þess að finna út réttlátt verð á búvörum. Það er enginn vafi á því, að það hefur haft ákaflega mikla þýðingu. Og þegar búvörur hafa hækkað mikið í verði, þá hefur verið ákaflega þægilegt að segja við neytendur: Verðhækkunin var samþ. af fulltrúum ykkar, eftir að þeir höfðu sannfært sig um, að verðið er sanngjarnt. — Ég er ósköp hræddur um, að fulltrúar ríkisstj. í Sexmannanefnd hafi ekki þessa aðstöðu gagnvart neytendum og þeir verði miklu frekar tortryggðir heldur en fulltrúar, sem eru skipaðir af launaþegahópum. Í gildandi lögum hafa þrír launþegahópar rétt til að skipa fulltrúa í Sexmannanefnd, þ. e. Sjómannafélag Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna og Alþýðusamband Íslands. Alþýðusamband Íslands hefur ekki kært sig um að nota rétt sinn síðustu árin, en eigi að síður hefur það átt þennan rétt, og ég er sannfærður um, að ef lögunum væri ekki breytt að þessu leyti, þá kæmi fljótlega að því, að Alþýðusambandið vildi nota þennan rétt, sem er eðlilegt, að það hafi. En nú á að breyta þessu og semja við ríkisstj., eins og hæstv. landbrh. sagði áðan.

Ég hef talað við marga bændur um þetta ákvæði. Það eru margir á móti þessari breytingu. Aðrir segja, að það sé náttúrlega ekki unnt að fullyrða neitt um það fyrir fram, hvort þetta verður til bóta eða hvort þetta er verra. Það er alveg rétt, það er engin leið að sanna það fyrir fram, að þetta verði verra. En mín skoðun er sú, að þetta geri málin erfiðari viðfangs en ef skipun Sexmannanefndar yrði höfð óbreytt. Og hvað segja opinberir starfsmenn um það, hvernig semja eigi við ríkisstj.? Ég ætla ekkert að dæma um það og réttmæti þess, sem þar er farið fram á, en ég er alveg viss um það, að þarna kemur upp mikill ágreiningur öðru hverju. Ríkisstjórnir eru misjafnar, stundum eru þær skilningsríkar og stundum eru þær vinveittar bændum, en þetta getur allt saman verið misjafnt, því að ríkisstjórnir koma og fara.

Þá er það 7. gr. frv. Mér þykir rétt að minnast aðeins á hana og þá breytingu, sem hún felur í sér. Ríkisstj. er heimilt að semja við bændasamtökin um framlög ríkisins til landbúnaðarins, að því er varðar verðlagsmálin, niðurgreiðslur búvöruverðs á innlendum markaði, sbr. 14. gr., svo og framleiðslustyrki til þeirra byggðarlaga, sem erfiðust skilyrði hafa. Hérna kemur aftur að því sama og með fóðurbætisskattinn, að ríkisstj. gæti samið við fulltrúa bænda um að veita styrk til ákveðins byggðarlags eða til þeirra bænda, sem verst eru settir, gegn því, að fulltrúar bænda falli frá því að fá þá hækkun á afurðunum, sem þeim ber að fá. Ég tel, að þetta ákvæði sé mjög varasamt, vegna þess að með þessu móti er raunverulega verið að leggja byrðar á hluta bændastéttarinnar til þess að bæta fyrir öðrum í stéttinni, sem verr eru settir. Ég segi þetta ekki vegna þess, að það geti ekki verið réttmætt að veita sérstaka styrki til þeirra, sem verst eru settir, eða til einstakra byggðarlaga, sem verða illa úti. En ef á að gera það, þá þarf að gera það af opinberu fé, en ekki af fjármagni, sem kemur raunverulega frá nokkrum hluta bændastéttarinnar. Það er þetta atriði, sem er alveg nauðsynlegt að athuga nánar, til þess að ekki verði íþyngt um of þeim byggðarlögum og þeim bændum, sem talið er að komist sæmilega af. Það er með þessu ákvæði opnuð leið til þess að verzla við ríkisstj. með hagsmuni þeirra bænda, sem eru sæmilega settir, fá styrk úr ríkissjóði með því að falla frá verðhækkun á búvörum, sem allir bændur ættu að njóta. Þannig kaupskapur gæti orðið háskalegur og dregið slæman dilk á eftir sér.

Sáttanefnd er felld niður, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum að starfi. Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að sáttanefndin hafi komið að litlu gagni. Ég skal ekkert fullyrða um það. En ég ætla ekki að gera neina verulega aths., þó að þessi n. sé felld niður, úr því að yfirnefndin er fyrir hendi, úr því að gert er ráð fyrir að skipa hana með sama hætti og er í gildandi lögum. Það má reikna með, að málið lendi hjá henni, ef ekki verður samkomulag um verðlagninguna, og hún á að leysa málið. En ég held, að það sé ekki til bóta, að það skuli vera heimild til að segja úrskurði yfirnefndar upp með 6 mánaða fyrirvara. Ég held, að það geti orðið til þess að skapa rugling, en ekki til þess að bæta fyrir.

Þá er hér nýmæli samkv. 14. gr., sem ég vil leyfa mér að minnast aðeins á. Það er sagt hér í síðustu mgr.:

„Einnig er Sexmannanefnd heimilt að semja um, að hluti niðurgreiðslu einhverrar vörutegundar sé greiddur framleiðendum án tillits til framleiðslumagns, enda komi til samþykki þeirra aðila, sem tilnefna menn í Sexmannanefnd.“

Ég veit nú ekki, hvernig á að skilja þetta. Er hægt að skilja þetta öðruvísi en þannig, að það sé heimilt að greiða fé til niðurgreiðslu á vöru, sem aldrei hefur verið framleidd og ekki er til? Þetta er sannkallað nýmæli. Og satt að

segja er ég ekki búinn að átta mig á því, hvað n. og hæstv. ráðh. er að fara með því að flytja frv. með þessu orðalagi. Eða dettur nokkrum hv. alþm. í hug, að þetta geti leitt til heilbrigðra atvinnuhátta? Hlyti þetta ekki að verða til þess að draga úr dugnaði og framtaki manna? Er ekki með þessum hætti farið að verðlauna framtaksleysi og ódugnað?

Þá er það 15. gr., sem mér þykir einnig rétt að minnast nokkuð á. Það er gert ráð fyrir því, að ef afgangur verði af útflutningsuppbótunum, þ. e. af 10% gjaldinu, sem kemur úr ríkissjóði, þá megi geyma það í tvö ár og nota það seinna. Vitanlega er ágætt að hafa þetta í lögum. En líklega hefur þetta verið framkvæmt að einhverju leyti áður, og ég mæli með því, að þetta sé út af fyrir sig lögfest. Hins vegar geri ég lítið úr því, að eftir tvö ár verði enn afgangur, sem búnaðarsamtökin megi verja í sína þágu. En það skaðar vitanlega ekki heldur, að það sé í lögum, ef til þess kæmi, að það yrði afgangur af útflutningsuppbótunum, sem aldrei hefur orðið fram að þessu, nema ef það skyldi verða að einhverju leyti á þessu ári, vegna þess að slátrun var óeðlilega lítil á s. l. hausti, en fénaði mun hafa fjölgað um 40 þús. á s. l. ári vegna minnkandi slátrunar. Og þá eru það kartöflurnar, sem einnig eiga þarna að koma við sögu, — um kartöflumálið ætla ég ekki að deila við hæstv. ráðh., því að ég vænti þess, að hann hafi skilning á því, — en kartöflurnar gætu tekið drjúgan hluta af því, sem ætlað var að verða afgangs af útflutningsuppbótunum fyrir þetta ár.

Samkv. 16. gr. er gert ráð fyrir að stofna sjóð, sem annast það hlutverk að veita flutningastyrki og kannske að bæta verðlagið, þar sem aðstaðan er verst. Ég tel, að það sé ágætt, ef Byggðasjóður greiðir þetta fé, en ég vil taka það fram, að það er svolitið á misskilningi byggt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að bændurnir hefðu að undanförnu sjálfir kostað flutninga og veitt styrki til einstakra staða. Það hafa þeir raunverulega ekki gert, vegna þess að þessir flutningastyrkir og önnur styrkjastarfsemi, sem hefur verið viðhöfð, hefur ekki leitt til þess, að bændur hafi ekki fengið fullt verð fyrir afurðirnar. Þetta hefur komið til af því, að það hefur að nokkru leyti verið ætlað fyrir þessu í sambandi við dreifingu og vinnslu vörunnar. En þótt þetta hafi tekizt áður, þá er vitanlega ekkert nema gott um það að segja, að þessi sjóðsmyndun geti átt sér stað, og það er eiginlega það eina í frv., sem ég tel vera jákvætt, en vegur vitanlega allt of lítið, þegar tekið er tillit til þess, hve mörg atriði í frv. eru algerlega neikvæð.

Þá er hér breyting í sambandi við 39. gr., sem ekki tekur að gera mikið úr. Með þessari breytingu er verið að auka heimildir til Framleiðsluráðs um tilfærslu og verðmiðlun. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé algerlega skaðlaust, vegna þess að Framleiðsluráð gangi ekki lengra en sanngjarnt er í þessu efni.

Ég hef nú drepið á nokkrar þær breytingar, sem eru veigamestar í þessu frv. Þær eru yfirleitt neikvæðar, nema sú eina, sem ég áðan nefndi. Ég tel, að þessar breytingar geti verið mjög háskalegar og geti leitt til minnkandi framleiðslu, vegna þess að stefna frv. er í rauninni að draga úr framtaki þeirra, sem bezt hafa dugað, sem mestan dugnað hafa sýnt í framleiðslustörfunum. Frv. gengur út á það að skattleggja þann hluta bændastéttarinnar, sem framleiðir tiltölulega mikið, skattleggja hann og yfirfæra fjármagn frá þeim hluta bændastéttarinnar yfir til hinna, sem verr eru settir. En eins og ég tók fram áðan, þá vil ég alls ekki fullyrða, að það geti ekki verið réttmætt að veita styrki og stuðning til ýmissa byggðarlaga og til þeirra bænda, sem verst eru settir, en það hlýtur að vera rangt að ætlast til þess, að það sé aðeins hluti bændastéttarinnar, sem á að gera það. Það hlýtur að vera réttlátt, að það sé þjóðin öll, sem gerir það, ef til þess þarf að koma. Ég get ekki sagt, að þetta sé rétt stefna. Þetta er röng stefna og hlýtur að leiða til þess, að hinir, sem dugmeiri eru, fari að draga að sér höndina.

Ég þarf ekki að minna á, hvaða atriði það eru sérstaklega í frv., sem gætu verkað þannig neikvætt og til samdráttar, þegar það liggur fyrir, að það á að setja í lög, að það megi refsa þeim, sem framleiðir mikið, með því að taka upp kvótakerfi, það megi refsa honum með því, að hann eigi að borga fóðurbætisskatt og mynda sjóð, sem er notaður til greiðslu handa þeim, sem engan fóðurbæti hafa keypt. Þetta er ekki uppörvandi. Þetta verður ekki til þess að hvetja menn til framtaks eða dugnaðar. Þetta verður til þess að jafna allt út. Þetta verður sú hindrun í framleiðslunni, sem getur orðið háskaleg og mjög skaðleg. Þetta er sett inn í frv. vegna þess, að ýmsir eru hræddir við offramleiðsluna, offramleiðslu á landbúnaðarvörum á Íslandi, en það hefur ekki orðið slys eða tjón af því fram að þessu, því að oftast er það nú svo, að íslenzka þjóðin hefur búið við það að framleiða of lítið. Þótt framleiðslan hafi aukizt mikið í seinni tíð í krafti tækni og ræktunar, þá getur það ekki gert tjón, þó að framleitt sé meira en það, sem þarf að nota í landinu.

Bændur fengu 1960 rétt til útflutningsuppbóta, 10% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Það hefur gert mögulegt að veita bændum flest árin fullt verð fyrir framleiðsluna. Framleiðslan hefur ekki verið meiri en það. Og ég held, að það sé óbarfi að vera að lögfesta dragbít eða hemil á búvöruframleiðslu á Íslandi. Við höfum um áratugi og aldir haft annan hemil, sem er tíðarfarið á Íslandi. Það hefur jafnan með vissu millibili gripið inn í og komið í veg fyrir það, að bændur hafi getað framleitt of mikið, og þess vegna undrast ég það, hve margir virðast lifa í þessum ótta enn í dag, að framleiðslan verði of mikil. Ég hef oft hugsað um það, hvað það væri ánægjulegt, að Íslendingar gætu tekið upp stórframleiðslu í landbúnaði með útflutning fyrir augum, og einu sinni setti ég upp dæmi og sá í framtíðinni, þegar búið væri að rækta tún, heimahaga og öræfin, að Íslendingar hefðu t. d. 2 milljónir sauðfjár. Þeir þyrftu að nota í landinu, þegar þeir væru orðnir 300 þúsund, kannske afurðir af 700—800 þúsundum, hitt flyttu þeir út, og ef bóndinn hefði 1000 ær í staðinn fyrir 200 ær, þá þyrfti hann ekki að fá eins mikið fyrir hvert kg af kjöti og hann þarf nú, meðan

hann er með smábúið. Það er enginn vafi á því, að íslenzka þjóðin gæti framleitt landbúnaðarvörur til útflutnings með stórhagnaði, bæði flutt út kjöt og svo náttúrlega unnar vörur úr ull og skinnum. Þess vegna er það háskalegt að vera nú að bera fram frv. til l. um Framleiðsluráð, sem getur leitt til samdráttar í framleiðslunni og dregið dug og kjark úr mönnum, sem hafa að undanförnu staðizt illt tíðarfar og aukið framleiðsluna með sérstökum dugnaði.

Ég vænti nú þess, þar sem það liggur fyrir, að stjórnarliðið hefur skiptar skoðanir á þessu máli, að þetta frv. verði endurskoðað vel og rækilega og það verði fellt í burtu, sem hv. þm. koma sér saman um að geti leitt til tjóns, ekki fyrir bændastéttina eina, heldur fyrir þjóðina í heild.

Það hefur á undanförnum árum verið haldið uppi framleiðslustefnu í þessu landi, og í sambandi við þessa framleiðslustefnu hefur ræktunin verið aukin. Það er túnræktunin, það er grasið, sem er undirstaða búvöruframleiðslunnar, og þess vegna er það, að túnin hafa stækkað um nærri helming á 12 árum. Árið 1959 eru túnin aðeins 61 811 ha., en í árslok 1971 115 000 ha. Á 12 ára tímabili hefur verið ræktað nærri eins mikið og áður var ræktað, frá því að byrjað var að rækta á Íslandi í byrjun þessarar aldar. Og kuldaárin undanfarið hefðu verið þung í skauti fyrir landbúnaðinn, ef túnastærðin hefði ekki verið orðin eins mikil og raun ber vitni. Framleiðslan hefur aukizt á þessum árum, sem hafa verið misjöfn, þrátt fyrir það að fólki hafi fækkað við landbúnaðarstörfin.

Það var áðan minnzt á það, að hlutur bænda hefði batnað fljótt, þegar tíðarfarið breyttist 1970 og 1971, og við skulum vona, að kuldinn láti nú á sér standa og það verði bið á því, að hann sæki okkur heim að nýju. Við skulum vona, að nú fari í hönd betra árferði, og að við getum einnig búið við löggjöf, sem er framleiðsluhvetjandi og hvetur menn til framtaks og dugnaðar, en ekki löggjöf, sem dregur úr mönnum dug og kjark.

Eins og ég sagði áðan, þá mun þetta frv. verka eins og hemill, ef að lögum verður, og leiða til samdráttar. Það er spor aftur á bak, en er ekki jákvætt. Það er mín skoðun, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn að halda áfram framleiðslustefnu í landbúnaðinum eins og á öðrum sviðum þjóðlífsins, það megi ekki hindra það, að haldið verði áfram að rækta og byggja upp í landbúnaðinum á öllum sviðum. Landbúnaðurinn hefur tileinkað sér nýjustu tækni, fengið sér vélar, flestir bændur hafa orðið rafmagn, húsin hafa verið byggð upp, bæði íbúðarhúsin og peningshúsin, og viðhorfið til framleiðslunnar og til afkomumöguleika landbúnaðarins er gott, ef við getum búið við meðalárferði í landinu. En nú vonum við, að vondu árin séu að baki og langt verði þangað til þau verri koma aftur.

Ég hef talað vel um framleiðsluráðslögin, sem nú eru í gildi. Eigi að síður er mér alveg ljóst, að ýmis ákvæði gætu staðið til bóta, en erfitt getur verið að breyta þeim á þann veg, að það verði til batnaðar. Það er nokkuð langt síðan mér varð þetta ljóst, og þess vegna var það, að ég skipaði nefnd 7 manna 1969, sem skyldi gera athugun á því, hvort æskilegt væri að breyta framleiðsluráðslögunum og með hvaða hætti það mætti gerast til batnaðar, og ég vil til fróðleiks fyrir hv. alþm. lesa upp, með leyfi forseta, erindisbréf þessarar nefndar:

„Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa 7 manna n. til þess að taka til athugunar og vinna að þeim verkefnum, sem talin eru hér á eftir:

1. Að gera athugun á því, hvort tiltækilegt sé að gera framleiðslu búvöru hagkvæmari og laga hana betur að þörfum neytenda með aukinni fjölbreytni.

2. Að gera athugun á því, hvort heppilegt sé að stuðla að sérframleiðslu búvara á vissum svæðum, svo sem mjólkurframleiðslu í grennd við þéttbýli og kjötframleiðslu þar sem lengra er til markaðssvæða.

3. Að gera athugun á því, hvort æskilegt sé að nota það fjármagn, sem varið er til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, með öðrum hætti en nú er gert, þannig að það komi bændum og þjóðarheildinni að betri notum.

4. Að gera athugun á því, hvort mögulegt sé að lækka framleiðslukostnað á búvörum.

5. Að athuga möguleika á og gera tilraun til að fá neytendur til þess að taka fullan þátt í verðlagningu búvöru og athuga, hvort mögulegt sé að gera verðlagningarkerfið einfaldara."

Í n. þessa voru skipaðir Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Einar Ólafsson frá Lækjarhvammi, Vilhjálmur Hjálmarsson alþm., Jón Þorsteinsson alþm., Björn Jónsson alþm. og Jónas Haralz hagfræðingur, en hann var þá forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar. Þegar Jónas hætti, tók Bjarni Bragi Jónsson við formennsku n. sem forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar.

Þetta er erindisbréf þessarar n. Hún starfaði mikið og safnaði gögnum og verk hennar átti að vanda. Henni var ekki settur fyrir ákveðinn starfstími, vegna þess að framleiðsluráðslögin voru endurskoðuð 1966 og voru þannig úr garði gerð, að það bar ekki brýna nauðsyn til að breyta þeim að svo stöddu. Hins vegar þótti sjálfsagt að hafa góða menn starfandi í n. til þess að leita að því, á hvern hátt væri hægt að bæta lögin og gera þau betur úr garði, og n. ætlaði sér ekki að skila áliti, fyrr en hún hefði fullunnið þetta verk. En hæstv. landbrh. leysti n. upp, leysti hana frá störfum á s. l. sumri og skipaði aðra n., sem átti að flýta sér. Hún hafði ekki nema takmarkaðan starfstíma og þess vegna er frv., sem við nú erum að ræða um, eins og það er. Hefði ekki verið betra að láta þessa n. starfa áfram? Hæstv. landbrh. hefði getað bætt manni eða mönnum í n., ef hann hefði viljað, en leyft n. að starfa áfram og leita eftir því bezta, sem fáanlegt var í þessa löggjöf, sem er svo mikils virði.

Í þessu erindisbréfi er ekki talað um að leggja á fóðurbætisskatt. Það er ekki heldur talað um að taka upp kvótakerfi. Það er ekki talað um það í þessu erindisbréfi að koma með einhvern hemil á framleiðslu íslenzkrar búvöru. Tilgangurinn með þessu bréfi var að leita eftir breytingum á lögunum, sem gætu verið til bóta. Þess vegna átti þessi breyting ekki að vera neitt flýt-

isverk. Í n. voru valdir góðir menn og gegnir, eins og reyndar í þá n., sem hæstv. ráðh. skipaði s. l. sumar. Vissulega voru margir góðir og gegnir menn í þeirri n. En jafnvel góðir og gegnir menn geta ekki náð árangri, ef sá tími, sem þeim er ætlaður til starfsins, er ekki nægilega góður og ef þeim er gefin forskrift til þess að vinna eftir. Og það er það, sem ég er hræddur um, að hafi verið gert. Ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið n. forskrift til þess að vinna eftir, það hafi verið fyrirmæli ríkisstj. að taka upp fóðurbætisskattinn, það hafi verið forskrift frá ríkisstj. að taka upp kvótakerfið, það hafi verið forskrift frá ríkisstj. að skattleggja vissan hluta bænda til þess að bæta fyrir öðrum bændum, og þá fer maður að skilja það, þótt jafnvel góðir menn, sem störfuðu í n. ráðherrans, hafi ekki náð betri árangri en raun ber vitni.

Það er leitt til þess að vita, að svona skyldi fara, en þetta frv. fer nú til hv. landbn., og það verður að bera þá von í brjósti, að hv. n. beri gæfu til að lagfæra frv. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að svo komnu máli að hafa fleiri orð um þetta frv., áður en það fer til n., en leyfi mér að vænta þess, að það verði endurbætt þar, ef því er ætlað að verða að lögum á þessu þingi. Það bezta væri vitanlega að gefa sér tíma, a. m. k. til haustsins, til þess að endurskoða frv. og taka af því verstu hnökrana og endurbæta það.

Það er ekki aðeins í þessu máli, sem hæstv. ríkisstj. vill flýta sér óeðlilega mikið. Það er eins og hæstv. ríkisstj. geri alls ekki ráð fyrir því að lifa haustið af eða næsta þing. Ekki dettur mér í hug að spá neinu um það, og ekki hef ég gert ráð fyrir því, að núv. ríkisstj. hætti störfum á næsta hausti. Ég hef alls ekki gert ráð fyrir því. Ég hef reiknað með því, að hún mundi starfa næsta vetur og gæti þess vegna alveg beðið með að lögfesta frv., þangað til þau hafa fengið eðlilega meðferð. En ég veit ekki, hvað hæstv. ríkisstj. sjálf hugsar í þessu efni. Það er eins og það þurfi að ljúka öllu af á þessu þingi, vegna þess að ekki verði tími til þess síðar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í þessu frv. eru því miður ekki fólgnar þær umbætur á málefnum íslenzks landbúnaðar, ekki þær breytingar á íslenzkri landbúnaðarstefnu, sem nauðsynlegar eru og hafa verið nauðsynlegar undanfarið. Til þess liggja án efa ýmsar ástæður. Ein ástæðan er sú, að ég tel þetta frv. hafa fengið óeðlilegan undirbúning.

Eins og kom fram hjá hv. fyrrv. landbrh., skipaði fyrrv. ríkisstj. n. sérfróðra manna til að gera athugun á því, hvort og þá hvers konar heildarbreyting kæmi til mála á stefnunni í málefnum íslenzks landbúnaðar og afskiptum hins opinbera af málefnum hans. Sú n. hefur verið lögð niður, en nýrri n. í skyndi falið að semja þetta frv. Þessi skyndivinnubrögð tel ég vera eina ástæðu þess, að frv. er svo gallað sem raun ber vitni um. Höfuðgalli þess er auðvitað sá, að í þessu frv. er ekki mörkuð ný heildarstefna í málefnum íslenzks landbúnaðar, eins og þó er nauðsynlegt. Það er höfuðannmarki frv. Ég mun síðan koma að því, að þrátt fyrir allt eru á frv. nokkrir kostir, þó að ég telji gallana meiri og þó sérstaklega þennan galla, að það vantar, að mörkuð sé í frv. ný heildarstefna, ný umbótastefna í málefnum íslenzks landbúnaðar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzkt þjóðfélag styrkir landbúnað sinn með miklum fjárhæðum, og það á að gera það. Ástæður eru þannig á Íslandi, eins og í mörgum nálægum löndum, að nauðsynlegt er, að þjóðarheildin styrki þennan atvinnuveg, landbúnaðinn. Það er ekkert sérstakt um Ísland, þó að styrkirnir til landbúnaðarins hér á Íslandi séu án efa hlutfallslega meiri en gerist í a. m. k. flestum nálægum löndum, svo að ég tali mjög varlega. En þó að viðurkennd sé almenn nauðsyn á því, að þjóðfélagið í heild og þá ríkisvaldið stuðli að því með beinum og óbeinum styrkjum, að landbúnaður sé stundaður í landi eins og Íslandi, þá á þessi aðstoð auðvitað ekki að vera meiri en nauðsynlegt er, og aðstoðin á að vera þannig, að hún auki framleiðni í þessari atvinnugrein og lækki framleiðslukostnaðinn, þ. e. a. s. lækki landbúnaðarverðið frá því, sem ella mundi vera. Það er að mjög litlu leyti stuðlað að slíku í þessu frv., og það er höfuðgalli þess. Það, sem vantar, er lagasetning um málefni íslenzks landbúnaðar, þar sem stuðlað er að aukinni framleiðni í landbúnaðinum, til þess að hægt sé að lækka landbúnaðarvöruverðið til neytenda. Þetta er kjarni málsins. En ég held, að enginn, sem þetta mál kynnir sér rækilega, geti orðið í vafa um það, að beinn og óbeinn styrkur íslenzka þjóðfélagsins til landbúnaðarins er óeðlilega mikill, er óeðlilega þungbær ríkissjóði og skattborgurum. Ég minni aðeins á útflutningsbæturnar sem óumdeilanlega tölu í þessum efnum, en þær voru á s. l. ári um 400 millj. kr. M. ö. o. ríkissjóður sjálfur greiðir hverju einasta bóndabýli á landinu að meðaltali milli 70 og 80 þús. kr. árlega í útflutningsbætur, og er þá auðvitað ótalin öll sú feikimikla, sumpart beina og sumpart óbeina aðstoð, sem skiptir hundruðum milljóna kr., sem landbúnaðurinn nýtur í ýmsu öðru formi. Ég segi það enn, — ef takast mætti að koma í veg fyrir, að út úr orðum mínum verði snúið, sem ég geri mér ekki miklar vonir um að vísu, — að ég segi þetta ekki í þeim tilgangi fyrst og fremst að telja þetta eftir. Aðstoð við íslenzkan landbúnað er nauðsynleg og sjálfsögð. En hún á ekki að vera meiri en nauðsynlegt er, að því er engum gagn, auðvitað ekki skattborgurunum, sem borga peningana, og bændum er ekkert gagn að því heldur, þvert á móti, ef yfir lengri tíma er litið.

Það, sem vantar í þetta frv., er fyrst og fremst sú heildarskoðun á málinu, sem í því fælist að telja saman þær upphæðir, sem ganga til aðstoðar íslenzks landbúnaðar, ef svo mætti segja, að láta þær allar saman í einn sjóð og athuga síðan frá þjóðfélagslegu sjónarmiði ásamt sjónarmiði bænda og neytenda, hvernig þessum heildarsjóði yrði bezt ráðstafað í þágu þjóðarheildarinnar, auðvitað með hliðsjón af því, að það er meiningin að styðja atvinnurekstur sérstakra stétta, þ. e. a. s. bændastéttarinnar á Íslandi, stuðla að því, að við framleiðum sjálfir þær land-

búnaðarafurðir, sem landkostir leyfa, að hér séu framleiddar.

Vandinn, sem við er að etja í þessum efnum, er fólginn í því, að fyrir heildarlandbúnaðarframleiðsluna fæst miklu minna en hún kostar í framleiðslu, það fæst miklu minna fyrir þær afurðir, sem íslenzkur landbúnaður framleiðir, en kostar að framleiða þær. Til þess liggja ýmsar orsakir, hversu mikið vantar á, að framleiðslukostnaðurinn fáist. Frumorsökin er sú, að verulegur hluti af landbúnaðarframleiðslunni, allt að 10%, er nú fluttur á erlendan markað fyrir miklu lægra verð en nemur framleiðslukostnaði, og mun ég koma að því hér á eftir. Önnur orsökin er sú, að það er of lítil fjölbreytni í framleiðslunni fyrir innanlandsmarkaðinn. Það væri hægt að fá meira verð fyrir þær landbúnaðarvörur, sem seldar eru á innlendum markaði, ef þær væru fjölbreyttari en þær eru. Og í þriðja lagi er meginorsökin sú, að það, sem er framleitt, bæði fyrir innanlandsmarkað og fyrir útflutningsmarkað, er framleitt í allt of litlum framleiðslueiningum á allt of litlum búum. Þetta eru þrjár meginskýringarnar á vandanum, sem við er að etja, þeim vanda, að það fæst minna fyrir framleiðsluna en framleiðslukostnaðinum nemur.

Mér er mjög til efs, að jafnvel hv. alþm., hvað þá íslenzkur almenningur, geri sér í raun og veru grein fyrir því, hvernig ástandið er núna í markaðsmálum landbúnaðarins erlendis. Mér er það mjög til efs, og þess vegna þykir mér rétt að skýra frá því, hvernig ástandið raunverulega er, til þess að undirstrika nauðsyn þess, að hér séu gerðar sérstakar ráðstafanir til að komast út úr þeim vítahring, sem íslenzkur landbúnaður og íslenzk efnahagsmál að þessu leyti eru í.

Framleiðslukostnaður á dilkakjöti er nú talinn vera um 135 kr. á kg. Útflutningsverð á beztu *markaðina*, þ. e. a. s. *markaðina* í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, er 110 kr., sem má teljast mjög gott, miðað við ástand á öðrum mörkuðum og fyrri tíma, m. a. vegna samnings okkar sem aðila að EFTA. En við komum ekki nema litlum hluta af dilkakjötinu á þennan góða markað, á Noregs-, Svíþjóðar- og Danmerkurmarkaðinn. Við seljum verulega mikið magn til Færeyja og á aðra markaði, og þar er útflutningsverð á dilkakjöti, sem kostar 135 kr. í framleiðslu, 75 kr., og þó er þetta bezta landbúnaðarframleiðsla, sem stundað er. 45% ostur kostar í framleiðslu hér innanlands 180 kr., en hann er seldur til útlanda fyrir 48—50 kr., þ. e. a. s. fyrir 20—25% framleiðslukostnaðarverðsins. *Nýmjólkurduft* kostar í framleiðslu 155—160 kr., en er selt til útlanda fyrir 52 kr. Smjör kostar í framleiðslu 330 kr. kg, en er selt til útlanda fyrir 105—110 kr. eða þriðjung framleiðslukostnaðarverðsins.

Þarf að fjölyrða um það, þjóðhagslega séð, að á þessu verður að verða breyting, því að mismuninn á því, sem erlendi neytandinn greiðir, og framleiðslukostnaðinum greiða íslenzkir skattgreiðendur í einu eða öðru formi. (Gripið fram í.) Já, ég skal vikja svolítið að því á eftir, það er að sjálfsögðu flókið mál, en höfuðatriðið í breytingunni á auðvitað að verða það, að draga úr offramleiðslunni, að þurfa ekki að selja á erlendan markað, gera ráðstafanir til þess, að ekki þurfi að selja á erlendan markað með þessu mikla tapi. Það á að skipuleggja framleiðsluna þannig, að framleiðslan sé fyrir innlenda markaðinn. Innlendir neytendur eru ekki of góðir til að greiða það verð fyrir vöruna, sem bóndinn raunverulega þarf til að njóta sams konar lífskjara og verkamaður, iðnaðarmaður og sjómaður við sjávarsíðuna. Ég tel ekki eftir mér og tel ekki eftir nokkrum öðrum neytendum að greiða bóndanum það verð, sem þarf til þess að njóta sómasamlegra lífskjara. En ég sé enga ástæðu til að hvetja íslenzka bændastétt til að framleiða kjöt handa Færeyingum og smjör handa einhverjum öðrum, þar sem íslenzkir skattgreiðendur eru látnir greiða helminginn og upp í ⅔ af verðinu. Þetta er fásinna — fullkomin fásinna, og það ætti enginn vandi að vera að haga skipulagningu í íslenzkum landbúnaði þannig, haga landbúnaðarrekstrinum þannig, að það sé framleitt fyrir okkur, sem búum í landinu, en ekki fyrir þá, sem búa í Færeyjum eða í Noregi eða í Bretlandi. Þeir geta séð fyrir sér sjálfir, við þurfum ekki að kosta matinn ofan í þá. (Gripið fram í.) Alveg sammála þessu, þeir hafa unnið að breytingum í dönskum landbúnaði, sem hníga í þessa sömu átt. Annars sýnir hv. þm. óþarfa fáfræði af viðskiptafræðingi og gömlum nemanda mínum að vera að taka danskan landbúnað til samanburðar í þessu efni. Sök sér væri, ef hann hefði nefnt norskan eða sænskan, því að sérstaklega í Noregi eru aðstæður miklu líkari okkar. En sænskir og norskir jafnaðarmenn hafa einmitt unnið að því á undanförnum árum, að landbúnaðarframleiðslan þar yrði ekki meiri en nauðsynlegt er til þess að seðja innlenda munna. Þess vegna hafa verið gerðar skipulagðar ráðstafanir, sérstaklega í Svíþjóð, til þess að draga úr landbúnaðarframleiðslu á óarðbærum búum í því skyni að minnka þennan vanda, sem var til hjá þeim, þó að það sé barnaleikur hjá vanda okkar, — minnka þennan vanda, sem var hjá þeim, þannig að Svíar nálgast nú það mark að þurfa ekkert að flytja út af innlendri landbúnaðarvöru, heldur er aðeins verið að framleiða landbúnaðarvöru á innlenda markaðinn og bæta þar með lífskjörin mjög verulega.

Ég segi um þetta frv. almennt, að í það skortir heildarsjónarmiðið, það skortir í það heildarskilninginn á því, í hverju vandi íslenzks landbúnaðar er fólginn. Þar af leiðandi er ekki von heldur, að í frv. séu fólgin ráð til þess að leysa vandann. Fyrst er að skilja vandann, svo er að láta sér detta í hug leiðir til þess að komast út úr honum. En þetta frv. ber vott um hvorugt, hvorki skilning á vandanum né heldur till. um það, að ráðin sé bót á honum. Þó er það svo, að í frv. eru ákvæði, sem ég tel vera til bóta, og skal sízt draga úr áherzlu minni á þau atriði.

Þá nefni ég fyrst og fremst ákvæðin í 3. gr., þar sem heimilt er að leggja allt að 25% gjald á innlent kjarnfóður. Þetta ákvæði tel ég til stórkostlegra bóta, vel að merkja, ef heimildin verður notuð, vegna þess að kjarnfóðurnotkun, eins og allir vita, er hér í algjöru óhófi. Kjarnfóður er notað þannig, að ekki er nokkurt minnsta vit í því frá efnahagslegu eða hagfræðisjónarmiði séð. Þetta ætti að geta stuðlað að því, að

minnkun yrði á framleiðslu til útflutnings. Þetta ákvæði tel ég til bóta og ég vil, verði það að lögum, eindregið vonast til þess, að heimildin verði notuð. Ég er sannfærður um, að þetta er eina rétta sporið í frv., sem eitthvað kveður að, og skal sannarlega ekki standa á mér að viðurkenna það, sem rétt er gert af hálfu hæstv. landbrh. og ríkisstj. í heild.

En áður en greininni lýkur, — ekki gat greinin öll verið í lagi, því er nú verr og miður, — áður en greininni lýkur, er ákvæði um það, að einnig sé heimilt að leggja 5% viðbótarálag á útsöluverð kjarnfóðurs og nota það til þess að aðstoða við nýbyggingar vinnslustöðva landbúnaðar, mjólkurstöðva, sláturhúsa og annarrar hagræðingar vinnslustöðva í landbúnaði. Ástæðan til þess, að ég tek jafndjúpt í árinni og ég geri um 25% gjaldið, að það sé til bóta, er sú, að það mun stuðla að vissri hagræðingu í landbúnaðarframleiðslunni, gera hana skynsamlegri en ella hefði verið, og það á ekki að koma fram í útsöluverði landbúnaðarvörunnar, m. ö. o.: neytandinn á ekki að borga það. Þess vegna hef ég ekkert við þetta að athuga, heldur þvert á móti, ég fagna því.

Sama gildir ekki um 5% gjaldið, sem á að nota til þess að styðja byggingu mjólkurstöðva og sláturhúsa. Það 5% gjald eiga bændur ekki að borga, heldur á neytandinn að borga það. Það á að hækka landbúnaðarvöruverðið. M. ö. o.: neytandinn á ofan á allt annað, sem hann nú gerir, að taka að sér 5% gjald á útsöluverð erlends kjarnfóðurs til þess að hjálpa landbúnaðinum að endurnýja sín mjólkurbú og sín sláturhús. Þetta skyldi maður eftir venjulegum reglum halda að væri verkefni bændastéttarinnar sjálfrar. Hver er sú stétt, sem þarf að standa í framkvæmdum og getur sent almenningi í landinu reikning, látið almenning í landinu borga? Ég skal nefna annað nærtækt dæmi. Allir vita, að það er þörf á stórkostlegum endurbótum í frystihúsum landsins. Það mun kosta mjög mikið fé að gera frystihús landsins þannig úr garði, að þau fullnægi þeim kröfum, sem til þeirra verður nú að gera, og líkt á sér stað með sláturhúsin. Hefur nokkrum manni dottið í hug, að hægt væri að hækka fiskverð í landinu og láta neytendur borga hærra verð fyrir fisk til þess að standa undir kostnaðinum við breytingar á frystihúsunum? Þessi hugmynd hefur ekki komið nokkurs staðar fram. Ég þekki engan mann, sem mundi láta sér detta slíkt í hug, enda væri það alveg fáránlegt, ef fiskneytendur ættu að fara að standa undir breytingu á frystihúsunum. (**Gripið fram í:** En ef ríkið borgaði nú eitthvað fyrir það?) Jú, jú. Það borgar þegar mikið í sláturhúsin og mjólkurbúin — (Gripið fram í.) Í frystihúsin, jú, það getur mjög vel komið til greina, og þá er eðlilegt, að landbúnaðurinn sitji við sama borð. Ekki skal ég standa á móti því. En hitt verður þm. að sjá, sem er alveg augljóst mál, að það gengur ekki að ætla neytendum landbúnaðarvara að standa undir óhjákvæmilegum og nauðsynlegum endurbótum á framleiðslutækjum í landbúnaðinum. Þetta er fjarstæða. Þetta er satt að segja offors. Þetta er frekja, sem ekki tekur nokkru tali. (**Gripið fram í:** Hver á að gera það?) Bændurnir sjálfir með hæfilegum og eðlilegum stuðningi ríkisvaldsins. (Gripið fram í.) Mikil lifandi ósköp eru fulltrúar bændastéttarinnar eitthvað viðkvæmir. Það má ekki minnast á, að landbúnaðurinn sé aðstoðaður, þá fara þeir að skjálfa og titra. Þeir eiga að tala í ræðustólnum, þannig að hægt sé að svara þeim skipulega á eftir, en halda sér á mottunni, meðan þeir standa í dyrum. (**Gripið fram í:** Þökk fyrir.) Það er ekkert að þakka. Menn verða að þola það, að sagður sé sannleikurinn um einfaldar staðreyndir. Ég hef ekkert sagt annað. (Gripið fram í.) Vill hv. þm. stilla sig, rétt á meðan ég lýk setningunni a. m. k. Menn verða að þola það að heyra sagðan sannleikann, og geti þm. bent á eitt einasta orð í því, sem ég hef sagt, sem ekki er satt og rétt, þá skal ég hlusta á hann hér í pontunni á eftir. En meðan hann stendur í dyrum og sumpart glottir og sumpart skelfur, þá sé ég ekki ástæðu til að anza honum meira að sinni. (**Forseti:** Hv. þm. á ekki sæti í þessari deild.) Má hann þess vegna ekki koma inn? (**Gripið fram í:** Nei.) Nú, hann á ekki sæti í deildinni og samt er hann gjammandi fram í. Þetta er bezta sönnun fyrir óstyrkleikanum, sem ég hef fengið hingað til — sú bezta.

Þetta var í framhaldi af því, að ég var að byrja á því að hæla 3. gr. fyrir 25% gjaldið, þó að ég hafi orðið að segja, að hún endaði illa vegna ákvæða um 5% viðbótargjaldið, sem neytendum er ætlað að greiða og ég vil andmæla alveg sérstaklega.

Öðru atriði í frv. vil ég líka andmæla, þó að ég ætli annars ekki að ræða frv. jafnýtarlega og síðasti ræðumaður gerði, og það er sú breyting, sem gerð er á samsetningu þeirrar n., sem ákveður landbúnaðarvöruverðið, frá því, sem verið hefur. Nú er gert ráð fyrir, að verðákvörðunin skuli vera í höndum fulltrúa bænda og fulltrúa ríkisstj., en áður var, eins og kunnugt er, ákvörðunarvaldið í höndum bænda og neytenda, sem menn hafa undanfarna áratugi talið eðlilegast. Nú eiga bændur að fá ríkisvaldið eitt sem viðsemjanda í þessu máli. Þessa breytingu harma ég mjög, og mér þætti vænt um að fá það upplýst í umr. hér á eftir, hvort öll ríkisstj. stendur að þessari breytingu. Við erum orðnir vanir því, hv. þm., að ríkisstj. klofni í alls konar málum. Það gæti verið, að hún hafi líka klofnað í þessu, þó að ekkert hafi verið bókað um það enn þá. Það er hugsanlegt. Og mig langar að fá að vita, hvort ráðh. Alþb. og ráðh. SF hafa samþykkt þetta, að neytendur hafi engin áhrif á verðlag landbúnaðarvöru, hvort það sé með þeirra samþykki, að fulltrúar neytenda séu útilokaðir frá því að hafa áhrif á verð landbúnaðarvörunnar, þó að þeir hafi haft slík áhrif allar götur síðan 1947 a. m. k. Enn fremur vil ég gjarnan fá að vita, hvort Alþýðusambandið hafi verið um þetta spurt.

Mér þykir satt að segja mjög ósennilegt, að samtök neytenda muni taka þessari breytingu með þökkum, jafnvel ósennilegt, að þau sætti sig þegjandi við hana. Hér er augljóslega stigið spor aftur á bak. Samtök launþega hafa barizt fyrir auknum réttindum á undanförnum áratug-

um. Ein þau réttindi, sem þau hafa fengið, er að fá hlutdeild í meðferð mikilvægrar vöru, sem neytendur þurfa að kaupa dag hvern. Sá réttur er nú af þeim tekinn. Það harma ég, því andmæli ég og vil fá skýringu á því, hvernig á því stendur og hverjir það hafa samþykkt.

Fleira skal ég ekki segja um málið á þessu stigi, en ljúka þessum orðum mínum með því að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að því miður er þetta frv. ekki fullnægjandi lausn á vandamálum íslenzks landbúnaðar. Þau þarf að leysa af skynsemi. Þau þarf að leysa með réttmætan hag bændastéttarinnar fyrir augum og með hliðsjón af hagsmunum skattgreiðenda og þjóðarinnar í heild. Ástand þessara mála er ekki þannig, að það geti talizt gott, ekki einu sinni þannig, að það geti talizt viðunandi. Það þarf hér gagngerar breytingar á, en þær er því miður ekki að finna í þessu frv. Þrátt fyrir nokkur góð nýmæli í þessu frv., sérstaklega eitt, sem ég þegar hef nefnt, þá er það í raun og veru hvorki fugl né fiskur miðað við þær þarfir, sem eru á umbótum í málefnum íslenzks landbúnaðar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér þótti fara vel á því að mörgu leyti, að þegar ráðh. hafði lokið að kynna þetta mál, þá skyldu koma hér í pontuna hvor á eftir öðrum fyrrv. landbrh. og fyrrv. viðskrh., sem á sínum tíma var oft kallaður aðstoðarlandbrh. í fyrrv. ríkisstj. Ég verð að segja það, að ég varð nokkuð undrandi á málflutningi þessara manna, kannske ekki svo mjög hjá hv. 7. þm. Reykv., fyrrv. viðskrh., en á málflutningi hv. 1. þm. Sunnl. var ég mjög undrandi, miðað við forsögu.

Hv. 7. þm. Reykv. boðaði hér sína gömlu kenningu um það að draga úr landbúnaðarframleiðslunni, fækka bændum o. s. frv. Það er ekki nýtt að heyra þessa kenningu hjá þessum hv. þm. Hún hefur heyrzt oft áður og er kannske ekki svaraverð í sjálfu sér. Hann litur á eina hlið málsins aðeins og af slíkri einsýni, að það er kannske fátitt. Hann litur t. d. alveg fram hjá því, að við viljum og þurfum að tryggja næga framleiðslu í öllum árum, og þess vegna verður ekki í góðum árum komizt hjá framleiðslu umfram þarfir innanlands, þó að það sé í sjálfu sér ekki nein umframframleiðsla. Hann litur alveg fram hjá þeim möguleikum að nýta erlenda markaði í ríkara mæli en þegar hefur verið gert. Hann gerir sér enga grein fyrir félagslegri aðstöðu fólks í sveitunum, sem gerir það nauðsynlegt, að byggð þar strjálist ekki frá því, sem nú er, heldur þéttist víða. Og hann litur alveg fram hjá aðstöðu þeirra mörgu þéttbýliskjarna, sem að mjög verulegu leyti byggja afkomu sína og lífsmöguleika á þjónustustarfsemi við landbúnaðarframleiðsluna eins og hún er nú og mundu þróast og blómgast betur en áður, ef hún væri fremur aukin heldur en hitt. Fram hjá þessu öllu litur þessi hv. þm., þegar hann er að ræða um landbúnaðarmálin. Hann harmar það, að í þessu frv. skuli ekki vera tekin upp ný stefna, þ. e. a. s stefna í þessum anda.

Það er rétt, að slíka stefnu er ekki að finna í þessu frv., þó að hv. 1. þm. Sunnl. vildi láta líta svo út í sinni ræðu. 10% útflutningstryggingunni er fyrst og fremst ætlað að tryggja það, að við höfum nóga framleiðslu hér fyrir innlenda markaðinn í öllu árferði. Í 2. gr. frv., þar sem fjallað er um markmið laganna, er gerð sú breyting frá því, sem verið hefur, að nú er sagt, að stefna beri að því, að framleiðslan henti sem bezt þörfum þjóðarinnar, en ekki að hún fullnægi þörfum þjóðarinnar, eins og áður var. En í því fólst í raun og veru viðurkenning á því sjónarmiði, að fyrst og fremst og nær eingöngu ætti að framleiða fyrir innanlandsmarkaðinn. En þessu er breytt nú. Og nú er settur rammi að skipulegri áætlanagerð til langs tíma og jafnframt rammi um það, að hún skuli endurskoðuð árlega, því að sífellt þarf að fara ofan í slík mál, eins og augljóst er, þegar við gerum okkur ljóst hið síbreytilega veðurfar hér og einnig mjög breytileg markaðsskilyrði utanlands. Og í þessari gr. frv., þar sem fjallað er um stefnumark laganna er einnig lögð áherzla á aukna hagnýtingu markaða utanlands og innan. Það eru í frv. ákvæði um viðbúnað í báðum tilvikum, ef söluerfiðleikar verða og framleiðslan í bili verður það mikil, að erfitt er að afsetja hana, og einnig ef framleiðslan verður of lítil. Ég vil segja, að með þessu frv. er, að svo miklu leyti sem hér er um nýja stefnumótun að ræða, um myndarlega stefnu að ræða, sem byggð er á yfirsýn, en ekki á slíkri fádæma einsýni eins og hv. 7. þm. Reykv. jafnan beitir, þegar hann hugleiðir landbúnaðarmál, hvort sem það er á hv. Alþ. ellegar á fundum kaupmannasamtaka eða annars staðar, þar sem hann hefur séð ástæðu til þess að ræða þau. Og skal ég ekki fara fleiri orðum um hans ræðu.

Ég verð að segja það um ræðu hv. 1. þm. Sunnl., að mér virtist hún einkennast af alveg furðulegu neikvæðu nöldri, og ég verð að segja það, að ég hef varla heyrt annan eins málflutning um mál, sem er undirbúið á þann hátt sem þetta, að á bak við flutning þess standa samtök stórrar stéttar einhuga um öll meginatriði málsins. Og það er einnig unnið á breiðum grundvelli, ef litið er til stjórnmálaskoðana þeirra, sem að undirbúningnum unnu. Ég er undrandi á slíkum málflutningi hjá þessum hv. þm., sem var þangað til að mjálma í sig móðinn, að hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri aðeins eitt atriði í öllu frv., sem væri til bóta!

Hver samdi svo þetta frv.? Já, hverjir sömdu þetta frv.? Það var talað mikið um það hér í vetur, að þá vantaði að vita um höfunda að frv., sem ríkisstj. flutti og mikið var rætt um þá. En hér eru hinar ágætustu heimildir um það, hverjir unnu að þessu máli, og ég ætla að rifja upp nöfn þeirra hér. Það er Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem er búinn að gegna því starfi í áratugi. Það er Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda, Ólafur Andrésson bóndi í Sogni, Ingi Tryggvason bóndi á Kárhóli, Guðmundur Þorsteinsson bóndi á Skálpastöðum, Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður, Hafnarfirði, Jónas Jónsson ráðunautur, Reykjavík, Hjalti Gestsson ráðunautur, Selfossi, Ólafur Björnsson prófessor, Reykjavík.

Það voru þessir menn, sem sömdu það frv., sem hv. 1. þm. Sunnl. leyfir sér að segja um, þegar það er lagt hér fram, að það aðeins feli í sér eitt atriði, sem horfi til bóta fyrir íslenzkan landbúnað. Þetta er vizkulegur málflutningur — eða hitt þó heldur. Ég veit ekki, hverju þetta þjónar eiginlega. Hvernig er þá þessum mönnum farið, sem þarna eru að verki, ýmist bændur eða starfsmenn landbúnaðarins til langs tíma, ef þeir hafa unnið þannig verk sitt? Og þar á meðal eru tveir flokksbræður hv. þm. og a. m. k. annar þeirra maður, sem ég hef starfað með í nefndum, sem þessi sami hv. þm. skipaði, og ég veit ósköp vel, að sá maður hefur mikla yfirsýn um landbúnaðarmálin, af kynnum mínum við hann.

Nei, ég held, að hitt sé sönnu nær, þegar maður virðir fyrir sér þetta tal hv. 1. þm. Sunnl., að hann sé sjálfur orðinn meira en lítið taumskakkur í afstöðu sinni til forsvarsmanna íslenzks landbúnaðar og landbúnaðarins í heild, en ekki hitt, að þessi hópur manna hafi gert hér eintóma vitleysu frá upphafi til enda, nema álpazt inn á eitt atriði, sem til bóta horfði. Mér verður að bera þessa neikvæðu nöldursræðu hv. 1. þm. Sunnl. saman við afstöðu mína og margra annarra fyrrv. stjórnarandstæðinga hér á Alþ., þegar við stóðum að því með þessum hv. þm. að semja og koma hér fram breytingum t. d. á þessari löggjöf, t. d. á löggjöfinni um Stofnlánadeild landbúnaðarins, Landnám ríkisins o. fl. Mér verður að bera þetta saman. Þetta mál er undirbúið á ákaflega líkan hátt, og eins og ég sagði áðan, í undirbúningnum var pólitísk breidd. Það voru þarna t. d. tveir menn úr flokki hv. þm., sem að þessum undirbúningi unnu og skiluðu samhljóða áliti. Það var unnið að þessu á nákvæmlega sama hátt og þá, en þessi er afstaðan hjá þessum hv. þm. nú. Hitt er svo annað mál, að menn voru ekki alltaf sammála hér, þá frekar en nú. Við voru ekki sammála hv. 1. þm. Sunnl., þegar hann og ríkisstj. hans stóðu að því að skera niður framkvæmdafé Landnámsins um nokkrar millj. í stað þess að snúast við nýjum verkefnum, þegar dvína tóku þau verkefni, sem Landnám ríkisins hafði unnið að á undanförnum árum. Við vorum ekki sammála og við deildum það kvöld eftir kvöld, hvort það ætti að gera eða að fela Landnámi ný verkefni. Og við vorum ekki heldur sammála um það, þegar hverfa átti frá því að taka inn í fjárlög 1971 framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í sambandi við uppbyggingu sláturhúsanna. Við vorum auðvitað ekki sammála um það, og um það var rifizt hér kvöld eftir kvöld. En um lagasetningar í landbúnaðarmálunum, sem undirbúnar voru á sama hátt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, af n., sem skipuð var á breiðum grundvelli, mönnum úr mörgum stjórnmálaflokkum, þá stóðum við vitanlega saman um þau mál, og þó að við værum ekki algerlega sammála, þá held ég, að enginn okkar, þáv. stjórnarandstæðinga, hafi viðhaft jafnneikvæðan málflutning í þessum málum og hv. 1. þm. Sunnl. taldi sér henta að hafa um hönd hér í dag.

Við þessu er náttúrlega ekkert að segja. Þetta er hans aðferð og ég hef mína aðferð. En mér er vist óhætt að segja, eins og þar stendur: Ólíkt höfumst við að!

Það er út af fyrir sig, þó að þessi hv. þm. gagnrýni breytt samningaform, sem er nokkuð veigamikið atriði í þessu frv. Það er út af fyrir sig. Það er hins vegar svo komið, að þetta er nú orðið ofan á, þetta er orðin stefna bændasamtakanna, að vilja breyta hér um. Það er engum blöðum um það að fletta og það vita allir, sem nokkuð hafa komið nálægt þeim málum, að það er komin ákaflega mikil þreyta í þetta gamla kerfi. Það hafa verið tíðar úrsagnir frá mótaðilanum og valdið töfum og miklum erfiðleikum við verðlagninguna oft og tíðum. Það er langt síðan sú skoðun var uppi í bændasamtökunum, þó að hún nyti þá minnihlutastuðnings aðeins, að það væri eðlilegra að semja beint við ríkisvaldið, m. a. og alveg sérstaklega vegna þess, að það hefur verið álit okkar margra, sem að þessum málum höfum starfað, að ríkisvaldið hafi alltaf verið meira og minna á bak við á seinni árum og ráðið mjög miklu um svip og gerð þeirra samninga, sem gerðir voru þá og þá, en hins vegar ekki borið ábyrgð á þeim opinberlega. Og það sjónarmið var orðið ofan á, að það væri rétt að ganga nú hreint til verks og fá ríkisstj. beint inn í málið og gera hana ábyrga, enda hafa verðlagsmálin mikil áhrif á efnahagslífið og þá líka verðlagning landbúnaðarvara. Það er þó ekki óeðlilegt, að menn deili um svona atriði. En ástæðan til þess, að farið er í þessa breytingu nú, hún er eitthvað á þessa leið. Hitt finnst mér ákaflega einkennilegt, að hv. 1. þm. Sunnl. gagnrýnir það sérstaklega, að sjómenn eru núna felldir út úr viðmiðuninni. Þetta er það, sem í raun og veru gerðist 1966, þegar þessum lögum var breytt undir forustu þessa sama hv. þm., þegar hann var ráðh. landbúnaðarmála. Þá voru tekjur hlutarsjómanna og ákvæðisvinna tekin út og þá voru ekki eftir aðrir en lægst launuðu sjómennirnir. Um þetta atriði má deila. Það kemur þó úr hörðustu átt gagnrýni frá þessum hv. þm. um þetta. En það er skoðun margra, að það sé ekki eðlilegt að taka hinar ákaflega sveiflukenndu tekjur sjómannanna til viðmiðunar hér. Enda mun hitt mála sannast, að ef bændur raunverulega bera úr býtum fyrir unna vinnustund eins og til er ætlazt, þ. e. ámóta kaup eins og iðnaðarmenn og verkamenn hafa, þá mun hag þeirra nokkuð vel borgið miðað við það, sem þeir hafa átt að venjast.

Mér fannst það líka koma úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skyldi finna að því, að það er gert ráð fyrir því í frv., að tekizt geti samningar um fleiri atriði heldur en beint verðlagninguna sjálfa á milli ríkisstj. og fulltrúa bænda. Þetta gerðum við hér um árið. Við, sem þá vorum í verðlagssamningum af hálfu framleiðenda, sömdum við þáv. ríkisstj. um vissa hluti, um stofnun Framleiðnisjóðsins, um 55 millj. kr. framlagið, framlag til súgþurrkunar o. fl. Við sömdum um þetta. Og ég vissi ekki annað en hæstv. þáv. landbrh., sem vitanlega kom fram fyrir hönd ríkisstj. í þessu máli, þætti þá þetta ofur eðlilegt. Og ég vil ekki viðurkenna það, að þá hafi á neinn hátt verið fallið frá eðlilegum kröfum af okkar hálfu í sambandi við verðlagninguna. Hitt var, að það

var reynt að vinna þetta samhliða og reynt að skoða stöðuna í heild. Mér finnst fráleitt fyrir þann hv. þm., sem þá fór með stöðu ráðh., að fordæma þetta nú.

Ég ætla nú ekki að ræða frekar málflutning hv. 1. þm. Sunnl. að neinu marki, kannske vík aðeins að honum í sambandi við þau atriði, sem ég minnist á síðar. En ég hafði nú eiginlega gaman af því, að hann minntist á n., sem skipuð var 1970 til þess að vinna að heildarskoðun þessara mála. Það kom fram, að hún hefði farið sér hægt, og það er satt. Hins vegar álít ég, að hún hafi unnið nokkuð þýðingarmikið undirbúningsstarf. En hún fór sér ákaflega hægt. Ég var í þeirri n., eins og í fleiri landbúnaðarnefndum, sem fyrrv. hæstv. ráðh. skipaði. Ég varð ekki var við það, að hann ræki mikið á eftir okkur, og ég held, að hann hafi ekki ætlazt til skjótrar niðurstöðu hjá okkur. Það er ekkert að undra það, þó að ný stjórn aftur á móti vilji stokka upp þessa n., og ekki torskilið, þó að ný stjórn hafi áhuga á að hraða nokkru meira breytingum en fyrrv. stjórn sem hafði þá þegar nokkuð að gert í þessum málum og staðið að vissum breytingum á þeim.

Eins og sagði áðan, var niðurstaðan hjá hv. 1. þm. Sunnl. sú, að í frv. væri aðeins eitt ákvæði jákvætt. Það er aftur á móti min skoðun og okkar, sem unnið höfum í bændasamtökunum og verið kjörnir þar til starfa, að í þessu frv. séu annars vegar mörg veigamikil atriði, sum meira, en önnur minna, en þó mörg veigamikil atriði, sem að okkar dómi stefna öll í rétta átt, — annars vegar þetta og svo hins vegar, að inn í frv. séu tekin fjöldamörg smærri atriði, sem eru til hagræðingar, eðlileg ákvæði, sem eru sett í samræmi við fengna reynslu, sett inn í frv. vitanlega með ráði og fyrir forgöngu þeirra manna, sem að því hafa unnið og allir hafa haft mikil afskipti af málefnum landbúnaðarins á undanförnum árum.

Ég er ekki einn af höfundum þessa frv., en ég vil þó leyfa mér, fyrst ég er farinn að tala hér, að fara örfáum orðum um þessi atriði, og það verður þá frá sjónarhóli okkar, sem starfað höfum í bændasamtökunum á undanförnum árum.

Meginatriðin mætti ef til vill skilgreina eitthvað á þessa leið: Það er breytt um samningsform frá því, sem verið hefur, teknir upp beinir samningar við ríkisstj. í stað samninga við neytendur. Það er tekin upp breytt tilhögun við verðlagninguna á ýmsa lund, sem við teljum til bóta. Það er meiningin að lögfesta ákveðna möguleika til verðjöfnunar, ef til þess kemur, að útflutningsbætur nægi ekki. Það eru tekin upp ákvæði um áætlanagerð til langs tíma og árleg endurskoðun á slíkri áætlun. Þetta er fært í fast form. Það er kveðið á um, að hafa skuli samráð við bændasamtökin um breytingu á niðurgreiðslum á íslenzkum landbúnaðarvörum, að ríkisstj. skuli hafa samráð við bændasamtökin um þessi atriði. Það eru tekin upp ákvæði, sem ég vil segja að séu um hagstæða útfærslu á þeirri tryggingu, sem felst í 10% útflutningsuppbótunum. Það eru ákvæði um aðgerðir, sem um leið og þau þjóna til verðjöfnunar ættu að draga úr framleiðslu, ef tímabundnir erfiðleikar verða við afsetningu framleiðslunnar. Það eru einnig tekin upp ákvæði um aðgerðir, ef framleiðslan kynni að verða of lítil fyrir innanlandsneyzluna eða öllu heldur of lítil til þess, að hún fullnægi þörf þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur, hvort sem um innanlandsneyzlu eingöngu er að ræða eða útflutning, sem teldist hagkvæmur.

Þetta finnst mér að megi ef til vill segja að séu meginatriðin, þau helztu. Annars er það einfalt og þarf ekki að taka langan tíma að renna augum yfir frv. og gera sér grein fyrir þeim breytingum, sem í því felast. Í 1. gr. er fjölgað í Framleiðsluráði um tvo menn. Þetta er mjög eðlileg breyting. Með þessu er reynt að breikka aðeins grunninn. Það er búið að gera þetta í Stéttarsambandinu. Stjórnin er þannig skipuð að það er kosinn einn stjórnarmaður úr hverju kjördæmi. Þetta er mjög eðlileg breyting, og er hér orðið við beiðni bændasamtakanna um, að í Framleiðsluráðinu skuli einnig fjölga um þessa tvo menn.

Í 2. gr. eru ákvæði, sem ég þegar hef sumpart minnzt á, ákvæði um að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands svo og að vinna skuli að því, að landbúnaðarframleiðslan henti sem bezt þörfum þjóðarinnar, en í lögum nú er talað um að fullnægja þörfum þjóðarinnar. Þannig var sá blær á þessu ákvæði, að það skyldi eingöngu miðað við innanlandsneyzluna. Hér eru svo þessi ákvæði, sem ég minntist á áðan, í sambandi við ummæli hv. ræðumanna hér áðan, um áætlunargerð til langs tíma og endurskoðun þeirrar áætlunargerðar árlega, þar sem leitast skal við að samhæfa hana breyttum aðstæðum hverju sinni. Hér er enn nýtt ákvæði um það, að Framleiðsluráð getur sett reglur um útborgun til bænda. Þeim, sem ekki þekkja vel til þessara mála, sést sennilega yfir þetta atriði, en þetta meta bændur nokkurs, og hafa verið uppi ítrekaðar óskir um það, að Framleiðsluráð fengi vald til þess að ákveða lágmarksútborgunarverð til bænda.

Í 3. gr. eru svo þau ákvæði, sem hér hefur verið harðast deilt á. Þar er um að ræða öryggisráðstafanir, ef til þess kemur, að útflutningsbætur hrökkva ekki. Ég get tekið undir það, sem hæstv. landbrh. sagði hér í dag, að ég held, að þetta svokallaða kvótakerfi komi varla til framkvæmda, það verði aldrei talið skynsamlegt að beita því, ég tel á því svo marga annmarka, og ég ætla ekki að fara frekar út í það. Öðru máli gegnir um kjarnfóðurgjaldið. Því er m. a. talið það til kosta, að með því fæst breiður grunnur undir verðjöfnunaraðgerðir. Á því á að vera tiltölulega örugg innheimta miðað við aðrar hugsanlegar leiðir til verðjöfnunar, ef á þarf að halda. Það er hægt — og beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika — að létta slíku gjaldi af þeim byggðarlögum, sem eiga kynnu við sérstaka erfiðleika að búa, þegar það yrði lagt á, t. d. vegna heyleysis. Sá möguleiki er fyrir hendi og á ekki að vera mjög erfiður í framkvæmd. Það er auðvelt að beita þessari aðgerð sem stutttímaráðstöfun, og það er gert ráð fyrir þeim möguleika, eða réttara sagt, það er skylt við niðurfellingu slíks verðjöfnunargjalds að endurgreiða þá afganginn, og það á einnig að vera tiltölulega auðvelt. Það er svo

einnig talið til kosta, að það felst í þessari aðgerð, jafnframt því sem þar er um að ræða aðferð til verðmiðlunar, hugsanlegur hemill, sem ætti þá að verka eðlilega undir þeim kringumstæðum, að framleiðslan væri það mikil, að erfitt væri að afsetja hana með eðlilegu móti. Þetta fyrirkomulag er nokkuð þekkt með öðrum þjóðum, og þó að okkur þyði ekkert að ætla að gleypa þeirra ráð ómelt, þá er þó eðlilegt, að við lítum einnig til þeirra reynslu, en eins og kemur hér fram í greinargerð með þessu frv., hafði n. samráð við forsvarsmann norskra bænda og fékk hugmyndir þaðan og skoðaði þær um leið. En á það ber að leggja höfuðáherzlu, að fyrst og fremst eru þessar ráðstafanir, sem felast í tveim fyrri þáttunum í 3. gr., aðferð til verðmiðlunar. Mér finnst það ósköp ábyrgðarlítið tal hjá hv. 1. þm. Sunnl., sem er nýkominn úr ráðherrastóli, að ráðleggja það að hafa engar *slíkar ákvarðanir tiltækar í lögunum, m. ö. o.* að láta hverjum degi nægja sína þjáningu að þessu leyti og sjá bara til hverju fram vindur, — mér finnst það. En ég gat ekki skilið ræðu hans öðruvísi en að það væri hans hugmynd. Við höfum fengið að prófa í bændasamtökunum, hvernig það er að vera alls óviðbúnir því, að þurfa að gera svona ráðstafanir. Það var hérna um árið, þegar allt útlit var á að útflutningsbætur nægðu ekki til þess að bæta upp verðlag seinustu sendinganna af útflutningsvörunni það verðlagsár. Það er ástæða til þess að muna eftir þessu. Það felst ekki í því nein spá um eitt eða annað, þó að menn vilji hafa í huga fengna reynslu og setja undir lekann og hafa tilbúnar aðgerðir, ef til álíka aðstæðna kæmi síðar. Í því felst engin spá til eða frá.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 1. þm. Sunnl. að hann sagði, að bændur vildu frekar láta vanta nokkra aura upp á verð en fara að setja á skatta. Það er ekki það, sem um var að ræða þarna um árið, þegar svokallað innvigtunargjald var sett á, að það væru horfur á því, að það vantaði nokkra aura upp á verð einingar yfir allt landið, — það var ekki það, sem var um að ræða. Það var um það að ræða, að síðustu útflytjendurnir fengju engar uppbætur, ef svo færi sem þá horfði. Það er venjan, og það er varla hægt að hafa það öðruvísi en að greiða fullar uppbætur á útflutninginn á meðan til hrekkur, og það var gert þá, frá byrjun verðlagsársins. Það var þetta, sem um var að ræða. Þá var aðstaða ríkisstj. þannig, að hún gat haldið að sér höndum. Framleiðsluráð og forsvarsmenn bænda stóðu frammi fyrir þessu sjálfir: Eigum við að taka áhættuna af því að komast í þá aðstöðu, að nokkur vinnslubú, sem síðust flytja út sína vinnsluvöru, fái ekki greitt *nema lítið brot af heildarverðinu*, því þá var mjög lágt verð á vinnsluvöru mjólkur, eða eigum við að fara í það til öryggis að taka verðjöfnunargjald af framleiðslunni? Því hefur jafnvel verið haldið fram, að þetta gjald hafi ekki haft við bein lagaákvæði að styðjast. Ég skal engan dóm á það leggja, en við tókum þessa áhættu. Og við gerðum það m. a. í krafti þess, að það hefur verið aðall íslenzkra bændasamtaka, í verzlun og annars staðar, að leita eftir slíkum jöfnuði og ástunda slíka samhjálp, að ekki kæmi til slíks mismunar sem þarna hefði orðið. Þróunin varð svo sú, að ekki þurfti að nota þetta gjald nema þá að örlitlu leyti.

Að samþykktu þessu frv., ef það verður að lögum, er aðstaðan orðin gjörólík. Það er ekki einasta það, að komið sé inn í lög ákvæði, sem hægt er að grípa til samkv. lögum, og menn vita þannig, hvað að þeim snýr. Það hefur líka breytzt annað, ef þetta frv. verður að lögum. Þá verður þannig um búið, að ríkisstj. verður að *taka þátt í slíkum vandkvæðum með bændasamtökunum*, taka þátt í þeim ákvörðunum, sem gerðar eru, hvort sem þær yrðu með þessum hætti eða með öðrum hætti. Hún getur ekki skotið sér undan því samkv. frv. að taka þátt í þessum aðgerðum, vera meðábyrg í þeim og þátttakandi, og það álítum við í bændasamtökunum mjög mikils virði. Þá eru og sérstök ákvæði í 3. gr., sem er útfærsla á stefnumarkandi atriðum 2. gr., *um það einnig, hvað gera skuli, ef framleiðslan* aftur á móti yrði of lítil; það eru ákvæði um hvort tveggja. Þannig felst hvorki beinn eða óbeinn spádómur í þessu frv. um það, að hér gerist eitt eða annað í þessum efnum, heldur er reynt að gera ráð fyrir hugsanlegum möguleikum á báðar hliðar.

Þá eru það ummælin hér áður í dag um gjald til sláturhúsanna. Ég kann illa við það hjá hv. 1. þm. Sunnl. að láta líta svo út sem þarna sé um engan vanda að ræða heldur, — ég held, að hann hafi verið að bera þetta saman við frystihúsamálið, það væri miklu stærra. Hér er líkt á komið að því leyti, að tilteknir erlendir mark*aðir hafa eiginlega lokað á bæði fiskframleiðsluna* og kjötframleiðsluna. Þetta er náttúrlega ekki góður dómur um árvekni valdhafa á undangengnum áratug, að þannig skuli nú komið. En sleppum því. En þarna er ekki um lítinn vanda að ræða varðandi sláturhúsin, þó að þar sé kannske um að ræða eitthvað færri milljónir eða milljónahundruð en í fiskvinnslunni, vegna þess að þarna er gjörólíku til að dreifa. Menn byggja sín frystihús við sjóinn, og með stærri skipum má ætla, að þau hafi að jafnaði næg verkefni allt árið, að þar sé unnið í 12 mánuði. Sláturhúsin eru ekki starfrækt nema mánuð eða hálfan annan mánuð og fjármagnskostnaður undir slíkum kringumstæðum hlýtur því að verða gífurlega miklu þyngri á framleiðslunni en þegar hægt er að reka fyrirtækin allt árið. Þess vegna er þarna um mjög mikinn vanda að ræða. Það kemur fram gífurlegur skakki, ef ekkert er gert til að jafna þarna á milli þeirra, sem slátra við lítinn fjármagnskostnað, annars vegar og hinna, sem hafa hann hæstan, þegar nýbúið er að byggja, hins vegar. Enda held ég, að allir séu sammála um það, að þarna verður nokkuð að gera, nema náttúrlega hv. 7. þm. Reykv., hann horfir bara á einn punkt, án þess að líta til hægri eða vinstri og gera sér grein fyrir mörgum vandasömum atriðum, sem þurfa að koma inn í myndina, eins og ég gat um áðan.

Með hliðsjón af því, sem gerðist við afgreiðslu fjárlaga 1971, þegar ríkisstj. hummaði það fram af sér að taka inn framlag til Framleiðnisjóðs vegna sláturhúsanna, sem þó var orðið ákveðið samkomulag um, þó að það væri ekki skjalfest,

— með tilliti til þess finnst mér ummæli hv. 1. þm. Sunnl. um þetta atriði frv. nánast óviðurkvæmileg.

Svo er það náttúrlega sér á parti, — maður ætti nú kannske ekki að vera að rifja það upp, — en það var nú svo nærri hv. 1. þm. Sunnl. hér um árið að standa sjálfur að því að setja á kjarnfóðurgjald, að hann var búinn að láta prenta stjfrv. með ákvæðum um kjarnfóðurgjald inniföldum. En á elleftu stundu eða rúmlega það sá hann sig um hönd, en tókst þá svo klaufalega til, að það gleymdist að afmá sporin úr greinargerðinni. Sagði í grg. eftir sem áður á þessa leið: „Fé því, sem mjólkurbúin héldu þá eftir, ásamt innflutningsgjaldi af kjarnfóðri yrði varið til útflutningsbóta miðað við framlag ríkissjóðs.“ Þarna munaði svo mjóu, að það var búið að prenta stjfrv. og grg. svona, en svo láðist það, þegar ákvæðið var tekið út úr sjálfu frv., að taka það einnig út úr grg. En þó að þetta stæði svona glöggt, þá flutti þáv. hæstv. landbrh. aldrei frv. með þessu ákvæði. En þetta munaði mjóu!

En sleppum nú þessari umdeildu grein með öllum þessum þýðingarmiklu ákvæðum, sem ég tel öll til bóta og nauðsynleg, nema kvótaákvæðið, sem ég tel nánast þýðingarlaust og væri kannske eðlilegt að félli hér út. Stéttarsambandsfundurinn, sem fjallaði um þetta mál, lét það kyrrt liggja. Það fór ekki fram sérstök atkvgr. um þetta atriði þess.

5. gr., þar sem fjallað er um það, við hvað skuli miðað, þegar laun bóndans eru ákveðin, þar er ákveðið að miða við kaupgjald. Í lögum frá 1966 voru ákvæði um þetta efni blönduð. Áður hafði verið miðað við tekjur eingöngu, en þar eru blönduð ákvæði, bæði talað um tekjur og um kaupgjald, en í reynd var þó unnið eftir því síðar nefnda, að finna vinnustundafjölda og ákveða bændum og starfsliði þeirra laun í samræmi við kaup viðmiðunarstétta, eftir þeim reglum, sem þá voru um það settar og nánar útfærðar í Sexmannanefnd. En nú er alls staðar horfið að launaviðmiðun í frv.

Menn segja margt um tekjusamanburð bænda og annarra stétta. Eins og ég hef oft sagt, þegar þetta mál hefur borið á góma, vil ég taka allar slíkar tölur með varúð, því að þarna eru mjög mörg atriði, sem grípa inn í, þannig að erfitt er að fá nákvæman samanburð. En ég held þó, að engum blandist hugur um það, að í opinberum skýrslum sé um svo mikinn skakka að ræða, að það halli á bændur í raun. Og þetta sýnir, að okkur hefur ekki tekizt í þessi 20 ár, sem við höfum unnið eftir tekjuviðmiðuninni, að ná viðunandi árangri, þ. e. að fullnægja því skilyrði, sem er og var í lögum, að bændur skuli hafa sömu tekjur og aðrar hliðstæðar stéttir.

Það er nú horfið frá tekjuviðmiðun og farið yfir í það að miða við unnar stundir og tiltekið kaupgjald á stund. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem hægt er að deila um, því að það er ekki með fullri vissu hægt að segja fyrir fram um árangur af þessari breytingu. En að yfirsýn þeirra, sem að þessum málum hafa unnið og hér hefur verið rifjað upp hverjir voru, er þetta skynsamlegt. Þeir telja, að þetta leiði til eðlilegri niðurstöðu, þ. e. að það mark nálgist, sem lögin setja, að bændur hafi sambærileg kjör við hliðstæðar stéttir í þjóðfélaginu.

Í þessari grein eru líka skýrari ákvæði um það, við hvað skuli miða, þegar vinnutími er ákveðinn.

Í 6. gr. eru svo þau ákvæði, sem ég hef áður vikið að, um breytta tilhögun á verðlagningunni, þ. e. a. s. að samið skuli við ríkisvaldið, og skal ég ekki fara um það fleiri orðum.

Í 7. gr. eru allmörg nýmæli. Þar eru bein ákvæði um, að heimilt sé að semja um sérstök fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, um leið og samið er um verðlagsmálin. Þetta hefur að vísu verið gert áður, en það hefur ekki verið til lagarammi um þetta efni. Það er eðlilegt, að hann komi. Um leið og farið er að semja beint við ríkisvaldið, þá er eðlilegt, að þetta komi inn um leið. Menn hafa deilt um þetta og við fengum á sínum tíma nokkrar ákúrur fyrir það hjá bændum á bændafundum að semja við ríkisstj. um vissa hluti, um leið og við sömdum um verðlagið. En ég held, að þegar frá leið hafi sú gagnrýni hjaðnað.

Þá er hér sú breyting, að það er tekið upp ákvæði, sem eitt sinn hafði verið í lögum, að Framleiðsluráði sé heimilt að færa til í verðlagi á milli vöruflokka innan sömu framleiðslugreina. Þetta var seinna fellt niður um tíma — var óheppilegt. Ég held, að þetta geti á engan hátt skaðað neytendur, þessi möguleiki, en nauðsynlegt er að hafa svona sveigjanleika til að nýta sem bezt markaðinn á hverjum tíma. Og þarna er enn um breytingu að ræða.

Það er einnig um breytingu að ræða, að því er snertir ákvörðun á smásöluverði síðar í þessari grein. Þá eru breytingar á yfirnefnd. Hér er ákveðið fortakslaust, að Hæstiréttur tilnefni oddamanninn, en áður máttu menn koma sér saman um hann. Það gafst ekki vel og það er engin ástæða til þess, álít ég, að hafa slíkt ákvæði í lögum. Þetta er sú mesta trygging, sem hægt er að gefa í íslenzku þjóðfélagi fyrir hlutlausum og réttsýnum oddamanni, að Hæstiréttur, æðsti dómstóll landsins, tilnefni hann. Ég er sammála n., sem samdi þetta frv., um það, að lengra verði ekki komizt í því efni. Síðan eru hér nokkur nýmæli. Yfirnefnd getur óskað þess, að nefndarhlutarnir tilnefni málflytjendur, það gæti flýtt fyrir málsmeðferð. Svo eru hér nokkur ákvæði, sem eiga að tryggja það, að verðlagningin geti tekizt á réttum tíma. Hér er líka ákvæði um það, að yfirnefnd skuli leggja fram grg. Það hefur stundum þótt hart, þegar menn hafa verið óánægðir með niðurstöður, að geta ekki krafið yfirnefnd um rökstudda grg. fyrir felldum úrskurði. Hér er svo ákvæði, sem segja má að komi á móti verkfallsrétti hjá öðrum, að það er hægt með ákveðinni kröfugerð og vissum aðgerðum að krefjast þess, að úrskurður gildi ekki nema 6 mánuði.

Ég vil enn minnast á nokkur atriði. Það er hér breyting, sem bændur telja til bóta, á ákvæðum um breytingu á verðlagi landbúnaðarvara í sambandi við breytt verðlag í landinu. Þau ákvæði, sem hér eru tekin upp, teljum við eðlileg. Við teljum, að þau muni spara óþarfa reiptog um þessi mál. Það er einnig í 11. gr. ákvæði

um að flýta verðlagningunni og um það, hvenær Hagstofan skuli skila sínum upplýsingum.

Við leggjum töluvert upp úr þeim breytingum, sem felast í 14. gr. og ég aðeins hef vikið að áður, þar sem kveðið er á um það, að samráð skuli haft við Sexmannanefnd og Framleiðsluráð landbúnaðarins í sambandi við niðurgreiðslurnar. Þetta er ekki þýðingarlítið atriði, að hafa það svart á hvítu, að við samtökin skuli ráðgast um þessi mál, enda þótt endanleg afgreiðsla þeirra hljóti að vera í höndum þeirrar ríkisstj., sem fer með völd á hverjum tíma. Þetta er þýðingarmikið, af því að sveiflur í niðurgreiðslunum geta verið næsta örlagaríkar fyrir afsetningu á landbúnaðarvörum á hverjum tíma. Svo er hér í lok þessarar greinar ákvæði um það, að heimilt sé að semja um, að hluti niðurgreiðslu einhverrar vörutegundar sé greiddur framleiðendum án tillits til framleiðslumagns, eða m. ö. o. greiða niður kostnað við búrekstur. Þarna er um nýmæli að ræða og þarna er komið aðeins til móts við hugmyndir um að breyta til um form niðurgreiðslna frá því, sem verið hefur. Þetta er ekki nánar tilgreint hér og yrði vafalaust útfært í reglugerð.

Í 15. gr. eru ákvæðin varðandi 10% trygginguna, útflutningsbæturnar. Ég vék að þeim áðan og skal ekki fjölyrða um þær frekar, en við teljum að þessar breytingar, sem þarna eru gerðar, séu mjög þýðingarmiklar og geti haft mikil áhrif til hagsbóta fyrir landbúnaðarframleiðsluna og landbúnaðinn í heild. Það er einnig fjarri okkur að gera lítið úr þeim ákvæðum, sem felast í 16. gr. frv., um aðgerðir til styrktar búsetu í þeim landshlutum, sem við sérstaka erfiðleika eiga að stríða og þar sem hættan er á eyðingu byggðar eða skortur verður á búvöru. Þetta er ekki eingöngu búsetuatriði í sveitunum, heldur er þarna líka um að ræða, ef skortur verður á búvöru fyrir þéttbýlisstaðina.

Þetta er nýmæli að nokkru leyti, þó áður hafi verið framkvæmd slík verðjöfnun með ýmsu móti í sambandi við flutninga á afurðum, þá er hér á vissan hátt og kannske að mestu leyti um nýmæli að ræða. Við teljum það mjög þýðingarmikið, að reynt verði að færa þessa starfsemi út. Það er öllum hv. þm. ljóst, að það þarf meira að gera en hækka almennt verðlag landbúnaðarframleiðslu. Það er auðvitað meginatriði að vinna að því að gera framleiðsluna ódýrari og hagfelldari og með öðrum hætti og öllu móti að stuðla að því, að þeir, sem hana stunda, geti fengið sambærilegar tekjur við aðrar stéttir. En þetta verður aldrei einhlítt. Það er svo gífurlegur aðstöðumunur innan bændastéttarinnar, sumpart vegna mismunandi árferðis eða mismunandi aðstöðu í landshlutum og fyrir margvíslegar aðrar ástæður, að það er einnig ákaflega þýðingarmikið að vinna á þessum væng og leitast við að gera ráðstafanir til þess að greiða fyrir þeim, sem á höllustum fæti standa, hvort sem það er eftir langvarandi kal og margra ára grasleysi eða þá af einhverjum öðrum ástæðum. Þess vegna er það, að þessi grein er að mínum dómi ákaflega þýðingarmikil.

Ég skal þá ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Mér fannst rétt, að ég gerði örlitla grein fyrir því, á hvern hátt ég lít á þetta frv. Ég held, að það sé nokkur spegilmynd af því, hvernig bændasamtökin og þeir menn yfirleitt, sem eru í forsvari fyrir bændastéttina og setið hafa fundi í þeirra stéttarsamtökum og verið kosnir í stjórn þeirra, líta á þessi mál. Við undirbúning þessa frv. hefur ekki orðið stórágreiningur innan bændasamtakanna og um langflest atriðin eru menn alveg sammála. Og það varð ekki á aukafundinum, sem haldinn var um það sérstaklega, harður ágreiningur um neitt nema kjarnfóðurgjaldið. Um það varð ágreiningur, og ég álít að það hafi verið gert óeðlilega mikið úr þessu atriði, því þetta er að mínum dómi ekki höfuðatriðið, þó að það sé auðvitað þýðingarmikið atriði, á hvern hátt menn jafna út, ef til þeirra hluta kæmi, nefnilega til vöntunar á útflutningsbótum. Mér fannst, að það væri gert óeðlilega mikið úr þessu atriði. En þetta var líka í raun og veru það eina, sem nokkur verulegur ágreiningur varð um, og úr þeim ágreiningi var skorið á þessum fundi með atkvgr., sem sýndi það, að margfaldur meiri hl. vildi prófa að taka inn þetta heimildarákvæði, þó að nokkrir væru því andvigir. Það hefur alltaf verið, eins og ég held ég hafi sagt áðan, aðall íslenzkra bændasamtaka, það er samhjálpin, hvort sem um er að ræða verzlunarfélög eða félög, sem annast afsetningu vörunnar.

Ég skal svo að lokum aðeins segja það, að ég vona, að þetta frv. verði afgr. hér á þessu þingi nú og að meginatriði þess megi haldast. Það er alltaf dálítill tviskinnungur í mönnum, þegar þeir eru að tala um meðferð mála hér á hv. Alþ. Annars vegar þýsnast menn yfir því, að allt sé fyrir fram undirbúið og lagt fram í föstum skorðum og megi ekki neinu breyta. Hins vegar, ef frv. er lagt fram eins og þetta, þar sem þeir, sem að því standa, þ. e. stjórnarliðið, eru sammála um meginatriði, en um aukaatriði er ágreiningur, sem Alþ. kemur þá til með að fjalla um, þá eru menn einnig að blása þetta upp og telja þetta eitthvað stórvítavert. Það er eins og fyrri daginn, það er erfitt að gera öllum til hæfis, en ég get ekkert séð við það að athuga, nema síður sé, þó að Alþ. við meðferð þessa frv. breyti þar nokkrum atriðum, ef megintilgangur frv. helzt óhaggaður.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þó að þetta mál, sem hér er til umr., fari til n., sem ég á sæti í, og út af fyrir sig megi segja, að það sé óþarfi fyrir mig á þessu stigi málsins að ræða mikið þessar frvgr., ekki sízt eftir síðustu ræðu, þá tel ég samt rétt að segja hér nokkur orð vegna ræðu hv. 1. þm. Sunnl. hér í dag og hv. 7. þm. Reykv.

Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. landbrh., hefur þetta frv. verið samið af n. og er flutt eins og þessi n. gekk frá frv. Ég er einn þeirra hv. þm., sem eiga sæti á stéttarsambandsfundi bænda, og mér er ekki launung á því, að það eru nokkur atriði í þessu frv., sem ég er óánægður með eða ekki fyllilega ánægður með, þó að ég líti á þau nokkuð öðrum augum en t. d. hv. 1. þm. Sunnl., og kem ég síðar að því. Það er t. d. atriði, sem hæstv. landbrh. gat um sérstak-

lega og ég er honum alveg sammála um, þessi kafli um kvótafyrirkomulag eða kvótakerfi. Ég held, að það væri breyting til bóta að fella þann kafla alveg úr og ýmis atriði önnur, sem þarf að skoða, og vita, hvort ekki er hægt að fá samstöðu um til breytinga, ef menn verða á einu máli um það, að eftir þær breytingar sé frv. betur úr garði gert. En ég mun ekki ræða þau atriði frekar.

Mér fannst það vera dálitið athyglisvert að hlusta á ræðu fyrrv. landbrh. áðan. Ég held, að ef hann hefði nú fundið eitthvað jákvætt við þetta frv., þá hefði málflutningur hans náð eyrum fleiri manna en mun hafa verið. En þessi neikvæða afstaða, að vera fyrir fram ákveðinn á móti eiginlega hverju atriði í frv., fannst mér dálitið einkennileg.

Ég varð því miður að fara frá og hlustaði ekki á hv. 7. þm. Reykv., en mér er tjáð, að hann hafi verið á móti frv. að öllu nema einu leyti, og það var kjarnfóðurskatturinn, og ég verð að segja það, að þó að ég hefði verið jafnvel með kjarnfóðurskattinum áður, þá hefði ég farið að athuga minn gang mjög eftir að fá þá yfirlýsingu úr þessari átt. En þar sem hann er á móti frv. að öðru leyti, þá hlýtur það að sannfæra flestalla hv. þm. um það, að þetta frv. hljóti að vera töluvert mikið til bóta frá því sem áður var, enda er sú raunin. Hitt er svo annað mál, að hér eru atriði, sem hefði mátt skoða svolítið nánar.

Það var eitt af þeim atriðum, sem hv. 5. þm. Austf. kom að áðan, það var í sambandi við 39. gr. Það má segja, að það sé mikið sök 1. þm. Sunnl., fyrrv. landbrh., að ýmsir bændur hafa aðhyllzt þá leið að óska frekar eftir verðjöfnun með fóðurbætisskatti en þeirri leið, sem hann valdi eða var lögfest undir hans forustu, þ. e. a. s. um verðmiðlunina. Árið 1958 kom þessi verðmiðlun mjög harkalega niður á sauðfjárbændum. Mér er tjáð, — ég hef ekki reiknað það út og ég verð þá leiðréttur, ef ég fer með skakka tölu, — að í þessari verðjöfnun hafi vantað í raun og veru 12% á verðið. Það munu hafa verið rúmar 100 millj., sem þurfti að verðjafna þá, og það var allt á þessa framleiðslu, og það er eitt af þeim atriðum, sem vantar alveg og er gengið fram hjá enn þá, að leyfilegt sé að verðjafna þannig, ef vantar útflutningsuppbætur, ef farin er þessi leið, að það sé látið ná til allrar þeirrar landbúnaðarframleiðslu, sem verðuppbætt er. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég mundi vilja láta skoða mjög, hvort ekki yrði talið til bóta að gera slíka breytingu á þessu frv. Það eru, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, mjög skiptar skoðanir, svo að ekki sé meira sagt, um að 39. gr. sé þannig úr garði gerð, að það í raun og veru standist, blátt áfram standist að innheimta verðjöfnunargjald eftir henni, ef vantar útflutningsbætur. Greinin er eingöngu þannig, að miðað er við að verðjafna innanlands.

Ég hafði nú líka gaman af því, þegar 1. þm. Sunnl. var að tala um kjör bændanna og þróun þessara mála, eins og hún hefur verið á undanförnum árum, og þegar hann var að minnast á þær miklu framkvæmdir, sem hafa verið, og góðan hag bændanna. Ég held nú, að framleiðsluaukningin á þessum síðasta áratug eða rúmlega það sé ekki mikil. Það er að vísu alveg rétt, að árferðið hefur haft þar veruleg áhrif, en það er líka fleira, sem kemur til. Ef við tökum áratuginn 1948—1958, þá er kindakjötsframleiðslan 1948 ekki nema 4 330 tonn, en 1958 er hún komin upp í 9 920 tonn. Hún fór svo upp í rúm 12 þús. tonn, en var á s. l. ári ekki nema 10 075 tonn. Mjólkurframleiðslan var 1948 rúml. 32 millj. lítra, en 1958 var hún komin upp í tæpar 70 millj. lítra. Á s. l. ári og undanfarin ár hefur þetta losað um 100 millj. lítra, var 105 millj. lítra á s. l. ári.

Ef við förum að líta á, hvernig hefur gengið með framkvæmdirnar á áratugnum áður og þessum síðasta áratug, og sérstaklega ef maður lítur á viss ár, þá er alveg sýnilegt, að framkvæmdir í landbúnaði hafa verið langtum minni á þessum áratug en áður. 1956 voru öll lán 45 millj. En til hvaða framkvæmda var lánað þá? Það var lánað til íbúðarhúsabygginga, útihúsabygginga í sveitum, ræktunar og gróðurhúsabygginga. En miðað við vísitölu núna hefði átt að lána til þessara framkvæmda milli 230 og 240 millj. Lán út á þessar framkvæmdir á s. l. ári, sem hefur verið talað um, að hafi verið metár, ná ekki 140 millj. út á sams konar framkvæmdir sem lánað var til á þessum árum. Og það er svipað, ef tekið er árið 1957, þá er það rúml. 51.5 millj. Þá var vísitalan 116 stig, en á árinu 1971 var byggingarvísitalan 532 stig, og það hefði jafngilt því, að það hefði, til þess að fjármagnið hefði sama framkvæmdamátt, þurft að vera rúml. 232 millj. Á s. l. ári var lánað út á allar framkvæmdir, í vélakaup, minkahús og vinnslustöðvar, samtals 254 millj. Það eru sem sagt milli 110 og 120 millj., sem lánaðar eru til annarra framkvæmda en lánað var út á á þessum árum.

Nú skulum við athuga, hvernig staða bændanna er, efnahagur bændanna, og hvernig þetta hefur gengið til.

Fyrrv. landbrh. sagði í ræðu sinni áðan, og við höfum oft deilt um það hér á undanförnum árum, hvaða laun bændurnir hafa haft út úr sínum búum í raun og veru. Það er auðvitað hægt að deila um það endalaust, eins og síðasti hv. ræðumaður kom inn á, eftir því hvernig maður gefur sér þær tölur, þær forsendur, sem reiknað er út frá, og ég samþykkti ekki þær tölur, sem Hagstofan reiknar út frá. Það er vegna þess, að þar er ýmsu í raun og veru sleppt, þeirra útkoma er þannig, að bilið er meira en Hagstofan segir til um, ef farið er ofan í þau mál nákvæmlega miðað við það skýrsluform, skattskýrsluform, sem við höfum búið við fram að þessu. En við skulum bara sleppa þessum tölum. Hvernig stendur á því með efnahag bændanna, að skuldaaukningin hefur orðið svona gífurleg á þessum árum, þrátt fyrir það að framkvæmdirnar hafa ekki verið eins miklar á s. l. áratug og t. d. áratugnum áður?

Hv. 1. þm. Sunnl. gat um það áðan í ræðu sinni, að það hefði verið eitthvað nýtt, þegar útflutningstryggingin var tekin upp 1960. Þetta er misskilningur eða misminni, þetta var tekið upp 1955, þegar framleiðslusjóðir til uppbóta á útflutta íslenzka framleiðslu voru teknir upp, bæði í sambandi við sjávarútveg og landbúnað, og það var byrjað þannig á því, að til þeirra landa, sem höfðu frjálsan gjaldeyri, voru útflutningsbæt-

urnar 35% á vöruna og til vöruskiptalandanna 17.5%. Landbúnaðurinn yfirleitt sat við þau beztu kjör, sem sjávarútvegurinn sat við á þessum árum, með sína útflutningsframleiðslu, og árið 1958 var þetta komið upp í 94%. En það var annað. Þegar breytingin varð 1960, þá var tekinn sá réttur af bændum að hækka verðið innanlands á sinni vöru til þess að ná verðinu, ef vantaði á útfluttu afurðirnar, og þessi breyting varð að mörgu leyti til tjóns fyrir landbúnaðinn. Það er alveg rétt, að á þessum árum litu margir þannig á, að þessi 10% verðtrygging mundi duga næstu ár. Það voru bara liðin 3 ár, unz hún dugði alls ekki, og svo þekkjum við þessa sögu og þarf ekki að rifja hana upp. Það hlóðust upp vörurnar hér, og það var ekki hægt að flytja út, vegna þess að það vantaði útflutningsuppbætur, og með þessari sorgarsögu, að það vantaði svona mikið 1968.

1. þm. Sunnl. talaði um, að það væru minnstu búin í raun og veru, sem gerðu útkomuna svona slæma. Það getur vel verið, að hann hafi athugað, hvernig þetta kemur út hér t. d. á Suðurlandi. En tilfellið er, að stærstu búin víða koma ekki betur út, þeir sem þurfa að kaupa vinnukraft, en litlu búin. Það þekki ég mjög vel. Það er einfaldlega vegna þess, að það hefur verið búið þannig að landbúnaðinum, að hann þolir ekki að borga kaup, eins og aðrir atvinnuvegir borga, og það kemur þannig út, að stærri búin, sem eru rekin með aðkeyptu vinnuafli, koma ekki betur út í mörgum tilfellum. Þetta er auðvitað breytilegt eftir ýmsum aðstæðum, en þau koma yfirleitt ekki betur út en litlu búin. Beztu búin, bezti reksturinn er á þeim búum, þar sem fjölskyldan vinnur að búunum, og þau eru af þeirri stærð, að fjölskyldan ræður vel við rekstur þeirra.

Hv. 1. þm. Sunnl. talaði um það áðan, að mjólkuriðnaðurinn væri kominn í gott lag, og manni skildist það á hans máli áðan, að ekki þyrfti nú mikil átök að gera í þeim málum. Ég hélt, af því að ekki eru margir mánuðir síðan þessi hv. þm. kom úr ráðherrastóli, að hann vissi nú betur, að á ýmsum stöðum er eftir að byggja upp mjólkursamlög og mjólkuriðnaðinn, og hefur verið fyrirhugað í mörg ár að gera það. Það er á öðrum stöðum, sem þetta er í lagi í bili, á meðan framleiðslan er ekki meiri en er í dag, en það er kannske vegna þess, hvað framleiðslan hefur vaxið litið á þessum síðustu árum.

Ég hefði vel getað unnt fyrrv. landbrh. að tala á annan veg en hann gerði í sambandi við þetta frv., þó að þar sé sjálfsagt, eins og um öll okkar mannanna verk, ýmislegt, sem gæti komið til álita og jafnvel gæti farið betur, þá væru líka mörg atriði í því, sem væru til mikilla bóta. Þegar við vorum að deila hér á árunum um framlagið til Landnáms ríkisins og einnig um framlagið, sem hann var nú búinn, eftir því sem ég kemst næst, að lofa í sambandi við uppbyggingu sláturhúsanna, þegar ekkert framlag kom til þess í Framleiðnisjóðinn, þá voru hér harðar umr. En þá var það nú svo, að þó að kannske þessi hv. þm., sem þá var landbrh., hafi allur verið af vilja gerður að standa við það, þá voru það einhverjir aðrir, sem tóku í hann, þannig að hann gat ekki innt þessi framlög af hendi. En ég held, að þessi 5 ár, sem ég hef verið á þingi, hafi sjaldan eða aldrei verið flutt jafnneikvæð ræða við 1. umr. um frv. hér á Alþ. og kom fram hjá þessum hv. ræðumanni áðan, því að það er bezt fyrir alla, þegar þeir eru að rökstyðja sinn málflutning, að viðurkenna það, sem betur hefur verið gert, en aftur að deila jafnvel harðara á það, sem í þeirra augum miður fer.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar nú. Mér gefst sjálfsagt tækifæri til þess að ræða þetta aftur við 2. umr., þegar þar að kemur. Ég vil endurtaka það, að ég mun beita mér fyrir breytingum, eftir því sem ég get, og ég vona, að menn gefi sér tíma til þess að athuga frv., og ef verður samkomulag um slíkar breytingar að athuguðu máli, að frv. verði talið þannig úr garði gert, að það nái betur sínum tilgangi. En ég vil líka undirstrika það sérstaklega, að ýmis ákvæði, sem eru í þessu frv. og eru ekki í gildandi lögum, eru til hagsbóta og horfa til betri hátta fyrir bændastéttina en sú löggjöf, sem við búum nú við.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér var það nokkur ánægja, að þeir félagarnir, hv. 1. þm. Sunnl. og hv. 7. þm. Reykv., skyldu taka svo hraustlega til máls hér í dag sem þeir gerðu. Að vísu er það svo með hv. 7. þm. Reykv., að það er ekki nýtt, að hann hristi hér úr klaufum í ræðustóli, en hv. 1. þm. Sunnl. hefur ekki gert það um þó nokkuð langan tíma. Hins vegar sparaði hann ekki gífuryrðin í dag eða dylgjurnar, en um það hef ég ekkert að segja, að því leyti sem þær sneru að mér og hæstv. ríkisstj., en hins vegar er það, sem sneri að öðrum og ég mun víkja hér síðar að. Annars mátti um ræður þessara ágætu félaga segja það, að það átti við, að margt kemur upp, þegar hjúin deila, og þar kom, þegar hv. 7. þm. Reykv. lýsti landbúnaðarstefnu þeirrar ríkisstj., sem hann sat í 12 ár ásamt hv. 1. þm. Sunnl., að hann lýsti henni á þann veg, að skort hefði alla skynsemi og búrekstrarstefnan væri að mestu leyti fásinna. Mér datt það líka í hug, þegar hv. 1. þm. Sunnl. sagði frá því, að hann hefði skipað n., sem hefði átt að starfa lengi, að einn úr hópi þeirra samherjanna, hv. 1. þm. Sunnl. og hv. 7. þm. Reykv., sagði mér frá því í haust, svona í gamni, að reglan hefði verið sú, að þegar hv. 7. þm. Reykv. hefði verið nýbúinn að flytja ræðu hjá kaupmannasamtökunum, en aðalinnihaldið var alltaf árás á landbúnaðinn, þá hefði hann á næsta fundi ríkisstj. alltaf hafið uppþot um það, að stefna ríkisstj. í landbúnaðarmálunum væri ekki verjandi, þá hefði verið talað um, að henni yrði að breyta, og þá hefði hv. 1. þm. Sunnl., þáv. landbrh., sagt: Já, já, ég skal bara skipa nefnd. Svo hefði n. setið aðgerðalítil oftast, þangað til næsta uppþot hefði átt sér stað, og þá hefði annaðhvort verið ákveðið að bæta í n. eða skipa aðra nýja. Mér fannst, að þessi frásögn, sem ég veit, að var rétt með farið, því maður sá þekkti mjög vel til innan dyra í þessum herbúðum, væri staðfest með yfirlýsingu hv. þm. um það, að n. hefði átt að starfa lengi.

Eitt af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. gagnrýndi mig fyrir í dag, var það, hvílíkur dugnaður það væri að reka áfram hvert málið öðru fremur. Það er

nú svo, að til þessa hefur ekki verið talin ástæða til að gagnrýna menn fyrir dugnað. En í sambandi við það, sem á er sótt um flutning frv. til breytingar á helztu löggjöf landbúnaðarins, þá langar mig til að skýra frá því, að það er aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem ályktaði um það að breyta lögunum um Framleiðsluráð og hefur ýtt á, að það mál næði fram að ganga. Af hverju skyldu nú heildarsamtök bændanna á landinu hafa sótt á um það, að þetta yrði endurskoðað og málinu ýtt áfram, enda hefur það verið í höndum forustumanna bændasamtakanna? Það skyldi þó ekki vera, að að þeirra dómi hafi verið ástæða til að vinna að breytingu? Af hverju er Búnaðarþing að sækja það fast að koma í gegn á þessu þingi málum sínum? Er það af því, að það hafi álitið, að þeim málum væri svo vel fyrir komið, að ekki væri ástæða til þess að endurskoðun færi fram á þeirri löggjöf? Af hverju sækir Búnaðarþing fast á það að koma áfram búfjárræktarlögunum? Þetta eru höfuðþættir búnaðarmálanna, — en af hverju sækja bændasamtökin á það að koma þessum málum í endurskoðun nú og koma þeim fram hér á Alþ.? Er það af því, að það hafi verið sérstaklega vel að þessum málum staðið á s. l. árum, — eða ekki? Af hverju sækir Búnaðarþingið í það að láta endurskoða nú alla löggjöf, er varðar ábúð á jörðum, eign á jörðum, Jarðakaupasjóð ríkisins og annað, er lýtur að umráðum og eign jarða? Það var eitt af fyrstu málum, sem forustumenn Búnaðarfélags Íslands, Búnaðarþings, komu með til mín, þegar ég var orðinn landbrh. Segir ekki þessi ásókn forustumanna bændasamtakanna sína sögu, og getur það ekki verið, að hv. 1. þm. Sunnl. sé eitthvað órólegur yfir því, að nú skuli málin tekin og reynt að ýta þeim áfram? Það er a. m. k. fullkomin ástæða til að ætla, að þessi samtök, sem bezt vita, hafi talið, að tími væri til kominn að ýta á framgang og breytingar á þessum höfuðþáttum búnaðarmálanna.

Hv. 1. þm. Sunnl. talaði um vinnubrögðin við undirbúning þessa lagafrv. Þeir hafa nú, hv. stjórnarandstæðingar, lagt sér til ýmis orð, sem þeim hafa orðið mjög hugstæð, og haldið, að þeir hafi þar fundið upp eitthvert „patent", sem þeir gætu notað við öll möguleg og ómöguleg tækifæri, og eitt af því er, að undirbúningur að lagafrv. væri nú verri en áður hefði verið. Nú skulum við líta nánar á þetta.

Í byrjun september s. l. var aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn austur á Höfn í Hornafirði. Ein ályktun þess fundar var sú, að óska eftir endurskoðun á framleiðsluráðslögunum. 14. s. m. skipaði landbrh. n. til að vinna að þessari endurskoðun og undirbúa frv. þar um. Og hverjir voru svo nm.? Voru það einhverjir aukvisar, sem þar voru að verki og áttu að vinna að þessum hagsmunamálum bændastéttarinnar? Nei, ég held, að það sé fjarri lagi, að svo hafi verið. Það voru forustumenn bændasamtakanna, heildarsamtakanna, víðs vegar af landinu. Þessum mönnum var dreift um landið, og þetta eru þeir menn, sem hafa fengið einna mestan trúnað hjá bændastéttinni í landinu. Það voru þrír af stjórnendum Stéttarsambands bænda, þ. á m. formaðurinn. Formaður þessarar n. var framkvæmdastjóri Framleiðsluráðsins, sem hefur verið frá upphafi. Hver efast um ágæti þessara manna til þess að vinna að endurskoðun löggjafar eins og framleiðsluráðslaganna? Þessu til viðbótar koma svo menn eins og Hjalti Gestsson ráðunautur frá Selfossi, sem gegnir hinu mesta trúnaðarstarfi fyrir sunnlenzka bændur. Auk þess að vera framkvæmdastjóri Búnaðarsambandsins þar og ráðunautur, er hann búnaðarþingsfulltrúi. Efast menn um, að þessi maður viti eins skil á högum bændanna á þessu svæði og hver annar? Nei, mér dettur ekki í hug að efast um það. Þessum til viðbótar koma svo Guðmundur bóndi á Skálpastöðum, Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður, Jónas Jónsson fulltrúi og svo Ólafur Björnsson prófessor, sem var formaður í n. þeirri, sem síðast endurskoðaði framleiðsluráðslögin. Hann var skipaður af hv. núv. 1. þm. Sunnl., þáv. landbrh. Svo leyfir þessi hv. þm. sér að halda því fram, að verk, sem þessir menn skila og lagt er hér inn á Alþ. án þess að breyta því, sem þeir endanlega gera, það sé illa undirbúið og illa unnið verk. Þessu til viðbótar kemur svo það, að ráðuneytisstjórinn í landbrn. hafði yfirfarið málið meðan það var á athugunarstigi hjá n., eftir að hún hafði skilað upphaflegum till. sínum, og í öðru lagi hafði svo aukafundur Stéttarsambands bænda fjallað um þetta mál. Var hann boðaður til þess eins að fjalla um það. Svo leyfir hv. 1. þm. Sunnl. sér að halda því fram, að þetta mál sé illa undirbúið, — mál, sem hefur fengið slíkan undirbúning sem þetta, og svo talaði þessi hv. þm. um það: jú, jú, menn endurskoðuðu lög til þess að bæta þau og menn vildu endurskoða þau, en þeir geti haft rangar skoðanir. Það voru rangar skoðanir, sem forustumenn bændasamtakanna í landinu höfðu, af því að þær féllu ekki að skoðunum hv. 1. þm. Sunnl. Ég leyfi mér að halda því fram, að það sé meira virði að fá samtök bændanna í landinu til þess að standa að baki slíku lagafrv. en skoðun hv. 1. þm. Sunnl., þó ég sé ekki að gera lítið úr henni. Hins vegar er það mín skoðun, að það sé mikils virði og það sé það, sem við stjórnmálamennirnir eigum að virða, þegar félagssamtök stéttanna fjalla um sín mál. Þá verðum við að virða þær skoðanir meira en annað. Og á því er flutningur þessa frv. byggður. Það þýðir ekki að halda því fram, að það sé hægt með nokkrum rökum að segja, að það séu rangar skoðanir, illa unnið mál, sem hefur fengið slíka meðferð hjá heildarsamtökum, Stéttarsambandi bænda. Þessu vona ég, að 1. þm. Sunnl. átti sig á, þótt hann hafi ekki gert það í dag. Út af fyrir sig má hann svo vera með alls konar dylgjur um það, að ég og aðrir í ríkisstj. hafi verið að gera þetta og hitt. Það, sem máli skiptir, er, að það er skjallega staðfest, að stéttarsambandsfundurinn afgreiddi málið með deilum um eitt atriði, sem var þó öruggur meiri hl. fyrir, en að öðru leyti samstætt, alveg án pólitískra skoðana, vegna þess að þeir létu málefnalega afstöðu ráða.

Svo kem ég að því, sem hv. 1. þm. Sunnl. dylgjaði hér um, þeirri skýrslu, sem er í grg., um mismun á tekjum bændastéttarinnar annars vegar og viðmiðunarstéttanna hins vegar. En áður en ég skil við þann þátt, sem ég var hér að ræða um í sambandi við undirbúning málsins, þá langar mig

til þess að taka dæmi um hinn góða undirbúning, og með leyfi hæstv. forseta vil ég fá að lesa hér upp úr grg. frv., sem var flutt hér fyrir nokkrum árum, en þar segir svo á bls. 11.

„Vegna mjög örrar framleiðsluaukningar í landbúnaðinum síðustu ár er nú svo komið að flytja verður meira magn af landbúnaðarvörum úr landinu en áður var. Útflutningstrygging skv. 12. gr. nægir ekki til að bæta verðið til framleiðenda í fullt grundvallarverð. Framleiðsluaukningin er mest í mjólk og vinnsluvörum úr mjólk, en þær gefa mun minna verð á erlendum markaði heldur en sauðfjárafurðir. Þetta orsakar það, að verðfall á framleiðslunni til bænda verður meira við að flytja á erlendan markað mjólkurvörur heldur en ef umframframleiðslan væri sauðfjárafurðir. Því þykir nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að beina framleiðslunni inn á hagkvæmari brautir. Hér er lagt til að bæta við 5. tölulið gr. tveim stafliðum, sem fela í sér, að Framleiðsluráði sé í fyrsta lagi heimilt að ákveða og innheimta gjald á erlent kjarnfóður, sem flutt er til landsins. Þetta miðar fyrst og fremst að því að draga úr óhagkvæmri mjólkurframleiðslu. Í annan stað væri Framleiðsluráði heimilt að fyrirskipa lægra útborgunarverð til bænda yfir sumartímann, en þá myndast sá toppur á mjólkurframleiðslunni, sem erfiðleikum veldur. Fé því, sem mjólkurbúin héldu þá eftir, ásamt innheimtugjaldi af kjarnfóðri, yrði varið til útflutningsbóta til viðbótar framlagi ríkissjóðs skv. 12. gr. og til að örva þá framleiðslu landbúnaðarvara, sem væri hagkvæmari fyrir bændastéttina og landbúnaðinn í heild.

Heimildir þessar yrðu því aðeins notaðar, að brýnnar skipulagningar sé þörf í þessu efni."

Hvar stendur nú þetta? Þetta stendur í grg. með frv. til laga um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem var lagt fram á Alþ., 86. löggjafarþingi 1965—66, af þáv. landbrh., hv. 1. þm. Sunnl.

Er þetta af því, að vinnubrögðin voru svo góð, að grg. er ekki samhljóða frv.? Er þetta fyrirmynd að vinnubrögðum, sem gefur hv. 1. þm. Sunnl. og öðrum hv. sjálfstæðismönnum tækifæri til að ræða um það í tíma og ótíma, að frv. og mál séu illa undirbúin? Það leynir sér heldur ekki, hvað þarna er verið að fara og hver rökstuðningur er hér í grg. með frv., sem hv. 1. þm. Sunnl. flutti sem þáv. landbrh. Það er svo saga út af fyrir sig, hvað hefur gerzt, sem gerði það að verkum, að frv. og grg. féllu ekki saman, en því gæti nú hv. 1. þm. Sunnl. skýrt okkur frá.

Ég sagði áðan, að hv. 1. þm. Sunnl. hefði verið með dylgjur og aðdróttanir í sambandi við útreikninga þá, sem birtir eru í grg. um viðmiðunarstéttirnar og tekjur bændastéttarinnar. Í sambandi við það atriði vil ég geta þess, að hér hef ég í höndunum skýrslu, sem unnin er af Efnahagsstofnuninni, starfsmanni hennar, sem þetta atriði grg. er byggt á. Hana lét hún n. í té 18. okt. s. l., og í sambandi við þær dylgjur, sem komu fram í ræðu hv. 1. þm. Sunnl. í dag, hef ég leitað eftir því hjá þeim starfsmanni Efnahagsstofnunarinnar, sem samdi þennan hluta grg., að láta mig hafa skýringar á því, sem þar er um að ræða, og vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa þá grg., sem ég fékk hér í dag, í sambandi við þessar aðdróttanir. Auðvitað voru aðdróttanirnar allar miðaðar við það, að ég hefði sem landbrh. reynt að beita áhrifum mínum til þess að fá þá, sem þessa skýrslu gerðu og settu upp, til að hafa hana á þann veg, að hún væri verri fyrir fyrirrennara minn en ástæða væri til. Hins vegar er það svo, að áhrif mín eða óskir mínar í sambandi við uppsetningu þarna er ekki að finna, því að n. vann þetta mál sjálfstætt.

En í því bréfi, sem ég fékk og er undirskrifað af Guðmundi Sigþórssyni, sem er búnaðarhagfræðingur og vann þetta hjá Efnahagsstofnuninni, en þar er hann starfsmaður, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Efni: Aths. um samanburð á tekjum bænda við tekjur viðmiðunarstéttanna.

Í grg. með frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er gerður samanburður á brúttótekjum viðmiðunarstéttanna. Fyrir bændur eru teknar þær tölur, sem eru meðalbrúttótekjur kvæntra karla á aldrinum 25—66 ára, sem árlega hafa birzt í Hagtíðindum. Fyrir viðmiðunarstéttirnar eru notaðar sömu upplýsingar og fundið vegið meðaltal brúttótekna þeirra starfsgreina, sem til þeirrar flokkunar teljast.

Með brúttótekjum er átt við tekjur skv. III. kafla framtalsskýrslna án nokkurs frádráttar, vaxtagreiðslna, fyrninga eða fasteignagjalda af útihúsum. Í brúttótekjum eru þannig atvinnutekjur eiginmannsins, konunnar og barna á framfæri framteljanda, hreinar tekjur af atvinnurekstri, tekjur af húsnæði, vaxtatekjur, skattskyld opinber framlög svo sem fjölskyldubætur o. fl. Ekki er fráleitt að álíta, að aðrir liðir í brúttótekjum en tekjur af atvinnurekstri og atvinnutekjur séu svipaðir hjá bændum og viðmiðunarstéttunum, þar sem einungis er um kvænta karla að ræða í úrtakinu. Í tölum um atvinnutekjur kvæntra karla innan viðmiðunarstéttanna, sem unnar voru af Efnahagsstofnuninni, eru einungis taldar atvinnutekjur mannsins, sem í grófum dráttum hafa numið um 80% af fyrrnefndum brúttótekjum undanfarin ár."

Hér er skýringin á því, sem hér er um að ræða. Ég hef fengið hér grg. frá Hagstofunni um árin 1969 og 1970, sem er mjög samhljóða því, sem fram kemur í grg. með þessu frv. Hér liggur því hreint fyrir, hvernig það verk er unnið, sem hér er lagt fram. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að menn fái út aðrar tölur, ef þeir bæta við þeim 20%, sem eru dregin frá þarna vegna þeirra tekna annarra en af búum, sem bændur hafa. En samanburður þessi er gerður á milli atvinnutekna þeirra af landbúnaði og annarra stétta, viðmiðunarstéttanna, eins og það er lagt til grundvallar, þegar verðákvörðun er tekin. Hér þarf því ekki að vera með neinar dylgjur. Hér tala staðreyndir einar, og þeim verður í engu breytt, þótt hv. 1. þm. Sunnl. komi fram með dylgjur og aðdróttanir, eins og hann gerði í ræðu sinni í dag.

Þá er það annað atriði, sem hv. 1. þm. Sunnl. vék að, og það var, að smáu búin dragi niður í sambandi við verðlagið. Og það hefur mikið verið notað í áróðrinum gegn bændum, að einmitt smábændurnir drægju niður og gerðu verðlagið raun-

verulega of hátt, eins og þeir halda fram, sem vilja gera það. Eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. áðan, þá hefur það sýnt sig við athugun, að afkoman á smærri búunum er ekki verri, þegar fullkomlega er tekið tillit til fjármagnskostnaðar og annars, sem stóru búunum fylgir.

Þá vék hv. 1. þm. Sunnl. að því, að framleiðsluráðslögin hefðu reynzt vel. Nú vil ég segja það í sambandi við það, sem ég sagði hér í dag, að ég var ekki að sneiða neitt að framleiðsluráðslöggunum, þótt ég teldi eðlilegt, að löggjöf, sem að stofni til væri svipuð og hún var fyrir 25 árum, þegar hún var upphaflega sett, þyrfti endurskoðunar við og væri látin njóta þess, sem reynslan hafði sýnt, að betur mætti fara. Hins vegar er ekki því að neita, að bæði hafa komið upp ýmsir ágallar í framkvæmd á löggjöfinni, sem ég vík að síðar, og svo hitt, að hún hefur ekki náð þeim tilgangi, sem ætlazt var til, að bændur hefðu svipaðar tekjur og viðmiðunarstéttirnar, eins og skýrslan í grg. sýnir, og þess vegna er stefnt að því með breytingum á framleiðsluráðslöggjöfinni að reyna að tryggja það betur. Það væri líka mjög fjarri öllu lagi, ef ég færi sérstaklega að sneiða að lögunum um Framleiðsluráð. Þau voru á sínum tíma sett að tilhlutan Framsfl. í samningum við stjórnarmyndun 1947 og leystu af hólmi búnaðarráðslöggjöfina, sem hafði litlar vinsældir hjá bændum og sett var af nýsköpunarstjórninni. Ég tel hins vegar, að það sé ekki hægt að tala um rangar skoðanir, þegar sett er hér fram frv., sem heildarsamtök bændanna í landinu hafa samþ., eftir að athugun á því hefur farið fram. Ég met ekki mínar skoðanir eða hv. 1. þm. Sunnl. lítils, en ég met samt og tel, að í þessu máli sé meira virði að hafa á bak við frv. heildarsamtökin í landinu heldur en skoðanir okkar beggja, þótt þær lægju saman, ef þær væru í andstöðu við það.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að útflutningsbæturnar hefðu dugað yfirleitt. Það er nú svo, að það fer eftir því, hvernig á það er litið. Ef við förum nokkuð í söguna, þá kemur annað upp í því, þó að mörg ár hafi þær dugað, en hins vegar hygg ég, að megi með réttu segja, að þær hafi í raun og veru ekki dugað, a. m. k. ekki náð því að duga alveg síðan 1965.

Við munum eftir því, þegar innvigtunargjaldið var tekið árið 1966. Hvernig var svo málið leyst á endanum? Það var leyst með þeim hætti, að í sambandi við lög um Framleiðnisjóð voru teknar 20 millj. til að bæta þetta upp, til að reyna að ná endum saman. Árin 1968—69 skorti um 120—130 millj. kr. til þess að ná þessu. Þá var þó notaður í sambandi við verðlagið gengishagnaðurinn af gærum, sem var 7 kr. á hvert kg, verðjöfnunargjald af kjötinu var um 5 kr. á hvert kg og á mjólkinni um 18 aurar. Þetta var gert til þess að reyna að draga úr skakkaföllunum, sem af þessari vöntun hefði getað leitt. Og eins og hv. 5. þm. Austf. tók fram áðan, það, sem vofði yfir, var einmitt sú hætta, að mismunun yrði hjá þeim, sem síðast flyttu út, að þar nægðu útflutningsuppbæturnar ekki og þeir sætu eftir, þótt aðrir hefðu fengið sitt. Við vitum það einnig, að vegna þess að niðurgreiðslur á innanlandsmarkaði hafa verið notaðar í verulegum mæli nú síðustu árin, þá hefur þetta verið léttara í meðförum en að öðrum kosti hefði orðið.

Þá kem ég að því atriði, sem hv. þm. taldi forkastanlegt í alla staði og er það atriði, sem raunverulega hefur valdið deilum, en það er ákvæði 3. gr. um gjald af innfluttum fóðurbæti. Í sambandi við það mál er frá mínum bæjardyrum séð ekki um neitt að ræða annað en leið til verðjöfnunar, ef útflutningsbæturnar þrjóta. Það er leið til þess að lenda ekki í þeirri hættu, að upp geti komið það, að einstök framleiðslufyrirtæki og einstakir hlutar njóti ekki útflutningsuppbóta og sitji eftir með skarðan hlut, sárt ennið, þegar aðrir hafi fengið sinn skerf og þar með eytt þeim möguleikum, sem útflutningsuppbæturnar gefa.

Nú skal ég taka það fram, að með þessu frv. skapast nokkru meira rými í sambandi við útflutningsuppbætur, ef hægt er að geyma þær á milli ára og þannig nota 10% heimildina, ef það næst ekki eitt árið, þá sé hægt að bæta þar um síðar. Þetta er nokkur trygging. En ég skal ekkert um það segja, hvort gjaldið á að vera 15%, 20% eða 25%, það er ekki mitt að meta það í þessu tilfelli, en ég lít bara á það þannig, að hér sé um að ræða sama þátt eins og verðjöfnunargjald, sem hefur verið notað. Það er val hjá þeim, sem ráða, hvor þessara leiða verður farin. Það má ekki nota þessa peninga nema í sambandi við útflutningsuppbæturnar. Það á að skila þeim aftur, ef þeirra þarf ekki með. Og það er alveg á valdi bændastéttarinnar sjálfrar, hvernig hún fer með þetta mál. Ég segi það aftur fyrir mitt leyti, að ég met ekki, hversu mikið þetta á að vera, en ég er sannfærður um, að þegar slíkir forustumenn sem hér eru að verki og þekkja svo vel til, telja nokkurs virði að fá þetta ákvæði inn, þá verði að gefa því gaum, og ég er líka sannfærður um það, að hér getur ekki orðið um misnotkun að ræða. Það er alveg eins ástatt með þessa fulltrúa bændastéttarinnar og okkur hv. alþm. Þessir menn ganga undir dóm kjósenda sinna á tveggja ára fresti. Ef þeir brytu þannig af sér, að stéttin treysti þeim ekki lengur, þá fá þeir ekki endurkjör eða traust á nýjan leik. Þess vegna er það aðhald, sem þarna er, það mikið, að ekki er hætta á að um misnotkun geti verið að ræða í þessu tilfelli.

Kvótakerfinu vék ég að í dag. Mér þykir, eins og ég þá sagði, ljóður á því, þó að ég líti svo á, að það sé skaðlaust að því leyti, að ég treysti félagssamtökum bænda til að fara með það mál þannig að meta það á réttan hátt, og það er í raun og veru ekki um annað að ræða þar en að hafa fleiri möguleika, ef út í slíka erfiðleika væri komið. Og að þeirra dómi er hér um stjórntæki að ræða, sem þeir, sem stýra þessum málum og þekkja þar bezt til, telja mikils virði að hafa í höndunum.

Þá langar mig að víkja nokkuð að 5% skattinum og vinnslustöðvunum. Hv. 1. þm. Sunnl. taldi, að það væri nú hinsegin að fara að afla fjár til þess að byggja upp þessar vinnslustöðvar. Í fyrsta lagi væri það svo, að búið væri að vinna þar mikið verk og þyrfti þess vegna ekki að fá sérstaka tekjuöflun til þess að koma því áfram. Hins vegar hélt ég nú, að hv. 1. þm. Sunnl. myndi eftir því, að mikið er ógert í sláturhúsunum enn þá, það

er minna í mjólkurbúunum, en þó held ég, að Mjólkurbú Eyfirðinga sé að hefja miklar framkvæmdir til að endurnýja sitt mjólkurbú. Það hefur orðið að framlengja hér ár eftir ár, og síðast nú á þessu þingi, lög um sláturhúsin, vegna þess að þau hafa ekki verið svo búin sem lögin gerðu ráð fyrir.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að þeir, sem færu í þessar framkvæmdir, fengju lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og vextina gætu þeir sett út í verðlagið. Nú er það svo, að þótt þeir fengju lán og kæmu vöxtunum þarna fyrir, þá mundi það ekki nægja, því að auðvitað verður að greiða þennan stofnkostnað niður. Svo hélt ég, að hv. 1. þm. Sunnl. ætti að muna það, að það hefur gengið æðiseint hjá sláturhúsunum að fá lán í Stofnlánadeild landbúnaðarins á undanförnum árum. Þetta hefur breytzt á síðustu árum, m. a. vegna mjög mikillar framgöngu af hálfu Stéttarsambandsins og stjórnar Stéttarsambandsins og Framleiðsluráðsins um að reyna að koma þessum málum í lag. Þeir hafa gert sér grein fyrir því, hvar skórinn kreppti að í þessu, og á s. l. hausti voru hús, sem áður höfðu útflutningsleyfi, svipt því, vegna þess að við eftirlit, sem þá var gert, var það leyfi tekið af þeim.

Ég hef hér tölur um það, hvað hefur verið lánað úr Stofnlánadeildinni á árunum 1967—1971. 1967 voru lánaðar 13.3 millj. kr., 1968 12 millj., 1969 15.6 millj., 1970 21.3 millj., en 1971 34.4 millj. kr. Þá var verulegri upphæð varið til þess að lána í sláturhúsin, miklu meira en áður hefur verið. Ég vil nefna sem dæmi sláturhús, sem ég þekki vel til, það er sláturhús Kaupfélags Borgfirðinga. 1964 var búið að verja til þeirrar byggingar 4.7 millj. kr. Það var ekki búið að fá eina einustu krónu að láni það ár. 1965 var búið að verja 12.3 milli. kr. Þá var lánið orðið 3 millj. 1966 var kostnaðurinn orðinn 21 millj. og lánsupphæðin 7.2 millj. í heild. 1967 var kostnaðurinn orðinn 34.9 millj., og það fékk ekkert lán það ár. Árið eftir var kostnaðurinn orðinn 35.9 millj. Þá fékk það 5.4 millj. kr. lán. Alls hefur verið lánað í þessa framkvæmd, sem kostar 36 millj. kr., 12.6 millj. kr. Auk þess er gengistap á þessum lánum 10.2 millj. kr., svo að kostnaður er alls 46.1 millj. kr. og lánið 12.6 millj. Ég held, að hv. 1. þm. Sunnl. ætti sig á því, að nokkurt fjármagn þarf til að brúa þetta bil. Og það er ljóst, að ef á að ná þessu fjármagni aftur, sem auðvitað verður að gera, ef ekki kemur annað til, í gegnum sláturkostnaðinn og láta það fara út í verðlagið, þá mundi það þýða, að sláturkostnaðurinn væri 4—6 kr. á hvert kg kindakjöts. Og það hefur verið, þó að þá sé reiknað með, að heildarvextir og afskriftir séu ekki nema 10%. Þess vegna var það, sem Stéttarsamband bænda leitaði eftir því við þennan hv. þm. sem þáv. landbrh., að lögð yrðu sérstök framlög í sláturhúsin til þess að ekki þyrfti að setja allan þennan kostnað út í verðlagið. Og hv. þm. hafði skilning á því og löngun til þess að reyna að leysa það mál, þó að honum tækist það ekki. En það var alltaf gert ráð fyrir því, að jafnhliða því sem þetta fjármagn kæmi frá ríkinu, þá yrði einnig að koma fjármagn frá Framleiðsluráðinu eða bændasamtökunum á einn eða annan hátt. Og ástæðan til þess, að það er farið að reyna að koma því máli að hér nú, er einmitt sú, að reynt er að leysa þennan þátt. Og ég vona, að hv. 1. þm. Sunnl. átti sig á nauðsyn þess. Ég mun síðar víkja aðeins að þessu atriði í sambandi við ræðu hv. 7. þm. Reykv.

Þá var það í sambandi við 5. gr. og sjómennina. Ég skýrði frá því hér í dag, — en ég veit, að hv. 1. þm. Sunnl. var þá búinn að semja sína ræðu og þess vegna hélt hann sig við það, sem þar stóð, — að með breytingunum, sem voru gerðar á lögunum 1966, voru felldir úr viðmiðunarstéttunum verkamenn og iðnaðarmenn í ákvæðisvinnu svo og sjómenn, sem tóku kaup sitt eftir aflahlut. Í framkvæmdinni hefur það svo orðið, að sjómenn hafa verið felldir niður, enda talið, að það væri þýðingarlaust að hafa þá í þeirri viðmiðun.

Þá gerði hv. 1. þm. Sunnl. aths. við þá skipan á samningsaðilum, sem nú er gert ráð fyrir, og gerði mikið úr því, að vont væri að sleppa út úr þessu kerfi heildarsamtökum verkalýðsfélaganna í landinu. Hv. 1. þm. Sunnl. á þó að muna það, að einmitt í hans ráðherratíð var þetta kerfi brotið niður. Það var brotið niður árið 1964, þegar ekki var hægt að fá fulltrúa stéttarfélaganna til þess að taka þátt í samningagerðinni. Og það var leyst með því, að hv. 1. þm. Sunnl., þáv. landbrh., varð að gefa út brbl. og skipa sérstaka n. til þess að vinna þetta verk. Í þessari n. voru Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs og Torfi Ásgeirsson. Og það þarf ekki orðum að því að eyða, að fulltrúi Alþýðusambandsins hefur síðan verið skipaður af ríkisvaldinu, en ekki tekið þátt í þessu starfi, enginn fulltrúi hefur verið frá heildarsamtökum Alþýðusambandsins. Og ég verð að segja það, að ég tel eðlilegra að breyta þá um form, ekki sízt þar sem bændasamtökin höfðu óskað eftir því, heldur en að byggja á formi, sem var búið að ganga sér til húðar.

Þá hafði hv. 1. þm. Sunnl. líka athugasemd við það að gera, þar sem segir í greininni, hvernig semja skuli, að það sé hægt að semja um fleiri atriði en verðlagið eitt. Nú er það svo, að fordæmið að þessu er einmitt frá hans ráðherratíð, frá árunum 1964 og 1966. Þá var samið í sambandi við að auka afurðalán á landbúnaði um sérstakt framlag til súgþurrkunar, það var samið um sérstakt framlag í Framleiðnisjóð, það var samið um sérstakt framlag í Jarðakaupasjóð, það var samið um öll þessi atriði, en það var ekki lögum samkvæmt, að þessir aðilar, sem þarna voru, sátu að samningum, ættu um þetta að semja. Ég sé því ekki, að það sé nein hætta fólgin í því, þó að þeir geti við samningsborðið tekið upp fleiri atriði en kjaramálin beint, sem þeir telja sér til hagsbóta.

Þá var hv. 1. þm. Sunnl. alveg hissa á því, ef ætti nú að fara að breyta einhverju í sambandi við niðurgreiðslur eða hugsanlegt væri að koma að öðru formi í sambandi við niðurgreiðslur, og orðaði það á þann veg, að það væri hægt að greiða það niður, þó að engin væri framleiðslan. Nú verð ég að segja það, að um niðurgreiðslur hafa orðið miklar umr., og því er ekki að neita, að menn hafa einmitt rætt um það, hvort aðrar leiðir væru heppilegri, eins og t. d. að greiða niður á framleiðslustiginu og annað því um líkt til þess að draga úr kostnaði við framleiðsluna. Sumir

hafa verið með hugmyndir um sérstaka greiðslu á býli eða greiða t. d. á mjólkina á framleiðslustigi, þegar hún kæmi að mjólkurbúi, en ekki á sölustiginu. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort þetta reynist betur, þegar farið verður að kryfja það til mergjar. Hér er ekki heldur um neitt annað að ræða en möguleika til þess að geta gripið til þess eða farið inn á þessa leið, ef hún reynist betur að dómi þeirra, sem um fjalla. Þess vegna finnst mér, að það þurfi engin goðgá að vera, þó að menn hafi hugkvæmni til þess að setja það í lögin, að það sé hægt að nota annað form en verið hefur í framkvæmd til þessa til þess að ná sama takmarki.

Niðurstaða hv. 1. þm. Sunnl. var eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, hún var mjög neikvæð og flest var það, sem miður fór í þessu frv., sem forustumenn bændasamtakanna höfðu þó ráðið mestu um. Hv. 1. þm. Sunnl. taldi, að frv. væri háskalegt og drægi úr dugnaði og annað því um líkt. Það er nú tízkuorð hjá þeim hv. stjórnarandstæðingum að tala um að draga úr dugnaði, og mér skilst að það sé miðað við það, að ef menn standi saman og hafi félagsleg vinnubrögð, þá hljóti það að draga úr dugnaði, en þá skortir mikið á, að þeir átti sig á félagslegri uppbyggingu, því að á þann hátt nýtast kraftar manna alltaf bezt. En ég sé nú ekki heldur, að það sé stefnt í háska eða dragi úr dugnaði eða framleiðslumöguleikum, þó að samtök bænda og aðrir vinni að því að gera áætlanir um skipulega framleiðslu í landbúnaði, þó að þeir tryggi sig með löggjöf til að ná því marki í kjarasamningum, sem að er stefnt, að betur sé að því staðið heldur en verið hefur í núgildandi lögum. Ég sé ekki heldur, að það sé neinn háski fólginn í því, þó að reynt sé að dreifa og jafna kostnaði við dreifingu á framleiðslu og framleiðsluvörum landbúnaðarins og nýta markaði þar betur. Það má vel vera, að þetta sé allt að dómi hv. 1. þm. Sunnl. til þess að draga úr framleiðslugetu og dugnaði, sé háskalegt. En ég er sannfærður um, að að dómi þeirra manna, sem eru félagshyggjumenn, er það ekki og mun sýna sig í framkvæmd, að betur nýtist.

Hv. 1. þm. Sunnl. taldi, að tíðarfarið mundi stjórna framleiðslunni á Íslandi eins og það hefði gert. Það, sem er verið að vinna að, er einmitt að reyna að koma í veg fyrir, að tíðarfarið eitt stjórni framleiðslu á Íslandi. Það er takmark bændastéttarinnar og það er takmark tækniframfara og vísinda, sem unnið er að á sviði landbúnaðarins, að reyna að koma í veg fyrir, að tíðarfarið sé það, sem ræður ferðinni.

Hv. 1. þm. Sunnl. talaði um, að í sinni stjórnartíð hefði ríkt framleiðslustefna, það yrði öðruvísi nú, þegar hans fjarvera kæmi til. En hvernig er það nú? Framleiðslustefna hans er ekki meiri en það, að því er rétt til skila haldið, að við höfum nóga landbúnaðarframleiðslu á þessu ári. Framleiðslustefna hans og uppbygging í landbúnaði var ekki meiri en svo, að einum þrisvar sinnum mun hafa orðið að veita bændum sérstaka aðstoð í sambandi við skuldamál á einum áratug, og framleiðslustefna hans og stefna í landbúnaðarmálum var ekki haldbetri en það, að fast að því 200 bændur voru á barmi gjaldþrots, þegar hann fór úr ráðherrastólnum. Svo getur hv. 1. þm. Sunnl. gert sér það til dundurs að kalla sitt ágæta framleiðslustefnu, en hinna annarra stefnu í öfuga átt.

Hv. 7. þm. Reykv. flutti hér ræðu í dag um þetta frv., og ég verð nú að taka undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., að ég vissi ekki alveg, hvert hann var að fara í fyrstu, en hann rétti sig þó af. Hann sagði, hv. 7. þm. Reykv., að það, sem skorti í frv., væri stefnumörkun. Hvernig er hægt í löggjöf að segja fyrir alveg, hvernig stefna eigi að vera í atvinnurekstri? Verður það ekki að gerast með þeim hætti, að þeir, sem í atvinnurekstrinum eru, og þeir, sem hafa það hlutverk hjá þjóðfélaginu að gera áætlanir og vinna að stefnumörkun, sitji saman og geri áætlun um þróun í atvinnugreininni í fyrst einn áratug og síðan frá ári til árs? Ég hef ekki skilning á því, að það sé hægt að koma að stefnumörkun með öðrum hætti, og það verður ekki gert með því að setja einhver ákvæði í lög, sem segja, að í þessa átt skuli stefna, en ekki hina. Það verður að sjálfsögðu að meta með þeim vinnubrögðum, sem áætlanir eru gerðar. Það er það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og ég hélt, að hv. 7. þm. Reykv. væri það vanur slíkum vinnubrögðum og kynni það góð skil á þeim, að hann sæi, að þarna væru möguleikar til æskilegrar stefnumörkunar.

Þá fór hv. 7. þm. Reykv. að tala um það, til þess að vera í takt við félaga sína, að hér væri um skyndivinnubrögð að ræða, eins og oft hefur heyrzt og ég skal ekki fara frekar út í, enda hef ég gert því atriði skil fyrr í ræðu minni. Þá taldi hv. 7. þm. Reykv., að það bæri að stefna að því, að framleiðsla á landbúnaðarvörum væri ekki meiri en það, sem innlendi markaðurinn gæti tekið við. Ég held, að það muni reynast erfitt að koma þeim málum svo fyrir, að annaðhvort sé þar ekki of eða van. Ef ekki verður um það að ræða, að það þurfi að selja eitthvað af landbúnaðarvörum umfram innlendan markað, þá hlýtur líka að verða skortur á landbúnaðarvörum. Það er alveg ljóst. Og það, sem er eitt af því, sem er kvöð á framleiðendum landbúnaðarvara, er einmitt að sjá þjóðinni fyrir nægum landbúnaðarvörum. Það hefur verið gert, og það er ætlað að gera það í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er vegna þessa arna, að landbúnaðarframleiðslan hefur og bændurnir hafa þær skyldur á herðum að sjá þjóðinni fyrir nægum landbúnaðarvörum, að þeir fá aftur á móti þá tryggingu, að ríkisvaldið greiðir mismun á verði á þeim vörum, sem út eru fluttar, allt að 10% framleiðslunnar. Ég verð að segja, að mér finnst þetta ekki nema eðlileg trygging, og það verður með engu móti hægt að tryggja það, að landbúnaðarvörur séu nægilegar hér á markaðnum, ef ekki er einhver slík trygging. Ég vil líka segja það, og ekki sízt er það orðið verulegt atriði nú í okkar aukna iðnaði, að ýmsar landbúnaðarvörur, svo sem gærur og ull, eru mikils virði sem hráefni hjá okkur og eru verulegur þáttur í uppbyggingu ýmissa byggða hérna víðs vegar úti um landið. Það getur verið skortur á og þörf fyrir að fá meira af ull og gærum, þó að ekki sé þörf fyrir kjötið. Mér var að vísu sagt í vor, að hv. 7. þm. Reykv. hefði talað um nauðsyn þess að framleiða ull og gærur án kjöts. Ég sagði, að þetta

hlyti að vera einhver misskilningur, en mér var næst að halda í dag, að þarna hefði ég farið villur vegar. En það er alveg ljóst og því vona ég, að hv. 7. þm. Reykv. átti sig á, að við höfum ekki nægjanlegt hráefni í ull og gærum, ef við höfum ekki of mikið af kjöti. Enda er það svo, að kjöt okkar er farið að seljast á erlendum mörkuðum fyrir sæmilegt verð, svo að ekki þarf þar miklu við að bæta.

Þá er það í sambandi við uppbyggingu sláturhúsanna og frystihúsanna. Þar fannst mér hv. 7. þm. Reykv. skella á skeið, svo að vixl yrði talið, því að hann virtist álíta, að hægt væri að byggja upp sláturhús, frystihús eða aðrar vinnslustöðvar, án þess að sú framleiðsla, sem færi fram í þessum stöðvum, yrði að bera það uppi í verðlaginu. Það þarf náttúrlega ekki að segja prófessor í viðskiptafræðum, nýendurhæfðum frá kóngsins Kaupmannahöfn, að það getur aldrei gerzt með öðrum hætti en að þar komi til beinir styrkir, eins og við höfum verið að ræða hér um, til þess að draga úr því, að þetta þurfi að fara í verðlagið. Að öðrum kosti verður að ná uppbyggingunni gegnum verðlagið. Það auðvitað verða frystihúsin að gera eins og aðrir, því að það er ekki hægt að byggja upp með öðrum hætti. Ég þekki það t. d. í sambandi við sláturhúsið í Borgarnesi, að það hefur orðið að taka til afskrifta af því af öðrum rekstri hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en venjuleg uppbygging í atvinnurekstri miðast við það, að afskriftirnar geti skilað sér aftur í gegnum rekstur þess atvinnutækis, sem þar er á ferðinni. Og ég er sannfærður um það, að þegar hv. 7. þm. Reykv. virðir það mál betur fyrir sér, þá verður hann mér sammála um það, að auðvitað verður þetta að skila sér aftur í gegnum verðlagið, nema því sé mætt á annan hátt, t. d. eins og lagt er til í þessu frv., með aðstoð ríkisvaldsins, til þess á þann hátt að ná niður verðinu á kjötinu, sem að öðrum kosti yrði að koma fram í verðlaginu.

Ég vil svo enda þetta með því, sem mun hafa fallið niður hjá mér hér í dag, að óska eftir því, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og hv. landbn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði sagt það í dag, að ég byggist ekki við að tala meira í málinu við þessa umr., en ég hef hlustað hér á ræður þriggja hv. framsóknarmanna og það er náttúrlega ýmislegt í þessum ræðum, sem væri eðlilegt að mótmæla og gera athugasemdir við. En vegna þess hve áliðið er kvölds, þá býst ég nú við, að ég stytti frekar mál mitt.

Hæstv. landbrh. fór nú inn á flest af því, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Austf. voru að tala um, og býst ég við, að það sé þá vinnuhagræðing í því að snúa sér fyrst að hæstv. ráðh. og sjá svo, hvað eftir verður, sem svara þarf hjá hinum.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að framleiðslustefna mín hefði ekki verið mikilvæg, það væri eiginlega svo komið, að við hefðum tæplega nóg af landbúnaðarvörum í landinu. Hæstv. ráðh. veit þó, að á þessu ári og á undanförnum árum hefur verið mikið flutt út af landbúnaðarvörum, mjólkurvörum og kjötvörum. Það verður minna af kjötvörum að þessu sinni, vegna þess að slátrunin var minni á s. l. hausti, enda mun sauðfé fjölga um 40 þús. á þessu ári. Það er þess vegna fjarstæða, þótt fólkinu hafi fjölgað að undanförnu og geri, að við höfum ekki enn umframframleiðslu í landbúnaði. En þessi umframframleiðsla mætti vissulega vera meiri, sérstaklega af sauðfjárafurðum. Og þess ber nú að geta, að á s. l. ári óx landbúnaðarframleiðslan um 9%, en það getur verið, að stefna nýju stjórnarinnar hafi haft einhver áhrif á þá aukningu. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að fullyrða um það, ég get alveg unnt hæstv. landbrh. þess, að hann telji núv. ríkisstj. það til þakka, að landbúnaðarframleiðslan óx svona mikið á s. l. ári. Það hefur náttúrlega ekki verið af því, að fyrrv. stjórn hafi lagt grundvöllinn að því með aukinni ræktun og véltækni, — en látum aðra dæma um það.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri ekki beysið, að þegar ég hefði farið úr ráðherrastólnum, þá hefðu um 200 bændur verið svo illa staddir, að legið hefði við gjaldþroti. Þetta er nú tæplega einn maður í hverjum hreppi á landinu til jafnaðar. En skyldi það vera nýmæli nú, að það finnist að jafnaði einn bóndi í hverjum hreppi á landinu, sem er illa staddur fjárhagslega? Það ber meira á þessu nú en áður, vegna þess að að þessu sinni hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta fyrir þessum mönnum og leitast við að rétta þeirra hag, þannig að þeir geti haldið áfram að búa. Áður voru þessir fátæku menn látnir afskiptalausir, og ég geri ráð fyrir því, að þeir hafi oft verið fleiri en 200 á landinu.

Það er enginn mælikvarði á stjórnarstefnuna, þótt finnist í landinu menn, sem komast illa af fjárhagslega. Til þess geta verið margar ástæður. Það getur verið heilsuleysi húsbóndans, það getur verið heilsuleysi konunnar, það getur verið kostnaður vegna heilsuleysis barnanna eða eitthvað þess háttar. Svo getur það auðvitað verið af því, að menn eru misjafnlega gerðir til búskapar eins og annarra starfa. Mér finnst satt að segja, að hæstv. ráðh. vilji tína flest til, þegar hann fer að tala um það, að þetta sé eitthvað, sem eigi að ásaka fyrrv. ríkisstj. fyrir. Ég hygg, að það megi fullyrða og skýrslur sanni það, að bændur hafi yfirleitt efnazt mjög mikið á undanförnum árum. Sem betur fer hafa þeir gert það. Og það er alveg rangt, sem sagt var hér áðan, að bændur hefðu safnað skuldum án þess að safna eignum á móti. Það er sannleikur, að á síðasta áratug hafa framkvæmdir í landbúnaði verið meiri en nokkru sinni áður. Það liggur skjalfest fyrir.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. var að tala um lánveitingar úr Búnaðarbankanum. Ég hef ekki fyrir mér skýrslur nú um lánveitingar úr Búnaðarbankanum, en hitt veit ég, að lánveitingar úr Búnaðarbankanum hafa verið miklar á undanförnum árum. Ég hef ekki borið það saman við það, sem var á áratugnum 1950—1960, en það man ég, að framkvæmdirnar á seinni áratugnum voru miklu meiri en á þeim fyrri og þær hafa verið gerðar fyrir fjármagn, sem fengið hefur verið að láni eða bændurnir hafa átt sjálfir.

Er þá fyrst til að taka, þar sem er túnræktin. Túnræktin var frá 1960—1971 til jafnaðar 4400 ha.

á ári, að ég held nærri nákvæmlega, en á áratugnum 1950—1960 2700 ha., og eins og ég sagði í dag, þá munar litlu, að túnin hafi stækkað um helming á þessum 12 árum. Ég man það, að rúmmetrafjöldi í heyhlöðum var milli 30 og 40% meiri á árunum 1960—1970 en á árunum 1950—1960. Ég man það, að fjós á árunum 1960—1970 voru 25% fleiri en á árunum 1950—1960. Ég man það, að votheyshlöður voru að rúmmáli 35% stærri en á fyrri áratugnum. Og við vitum það, að á seinni áratugnum hefur vélum, t. d. dráttarvélum, fjölgað um helming. Það var tæplega ein dráttarvél á hverjum bæ 1960, en þær eru 2 eða 2.3 í dag. Þannig er það með vélvæðinguna, þannig er það með ræktunina. En hv. 4. þm. Norðurl. e. segir, að framkvæmdirnar hafi verið minni. Ég veit ekki, hvort hv. 5. þm. Austf. vill taka undir þetta. Hann hafði engar fullyrðingar uppi um þetta. Það liggur við að segja, að hæstv. ráðh. væri á sömu skoðun. En þetta er rangt, og það er enginn vandi fyrir þessa hv. ræðumenn að sannfæra sig um það, hafi þeir óviljandi verið með rangar fullyrðingar.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að það væri skrýtið af mér að vera að tala um, að það væri ákvæði í þessu frv., sem gæti dregið úr dugnaði manna og framkvæmd. Hæstv. ráðh. sagði t. d.: Skyldi það draga úr dugnaði að gera skipulega áætlun og reyna að fá betri útkomu fyrir bændur? — Skyldi ég nokkurn tíma hafa haldið því fram, að þetta gæti dregið úr dugnaði manna? Nei, langt frá því. Það var ekki þetta, það var allt annað, sem ég átti við. Það var t. d. þetta að greiða niður vöru, sem aldrei hefur verið framleidd. Satt að segja hélt ég, að þetta hefði verið sett inn í frv. alveg í ógáti, en hæstv. ráðh. lét orð að því liggja, að þetta kæmi til greina. Ég sagði einnig í dag, að það gæti dregið úr dugnaði manna, ef mönnum væri refsað fyrir að framleiða mikið, t. d. það, að þegar framleiðslan er komin að einhverju magni, þá eigi þeir að fá lægra verð fyrir vöruna. En mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. skammast sín fyrir þetta ákvæði í frv. Að þetta skyldi geta komið fyrir þessa ágætu menn, sem sömdu frv., og það skyldi hafa getað gerzt, að stéttarsambandsfundurinn léti þetta fram hjá sér fara án þess að mótmæla því, því skil ég nú ekkert í.

Ég sagði enn fremur, að það gæti dregið úr dugnaði manna, ef þeim væri refsað með því að skattleggja þá sérstaklega fyrir að framleiða vöru. T. d. á sá hluti bændastéttarinnar, sem framleiðir mjólk, að skattleggjast til að bæta fyrir einhverjum landshluta, sem stendur illa að vígi, eða bæta hag þeirra, sem illa eru settir. Ég fordæmdi þetta ákvæði í frv. um leið og ég sagði, að það gæti verið fyllilega réttmætt að hlaupa undir bagga með þeim bændum, sem væru illa settir, og þeim landshlutum, sem sérstaka þörf hafa fyrir það, en það eigi að gerast af almannafé, en ekki með því að skattleggja vissan hluta bændastéttarinnar aukalega umfram aðra þegna þjóðfélagsins. En þetta er stefna frv., og það er þetta, sem ég get ekki sætt mig við. Ég tel, að í okkar harðbýla landi eigum við ekki að stuðla að því að draga úr dugnaði og framtaki, heldur miklu frekar að ýta undir það.

Hæstv. ráðh. talaði um 5% fóðurbætisskattinn og vinnslustöðvarnar og var dálítið hneykslaður á því, að ég skyldi ekki fagna þessu ákvæði í frv., vegna þess að enn væri eftir að endurbæta mörg sláturhús og einnig nokkur mjólkurbú, t. d. í Eyjafirði. Við vitum, að það verður alltaf á hverju ári að endurbæta vinnslustöðvar landbúnaðarins og það verður alltaf að leggja eitthvert fjármagn í það. Það hefur Sexmannanefnd m. a. viðurkennt að nokkru leyti að undanförnu með því að áætla dreifingar- og vinnslukostnað þannig, að stöðvarnar gætu fengið nokkurt fjármagn til sín, og Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur núna á seinni árum, — það er alveg rétt, það er ekki fyrr en nú á seinustu árum, — farið að lána til vinnslustöðvanna. Það var ekki fyrr, en sá skilningur er alveg upp kominn nú, að þess þurfi með. En það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að til þess þarf nokkru meira en þessi lán, og það kemur m. a. með því að fá það í gegnum verðlagningu búvörunnar og að nokkru leyti með styrkjum frá ríkinu. Til þess var Framleiðnisjóður m. a. stofnaður og í þessu skyni var fjárframlag tekið upp í fjárlög nú og nokkru áður. Ég held þess vegna, að eins og það hefur verið gert stórt átak í því að endurbyggja og endurbæta vinnslustöðvar landbúnaðarins að undanförnu, eins megi halda áfram að gera það án þess að taka þetta ákvæði í lög.

Þá sagði hæstv. ráðh., að sexmannanefndarkerfið hefði gengið sér til húðar, ég hefði einu sinni þurft að gefa út brbl. til þess að bjarga því máli. Það er rétt, að ég þurfti einu sinni að gefa út brbl., vegna þess að það var neitað að skipa í nefndina. En það var ekki nema eitt ár, sem þetta var svona, og alltaf síðan hafa Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefnt menn í n. Alþýðusambandið hefur neitað síðustu árin að tilnefna mann, en samkvæmt lögum um Framleiðsluráð var séð fyrir því, ef til þess kæmi, að einhver neitaði að tilnefna mann, með því að félmrh. tilnefndi þá mann í þess stað. En það er allmikill munur á því, hvort samtök neytenda eiga rétt á að tilnefna mann eða rétturinn er tekinn af þeim, og ég fullyrði það enn, sem ég sagði í dag, að einmitt þessi samvinna á milli bænda og neytenda hefur leitt til þess að skapa stóraukinn skilning á milli stéttanna og draga úr þeirri spennu og þeim misskilningi, sem oft var áður, þegar verðlagið var ákveðið á haustin. Og ég man eftir því haustið 1970, þegar verðlag búvörunnar hafði verið ákveðið og það hækkaði verulega, að ég var kallaður á fund í Húsmæðrafélagi Reykjavíkur til þess að ræða um verðlag búvörunnar. Ég bjóst við, að þetta gæti orðið nokkuð erfiður fundur, en það varð ekki. Það var vegna þess, að ég gat sagt það, sem rétt var, að fulltrúar neytenda hefðu samþykkt þetta verð, eftir að þeir höfðu sannfært sig um, að verðið væri sanngjarnt og eðlilegt. Þetta verður ekki hægt að nota eftirleiðis. Ef neytendur verða óánægðir með búvöruverðið, þá verða það fulltrúar, sem ríkisstj. hefur skipað, en ekki fulltrúar, sem neytendasamtökin hafa tilnefnt, sem unnið hafa að verðlagningunni, og á því er reginmunur.

Hæstv. ráðh. undraðist, að ég skyldi gera athugasemd við, að það mætti semja við ríkisstj.

um styrki og framlög í staðinn fyrir verðhækkun á búvörunni. Hæstv. ráðh. sagði, að undanfarið hefði oft verið samið við ríkisstj. á ýmsan hátt, og það er rétt. En mér þótti vænt um, að hv. 5. þm. Austf. tók það fram, að þeir samningar hefðu aldrei gengið út yfir verðlagninguna, aldrei orðið til þess að lækka verðlagið. En hvernig er þetta orðað í frv., eins og það er núna? Gefur það ekki fyllilega í skyn, að framlög, sem ríkisstj. kannske vildi láta í samningum, gætu gengið út yfir verðið, þannig að bændur fengju ekki það verð, sem þeim bæri, ef það væri tekið á móti styrknum, sem væri látinn ganga til einhvers byggðarlags, sem væri illa úti, eða til bænda, sem væru illa settir?

Með leyfi hæstv. forseta, þá leyfi ég mér að lesa hér upphaf 7. gr. „Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða.“ Það þarf að leitast við að ná samkomulagi við ríkisstj. Þá segir: „Í því sambandi er heimilt að semja um sérstök fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, að því er varðar verðlagsmálin.“ Ég veit, að hv. alþm. hafa lesið þetta og skilja alveg, hvað í þessu felst. Með því að lögfesta þetta er verið að bjóða heim verzlun og viðskiptum, annars vegar að fá einhvern styrk handa vissum landshlutum eða vissum hópi bænda og hins vegar að slá af verðinu, sem allir bændur hefðu átt að fá. Ég held, að svona viðskipti, ef þau ættu sér stað, væru ekki holl, þau mundu ekki ýta undir framtak manna, heldur miklu frekar draga úr framtaki og stuðla að því, að menn héldu að sér höndum.

Hæstv. ráðh. talaði hér um tölurnar, sem fylgja grg. Hann nefndi hér mann frá Efnahagsstofnuninni, sem ég þekki ekki, getur verið ágætur og vandaður maður, Guðmundur Sigþórsson. Það er hann, sem hefur gefið upp þessar tölur, og af því að einhver starfsmaður hjá Efnahagsstofnuninni gefur upp nýjar tölur, þá ber að fara eftir þeim og virða þær og hafa þá svipaða skoðun og hv. 4. þm. Norðurl. e., þegar hann sagði hér áðan, að hann tæki ekki mark á tölum Hagstofunnar. Það virðist vera svo, að hæstv. landbrh. geri það ekki heldur, og ég segi nú bara: Það verða fleiri en ég, sem hneykslast á þessari töflu, sem hér er prentuð og er notuð sem viðmiðun. Ég tók það fram í dag, að ég tryði því ekki, að þetta væri viljandi gert, ég tryði því ekki á nm., og ég dróttaði því ekki að hæstv. landbrh., að hann hefði átt hlut í því að koma hér með rangar tölur. Það er rangt, sem hann var að gefa í skyn, að ég hafi nokkuð verið að dylgja um það, að hann ætti þátt í því, að þessar tölur væru hér prentaðar með. En hér eru komnar rangar tölur, — og hvers vegna eru þær komnar? Er ekki eðlilegt, að sumum detti í hug, að þær séu komnar vegna þess, að þær sýni, ef þær eru notaðar, verri útkomu, verri árangur hjá fyrrverandi stjórn í sambandi við það að útvega bændum fullt verð fyrir afurðirnar eða svipuð laun og viðmiðunarstéttirnar hafa haft? Ætli það verði ekki fleiri en ég, sem undrast það, að þessar tölur, sem hér eru prentaðar, eru allt aðrar tölur en þær, sem Hagstofan hefur gefið út og hafa verið notaðar undanfarin ár.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði margir, sem vilja taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e., þegar hann segir, að hann taki ekki mark á tölum Hagstofunnar. Og ég öfunda hæstv. landbrh. ekki að því að hafa beint eða óbeint tekið undir þessa fullyrðingu. Ég er hér með Hagtíðindin, Hagtíðindin koma út mánaðarlega. Það eru skýrslur, sem allir hafa til þessa reitt sig á. Það er ekki fyrr en nú, að gefið er út þskj. og í það prentað, að þær tölur, sem Hagstofan hafi gefið út, séu rangar. Það er sagt hér í þskj., að viðmiðunarstéttirnar hafi haft 316 þús. kr. 1969, en Hagstofan segir, að það hafi verið 277 þús. Í þskj. er sagt, að viðmiðunarstéttirnar hafi haft 276 þús. 1968, en Hagstofan segir 238 400. Hann er mikill maður þessi Guðmundur Sigþórsson. (Gripið fram í: Þú ættir nú að vita það.) Nei, ég hef ekki vitað það, vegna þess að ég hef aldrei séð hann og ekki þekkt hann. (Gripið fram í.) Ég hef búizt við því, að þessi maður væri ágætur, og mér var bent á, að þetta væri hagfræðingur, og ég varð ekki var við annað en að nm. væru ánægðir með að fá hann. En þetta eru alveg ný kynni af þessum manni. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að hann hafi viljandi reiknað skakkt, heldur hljóta þessar tölur að vera til komnar vegna þess, að forsendurnar séu skakkar, sem reiknað er eftir. Þetta er eitthvað svipað því, þegar tölvurnar í Háskólanum voru mataðar vitlaust í haust. En ég gæti nefnt fleiri tölur. 1967 er talið hér í þskj., að viðmiðunarstéttirnar hafi haft 300 þús. kr., en Hagstofan segir 231 954, og þannig mætti telja lengi.

Finnst nú hv. þm. ekki eðlilegt, að athugasemd sé gerð við annað eins og þetta? Gæti það verið, að þessar tölur væru hér komnar skjalfestar til þess að hafa til viðmiðunar eftir stjórnarskiptin? (Gripið fram í.) Ég er ekki að gefa þetta í skyn, en ég vil bara spyrja, hvort þetta gæti verið. Það gæti verið þægilegt fyrir hæstv. landbrh. að geta vitnað í þessar tölur og sagt eftir eitt eða tvö ár: Svona var nú þetta, þegar ég tók við. Nú sjáið þið, hvernig þetta er, og kannske þætti eðlilegt eftir 2—3 ár að nota hagstofutölurnar aftur í samanburðinum, til þess að hann yrði hagstæður. (Gripið fram í: Er ekki gott að athuga, hvernig hagstofutölurnar eru fengnar?) Það er náttúrlega alveg sjálfsagt fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. að yfirheyra hagstofustjóra, setja hann á spurningabekk og yfirheyra hann um það, hvernig hann annist sína útreikninga hjá Hagstofunni og á hverju hann byggi hagskýrslurnar. Það verður hv. 4. þm. Norðurl. e. að gera. Ég ætla ekki að gera það. Ég hef álitið, að hagstofustjóri væri með hæfustu embættismönnum, samvizkusamur og vel að sér, og ég ætla, að hann hafi það álit hjá þjóðinni almennt. En svo vill til, að ég hef hér skjal, sem er bæði frá Efnahagsstofnuninni og Hagstofunni, og það er viðskiptafræðingur, sem fékk þessar tölur upp í báðum stofnunum, og þeim ber saman. Það eru tölurnar, sem ég las upp í dag. Það eru tölurnar, sem sýna, að það vantaði 1969 15.4% til þess að bændur hefðu sams konar tekjur og viðmiðunarstéttirnar, og mér fannst nóg, að það skyldi vanta. Þetta hefur batnað nokkuð á árinu 1970, vegna þess að þá vann bændastéttin á vegna batnandi árferðis og hefur vonandi aftur unnið á 1971. Þessar tölur

sýna, að 1965 höfðu bændur og viðmiðunarstéttirnar fullkomlega sambærilegar tekjur. 1964 vantaði 0.6%, 1963 6%, 1962 5.1%, og þetta eru tölur, sem ber saman, frá Efnahagsstofnuninni og Hagstofunni. Þessum tölum verður vitanlega haldið til haga, ef hæstv. landbrh. fæst ekki til að leiðrétta þá töflu, sem hér hefur verið prentuð, og nota réttar tölur til viðmiðunar, þegar talað er um kjör bænda miðað við viðmiðunarstéttirnar. En það ætlast ég til, að gert verði, að hæstv. ráðh. berji ekki höfðinu við steininn, heldur vilji hafa það, sem sannara reynist.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að ég hefði gert mikið úr því, að smáu búin drægju niður meðaltalið, þegar verið væri að gera þennan samanburð. Ég spyr nú: Dettur nokkrum manni í hug, að hálft vísitölubú geti útvegað bændum fullar tekjur? En við vitum það, að enda þótt meðalbúin hafi stækkað á síðustu árum, þá eru enn mörg bú sem eru aðeins hálf vísitölubú og jafnvel minna en það. Þessi bú hljóta að gefa lágar tekjur og draga niður meðaltalið.

Þá kemur nú hæstv. ráðh. að fóðurbætisskattinum. Það var gaman að því, að hann las upp úr grg. frá 1960 með frv., sem ég flutti þá. Þetta frv. var samið af n. og hún lagði til, að það yrði lagður á fóðurbætisskattur, sem ég var á móti. Hæstv. ráðh. hefur nú verið 9 mánuði í ráðherrastóli, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hann gangi sjálfur endanlega frá frv., en hann les þau ábyggilega yfir og hann segir til um það, hvað eigi að strika út, eins og ég gerði. Ég strikaði út ákvæðið um fóðurbætisskattinn í frv. og ætlaðist vitanlega til, að grg. yrði leiðrétt líka, en þetta er allt annað en sá undirbúningur og sá flýtir, sem ég var að tala um í dag. Þó að grg. væri prentuð upp og væri ekki í samræmi við frv., þá hafði hún enga efnisbreytingu á frv., og ég minnist þess ekki, að það hafi verið fundið að frágangi frv. 1960 efnislega. Þetta var meinlaust grín hjá hæstv. ráðh., að lesa þetta upp, en það meiðir engan og gerir hvorki honum gagn né mér nokkurt ógagn.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að nauðsynlegt væri að fá fóðurbætisskattinn til þess að tryggja það, að málin færu ekki í öngþveiti. Ég hef nú starfað ánægjulega með stjórn Stéttarsambands bænda og fulltrúum bænda í Sexmannanefnd í 12 ár, og sannleikurinn er sá, að alltaf var þessum málum bjargað.

Hv. 5. þm. Austf. talaði um innvigtunargjaldið og fannst það slæmt, þegar það var á lagt, en sagði svo í lokin: En sem betur fór varð lítið af þessu. Þessu var að mestu leyti skilað aftur, og þetta kom ekki að neinni sök. — Það er sannleikurinn í málinu. Stundum leit þetta kannske ekki sem bezt út, en málin leystust farsællega, þannig að fulltrúar bænda í stjórn Stéttarsambandsins og aðrir voru eftir atvikum ánægðir með það, hvernig þetta leystist allt saman með því að fá aukagreiðslur úr ríkissjóði, eins og minnzt var á hér áðan, 20 millj. kr. Það var sagt, að það hefði verið tekið frá Framleiðnisjóði. Framleiðnisjóður átti þá að fá 50 millj. kr., en fékk 30 millj. Það var matsatriði, hvað við ættum að kalla þetta, hvort við ættum að segja, að Framleiðnisjóður fengi 50 millj. eða bara 30 millj. og hitt væri bein greiðsla úr ríkissjóði. Og aukagreiðslur hafa komið hverju sinni til þess að bjarga málinu, þannig að þetta varð ekki neitt til skaða. Þess vegna segi ég það, að útflutningsbæturnar hafa að mestu leyti dugað til þess að útvega bændum fullt verð, en þó ekki, ef ekki hefðu komið aukagreiðslur til annars staðar frá, — aukagreiðslur, sem ríkisstj. hjálpaði til með að færu fram. Og ég hygg nú, að hæstv. landbrh. vilji hugsa þannig, að hann gæti nú kannske gert eitthvað í þessum málum, ef gæfi á bátinn, ekkert síður en fyrrv. ríkisstj., án þess að fara að lögfesta heimild til þess að leggja á fóðurbætinn 25% gjald.

Hæstv. ráðh. talaði um 7 manna n., að hún hefði átt að starfa lengi, það hefði ekki verið á eftir henni rekið. Það er rétt. Það var ekki mikið rekið á eftir þessari n., vegna þess að hún var skipuð til að endurskoða lög, sem ekki voru nema fjögurra ára gömul, þegar n. var skipuð í fyrstu, lög, sem höfðu verið afgreidd og samþykkt af miklum meiri hl. Alþ. og fulltrúar bænda höfðu lagt blessun sína yfir. Ég minnist ekki þess, að í því frv., sem var lögfest 1966, hafi nokkuð verið, sem fulltrúar bænda voru á móti og töldu sig ekki vera ánægða með. Ég býst ekki við, að nokkur maður lái mér það, þótt ég hafi ekki talið ástæðu til þess að hraða sérstaklega endurskoðun laga, sem þannig voru til komin. En vegna þess að jafnvel góð lög geta orðið betri, þá var þessi n. skipuð og fékk erindisbréf um það að leita eftir því, hvað gæti betur farið í löggjöfinni, og ætla sér góðan tíma til þess. Og það er áreiðanlega rétt, sem hér var sagt í kvöld, að n. var búin að vinna allmerkilegt undirbúningsstarf. En hún fékk ekki að ljúka störfum, vegna þess að hæstv. landbrh. vildi flýta sér með endurskoðun á framleiðsluráðslögunum, enda stendur það í Ólafskveri, að það skuli gert. Og það samkomulag, sem ríkisstj. hefur gert sín á milli, þarf ekki að fara saman við það, sem er bezt fyrir bændur og tryggir bezt þeirra hagsmuni.

Ég býst við því, að það sé ýmislegt í þessu frv., sem Stéttarsamband bænda er óánægt með, enda kom það fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., sem þykir gott að vera í þeirri n., sem þetta frv. fer til. Hann sagði, að hann mundi beita sér fyrir viðtækum breytingum á frv. (SV: Ég sagði það alls ekki.) Hvað var það þá? (SV: Nokkrum breytingum.) Nokkrum breytingum. Ja, það þýðir hvorki fyrir mig né hv. þm. að fara rangt með í þessu tilfelli, vegna þess að þetta er allt saman tekið upp. Ég skrifaði þetta ekki orðrétt, en ég held, að það sé alveg rétt, að þm. hafi heitið því að beita sér fyrir viðtækum breytingum, og ég segi hv. þm. þetta ekki til lasts, heldur hróss. En þetta sýnir, að fulltrúar á stéttarsambandsfundi voru ekki alls kostar ánægðir. Og ég hef talað við marga bændur, sem hafa fengið hugmynd um, hvað er í þessu frv., og þeir eru á móti því.

Ég met mikils fulltrúa, sem mæta á stéttarsambandsfundi bænda, en ég hef gert mér ljóst, að þeim getur yfirsézt alveg eins og okkur öllum hinum. Ég minnist þess, að bændasamtökin kölluðu saman aukafund hér um árið, það er ekki langt síðan, til þess að mótmæla inngöngu Íslands í EFTA. Þetta segi ég ekki til þess að lasta fulltrúa bænda, heldur til þess að sýna fram á, að þeim getur yfirsézt. Ég býst við, að flestir

þeirra hafi séð eftir því litlu síðar að hafa tekið þannig skakka afstöðu til málsins. Og þegar það hefur gerzt einu sinni, þá getur það gerzt aftur.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri nú vitnisburður um það, hvernig málin stæðu eftir stjórnarskiptin, að bændasamtökin og Búnaðarfélagið óskuðu eftir breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni yfirleitt. En hvernig er með landbúnaðarlöggjöfina? Er langt síðan landbúnaðarlöggjöfin var endurskoðuð? Það eru 5 ár síðan framleiðsluráðslögin voru endurskoðuð. Hvað eru mörg ár síðan jarðræktarlögin voru endurskoðuð? Eru það ekki 5 eða 6 ár? Þau voru samþ. hér í hv. Alþ., að ég ætla, með shlj. atkv. Og ég man ekki eftir því, að fulltrúar bænda hafi þá ekki fengið sett inn í jarðræktarlögin það, sem þeir óskuðu að lögfesta.

Ég held þess vegna, að þegar þannig var að málum búið, þá sé ekki endilega nauðsynlegt að hraða endurskoðun, þannig að það gefist ekki tími til að semja frv. þannig, að þau séu sæmilega úr garði gerð. Sama máli er að gegna um búfjárræktarlögin. Það er álíka langt síðan þau voru endurskoðuð og samþ. af fulltrúum bænda samhljóða hér á hv. Alþingi. Ég man ekki betur en við endurskoðunina væri sett inn í lögin það, sem fulltrúar bænda og bændasamtökin vildu fá.

Nú er ég ekki, síður en svo, að finna að því, þó að Búnaðarþing óski eftir endurskoðun á þessari löggjöf. En það getur ekki verið vegna þess, að löggjöfin hafi verið svo slæm, að ekki væri hægt við hana að una, vegna þess að fyrir 4—5 árum þótti þetta ágætt og var samþ. af fulltrúum bændasamtakanna.

Hæstv. ráðh. talaði um ábúðarlögin, að það ætti einnig að endurskoða þau. Það er nú eitthvað lengra síðan þau lög voru endurskoðuð, og má vel vera, að það sé kominn tími til þess og ástæða til þess.

Hæstv. ráðh. kom aftur að frv. og n., sem hafði samið frv., og vegna þess hve mennirnir væru ágætir, sem í n. voru, þá hlyti frv. einnig að vera ágætt. Ég tók það fram í dag, að ég þekkti suma af þessum mönnum, sem í n. voru, og vissi, að það væru ágætismenn. En jafnvel þótt ágætir menn séu í einni n., þá er það engin trygging fyrir því, að það frv., sem þeir eru að semja, verði gallalítið, og sízt af öllu, ef þeir hafa fengið forskrift vegna málefnasamnings ríkisstj. um það, hvernig frv. ætti að vera í aðalatriðum, — sízt af öllu þá. En það leikur grunur á því, að n. hafi fengið forskrift, vegna þess að fulltrúar bænda vildu allt annað en fulltrúar Alþb. og fulltrúar SF. Við skulum minnast þess, að 1966, þegar framleiðsluráðslögin voru endurskoðuð, þá var það Hannibal Valdimarsson, núv. hæstv. félmrh., sem skar sig út úr og vildi ekki fella sig við það frv., sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sameinuðust um. Og það er keimur af þeirri skoðun, sem kom fram í n. 1966 hjá Hannibal Valdimarssyni. Það er sami keimurinn af þessu frv. Og Alþb.-menn hafa haft aðra skoðun á þessu máli en þeir, sem telja sig sérstaklega fulltrúa bænda. N. varð þess vegna að taka tillit til þess, sem stóð í Ólafskveri. Áður en hún tók til starfa, var henni uppálagt að lesa það, sennilega bæði kvölds og morgna, eins og oft hefur áður verið sagt. Það er þess vegna ekki sök n. nema að nokkru leyti, hvernig þetta frv. er, enda kemur það fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og það hefur komið fram hjá fleiri bændum og bændafulltrúum, að þeir eru ekki ánægðir með frv. og þá stefnu, sem það mótar. Sú stefna er ekki holl. Það er sem rauður þráður í gegnum frv. að draga úr dugnaði manna og verðlauna jafnvel það, sem ekki gengur vel.

Ég hef nú í stærstu dráttum tekið fyrir það, sem hæstv. landbrh. var að tala um, þegar hann beindi orðum sínum til mín, og ég tel, að ég hafi að fullu hrakið þær fullyrðingar, sem hann var með, þegar hann var að dásama þetta frv. Ég skal viðurkenna, að það er miklu léttara fyrir mig að gagnrýna þetta frv., þegar stuðningsmenn ríkisstj. hjálpa mér til þess, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég get ekki hugsað mér betri aðstoð en þá, sem hann hefur veitt mér með því að fagna því að eiga þess kost í landbn. að gera breytingar á frv. Við skulum, hv. 4. þm. Norðurl. e., láta það liggja á milli hluta, hvort þm. hefur fagnað því að geta gert víðtækar breytingar eða bara breytingar. Ég skal sætta mig við það, að þm. hafi fagnað því að eiga þess kost að gera breytingar á frv., en þegar handritið kemur, sjáum við, hvort „víðtækar" stendur þar fyrir framan, og þá er það náttúrlega enn þá betra.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að fara að taka þetta nánar, sem hv. 5. þm. Austf. og hv. 4. þm. Norðurl. e. sögðu. Þetta hefur tvinnazt nokkuð saman, sem hæstv. ráðh. sagði og þeir, og í rauninni hef ég svarað þessum tveimur hv. þm. um leið og ég svaraði hæstv. ráðh. Það er bezt að fullyrða ekkert um það, hvort ég tek aftur til máls við þessa umr. Ég gerði það í dag, ég bjóst alls ekki við að þurfa að tala nema einu sinni við 1. umr. málsins. En það getur verið gott að eiga til góða nokkrar aths., vegna þess að bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og hæstv. ráðh. hafa enn búið sig undir að tala í málinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að lengja þessar umr. með því að endurtaka það, sem ég sagði hér í kvöld, því að ég þekki hv. 1. þm. Sunnl. það í umr., að það er erfitt að fá hann til þess að átta sig á hlutunum, þó að farið sé með þá á þann veg, að honum sé sýnt það, að hann hafi misskilið þá, því að þá er það hans háttur að endurtaka það í næstu ræðu, sem hann sagði á undan. En það er aðeins það atriði, sem ég tel máli skipta, sem ég vildi skýra hér og undirstrika, að ég sagði ekki eitt einasta orð í ræðu minni um það, að það, sem frá Hagstofu Íslands hefði komið, væri ekki rétt. Ég mótmæli því og lýsi því hér með yfir, að ég hef aldrei sagt það, að frá Hagstofu Íslands kæmu ekki réttir hlutir, og geri það ekki heldur hér. Það, sem skorti á í sambandi við það, sem hér er um að ræða, er, að hv. 1. þm. Sunnl. byggir sinn samanburð á misskilningi, eins og ég las upp í grg. þeirri, sem Guðmundur Sigþórsson sendi mér í dag og ég hygg, að hæstv. þm. hafi einnig fengið. Og það er líka alveg fjarri lagi að vera með neinar aðdróttanir í garð þess unga manns. En þar segir Guðmundur Sigþórsson, með leyfi hæstv. forseta, sem ég skal endurtaka, þó að ég læsi það í kvöld, hann segir:

„Með brúttótekjum er átt við tekjur skv. III. kafla framtalsskýrslna án nokkurs frádráttar, vaxtagreiðslna, fyrninga eða fasteignagjalda af útihúsum. Í brúttótekjum eru þannig atvinnutekjur eiginmannsins, konunnar og barna á framfæri framteljanda, hreinar tekjur af atvinnurekstri, tekjur af húsnæði, vaxtatekjur, skattskyld opinber framlög, svo sem fjölskyldubætur o. fl. Ekki er fráleitt að álíta, að aðrir liðir í brúttótekjum en tekjur af atvinnurekstri og atvinnutekjur séu svipaðir hjá bændum og viðmiðunarstéttunum, þar sem einungis er um kvænta karla að ræða í úrtakinu. Í tölum um atvinnutekjur kvæntra karla innan viðmiðunarstéttanna, sem unnar voru af Efnahagsstofnuninni, eru einungis taldar atvinnutekjur mannsins, sem í grófum dráttum hafa numið um 80% af fyrrnefndum brúttótekjum undanfarin ár."

Það er þessi samanburður, sem hv. 1. þm. Sunnl. skortir að hafa inni í sínum tölum. Og ef hann ber þetta saman við skýrslu frá Hagstofunni, sem ég hef einnig í höndum, — og það hefur ekki áhrif á Hagstofuna, hvort tölurnar eru unnar fyrir eða eftir stjórnarskipti og ekki heldur þessar tölur í Efnahagsstofnuninni, — segir þar, að á árinu 1969 sé munurinn 74.6%, en í skýrslunni hér eru aðeins ekki notaðir um það neinir aukastafir, m. ö. o. segir þar 74.6%, en í skýrslunni er það 74%. Sjá þá allir, hvort hér er ekki um hliðstæðan samanburð að ræða, ef hv. 1. þm. Sunnl. vildi gera svo vel að reyna að átta sig á forsendunum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú orðið áliðið og ég mun ekki tefja þess vegna þessar umr. lengi. En ég geri ráð fyrir því, að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm., þegar hv. 1. þm. Sunnl. var að tala hér áðan, að öll hans verk í þessi 12 ár hefðu verið þannig, að það væri a. m. k. óþarfi að gera endurskoðun á slíkum lögum. Sem sagt, verk hans hafa verið það fullkomin að hans mati, miðað við þann málflutning, sem hann hefur hér haft í frammi, að það væri eiginlega ósvinna að láta sér detta það í hug, að hægt væri að bæta þar nokkuð um.

Þm. talaði um það, að bændur hefðu verið látnir afskiptalausir hér áður og það hefði ekki komið þess vegna fram, hvernig hagur þeirra hefði verið. Það er auðséð, að hv. þm. hefur ekki áttað sig á því, að sú stefna, sem hann tók upp, þegar hann settist í ráðherrastólinn, var að stórhækka vextina. Bankavextirnir voru t. d. um tíma 12% og vextirnir í Stofnlánadeildinni voru hækkaðir úr 2.5% á íbúðarhúsalánunum upp í 4% og úr 4% upp í 6.5% af öðrum lánum, fyrir utan svo stofnlánadeildarskattinn, sem hann innleiddi, þannig að þau vaxtakjör, sem bændur bjuggu við, eftir að hann varð ráðh., voru yfirleitt 10—11% í raun og veru, ef stofnlánadeildarskatturinn var tekinn með. Þetta var breytingin, sem varð á þessum málum, þegar hv. þm. tók við landbrn. Og svo er hann að tala um, að nú sé ekki hugsað eins um bændurna og áður í sambandi við þeirra kjör, þó að þessi hafi verið breytingin á málunum, þegar hann tók við.

Hv. þm. gat um það, að ég hefði sagt, að ég tæki ekki mark á tölum Hagstofunnar. Ég sagði að ég þyrfti að vita, hvernig þessar tölur væru fengnar, áður en ég tæki þær góðar og gildar. Og miðað við það skattskýrsluform, — ég tók það fram, — sem bændur hafa búið við, miðað við það, að t. d. renturnar eru settar á þeirra einkaskýrslu, og eins og frá þessum málum er gengið, þá verður maður að vita, hvernig þessar tölur eru fengnar, til þess að sjá, hvort þarna er um hliðstæðan samanburð að ræða. Og hvernig stendur á því, að t. d. tölur frá Stéttarsambandi bænda og tölur frá Hagstofunni hafa ekki farið saman á undanförnum árum? Hvernig stendur á því? Það er vegna þess, að það er reiknað út frá allt öðrum forsendum. Sú er ástæðan.

Það var nú dálítið einkennilegur málflutningur hjá hv. þm., sem hann beitti nú síðast í ræðu sinni, og raunar gefur það dálítla innsýn í, hvernig hann hefur unnið, sem kemur mér ekkert á óvart, í sínum ráðherrastól. Hann sagðist hafa strikað út það, sem honum hefði sýnzt í sambandi við frv., sem komu fram, og svo fannst honum það vera ákaflega undarlegt, ef við gætum í n. breytt frv., sem kæmi frá ríkisstj. Það er von, að maðurinn sé undrandi. Þetta var yfirleitt ekki hægt, á meðan hann sat í ráðherrastól og meðan viðreisnarstjórnin sat að völdum. Það var ekki hægt að breyta neinum staf. Þm. voru hér handjárnaðir, stjórnarliðið, og urðu bara að gera svo vel og greiða atkv. eins og ráðh. sögðu. Það er ákaflega eðlilegt, að þessi hv. þm. sé undrandi á þessari breytingu, að nú skuli það vera orðið þannig, að þm. geti farið að beita sér fyrir breytingum, ef þeir koma sér saman um þær og halda, að þær séu til bóta. (Gripið fram í.) Nei, það er merkilegt, að þetta skuli geta átt sér stað. En þm. er búinn að vera svo lengi í ráðherrastól og búinn að binda sig svo fast í þessi vinnubrögð, að hann verður náttúrlega alveg undrandi, og það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem hlustuðu á mál hans áðan.

Í sambandi við innvigtunargjaldið sagði þm., að það hefði ekki komið að sök, þó að vantað hefði 18 aura á mjólkurlítrann. Það hefði ekki komið að sök, þó að vantað hefði 5 kr. á hvert kg af kindakjöti. En ég er hræddur um, að bændunum, sem urðu fyrir því, að það vantaði þetta verð á þeirra framleiðslu þetta ár, hafi fundizt, að það kæmi að sök, þó að þessi hv. þm. liti þannig á málið, meðan hann var í ráðherrastól, að það kæmi ekki að sök. (Gripið fram í.) Ég get ekki gert að því, þó að þm. hafi lítinn skilning, það er hans mál.

Í sambandi við það, að það hafi verið góð samvinna á milli bænda og neytenda um verðlagninguna, þá man ég ekki betur en það hafi verið mismunandi, þetta samkomulag, og ég heyri það á málflutningi hv. 1. þm. Sunnl., að hann gerir ráð fyrir því, að hann komi aftur í ráðherrastól, því að hann kvíðir fyrir því, ef hann getur ekki skýlt sér á bak við þessa samninganefnd, sem var kölluð samninganefnd neytendasamtakanna. En ég man vel árið 1967, þegar hinn frægi dómur kom, og ég sagði það fyrir á hv. Alþ., að sá dómur mundi verða á þann veg, að bændur fengju enga hækkun, vegna þess að við vissum, að þessari n. var í raun og veru stjórnað af ríkisstj., enda kemur það í ljós núna, að hv. þm. er alveg

undrandi á því og skilur ekkert í því, trúir ekki öðru en að n., sem samdi þetta frv., sem við erum hér að fjalla um, hafi fengið einhver sérstök fyrirmæli um, sjálfsagt frá ríkisstj., hvernig ætti að semja frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta meira að sinni. En ég tók það fram í ræðu minni áðan, að ég mundi beita mér fyrir nokkrum breytingum á frv. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingum?) Ja, ég get upplýst þm. um það t. d., að það er um þá breytingu á 39. gr., að það verði lagt svipað eða sama gjald á allar þær vörur, sem verðábyrgð nær til, en ekki eins og er nú í lögum, að það sé bara út á þá grein, sem vantar í hvert sinn. (**Gripið fram í:** Og fleira?) Ég ætla ekki að svara þm. frekar að þessu sinni. Ég sé, að 1. þm. Sunnl. er farinn hér úr fundarsal. En ég vildi óska eftir því, að hann hjálpaði mér við eitt, og það væri að láta athuga um það, svo það kæmi glögglega fram, hvernig framkvæmdamáttur þess fjár, sem Stofnlánadeildin hefur lánað á undanförnum tveimur áratugum, er í raun og veru, þannig að það liggi á borðinu, hvort framkvæmdir á þessum áratug, sem hann sat hér í ráðherrastól, hafa verið eins og hann segir eða hvort það hefur verið, eins og ég sagði áðan, að framkvæmdirnar hefðu verið minni í hans ráðherradómi en áður var.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er svo stutt liðið á kvöldið, að ég sé nú ekki ástæðu að láta hjá líða að gera örfáar, en aðeins fáar og stuttar aths. við hið undarlega tal, sem mér finnst hér vera haft í frammi í sambandi við þetta frv. að hv. stjórnarandstæðingum. Það er t. d. fjölyrt um það, að n., sem undirbýr þetta mál, hafi unnið eftir einhverri forskrift, og það er farið að tala um stjórnarsáttmálann, það muni hafa verið einhver fyrirmæli, sem erfið reyndust fyrir n. til að vinna eftir. Hvað er í stjórnarsáttmálanum um landbúnaðarmál? Um landbúnaðarmálin eru örfáar setningar. Kjarnapunkturinn er sá að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. En auk þess eru tekin upp í stjórnarsáttmálann nokkur atriði varðandi framfarir í landbúnaði, sem ekki tókst á 12 ára valdatíma viðreisnarstjórnarinnar að fá framkvæmd. Það eru t. d. tekin þar upp ákvæði um úrbætur í lánamálum. Sumt af því er þegar búið að framkvæma, eins og hækkun húsnæðislána og hækkun lána til jarðakaupa, sem voru búin að standa óbreytt að krónutölu árum saman. En það er ekkert sérstakt í stjórnarsáttmálanum um það, sem hér var verið að gera, þ. e. að endurskoða lög um Framleiðsluráð. En hvaðan var sú forskrift, sem n. vann eftir í þessu máli? Hún er frá bændasamtökunum. Bændasamtökin hafa á undanförnum árum gert samþykktir um nauðsyn þess að endurskoða þessi lög. Í samræmi við þær óskir var við því snúizt að gera þá endurskoðun og vinna að henni af röggsemi, en ekki á margra ára tímabili, eins og útlitið var, að yrði í 7 manna n. sælu, sem ég átti sæti í. Þarna var forskriftin komin, og eftir henni var vissulega unnið. Hvernig átti annað að vera en að unnið yrði eftir þeirri forskrift, þar sem í n. voru að meginhluta menn nátengdir bændasamtökunum ellegar beint úr bændastéttinni komnir ellegar menn, sem höfðu á undangengnum árum, eins og prófessor Ólafur Björnsson, einmitt unnið alveg sérstaklega að undirbúningi landbúnaðarlöggjafar? Það var varla hugsanlegt annað en farið yrði eftir þessari forskrift í meginatriðum, og það var þessi forskrift, sem n. hafði sér til leiðbeiningar.

Svo er verið að tala um það hér, að bændur hafi efnazt einhver lifandi ósköp á undanförnum árum. Jafnframt hafa verið birtar hér tölur um tekjur bænda. Og þó að menn greini nokkuð á um þær í einstökum atriðum vegna misskilnings, þá eru allir sammála um, að aðalatriðið í þeim er það, að tekjur bænda hafa ekki náð því, sem ráð var fyrir gert í lögum né að vera hliðstæðar við tekjur annarra vinnandi stétta, eins og það er orðað, eða nánar tiltekið þeirra viðmiðunarstétta, sem menn komu sér saman um að hafa til hliðsjónar. Þrátt fyrir þetta, þó að þarna muni miklu bændum í óhag, þá er hv. þm., fyrrv. landbrh., að tala um það, að bændur hafi efnazt einhver ósköp á undangengnum árum alveg sérstaklega. En ef þeir hafa aukið eignir sínar þrátt fyrir þennan halla í tekjuviðmiðun við aðra, hvernig stendur þá á því? Jú, það er auðséð, það getur ekki af öðru verið en af tveimur ástæðum: Annars vegar þeirri, að bændastéttin hefur í heild lagt hart að sér til þess að auka uppbyggingu og eignamyndun í atvinnugreininni, og hins vegar þeirri, að hún hefur notið lánsfjár eins og aðrir, sem í framkvæmdum standa á þessu landi, og sú notkun lánsfjár hefur einnig orðið til eignaaukningar, vegna þess að lánin eru nokkuð löng og verðbólguvöxturinn hefur hjálpað til þess að greiða þau niður og á þann hátt stuðlað einnig að eignaaukningu. En það er eiginlega broslegt að heyra menn vera að tala um það, um leið og þeir eru að rifja upp þessar neikvæðu tölur um tekjur bænda úr skýrslum Hagstofu og annarra slíkra stofnana, — heyra þá um leið vera að tala um einhvern sérstakan og furðulegan, vil ég segja, eignaauka eða að bændur hafi hagnazt alveg sér í lagi á þessu árabili.

Hv. þm. hafa leyft sér að segja það hér, að það gangi eins og rauður þráður gegnum þetta frv. viðleitni til þess að draga úr dugnaði bænda. Hvers konar tal er þetta og hverju þjónar svona tal? Það á að draga úr dugnaði bænda, ef breytt er formi niðurgreiðslna eða gefin heimild til þess. Og svo er óskapazt yfir ákvæðum um verðjöfnun. Það er óskapazt yfir því og nánast fordæmt í ræðu hérna rétt áðan að verðjafna skal milli héraða. Þetta gerði hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. landbrh. Hvað er búið að gera á undanförnum árum annað en þetta undir stjórn hans sem þáv. landbrh.? Þetta hefur verið gert í ýmsum greinum, í sambandi við mjólkurframleiðslu fyrst og fremst. Það hefur verið verðjafnað á milli héraða samkv. þeim lögum, sem hann sjálfur beitti sér fyrir að endurnýja á sínum tíma. Og svo er hann að fordæma þetta nú. Þessu kann ég afar illa. Þetta finnst mér raunar vera tal hins metta, sem heldur sig standa tveim fótum í jötu á framleiðslusvæði, þar sem tiltölulega góð skilyrði eru, miðað við íslenzkar aðstæður, og betri en í öðrum landshlutum. En þá gleymir hann því, sem búið er að gera á undanförnum árum og undir hans stjórn.

Þetta er í stíl við það, að þegar langt var komið rafvæðingu sveitanna í þéttbýlustu héruðunum, þá var slakað á rafvæðingunni í dreifbýlinu, þannig að hún datt niður í brot af því, sem hún hafði verið á ári undir stjórn þessa sama manns. (Gripið fram í.) Þetta er hliðstæða eigi að síður og gefur manni nokkra skýringu á þessu tali, svo furðulegt sem það er. En verðjöfnun í mörgum myndum og samhjálp margvísleg hefur verið snar þáttur í merkri félagsmálasögu íslenzkra bænda á undangengnum árum og það verður ekki aftur snúið í þeim efnum, hvað sem þessi hv. þm. segir nú. Það verður ekki gert.

Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. hefur eiginlega gert sér fulla grein fyrir mismunandi ákvæðum 39. gr. Annars vegar er talað um verðmiðlun almennt og þar er að finna ákvæði um þau atriði, sem ég nefndi áðan og framkvæmd hafa verið á undanförnum árum. Þau hafa verið gerð nokkru viðtækari í frv. heldur en þau eru nú, í samræmi við vilja og stefnu bænda. Ég held, að hann rugli þessu saman annars vegar og hins vegar ákvæðum 16. gr., þar sem talað er um beina aðstoð við byggðarlög í erfiðleikum. Í 16. gr. er ekki talað um að leggja neitt gjald á framleiðsluna, en þar er talað um að afla tiltekins fjár til þessara tilteknu hluta. Ríkisstj. ber ábyrgð á því, að þessi fjáröflun sé framkvæmd hverju sinni, og það er bent á þá leið að afla þess fjár úr Byggðasjóði eða á annan hátt.

Hvað er það, sem í þessu felst? Við skulum líta á það, að áður starfaði hér Atvinnujöfnunarsjóður, sem Byggðasjóður hefur tekið við af. Atvinnujöfnunarsjóður hefur á undanförnum árum fyrst og fremst stutt þéttbýliskjarnana til uppbyggingar og starfa, en ekki sveitirnar, — yfirleitt ekki. Meginþátturinn í störfum Atvinnujöfnunarsjóðs á undanförnum árum hefur beinzt að því að stuðla að atvinnuuppbyggingu í þéttbýliskjörnum, þó að það sé ekki án undantekninga. En með ákvæðum 16. gr. er stefnt að tvennu. Það er annars vegar stefnt að því að tryggja það og fá því nokkurt form, þó það sé ekki fastmótað í þessum ákvæðum, að sveitirnar sem slíkar fái einnig hlutdeild í því fjármagni, sem Byggðasjóður hefur yfir að ráða. Hins vegar á að tryggja með ákvæðum þessarar greinar hlutdeild bænda í ákvörðunum um ráðstöfun þess fjár, sem á þann hátt yrði varið til landbúnaðar.

Það er aftur og ítrekað reynt að gera tortryggileg ákvæði 7. gr. um það, að heimilt sé að semja, um leið og samið er um verðlag, um aðra þætti á milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna. Þetta er algerlega út í hött. Ég sýndi fram á það áður í kvöld, að það hefur áður viðgengizt að semja um slíka þætti, um leið og samið er um verðlagninguna. Ég viðurkenni það ekki, og ég heyrði, að hv. þm., fyrrv. landbrh., vildi ekki heldur talfæra það, að í nokkru hefði þá verið slakað á eðlilegum kröfum í sambandi við verðlagninguna sjálfa þrátt fyrir þessa samninga. Og það felst í engu í ákvæðum þessarar greinar, ef þau eru lesin með aðgát og af fullum skilningi.

Menn hafa verið að ræða hér um það, að útflutningsbætur hafi í raun og veru alltaf dugað. Þetta er ekki rétt, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að áðan í sinni seinni ræðu og hafði komið inn á áður, að þær hafa ekki gert það að öllu leyti. Það hefur komið fyrir, að það hefur vantað á verðið og það hefur þurft að taka verðjöfnunargjald, bæði af kjöti og mjólk, þegar útflutningsbætur hafa ekki dugað. Og hitt er þá ekki síður alvarlegt, að við höfum oft orðið að búa við algert öryggisleysi varðandi þetta, öryggisleysi um það, hvort tækist að jafna út eða hvort það tækist ekki. Og það, sem hér er um að ræða í 3. gr. frv., er einfaldlega að hafa tiltæk lagaákvæði, sem geri það mögulegt að verðjafna, ef útflutningsbætur vantar, m. ö. o. að koma í veg fyrir, að það óvissuástand, sem við höfum áður kynnzt, verði ekki til á ný. Og þó að við höfum sloppið án stóráfalla, en þó með mjög verulegum áföllum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir áðan, þá er enginn kominn til að segja, að það geti ekki hallað meir undan síðar heldur en gert hefur á þessu tímabili sem við höfum búið við þetta kerfi. Það, sem hér er um að ræða, er eingöngu það að fá bændum í hendur öryggistæki, sem heimilt er að nota, ef á þarf að halda, og svo hitt, að binda ríkisstj. í málið, þannig að ríkisstj. og ráðh. geti ekki setið aðgerðalaus og horft á, eins og hann gerði á sínum tíma, þegar Framleiðsluráð taldi sig neytt til þess að setja á hið svokallaða innvigtunargjald. Og ég vil segja það, að þetta er ábyrg stefna manna, sem vilja sjá fótum sínum forráð. Ég hygg, að það séu engar deilur um það í Stéttarsambandi bænda né heldur hér á milli einstakra hv. þm., að það sé æskilegt að hafa einhvern svona möguleika, það séu engar deilur um það í raun og veru, þó að menn greini á um hitt, á hvern hátt þetta skuli gert, og sumir hallist að því, að skynsamlegt sé að framkvæma þessa verðjöfnun með kjarnfóðurgjaldi, m. a. af því að kjarnfóðurgjaldið ætti að verka hemlandi á framleiðsluna undir þeim kringumstæðum, þegar menn eiga erfitt með að afsetja hana. Það er um það, hvort þetta sé heppileg aðferð, sem menn deila, a. m. k. þeir, sem tengdir eru bændasamtökunum og bændastéttinni, en ekki hitt, hvort verðjöfnun skuli framkvæmd.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En mér fannst hv. 1. þm. Sunnl. hafa dregið mikið inn í sinni seinni ræðu, og mér þykir vænt um það. Við höfum vitanlega oft unnið saman að málefnum bænda, þó að það væri ekki alltaf tómt sólskin. Ég man nú t. d. eftir því, þegar hv. þm. tók okkur í hnakkann í ræðu í ráðherrabústaðnum einhverju sinni í boði á þann hátt, að sumir gengu jafnvel út. Við vorum ekki alveg sammála þá. En við því er aldrei neitt að segja, þó að menn séu ekki alveg sammála, en oft var unnið vel saman. Og eins og ég vék að fyrr í kvöld, þá stóðum við saman um það hér á Alþ. yfirleitt, ég og minir flokksbræður og hann og hans flokksbræður, að breyta lögum um Framleiðsluráð, og fleiri slík heildarlög hafa verið unnin sameiginlega. Og ég vona, að þessi hv. þm. sjái sig nú um hönd og stuðli að því, að þetta mál nái fram að ganga í aðalatriðum og bændasamtökin fái þannig vilja sínum framgengt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er auðvitað ljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að að mjög veigamiklu leyti er þetta frv.,

sem hér er til umr., komið í ónýtt efni, enda hygg ég, að mál muni skipast á þann veg, að þetta verði tekið til rækilegrar endurskoðunar. En það, sem hvetur mig til að koma hér upp í ræðustól, er það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Austf., orðfærði, að ráðstöfunarfé Atvinnujöfnunarsjóðs hefði að meginhluta verið ráðstafað til þéttbýlisins, þá hygg ég, að megi ganga úr skugga um það, að þetta er alröng fullyrðing. Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að fé frá þessum sjóði hafi verið ráðstafað til dreifbýlisins eftir þeim hætti, sem þessum sjóði var gert að gera eftir þeim lögum, sem um hann voru sett.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ja, ég vil nú ekki, að það sé neinn misskilningur á milli okkar þm. Austf. í þessum umr. Ég held, að það sé líka óþarfi. En hafi ég ekki sagt það nægilega skýrt áðan, þá vil ég segja það nú, að meginhluti fjár Atvinnujöfnunarsjóðs hefur gengið til dreifbýliskjarna víðs vegar um land, en ekki til landbúnaðarins, ekki til sveitanna, — meginhlutinn til dreifbýliskjarnanna. Þetta hélt ég, að ég hefði sagt áðan. Hafi ég ekki sagt það þá, þá hef ég a. m. k. sagt það nú.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er vissulega erfitt að bera fram fsp. til þeirra þm., sem hér hafa verið að ræða í kvöld, og hefði ég þó sannarlega viljað, að fyrrv. hæstv. landbrh. væri hér til staðar. Hæstv. landbrh. er hér, en það er í sambandi við þær fullyrðingar, sem hér hafa komið fram í kvöld í ræðum þeirra, þessara tveggja hv. þm., hæstv. ráðh. og fyrrv. ráðh., og þær deilur, sem orðið hafa á milli þeirra um það, hvort miða ætti við það, sem kemur fram hjá Hagstofunni, eða hvort miða ætti við þær tölur, sem maður, sem ég þekki ekki, en ber engar birgður á, að sé hinn ágætasti vísindamaður og starfsmaður á sínu sviði, Guðmundur Sigþórsson, hefur látið frá sér fara. Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að vakna hjá þeim, sem á undanförnum árum hafa fylgzt með viðmiðunarpólitík milli svokallaðra viðmiðunarstétta: sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, eins og það úrtak hefur verið, og hins vegar bændastéttarinnar, hvort þarna hafi allt komið fram, sem átt hefur að koma fram. Nú virðist mér, og ég biðst strax afsökunar á því við hæstv. landbrh., ef ég hef misskilið þetta, en mér sýnist, að nú samkv. þeim tölum, sem áðurnefndur Guðmundur Sigþórsson leggur fram hér og hafa upplesnar verið af ræðumönnum hv. stjórnarflokka, sé verið að draga miklu meira fram í tekjum bænda heldur en jafnvel hafi verið gert áður í þeirri viðmiðunarpólitík, sem hér hefur verið rekin á undanförnum árum. Nú skal ég ekki fara þess á leit, enda áliðið nætur, að hæstv. fjmrh. fari að svara þessu nú, og ég bið því ekki um það nú. Auðvitað verða ræður viðkomandi þm. kynntar fyrir aðilum, sem þar eiga hagsmuna að gæta, og auðvitað verður svara krafizt um þetta atriði við 2. umr. málsins. Ég álít, að þetta sé kannske mesta málið í sambandi við þessar umr. Ef það hefur verið farið rangt að og rangt hefur verið fram talið eða tíundað, getum við frekar kallað það, í þessum samanburði á undanförnum árum, þá tel ég sjálfsagt, að núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. leiðrétti það. En það getur að sjálfsögðu kallað á frekari leiðréttingar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Vátryggingarstarfsemi.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um vátryggingarstarfsemi [269. mál] (stjfrv., A. 642).

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í febrúarmánuði 1970 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Eggert G. Þorsteinsson, n. til að semja frv. til l. um vátryggingarfélög og starfsemi þeirra. Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari var skipaður formaður n., en aðrir nm. voru þeir tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Þórðarson og Jón Erlingur Þorláksson. Þessi n. skilaði áliti í ágústmánuði í fyrra. Frv. það, sem hér er lagt fram, er að meginstofni samhljóða upphaflegum till. þessarar nefndar. Engu að síður gekk ég í skóla til tveggja tryggingastærðfræðinga í viðbót, Guðmundar Guðmundssonar og Erlends Lárussonar og bað þá að fjalla um frv. í heild og þeir gerðu ýmsar aths. við einstakar greinar þess og hafa flestar þær aths. verið felldar inn í frv. eins og það er nú lagt fram. Síðan var haldinn sameiginlegur fundur með hinni upphaflegu n. og þessir 5 menn voru allir sammála um að leggja til, að frv. yrði lagt fram í þeirri mynd, sem það liggur fyrir nú.

Um vátryggingarstarfsemi á Íslandi er fyrst og fremst fjallað í lögum um ábyrgðarfélög, nr. 62 frá 1913, en einnig í lögum nr. 17 frá 1964, en þar er rætt um ávöxtun fjár tryggingarfélaga, og þá er komið inn á vátryggingarfélög í umferðarlögum, nr. 40 frá 1968.

Lög nr. 62 frá 1913 eru algjörlega úrelt og gegna að sjálfsögðu ekki lengur hlutverki sínu, enda eru þau orðin 60 ára gömul. Það hefur því verið brýnt í þó nokkurn tíma að endurskoða þau lög eða réttara sagt að semja algjörlega að nýju lög um vátryggingarstarfsemi út af fyrir sig.

Vátryggingarstarfsemi skiptir mjög miklu máli í nútímaþjóðfélagi, og það er mjög mikils virði, að slík starfsemi sé rekin á heilbrigðum grund-

velli og að í senn sé gætt hagsmuna vátryggingartaka og vátryggjanda. Nauðsynlegt er, að stjórnvöld taki að sér að hafa nauðsynlegt eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga, og verður að búa svo um hnútana, að slíkt eftirlit verði raunverulegt, en ekkert pappírsgagn. Hér er um mjög mikil verðmæti að tefla í flestum tilvikum, og vátryggingartakar hafa yfirleitt enga aðstöðu til að meta sjálfir fjárhagsgetu þeirra vátryggingarfélaga, sem þeir ætla að skipta við. Það verður því að vera ríkisvaldið, sem tryggir þegnunum það, að hvert það vátryggingarfélag, sem heimild hefur til að selja vátryggingar, sé fært um að standa við skuldbindingar sínar, hvenær sem á það reynir.

Eins og geta má nærri, hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda, þegar þetta frv. var samið, en löggjöf Norðurlanda hvort tveggja í senn stendur á gömlum merg og hefur auk þess verið endurskoðuð mjög nýlega, þannig að þar eru uppi mjög nútímalegar hugmyndir um tryggingarstarfsemi og eftirlit með henni. Og þetta frv. tók, eins og ég sagði, mið af norrænum lögum um þetta efni, og það sjónarmið hefur verið mjög ráðandi, að sá, sem tryggður er, skuli jafnan eiga rétt á hagkvæmri vátryggingu á réttlátu iðgjaldi. Þannig er hið félagslega hlutverk vátryggingarstarfseminnar látið sitja í fyrirrúmi, en öll vátryggingarstarfsemi af þessu tagi er auðvitað félagslegt fyrirbæri, hvernig svo sem rekstrarformi einstakra vátryggingarfélaga kann að vera háttað.

Eins og ég sagði áðan, eru lög frá 1913 afar ófullkomin og kemur hvort tveggja til, að í þau vantar ótalmörg og mikilvæg ákvæði, sem þurfa að vera í nútímalöggjöf, og eins eru þau ákvæði, sem í lögunum eru, afar lítils virði í dag. Þau lög eru aðeins 5 efnisgreinar og taka samtals rétt yfir rúmlega hálfa blaðsíðu í lagasafninu. Þá er félagsréttur okkar Íslendinga einnig mjög ófullkominn. Um marga þætti hans skortir algjörlega lagaákvæði og í staðinn hefur orðið að styðjast við venjurétt og hefð. Og um ýmsa aðra þætti gilda úrelt lög, svo sem lög um hlutafélög.

Þetta frv. um vátryggingarstarfsemi skiptist í fimm kafla. I. kaflinn er um gildissvið vátryggingarstarfsemi o. fl., II. kaflinn er um vátryggingarfélög, III. kafli um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga, IV. um eftirlit með vátryggingarfélögum, og loks er V. kafli um vátryggingarfélög, sem starfa við gildistöku laga þessara, hvernig beri að bregðast við gagnvart þeim.

Ég mun nú í stuttu máli rekja efnisatriði hvers kafla fyrir sig, án þess þó að gera teljandi samanburð við gildandi lög og venjur.

Skv. frv. er gert ráð fyrir, að lögin taki til allrar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli, jafnt frumtrygginga og endurtrygginga. Þau taka hins vegar ekki til eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða. Tryggingastofnun ríkisins og hliðstæðar stofnanir falla ekki heldur undir lög þessi nema að því leyti sem starfsemi þeirra kann að vera rekin á viðskiptagrundvelli, svo sem eins og frjálsar tryggingar Tryggingastofnunar ríkisins, skv. 75. gr. laga nr. 67/1971. Hins vegar taka lögin til þeirra vátryggingarfélaga hér á landi, sem rekin eru skv. sérlögum og njóta jafnvel að sumu leyti einkaréttar til ákveðinna trygginga. Þetta á t. d. við um Brunabótafélag Íslands, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Íslenzka endurtryggingu og Húsatryggingu Reykjavíkur, en öll þessi félög eru rekin skv. sérlögum og þar fer fram vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, sem fellur undir þetta frv.

Í þessum kafla er kveðið á um það, að þeir einir megi reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, sem annaðhvort hafa fengið til þess tilskilin leyfi eða starfa skv. sérlögum.

Í 4. gr. er það sérstaka ákvæði, sniðið eftir erlendum lögum, að líftryggingar megi ekki reka með öðrum tegundum vátryggingarstarfsemi. Algilt er nú, að vátryggingarfélög reki samtímis almenna vátryggingarstarfsemi og líftryggingarstarfsemi. Líftryggingar eru þannig skipulagðar, að ætlazt er til þess í flestum tilvikum, að vátryggingarsamningurinn gildi um langan tíma, svo að vátryggingarfélagið leggi til hliðar verulegt fé um langan tíma til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Venjulegar skaðatryggingar gilda hins vegar yfirleitt um skamman tíma, eða unz ákveðið atvik hefur gerzt eða ekki gerzt á ákveðnu tímabili.

Í kaflanum um vátryggingarfélög er fjallað sérstaklega um hlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög, erlend vátryggingarfélög, og svo eru almenn ákvæði og sérstök ákvæði um líftryggingarfélög. Vert er að vekja athygli á því nýja ákvæði, sem felst í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að stofnendur hlutafélags geti bæði verið menn og lögpersónur. Innborgað hlutafé slíkra vátryggingarfélaga skal nema a. m. k. 20 millj. kr. Þá er það sérstaka ákvæði einnig í 6. gr., að trmrh. er heimilt að skipa einn mann sem fulltrúa vátryggingartaka í stjórn hvers félags. Ýmsum kann að virðast þetta nýstárlegt ákvæði hér á landi, en samt gengur það ekki eins langt og t. d. er gert nú í sænskum lögum, en þar er það ákvæði, að trmrh. skuli skipa einn fulltrúa í stjórn þessara félaga. Þar er það skylda ráðh. að gera það, hér er hins vegar farið fram á heimild. En ég skal gjarna geta þess, að ef ég verð trmrh., eftir að þetta frv. kynni að hljóta samþykki hér á hinu háa Alþ., þá tel ég sjálfsagt að nota þessa heimild, vegna þess að ég tel, að það þurfi að gæta alveg sérstaklega hagsmuna hinna tryggðu í sambandi við alla starfsemi þessara félaga.

Um gagnkvæm vátryggingarfélög gilda að nokkru leyti aðrar reglur en um hlutafélög. Í frv. er lagt til, að stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags skuli nema hið minnsta 10 millj. kr. og að það megi ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi trmrh. Hið sama gildir hér og um hlutafélög, að ráðh. er heimilt að skipa einn mann sem fulltrúa vátryggingartaka í stjórn hvers gagnkvæms vátryggingarfélags.

Um erlend vátryggingarfélög er það að segja, að þótt 8 þeirra séu á firmaskrá hér á landi, er talið, að a. m. k. 4 þeirra reki svo til enga starfsemi hérlendis, og starfsemi annarra hefur mjög dregizt saman á síðustu árum. Samt sem áður

er nauðsynlegt að hafa í lögum sem þessum skýr ákvæði um erlend vátryggingarfélög, skyldur þeirra og réttindi hér á landi, og því fjallar einn undirkafli í II. kafla um þessi félög.

Í öllum norrænum lögum eru strangari ákvæði um erlend en innlend vátryggingarfélög, og svo er einnig í þessu frv. Þannig er leyfi til erlends félags til vátryggingarstarfsemi hér á landi háð því skilyrði, að viðkomandi félag hafi rekið slíka starfsemi í heimalandi sínu í a. m. k. 5 ár. Erlent félag skal árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi a. m. k. 10 millj. kr. Auk þess eiga ýmis almenn ákvæði frv. að sjálfsögðu við erlend vátryggingarfélög ekki síður en þau innlendu.

Í kaflanum um almenn ákvæði eru ýtarlegar reglur um það, hvernig ársreikningar eiga að vera úr garði gerðir, svo að samræmi myndist og samanburður náist milli félaga. Þá er einnig ákvæði um það, að ráðh. skuli skipa sérstakan löggiltan endurskoðanda, sem á vegum tryggingaeftirlitsins endurskoði reikninga félaganna og gefi ráðh. og tryggingaeftirlitinu skýrslu um það. Þá eru einnig í þessum kafla reglur um það, hvernig með skuli fara, ef tryggingarfélag óskar að flytja tryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, eða hvaða skilmálum slíkir flutningar skuli vera háðir.

Í kaflanum um líftryggingarfélög er nánar rætt um sérstöðu líftryggingarfélaga og kveðið á um, hvaða gögnum þau skuli skila eftirliti og rn. á hverjum tíma. Kveðið er á um það, að hvert líftryggingarfélag skuli hafa í þjónustu sinni tryggingastærðfræðing, sem er gerður ábyrgur fyrir því, að félag það, sem hann veitir þjónustu, fari eftir tilkynntum reikningsgrundvelli iðgjalda og reglum um iðgjaldasjóð og ágóðaúthlutun. Þá eru í þessum kafla nákvæmar reglur um það, hvernig líftryggingarsjóð skuli ávaxta. Reglur þessar eru í öllum aðalatriðum í samræmi við reglur núgildandi laga um þetta efni, nr. 17 frá 1964. Þó eru gerðar á þessu nokkrar breytingar í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálum og verðmati hér á landi síðan fyrrnefnd lög voru sett.

Á vegum félmrn. og nú trmrn. hefur verið gerð tilraun til þess að fylgjast með ávöxtun fjár tryggingarfélaga svo sem lög frá 1964 gera ráð fyrir. Þetta eftirlit hefur þó ekki náð tilætluðum árangri, m. a. vegna þess að reikningar félaganna eru mjög mismunandi úr garði gerðir skv. mismunandi kerfum og erfitt að gera sér grein fyrir því, hvaða liðir eru sambærilegir og hvaða liðir ekki. Í þessum kafla eru enn fremur ýtarleg ákvæði um það, hversu með skuli fara, ef skipa þarf skilastjórn í líftryggingarfélagi.

Verði líftryggingarfélag gjaldþrota, eru ákvæði um það, að líftryggingarsjóður skuli ekki teljast með eignum félagsins né heldur skuli líftryggingarskuldbindingar þess teljast með skuldum. Skal líftryggingarstofninn hins vegar rekinn áfram með þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og með þeim eignum, sem hann á, og hann gerður upp sem slíkur.

Í III. kafla frv. er fjallað um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga. Þar er kveðið á um, að halda skuli skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi, og að slík skrá skuli vera á vegum trmrh.

Í 33. gr. er ákvæði, sem vert er að vekja sérstaka athygli á, en þar segir svo: „Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingastarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur trmrh. neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi."

Í þessu ákvæði felst heimild fyrir ráðh. til að setja skorður við því, að upp spretti grúi smárra félaga, sem hafa í raun og veru ekkert nýtt til málanna að leggja og gera ekki annað en að auka á tilkostnað í allri vátryggingarstarfsemi í landinu. Fyrirbæri af þessu tagi þekkja menn afar vel frá síðustu áratugum. Það má að vísu segja, að með núgildandi verðlagi þurfi félögin að vera nokkuð stór, þar sem hlutafé þarf að vera minnst 20 millj. skv. þessu frv. eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags 10 milljónir, en sé litið til þeirrar starfsemi, sem slík félög reka, og þess, hversu miklir hagsmunir geta verið í veði, þá eru þetta ekki stórar upphæðir. Einhverjum kann að þykja þetta ákvæði strangt og jafnvel að það sneiði að félagafrelsi í landinu. Því er til að svara, að annars staðar á Norðurlöndum hafa hvarvetna verið sett ákvæði af svipuðu tagi og raunar mun strangari en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þetta hefur verið gert í nýrri gerð norskrar löggjafar um þetta efni, í sænskri löggjöf og í finnskri löggjöf. Og ég tel, að það sé alveg sjálfsagt, að ákvæði af þessu tagi sé í lögum, að það séu félagsleg sjónarmið og hagsmunir samfélagsins, sem eigi að skera úr um það, hvernig þessari starfsemi er háttað, og hægt sé að grípa inn, ef þarna verður um óeðlilega þróun að ræða, óeðlilega og kostnaðarsama yfirbyggingu, sem leggst að sjálfsögðu að lokum á almenning í landinu.

Í 36. gr., lokagrein III. kafla, er ákveði um það, að birta skuli árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um öll félög, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

IV. kafli frv. fjallar svo um eftirlit með vátryggingarfélögum. Í tryggingaeftirliti þessu skulu sitja þrír menn og sé einn lögfræðingur, annar tryggingastærðfræðingur og einn þeirra skipaður formaður eftirlitsins. Gert er ráð fyrir, að eftirlitið hafi með höndum ýtarlega gagnasöfnun og birti árlega skýrslu um starfsemi sína opinberlega. Ákvæði þessa kafla eru mjög í samræmi við ákvæði allra norrænu laganna um vátryggingarstarfsemi, og gengur þetta frv. sízt lengra en þau gera.

Einn mikilvægasti hlekkurinn í upplýsingum um starfsemi og stöðu vátryggingarfélaga eru áætlanir fyrir áföllnum en ógreiddum tjónum, tala, sem oft er kölluð tjónavarasjóður. Norrænu lögin hafa forvitnileg ákvæði í þessu efni, einkum þau finnsku, en þar er gengið svo langt að ákveða tryggingastærðfræðilega, hversu háar þessar áætlanir skuli vera, til þess að vátrygg-

ingarfélagið geti örugglega staðið við skuldbindingar sínar við tjónþola. Hér á landi eru slíkir útreikningar naumast tímabærir enn þá, en þeir gætu orðið það í framtíðinni, ef tryggingaeftirlitinu er fengin heimild til þess að segja til um það, hvernig skýrslur um þetta efni skuli gerðar.

Í 40. gr. er gert ráð fyrir því, að eftirlitið kanni innihald skilmála vátryggingarfélaga. Tryggingaeftirlitið á einnig að fylgjast með iðgjöldum og iðgjaldagrundvelli, því ber að athuga, hvort iðgjöld vátrygginga eru í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélag tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins. Um þetta atriði eru bein ákvæði í sænsku lögunum, og voru þau þarna höfð til fyrirmyndar. Danir hafa hins vegar farið þá leið, að þeir settu á fót með lögum rannsóknarnefnd, en hlutverk hennar var að kanna allan rekstur vátryggingarstarfsemi í landinu og hvort hann færi fram með óeðlilega miklum tilkostnaði.

Eitt aðalhlutverk tryggingaeftirlitsins er þó að kanna fjárhag vátryggingarfélaga, þ. e. a. s. hvort félag eigi nægilegar eignir fyrir skuldbindingum sínum og hvort það eigi nægilegt fé til rekstrar síns. Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun færi fram hjá tryggingaeftirlitinu.

Í þessum kafla er einnig ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef ráðh. neyðist til þess að afturkalla starfsleyfi vátryggingarfélags. Skal hann þá skipa þriggja manna skilastjórn í félagið, sem tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir stjórnarinnar. Í niðurlagsgrein þessa kafla er ákvæði um kostnað af rekstri tryggingaeftirlitsins og hvernig hann skuli borinn uppi. Gert er ráð fyrir því, að gera megi vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5 af þúsundi af frumtryggingariðgjöldum og 0.6 af þúsundi af fengnum endurtryggingariðgjöldum til að standa straum af þessum eftirlitskostnaði.

Í V. og síðasta kafla frv. er fjallað um vátryggingarfélög þau, sem starfa við gildistöku laga þessara. Ákvæði þessa kafla hníga öll í þá átt að gera vátryggingarfélögunum að laga sig að þeim lögum, sem hér er verið að setja. Þannig er gert ráð fyrir því, að þau félög, sem áfram óska að starfa, skuli senda umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá til ráðh. innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna. Komi í ljós, að hlutafé vátryggingarhlutafélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags sé lægra en gert er ráð fyrir í frv., en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, er ráðh. heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Eins er ráðh. heimilt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja um leið þau skilyrði, að hlutafé eða stofnfé skuli aukið upp að lögboðnu lágmarki innan ákveðins tíma, og má sá frestur nema allt að 3 árum.

Ég hef nú rakið í stuttu máli helztu atriði þessa frv. Í fskj. með frv. er yfirlit um félög og stofnanir hér á landi, sem hafa á hendi tryggingar. Skv. yfirlitinu eru það 19 stofnanir, sem reka tryggingarstarfsemi eftir sérstökum lögum. Þar af eru 9 bátaábyrgðarfélög. Þá er 21 hlutafélag, 3 gagnkvæm félög og 1 félag á vegum bifreiðatryggingarfélaganna, sem reka vátryggingarstarfsemi. Þá eru skráð í firmaskrá 8 erlend félög, en eins og ég sagði áðan er starfsemi þeirra hverfandi, a. m. k. 4 eru talin hætt starfsemi sinni, þótt þau hafi ekki verið numin út af firmaskrá enn þá.

N., sem frv. samdi, hefur kannað, hvaða félög og stofnanir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi skv. þessu yfirliti, sem ég var að nefna. Þó tekur n. það fram, að yfirlitið sé vart tæmandi, en telur, að þeir aðilar, sem á skrána kann að vanta, muni reka hverfandi starfsemi og ekki skipta máli. En það eitt, að n., sem starfað hefur að því í 17 mánuði að semja frv. til laga um vátryggingarstarfsemi, telji sig ekki geta lagt fram tæmandi skýrslu um þá, sem reka kunna einhvers konar vátryggingarstarfsemi hér á landi, sýnir að mínum dómi, svo að ekki verður um villzt, hversu brýn þörf er orðin á því að koma betra og einfaldara skipulagi á þessi mál öll hér á landi.

Tilgangur minn með að flytja þetta frv. nú er að kynna það fyrir hv. alþm. Ég ætlast ekki til þess, að frv. verði afgreitt á þessu þingi. Hér er um veigamikinn lagabálk að ræða, sem ég tel, að þm. þurfi að kynna sér gaumgæfilega, en ég vildi kynna þm. þetta nú einmitt til að afgreiðsla málsins gæti þá gengið greiðlega á þinginu í haust.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og væntanlega fjhn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nýlega lagt fram, og geri ég ráð fyrir því, að þm. hafi e. t. v. ekki kynnt sér það rækilega. Hér er um allviðamikið mál að ræða og hafði ég a. m. k. ekki gefið mér tíma til að lesa það nægilega rækilega í gegn, en hef þó farið lauslega í gegnum það.

Mér sýnist, að þetta frv. sé framhald af þeirri stefnu, sem hér hefur verið mótuð í vetur, sérstaklega af hv. iðnrh., að færa æ meira vald frá hinum einstöku byggðarlögum, einstökum félögum og einstaklingum yfir á miðstjórnarkerfið, sem staðsett á að vera hér í Reykjavík. Þegar verið var að ræða hér í gær frv. til raforkulaga, þá var rækilega á þetta atriði bent og þá einnig það, að mjög greinilega kæmi fram í því frv. á mörgum stöðum, að ríkið ætti að vera aðili að þeim málum a. m. k. að 50%. Við lauslega talningu í sambandi við þetta frv. sýnist mér, að nafn hæstv. trmrh. komi fyrir hvorki meira né minna en 36 sinnum, og hygg ég þó, að ég hafi ekki tekið það alls staðar upp, og í sambandi við þetta er alls staðar um að ræða leyfi til að gera þetta eða hann við að gera hitt. (Gripið fram í.) Ég sagði trmrh. Það er því alveg auðséð og í enn þá ríkara mæli en ég hygg í nokkru öðru frv. farið inn á að setja þessi mál, tryggingamálin, mjög undir ríkisvaldið og miðstjórnarkerfið hér í Reykjavík þar sem um er að ræða fyrirhugað tryggingaeftirlit.

Ég skal aðeins fara yfir þær greinar, sem ég

staldraði við í frv. Það er þá fyrst um að ræða 10. gr., en þar segir svo í 4. mgr.: „Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Ráðh. er heimilt að skipa einn mann sem fulltrúa vátryggingataka í stjórn hvers félags.“ Hæstv. ráðh. benti á, að hér væri farið eftir ákvæðum í sænskum lögum, og skal ég ekki rengja, að það sé rétt með farið. En þetta stingur nokkuð í stúf við það, sem kom fram í umr. í gær í sambandi við það mál, sem þá var hér rætt, raforkumálin. Þar var hvergi nokkurs staðar minnzt á það, að þannig væri staðið að málum á Norðurlöndum. Ég benti á það og las upp skýrslur um, hvernig þessu máli væri háttað þar í sambandi við dreifingu raforkunnar, en það var forðazt þar alveg af hæstv. ráðh. að minnast nokkuð á það, hvernig þeim málum væri komið fyrir á Norðurlöndum. Það var auðvitað gert vegna þess, að það hentaði honum ekki í því tilfelli. Hér, þegar þarf að herða á ákvæðunum, þá hentar vel að vitna í sænsk lög, sem sennilega ganga lengst í þessum efnum.

Þetta mun vera nokkuð nýtt ákvæði í íslenzkum lögum, að ef stofnað er til viðskiptafyrirtækis, einstaklingar stofna til viðskiptafyrirtækis og krafizt er mikils fjármagns til stofnunar þess, eins og gert er í þessu frv., þá skuli ríkisvaldið koma til og megi skipa þar einn stjórnarmann eða fulltrúa í stjórn til viðbótar þeim stjórnarmönnum, sem kosnir hafa verið af hinum réttu eigendum fyrirtækisins. Manni hlýtur að detta í hug, að hér sé kannske byrjun á því, sem koma skal í framtíðinni, að viðskiptafyrirtæki einstaklinga verði háð þessum kvöðum, ef ráðh. sýnist svo, að ríkisvaldið megi grípa inn í og skipa stjórnir í hin einstöku viðskiptafélög, — því að auðvitað eru vátryggingar ekkert annað en viðskipti, það þarf ekkert um það að ræða. Ég vil benda á það hér og undirstrika, að ég tel það mjög hæpna stefnu að setja þetta í íslenzk lög, að þar sem er um frjáls félög einstaklinga að ræða og þar sem þeir hafa lagt fram fjármagn og vilja auðvitað ráða yfir sínu fjármagni og stjórn þess fyrirtækis, sem þeir hafa stofnað til, þá skuli vera sett í lög, að ráðh. geti skipað þeim einn stjórnarmann í viðbót við það, sem þeir hafa sjálfir ákveðið. Hvernig færi nú, ef ráðh. dytti í hug að skipa einhvern aðila í stjórn slíks fyrirtækis, en eigendum þess væri mjög illa við að starfa með honum og treystu sér ekki til þess? Ég hygg, að þar gætu orðið allverulegir árekstrar og gætu valdið frekar glundroða og tjóni heldur en það yrði til bóta fyrir fyrirtækið.

Þá staldra ég einnig við 17. gr., þar sem segir í 3. mgr.: „Ráðh. skal skipa sérstakan endurskoðanda, löggiltan, sem á vegum tryggingaeftirlitsins endurskoðar reikninga félaganna.“

Nú er það svo, að öll vátryggingarfélög hér á landi munu hafa löggiltan endurskoðanda til að yfirfara sína reikninga. Ég hygg, að það sé orðin hin almenna regla, og það er tekið fram annars staðar í þessu frv., að svo skuli vera, og við það er ekkert að athuga. Þetta er alveg sjálfsagt, að þeir menn, sem hafa aflað sér sérmenntunar á þessu sviði, starfi við tryggingarfélög, eins og eðlilegt er, að hér starfi við atvinnureksturinn yfirleitt. En til viðbótar þessu á ráðh. sá, sem fer með þessi mál hverju sinni, að skipa sérstakan endurskoðanda, löggiltan, til þess að yfirfara þá reikninga, sem hinir löggiltu endurskoðendur fyrirtækisins hafa lagt fram og gengið frá. Mér sýnist þetta vera allmikið vantraust á stétt endurskoðenda, ef þeim er ekki lengur trúað fyrir því að skila réttum reikningum, sem hægt er að treysta, án þess að ríkisvaldið þurfi að koma þar á eftir og skipa nýjan endurskoðanda til þess að yfirfara þeirra gjörðir og þá reikninga, sem þeir hafa lagt fram og telja sig hafa skilað sem réttum og fullgildum.

Ég staldra einnig við 24. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings, sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi trmrh.“

Það dugar ekki í þessu tilfelli, að líftryggingarfélag ráði sér mann með fulla menntun og fulla þekkingu og fulla kunnáttu til að rækja það starf, sem tryggingarfélagið telur, að honum beri að gera, og það vill fela honum, heldur þarf þarna að koma til sérstakt leyfi ráðh., að slíkur maður með fulla menntun og þekkingu megi starfa við þetta tiltekna tryggingarfélag. Það þarf að sækja um leyfi til ráðh., hvort það megi ráða hann í þjónustu sína. Ég segi: Er ekki verið að fara hér allfrekt inn á athafnafrelsi einstaklinganna, ef þeir ofan á sína menntun og þá sérþekkingu, sem þeir hafa aflað sér, þurfa að fá sérstakt leyfi ráðh. til að starfa hjá einkafyrirtæki? Mér sýnist, að þetta atriði þurfi vissulega endurskoðunar við og þarna sé gengið lengra en eðlilegt er, að gert sé í íslenzkum lögum.

Þá staldraði ég við 32. gr. eða kafla um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga. 32. gr., fyrsta grein þess kafla, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Trmrh. skal halda skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi.“

Það nægir ekki einu sinni, að rn. haldi þessa skrá, heldur skal tekið fram í lögum, að ráðh. skuli sjálfur halda þessa skrá. Við höfum nú orðið þess áskynja í vetur, að ráðh. hafa haft það mikið að gera í sínu starfi, að þeir hafa orðið að biðja um frí frá þingstörfum til þess að geta sinnt ráðherrastörfum sínum. En það virðist ekki vera í þessu tilfelli, þar sem ráðh. sjálfur á að sitja annaðhvort á sinni skrifstofu eða heima hjá sér og halda þessa skrá yfir tryggingaskylda aðila. Ég held, að það dygði alveg að orða þetta þannig, að rn. héldi þessa skrá. Ég bara bendi á þetta, þó að það skipti ekki efnislega neinu máli.

3. mgr. 33. gr. hljóðar þannig: „Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur trmrh. neitað

að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.“

Þarna dugar ekki, að samtök, við skulum segja samtök félaga, samtök einstaklinga, vilji leggja fram verulegt fjármagn, um 20 millj. að lágmarki, eins og hæstv. ráðh. hér nefndi, að í frv. væri gert ráð fyrir og er að sjálfsögðu rétt með farið. Það dugar ekki, að þessir aðilar meti það sjálfir og þori að leggja fram þetta fjármagn til þess að hefja tryggingarstarfsemi. Það dugar ekki þeirra mat, hvort það sé starfsgrundvöllur fyrir slíkt félag eða ekki. Það verður að fara í rn. og spyrja þá aðila, sem þar sitja, hvort það sé starfsgrundvöllur á þessum eða hinum staðnum á landinu til að reka slíka starfsemi eins og hér er um að ræða. Ég tel þetta hreina fjarstæðu og aftur hreina skerðingu á athafnafrelsi þeirra manna, sem fjármagni vilja hætta í sambandi við tryggingarnar, þannig að ég held, að þessa grein þyrfti vissulega að skoða.

37. gr., í kaflanum um eftirlit með vátryggingarfélögum, hljóðar svo:

„Setja skal á stofn tryggingaeftirlit, sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkv. ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkv. þeim.

Ráðh. setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.“

Þarna er verið að koma á opinberu eftirliti með viðskiptastarfsemi, sem einstaklingar hafa lagt í. Það getur vel verið og má vel vera rétt, að það þurfi að hafa einhvers konar eftirlit með þessu. En í þeim greinum, sem á eftir koma, er valdsvið þessa eftirlits það mikið, að mér sýnist þarna vera einnig mjög gengið á rétt þeirra einstaklinga og aðila og athafnafrelsi þeirra, ef þeir vilja að þessum málum vinna.

Þá segir í 40. gr., 3. mgr.: „Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.“

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld. Það er sem sagt búið að taka það úr höndum aðila, sem til slíkra félaga hafa stofnað, hvaða iðgjöld þeir vilja bjóða sínum viðskiptavinum. Ef það að mati ráðh. eða þessarar n. er ekki í samræmi við það, sem þeir telja að sé eðlilegt, þá hafa þeir leyfi til að breyta iðgjöldunum. Ég hygg, að þarna sé einnig mjög langt gengið og ekki inn á rétta leið, því að auðvitað eiga vátryggingar að vera hein viðskiptafyrirtæki. Ef einhver getur boðið betri kjör en annar, þá á hann að njóta þess. Þetta er hin almenna grundvallarregla viðskiptanna. Sá, sem getur gert betur í einhverri grein, á að njóta þess, en ekki vera settur undir ríkisvald, hann megi kannske ekki gera það, sem hann telur rétt, þeir kæmu úr rn. og segðu: Þetta er ekki það, sem okkur sýnist. Þú verður að hækka þín iðgjöld eða haga þínum skilmálum á þann veg, eins og okkur sýnist uppi í rn.

42. gr. frv., sem einnig er í sambandi við tryggingaeftirlitið, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðila og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra.“

Mér sýnist, að hér sé verið að gefa þessum aðilum beinan lögreglurétt. Réttur einstaklinga er verndaður í stjórnarskránni að vissu marki og ég hygg, að þetta sé eitt af því, sem ekki verði gert, nema viðkomandi aðilar fái beint lögregluvald til þess að vaða inn á skrifstofu á hvaða tíma sólarhrings kannske sem er eða heimili viðkomandi ráðamanna og heimta lagt fram allt bókhald og fá óhindraðan aðgang að því og öllum skjölum, sem bókhaldinu fylgja. Ég held, að þarna sé alldjúpt tekið í árinni og gengið á persónurétt og persónufrelsi einstaklinganna. Ef að dómi rn. og ráðh. væri eitthvað athugavert við starfsemi einhvers tryggingarfélags, þá hefur hann auðvitað þá leið samkv. lögum, sem í gildi eru, að láta fara fram þá rannsókn, sem honum sýnist, á starfsemi fyrirtækisins. Hann þarf ekki að vera að gefa þessari sérstöku n. beint lögregluvald, án þess að hún þurfi að fá nokkurn úrskurð frá lögreglustjóranum eða æðri stjórnvöldum, það beri að gefa henni beint lögregluvald til þess að vaða inn á skrifstofur og í bókhald og skjöl þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli.

48. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vátryggingarfélög þau, er starfa samkv. sérlögum, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda trmrh. umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá.“

Mér datt í hug, þegar ég las þessa grein, eitt vátryggingarfélag hér á landi, elzta vátryggingarfélagið á landinu, en það á 110 ára afmæli núna í ágúst n. k. Það er Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Það hefur starfað óslitið í 110 ár. Samkv. þessu lagafrv. þarf það nú að sækja um starfsleyfi eftir 110 ára sleitulaust starf. Þó að aldrei hafi borið neitt upp á, þó að það hafi aldrei þurft að vera upp á nokkurn komið, nokkurn aðila, hvorki opinberan né einstakan aðila, þá þarf það nú að sækja um leyfi til stjórnvalda að fá að halda rekstrinum áfram. Ég segi: Er það virkilega svo, að hæstv. ráðh. detti í hug að bjóða þeim félögum, sem búin eru að starfa áratugum saman eða í meira en heila öld, að þau þurfi allt í einu að koma upp í rn. og spyrja knékrjúpandi, hvort þau megi halda áfram starfsemi sinni? Ég vek athygli á þessu hér, vegna þess að þetta félag hefur frá upphafi starfað samkv. sérstökum lögum sem félagsmenn þess hafa sett sér. Það er að einu leyti, ef ég man rétt, háð lögum um bátaábyrgðarfélög, lögum frá 15. apríl 1967, en í 6. gr. þeirra laga segir, að bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar, sé undanþegið ákvæðum þessara laga. Ég get ekki um það sagt á þessu stigi, hvort þetta 110 ára gamla félag uppfyllir í öllum atriðum þær kröfur, sem gerðar eru í þessu frv., en ef það gerir það ekki og þeir, sem því stjórna, finna sér eitthvað misboðið með því og draga að senda

ráðh. eða rn. beiðni, þá er það skýrt tekið fram í 55. gr., að trmrh., eins og þar segir, skuli þegar í stað skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag félagsins og gera till. um ráð til úrbóta. Ég verð að segja, að mér finnst með þessu lengra gengið en ég tel eðlilegt, það sé verið að ganga þarna mjög freklega á rétt bæði þessa félags og annarra félaga, sem lengi hafa starfað. Það félag, sem ég tilnefndi áðan, hefur starfað sleitulaust í 110 ár, eins og ég sagði. Það varð á löngu tímabili, að ég hygg, fyrir hlutfallslega meiri skakkaföllum, meira bátatjóni heldur en gerðist víðast hvar um land. Það stóð það allt saman af sér vegna fyrirhyggju þeirra manna, sem þessu félagi stjórnuðu. Það hefur alla tíð gætt þess að endurtryggja það mikið af sínum tryggingum, að það gæti alltaf staðið við allar sínar skuldbindingar. Það getur vel verið, að ráðh. og þeirri n., sem um þetta á að fjalla, finnist þetta tóm vitleysa, en þetta hefur þó gerzt og þetta hefur tekizt á þann veg, að þetta félag hefur dafnað og blómstrað þau ár, sem það hefur starfað, og aldrei þurft að vera upp á neinn komið, hvorki opinberan aðila né annan, í sambandi við starfsemi sína eða þær skuldbindingar, sem það hefur á sig tekið.

Ég skal nú ekki fara um þetta fleiri orðum, enda ekki ástæða til þess, þar sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að hann ætlist ekki til þess, að frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi, heldur sé það afhent þm. til athugunar og það komi til umr. og afgreiðslu, þegar Alþ. kemur saman á hausti komanda. Ég tel þetta vel farið hjá ráðh. og tel sannarlega ekki vanþörf, að þetta mál verði skoðað mun betur og að horfið verði frá þeirri meginstefnu, sem er í frv., að gera alla aðila, sem þarna eiga hlut að máli, beint háða á mjög óeðlilegan hátt í mörgum tilfellum stjórnvöldum landsins. Vátryggingarstarfsemin hér í landinu hefur, þó að auðvitað í þessu tilfelli hafi kannske einhvers staðar orðið á misbrestur, þróazt þannig, að ekki er um nein stór skakkaföll að ræða.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi láta þessar aths. mínar koma hér fram við 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara í neinar langar almennar umr. eða fara að rifja upp umr., sem hér fóru fram í gær, eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason gerði áðan. En sá ágreiningur, sem fram kom í ræðu hans annars vegar og ræðu minni hins vegar, er ákaflega skýr og eðlilegur. Hann er í því fólginn, að ég lít á tryggingarstarfsemi sem félagslega starfsemi, sem beri að meta og skipuleggja frá félagslegum forsendum, en þessi hv. þm. vill líta á tryggingarstarfsemi sem venjulegan gróðarekstur, og hann er andvígur því, að allur almenningur eða opinberir aðilar hafi íhlutunarrétt um reksturinn. Þetta er ágreiningurinn í hnotskurn. Það er um þetta, sem deilan stendur. Þau atriði, sem hann gagnrýndi í frv., snerust öll um þetta, um þær till. mínar, að það sé litið á þessi félög sem félagslega starfsemi og að það eigi að gefa neytendum eða viðskiptavinum þeirra aukin réttindi frá því, sem nú er.

Þannig gagnrýndi hann það ákvæði 10. gr., sem ég minntist á í framsöguræðu minni, að ráðh. sé heimilt að skipa fulltrúa í stjórn þessara fyrirtækja. Eins og ég benti á, þá er þarna um að ræða veikara ákvæði en er í lögum annars staðar á Norðurlöndum. Þar er þetta skylda, en hér er það aðeins heimild. En hér tel ég vera um ákaflega veigamikið atriði að ræða. Hitt er rétt hjá hv. þm., að það verður að sjálfsögðu að setja einhverjar reglur um það, hvernig fulltrúinn er skipaður, og fara verður að því með fullri gát, því að það er síður en svo ætlun mín að fara að efna til einhverrar úlfúðar í þessum félögum, heldur einvörðungu að tryggja það, að viðskiptavinir félaganna hafi fullan rétt í sambandi við ákvarðanir, sem teknar eru efst uppi, fulla vitneskju um það, sem verið er að gera.

Á sama hátt hafði hann við það að athuga, að ríkisstj. skipaði sérstakan endurskoðanda af sinni hálfu til að fara ofan í fjármál þessara félaga. Það er auðvitað gert til þess, að tryggingaeftirlitið geti rækt þær skyldur, sem á það eru lagðar, og því aðeins geta menn gagnrýnt það, að þeir vilji ekki hafa neitt eftirlit með þessum félögum, heldur láta þau vera eins og frumskóg, eins og þau hafa oft verið, og ýta undir það, að þarna komi upp og eflist annarleg gróðasjónarmið, en ekki þau félagslegu sjónarmið, sem eiga að móta alla tryggingarstarfsemi hvernig svo sem rekstrarfyrirkomulag hennar er.

Hv. þm. var að fetta fingur út í það, að í 24. gr. er um það talað, að tryggingastærðfræðingur verði að hafa sérstakt starfsleyfi trmrh., þetta sé til marks um frekju og yfirgang þessa ráðh., sem allt vilji undir sig sölsa. En ég hugsa, að hv. þm. viti það gjörla, að ýmis starfsheiti eru að forminu til við það bundin, að ráðh. heimili þau. Þetta er formsatriði. Menn fara í tiltekið rn. og leggja þar fram gögn um það, að þeir hafi fengið rétt til að kalla sig tilteknu starfsheiti, og það er ekkert annað, sem í þessu felst. Þetta er gert á fjölmörgum sviðum og er þess vegna ekkert nýmæli og enginn yfirgangur á neinn hátt.

Hv. þm. hafði einnig við það að athuga, að tryggingaeftirlitið gæti breytt iðgjöldum, og taldi, að þar væri um að ræða háskalega skerðingu á frelsi þessara félaga. En ég tel þetta ákvæði vera ákaflega mikilvægt. Það hefur komið upp aftur og aftur hér á Íslandi, að tryggingarfélögin, sem hér hafa starfað, hafa haft um það samvinnu og samráð sín á milli, hvernig ætti að haga iðgjöldunum. T. d. hefur það komið ákaflega skýrt fram að undanförnu, þegar tryggingarfélögin hafa sótt á með hækkanir, sem hafa verið rökstuddar, að útreikningarnir hafa verið sameiginlegir fyrir öll félögin. Öll félögin þurftu að fá sömu hækkunina, bæði þau, sem voru vel rekin, og þau, sem voru illa rekin. Þetta er auðvitað engin samkeppni. Þetta er einokunarstarfsemi. Þessari einokunarstarfsemi er hægt að halda áfram, þegar þægilegt er að starfa fyrir þessi félög ekkert síður en þegar tímabundnir erfiðleikar eru, eins og verið hafa í sambandi

við bílatryggingar, einar saman að vísu. En að sjálfsögðu verður tryggingaeftirlit að hafa heimild til þess að breyta iðgjöldum, ef það kemst á snoðir um það, að tryggingarfélög hafa samsæri sín á milli um að halda uppi allt of háum gjöldum.

Í ræðu minni hér áðan vakti ég sérstaka athygli manna á því, að í frv. fælist heimild ráðh. til þess að neita að skrá tryggingarfélög í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi, ef tryggingaeftirlitið teldi ekki þörf fyrir þessa starfsemi né að starfsemi þess væri til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfsemi í landinu. Hér er um að ræða ákvæði, eins og ég sagði áðan, sem eru bæði í norskum, sænskum og finnskum lögum. Í norsku lögunum segir svo:

„Tillatelse skal likeledes nektes dersom oprettelsen av selskapet ikke ansees stemmende med forsikringstagernes, det offentliges eller almenhetens interesser.“ „Skal nektes“ — það er ekki heimildarákvæði, eins og í frv., heldur skylda. Það er lögð sú skylda á ráðh. að meta, hvort það er félagsleg þörf fyrir starfsemi slíks vátryggingarfélags, og ef matið er neikvætt, þá á hann að neita því um starfsemi. Svona hörð eru ákvæðin í norsku lögunum. Í íslenzku lögunum er sagt: „getur“, það er heimild. Á sama hátt segir í sænsku lögunum, að veita skuli leyfi, þ. e. a. s. heilbrigð þróun tryggingamálanna á að vera forsenda þess, að leyfi sé veitt til þessarar starfsemi. Og í finnsku lögunum er nákvæmlega sama sjónarmið, það er heilbrigð þróun tryggingamála, sem þarna er mælikvarðinn.

Það eru þessi félagslegu sjónarmið, sem nú hafa verið í stöðugri sókn að því er varðar afstöðu manna til tryggingarfélaga. Þessi sjónarmið eru uppi á Norðurlöndum og ákaflega víða, og ég tel vera mjög tímabært, að við fjöllum á sama hátt um þessi tryggingarmál á Íslandi. Ég held, að það sé samdóma álit allra manna, sem eitthvað hafa komið nálægt vátryggingarstarfsemi, að þróun þessara mála var um skeið ákaflega óskynsamleg og ákaflega kostnaðarsöm fyrir þjóðfélagið. Ástæðan til þess, að þessi hv. þm., Guðlaugur Gíslason, á erfitt með að skilja ákvæði af þessu tagi, er, að hann er af gamla skólanum. Hann fylgist ekki með í þeirri félagslegu þróun, sem er að gerast allt umhverfis okkur. Ég er aðeins að gera hér till. um það, sem þykir alveg sjálfsagt í öllum löndum umhverfis okkur, þar sem eru einhver félagsleg viðhorf til mála. En þau sjónarmið, sem þessi hv. þm. var með, að það ætti ekki að skipta sér neitt af gróðastarfsemi á þessu sviði, láta það alveg afskiptalaust, þetta eru fornaldarsjónarmið, sem menn aðhyllast alls ekki almennt nú, ekki heldur — það er ég sannfærður um — skoðanabræður hans eða flokksbræður réttara sagt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og hæstv. heilbrmrh. tók fram, þá er það ekki ætlunin að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi, svo að það gefst nægur tími til þess að athuga það mun nánar. Ég fyrir mitt leyti hef lesið þetta frv. yfir og verð að segja það, að mér finnst það mjög eðlilegt og sjálfsagt, að lagt sé fram frv. til l. um vátryggingarstarfsemi, sem komi í staðinn fyrir lög, sem bráðum eru orðin 60 ára gömul. Það getur hver maður séð, að jafngömul lög og þau, sem við er að búa um vátryggingarstarfsemi, eru orðin mjög ófullkomin, því að vátryggingarstarfsemi hefur tekið það miklum og örum breytingum, einkum á síðustu áratugum, að það var full þörf á því, enda hefur þetta mál verið til athugunar alllengi og fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði þá n., sem endurskoðaði lög um vátryggingarstarfsemi, og það kom fram í ræðu ráðh., hverjir hefðu verið í þessari n., hún var skipuð ágætum og traustum mönnum, og enn fremur leitaði hann til fleiri tryggingafræðinga í sambandi við samningu þessa frv., eins og það liggur hér fyrir.

Ég fyrir mitt leyti gæti og vil gera nokkrar aths. við þetta frv., en ætla ekki að gera það að umræðuefni nú. Það gefst tækifæri til þess síðar. En eins og ég sagði áðan, þá tel ég, að það hafi verið full þörf á því, að frv. um vátryggingarstarfsemi væri lagt fram og þessi lög gerð fyllri heldur en við eigum nú við að búa. Og ég skal einnig taka það fram, að ég tel, að margt í þessu frv. sé mjög til bóta og sé fært auðvitað til nútímalöggjafar, því að við verðum að viðurkenna það, að hin gamla löggjöf um þessi atriði var orðin úrelt og ófullkomin og engan veginn nógu vel fylgt eftir.

Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það sé mjög nauðsynlegt, að í sambandi við starfsemi vátryggingarfélaga sé ákveðið tryggingaeftirlit. Ég tel, að vátryggingarstarfsemi sé allmiklu meiri og umfangsmeiri starfsemi heldur en sala á venjulegri verzlunarvöru, allmiklu meira en að ganga inn í búð og kaupa sér sínar nauðþurftir, því að þeir, sem tryggingar kaupa, kaupa tryggingu á öllu því, sem þeir eiga, til þess að vernda það fyrir óhöppum, og þá er ekki óeðlilegt, að eftirlit sé haft innan ákveðinna marka með því, að fjárhagur þeirra aðila, sem slíkar tryggingar selja, sé byggður á traustum grunni og þeirra endurtryggingar séu með þeim hætti, að viðskiptamaðurinn, vátryggingartakinn öðlist öryggi fyrir því, að þjóðfélagið sjái til þess, að tryggingarfélagið hafi endurtryggt þær tryggingar, sem það hefur tekið að sér, en á því hefur verið því miður nokkur misbrestur í starfsemi einstakra vátryggingarfélaga í okkar landi og sömuleiðis í því sambandi á milli vátryggingarfélaga.

Ég skal taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að mörg vátryggingarfélög á Íslandi eru mjög traust fyrirtæki, sem ávallt hafa staðið við sínar skuldbindingar, og það eru í gildandi löggjöf ákvæði um eftirlit frá hendi hins opinbera með tryggingarfélögum, sem hafa átt að tryggja, að þau væru rekin með þeim hætti, að þau gætu staðið við þær skuldbindingar, sem þau hafa tekið sér á herðar. En þarna hefur orðið misbrestur á hjá öðrum, sem viðskiptaaðilar hafa tapað á, og í þeim tilfellum hafa þessi fyrirtæki tekið að sér hluta endurtrygginga hjá öðrum vátryggingarfélögum, sem hafa svo hreinlega tapað á þeim, þegar þau hafa

rúllað yfir, vegna þess að eftirlitið hefur ekki verið með þeim hætti, sem æskilegt er.

Það eru ýmis ákvæði í nokkrum greinum frv., sem ég er ósammála, sem mér finnst vera að sumu leyti gengið of langt í. En ég er sammála trmrh. í því, að við verðum að líta á starfsemi vátryggingarfélaga frá félagslegu sjónarmiði, vegna þess hve vátryggingarfélögin eru í raun og veru mikilvægar stofnanir, sem taka á sig mikilvægar skuldbindingar, sem er nauðsynlegt að fylgja eftir. Hins vegar er ég ekki sammála hæstv. ráðh. í því, þó að það sé í sænskum lögum eða lögum annarra Norðurlanda, t. d. að taka inn í lög um tryggingarfélög, að trmrh. sé heimilt að skipa einn mann í stjórn hlutafélags. Ég er þeirrar skoðunar, að ef hlutafélag er stofnað um einhverja ákveðna starfsemi og það uppfyllir skyldur hlutafélaga, þá hygg ég, að það rekstrarform og þau lög, sem hlutafélögin starfa eftir, eigi að gilda í þessum efnum. En hins vegar er ég algerlega sammála trmrh. um það, sem ég hef raunar áður sagt, að eftirlit þess opinbera með starfsemi tryggingarfélaga sé nauðsynlegt, vegna þess að það skiptir miklu máli fyrir þá, sem vátryggingar kaupa, að mega treysta því og varpa þá þeirri ábyrgð á ríkið, að félög séu rekin með þeim hætti, að þau standi við þær skuldbindingar, sem þau hafa tekið á sig gagnvart sínum viðskiptamönnum, enda finnst mér, að það eftirlit eigi alveg að vera nægilegt og fullkomið, til þess að það opinbera geti rækt þessar skyldur af hendi fyrir hinn almenna viðskiptaaðila vátryggingarfélaganna. Ég er líka sammála hæstv. iðnrh. í því, að nauðsynlegt er, að það sé einhver hemill hafður á því, hversu margir aðilar annast tryggingamarkað í okkar litla og fámenna landi, og ég verð að segja það alveg umbúðalaust, að mér finnst, að vátryggingarfélögum hafi fjölgað of mikið á síðustu áratugum, þannig séð, að ég hygg, að því stærri og færri sem félögin eru, þeim mun traustari séu þau, en verra sé aftur ef félögin eru mörg og smá.

Hv. 3. þm. Sunnl. vék hér nokkuð að einu bátaábyrgðarfélaginu, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, sem er elzta vátryggingarfélag landsins, og sagði það, sem rétt er, að það félag hefur alltaf getað staðið við sínar skuldbindingar. Það félag hefur kunnað að meta það og vega hverju sinni, hve miklar skuldbindingar það getur sjálft á sig tekið og á hve miklum skuldbindingum það þarf aftur að kaupa endurtryggingu hjá öðrum. Þannig er nauðsynlegt að fylgjast með. Því miður hafa ekki öll vátryggingarfélög reynzt eins vel og þetta gamla, góða félag.

Ég tel, að eftirlitið sé mjög nauðsynlegt og það sé ekki síður nauðsynlegt fyrir vátryggingarfélögin sjálf, því að það er engum manni eða félagi til góðs, ef það veljast ekki nógu traustir og öruggir menn til forustu í því, að vera þá eftirlitslaust. Það er þeim sjálfum til góðs að geta komið í veg fyrir, að þeir hafi gengið of langt í áhættu og ekki staðið við sínar skuldbindingar. Hins vegar verður það opinbera alltaf að hafa ofarlega í huga, að ekkert vátryggingarfélag getur orðið stæðilegt og tekið á sig sínar skuldbindingar nema það hafi aðstöðu til þess að geta hagnazt undir venjulegum kringumstæðum, því að eins og hefur nú verið í okkar landi og við sjáum nú fram á á næstunni, að verðgildi peninga fer sífellt minnkandi, þá auðvitað verða þessi félög að eignast í sínum höfuðstóli eða varasjóðum fleiri krónur til þess að geta staðið undir sínum skuldbindingum og tekið á sig auknar skuldbindingar að krónutölu.

Ég sagði hér í upphafi, að ég ætlaði ekki að flytja hér langa ræðu eða fara yfir allar þær greinar frv., sem ég mundi vilja gera aths. við. Að vísu hafa komið aths. að nokkru leyti fram, þó að ég sé þeim ekki að öllu leyti sammála. En ég vil endurtaka það, að ég tel nauðsyn á því, að næsta Alþ. setji ný lög um vátryggingarstarfsemi, vegna þeirra öru og miklu breytinga, sem átt hafa sér stað í sambandi við alla vátryggingarstarfsemi í landinu, frá því að þau lög voru sett, sem hafa verið í gildi síðan.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. trmrh. sagði hér áðan, að okkur greinir vissulega á í grundvallaratriðum, bæði í sambandi við þetta mál og mörg fleiri, sérstaklega um það, hve ríkan þátt stjórnvöld eigi að hafa eða hve mikil afskipti stjórnvöld eigi að hafa af atvinnurekstrinum og yfirleitt af einstaklingsframtakinu. Um þetta greinir okkur réttilega á í grundvallaratriðum. Ef á að líta á vátryggingarstarfsemi, eins og hæstv. ráðh. sagði að hann gerði, eingöngu frá félagssjónarmiði, þá mætti vissulega færa margt undir það í þjóðfélaginu, sem bæri þá að líta á sem félagsstarfsemi. Þetta er að vissu marki ekkert frábrugðið öðrum viðskiptum. Þarna er um að ræða seljendur og kaupendur. Kaupandinn metur, hvort hann vill skipta við þennan, hvort hann telur hann nægilega tryggan fyrir sig eða tryggari en aðra, og hagar sínum viðskiptum í samræmi við það. Ef það ætti að fara að vernda rétt neytenda í viðskiptum almennt, þá erum við komin að því, sem ég sagði hér áðan, að þá ættu stjórnvöld til að vernda þennan rétt að fara að skipa fulltrúa í stjórnir hinna almennu viðskiptafélaga, hvort sem væri á sviði verzlunar eða annars. Þarna er ekki um annað að ræða. Ef hið opinbera ætti með lögum að fara að gæta beint réttar neytandans að þessu leyti, þá væri alveg eins hægt að halda því fram, að það væri sjálfsagt að skipa fulltrúa í stjórn þeirra verzlunarfyrirtækja, sem bein viðskipti hafa við neytendur. Ég tel, að þetta eigi að vera á valdi neytenda, hvar þeir vilja hafa sín viðskipti, hvort sem það er á þessu sviði eða öðrum.

Að þetta þurfi endilega að vera félagsmálastarfsemi, eins og hér hefur komið fram, bæði hjá hæstv. ráðh. og hv. síðasta ræðumanni, þá vil ég nú ekki fullyrða um það, en ég man ekki betur en að elzta vátryggingarfélag eða stærsta vátryggingarfélag í heiminum, Lloyds í London, sé ekki byggt upp á neinum félagslegum grundvelli. Þar eru það viðskiptasjónarmiðin, sem ráða. Menn hætta þar fé til þess að hagnast á því, ef svo ber undir, og tapa því, ef illa fer. Þetta er hinn almenni gangur viðskipta, og ég

hygg, að þó að hægt sé að tilgreina eitthvað annað í löggjöf annarra þjóða í sambandi við þessi mál, þá má það vel vera, og ég lét það koma fram í minni fyrri ræðu, að ég teldi eðlilegt, að eftirlit væri með þessu eins og öðru. Það er ekki það, sem okkur greinir á um. Ég tel hins vegar, að það eftirlit, sem gert er ráð fyrir í frv., gangi allt of langt, skerði frelsi einstaklinganna og gangi of langt að því leyti. Um þetta greinir okkur, hæstv. ráðh. og mig, vissulega á. Og þetta er, eins og ég sagði í upphafi, aðeins einn þátturinn í því, sem er að gerast á Alþ. nú, en það er alltaf með nýrri og nýrri löggjöf verið að ganga lengra á rétt einstaklingsins, færa valdið og athafnafrelsið frá honum undir stjórnvöld. Þetta höfum við séð í hverju frv. á eftir öðru hér á Alþingi.

Það getur vel verið, að það séu menn hér, bæði í minum flokki og öðrum, sem þykir þetta ágætt. Ég fellst ekki á það. Þetta er ekki gamaldags sjónarmið, ég fullvissa hæstv. ráðh. um, að þetta eru ekki nein fornaldarsjónarmið eða gamaldags sjónarmið. Ég hef fylgzt með starfsemi þess vátryggingarfélags, sem ég gat um áðan, í meira en hálfa öld og tel mig alveg dómbæran um það, eftir því sem ég hef þar séð, og þekki það, að það er hægt að reka vátryggingarfélög alveg án þess að þar þurfi nokkur að biða tjón. Og þó í þessu tilfelli, í þessum þætti viðskipta verði einhver misbrestur á, þá ætti að setja alla verzlunina undir jafnstrangt eftirlit og hér er gert ráð fyrir í þessu frv., ef það ætti að vera nægileg ástæða. Fara ekki á hverju einasta ári eitt eða fleiri verzlunarfyrirtæki yfir um eða verða gjaldþrota? Ég held, að það sé svo. Ef það ætti að nota það sem rök fyrir því, að það ætti að setja verzlunina alla undir jafnstrangt eftirlit, opinbert eftirlit, eins og hér er gert, þá væri ég því nákvæmlega jafnósamþykkur og ég er þeirri meginstefnu, sem er í þessu frv. að þessu leyti. En bæði get ég vel fallizt á, að þessi þáttur viðskiptanna, eins og ég sagði, þurfi að vera undir eðlilegu eftirliti og það sé eðlilegt, að lög, sem eru orðin 60 ára gömul, séu endurskoðuð. Það er allt saman eðlilegt. Það er ekki það, sem okkur greinir á um, heldur bara þá meginstefnu, sem í frv. er og miðar öll í þessa átt, eins og ég hef áður greint, að það er verið að ganga enn frekar á rétt einstaklinganna til frjálsra athafna heldur en ég tel eðlilegt.

Ég vil nú beina fsp., af því að ég tel mig þurfa að vita það, — beina fsp. til hæstv. ráðh. í sambandi við Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Ef svo skyldi reynast, að eftirlitið teldi starfsreglur þess félags, sem er búið að standa í 110 ár, eins og ég sagði, í einhverjum atriðum ekki vera í samræmi við það sem þessi lög gera ráð fyrir og það, sem kannske hinir nýskipuðu eftirlitsmenn vildu vera láta, ef það kæmi nú á daginn, að svo væri, mundi hann þá skipa rannsókn á því félagi eða krefjast þess, að það breytti öllum sínum starfsreglum, sem það hefur grundvallað sína starfsemi á í þetta langan tíma? Mundi hann krefjast þess af því, að það breytti sínum starfsreglum, eða setti það að öðrum kosti undir opinbera rannsóknarnefnd til þess að kanna starfsemina? Þetta tel ég, að ég þurfi að fá upplýst, vegna þess að þetta mál kemur vissulega til umr. heima í minu héraði í sambandi við þessi lög. Og ef það skyldi vera svo, að það ætti að raska starfsemi þessa gamla félags, grundvallarstarfsemi þess og reglum þess með þessum nýju lögum, þá mundi ég telja það mjög illa farið, því að ég tel, að það félag hafi sýnt það á þessum 110 árum, að það hafi verið alveg þess umkomið, þeir menn, sem því hafa stjórnað og stjórna í dag, eru alveg þess umkomnir að gæta hagsmuna þeirra aðila, sem þeir skipta við. En ég óska svars frá hæstv. ráðh. um það, hvort beri að líta þannig á, að þetta yrði gert, ef þessar reglur væru ekki alveg í samræmi við það, sem hans ágæta væntanlega n. teldi, að þær ættu að vera.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): *Herra forseti.* Aðeins örfá orð til þess að svara þessari fsp. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að ef Alþ. setur nýja löggjöf um vátryggingarstarfsemi, þá verða öll vátryggingarfélög, sem fyrir eru í landinu, að aðlaga sig þessari lagasetningu Alþ. Það á auðvitað við um þetta ágæta bátaábyrgðarfélag í Vestmannaeyjum ekkert síður en önnur. En hins vegar hygg ég, að það félag sé bæði það gamalgróið og þrautreynt, að það mundi ekki lenda í neinum vanda í því sambandi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan í mjög skýrri og skynsamlegri ræðu, að við njótum þess, að hér eru vissulega tryggingarfyrirtæki á Íslandi, sem hafa mikla reynslu og hafa starfað af miklum myndarskap og eru hornsteinar þessarar starfsemi. Þetta vita allir. Þess njótum við. En hitt liggur í hlutarins eðli, að ef við setjum löggjöf, þá verður að tryggja það, að farið sé eftir löggjöfinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 4. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Dvalarheimili aldraðra.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um dvalarheimili aldraðra [285. mál] (stjfrv., A. 812).

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. er einvörðungu lagt

fram til kynningar, og mun ég því ekki fylgja því úr hlaði með mörgum orðum. Ég fól í fyrrahaust Velferðarnefnd aldraðra að semja frv. til l. um aðstoð ríkisins við byggingu elliheimila, og þetta er árangurinn af störfum þeirrar n. Eins og menn vita, hefur skort nauðsynlega löggjöf um þetta efni, þannig að þessi afar mikilvægu félagslegu verkefni hafa fyrst og fremst lent á sveitarfélögum og svo sérstökum samtökum áhugamanna, sem hafa unnið mjög gott starf á þessu sviði. En það er tvímælalaust alveg nauðsynlegt, að um þetta atriði verði sett löggjöf, þar sem kveðið verði á um samvinnu ríkisins og annarra aðila um stofnun slíkra dvalarheimila aldraðra.

Meginefni frv. felst í 7. gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“

Þarna er sem sé annars vegar um að ræða skyldu og hins vegar heimild, en í báðum tilvikunum er ætlazt til, að ríkissjóður leggi fram fjármuni til þessa mikilvæga verkefnis. Þarna er einnig skilgreint, hvað átt er við með dvalarheimilum aldraðra, en það eru heimili, sem ætluð eru öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

Eins og ég sagði áðan, þá er þetta frv. einvörðungu lagt fram til kynningar, til þess að greiða fyrir því, að það geti fengið skjóta afgreiðslu á næsta þingi. Ef ætlunin er að miða næstu fjárl. við einhverjar fjárveitingar í þessu skyni, þá yrði nauðsynlegt, að þetta frv. yrði samþ. snemma á næsta þingi, og ég vil mælast til þess við hv. heilbr.- og félmn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, að hún sendi frv. til umsagnar áður en þessu þingi lýkur, þannig að slíkar umsagnir gætu þá legið fyrir, þegar þing kemur saman í haust.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur því miður verið nokkuð títt í þingsölum, sérstaklega þó í stjórnartíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., að stjórnarandstaðan gagnrýndi kannske án þess að athuga til hlítar, hvað verið væri að gagnrýna. Ég tel, að það sé til heiðurs fyrir núv. stjórnarandstöðu á yfirstandandi þingi að hafa tekið upp aðra stefnu heldur en þá var í framkvæmd og hafa reynt að skoða mál málefnalega og koma fram með sína gagnrýni á þeim grundvelli.

Mér þykir rétt nú þegar við 1. umr. þessa máls, sem auðvitað, eins og hæstv. ráðh. sagði, mun ekki ganga fram á þessu þingi, heldur koma til afgreiðslu haustþings eða næsta Alþ., að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið. Ég tel, að hér sé um gagnmerkt mál að ræða, sem reyndar hefði átt að hafa sézt hér á Alþ. fyrir löngu. Ég geri ráð fyrir því, að það komi fram þó nokkrar aths. við einstakar greinar þess, þ. á m. við 7. gr. frv., sem hæstv. ráðh. vitnaði í, en hitt veit ég, að þeir aðilar, sem þarna er getið um, bæði sveitarfélög og aðrir aðilar, sem fengizt hafa við og hyggjast standa í slíkum framkvæmdum, munu af heilum hug fagna því, að þetta frv. sé fram komið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er hér fram komið. Á síðasta kjörtímabili fluttum við tvívegis frv. hér í d., hv. 1. þm. Austf., hæstv. núv. sjútvrh. og ég, þess efnis, að tekinn yrði upp beinn stuðningur ríkisins við byggingu og við rekstur dvalarheimilis aldraðra. Þau frv. náðu ekki fram að ganga. Nú hefur málið verið tekið upp í nýju formi og borið hér fram sem stjfrv. Ég fagna því, að þetta er þannig á rekspöl komið, því að enginn vafi er á því, að þó að tekizt hafi að leysa mikinn vanda með viðtækum samtökum eða fyrir mikinn dugnað einstaklinga á þéttbýlustu stöðunum, þá eru enn óleyst stór vandamál á þessu sviði, sem varla hefðu orðið leyst í næstu framtíð án þess að til kæmi beinn stuðningur ríkisvaldsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Ríkisreikningurinn 1970.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970 [288. mál] (stjfrv., A. 884).

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 8. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar [50. mál] (stjfrv., A. 52).

Á 9. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 19. júlí 1971, en með þeim brbl. er flýtt um 5 mánuði gildistöku laga um almannatryggingar, sem samþykkt voru á síðasta þingi. Eins og menn muna, urðu mjög miklar umr. um almannatryggingar á síðasta þingi í tilefni af þeirri lagasetningu. Það hafði lengi verið gagnrýnt af þáv. stjórnarandstöðuflokkum, að almannatryggingakerfið á Íslandi hefði dregizt aftur úr því, sem gerðist í nágrannalöndum okkar, og þar væri þörf verulegra umbóta. Það var gagnrýnt af þáv. stjórnarandstöðuflokkum, að frv. það, sem þá lá fyrir, gengi engan veginn nógu langt, og í annan stað var það gagnrýnt mjög, að gildistaka þess kæmi seint til framkvæmda. Voru fluttar um það till. af þáv. stjórnarandstöðuflokkum, að lögin tækju gildi tafarlaust, og til vara var flutt till. um, að lögin tækju gildi á miðju þessu ári. Því var mjög eðlilegt, þegar kosningar leiddu í ljós, að fyrrv. ríkisstj. hafði ekki lengur meiri hluta í landinu, en fyrrv. stjórnarandstöðuflokkar tóku að semja um myndun nýrrar ríkisstjórnar, að þeir ræddu mjög fljótlega um að gera það að einu fyrsta framkvæmdaatriði sínu að láta þessi lög koma til framkvæmda eins fljótt og auðið væri, og þetta voru fyrstu brbl., sem ríkisstj. gaf út, lög um það, að lífeyrisgreiðslur almannatryggginganna ættu að taka gildi 1. ágúst, í stað þess að ætlazt var til, að þau tækju gildi um áramót.

Þær breytingar, sem þá komu til framkvæmda, voru í stórum dráttum á þessa leið: Elli- og örorkulífeyrir einstaklings hækkaði úr 4900 kr. á mánuði í 5880 kr. Barnalífeyrir hækkaði úr 2149 kr. á mánuði í 3900 kr. Mæðralaun hækkuðu með 1 barni úr 430 kr. á mánuði í 516 kr., með 2 börnum úr 2333 kr. á mánuði í 2800 kr. og með 3 börnum eða fleirum úr 4667 kr. á mánuði í 5600 kr. Þá hækkuðu ekkjubætur úr 6140 kr. í 7368 kr. á mánuði og greiðast nú í 6 mánuði í stað þriggja áður. Hafi ekkja yngra barn en 16 ára á framfæri sínu, á hún rétt á bótum, sem nema 5525 kr. á mánuði í 12 mánuði í stað 4900 kr. í 9 mánuði áður. Þá greiðist ekkjulífeyrir nú að fullu við 60 ára aldur, en lækkar um 5% við hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á aldurinn. Árlegur ekkjulífeyrir er nú 70560 kr., en var áður 56004 kr. Þá kom 1. ágúst til framkvæmda það nýmæli, að elli- og örorkulífeyrisþegum voru tryggðar lágmarkstekjur, þ. e. a. s. þegar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega eru lægri en 84000 kr. á ári, þá skal hækka lífeyri hans í það, sem vantar á þá upphæð. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem þannig var ástatt um, fengu þannig hækkun úr 4900 kr. á mánuði í 7000 kr. á mánuði.

Þá var einnig tekið inn í þessi brbl. það ákvæði, að frá og með 1. ágúst skyldi fæðingarstyrkur aldrei vera lægri en svo, að nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild, þar sem konan fæddi. En þannig var ástatt, að fæðingarstyrkurinn nægði ekki fyrir þessari dvöl á fæðingardeild, þannig að það var til þess ætlazt, að til kæmi greiðsla frá foreldrum í sambandi við barneignir, sem er auðvitað óeðlileg skipan, og það orðalag, sem í þessum brbl. felst, á að leysa þetta mál til frambúðar, þ. e. a. s. að þarna er ákveðið það lágmark á þessu gjaldi, að það nægi fyrir 7 daga dvöl á fæðingardeild.

Þá var ákveðið, að allur kostnaðarauki, sem leiddi af setningu þessara laga, skyldi greiðast úr ríkissjóði. Sá kostnaðarauki var allverulegur. Hann nam í heild nærri 300 millj. kr.

Ég vil vænta þess, að Alþ. afgreiði þetta frv. greiðlega. Að vísu kom það fram í sumum málgögnum stjórnarandstöðunnar, þegar þessi brbl. voru sett, að hér væri verið að efna til veizluhalda á heldur hæpinn hátt, að hér væri verið að framkvæma eyðslustefnu. En ég hygg, að þeir, sem þannig töluðu um skeið, hafi áttað sig á því, að þarna var um að ræða þarfir, sem vissulega verður að verja tiltækum fjármunum til. Hitt er svo annað mál, að þessi breyting, sem þarna kom til framkvæmda með brbl., er engan veginn nein fullnægjandi breyting á almannatryggingalögunum. Það vantar mikið á, að fyrirkomulag þeirra sé þannig, að við séum fullsæmdir af eða við stöndum jafnfætis þeim þjóðum, sem næst okkur eru, t. d. annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna hefur verið sett í það sérstök n. að endurskoða tryggingakerfið í heild. Þessi n. hefur unnið kappsamlega að undanförnu og ég vænti þess, að fljótlega verði hægt að leggja hér fyrir þing till. um frekari breytingar á almannatryggingalögunum. Þær breyt., sem nú er rætt um að unnt verði að leggja fyrir Alþ. fljótlega, eru þær, að tekjutryggingin til aldraðs fólks og öryrkja verði enn hækkuð allverulega, og ég tel það vera eitt brýnasta verkefnið í sambandi við almannatryggingar að hækka þessar greiðslur. Það er ekkert fólk á Íslandi, sem býr við jafnnauman kost og einmitt þetta fólk, og ef við viljum stuðla að auknum jöfnuði hér á milli manna, þá er það eitt brýnasta verkefnið að bæta afkomu þessa fólks. Þær hugmyndir, sem þar eru uppi, eru þær, að tekjutryggingin skuli nema 120 þús. kr. á ári, þ. e. a. s. ef það vantar á, að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi 120 þús. kr. í árslaun, þá skuli koma til hækkun á lífeyri, sem vantar á þá fjárhæð, þannig að það sé tryggt, að lágmarkstekjur verði 120 þús. kr. á ári, og sama gildi um hjónalífeyri, eftir því sem við á, þ. e. a. s. 90% af lífeyri tveggja einstaklinga, þannig að hjónalífeyrir verði þá 216 þús. kr. á ári og jafnframt verði fellt niður ákvæði um, að sveitarsjóðir greiði ⅔ hluta hækkunarinnar af hinum almenna lífeyri. Hér er um að ræða mjög veigamikla breytingu, og ég tel, að í henni mundi felast mjög veruleg endurbót á almannatryggingakerfi okkar.

Önnur atriði, sem rætt hefur verið um í n., eru, að stofnaður verði sérstakur tryggingadómstóll. Það koma oft upp álitamál og ágreiningsmál í sambandi við tryggingabætur og hefur verið erfitt að fá þau mál útkljáð á eðlilegan hátt. Stundum hefur orðið að reka þau fyrir venjulegum dómstólum, sem er óeðlileg skipan, þannig að um það er nú rætt að koma upp sérstökum tryggingadómstól, sem fjalli einvörðungu um

mál af þessu tagi og geti útkljáð þau á tiltölulega stuttum tíma. Annað atriði, sem ég vil minnast á, er það, að til þessa hefur verið greiddur barnalífeyrir, ef faðir er örorkulífeyrisþegi, en við teljum eðlilegt, að barnalífeyrir verði einnig greiddur, ef móðir er öryrki, sem getur hvorki innt framfærsluskyldu af hendi með starfi á heimili né utan þess, og séu báðir foreldrar ófærir að inna framfærsluskyldu af hendi verði greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Þá teljum við eðlilegt, að heimilt verði að greiða barnalífeyri með börnum, sem ekki reynist gerlegt að feðra. Þarna er um að ræða vandamál, sem eru mjög erfið fyrir ýmsa, eins og menn vita, og er sjálfsagt, að þetta atriði verði tekið inn í tryggingakerfi okkar. Þá er einnig af sama tagi sú hugmynd að greiða barnalífeyri vegna barna manna, sem sæta gæzlu- eða refsivist, enda hafi hún varað a. m. k. í 3 mánuði. Þá er talið eðlilegt að taka upp þá skipan til samræmingar, að bætur, sem ekkjur hafa fengið greiddar í 12 mánuði vegna fráfalls maka, verði einnig greiddar ekklum, og ákvæði um slíkar bætur í 12 mánuði í viðbót, ef eftirlifandi hefur barn innan 16 ára á framfæri sínu, þær verði greiddar til 17 ára aldurs barnsins.

Ég vænti þess sem sagt, að þessar till. og ýmsar aðrar muni fljótlega verða lagðar fyrir þingið. Önnur atriði, sem verið er að fjalla um í n., er það, að sjúkradagpeningar einstaklinga hækki og verði jafnháir sjúkradagpeningum kvæntra, en dagpeningar vegna hvers barns á framfæri hækki um tiltekna upphæð. Þá er það alkunna, að í málefnasamningi ríkisstj. var um það rætt, að það fyrirkomulag að innheimta tryggingagjöld sem nefskatta verði afnumið, en í staðinn verði þau innheimt eftir hinu almenna skattakerfi. Að þessu ber að sjálfsögðu að vinna, þetta er fyrirheit í stjórnarsáttmálanum, en það fellur auðvitað inn í þá endurskoðun á hinu almenna skattakerfi, sem nú er unnið að.

Önnur atriði, sem um er fjallað í n., er að lögleiddar verði örorku- og dánarbætur vegna sjómanna á bátum undir 12 tonnum að stærð í sama mæli og sjómenn á stærri skipum njóta nú samkvæmt kjarasamningum. Þá er einnig fjallað um það í n., að sjúkrasamlög greiði tannlækningar að einhverju leyti, sem væri mjög mikilvæg endurbót á núverandi tryggingakerfi, enn fremur að greiðsla ferðakostnaðar og dvalarkostnaðar sjúklinga, sem leita þurfi utan af landi til sérfræðinga, komi eftir föstum reglum frá Tryggingastofnuninni. Mörg fleiri atriði er fjallað um í þessari n., en eins og ég sagði áðan, þá hugsar n. sér að skila af sér í áföngum, þannig að viss tiltekin atriði geti komið til framkvæmda á undan öðrum, og þar ber hæst það atriðið, sem ég minntist á áðan, að hækka tekjutrygginguna. Það hefur verið kannað, hversu mikið það mundi kosta að hækka tekjutrygginguna upp í 120 þús. kr. á ári fyrir einstakling eða 216 þús. kr. fyrir hjón á ári, og það virðist munu kosta milli 200 og 300 millj. kr. á ári og þó sennilega nær 300 millj.

Mér þótti rétt að gera grein fyrir þessu í sambandi við þetta frv. um staðfestingu á brbl., til þess að hv. alþm. viti, að það er haldið áfram að vinna að þessum málum og að þær ákvarðanir, sem teknar voru þegar eftir að stjórnin tók við í sumar, eru aðeins upphaf að mun víðtækari breytingum, sem nú er unnið að.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það gladdi mig, þegar ég frétti það, að fyrsta verk núv. ríkisstj. var að flýta gildistöku laga, sem fráfarandi stjórn hafði samið og fengið samþ. á síðasta Alþ. En ég neita því ekki, að eftir þeim umr., sem farið höfðu hér fram um þetta frv. í kosningabaráttunni í vor, þá bjóst ég við, að þessi brbl. mundu fjalla um annað og meira en að flýta gildistökunni. Ég hef mörg lýsingarorð núverandi stjórnarsinna á reiðum höndum um lagafrv., sem samþ. var á þinginu í vor, og er þess vegna fullljóst, að stjórnarandstöðunni þáverandi þótti frekar lítið til þess koma, og bjóst ég því við miklum umbótum. Hins vegar dettur mér ekki í hug annað en að viðurkenna það, að tíma þarf til endurskoðunar á slíkum hlutum sem þessum, og það dregur ekki úr þakklæti mínu fyrir það að flýta um 5 mánuði gildistöku þessara laga. Okkur er það örugglega öllum ljóst, að það er fátækasta fólkið í landinu, sem hér á hlut að máli, og allt, sem gert er því til hagsbóta, er sannarlega mikils virði fyrir þetta fólk.

Í þessum lögum, sem samþ. voru í vor, voru mörg nýmæli og þau voru mikil endurbót á okkar tryggingalöggjöf. Eitt af þeim merku nýmælum, sem þar var um að ræða, var þetta atriði um 7000 kr. lágmarksbætur fyrir þá, sem engar tekjur hefðu, sem hæstv. heilbrmrh. hefur nú tjáð okkur, að muni verða hækkað upp í 10 þús. kr.

Í sambandi við þetta mál er tvennt, sem mig langar til að minnast á. Í fyrsta lagi hefur það lengi verið áhugamál þeirra, sem sinna öryrkjamálum, að tryggingabætur yrðu hlutfall af launum verkamanna, en ekki bundnar ákveðinni krónutölu. Í landi eins og Íslandi er það sérstaklega þýðingarmikið, og ég verð að segja það, að eftir fregnum síðustu daga í blöðum um mjög hækkandi húsaleigu nú á síðustu mánuðum, þá efast ég stórlega um, að 10 þús. krónurnar verði miklu meira virði um áramótin en 7 þús. krónurnar voru í marz, þegar þessi lög voru búin til. Og þannig er það, að nú þegar kjarabætur koma, þá er að vísu í þessum lögum, sem samþykkt voru í vor, einnig það nýmæli, að þá skuli breyta bótum öryrkjanna, en þó ekki fyrr en eftir 6 mánuði, að laun hafa hækkað í fiskvinnu. Því vildi ég mega beina því til þeirrar n., sem endurskoðar nú tryggingalöggjöfina, hvort ekki væri hægt að fara inn á það, að örorkubætur væru — við skulum segja 70% af 3.—4. taxta Dagsbrúnar eða einhver ákveðin viðmiðun, þannig að sjálfkrafa fylgdi hækkun á bótum, ef breyting yrði á launakjörum verkamanna. Ég tók þessa tölu af handahófi, 70%, en mér er ljóst, að ekki gæti allt komið í einu og væri hugsanlegt, að þetta hækkaði um 1% á ári — við skulum segja á næstu 5 árum — upp í 75%. En annars er hér um erfitt vanda-

mál að ræða, vegna þess að við getum illa farið með bætur á þann hátt, að þær verði sæmilega lífvænlegar, vegna þess að þá verða kannske svolitlar hömlur á þeim kvóta, sem þarf að vera fyrir hvern mann til að vinna fyrir sínu brauði. Því er kannske ekki nema eðlilegt og er nú víðast hvar allmikill munur á launum lægst launuðu verkamanna og tryggingabótum.

Það eru fleiri nýmæli, sem eru ekki komin til framkvæmda enn þá, en þetta, að miðað verði við laun fólks í fiskvinnu, álít ég mjög merkilegt nýmæli og vonast til þess, að þeir, sem með þessi mál fara, sjái sér fært að færa þetta í ákveðnara horf, þannig að þetta verði í þá áttina, að hér verði um prósentutölu af verkamannalaunum að ræða, en ekki að það sé í valdi tryggingaráðs hverju sinni, hvenær og hve mikið bæturnar eru hækkaðar.

Nýmæli, sem er okkur mikils virði og komið er þegar til framkvæmda, er um það, að nú er heimilt að greiða fötluðum börnum örorkustyrk, allt að því 4000—4500 kr. á mánuði. Þetta er nýmæli, sem er mjög mikilvægt og kemur fjölda fjölskyldna að miklum notum. Aldurinn fram að 16 ára hefur verið erfiður fyrir þá, sem hafa átt að sjá fyrir þessum börnum. Það hefur ekki fengizt með þeim styrkur, en hins vegar hefur mikill aukakostnaður fylgt uppeldi þeirra.

Eitt er það, sem oft hefur komið til orða, en ekki komizt í framkvæmd, og það er að vekja athygli á mismunandi þörfum öryrkja og aldraðra. Það gefur auga leið, að þarfir tvítugs eða þritugs manns eru allt aðrar í þjóðfélaginu heldur en við skulum segja manns á áttræðisaldri, og þetta er m. a. orsök þess, að í nágrannalöndunum hafa verið fundnar upp ýmiss konar hliðarráðstafanir, hliðarbætur, þannig að þetta fólk hefur fengið í heild miklum mun hærri bætur en gamla fólkið. Hér er eins og oftar örðugt við að eiga. En eitt er víst, að jafnvel þó að ekki sé um 75% öryrkja að ræða, þá er það oft svo, að þessu fólki er miklu dýrara að lifa heldur en öðru. Jafnvel þó að það stundi einhverja vinnu, þá þarf það oftar að kaupa sér leigubíla til að koma sér á milli staða og lyfjakostnaður og læknismeðferð er því jafnan einhver kostnaðarauki, fyrir utan ýmislegt annað, sem kemur til greina. Og við endurskoðun núverandi laga langaði mig líka til að vekja athygli á því, að enda þótt greidd séu 50%, 75% af lyfjum, og að vísu stundum 100%, ef það er lífsnauðsynlegt, þá er lyfjakostnaður mikill og tilfinnanlegur kostnaðarauki sumra öryrkja og aldraðra og verulegur liður í þeirra lífsframfærslu, og þetta byggist á því, að enda þótt ekki sé um lífsnauðsynleg lyf að ræða, þá geta það verið lyf, sem eru þessu fólki nauðsynleg, og það þarf oftast að greiða þessi lyf að hálfu. Ég veit, að í mörgum tilfellum greiða sveitarfélögin slíkan kostnað, en það væri ástæða til að koma inn í lög frjálsari möguleikum til þess að greiða að fullu lyfjakostnað öryrkja og aldraðra. Það er ekki um stóran hóp hér að ræða, og ég hef ekki trú á því, að það muni valda neinni byltingu í kostnaði, en mörgum gerir þetta í dag lífið erfitt.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi vekja athygli hv. n. á, og það er það, að fyrir getur komið, að það sé allmikil nauðsyn á því, að hjón geti fengið sína greiðslu frá tryggingunum sitt í hvoru lagi. Alkóhólistar eru orðnir viðurkenndir sjúklingar, og margir þeirra eru á bótum, sumir þeirra eru kvæntir og fjölskyldumenn og ekki ástæðulaust að ætla, að sú aðstaða geti skapazt, að það sé nauðsynlegt fyrir annan aðilann að geta fengið rétt á að fá hluta hjónalífeyrisins greiddan sér á parti.

Mér þótti vænt um að heyra það, að n. hefur tryggingadómstól til athugunar. Það er mál, sem þarf að gerast hér í landi, að þessir aðilar geti kvartað til aðila, sem fara með þau mál sérstaklega.

Ekki er því að neita, að sú eina viðunandi lausn, sem á málum þessa fólks er, er að geta fengið heilbrigðisþjónustuna sem fullkomnasta og endurhæfingarþjónustuna sem fullkomnasta, þannig að sem flest af því geti unnið sér inn sitt lífsviðurværi með eigin vinnu. Ég held, að við hér í þessu landi séum sérstaklega settir í þessu efni. Ég hef ástæðu til að ætla, að hvergi í nágrannalöndunum sé jafnhá hlutfallstala öryrkja og aldraðra í vinnu. Kannske er þetta að einhverju leyti vegna þess, að okkar bætur hafa verið lágar, en það eru fleiri ástæður, sem liggja þar til. Ég held, að þetta sé veigamikið atriði fyrir okkur og að við verðum á næstunni að gera ráðstafanir til þess, að meiri fjölbreytni ríki í atvinnuháttum fyrir þetta fólk, bæði af fjárhagslegum ástæðum og einnig vegna þess, að það er þessu fólki nauðsynlegra en mörgum öðrum, til þess að geta lifað sæmilega haminguríku lífi, að geta haft eitthvað við að dunda. Við eigum að leggja mikla áherzlu á þýðingu þessa atriðis, á sama tíma og þetta mundi gera tryggingalöggjöfina auðveldari í meðferð.

Hæstv. heilbrmrh. minntist á, að auknar hefðu verið greiðslur til þeirra, sem þyrftu að leita sér læknishjálpar erlendis og annars staðar en þar, sem þeir eiga sjúkrasamlag. Þetta er einnig mikið nauðsynjamál og þetta hefur verið framkvæmt nú upp á síðkastið. Í því sambandi langaði mig til að minnast á eitt mál, sem heyrir kannske ekki nema að nokkru leyti tryggingalöggjöfinni til, en þannig er, að á minum ferli hef ég oftar en einu sinni þurft að fara með sjúklinga til útlanda, og mér er einnig kunnugt um ýmsa aðra, sem bæði hafa þurft að senda sína nánustu til útlanda eða aðila, sem hafa farið með sjúklinga til útlanda, og ég verð að segja það, að stundum hefur bæði mér og öðrum veitzt bæði kostnaðarsamt og erfitt að koma sér fyrir í sambandi við þessi ferðalög. Nú er það svo, að úti í Kaupmannahöfn hefur verið rekið heimili upp á síðkastið, sem hefur átt að sinna þessum þörfum. Þetta var áður á vegum Kaupmannahafnarprestsins, en mér skilst, að annir hans hafi aukizt. Mér skilst, að störf hans í Kaupmannahöfn við félagslega aðstoð fyrir Íslendinga séu vaxandi, og mér skilst, að hann hafi ekki sinnt þessum málum upp á síðkastið mikið. En ég vildi gjarnan mega spyrjast fyrir um það, hvað þessu máli liði, hvort þetta heimili yrði látið starfa áfram, hvort þetta sé

mikill fjárhagslegur baggi á því opinbera og hvað heilbrigðismálastjórninni sé kunnugt um notkunargildi þessa heimilis.

Að einu leyti erum við hér, eins og kannske á fleiri sviðum, lítið eitt frábrugðin okkar nágrönnum. Hér höfum við engan aðila í tryggingaráði frá samtökum öryrkjanna. Venjan er sú í nágrannalöndum okkar, að þessir aðilar fái að vera með í ráðum og fái að tala sínu máli í þeim ráðum, sem um þessi mál fjalla, en hér er það nú ekki. Ég held, að það séu tveir aðilar a. m. k., sem ættu að hafa þar eitthvað að segja, það væri Samband ísl. sveitarfélaga og það eru öryrkjafélögin. Það er óeðlilegt, að þessir aðilar geti aldrei fengið að leggja orð í belg, þegar hagsmunamál þeirra eru rædd á tryggingaráðsfundum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal strax í upphafi taka það fram, að ég stend ekki hér upp til þess að andmæla því frv., sem hér er til umr., heldur get ég, eins og hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykn., lýst yfir eindregnum stuðningi mínum við það og þá einu breytingu, sem í því felst, en hún er sú að flýta gildistöku þeirra laga um 5 mánuði, sem fráfarandi ríkisstj. flutti og fékk samþ. á síðasta Alþ. Sú breyt. er áreiðanlega til bóta fyrir þá, sem þarna eiga hlut að máli, og ber að fagna henni. Þetta er mismunurinn á málflutningi núv. stjórnarandstöðu og hinnar fyrrv., sem hafði, ja, gjarnan þau orð, sem varla eru eftir hafandi, um þetta frv., þegar það var flutt á sínum tíma, þó að fyrri hluti ræðu hæstv. trmrh. nú væri kafli úr þeirri ræðu, sem var framsöguræða fyrir frv., þegar það var flutt á síðasta vori, og endurtekning á því, sem þar var sagt. Þá var þetta frv., sem hér er nú flýtt gildistöku á, en það er eina breytingin í þessu frv., þá var það ýmist kallað hundsbætur eða lélegt framlag ríkisstj. til þessara mála. Afrek núv. hæstv. ríkisstj. er svo það eitt að flýta gildistökunni um 5 mánuði, en því atriði ber út af fyrir sig að fagna, og vísa ég um það til ummæla hv. 3. þm. Reykn. einnig. En í grg. og fjárlagakafla hæstv. ráðh. nú, heilbr.- og trmrh., þýtur svolítið öðruvísi í þessum skjá heldur en þaut á s.l. vori, þegar við vorum að flytja þetta frv. Nú segir hæstv. ráðh. eða hans rn. í grg. með núv. fjárlagafrv.: „Meginorsök þeirrar hækkunar", þ. e. a. s. á ríkisútgjöldunum, „er framlag til lífeyristrygginga og á rætur sínar að rekja til breytingar á lögum um almannatryggingar, sem samþ. var á síðasta þingi og fól í sér verulega bótahækkun almennt, annarra en fjölskyldubóta."

Ég endurtek það, að það þýtur svolítið öðruvísi í þessum skjá nú. Það mátti annað sjá s. l. vor í því blaði, sem hann ritstýrði þá, og annað mátti skilja af ummælum hæstv. ráðh. þá, þegar hann var stjórnarandstæðingur hér á þingi, að maður ekki tali um sjálfa kosningabaráttuna, eins og hún var háð, og þau heiðarlegheit, sem fram komu þar.

Síðari hluti ræðu hæstv. ráðh. var svo um það að skýra frá hugleiðingum í nýrri n., sem hann hefði skipað til endurskoðunar á tryggingalöggjöfinni. Nú er það mín persónulega skoðun, og ekki sízt eftir að hafa kynnzt þessum málum um 6 ára skeið sem þáv. ráðh., að tryggingalögin séu eitt það í íslenzkri löggjöf, sem sífellt verði að vera í endurskoðun. Ber því að fagna því, að framhald hefur verið á því, sem áður var fyrir hendi, að um framhaldsendurskoðun á þessum lögum sé að ræða. Þeim verður að breyta stöðugt með breyttum lífsháttum og breyttum þjóðfélagsháttum og setja ný ákvæði í lögin í staðinn fyrir þau, sem úrelt eru. Það er mín skoðun og hún er óbreytt, að þarna þurfi að vera um stöðuga endurskoðun að ræða.

Það var fundið fyrrv. ríkisstj. mjög til foráttu, að þegar — eins og hv. stjórnarandstæðingar sögðu þá — illa stóð á fyrir henni í einhverjum málum, þá átti hún að afsaka sig með því, að það væri komin n. í málið. Ég hef ekki tölu á þeim n., sem útungað hefur verið af núv. hæstv. ríkisstj. þá þrjá mánuði, sem hún hefur setið að völdum. Það þurfti að koma nú og endurtaka flutning á frv., sem fráfarandi ríkisstj. hefur samið um þessi mál, án þess að hafa nokkuð nýtt til málanna að leggja annað en mjög loðnar hugleiðingar núv. endurskoðunarnefndar í tryggingamálum. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., hvort sem hann vill svara því nú eða síðar: Er það meining hæstv. núv. ríkisstj. að taka inn í lög þær brtt., sem fyrrv. stjórnarandstæðingar fluttu á síðasta þingi? Við þessu væri ágætt að fá svar, því að þá átti þetta að vera lafandi velt.

Miðað við það, að við vorum þá nýstignir upp úr öldudal efnahagserfiðleika, þá treystumst við ekki til þess á þeirri stundu, sem frv. var samið, um s. l. áramót, að gefa loforð um gildistöku fyrr en um næstu áramót. Sem betur fer landslýðs alls vegna hefur orðið geysileg breyting á öllu útflutningsverðmæti þjóðar okkar frá þeim erfiðleikatímum og það svo, að verðlag á t. d. frystiafurðum, sem er einn stærsti útflutningsliður okkar, hefur hækkað um meira en helming. Aðrar fisktegundir hafa hækkað flestallar verulega, að rækju og humar undanteknum, og hefur það gerbreytt öllu útliti til hins betra í íslenzku þjóðlífi. Þeir, sem fyrst ættu að njóta þess, eru tryggingaþegar og næst lægstlaunaða fólkið í landinu, sem þó hefur óskerta heilsu. Þess vegna spyr ég: Ef hægt var að flytja þær brtt. af nokkurri sanngirni, sem fyrrv. stjórnarandstæðingar fluttu á síðasta þingi, er þá ekki full ástæða til að endurflytja þær till. nú, ef hv. núv. stjórnarliði hefur verið nokkur alvara í þeim tillöguflutningi og þeim blekkingavaðli, sem viðhafður var við flutning frv. á síðasta þingi? Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Er það meiningin að taka brtt. þáv. stjórnarandstæðinga inn í frv. nú? Ég segi: Hafi alvara verið að baki þeim brtt. þá, þá er full ástæða til að ætla, að núv. ríkisstj. geti framkvæmt þær með hliðsjón af þeim batnandi horfum, sem eru í öllum útflutningsmálum okkar í dag. Og ég segi, að það sé mikið gleðiefni fyrir alla landsmenn, og ég fagna því, að mjög hefur skipt um til hins betra í þeim efnum, svo mikla erfið-

leika sem við höfum haft af því tímabili, sem á undan var gengið um 2½—3 ára skeið, en sem betur fer er yfirstigið nú.

Annarri spurningu langaði mig til að beina til hæstv. ráðh. Ég vil nú ekki hafa sama hátt á og fyrrv. stjórnarandstæðingar að krefja hann svars á stundinni, en það er hans mál að meta, og ég fyrtist ekkert, þó að hann óski frests til að svara þessu, en það er mjög mikilvægt í sambandi við hugleiðingar manna og meðferð málsins í n. Ég á nú sæti í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, þannig að frekari kostur gefst þá að fjalla um málið þar, og get ég þess vegna stytt mál mitt nú. En það er sú spurning: Ætlar ríkissjóður áfram að taka á sig það greiðsluhlutfall, sem hann tók á sig við gildistökuna 1. ágúst s. l.? Ég hygg, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. alþm. og ekki síst þá n., sem málið fær til meðferðar, að vita um þankagang ríkisstj. í þessu efni.

Ég get, eins og ég sagði í upphafi þessara orða minna, tekið undir nánast flest af því, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, og hans till. um meðferð málsins. Þær eru flestar komnar frá samtökum þeirra aðila, sem hann minntist á þar. Ekki vil ég sízt taka undir það, að nauðsynlegt er með hliðsjón af þeirri verðbólgu, sem ríkt hefur og ríkir í landinu með kannske aldrei meira fjöri en í dag, að krónutölurnar, sem verið hafa í lögum um of langan tíma, verði afnumdar og fundið ákveðið hlutfall, þannig að ekki þurfi um það að deila eða breyta lögum í hvert skipti, sem launahækkanir eða annað verðbólguástand eykur áhrif sín í landsmálunum á hverjum tíma, eins og við höfum því miður orðið varir við að undanförnu.

Í sambandi við þann tryggingadómstól, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, þá hefði ég haldið með hliðsjón af því, hvernig tryggingaráð hefur verið skipað, og ætla má, að sé vilji ríkisstj. á hverjum tíma, að þar eigi allir þingflokkar að hafa sína fulltrúa, til viðbótar því, sem hv. 3. þm. Reykn. talaði um, að samtök þeirra, sem bóta njóta úr almannatryggingunum, ættu þar einnig fulltrúa, að hugsanlegt væri að útvíkka starfsemi tryggingaráðs og örva það til fljótari afgreiðslu, þannig að ekki þyrfti að koma upp nýju nefndaapparati í sambandi við úrskurði þá, sem nauðsynlegt er að gera í þessum málum á hverjum tíma. Ég held, að þarna væri frekari ástæða til þess að ætla, að tengslin milli Tryggingastofnunarinnar, sem er framkvæmdaaðilinn um úthlutun bótafjárins, og tryggingaráðs verði ekki rofin með þriðja aðila, sem sé svonefndum tryggingadómstóli. Þetta er hugmynd, sem ég varpa fram að lítt hugsuðu máli, en tel þó ástæðu til að minnast á hér.

Ég skal svo ekki á þessu stigi málsins — samkv. því, sem ég áðan sagði, á ég kost á því að fjalla um málið í hv. heilbr.- og félmn. — lengja þessar umr., en ég tel nauðsynlegt að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. og fylgismönnum núv. hæstv. ríkisstj., að brtt. þær, sem þeir lögðu fram, þegar fyrrv. ríkisstj. flutti það frv., sem hér er nú flutt óbreytt að öðru leyti en um gildistökuna, þær brtt. eru til á prenti.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka málsvörum stjórnarandstöðuflokkanna beggja fyrir þær yfirlýsingar, að þeir muni fylgja þessu frv. Í því er fólgin hugarfarsbreyting af þeirra hálfu, því að það var lagt til á síðasta þingi, að þessi breyting á almannatryggingalögunum tæki gildi á miðju þessu ári, en sú till. var felld af þessum flokkum báðum. Þeir hafa nú skipt um skoðun hvað þetta snertir, og það er vissulega ánægjulegt.

Ég vil þakka hv. þm. Oddi Ólafssyni fyrir þær aths., sem hann kom hér fram með. Þær báru það að sjálfsögðu með sér, að hann er maður, sem ekki er aðeins sérfróður á þessum sviðum, heldur hefur ákaflega góðan vilja til þess að leysa vandamál, sem þarna koma upp, og hefur mikla reynslu á þessu sviði. Allur málflutningur hans bar vott um þá afstöðu, og einmitt þannig held ég, að við þurfum að ræða um mál af þessu tagi. Hann minntist þar á ýmis atriði, sem mér finnst sjálfsagt, að sú n., sem um þetta fjallar, kanni og hugleiði. Hann minntist m. a. á atriði eins og lyfjakostnað aldraðs fólks, sem vissulega er mjög mikið vandamál fyrir marga. Mér er kunnugt um það einnig, og það er atriði, sem vissulega þarf að reyna að leysa úr. Hann minntist einnig á, að það þyrfti að taka upp ákvæði um það, að hjón gætu fengið greiddar bætur sitt í hvoru lagi, þegar þannig stendur á. Ég veit ekki alveg, hvort hægt væri að túlka 52. gr. laganna á þennan hátt, en þar er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna.“

Það má vel vera, að hægt væri að nota þessi ákvæði þannig, en ef það er ekki, þá virðist mér sjálfsagt að gera þetta alveg skýrt og ótvírætt.

Hv. þm. minntist einnig á það, að það væri ærin ástæða til þess að ákveða bæturnar sem ákveðið hlutfall af launum í landinu. Þetta má nú segja að felist í lögunum. Í 78. gr. segir svo:

„Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðh. þá innan 6 mánaða, að fengnum tillögum tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. lögum þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það.“

Sem sé, ráðh. er skylt að gera þetta, og hann getur gert þetta eins fljótt og hann vill, og hann má ekki draga það lengur en í 6 mánuði, þannig að þetta samhengi má segja að felist í lögunum eins og þau eru nú. En ég hef vissulega ekkert á móti því, að það verði kannað, hvort á ekki frekar að taka upp prósentuákvæði þarna heldur en fasta upphæð. En hinu vil ég lýsa yfir, að ef reynir á þessa grein á meðan ég er ráðh., þá mun ég eins fljótt og ég get tryggja slíka samræmingu.

Hv. þm. spurði um heimilið í Kaupmannahöfn, sem upp var komið á síðasta ári til þess

að hýsa fólk, sem þar er til lækninga. Nú er þetta talsvert mikið vandræðamál, eins og þm. vita. Ég bar fram fsp. um þetta efni á þinginu í fyrra, og þáv. ríkisstj. átti í æðimiklum vanda með að greiða úr því, ég held, að það hafi verið þrír ráðh., sem svöruðu þessari einföldu fsp. Ástæðan var sú, að þarna var verið að búa til kerfi, þar sem ekki var um að ræða eðlilega samvinnu milli rn. Heilbrmrn. hafði stuðlað að þessu heimili, en það var gert án alls samráðs við utanrrn. Og það kom í ljós, að sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hafði engin samskipti við þessa starfsemi. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð, sem eru algerlega ótæk. Ég sneri mér fljótlega, eftir að ég hóf störf í rn., til utanrrn. og bað um álitsgerð sendiráðanna í Kaupmannahöfn og í Lundúnum á því, hvort ekki væri þörf fyrir slíka starfsemi, og ef hennar væri talin þörf, þá er það náttúrlega óhjákvæmilegt, að sendiráð Ísland hafi yfirumsjón með henni. Við getum ekki verið að ástunda margverknað af þessu tagi eða láta starfsmenn Íslands erlendis vera að togast á um þvílík verkefni. Þetta hljótum við að verða að leysa sem eitt verkefni íslenzkra stjórnarvalda. Og ég vænti þess, að um þetta fáist grg. frá sendiráðunum á báðum þessum stöðum, og þá hefur maður að sjálfsögðu áhuga á því að leysa þetta mál, eftir því sem þörf segir til um.

Það var talsvert annar tónn í ræðu þeirri, sem hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hélt hér áðan Það var ekki sá góðviljaði tónn, sem kom fram hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni, heldur æðimikil beiskja og sárindi. Og ég skil það í sjálfu sér ákaflega vel. Þessi hv. þm. tók þátt í stjórnarsamvinnu, sem stóð í meira en áratug. Á þessu tímabili jukust þjóðartekjurnar mjög verulega, og afkoma fjölmargra þjóðfélagsstétta batnaði til muna. Hins vegar lækkaði kaupmáttur tryggingabóta á þessu tímabili. Ég hef margsinnis hlustað á þennan hv. þm. standa hér í ræðustól á Alþ. og sanna það með prósentum, að tryggingakerfið á Íslandi væri ákaflega fullkomið og tillögur stjórnarandstæðinga um umbætur á því væru eintóm yfirboð. Bæði hann og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason voru orðnir sérfræðingar í prósentureikningi hvað þetta snertir. Og það var yfirtak, hvað þessar prósentur voru nákvæmar. Og þeir tóku öllum till. um breytingar á þessu kerfi ákaflega illa, á ákaflega neikvæðan hátt, jafnvel till., sem voru bornar fram af fullkomnustu kurteisi og jafnvel studdar fullkomnum rökum, þá sögðu þeir alltaf: Þetta kerfi er ákaflega fullkomið. Við erum afreksmenn á þessu sviði. Við höfum unnið þarna í þágu aldraðs fólks og öryrkja og annarra viðskiptavina almannatrygginga á ákaflega fullkominn hátt.

Ég geri ráð fyrir því, að einmitt þetta mál hafi verið einn af banabitum fyrrv. ríkisstj. í kosningunum í sumar, því að þjóðin var ekki á sama máli um það, að þetta kerfi væri eins fullkomið og sérstaklega þm. og ráðh. Alþfl. vildu vera láta. Og sérstaklega þótti fólki það átakanlegt, þegar samþykkt voru lög fyrir kosningar, þar sem veifað var fögrum fyrirheitum, en lögin áttu ekki að koma til framkvæmda fyrr en næstum því ári síðar. Þetta fannst fólki ómerkileg blekkingaiðja, og það var það vissulega. Og ég skil það ósköp vel, að þetta brenni á hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni sem mikil sárindi.

Hann segir, að það þjóti öðruvísi í mér nú en gerði í umr. hér í vor. Það gerir það ekki. Það var enginn ágreiningur um það, að lög þau, sem samþ. voru hér í vor, voru til bóta. Um það voru allir sammála hér á þingi, enda voru lögin samþ. einróma. Ágreiningurinn var um það, að okkur fannst lögin ganga of skammt, okkur fannst gildistökuákvæði vera annarleg og okkur fannst ýmis atriði í kerfinu vera ófullkomin, og um þetta atriði hef ég alls ekki skipt um skoðun. Því fer mjög fjarri, að ég telji þessa breytingu að flýta gildistöku laganna vera lausn málsins. Ég tók það skýrt fram áðan, að að þessu verður að halda áfram að vinna.

Hv. þm. spurði, hvort ríkisstj. ætlaði að taka inn í lögin allar þær brtt., sem fluttar voru á síðasta þingi. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þær brtt., sem fluttar voru á síðasta þingi, verða teknar til athugunar af n., sem um þessi mál fjallar, og ríkisstj. hefur fullan hug á því, að tryggingakerfinu verði breytt í þær áttir. Þetta verður gert í áföngum, eins og ég talaði um áðan, og það atriði, sem fyrst kemur til framkvæmda, er þessi hækkun á tekjutryggingu aldraðs fólks og öryrkja, sem ég tel vera e. t. v. langveigamesta atriðið þarna að því er snertir almenn mannréttindi og jöfnuð í þjóðfélaginu.

Hv. þm. spurði einnig um það, hvort ríkissjóður ætlaði að halda áfram að taka á sig þessar auknu greiðslur, sem þarna er um að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé búið að ganga endanlega frá því, hvernig því fyrirkomulagi verður háttað, en ég lét þess getið áðan, að í sambandi við þessa breytingu á tekjutryggingu, þ. e. a. s. hún hækkaði upp í 120 þús. kr. fyrir einstakling og 216 þús. kr. fyrir hjón, þá verði fellt niður ákvæði um, að sveitarsjóðir greiði ⅔ hluta hækkunar frá hinum almenna lífeyri. Þetta er ákaflega veigamikil breyting og þýðir það, að þarna tekur hið opinbera á sig auknar skuldbindingar hvað þetta snertir. En það verður sem sagt haldið áfram að vinna að þessum málum, og ég fagna því vissulega, ef maður getur vænzt stuðnings Eggerts G. Þorsteinssonar, hv. þm., við þá starfsemi. Því miður var sá áhugi ekki eins mikill og mátt hefði vænta, meðan hann var í valdastól, en ég slæ engan veginn hendi á móti því að geta notið aðstoðar hans og hvatningar, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Ég tek það sem mark um það, að hann hafi breytt um skoðun frá því að hann þuldi prósenturnar hér á þinginu, og það er alltaf gott, þegar menn breyta um skoðun í jákvæða átt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það var í framhaldi af þeim svörum, sem hæstv. trmrh. gaf við þeirri fsp., hvort upp yrðu teknar í till. stjórnarinnar þær brtt., sem þáv. stjórnarandstæðingar fluttu við meðferð almannatryggingalaganna hér á Alþ. s. l. vor. Hann hefur gefið

þær upplýsingar, að tekjutryggingin muni verða látin koma til framkvæmda, að mér skilst, strax frá áramótum væntanlega, en um aðrar brtt. eða hækkanir, sem hér voru bornar fram á sínum tíma af stjórnarandstöðunni þáv., sagði hann það, að þær mundu að sjálfsögðu verða teknar til athugunar og yrðu þá eftir atvikum látnar koma til framkvæmda í áföngum. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta beri að skilja svo, að um næstu áramót muni eingöngu tekjutryggingin koma til framkvæmda. Ég býst við því, að margir hafi áhuga á að vita, hvort það muni vera von á hækkun annarra bóta frá því, sem tryggingalögin gera ráð fyrir, þau tryggingalög, sem koma að fullu til framkvæmda um næstu áramót.

Eins og við öll minnumst, sem hér áttum þá sæti í þessari hv. þd., þá kom fram hér sægur af brtt., sem allar voru til hækkunar á bótum eða aukningar á fjölda þeirra, sem bótanna skyldu njóta. Ég var að líta yfir umr. frá því í fyrra vegna ákveðins atriðis, sem ég þurfti að kynna mér, ekki beint í sambandi við þetta frv., og þar rakst ég á eitt, sem mér finnst að geti í rauninni verið samnefnari fyrir kröfur stjórnarandstæðinga þá, þó að brtt. hafi að vísu ekki allar gengið svo langt. En þar sé ég, að við 1. umr. um almannatryggingafrv. hér í þessari hv. þd. segir hv. núv. deildarforseti í þessari hv. þd., sem því miður er nú fjarverandi:

„Ég vil svo aðeins að lokum segja það," — segir hv. þm. þá — „að mér finnst höfuðgallinn á þessu frv. vera sá, að lífeyrisgreiðslurnar og bæturnar samkv. lögunum séu of lágar, og það hefði ekki verið nein ofrausn, þó að þær hefðu verið tvöfaldaðar frá því, sem nú er. Og það hefði verið raunverulega alveg lágmark þess, sem hugsanlegt var, að við gætum sætt okkur við."

Svo mörg voru þau orð. Í ljósi þessara orða, þessara ummæla og þeirra mjög mörgu og miklu brtt., sem fram komu, þá finnst mér ekki úr vegi að bera fram þessa fsp., sem ég áðan orðaði: Er það aðeins tekjutryggingin, sem á að hækka um næstu áramót, eða verða það einnig aðrar bætur?

Hv. 1. landsk. þm. minntist á það áðan, að ríkisstj. hefði verið mikilvirk í nefndaskipun, eftir að hún tók við völdum, og ég verð að viðurkenna, að maður ruglast oft í ríminu við að gera sér grein fyrir því, í hvaða mál hafa verið settar n. og í hvaða mál hafa ekki verið settar n. En ég þóttist þó muna það, að til endurskoðunar á almannatryggingalögunum hefði verið skipuð n. af hæstv. trmrh., og ég var að rifja upp, hverjir eiga sæti í þessari n., og þá get ég ekki stillt mig um, af því að ég var að fara yfir umr. og lesa ræðu núv. deildarforseta okkar við það tækifæri, að vitna í það, sem hann segir um endurskoðunina, sem fram hafi farið á almannatryggingalögunum og leiddi til þess frv., sem í fyrra var lagt fyrir þingið. Hann segir:

„En um þá endurskoðun, sem hér hefur farið fram, vil ég fyrst segja það, að ég tel, að undirbúningur og framkvæmd þessarar endurskoðunar hafi verið í samræmi við verstu siðvenjur, sem tíðkazt hafa um endurskoðun stórra lagabálka á undanförnum áratugum undir viðreisnarstjórninni. Hér hefur pólitísk n. verið sett til starfa og pólitískir gæðingar að mestu leyti, þó að ég vilji ekki segja, að það sé ekki út af fyrir sig um margt mætra manna þar að ræða, en það hefur verið forðazt, sem átti að vera regla varðandi endurskoðun á slíkum stórum og þýðingarmiklum málaflokkum sem þessum, að þar væri um breitt, pólitískt samstarf að ræða, t. d. mþn., sem skipuð væri fulltrúum allra þingflokka."

Eins og ég segi, ég gat ekki stillt mig um að vitna í þessi ummæli, þegar ég renndi augunum yfir þau nöfn, sem sýna okkur nefndarskipun hæstv. trmrh. Í henni eiga sæti, ef ég man rétt, Geir Gunnarsson alþm., Adda Bára Sigfúsdóttir varaformaður Alþb., Tómas Karlsson ritstjóri Tímans og varaþm., mikið starfandi í Framsfl., og Halldór S. Magnússon, sem ég ætla, að hafi verið efsti maður á framboðslista Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í Reykjaneskjördæmi í síðustu kosningum. Ég býst við, að hæstv. núv. deildarforseta hafi ekki órað fyrir því, að hann ætti eftir að snoppunga núv. trmrh. svona rækilega, þegar hann setti fram þessa skoðun sína.

Ég ætla ekki að gera nefndarskipunina frekar að umtalsefni. Ég er þó ekki frá því, að betur hefði mátt til takast, en ég vona, að hæstv. ráðh. gefi mér einhver svör við því, hvort það muni frá næstu áramótum mega eiga von á hækkun annarra bóta en tekjutryggingarinnar.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni, að fyrirætlun ríkisstj. væri að framkvæma ýmsar breytingar á tryggingalögunum, sem kæmu til framkvæmda nú um áramót. Hv. þm. Auður Auðuns spyr mig nánar um þetta. Ég hef líklega sagt þetta eitthvað óljóst áðan, en atriði, sem fyrirhugað er að reyna að láta koma til framkvæmda núna um áramótin, er þessi hækkun á tekjutryggingunni, eins og við höfum talað um hér, hækkun upp í 120 þús. fyrir einstakling og 216 þús. fyrir hjón. Önnur atriði, sem rætt hefur verið um, að kæmu til framkvæmda um leið, er stofnun tryggingadómstóls, sem áðan var minnzt á. Ég kannske skýt því inn út af ummælum hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar í sambandi við það mál, að hann dró í efa, að það væri ástæða til að skipa þennan dómstól, og taldi, að tryggingaráð gæti gegnt þessu hlutverki, að þetta tel ég vera á misskilningi byggt. Tryggingaráð er ekki hlutlaus aðili, þegar slíkar deilur koma upp, heldur einnig deiluaðili, og þarna þarf að koma til hlutlaus aðili til að útkljá vandasöm og mjög mikilvæg mál, sem þarna er um að ræða.

Svo að ég haldi áfram að minnast á þær breytingar, sem ríkisstj. hefur hug á að reyna að láta koma til framkvæmda nú um áramótin, þá er það, að til þessa hefur verið greiddur barnalífeyrir, ef faðir er örorkulífeyrisþegi, en það mun verða lagt til, að barnalífeyrir verði einnig greiddur, ef móðir er öryrki, sem getur hvorki innt framfærsluskyldu af hendi með starfi á

heimili né utan þess, og séu báðir foreldrar ófærir um að inna framfærsluskyldu af hendi verði greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Þá er till. um, að heimilt verði að greiða barnalífeyri með börnum, sem ekki reynist gerlegt að feðra. Enn er till. um, að greiddur verði barnalífeyrir vegna barna manna, sem sæta gæzlu eða refsivist, enda hafi hún varað a. m. k. í 3 mánuði. Þá eru ákvæði um það, að bætur, sem greiddar hafa verið ekkjum í 12 mánuði og nema 7368 kr. í 6 mánuði og 5525 kr. í næstu 6 mánuði vegna fráfalls maka, verði einnig greiddar ekklum og ákvæði um slíkar bætur í 12 mánuði í viðbót, ef eftirlifandi hefur barn innan 16 ára á framfæri sínu, verði greiddar til 17 ára aldurs barnsins.

Þá er um það rætt, að sjúkradagpeningar einhleypinga hækki og verði jafnháir sjúkradagpeningum kvæntra, þ. e. a. s. þeir hækki úr 221 kr. á dag í 251 kr., en dagpeningar vegna hvers barns á framfæri hækki úr 29 kr. á dag í 75 kr. Samkv. núgildandi lögum má lækka um þriðjung dagpeninga vegna manns, sem dvelst á sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlagsins, svo og sjúkradagpeninga, sem greiddir eru vegna barna hans. Verður lagt til, að ekki verði heimiluð lækkun á dagpeningum vegna barna. Þá er ætlunin að festa í lög ákvæði um það, að sjúkrasamlög og tryggingastofnanir og umboðsmenn þeirra hafi skyldu til þess að kynna umsækjendum og bótaþegum rétt sinn í miklu ríkari mæli en nú er gert. Það eru ákaflega mikil brögð að því, að almenningur þekki ekki þau réttindi, sem hann hefur gagnvart tryggingakerfinu. Og það er ákaflega mikil nauðsyn, að þessi starfsemi verði skipulögð þannig, að hún líti á sig sem þjónustustarfsemi í þágu almennings, þarna komi aldrei upp nein óeðlileg togstreita á milli stofnunarinnar og þeirra, sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Það er ætlun ríkisstj., að reynt verði að breyta málum í þetta horf.

Þetta eru þau atriði, sem ríkisstj. hefur í hyggju að reyna að koma í framkvæmd nú um þessi áramót. Ég sé enga ástæðu til þess að miklast yfir þessum till. Ég er vissulega á sömu skoðun og sá, sem hv. þm. Auður Auðuns vitnaði í og taldi, að það væri ekki ofrausn, þó að bætur almannatrygginganna væru tvöfaldaðar. Ég tel það enga ofrausn. Og ég býst við því, að þó að ötullega verði að þessum málum unnið og mun ötullegar en gert hefur verið undanfarinn áratug, þá líði langur tími þangað til þessar bætur verði slíkar, að við getum verið fullsæmdir af þeim. Ég hef ekki hugsað mér að þurfa að standa hér nokkurn tíma til þess að flytja prósentutölur um ágæti þessarar starfsemi. Þetta er starfsemi, sem við þurfum alltaf að vera að bæta, og þar verður aldrei komið að neinum leiðarlokum. En ég vænti þess, að ég hafi svarað fsp. hv. þm. með þessu.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur kannske misskilið mig eða ég hef spurt eitthvað óljóst. Hann taldi aftur upp þær breytingar á tryggingalögunum, sem í ráði væri að gera, og ég heyrði það nú allt í fyrra sinnið og mundi það. En ég skil það þá þannig, að það, sem hæstv. ráðh. nú hefur talið upp, séu þau atriði, sem eigi að koma til framkvæmda um næstu áramót, og annað verði látið bíða. Ég veit ekki, hvort ég á að skilja það þannig. Það, sem fyrir mér vakti, var aðallega að spyrja um hækkanir á einstökum bótum og hann nefndi reyndar það í sambandi við sjúkratryggingarnar, hækkanir í krónum. En það eru aðrir stórir bótaflokkar og annað en tekjutryggingin, sem mér lék nú helzt hugur á að fá eitthvað að vita um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 119).

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir um staðfestingu brbl. frá 19. júlí í sumar, um breyt. á lögum um almannatryggingar. N. var einróma samþykk efni frv., og hún mælir með samþykkt þess, en 2 nm. skrifa undir með fyrirvara.

N. hafði til athugunar gögn frá Tryggingastofnun ríkisins, er sýndu áhrif einstakra liða breytinganna á kostnaðarauka ríkissjóðs frá 1. ágúst til áramóta af lögum þessum, en samkv. þeim er um að ræða áætlaða fjárhæð sem næst 170 millj. kr., og munar þar mest um hækkun ellilauna og sérstaka lágmarkstryggingu tekna aldraðra og öryrkja, sem í lögunum eru.

Mér þykir rétt að fara örfáum orðum um ástæðurnar fyrir því, að brbl. voru sett í júlí í sumar.

Um tryggingamálin og þó einkum um hækkun tryggingabóta urðu miklar umr. á síðasta þingi, og snerust þær fyrst og fremst um það, hve mikil hækkunin ætti að vera, hversu fljótt hún skyldi koma og hversu viðtæk breyting skyldi eiga sér stað í tryggingakerfinu. Ég er að miklu leyti ókunnugur þeim umr., og í ágætri framsöguræðu sinni hér í d. fyrir þessu frv. minnti hæstv. trmrh. á nokkur helztu deiluatriðanna og rakti að nokkru þær umr., og svo gerðu fleiri, enda skal það ekki tíundað hér.

Sem bein afleiðing af málflutningi og till. fyrrv. stjórnarandstöðu á síðasta þingi kom svo þessi ákvörðun ríkisstj. til framkvæmda þegar hálfum mánuði eftir valdatöku hennar. Um það geta vist allir orðið sammála, að á þessari hækkun var brýn þörf hjá þeim mörgu, sem hér af hafa sitt eina lífsframfæri, og þó að hækkunin væri umtalsverð, væri síður en svo réttmætt að kalla hana fullnægjandi. Þau önnur ákvæði laganna, sem flýtt var gildistöku á í sumar, voru einnig drjúgt spor fram á við í tryggingamálum okkar. Það skal þó sérstaklega undirstrikað nú, sem raunar kom þó glögglega fram hjá hæstv. ráðh. í framsögu hans, að hér er aðeins um fyrsta áfanga að ræða til þess að efla og auka félagslega samhjálp tryggingarnna. Á það hefur oft verið réttilega bent, að einhver bezti mælikvarðinn á þjóðfélagsástandið sé einmitt sá háttur, sem að því lýtur, hvern-

ig búið er að þeim, sem eiga allt sitt til tryggginganna að sækja fyrir sakir elli, örorku eða af einhverjum öðrum ástæðum, þ. e. þeim, sem öðrum fremur eru þurfandi fyrir aðstoð samfélagsins. Ef við viljum heita félagslega sinnuð þjóð, sem vill hafa samhjálp að leiðarljósi, sýnum við bezt þroska okkar og manndóm með því að búa á hverjum tíma svo vel að þessu fólki sem frekast er kostur. Annars eigum við skilið aðrar nafngiftir og lakari.

Það liggur í augum uppi, hver vandkvæði þeirra eru, sem í dag eiga að hafa af 84 þús. allt sitt lífsframfæri hvað snertir fæði, klæði, húsaskjól og ýmsar félagslegar þarfir, hvað þá ef við hverfum til þeirrar upphæðar, sem hámarksbæturnar voru áður en lög þessi voru sett, sem var innan við 60 þús. Því er rétt að leggja á það áherzlu, að einmitt nú stendur yfir heildarendurskoðun á tryggingakerfi okkar, endurskoðun á tryggingakerfinu öllu, sem m. a. leiðir til þess, að þegar um áramót eiga að ganga í gildi verulegar hækkanir á ýmsum þáttum almannatrygginganna, og margt í núverandi skipan þeirra mála er til hagsbóta fyrir tryggingaþega, ef Alþ. samþykkir það. Hæstv. trmrh. gerði ýmsar þessar breytingar að umtalsefni í sinni framsöguræðu og skal ekki farið út í endurtekningu þess hér, en því ber að fagna, að frv. þetta, sem við nú fjöllum um, er aðeins til bráðabirgða. Þar skal áfram haldið á sömu braut, og svo að dæmi sé nefnt, mun sú upphæð frá áramótum, sem hægt er að kalla tekjutryggingu hinna öldruðu og þeirra, sem við örorku búa, samkv. till. þeirrar n., sem um þetta mál fjallar, verða tvöfölduð miðað við þá upphæð, sem greidd var til þessa fólks í júlí s. l., þ. e. að hún verði um 120 þús. kr. á einstakling og 216 þús. kr. á hjón á ári. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að rekja þær breytingar, sem boðaðar hafa verið, enda munu þær þm. nokkuð kunnar, og þau mál munu öll koma til umr. innan tíðar hér á Alþingi.

Ég vildi aðeins í framsögu fyrir þessu nál. minna á, hvert stefnt er, að þessi lög eru aðeins byrjunaráfangi að því marki að rétta sem bezt hlut þeirra, sem við erfið kjör búa í þjóðfélaginu, að við þannig erum að stefna í átt til aukins þjóðfélagslegs jafnréttis í veigamiklum og afgerandi atriðum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal þegar í upphafi máls míns taka það fram, að þegar ég og hv. 3. þm. Reykn. skrifum undir nál. með fyrirvara, þá felst ekki í því, að við séum ekki samþykk efni sjálfs frv., sem hér liggur fyrir. Því veldur annað, sem ég skal síðar koma að. Ég vil bæta því við, að við munum sem sé styðja frv., og ég vil bæta því við, að við teljum, að af öllum þeim útgjöldum, sem hæstv. ríkisstj. hefur stofnað til eða gefið fyrirheit um síðan hún settist að völdum, séu útgjöld vegna þeirra brbl., sem hér eru lögð fram til staðfestingar, hvað réttmætust.

Þegar almannatryggingalögin voru til umræðu hér á hv. Alþ. í fyrra, fluttu þáv. stjórnarandstæðingar till. m. a. um það, að lögin kæmu til framkvæmda þegar á þessu ári og meira að segja þegar í stað. En lögin voru samþ. 6. apríl s. l. Var áætlað, að lögin mundu auka útgjöld tryggginganna um 500 millj. kr. á ári, og hefði verið miðað við, að þau kæmu nú til framkvæmda 1. maí s. l. vor, þá hefði verið um ⅔ hluta ársins að ræða, og ef miðað er við 500 millj. kr. útgjaldaaukningu, hefði þarna komið til um 340 millj. kr. Í fjárl. yfirstandandi árs hafði ekki verið áætlað fyrir slíkum útgjöldum og sveitarfélögin, sem áttu að bera sinn hluta af hækkuninni og eiga samkv. lögum, voru að sjálfsögðu búin að afgreiða sínar fjárhagsáætlanir fyrir áramót, en í till. hv. stjórnarandstæðinga um gildistöku var ekkert að því vikið, hvernig ætti að leysa þann vanda, hvort sveitarfélögin áttu þá að taka upp sínar fjárhagsáætlanir til endurskoðunar í ljósi þess, að lögin hefðu komið til framkvæmda svo snemma á árinu.

Þegar lögin voru samþ. snemma í apríl, var ekkert hægt með vissu að segja fyrir um afkomu ríkissjóðs, þegar kæmi fram á árið. Okkur þótti mörgum satt að segja dálítið broslegt að heyra þáv. stjórnarandstæðinga, sem mjög báru sér orðið hrollvekju þá í munn og töldu, að það væru vá og ósköp fram undan, heyra þá leggja til, að þarna kæmu þegar til framkvæmda lög, sem mundu þýða mörg hundruð millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Það var auðvitað ekki borið við frekar en þeirra var vani, þegar þeir voru hér með sínar yfirboðstillögur, að benda á neina leið til fjáröflunar til þess að mæta útgjöldunum. Þar voru þeir varðandi þessi lög trúir sinni stefnu. Þeir hafa e. t. v. treyst þá á góða fjármálastjórn fyrrv. ríkisstj. og blómlegan hag ríkissjóðs þar af leiðandi. En það er kannske ekki að furða, þó að þá hafi ekki verið bent á leiðir til þess að mæta þessum útgjöldum. Hitt er miklu alvarlegra, að nú bólar ekki heldur á þessu eða það er vart hægt að segja, að á því bóli. Og þá á ég ekki eingöngu við þær hækkanir, sem leiðir af brbl., heldur ótalmargt annað, sem hlýtur að koma til útgjalda á næsta ári. Það er nú komið að mánaðamótum nóvember og desember. Maður hefði búizt við og það hlýtur líka að liða að því, að fjárlög verði tekin til 2. umr., en enn þá vita menn ekki hvaða tekjuleiðir hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fara. Við höfum að vísu heyrt það sagt, ég held, að ég muni það rétt, að ég hafi m. a. lesið það í viðtali við hæstv. félmrh. í málgagni hans flokks, að það muni þurfa að gera ráðstafanir, sem verði ekki sársaukalausar, og talað hefur verið um skattahækkanir og það ofan í eitthvert hið mesta góðæri, sem íslenzka þjóðin hefur þekkt, bæði í tíðarfari, aflabrögðum og í verði á okkar framleiðslu. Ég veit ekki, hvort ekki er rétt þó að benda á tvennt, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. Hún hefur hækkað verð á áfengi og tóbaki, og það var nú satt að segja heldur broslegur rökstuðningur, sem látinn var fylgja þeirri hækkun. Það var talað um, að áfengi hefði hækkað í innkaupi. Nú vita allir það, að innkaupsverð áfengis er ekki nema smábrot af útsöluverðinu, og þó að einhver hækkun yrði á innkaupsverði, ætti að hafa langtum minni hækkun á útsöluverði þar á móti. Ég held,

að þeir hafi áætlað, að þetta aflaði ríkissjóði tekna um 190 millj. kr. á ársgrundvelli. Hins vegar kostar hækkunin líklega margfalt meira í visitölugreiðslum á kaup, bæði fyrir ríkið og eins fyrir atvinnuvegina. Svo hefur hér verið keyrt í gegn með miklum hraða frv. um spariskírteinasölu. Ég hefði sagt, að það sé ekki vegna framkvæmda, sem mun verða tekin ákvörðun um á næsta ári, en ég held nú satt að segja, að það detti fáum í hug annað en það fé eigi að nota um leið og það kemst í kassann.

Ég endurtek það, herra forseti, að við, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, erum fyllilega samþykk þessu frv. Ég vildi aðeins og við með fyrirvara vekja athygli á því, að það er ekki nóg að flytja góð mál, heldur verður að vera séð fyrir endann á því, hvernig á að komast frá því að standa undir þeim fjárhagslega.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég átti þess kost við 1. umr. þessa máls að koma flestu því á framfæri, sem ég taldi þá nauðsynlegt. Þrátt fyrir þau orð, sem ég lét þar falla, tel ég þörf á að fara nú nokkru frekari orðum um málið.

Við 1. umr. málsins var það viðurkennt af hæstv. trmrh., svo sem flestir, sem vilja, vita og gátu séð, að aðeins ein breyt. felst í þessu frv. frá þeim lögum, sem samþ. voru í tíð fyrrv. ríkisstj., hinn 6. apríl s. l. Af þeim ástæðum einum er óþarft að endurtaka fylgi mitt og flokksbræðra minna við þetta frv. sem slíkt, enda vorum við þá flm. að því sem aðilar að þáv. ríkisstj. Sú breyting ein felst í þessu frv., að gildistöku þeirra laga var flýtt um 5 mánuði eða frá 1. jan. 1972 fram til 1. ágúst 1971. Þetta eitt er innihald frv. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta er til mikilla bóta fyrir alla þá, sem tryggingabóta njóta. Þá kemur að margendurtekinni spurningu málsvara núv. stjórnarflokka við 1. umr. málsins í fyrra, en þó sérstaklega var hún borin fram fyrir tvennar síðustu almennar kosningar í landinu, bæjarstjórnarkosningar 1970 og svo við alþingiskosningar s. l. vor: Hvers vegna hækkið þið ekki þær smánarbætur trygginganna, sem nú eru í gildi? — Og eftir fylgdu svo hjartnæmar aths. og samanburður við aðrar þjóðir, sér í lagi Norðurlandaþjóðirnar, á þeim smánarbótum, sem taldar voru felast í því frv. frá fyrrv. ríkisstj., sem þeir nú eru sjálfir að staðfesta, frv., sem hún lagði fram í byrjun þessa árs og lagt var hér fram á hv. Alþ. 18. marz s. l., og svo sem fyrr er sagt samþ. einróma sem lög frá Alþ. 6. apríl eða rúmlega þrem vikum síðar. Frv. þetta var niðurstaða vandlegrar athugunar n., sem skipuð var úrvalsfólki og vann verk sitt með mikilli prýði. Bótaupphæðir frv. og gildistökuákvæði voru hins vegar ákvörðun þáv. ríkisstj. og við það miðaðar, að hægt væri að standa við þær í raun og sannleika og þá fyrst og fremst af hálfu ríkisins og bæjarfélaga, en hækkanir laganna voru ætlaðar um 500 millj. kr., þegar þau kæmu að fullu til framkvæmda á liðnu ári.

Þegar umrædd endurskoðunarnefnd skilaði áliti 5. marz 1971 og ríkisstj. tók ákvarðanir um flutning frv., varð að sjálfsögðu að áætla tekjur ríkisins á þessu ári. Svo sem auðsætt má vera var ekki um aðra viðmiðun að ræða varðandi fjárhagsgetu ríkissjóðs en árið 1970, þ. e. árið á undan og það, sem þá var liðið af þessu ári, er var aðeins um 2½ mánuður. Eðlilega höfðu velflest bæjar- og sveitarfélög, svo sem fyrr er komið fram í umræðunum, þá nýverið gert sínar fjárhagsáætlanir fyrir allt árið 1971, án þess að gera ráð fyrir hækkunum á framlögum sínum til Tryggingastofnunarinnar. Þá var og í gildi verðstöðvun, þannig að ekki var unnt að leyfa atvinnurekendum að velta sínum hluta út í verðlagið. Þannig var taflstaðan, þegar ákveðinn var af fyrrv. ríkisstj. flutningur frv. um endurbætur tryggingalaga. Með hliðsjón af þessum staðreyndum var gildistaka laganna ákveðin 1. jan. 1972.

En setjum nú svo, að þáv. stjórn hefði ákveðið gildistöku laganna t. d. 1. maí eða 1. júní. Þá hefðu núv. stjórnarliðar sagt, að það væri kosningahræðsla, atkvæðaveiðar og svikizt væri þá fyrst og fremst aftan að bæjar- og sveitarfélögunum og reyndar öllum þeim öðrum gjaldendum, sem greiða eiga til tryggingana, almenningi og atvinnurekendum. En þingkosningar fóru fram 13. júní s. l. eða u. þ. b. 1½ mánuði frá fyrri dagsetningu og ½ mánuði eftir þá síðari, sem ég nefndi, og þessum yfirlýsingum hefði samkv. reynslu fylgt sú yfirlýsing, að svikja ætti þetta allt saman, öll þessi loforð, eftir kosningar, ef þáv. stjórnarflokkar fengju meiri hl. Af hálfu ríkisins hefði ekki verið á einn eða annan hátt séð fyrir framlagi ríkisins með neinu öryggi, og því um hreinar ágizkanir í þeim efnum að ræða, eins og á stóð. Þannig hefði að mínu viti, samkv. minni reynslu af hv. fyrrv. stjórnarandstæðingum, sem skipa núv. stjórnarlið hér á þingi, þótið í þeirra skjá, og þá væri í þessu efni, eins og ég sagði, einungis dæmt samkv. fenginni reynslu.

Ekkert af þessum hugrenningum hafði þó áhrif á ákvarðanir fyrrv. ríkisstj. Hægur stigandi var hins vegar í velgengnisátt í efnahagsmálum þjóðarinnar, m. a. vegna ráðstafana, er gerðar höfðu verið af hálfu fyrrv. ríkisstj., og rökstyðja hefði mátt með reynslu undangenginna mánaða, að við öll ákvæði laganna mætti standa að fullu án allra vafa. Það skal hins vegar játað, að í marzmánuði í fyrravetur sá hvorki þáv. ríkisstj. né aðrir, þótt útlit væri fyrir bata, að tekjur ríkisins, afurðaverð okkar á erlendum mörkuðum og fiskafli tæki slíkt stökk fram á við, sem var hins vegar orðin staðreynd 14. júlí s. l., þegar núv. ríkisstj. tók við völdum.

Við umr. um margnefnt frv. þáv. ríkisstj. á s. l. vetri, sem hér er flutt með þeirri undantekningu einni, sem ég hef gert grein fyrir, fluttu þáv. stjórnarandstæðingar, núv. stjórnarliðar, allmargar hækkunartill., er þeir töldu þá algert lágmark, að samþykktar væru. Voru þessar brtt. þeirra þá um 40 talsins og þýddu nokkur hundruð millj. kr., svo að ekki sé meira sagt, í útgjöldum fyrir þá aðila, sem til tryggingana greiða, án þess að með nokkrum hætti væri séð fyrir því að skapa tekjur á móti. Nú skyldi maður ætla, þegar þessir sömu aðilar hafa tekið við

völdum, ekki hvað sízt þegar allt gengur — guði sé lof — í haginn fyrir þjóðina alla til lands og sjávar, að þessar till. sæju dagsins ljós í frv. ríkisstj., m. ö. o. að smánarbæturnar, sem þeir nefndu svo í fyrravetur, yrðu nú gerðar mannsæmandi. Þá bregður hins vegar svo við, að þær fyrirfinnast ekki. Ekki er breytt einu einasta atriði öðru en því, að í stað orðanna 1. jan. 1972 kemur 1. ágúst 1971. Allt annað og þ. á m. bótaupphæðin er óbreytt frá lögum fyrri ríkisstj. Þarna eru efndir allra loforðanna, eftir að vera búnir að eyða svo úr öllum sjóðum þess opinbera á rúmlega fjögurra mánaða ferli sínum, að fjmrh. kemur nú jafnvel klökkur fyrir Alþ. með beiðni um að fá nýtt 200 millj. kr. spariskírteinalán og það strax fyrir áramót. Þegar svo stjórnarliðar eru nú inntir eftir efndum á stóru orðunum fyrir kosningar s. l. vor, eru svörin þessi, og þau komu fram í framsöguræðu hér áðan: Tryggingalöggjöfin er í n. til endurskoðunar, og loforðin um hækkun er að finna prentuð í málefnasamningi ríkisstj. — Þetta réttir stjórnarliðið nú að öllum þeim, er rétt eiga á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, eftir þá eindæma árgæzku, sem gengið hefur yfir landið, en því miður er valt að treysta, að verði til frambúðar samkv. reynslu undanfarinna ára og áratuga.

Ef fara ætti að dæmi núv. stjórnarþm. frá s. l. vetri, er þeir voru í stjórnarandstöðu, og afla sér skyndifylgis, þá ættu núv. stjórnarandstæðingar, sem þá skipuðu stjórnarlið, að flytja yfirboðstill. þeirra eða endurprenta þeirra eigin till. frá s. l. vetri og rökstyðja þær með því, að ríkið hafi nú tekið á sig allar greiðslur til trygginganna og þá hljóti að vera hægt að stórauka bætur frá því, sem var í fyrravetur ákveðið með hliðsjón af þáverandi aðstæðum, og auka þar með allar bætur laganna. Ég held, að engum þm. í stjórnarandstöðunni nú komi þó slíkt til hugar þrátt fyrir kosningafeng núv. ríkisstjórnarliðs, m. a. út á slík vinnubrögð á s. l. vetri. Mat stjórnarandstæðinga nú á stöðu ríkissjóðs er það ábyrgt, að þegar búið er að ausa út til þarfra og óþarfra hluta öllum ófyrirséðum ágóða ríkisins af út- og innflutningi þessa árs og þá beðið um aukin lán til að standa undir kostnaði hveitibrauðsdaga ríkisstj., þá verður vart á bætandi nýjum gjöldum á allan almenning og þ. á m. sjálft fólkið, sem bótanna á að njóta og sannarlega hefur þörf fyrir mun hærri bætur en það fær nú, þótt ekki væri fyrir annað en ört vaxandi verðbólgu. Ríkisstj. bregzt því skyldu sinni nú að standa við gefin loforð frá s. l. vetri. Ef hún stæði við þau loforð, væri hún aðeins að rétta því fólki, er bótanna nýtur, réttlátan hlut í þessa árs auknum tekjum ríkisins.

Eftir hveitibrauðsdaga hvers hjónabands kemur alvara lífsins. Það pólitíska hjónaband, sem hér var myndað með tilkomu núv. ríkisstj., þarf sjálfsagt einnig að mæta sinni alvöru. Hveitibrauðsdögunum er lokið, en hvort hjónabandið endist allt til dauðans, verður reynslan að skera úr um.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég ætla ekki hér að fara að hefja neinar almennar stjórnmálaumr., eins og til hefur þó verið stofnað. Ég er líka ókunnugur, eins og ég tók fram, að miklu leyti þeim umr., sem hér urðu í fyrra. Þó að maður læsi um þetta nokkuð í blöðum og væri þeim kunnugur frá framboðsfundunum, þá er ég að miklu leyti ókunnugur þeim og hætti mér ekki út á þann hála ís að fara að dæma um það, hvað einstakur flokkur eða einstakir menn hafi þar lagt til mála. Hitt sýnist mér vera fyrir mestu, að menn eru hér almennt sammála um það, að þetta sé nauðsynjamál, sem eigi að ná fram að ganga og sjálfsagt sé. Hvað frekari framkvæmd allri líður í sambandi við tryggingamálin, þá vil ég aðeins ítreka það, að nefnd hefur verið skipuð til þess að endurskoða tryggingalögin, eins og ég sagði áðan, og það er hægt að upplýsa það einnig, að n. mun skila áliti nú mjög bráðlega, og þær breytingar, sem hún leggur til, tel ég að verði mjög veigamiklar og afskaplega mikið í anda þess, sem einmitt fyrrv. stjórnarandstaða hélt fram á s. l. þingi. Þessar breytingar munu verða lagðar fyrir Alþ. nú innan skamms. Og þangað til þær verða lagðar fram, held ég, að sé rétt að bíða með alla dóma um það, hvað núv. stjórn vill raunverulega leggja til í sambandi við tryggingabætur og almenna úrlausn tryggingamála. En það ber að fagna því, að menn eru svo sammála um það, eins og raun ber vitni, að flýting á gildistöku þessara laga hafi átt rétt á sér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 2. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Hafnalög.

Á 62. fundi í Sþ., 28. apríl, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til hafnalaga [271. mál] (stjfrv., A. 657).

Á 74. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það til hafnalaga, sem hér er nú tekið til umr., er samið af n., sem samgrh. skipaði hinn 19. maí 1971 til þess að endurskoða gildandi hafnalög, sem eru nr. 48 frá 1967. Í þessa n. voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri í samgrn., sem var formaður n., Gunnar H. Ágústsson hafnarstjóri og Matthías Bjarnason alþm. Með bréfi rn. 22. nóv. 1971 voru einnig skipaðir í n. Ragnar Sigurðsson hafnarstjóri og Tryggvi Helgason sjómaður. Þeir skiluðu fljótt og vel störfum, skiluðu þessu frv. á liðnum vetri og er frv. flutt óbreytt frá till. n., að undanskildum ákvæðum til bráðabirgða II.

Frv. fylgja ýmiss konar gögn og upplýsingar. Sjálft er frv. í 6 köflum: I. kaflinn er um yfirstjórn hafnamálanna, II. kafli um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl., III. kafli um framkvæmdaáætlanir, IV. kafli um stjórn og rekstur hafna, V. kafli um Hafnabótasjóð, VI. kafli um ýmis ákvæði, og svo eru tvö atriði sett til bráðabirgða, ákvæði til bráðabirgða I og ákvæði til bráðabirgða II. Frv. fylgja svo margvíslegar upplýsingar, sem aðallega eru fengnar frá Hafnamálastofnuninni og Hafnasambandi sveitarfélaga.

Þær tölulegu upplýsingar, sem Hafnamálastofnunin safnaði að ósk n., ná yfir 42 almennar hafnir. Auk þess ná upplýsingar Hafnamálastofnunarinnar yfir fjármál landshafnanna og fjármál Reykjavíkurhafnar, eða yfir 46 hafnir alls. Upplýsingar eru gefnar um rekstrarafkomu almennu hafnanna, og verður ljóst af þeim upplýsingum, að afkoma hafnanna er almennt mjög slæm. Bein rekstrargjöld nema þannig 45.4 millj. kr. af heildarrekstrartekjum, sem eru 82.3 millj. kr. Verða þá eftir 36.9 millj. kr. upp í vaxtagjöld, en þau nema 44.3 millj. kr. Vantar þá, eins og menn sjá, 7.4 millj. kr. á, að hafnirnar geti staðið undir vaxtagjöldum ásamt almennu rekstrargjöldunum. Eru þá ekki teknar með í þetta dæmi afskriftir eða afborganir vegna lána.

Einnig er fjallað í upplýsingum Hafnamálastofnunarinnar um greiðslustöðu hafnanna og kemur enn í ljós, að greiðslustaða einstakra hafnarsjóða 1970 er mjög miklu verri en 5 árum fyrr, þegar athugun var gerð á stöðu þeirra. Afborganir og vextir af lánum hafnanna árið 1970 námu alls 86.6 millj. kr., en rekstrartekjurnar voru nettó 36.9 millj. Sé sú upphæð dregin frá þessari fjárhæð, kemur út, að almennu hafnirnar vantar 49.7 millj. kr. til þess að standa undir afborgunum af lánum og vöxtum. Eru þá eingöngu tekin með í dæmið föstu lánin, sem hafnirnar standa undir, en þar við bætast svo afborganir og vextir af skammtímalánum, sem ekki liggja nú fullnægjandi upplýsingar fyrir um, en þar er einnig um verulegar upphæðir að ræða.

Yfirlit hefur verið gert um það, hvernig byrðin komi út varðandi hinar einstöku hafnir, þegar talað er um afborganir af föstum lánum og vaxtagreiðslur og þeim deilt niður á íbúa á hverjum stað, miðað við árið 1970. Af þessu verður ljóst, að á 4 stöðum verður greiðslubyrðin á íbúa yfir 4 þús. kr. á árinu 1970, á 6 stöðum er greiðslubyrðin á milli 3 og 4 þús. kr., á 7 stöðum 2 til 3 þús. kr. og á 14 stöðum 1 til 2 þús. kr. á mann. Þannig eru 17 hafnir í þessu yfirliti, sem eru með greiðslubyrði yfir 2 þús. kr. á íbúa, en 31 höfn, sem ber greiðslubyrði yfir 1 þús. kr. á íbúa. Þetta sýnir mjög ljóslega, hversu þungri byrði er þarna lyft á ýmsum stöðum, þar sem hafnirnar mega heita undirstaða lífs og lífsafkomu fólksins. En þessar byrðar eru að telja má orðnar svo þungar, að ekki verður undir þeim risið.

Áætlun hefur verið gerð um afborganir og vexti af áhvílandi föstum hafnalánum fyrir árin 1971—1980, miðað við föstu lánin eins og þau voru í árslok 1970. Sú tafla sýnir, að greiðslubyrðin á yfirstandandi ári er áætluð rúmlega 93 millj. kr., hækkar jafnvel úr þessu fyrst í stað, en fer svo mjög hægt lækkandi á næstu árum og kemst ekki fyrr en árið 1979 niður fyrir 60 millj. kr. Úr því fer hún verulega að lækka.

Með tilliti til þessa ástands var niðurstaða n., sem frv. samdi, að það þyrfti að gera verulegt átak til þess að létta af hafnarsjóðunum þeirra þungu byrði, og eru till. um það í frv., auðvitað með aukinni þátttöku ríkisins í hafnaframkvæmdum og sérstökum ráðstöfunum af hendi ríkissjóðs til þess að taka að sér að greiða niður hluta af áhvílandi skuldum hafnanna. Það er með tilliti til þessa bágborna efnahagsástands hafnarsjóðanna mjög víða á landinu, sem n. kemst að þeirri niðurstöðu, að eftirfarandi breytingar verði að gera:

Það er þá í fyrsta lagi, að framkvæmdir, sem styrktar eru nú með 75% framlagi úr ríkissjóði, eru talsvert auknar frá því sem áður var og jafnframt eru gerð skýrari mörk milli þeirra framkvæmda, sem njóta 75% framlags, og hinna, sem njóta 40% ríkisstyrks. Aðalbreytingin er fólgin í því, að bryggjur og viðlegukantar, sem áður nutu aðeins 40% ríkisstyrks, munu nú samkv. frv. njóta 75% ríkisstyrks. Samkv. upplýsingum, sem Hafnamálastofnunin hefur gefið, nemur meðalframlag ríkissjóðs til hafnaframkvæmda, síðan núverandi lög tóku gildi, 60%. Meðaltalsþátttaka ríkisins á árinu 1971 hefur verið 63% og er talið, að nú samkv. frv. verði meðaltalsútgjöld ríkisins til hafnaframkvæmda 72—74%, en þó stendur það eftir, að nokkuð verður enn af framkvæmdum varðandi hafnirnar, þar sem ríkissjóður greiðir eins og áður aðeins 40% af stofnkostnaði. Þar eru dráttarbrautir aðalliðurinn, en þær eru enn þá í þessum gjaldstiga. Þetta er í raun og veru meginbreytingin í frv. um hlutföllin milli framlaga hafnarsjóðanna og ríkisins, að miklu meira en áður fellur í 75% framlög.

Þá telur n. í öðru lagi óhjákvæmilegt, að Hafnabótasjóður verði efldur, og er gert ráð

fyrir sérstöku framlagi til sjóðsins, sem nú er ekki ákveðin upphæð, heldur breytist með breyttum framlögum ríkisins til hafnamála, og verði framlag til sjóðsins 12% af árlegum framlögum ríkisins á fjárlögum til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Þó er í frv. sett lágmarksupphæð, sem ekki megi fara niður fyrir, og er það lágmark 25 millj. kr. Auk þess koma svo auðvitað til eigin tekjur Hafnabótasjóðs, en þær eru fremur rýrar enn sem komið er. Þessar till. í frv., um hækkun ríkisframlags og eflingu Hafnabótasjóðs, mundu, miðað við framlögin á fjárlögum ársins 1972, hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, sem talið er að mundi nema 30—35 millj. kr.

Í þriðja lagi er svo lagt til í frv., í fyrra bráðabirgðaákvæðinu, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af langtímalánum, sem allra verst eru settir. Þótti ekki ástæða til að setja það í frv. sjálft, þar sem það á ekki að vera varanlegt, heldur á að gera átak til þess að létta þessa byrði hafnarsjóðanna.

Eins og kunnugt er, eru helztu tekjustofnar hafnarsjóðanna vörugjöld, lestagjöld og bryggjugjöld, og auk þess hafa svo ýmsar hafnir verulegar leigutekjur af lóðum og mannvirkjum, t. d. reka einstaka hafnir dráttarbrautir og enn aðrar hafnir hafa nokkrar tekjur af hafnsögu. Lestagjöldin eru að meðaltali um 8.2% af heildartekjum, bryggjugjöldin 5.3%, en vörugjöldin eru langþýðingarmest, 49.8%. Hafnsögugjöld, þar sem þau eru, eru um 5%. Þetta er meðaltal af þeim 42 höfnum, sem Hafnamálastofnunin tók til sérstakrar skoðunar og gerði yfirlit um.

Samtals eru rekstrartekjur þeirra 42 hafna, sem könnun Hafnamálastofnunarinnar náði yfir, að upphæð 82.3 millj. kr. Auk þess hefur verið aflað upplýsinga um tekjur Reykjavíkurhafnar og landshafnanna þriggja, Þorlákshafnar, Rifshafnar og Keflavíkur- og Njarðvíkurhafnar. Heildartekjur þessara hafna eru um 85.8 millj. kr. og eru tekjur Reykjavíkurhafnar þar af um 72.5 millj. kr., en landshafnanna samtals 13.3 millj. kr.

Um greiðslustöðu hafnanna tel ég rétt að upplýsa það, að heildarupphæð fastra lána, sem á höfnunum hvíla, er 868 millj. kr. og afborganir af þeim 86.8 millj., eða um það bil 1/10 hluti af lánsupphæðinni fer til greiðslu á ári hverju. Vaxtabyrði af föstum lánum nemur 78.1 millj. kr., eða um 9% af lánsupphæðinni.

Um greiðslujöfnuð hafnanna er það að segja, að greiðslustaða hafnanna í heild er mjög slæm. Þar eru aðeins örfáar undantekningar, þar sem sæmileg útkoma er, og það er um 111 millj. kr., sem skortir á það, að þessar 46 hafnir geti staðið undir vaxtagjöldum og afborgunum af föstum lánum. Vantar þá 49.7 millj. kr. til þess, að þær geti staðið undir því, þessar 42 hafnir, sem í yfirlitinu eru. Meira að segja hefur Reykjavíkurhöfn vantað 13.5 millj. kr. upp á sléttа greiðslustöðu. Greiðslujöfnuðurinn er vitanlega mjög mismunandi hjá höfnunum, en þó aðeins örfáar, sem eru með jákvæðan greiðslujöfnuð. Af þeim 46 höfnum, sem upplýsingar liggja fyrir um, er greiðslujöfnuður einungis jákvæður hjá 5 höfnum, hjá 4 þeirra er hann þó aðeins smámunir einir, innan við 200 þús. kr., þær eru Búðakauptún, Grindavík, Húsavík og Hvammstangi, og Akureyri er í þessum hópi með 750 þús. kr. jákvæðan greiðslujöfnuð. Hér er einungis talað um föstu lánin, en þessi jákvæða útkoma á þessum fáu stöðum er horfin, þegar lausaskuldir eru teknar með, og er Akureyrarhöfn með 30.1 millj. kr. í skammtímalánum og lausaskuldum.

Þrjár hafnir eru þannig staddar, að greiðslujöfnuður er neikvæður um meira en 10 millj. kr., þ. e. Þorlákshöfn, Reykjavíkurhöfn og Keflavík—Njarðvík. Hjá Rifshöfn og Neskaupstað er þessi skuldabyrði milli 5 og 10 millj. kr. og hjá 18 höfnum milli 1 og 5 millj. kr.

Ég minntist áðan á greiðslubyrðina, sem hvíldi á hverjum einstaklingi varðandi nokkrar hafnir, og það er nákvæmara sagt þannig, að Neskaupstaður er með 4895 kr. á hvern íbúa sem greiðslubyrði, nærri 5 þús. kr. á mann, Bakkafjörður 4683, Þingeyri 4577, Þórshöfn 4477, Bolungarvík 3928, rétt við 4 þús., Eyrarbakki 3907, Sandgerði 3748, Suðureyri í Súgandafirði 3597, Ólafsvík 3073 kr., Hrísey 3041 kr. Lengra skal ég nú ekki fara niður eftir listanum, en sem sé, þetta eru þær 10, þar sem greiðslubyrðin er langþyngst, og þetta er þung byrði hjá nærri 40 höfnum, það er megintalan af þeim öllum á skránni allt niður í 1 þús. kr. á mann.

Heildarskuldir hafnanna, þegar lagt er saman bæði föstu lánin, skammtímalánin og lausaskuldirnar, þá er heildarupphæðin rúmur milljarður. Þetta væri kannske allt saman þolanlegt, ef þetta væri að lagast, en það er þveröfugt, byrðin virðist vera að þyngjast með ári hverju og yfirlitið yfir 5 síðustu árin sýnir það, að þetta hefur breytzt á þennan veg. Rekstrartekjur árið 1965 voru 58.1 millj. kr., en árið 1970 var þetta komið upp í 82.3 millj., eða aukningin 41.7%. Bein rekstrargjöld voru 1965 23.6 millj. kr., en 1970 var þetta komið upp í 45.4 millj., hækkun í prósentum 92.4%. Afborganir og vextir af föstum lánum voru 1965 35 millj. kr., 1970 var þetta komið upp í 77.8 millj. kr., hækkun um 122.3%. Bráðabirgðalán og lausaskuldir, og það talar nú kannske skýrustu máli, sú upphæð var 1965 aðeins 40.5 millj. kr., en 1970 var þetta komið upp í 121 millj. kr., eða hækkun um 198.7%. Vangreitt ríkisframlag hefur hins vegar lækkað nokkuð, var 1965 39.3 millj. kr., en 1970 37.7 millj., hafði lækkað um 4%, og ekki vegur það nú þungt til bóta.

Niðurstaðan af þessari töflu er sem sé sú, að bein rekstrarútgjöld hafa vaxið rúmlega helmingi örar en rekstrartekjurnar á þessu 5 ára tímabili. Rekstrartekjurnar hafa sem sé vaxið um 41.7%, en bein rekstrargjöld um 92.4%. Þannig virðist halla áfram á ógæfuhliðina varðandi efnahagsstöðu hafnanna.

Þær hafnir, sem mestu fé hafa varið til umbóta hjá sér, eru þessar: Í mestan kostnað hefur verið lagt í Akureyrarhöfn eða fyrir 105.5 millj. kr., í Akraneshöfn 89.1 millj. kr. og Vestmannaeyjahöfn 87.6 millj. kr.

Ég held, að rétt sé að gefnum þessum upplýsingum, þessum óhugnanlega lestri um bágleга fjárhagsafkomu hafnanna og þannig hina

augljósu og brýnu þörf til þess að létta þeirra byrði og koma þeim til hjálpar, þá sé rétt, að ég fari nokkrum orðum um hinar einstöku greinar frv. eða einkanlega þær, sem breytingar felast í.

Það er ekkert að segja um 1. og 2. gr., en í 3. gr. er heimild til handa ráðh. til að veita bæjar- og sveitarfélögum leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar. Ég hygg, að það sé rétt að opna þessa leið og heimila þannig höfnunum sjálfum meiri þátttöku í framkvæmd umbóta á sínu sviði. Þá er í þessari grein meginreglan sú, að það sé heimilt að bjóða út hafnarmannvirki og fela framkvæmdina verktökum. Þó eru vissir þættir starfa þannig vaxnir, að þá verður að framkvæma með sérstökum tækjum, sem ekki eru í eigu annarra en vita- og hafnamálastjórnarinnar, og eru allýtarlegar upplýsingar um þau sérstöku tæki, sem eðlilegt þykir að hafnamálastjórnin eigi til slíkra framkvæmda. Það er t. d. dýpkunarskipið Grettir, dæluskipið Hákur og fleiri slík tæki, og mundi þá ekki vera aðstaða til að bjóða slík verk út.

Í 4. gr. eru litlar breytingar. Þar er skilgreining á, hvað telst til hafnargerða samkv. lögunum: Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnarvogir. Í þessari upptalningu hafa ekki verið í gildandi lögum flotkvíar og hafnarvogir, en talið er rétt að telja það með styrkhæfum hafnarmannvirkjum.

Í 6. gr. er aðeins 4. tölul. nýr. Hann er um það, að fyrir skuli liggja athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslu á lánum. Þessi breyting er gerð til þess að skapa aukið aðhald, svo að ekki sé hlaupið í að ákveða framkvæmdir, sem viðkomandi sveitarfélag geti fyrirsjáanlega ekki risið undir. Þetta ætti því aðeins að vera spor í lagfæringarátt og fyrirbyggjandi, að út í ófærur sé farið.

Í 7. gr. er að finna meginbreytinguna, þá langþýðingarmestu í þessu frv. Hún er um það, að ríkissjóður skuli greiða 75% stofnkostnaðar við bryggjur og viðlegukanta og einnig við siglingamerki. Í greininni segir, að hafnargarðar (öldubrjótar), bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af rn., þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs, nauðsynlegar uppfyllingar vegna framkvæmda við hafnargarða, bryggjur og öldubrjóta og siglingamerki, allt þetta falli undir 75% framlag ríkisins, og er það miklu víðtækara en áður hefur verið. Innifalinn í ofangreindum stofnkostnaði hafnargarða, bryggna og viðlegukanta er kostnaður við vatnslagnir um mannvirkin og raflýsingu þeirra samkv. nánari reglugerð. Hins vegar greiðir svo ríkissjóður aðeins 40% áfram af stofnkostnaði við dráttarbrautir og við flot- og þurrkvíar. Þessar framkvæmdir eru taldar hafa sérstöðu að því leyti, að þær komi ekki til greina nema á örfáum stöðum. Undir 40% liðinn heyra sem sé dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnarvogir.

Litlar sem engar umtalsverðar breytingar eru á 8., 9. og 10. gr., 11. gr. ekki heldur, og er þá næst ástæða til að víkja nokkrum orðum að 12. gr.

12. gr. fjallar um álagningu hafnargjalda og segir, að til þess að standast kostnað við hafnargerðir og árlegan rekstrarkostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, sem nota höfnina: a) Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl. b) Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggjum og hafnarbakka. c) Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot. d) Hafnsögugjöld. e) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þ. á m. sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjald eftir bryggjur eða önnur mannvirki, sem gerð hafa verið samkv. 17. gr.
5. Lóðargjöld.

Þetta eru tekjur hafnanna.

Undanþáguákvæðum hefur verið breytt lítillega. Gert er ráð fyrir, að bryggjugjald verði innheimt af skemmtiferðaskipum, þegar þau koma að bryggju, en hins vegar ekki lestagjöld af þeim. Þá er bætt við heimild í greininni fyrir hafnarstjórn til þess að halda eftir skráningar- og þjóðernisskírteini skips til tryggingar greiðslu skipagjalda. Þessi heimild hefur verið sett í ýmsar hafnarreglugerðir, enda þótt hún eigi ekki enn stoð í hafnalögum. Enn fremur er sett inn heimild til þess að auðvelda innheimtu vörugjaldanna.

Samkvæmt síðustu mgr. 12. gr. er stefnt að því að samræma gjaldskrár hafnanna eftir því sem unnt er, en þær eru mjög ósamræmdar og full þörf á, að þær séu færðar til betra samræmis. Á þetta mál hefur verið lögð gífurlega þung áherzla af Hafnasambandi sveitarfélaga og verið unnið í því sambandi að því að samræma hafnarreglugerðirnar.

Þá tel ég ekki ástæðu til þess að minnast á næstu greinar, það er þá 16. gr. helzt. Þar segir í upphafi, að óheimilt sé án samþykkis rn. að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, nema þær húseignir, sem ekki hafa notið ríkisstyrks. Talið er eðlilegt, að menn geti látið heima fyrir eins og þá lystir og sé ekki bundið þessari kvöð.

Í 16. gr. er smáatriði, sem kannske er ástæða til að vekja athygli á. Það er sett inn að eindreginni ósk hafnamálastjóra og er á þá lund, að hafnarstjórnir séu skyldugar að senda Hafnamálastofnuninni afrit af fundargerðum þeirra, ef þess er óskað. Þetta er gert til þess að auðvelda stofnuninni að fylgjast með því, að ákvæði greinarinnar séu haldin.

17. gr. er óbreytt frá gildandi lögum, en 18.

gr. er um Hafnabótasjóð. Í 3. tölul. 19. gr. er ákvæði um það, að sjóðnum sé heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Þegar þessu er bætt við 75% framlögin, þá kemur þarna heimild, að vísu mjög þröng, til þess að fara upp í allt að 90% af kostnaðinum. Ríkisstyrkur til hafnarframkvæmda í sérstökum undantekningartilfellum getur þannig komizt upp í 90% af framkvæmdakostnaði samkv. ákvæðum 19. gr.

Í 20. gr. er önnur sú meginbreyting, sem í þessu frv. felst, þ. e. varðandi Hafnabótasjóð, og minntist ég á það áðan. Þar segir, að árlegt framlag ríkissjóðs sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárl. hvers árs, en þó aldrei lægra en 25 millj. kr. Breytingin er því sú, að í stað þess að miða framlög ríkissjóðs við ákveðna upphæð, þá skuli nú miðað við ákveðinn hundraðshluta af árlegum fjárveitingum til hafnargerða. Frv. opnar þannig leið til þess að fylgja breytingum á hafnarfjárveitingum frá ári til árs og að framlagið sé hlutfallslegt, en enn fremur er lagt til, að þetta hlutfall verði 12%, eins og ég áðan sagði, en lágmarkið sett 25 millj. kr. Með þessu verður Hafnabótasjóður verulega efldur og mun honum sízt af veita.

Í 21. gr. er Hafnabótasjóði heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 350 millj. kr., og ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast þau lán. Þessar heimildir hafa aldrei verið notaðar, og af þessari heimild er nú fullnotað fyrir árslok 1971 120 millj. kr.

Í 25. gr. er það nýmæli, að heimilt er að kyrrsetja skip, en það hefur ekki verið heimilt áður. Öllum höfnum er heimild lögtaksréttur, og síðan segir: „Heimilt er að taka skipsskjöl og kyrrsetja skip fyrir tjóni eða mengun, sem þau kunna að valda í höfnum, unz fullnægjandi trygging hefur verið sett.“ Talið er óhjákvæmilegt að veita þessa heimild, ekki sízt með tilliti til erlendra skipa, sem annars gætu horfið brott án þess að gegna skyldum sínum. Ólíklegt er, að það kæmi til framkvæmda undir öðrum kringumstæðum.

Þá tel ég, að á frv. sjálfu séu ekki aðrar umtalsverðar breytingar en þær, sem ég nú hef skýrt frá. En ástæða er til þess að vekja athygli á efni bráðabirgðaákvæðanna, sem merkt eru I og II. Í bráðabirgðaákvæði I segir, að gera skuli sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin eins og þau eru, þegar lög þessi taka gildi. Við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skal samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu skyni. Ráðh. skal þá gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

Hversu ríflega Alþ. kann að koma þarna til hjálpar hinum báglega stöddu hafnarsjóðum, vitum við auðvitað ekkert um, en þarna er sem sé heimild til þess að fara fram á sérstaka aðstoð og undirbúa það undir setningu næstu fjárl., enda óumdeilanlega brýn nauðsyn að gera það til þess að geta hafnarsjóðanna til nauðsynlegra framkvæmda verði ekki áfram lömuð. Ég held, að ég hafi vikið að því áðan, að það þótti réttara að hafa þetta ekki inni í frv., heldur aðeins sem bráðabirgðaákvæði, þar sem gert væri ráð fyrir því, að því, sem úrskeiðis hefur farið, verði kippt í liðinn á örfáum árum, tveimur, þremur árum væntanlega. Með þessu ákvæði er stefnt að því að reyna að koma fjármálum þeirra hafnarsjóða, sem allra verst eru settir, á réttan kjöl.

Varðandi bráðabirgðaákvæði II er sjálfsagt að vekja athygli á því, að þar er ekki í einu og öllu farið eftir till. n., heldur aðeins vikið frá, þó að meginefni í till. n. sé þar fyrir. Bráðabirgðaákvæði II er á þessa leið:

„Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé: 1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu. 2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð. 3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgrn. 4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs.“ Þetta er allt saman í nákvæmu samræmi við till. n., en í 5. liðnum er frá þeim vikið, þar segir: „5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár.“

Með þessu er heimiluð aðstoð við dráttarbrautir í einkaeign, en sveitarfélögin eiga þá að fá a. m. k. 50% eignaraðild að mannvirkjunum. Þetta var ekki alveg ótvírætt, það var aðeins heimild, að sveitarfélögin yrðu eignaraðilar að þessum dráttarbrautum samkv. till. n. Það þótti ekki nægilega skýrt kveðið á um það í till. n., að framlög ríkis og sveitarfélags skuli skilyrðislaust verða eignarhluti þeirra í dráttarbrautunum, og þannig er að þessu eina leyti vikið frá upphaflegu till. n., sem frv. samdi.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég tel æskilegt, að þetta frv. til hafnalaga fái afgreiðslu áður en þingstörfum lýkur, vegna þess að sé það ekki orðið að lögum og liggi aðeins í frv.-formi fyrir næsta þingi í upphafi þings, þá er minna svigrúm fyrir Hafnamálastofnunina að undirbúa till. sínar til fjvn., miðað við þessa löggjöf, en sé frv. samþ. nú, þó að ekki sé ætlazt til þess, að það taki gildi fyrr en 1. janúar 1973, þá yrði allur hafnamálaundirbúningur af hendi Hafnamálastofnunarinnar miðaður við þessa löggjöf og rýmra svigrúm fengist þannig til þess að ganga frá þeim undirbúningi með eðlilegum hætti. Ég legg ekki höfuðkapp á það, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en þar sem mér finnst litlar líkur til þess, að um það verði ágreiningur í grundvallaratriðum, þá tel ég sem

sagt æskilegt, að n., sem fær málið til meðferðar, hraði störfum og miðað væri við það að takast mætti að afgreiða það á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. samgn.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð við þessa umr. um frv. til hafnalaga. Enda þótt hafnalögin, sem í gildi eru, séu aðeins frá árinu 1967, þá er það orðið sýnt og það var samþ. á síðasta Alþ. þáltill. um að endurskoða þurfi þessi lög. Það var sýnt, að það var þörf á því, sérstaklega vegna ýmissa greiðsluerfiðleika, sem margar hafnir voru komnar í. Það fór ekki fram hjá alþm., að staða margra hafnarsjóða var mjög erfið og því brýn nauðsyn á að taka þessa löggjöf til endurskoðunar. Ég fagna því, að þetta frv. liggur nú fyrir, og ég tel, að margvíslegar endurbætur felist í þessu frv., enda þótt það kunni að vera, að einstakar greinar frv. og ákvæði þurfi nánari athugun, sem þarf þá að fjalla nánar um í nefnd. Það hefur stundum komið fram hjá hv. þm., að þeir teldu, að það væru fleiri hafnir en nú eru, sem eigi að gera að landshöfnum. Persónulega er ég þeirrar skoðunar sjálfur, að ekki eigi að stefna í þá átt með hafnirnar að gera þær að landshöfnum. Ég álít, að hitt sé miklu skynsamlegra, að styrkja að verulegu leyti stofnkostnaðinn og sjálfa uppbyggingu hafnanna, en láta síðan sveitarfélögin um reksturinn. Það segir sig sjálft, að hinar ýmsu hafnir úti um landið hafa misjafnlega góða aðstöðu til þess að standa undir stofnkostnaði og rekstrarkostnaði hafnanna, en því minni sem hlutur þeirra verður í stofnkostnaðinum sjálfum, þeim mun viðráðanlegra verður það fyrir hafnarsjóðina eða sveitarfélögin, en margir sveitarsjóðirnir verða nú að standa undir stofnkostnaðinum með hafnarsjóðunum og að sjálfsögðu verður þetta miklu viðráðanlegra, eftir að hlutur þeirra hefur minnkað eins og er gert ráð fyrir í þessu frv. Samkvæmt upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf áðan, þá mun reynslan hafa verið sú, að með gildandi lögum mun þátttaka hins opinbera í hafnarframkvæmdum, sem áttu sér stað á árinu 1971, hafa numið um 60%, þegar þá er lagt til grundvallar, að nokkur hluti af hafnarframkvæmdunum, það má segja dýrari hluti hafnarframkvæmdanna, sem er yzta umgjörðin, hafi verið styrktur með 75%, en 60% innri uppbygging hafnanna. Nú er í stórum dráttum lagt til, að allar hafnarbyggingarnar sjálfar verði með 75% styrk frá ríkissjóði og að hafnarsjóðirnir leggi þá fram á móti 25%. Ég álít, að það komi hér vel til móts við það, sem þurfti að gera, að auka framlag hins opinbera í þessu sambandi, og eftir að búið er að gera þessar breytingar varðandi hafnarframkvæmdirnar eða kostnaðinn við þær, þá verði mun fleiri hafnir færar um að standa undir fjárhagslegum kostnaði og rekstri hafnanna. Það hefur komið skýrt í ljós á undanförnum árum við afgreiðslu fjárl. á hverju einasta ári, að það hafa verið fjölmargar hafnir sem hafa verið svo í standandi vandræðum með sín fjárhagsmál, að ríkissjóður hefur orðið að taka á sig á hverju ári meira og minna af greiðslum af ríkisábyrgðarlánunum, af því að viðkomandi hafnarsjóðir og sveitarfélög hafa ekki verið fær um að standa við þær skuldbindingar, sem hafa verið í sambandi við umrædd hafnalán.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara að ræða einstakar greinar þessa frv., en stóð upp m. a. til þess sérstaklega að vekja athygli á bráðabirgðaákvæði II, sem er aftast í frv. Hæstv. ráðh. sagði, að sú breyting mætti segja að væri ekki efnisleg, sem væri í frv. frá því, sem n. lagði til, en það er þó kveðið skýrara á um þau skilyrði, sem fyrir styrknum verða. Þar segir, með leyfi forseta: „Skilyrði fyrir því, að styrkur þessi sé greiddur, er að eigi séu fleiri en ein dráttarbraut í hverju sveitarfélagi og þar sé jafnframt rekin skipasmíðastöð og veruleg útgerð að dómi samgrn. Rn. getur jafnframt sett það skilyrði fyrir styrkveitingu til þessara dráttarbrauta, að viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður verði eigandi dráttarbrautar að eigi minni hluta en 50% í formi sameignarfélags eða hlutafélags."

Þannig var þetta orðað hjá n., sem útbjó þetta frv., og það er þetta heimildarákvæði, sem rn. eða hæstv. ráðh. hefur breytt og gert, eins og fram kemur í frv., afdráttarlausara, en þar segir í 5. tölulið:

„Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélags verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár."

Það, sem ég vildi leggja áherzlu á sérstaklega í sambandi við þetta, var það, að n. tæki til athugunar, hvort ekki væri hægt að fara þarna einhvern milliveg. Ég skil aðstöðu ráðh. mjög vel í þessu sambandi, að hann hafi ekki viljað taka á sig að dæma, hvort þetta ætti að koma til framkvæmda í hverju einstöku tilfelli eða ekki, því að þarna var aðeins um heimild að ræða, eins og þetta var orðað hjá n. En ég tel, að það séu kannske möguleikar á því að fara þarna einhvern milliveg, þannig að t. d. sveitarfélagi og hafnarsjóði verði gefinn kostur á því að verða hluthafi eða eignaraðili að allt að 50% í hverri dráttarbraut eða skipasmíðastöð út af fyrir sig. Mér finnst, að það skipti kannske miklu máli í þessu sambandi, hvort greinin væri afgreidd þannig, því að það kann vel að vera, að jafnvel þótt sé nauðsynlegt að koma upp dráttarbraut og skipasmíðastöð á ýmsum útgerðarstöðum úti á landi, þá sé ekki fyrir hendi vilji eða geta hjá viðkomandi sveitarfélagi til þess að leggja fram eða vilja taka 50% að fullu í kostnaðinum eða hlutafjármagninu, sem væri þá fyrir hendi. Það gæti vel verið, að það væri hægt þá að fallast á að breyta þessu þannig, að þessi heimild yrði þá alltaf fyrir hendi, að skilyrðin væru þannig, að eigendur viðkomandi dráttarbrautar opnuðu heimild til þess, að viðkomandi sveitarfélag og ríkissjóður ættu kost á því að eiga 50%, en það yrði samt sem áður ekki, ef viðkomandi sveitarfélag eða ríkissjóður hefði ekki áhuga á að eiga þessi 50%. Þá útilokaði það ekki, að viðkomandi skipasmíðastöð gæti notið þeirra hlunninda, sem felast í þessu bráðabirgðaákvæði.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi koma sérstaklega á framfæri og beina til n., að hún athugaði möguleika á að umorða þessa grein eða athugaði, hvort það væri ekki rétt í meðförum málsins áður en hún kemur hér til 2. umr. Ég tel, að það sé um svo stórt mál að ræða, enda þótt flestöll ákvæði í þessu frv. séu þannig, að það sé ekki að vænta þess, að það verði um mikinn ágreining að ræða milli þm. um efni frv. Samt sem áður verður því ekki neitað, að hér er um stórt mál að ræða, og ég tel það mjög hæpið, þó að fullur vilji sé fyrir hendi, að það verði á þessum fáu dögum, sem eftir eru af þessu þingi, hægt að ljúka afgreiðslu þessa máls. Æskilegast hefði það verið. En þá er nauðsynlegt, að það verði búið að ljúka því að leita umsagna um málið, eftir því sem talin verður þörf á að gera, og það liggi þá fyrir tilbúið til afgreiðslu, þegar þing kemur saman í haust. Ef það væri, þá gætu hafnamálayfirvöldin vitanlega tekið tillit til þess, sem er í þessu frv. um gagnasöfnun, sem nauðsynleg er til þess að geta lagt málefni hafnanna fyrir t. d. við afgreiðslu næstu fjárlaga. Mér finnst það gæti verið í höndum ráðh. að láta slíka gagnasöfnun fara fram, enda þótt frv. væri ekki afgreitt á þessu þingi, en fljótlega þegar þing kæmi saman í haust, og þá væri hægt að starfa og taka tillit til þess við afgreiðslu næstu fjárlaga og hafnamála yfirleitt á komandi hausti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Fósturskóli Íslands.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um Fósturskóla Íslands [278. mál] **(stjfrv., A. 732).**

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem er lagt fyrir, er verk n., sem skipuð var 29. júní 1971. Í hana voru skipuð Sigurður Helgason fulltrúi, formaður, Kristján J. Gunnarsson skólastjóri, Valborg Sigurðardóttir skólastjóri, og síðan var 5. okt. 1971 bætt í n. þeim Ásgeiri Guðmundssyni skólastjóra og Svandísi Skúladóttur fóstru. Þessi n. hefur samið þetta frv. Erindisbréf n. var að gera till. um framtíð Fóstruskólans og tengsl hans við hið almenna fræðslukerfi. Meginstefnan í frv. er fólgin í tveim stuttum setningum í 1. gr.: „Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík," segir þar, og enn fremur: „Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur." Fóstruskóli hefur starfað á vegum Barnavinafélagsins Sumargjafar síðan árið 1946 og er því allmikil reynsla komin af slíku skólastarfi. En það hefur sýnt sig á síðari árum, að þörfin fyrir fólk menntað í þeim greinum uppeldisfræða, sem fósturskóli fjallar um, vex stöðugt og mjög ört, og það er ekki eðlilegt né blátt áfram mögulegt, að Sumargjöf geti, þótt félagið njóti stuðnings frá ríki og borg, axlað þær byrðar, sem í því eru fólgnar að efla þessa menntun eins og þörf krefur.

Menntun í skóla sem þessum hefur verið við það miðuð, að þar sé menntað starfsfólk, sem fjallað geti um uppeldi barna allt frá fæðingu til 7 ára aldurs, og er ekki gert ráð fyrir, að nein breyting verði þar á, þó að skólanum verði fenginn nýr starfsgrundvöllur. Sömuleiðis er ráð fyrir því gert, að skólinn veiti bæði fræðilega þekkingu og starfsþjálfun, en jafnframt er gert ráð fyrir nýju starfssviði, nýjum starfsvettvangi fyrir skólann, sem sé endurmenntun og viðbótarmenntun starfsliðs, sem fengið hefur menntun í skólanum fyrir allnokkrum árum og vill bæta við sig frekari þekkingu eða laga þekkingu sína að breyttu þekkingarstigi.

Þá er ráð fyrir því gert, að sérstaklega sé hugað að tengslum Fósturskólans við Kennaraháskóla, og verður það að teljast mjög eðlilegt. Þetta er hvor tveggja skóli, sem fjallar um menntun uppeldismenntaðs fólks og kennaraliðs, þó að hvor helgi sér sitt aldursstig.

Í 10. gr. frv. er kveðið á um inntökuskilyrði í skólann, og stefnan í þeim ákvæðum er að leitast við að tryggja, að sem bezt undirbúningsmenntun eigi sér stað hjá umsækjendum, en jafnframt, að fólk, sem hefur af einhverjum ástæðum farið á mis við formlega undirbúningsmenntun, sé ekki útilokað, ef það að öðru leyti fullnægir þeim kröfum, sem skólinn telur sig þurfa að gera.

Þá er í 14. gr. frv. ákvæði, heimildarákvæði, um að stofna skuli eða starfrækja í tengslum við Fósturskólann og undir yfirstjórn hans æfinga- og tilraunastofnun fyrir börn fram til 7 ára aldurs, þar sem nemendum Fósturskólans sé búin sérstök aðstaða til athugana á atferli og leik barna og á uppeldislegum starfsháttum.

Ég vil að lokum víkja örlítið að nafni þeirrar skólastofnunar, sem hér er um að ræða. Fóstruskóli Sumargjafar hefur starfað um nokkra áratugi. Hann er kallaður Fóstruskóli, vegna þess að gert er ráð fyrir því, að það séu aðeins konur, sem sæki þar nám, enda var ekki annað þekkt í þá tíð, þegar skólinn tók til starfa, en að það væru konur, sem helguðu sig þessu starfi. Nú þykir einsýnt í n. þeirri, sem undirbjó þetta frv., að ekki komi annað til greina en að heimila bæði körlum og konum aðgang að skólanum hér eftir, og var þá í n. ákveðið að breyta nafni hans í Fóstrunarskóli. Í meðförum í menntmrn. þótti mönnum það bæði stirt og í rauninni óþarft. Það sem þarna er kallað fóstrun hefur á íslenzku máli hingað til heitið fóstur, börn eru tekin í fóstur, og hefur svo heitið allt frá því fyrst eru

til ritaðar heimildir um íslenzkt mál. Að veita annarra börnum á yngstu árum umönnun er að veita þeim fóstur, en ekki fóstrun, og þarflaust að mínu áliti að búa þarna til nýyrði aðeins til þess að afstýra því, að nafn skólans yrði e. t. v. haft í flimtingum hjá gárungum, vegna þess að fóstur hefur tvær merkingar, bæði að fóstra börn og sömuleiðis barnið á því lífsstigi, þegar það dvelur enn í móðurkviði. Slík viðkvæmni er að mínu viti algjörlega óþörf.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að ítreka það, sem ég sagði hér í umr. í sambandi við frv. um dagheimili fyrir börn, að þetta frv. er auðvitað nauðsynlegt samfara því frv. um dagvistunarstofnanir, því að ella væri ekki unnt að reka þær. Ég ítreka það, að ég harma, að dráttur hefur orðið á framlagningu þessa frv., en n. sú, sem skipuð var til þess að undirbúa frv., lauk störfum í febrúarmánuði s. l. Þessi dráttur gerir það að verkum, að það sýnist vera borin von, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu vori, og því geta orðið tafir á því, að þessi nauðsynlega skipulagsbreyting geti komizt á.

Ég vil leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann reyni að gera það sem í hans valdi stendur til þess að auðvelda þessa skipulagsbreytingu á skólanum og þannig, að hann geti sem fyrst tekið til starfa í hinu nýja formi á næsta vetri, en það þurfi ekki að bíða eftir heilu skólaári til þessa. Það er að vísu svo, að ýmis einstök atriði í þessu frv. geta orkað tvímælis og verið hér skiptar skoðanir um, og Alþ. og hv. d. þurfa auðvitað að gefa sér tíma til að skoða þau. En ef vel er að málinu unnið, ætti fljótlega eftir byrjun þingstarfa næsta haust að vera unnt að afgreiða málið frá d., og í ljósi þess að vart er að heildarstefnu til um ágreiningsmál að ræða, þá eru þessi tilmæli mín borin til hæstv. ráðh., að hann greiði götu undirbúningsstarfs þeirra skipulagsbreytinga, sem frv. hefur inni að halda.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Reykv. get ég fullvissað hann um, að ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til að auðvelda, að það mál, sem hér er lagt fyrir Alþ., geti sem fyrst orðið að veruleika. Ég tek undir það, að vissulega munu allir, sem málinu eru kunnugir, óska þess, að skipulagsbreyting geti orðið fyrir næsta vetur. En þar sem hv. þm. gat þess og átaldi, að frv. væri seint fram borið, langar mig aðeins til að vekja athygli hv. d. á því, að þm. hefur áður haft tækifæri til að þoka þessu máli áfram, til að mynda þegar það var flutt á þingi 1964 sem frv. um ríkisrekinn fóstruskóla. Sama frv. var flutt enn að nýju 1966 og sömuleiðis var málið tekið upp 1971, en dagaði ævinlega uppi. (Gripið fram í.) Hv. þm. hefur haft áhrifastöðu í flokki sínum miklu lengur en hann hefur setið á þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Dagvistunarheimili.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila [279. mál] (stjfrv., A. 733).

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er lagt fyrir hið háa Alþ., er svo merkt að mínum dómi, að ástæða væri til að tala fyrir því alllangt mál og ýtarlegt. Ég mun þó ekki hafa þann hátt á í þessum framsöguorðum, þar sem málið kemur svo síðla fram á þingi, að borin von er, að það hljóti nú afgreiðslu, en sjálfsagt þótti að leggja það þó fram til kynningar, úr því að það var frá gengið, áður en þingi lauk.

Þetta mál er borið fram af ríkisstj. í samræmi við ákvæði í málefnasamningi hennar um, að hún muni beita sér fyrir, að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila. Hinn 20. des. var skipuð n. til að undirbúa frv.-smíðina, og sátu í henni Stefán Ólafur Jónsson fulltrúi í menntmrn., formaður, en aðrir nm. voru Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Gyða Sigvaldadóttir forstöðukona, Svava Jakobsdóttir alþm. og Þóra Þorleifsdóttir. Frv., sem hér er lagt fram, er árangurinn af starfi þessarar nefndar.

Ástæður fyrir því, að málinu er hreyft, eru margar, og ég get í þessum orðum aðeins drepið lauslega á hinar helztu. En segja má, að þær séu samslungnar úr uppeldislegum, félagslegum og þjóðhagslegum þáttum.

Með þeim breytingum, sem orðið hafa á búsetu og atvinnulífi í landinu á síðustu áratugum, hefur betur og betur komið í ljós, hversu mikil þörf er á því, að samfélagið sjái börnum innan skólaaldurs fyrir stöðum, þar sem þau geta dvalið óhult í hollu umhverfi þá tíma dags, sem foreldrar eiga erfitt með eða geta alls ekki veitt þeim gæzlu og umönnun. Sömuleiðis er það raunin, að eftir því sem fólki fækkar á heimilum verður brýnna, að börnin hljóti uppeldi og kynni við aðra fullorðna en heimilisfólkið og aðra jafnaldra en systkini á stofnunum, sem til þess eru búnar, og hjá starfsfólki, sem til þess er menntað að sjá um þarfir barnanna.

Loks fer það sífellt í vöxt, að báðir foreldrar vinni launuð störf utan heimilis, og þar sem svo er ástatt er afar brýnt, að fjarvera foreldra frá heimilum verði ekki til þess, að börn á ungum

aldri séu umhirðulaus eða þeim verði að koma fyrir til bráðabirgða í misjafnlega traustri gæzlu. Kannanir, sem gerðar hafa verið, hafa leitt í ljós, að geysilegur skortur er á, hvar sem borið er niður, að þörfinni fyrir dagvistun barna sé fullnægt. Það er reynsla annarra þjóða og er fullreynt hér, að úr þörfinni fyrir dagvistun barna verður alls ekki bætt, svo að í lagi sé, nema ríkið komi þar til skjalanna, leggi fé af mörkum, bæði til stofnkostnaðar dagvistunarstofnana og til rekstrarkostnaðar þeirra. Í frv., sem hér er lagt fyrir, er það sameinað að kveða á um hlutdeild ríkisins í stofn- og rekstrarkostnaði heimilanna og að setja lagaákvæði, sem tryggi eins og unnt er, að starfsemi þessara stofnana fullnægi þörfum og eðlilegum kröfum og að starfsfólk þeirra sé þeim vanda vaxið, sem í því er fólginn að taka að sér til umönnunar og uppeldis annarra manna börn í töluverðum hópum. Gert er ráð fyrir, að hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði dagheimila og skóladagheimila, þ. e. a. s. heimila, þar sem gert er ráð fyrir, að börnin séu vistuð í heils dags vist obbann af deginum, sé 50% af áætluðum stofnkostnaði eða hinn sami og við skólahúsnæði, en til leikskóla, þar sem börn eru vistuð skemmri tíma, 3 stundir eða þar um bil, er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 25% stofnkostnaðar. Hlutdeild ríkisins í rekstrarkostnaði er samkv. frv. allt að 30% til dagheimila og skóladagheimila, en til leikskóla allt að 20%.

Auk þeirra ástæðna, sem ég hef lítillega drepið á og gera það knýjandi, að ríkisvaldið leggi af mörkum fé og hafi með lagasetningu forustu um starf og innri gerð þessara uppeldisstofnana, vil ég enn nefna eina mjög sterka röksemd fyrir setningu þeirra laga, sem hér er um að ræða. Það er yfirlýst stefna flestra, sem láta sig félagsleg málefni skipta, að stefna beri að sem fyllstu jafnrétti kynjanna í nútímaþjóðfélagi. Skortur á félagslegri aðstoð við uppeldisstörf kemur í veg fyrir, að þetta jafnrétti kynjanna verði raunverulegt, hversu sem reynt er að lögfesta það að öðru leyti. Til þess að móðir geti rækt nám eða starf jafnframt móðurhlutverkinu, verður hún að eiga kost á dagvistunarheimilum fyrir börn sín. Án slíkrar aðstöðu er allt tal um jafnrétti kynjanna til náms eða starfs orðin tóm.

Ég mun svo ekki að þessu sinni hafa fleiri orð um þetta mál, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir, að þetta frv. er komið hér inn í þingið. Ég hafði fyrr á þessu þingi flutt frv. ásamt nokkrum öðrum hv. alþm. um dagheimili eða styrk hins opinbera til byggingar dagheimila. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er víðtækara, og það er gott út af fyrir sig. Umfram það, sem var í hinu frv., tekur það sérstaklega til rekstrarins einnig. Mér sýnist varðandi sjálfan stofnkostnaðinn og þá aðila, sem geta orðið aðnjótandi að styrk hins opinbera til byggingar dagheimilanna, að því sé hagað nokkuð á sama hátt og var í hinu frv. Það er gert ráð fyrir 50%, sem er í samræmi við það, sem ríkissjóður greiðir í stofnkostnað við skólabyggingar, og það, hverjir geti verið aðnjótandi hvers styrks, fer eftir því, sem kemur hér fram í frv., að það þarf aðeins meðmæli frá viðkomandi sveitarfélagi til þess að aðrir aðilar, t. d. áhugafélög, sem algengt er að hafi komið á stofn barnaheimilum, geti fengið tilsvarandi styrk og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það eina, sem mér finnst vera hægt að finna að í þessu sambandi, er það, að frv. skuli ekki koma fyrr fram en raun ber vitni, því að sýnilegt er, að enginn tími vinnst til þess að koma því í gegnum þingið að þessu sinni, og verður það því að bíða endanlegrar afgreiðslu til næsta þings.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja. Ég get tekið undir það, sem hæstv. ráðh. sagði varðandi það, hvað er orðið brýnt og aðkallandi að efla þessa starfsemi í landinu. Það hefur farið sífellt meira og meira í vöxt, að slík dagvistarheimili hafi verið starfrækt víðs vegar um landið, og er sjálfsagt hægt að rekja til fleiri en einnar ástæðu.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar að þessu sinni um frv., en ég fagna því, að það hefur komið fram, og enn fremur fagna ég því, að það er enn þá víðtækara en hitt frv., þar sem það kveður sérstaklega á um þátttöku ríkisins í rekstrinum. Allt til þessa hefur það verið þannig, að árlega hafa verið veittar á fjárl. vissar upphæðir sem rekstrarstyrkir til dagheimilanna, en síðan hefur verið af viðkomandi rn. ákveðið, hve mikinn þátt í rekstrinum skyldi taka eða á hvern hátt í rekstri dagheimilanna. Hér er gengið út frá því, að dagheimili, sem starfa vissan tíma, geti fengið styrk, allt að 30% til dagheimila og skóladagheimila, en til leikskóla allt að 20%. Hvort þetta er alveg réttur hundraðshluti, um það skal ég ekkert segja á þessu stigi málsins, en það vinnst þá betri tími til að athuga það nánar, vegna þess að sýnilegt er, að frv. verður ekki afgr. frá Alþ. fyrr en á komandi hausti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Vesturl. og fagna því, að þetta frv. er fram komið, um leið og það ber að harma, að ekki er unnt að afgreiða það á þessu þingi, og hefði verið æskilegra, að það hefði séð dagsins ljós fyrr á þinginu. Eins og ákvæði þessa frv. bera með sér, þá mun það ekki verða virkt samkv. þeim fyrr en við byrjunarframkvæmdir á næsta ári. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur oft og tíðum fjallað um þessi mál, dagheimila-, skóladagheimila- og leikskólamál, og á síðasta ári var gerð sérstök ályktun um að beina þeim tilmælum til Alþ., að samþykkt yrðu lög, sem hefðu þá skyldu ríkissjóðs inni að halda að greiða stofnkostnað þessara heimila að hálfu leyti. Á móti þessu er gengið að því er dagheimilin og skóladagheimilin snertir í þessu frv., en hins vegar ekki nema að ¼ varðandi leikskóla. Með tilliti til hinnar miklu þarfar, sem á þessum heimilum er, þá var hækkað framlagið af hálfu borgarsjóðs Reykjavíkur til stofnkostnaðar upp í 50 milli. kr., og það er álit okkar, að í Reykjavík veiti ekki af 100 milli. kr. framlagi til byggingarframkvæmda slíkra heimila.

En það er annað og meira auðvitað, sem til þarf að koma, heldur en húsnæðið, hinn ytri

rammi. Það þarf og að huga að hinu innra starfi og þar er fyrst og fremst um nauðsyn á menntun fóstra að ræða. Í borgarstjórn hefur einnig verið samþykkt ályktun og tilmæli þess efnis að skora á löggjafarvaldið að gera Fóstruskólann að ríkisskóla. Fóstruskólinn er rekinn af Barnavinafélaginu Sumargjöf, og það hefur staðið honum persónulega mjög fyrir þrifum, að hann hefur verið fjárvana og allt fram að þeim tíma, að Reykjavíkurborg hljóp undir bagga með skólanum, verið í húsnæðishraki. Þetta er skóli, sem sinnir ekki eingöngu menntun fóstra fyrir barnaheimilin í Reykjavík, heldur og um land allt. Raunar hefur starfssvið fóstra verið víðtækara nú á síðustu árum en á barnaheimilunum einum. Þær eru víða mjög nýtir og þarfir og nauðsynlegir starfskraftar, og kemur þar t. d. til greina kennsla 6 ára barna. Ég vil þess vegna beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvað líði störfum þeirrar undirbúningsnefndar, sem ég þykist vita, að hafi unnið að samningu frv. til l. um Fóstruskóla, og til þess að spyrja ekki um það, sem ég held, að ég hafi hugmynd um, nefnilega að þessi n. hafi lokið störfum og skilað frv. fyrir allmörgum mánuðum í menntmrn., hvað líði þeirri frv.-gerð og hvenær megi búast við framlagningu þess frv. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að Fóstruskóli Sumargjafar hefur verið rekinn með halla undanfarin ár og fyrir þessum fjárskorti skólans var gerð grein, að því er ég hygg, í fjvn. hv. Alþ. og á Alþ. í umr. og við afgreiðslu fjárl. á s. l. vetri. Þrátt fyrir það felldu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. brtt. um mjög hóflega hækkun rekstrarstyrks til Fóstruskólans.

Ég tel, að svo góðra gjalda vert sem þetta frv. er, þá sé mjög dregið úr mikilvægi þess og þýðingu eða væntanlegum árangri af þeim lögum, sem samþykkt verða eftir meðferð frv., ef þess er ekki gætt að sinna menntun fóstranna, sem eiga að sinna hinu innra starfssviði á þessum heimilum. Ég hef ekki haft tíma eða tækifæri til þess að kynna mér þetta frv. í einstökum atriðum og vil því ekki gera það að umræðuefni að því leyti.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að svara fsp. hv. 2. þm. Reykv. um, hvað líði frv. um Fóstruskólann, sem hann skýrði réttilega frá, að skilað hefði verið á síðasta vetri frá n., sem undirbjó það mál. Ég get upplýst, að ákveðið hefur verið að flytja það frv. sem stjfrv. Ætlunin var, að það gæti orðið samferða því frv. um aðstoð ríkisins við dagvistunarheimili, sem hér liggur fyrir. Af því varð þó ekki vegna anna í prentsmiðju, en engu að síður vænti ég, að frv. um Fósturskóla muni sjást, áður en þessu þingi lýkur. **(Gripið fram í:** Það er komið.) Jæja, það vill svo til, að það er verið að útbýta því á borðin, svo að menn geta skoðað þessi tvö mál í samhengi, og ég ætlaði einmitt að hafa það mín lokaorð að taka undir þau ummæli hv. þm., að hér verður að róa á bæði borð. Það verður að fylgjast að fjárstuðningurinn við dagvistarstofnanirnar og ráðstafanir til að efla menntun fullgilds starfsliðs til að starfa við þær stofnanir.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. svör hans og því fremur, sem frv. til l. um Fósturskóla Íslands var útbýtt hér í d., eftir að ég lauk máli mínu áðan. En verð þó að harma það, að það skuli vera lagt fyrst fram í síðustu viku þingsins, ef allt fer fram, sem stefnt er að, þegar ég hygg, að það hafi verið fullgert af undirbúningsnefndarinnar hálfu fyrir lok febrúarmánaðar s. l., ef ég les rétt úr aths. Ef sams konar dráttur hefur verið á hinu frv., þá ber að harma það, því að ef eðlilegur tími hefði farið í athugun málsins í rn., hefði verið unnt að afgreiða þessi frv. á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum [280. mál] (stjfrv., A. 734).

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Á þessu þingi hefur verið afgreitt sem lög frv. til l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík. En í landinu starfar annar stýrimannaskóli, Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum. Lög voru sett um hann fyrst árið 1964, og þeim var breytt árið 1967. Þau lög voru frá upphafi sniðin eftir gildandi lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Því er eðlilegt að samræma nú lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á lögunum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum menntar skipstjórnarmenn með réttindum 1. og 2. stigs, og er því þetta frv. aðeins miðað við þau menntunarstig. Á því er augljós þörf, að lögin um stýrimannaskólana tvo séu sem samræmdust, svo að þeir veiti fyllilega sambærilega menntun á þeim skólastigum, þar sem þeir fylgjast að. Því aðeins að fyrir því sé séð, er tryggt, að undirbúningur, kennsla og próf séu jafngild, svo að nemendurnir, sem lokið hafa 1. stigi í öðrum skólanum, geti setzt til náms við 2. stig í hinum, og ekki síður, að nemendur, sem lokið hafa 2. stigs prófi frá Vestmannaeyjum, geti haldið rakleitt til frekara náms í Reykjavík.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv., en leyfi mér að leggja til, að því sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Sameinaður framhaldsskóli.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um stofnun sameinaðs framhaldsskóla [282. mál] (stjfrv., A. 763).

Á 80. og 81. fundi í Ed., 13. og 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Ed., 16. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Réttast væri vegna efnis þessa máls, sem hér er lagt fyrir, að hafa um það allýtarlega framsögu, en verður þó ekki gert að sinni. Hér er um að ræða frv. að heimildarlögum, sem hafa það að markmiði, að Alþ. heimili ríkisstj. og Reykjavíkurborg að halda áfram undirbúningi, sem þegar er hafinn, að stofnun skóla af nýrri gerð í Reykjavík. Þessi skóli hefur í nál. og umr. manna á milli hlotið nafnið sameinaður framhaldsskóli. Ekki vil ég fullyrða, hvort það nafn festist, einnig hefur verið hreyft nafninu fjölbrautaskóli og einhverjum fleiri. En í sem stytztu máli er þar um að ræða skóla, sem sameinar innan einnar stofnunar námsbrautir, sem hingað til hafa hver um sig verið í sérstakri skólastofnun. Er ætlunin, að farið geti þar fram fullnaðarmenntun undir ýmis störf í atvinnulífi eða undirbúningsnám undir frekara nám í sérskólum og háskólum. Til að mynda má nefna námsbrautir eins og menntaskólanám, verzlunarnám, hússtjórnarnám, iðn- og iðjunám og tæknínám. Með þessu fyrirkomulagi telja menn, að sérstaklega vinnist tvennt: Í fyrsta lagi beinn fjárhagslegur sparnaður með sameiginlegum afnotum fjölmenns nemendahóps af ýmsum mannvirkjum og tækjum, sem annars væru aðeins til afnota fyrir fámennari hóp, en einnig og enn frekar hafi skóli af þessari gerð, ef vel tekst til, mjög mikla félagslega og uppeldislega þýðingu. Í slíkum skóla er að því stefnt að auka jafnrétti nemenda með ólíka hæfileika og ólík áhugaefni. Þarna verða nemendur ekki bundnir af því, eins og í hefðbundnum skóla, að taka ákveðið námsefni á ákveðnu aldursstigi og að velja í eitt skipti fyrir öll milli námsbrauta. Skóli sem þessi gefur tækifæri til að nemandi tileinki sér námsefnið, eftir því sem hæfileikar hans, þarfir og vilji þróast, og jafnframt, að hann geti vikið milli námsbrauta, ef hann kemst að raun um það síðar á námsferli, að hann hafi ekki valið rétt við einhver fyrri vegamót.

Einnig stuðlar slíkur framhaldsskóli tvímælalaust að því, að úr dragi rig milli einstakra námsleiða, því leiða fyrirbæri, að nemendur á einni námsleið hafi tilhneigingu til að líta niður á aðra eða öfugt. Þarna eiga nemendur á mismunandi námsleiðum að geta setið við sama borð.

Um efni frv. er það að segja, að meginefnisinntak þess er í fyrsta lagi að heimila, að áfram sé haldið samningum og undirbúningi á vegum menntmrn. og Reykjavíkurborgar, og í öðru lagi, að við stofnun slíks skóla skuli ríkið greiða 60% af stofnkostnaði, en Reykjavíkurborg 40%. Þessi skipting byggist á því, að um er að ræða skiptingu kostnaðar af stofnun og rekstri skóla, sem eðli sínu samkvæmt kemur í stað mismunandi skólastiga. Hér er um að ræða skóla, sem kæmi í stað gagnfræðaskóla, menntaskóla og jafnvel fleiri skóla. Þeir skólar eru sumir kostaðir sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, aðrir, eins og t. d. menntaskólar, eru eingöngu kostaðir af ríki. Niðurstaða þeirra, sem um málið hafa fjallað, er sú, að eðlileg skipting, þar sem þessi skólastig renna saman, sé þessi: Ríkishlutinn verði 60%, en sveitarfélagshlutinn 40%.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, að þetta frv. er hér fram komið, um leið og það er miður, að tími vinnst tæpast til að afgreiða það á yfirstandandi þingi, ef haldin er sú áætlun að ljúka þingi fyrir næstu helgi. Ég hlýt þó að láta í ljós þær óskir, að áfram verði unnt að vinna að undirbúningi málsins, svo að framkvæmd þess tefjist ekki.

Það mun hafa verið 19. febrúar 1970, sem samþ. var samhljóða í borgarstjórn till. frá borgarfulltrúa Sjálfstfl. um undirbúning að stofnun tilraunaskóla á gagnfræða- og menntaskólastigi, sem annars staðar hefur verið nefndur. Það var gert á þeim grundvelli, að borgarstjóri teldi, að vaxandi fólksfjöldi, fjölbreyttari atvinnuhættir og starfsskipting gerðu nauðsynlegt hér í Reykjavík sérstaklega að hefja undirbúning að skipulagningu á framkvæmd og markmiði kennslunnar í skólum borgarinnar, einkum að því er varðaði gagnfræðaskóla og námsefni þeirra, og yrði gerð tilraun í einum af skólum borgarinnar, að fengnu samþykki menntmrn., með framhaldsskóla, er næði til 19 ára aldurs, þar sem velja mætti um fjölbreytt nám og mismunandi námsbrautir. Væri markmið slíks skóla annars vegar að búa nemendur sem bezt undir að hefja störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, en miðaði hins vegar að því að veita þeim nemendum, sem hygðu á frekara nám, nægilegan undirbúning til inngöngu í háskóla eða hliðstæða tækniskóla og sérskóla. Allýtarleg grg. fylgdi þessari till. og var hún samþ. í borgarstjórn og samþ. að fela fræðsluráði Reykjavíkur undirbúning málsins og leggja grg. um hana fyrir borgarstjórn fyrir 1. júlí 1971. Fræðsluráði var heimilað að ráða sérstakan mann til þess að undirbúa málið, og í júní 1970 réðst Jóhann S. Hannesson fyrrv. skólameistari til þessa starfs

og vann að því og hefur unnið að þessu máli síðan, eða frá 1. sept. 1970. Hafa einstakir þættir málsins jafnóðum verið ræddir á fundum fræðsluráðs, og í fyrstu viku júlímánaðar s. l., 1971, lágu í endanlegu formi fyrir till. og grg. með þeim. Það hefur svo verið rætt í borgarstjórn 15. júlí 1971 og var þá til fyrri umr. þar, en ákveðið var að leita samstarfs við menntmrn. áður en seinni umr. færi fram í borgarstjórn.

Eins og menn muna, þá var svo í ársbyrjun 1970, þegar þessi till. var upprunalega samþ. í borgarstjórn, að þá stóð ýmiss konar endurskipulagning menntamála fyrir dyrum, þótt að mestu væri óráðið, hvernig henni yrði skipað. Frv. til l. um menntaskóla lá þá fyrir Alþ. og varð að lögum og í því er heimild til að setja á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, sem séu óháðir tilteknum ákvæðum laganna.

Eins og hv. alþm. muna, var á síðasta þingi lagt fram frv. til l. um grunnskóla og var gert ráð fyrir því, að menntmrn. gæti veitt einstökum fræðsluumdæmum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum fræðslulaga og reglugerða. Hefði það frv. náð fram að ganga, hefði með þessum frv. báðum verið til staðar heimild til þess að hefja þessa tilraunaskólastarfsemi, sem hér er um að ræða, að því er ég bezt fæ séð og mér hefur verið fortalið. En grunnskólafrv. hefur ekki verið lagt fyrir yfirstandandi Alþ. og verður væntanlega ekki til meðferðar á Alþ. fyrr en næst þegar það kemur saman, og því er nauðsynlegt, þar sem einnig getur verið dýpra á því frv. og það umfangsmeira en svo, að ætlast megi til, að það verði afgreitt fljótlega í byrjun næsta þings, þá er nauðsynlegt að fá þá heimild um stofnun sameinaðs framhaldsskóla, sem þetta frv. felur í sér.

Ég skal ekki rekja það, að meðan á þessum undirbúningi stóð hefur komið fram nál. frá verk- og tæknimenntunarnefnd, og ber áliti hennar mjög saman við það undirbúningsstarf, sem unnið hefur verið að á vegum Reykjavíkurborgar að stofnun þessa tilraunaskóla.

Ég fór þess á leit við menntmrn. með bréfi, dags. 26. júlí s. l., að tilnefndir yrðu fulltrúar ríkis og borgar til viðræðu um málið, og með bréfi menntmrn. til mín, dags. 9. sept. s. l., var á þessa málaleitan fallizt, og skipaði rn. af sinni hálfu Andra Ísaksson deildarstjóra í menntmrn. til að taka þátt í viðræðunum, en af hálfu borgarinnar var Jónas B. Jónsson fræðslustjóri til kvaddur. Þessir viðræðuaðilar urðu sammála um till. að samningi þeim, sem hér er um að ræða og frv. byggir á. Var sá samningur samþ. í borgarstjórn í des. s. l. Það verður að segjast, að það hefði átt að vera unnt að taka frv. þetta til meðferðar fyrr og fá það afgreitt á þessu þingi, og því hlýt ég vegna þessara tafa að beina því til hæstv. ráðh., að slíkur dráttur verði ekki til þess að seinka undirbúningi að stofnun skólans.

Það er nauðsynlegt, að einhverjir þeir, sem verða starfandi við skólann, geti þegar á næsta vetri aflað sér framhaldsmenntunar erlendis og sérþekkingar á rekstri skóla, sem hliðstæðir eru væntanlegum framhaldsskóla. Þá þarf að hefjast handa um hönnun skólans og undirbúning byggingarframkvæmda, en það verður tæplega unnt, nema einhverjir starfsmenn séu ráðnir að skólanum. Af því að þetta mál var í öllum aðalatriðum frágengið, að því er mér skildist, af hálfu rn. og borgaryfirvalda um eða upp úr áramótum, er sú töf, sem orðið hefur, bagaleg. En ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri allt, sem í hans valdi stendur, til að ráða bót á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. BGr o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 1971, um tekjuskatt og eignarskatt [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það mun hafa verið skoðun Íslendinga um langan aldur, að sjómannastéttin nyti algerrar sérstöðu meðal atvinnustétta landsins. Þessi sérstaða stafar af því, hverjir starfshættir sjómanna eru, hve langar fjarvistir þeirra frá heimilum og hve mikil áhætta er oft fylgjandi störfum þeirra. Þessa sérstöðu hafa Íslendingar viðurkennt, m. a. með sérstökum skattaákvæðum fyrir sjómenn, sem verið hafa hér í lögum lengi. Er sömu sögu að segja í ýmsum öðrum löndum. Enda þótt almennt sé talið æskilegt, að sem fæstar undanþágur séu frá reglum um skatta einstaklinga, eru víða, t. d. í Noregi, algerlega sérstök ákvæði um skattlagningu sjómanna.

Hér á landi eru þær aðstæður, að það er nauðsynlegt að tryggja sjómannastéttinni að jafnaði nokkru hærri laun en tíðkast í landi, ef það á að vera tryggt, að góðir starfskraftar fáist á flotann. En fáist þar ekki góðir starfskraftar og sé ekki unnt að manna fiskiskip með eðlilegum hætti, kemur það fljótlega fram í minnkandi framleiðslu grundvallaratvinnuvegar þjóðarinnar og minnkandi útflutningsverðmætum.

Efnahagslíf Íslendinga hefur því miður verið miklum sveiflum háð, og þegar kreppuástand hefur ríkt, eins og síðast gerðist árin 1966—1969, hafa stjórnvöld orðið að gera ráðstafanir, sem gengu að ýmsu leyti nærri tekjum og afkomumöguleikum einstaklinga. Slíkar ráðstafanir koma oft hvað fyrst fram á sjómannastéttinni, vegna þess að laun sjómanna eru svo nátengd því verði, sem er á útflutningsafurðum okkar hverju sinni. En þess er að minnast, t. d. frá árinu 1968, þegar slíkar ráðstafanir voru síðast gerðar, að þær voru aðeins hluti af víðtækum

efnahagsráðstöfunum, sem voru allþungbærar fyrir aðrar stéttir, raunar fyrir allar atvinnustéttir í þessu landi. Alþfl. stóð að slíkum ráðstöfunum 1968, en það var skoðun hans þá og það er skoðun hans enn, að þær hafi verið algerar neyðarráðstafanir, sem ekki varð komizt hjá að gera vegna stórfelldra efnahagsörðugleika. Sem dæmi má minna á, að aðalútflutningsvara þjóðarinnar, fiskblokkin, var í verði fyrir neðan 20 cent, en í dag er verð fyrir sömu vöru um 45 cent. Það er meira en 100%, sem munar á þessum örstutta tíma.

Alþfl. leit á þetta sem neyðarráðstafanir, sem að sjálfsögðu yrði að afnema á nýjan leik, eins fljótt og efnahagur þjóðarinnar og útflutningsatvinnuveganna leyfði. Fyrrv. ríkisstj. hafði þegar stigið tvö skref í þá átt, og Alþfl. fagnar því, að núv. ríkisstj. hefur með brbl. í sumar stigið þriðja skrefið.

Enda þótt ráðstöfununum frá 1968 hafi smám saman verið breytt, eftir því sem efnahagur hefur batnað, hefur verið augljóst á þessu ári, að gera verður frekari ráðstafanir til þess að tryggja, að góðir menn fáist til sjósóknar og hægt verði um allt land að manna bátaflota á eðlilegan hátt.

Við Alþfl.-menn í þessari deild höfum leyft okkur að flytja það frv., sem hér er til umr., en það fjallar um tekjuskatt, sem sjómönnum er gert að greiða. Frv. gerir í 1. gr. ráð fyrir breytingum á 14. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeirri grein er fjallað um skattlagningu sjómanna, og eru þar veittir ýmsir sérstakir frádrættir, sem sjómenn njóta fram yfir öðru. Vegna þess að útsvarslög vísa til þessarar lagagreinar og þeir frádrættir, sem þarna eru skilgreindir, gilda einnig um útsvar, er ekki ægt að fara þá auðveldu leið að strika yfir ákvæði greinarinnar og setja almennar undanþágur í staðinn. Við höfum því farið þá leið að láta greinina standa, svo langt sem hún nær, vegna þess að hún mundi, ef frv. okkar verður samþ., fyrst og fremst gilda um útsvörin. Hins vegar leggjum við til, að aftan við 14. gr. komi ný mgr., sem hljóði svo:

„Sjómenn, sem skráðir hafa verið á íslenzk skip ekki skemur en 6 mánuði af skattári, skulu vera tekjuskattsfrjálsir upp að tilteknu tekjumarki, sem ríkisstj. ákveður."

Það er sem sagt hugmynd okkar, að allur þorri sjómanna verði tekjuskattsfrjáls, þ. e. a. s. greiði ekki tekjuskatt til ríkisins. Við teljum ekki, að það sé unnt að veita sjómönnum frekari skattahlunnindi á kostnað sveitarfélaga í útsvari. Slíkt mundi koma ákaflega mismunandi niður á hin ýmsu sveitarfélög, þar sem gjöld sjómanna eru mismunandi mikill liður í tekjum þessara sveitarfélaga. Við viljum því eingöngu leggja þessi hlunnindi, sem við teljum rétt að veita, á ríkissjóð og væntum þess, að í svo góðu ári sem nú er verði þeirri hugmynd vel tekið. Þó að hér geti verið um að ræða aukin hlunnindi, sem muna sjómenn mjög miklu, geri ég mér vonir um, þó að ég hafi því miður ekki tölur um það, að þetta yrði ríkissjóði ekki svo þungbært, að hann mætti ekki við því. Við gerum ráð fyrir, að eitthvert hámark verði sett á þær tekjur, sem á þennan hátt má undanskilja tekjuskatti, og vegna sérstöðu sérstaks eðlis og annarra breytilegra aðstæðna teljum við rétt, að ríkisstj. ákveði þetta hámark hverju sinni. Enda þótt slíkt hámark verði sett, vil ég taka fram, að þeir menn í áhöfnum skipa, sem hafa meira en einfaldan hlut vegna ábyrgðarmikilla starfa og menntunarkröfu, eins og er um flesta yfirmenn skipanna, verða að njóta þessara hlunninda líka. Það er ekki síður mikilvægt, að unnt sé að fá góða yfirmenn til að stunda sjóinn, en margir þeirra, sérstaklega í vélstjórastétt, eiga nú kost góðra starfa í landi, og er því um að ræða verulega freistingu hjá þeim til að hætta sjómennsku.

Okkur er ljóst, að ýmisleg atriði í þessu sambandi má deila um, og fjórir hv. þm. Sjálfstfl. flytja frv., sem er einnig á dagskrá í dag, þar sem gert er ráð fyrir, að farin sé nokkuð önnur leið. Okkur er einnig ljóst, að það eru mismunandi sjónarmið í mismunandi verstöðvum, t. d. um það, hve skráningartímabilið skuli vera langt. Sumir telja, að einhver tekjuskattsfríðindi gætu komið til við styttri tíma en 6 mánuði og þá e. t. v. með tröppugangi, þannig að hlunnindi færu vaxandi eftir því sem skráningartíminn yrði lengri. Aðrir telja, að 6 mánuðir sé óþarflega stutt, og hyggilegra væri að hafa þetta mark hærra til þess að forðast hugsanlega misnotkun. Við höfum þó valið 6 mánuði, sem þegar eru fyrir í greininni, og er ekki lagt til, að því verði breytt.

Í umr., sem orðið hafa um kjör sjómanna á þessu þingi, hafa þegar komið fram ummæli af hálfu hæstv. sjútvrh. á þá lund, að vænta má stuðnings af hans hálfu við það, að sú hugmynd, sem fram er lögð í þessu frv., verði að veruleika. Núv. ríkisstj. hefur boðað endurskoðun á skattalögum og þá væntanlega á skattlagningu einstaklinga, sem heldur sat á hakanum miðað við skattalög fyrirtækja hjá fyrrv. ríkisstj. Ætti því frekar að vera tímabært að leggja fram þessa hugmynd og benda á, að raddir í þessa átt hafa einmitt á síðasta sumri og hausti borizt frá þeim mönnum, sem standa að útgerð víðs vegar um landið.

Ég vil skýra frá því hér, að síðan þetta frv. kom fram, hafa ýmsar raddir borizt til okkar um það, að verði unnt að veita sjómönnum frekari skattahlunnindi, þá væri ástæða til að athuga, hvort rétt væri að veita hið sama í sérstökum tilfellum við vinnslu aflans, t. d. í eftir- og næturvinnu, sem stundum verður að vinna til að bjarga afla. Ég vil aðeins nefna þetta til íhugunar fyrir þá, sem um þessi mál fjalla.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, vil ég staðfesta það, að það er rétt, að heildarendurskoðun fer fram á tekjusköttunum og tekjustofnum ríkissjóðs og þ. á m. eru skattar einstaklinga. Öllum slíkum atriðum, sem til mín hefur verið beint í sambandi við skattamálin, hef ég vísað til þeirrar n., sem vinnur að endurskoðuninni, og mér finnst það jafnsjálfsagt, að þetta frv. verði látið ganga þangað til þess að kynna henni þessi sjónarmið, sem koma fram í frv., og sem

sagt vil undirstrika það, að mér er sérstaklega ljúft, að það sjónarmið verði kynnt og verði um það fjallað í sambandi við endurskoðun á skattalögunum í heild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. FÞ o. fl.).

Á 4. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 1971, um tekjuskatt og eignarskatt [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 29 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 1971, um tekju- og eignarskatt, ásamt þremur öðrum hv. alþm. Þetta frv. er að sjálfsögðu náskylt því frv., sem lýst var hér áðan undir 3. dagskrárlið, og kom fram í d. sama dag. Vil ég um leið þakka hæstv. fjmrh. fyrir vinsamleg orð um þær breytingar, sem hér eru fyrirhugaðar.

Hér er um að ræða breytingu á 14. gr. laganna, sem fjallar um svonefndan sjómannafrádrátt, en hann er í því fólginn, að sjómönnum eru veitt viss fríðindi, sem koma til frádráttar tekjum þeirra, áður en skattur er á þær lagður. Er þar aðallega um að ræða kostnað vegna hlífðarfata og fæðis sjómanna, sem lögskráðir eru á íslenzk skip, einnig sérstakur frádráttur, 5000 kr., fyrir hvern mánuð, enda hafi gjaldþegn verið skipverji ekki skemur en 6 mánuði af skattárinu. Svipaðar reglur gilda um hlutarráðna menn. Á vorþingi þessa árs voru hlunnindi þessi aukin sjómönnum í hag.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allar undanþágur í skatti eru erfiðar. Flestir viðurkenna þó, að sjómenn hafi mikla sérstöðu. Þeir stunda störf, sem mikil áhætta fylgir og erfiði. Þeir verða oft og einatt að dveljast langtímum saman fjarri heimilum sínum og skylduliði. Enginn efast um, að þeir vinna þjóðnýt nauðsynjastörf, sem afkoma þjóðarbúsins veltur á að verulegu leyti. Satt að segja er mér ekki heldur kunnugt um, að ákvæðin um sérstakan sjómannafrádrátt í skattalögum hafi sætt gagnrýni annarra stétta.

Þó að fiskimenn á Íslandsmiðum afli oft vel og fái mikið í aðra hönd, eru tekjur þeirra iðulega háðar stórsveiflum frá ári til árs. Þess er skemmst að minnast, er tekjur þeirra margra hverra féllu svo að segja úr hámarki í lágmark á síðasta áratug. Þá var víða þröngt fyrir dyrum, er greiða þurfti há gjöld frá góðu skattári með tekjum af rýru gjaldári. Nú er fiskverð á erlendum mörkuðum mjög hátt og söluhorfur góðar. Þjóðartekjur vaxa hröðum skrefum. Byggist það fyrst og fremst á útfluttum sjávarafurðum. Sjómenn hafa hlotið kjarabætur á þessu ári, m. a. í hækkuðu fiskverði. Þó er mikil mannekla á fiskiflotanum. Ekki er sjáanlegt, að úr því rætist í bráð. Dugandi mönnum býðst vel launuð vinna í landi. Sjómannsstarfið er ekki eftirsóknarvert. Þegar bezt lætur, geta tekjur þó orðið það háar, að viðkomandi sjómaður sjái sér litinn hag í því að fiska mestallt árið úti í hafsauga, þegar obbinn af tekjum hans fer til greiðslu opinberra gjalda. En það eru áreiðanlega ærið margir, sem tapa, þegar aflamaður gengur í land, þó að ekki sé nema um stundarsakir.

Flm. þessa frv. er ljóst, að leggja verður ríka áherzlu á að bæta kjör sjómanna svo, að dugandi menn fáist um borð í fiskiskipin. Nú er fjöldi nýrra skipa og báta í smíðum innanlands og utan. Það getur orðið erfitt að manna allan þann flota, eins og nú horfir. Með þessu frv. er stefnt að því að auka sjómannafrádrátt sérstaklega þeim mönnum til handa, sem fiskveiðar stunda að staðaldri mestallt árið. Miðað er við lögskráningu eigi skemmri tíma en 9 mánuði á ári og sérstakan frádrátt, er nemi 90 þús. kr. Upplýsingar um, hversu mikil áhrif umrædd breyting kann að hafa í för með sér á tekjur ríkissjóðs, reyndust ekki tiltækar. Vera má því, að rétt þyki að breyta umræddri tölu við nánari athugun. Við því er ekkert að segja, ef takmarkið verður eftir sem áður hið sama: að létta skattabyrði fiskimanna til ríkissjóðs, bæta hag þeirra og búa þeim aðgengileg og örugg lífskjör.

Ég legg til, að frv. þessu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Jafnlaunaráð.

Á 8. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um jafnlaunadóm [52. mál] (þmfrv., A. 54).

Á 10. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er lagt fram, er ætlunin að ná tvíþættu marki í launamálum kvenna og jafnréttisbaráttu kynjanna. Annars vegar að fá skýlaus ákvæði í lög um launajafnrétti og hins vegar

að fá tryggingu fyrir framkvæmd þessara laga.

Jafnréttisbarátta kvenna hefur raunar staðið áratugum saman hér á Íslandi, en að undanförnu hefur henni vaxið ásmegin og hún hefur eflzt að mun. Baráttunni hafa bætzt nýir liðsmenn úr hópi kvenna og karla, sem skilja, að réttindamál kvenna eru ekki afmarkað svið í mannlífinu, heldur samofinn þáttur í þeirri heildarviðleitni að tryggja sjálfsögð mannréttindi hverjum einstaklingi. Það er ekki unnt að taka neikvæða afstöðu til réttindabaráttu kvenna nema afneita um leið grundvallarhugmyndum okkar um mannhelgi og mannréttindi.

Aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir, er stofnun jafnlaunadóms, en til grundvallar störfum hans eru ákvæði þau, sem birt eru í 1. og 2. gr. frv., þar sem kveðið er á um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og um bann við misrétti í atvinnulífinu vegna kynferðis. Helzta lagastoð kvenna í launamálum er lög nr. 38 frá 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem kveðið er á um, að konur og karlar skuli hafa jafnan rétt til sömu launa fyrir sömu störf, svo og lög nr. 60 frá 1961, um launajöfnuð kvenna og karla, þar sem það var lögfest, að laun kvenna skyldu hækka til jafns við laun karla í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu. Þessi lög brúuðu bilið milli launataxta kvenna og karla í sérstökum starfsgreinum, og má raunar segja, að tilgangi þeirra hafi verið náð árið 1967.

Orðalag 1. gr. þessa frv. er í samhljóðan við orðalag samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, sem Ísland fullgilti árið 1958 og skuldbatt sig raunar þá til að hrinda launajafnrétti í framkvæmd, og má því segja, að ekki sé seinna vænna að reka nú endahnútinn á. Þessu ákvæði er ætlað að ná til allra starfandi kvenna í landinu, hvaða starf sem þær vinna og hver svo sem atvinnurekandinn er. Jafnframt felur þetta orðalag í sér nýtt gildismat og ný viðhorf. Núgildandi lög um launajafnrétti fela í sér þann skilning manna, að mælistikan á launaákvörðun til kvenna sé karlmaðurinn. Laun skulu hækka til jafns við laun karla, stendur í lögum frá 1961. Og þó, ef betur er að gáð, er raunar til annar mælikvarði. Þegar litið er yfir starfsmat ríkisins, þá kemur ákveðið og athyglisvert mynztur í ljós. Ekkert af hinum svonefndu kvennastörfum er metið hærra en húsmæðrakennarastarfið. Þau störf, sem fyrr á tímum fylgdu húsmóðurstarfinu sjálfkrafa, svo sem heilbrigðis- og hjúkrunarstörf, eru enn talin hliðargreinar og þar af leiðandi verr launuð, enda þótt þessi störf séu að verða æ sérhæfðari og krefjast æ lengra náms. Karlmaðurinn og húsmóðurstarfið, lengra er ekki unnt að hnika mannsandanum, þegar á að ákvarða laun til kvenna. Nú er ég alls ekki að telja eftir laun til húsmæðrakennara. En hins ber að gæta, að kennsla þeirra veitir engin atvinnuréttindi og próf úr húsmæðraskóla eru í rauninni engin skylda í einkalífinu heldur, a. m. k. veit ég ekki til þess, að prestur krefji brúði um vottorð frá húsmæðraskóla, áður en hann framkvæmir hjónavígslu.

Karlmaðurinn er afar óheppileg og óeðlileg mælistika, þegar á að ákvarða laun til kvenna, því að reynslan sýnir, að það horfir til stórvandræða, þegar þessa mælistiku vantar í einhverri starfsgreininni, — þegar enginn er til að vinna sama starfið og konan. En það, sem er þó mest um vert í þessu sambandi, er, að það er naumast sæmandi annað en gera ráð fyrir því í lögum, að laun til kvenna ekki síður en til karla séu metin eftir verðmæti þess starfs, sem þær inna af hendi sem sjálfstæðir einstaklingar, en séu ekki bundin samanburði eða skilyrðum eftir kynferði. Það orðalag, sem er gert ráð fyrir í 1. gr., hlýtur líka að teljast í samræmi við það starfsmat, sem tekið hefur verið upp á undanförnum árum í fjölmörgum starfsgreinum. En reynslan sýnir, að jafnrétti karla og kvenna til launa á enn langt í land þrátt fyrir löggjöf. Framkvæmd laganna verður að tryggja svo sem kostur er. Með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, skuldbatt íslenzka ríkið sig til að tryggja, að jafnrétti kæmist raunverulega til framkvæmda. Í samþykktinni eru tilgreindar ýmsar leiðir, sem fara skuli í þeim efnum, og hljóðar ein þeirra svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum til ákvörðunar á launum.“

Í enska textanum er orðið „machinery“, og liggur beinast við að skilja það sem sívirkt afl með því valdi, er nægi til þess að ákvarða laun og meta störf út frá jafnréttissjónarmiðum. Það yrði hlutverk jafnlaunadóms að vera slíkt afl, dómstóll, er kvæði upp úrskurð í ágreiningsmálum, er rísa kunna, er ástæða er til að ætla, að jafnréttissjónarmið hafi verið fyrir borð borið við launaákvörðun. Og jafnlaunadómi er ætlað að gera meira. Honum er ætlað að dæma í kærumálum, er rísa vegna meintrar mismununar eftir kynferði í sambandi við atvinnumöguleika, hækkun í starfi, vinnuskilyrði og hvers konar hlunnindi, er starfinu fylgja. Ákvæði 2. gr. er í anda samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, sem Ísland fullgilti árið 1964, og það er enn fremur sniðið eftir ákvæðum í alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur undirritað, en getur varla fullgilt, fyrr en jafnrétti á þessum sviðum hefur verið tryggt í framkvæmd.

Þetta frv. um jafnlaunadóm er til orðið af brýnni þörf. Raddir um misrétti kynjanna eru að verða æ háværari og rannsóknir, sem til eru, bera því vitni, að ásakanirnar eru ekki tilhæfulausar. Þetta frv. er borið fram í þeirri sannfæringu, að íslenzku þjóðfélagi sé vansæmd að því misrétti kynjanna, sem tíðkast í atvinnulífinu, og því beri skylda til að hafast eitthvað að. Hvarvetna, þar sem rannsókn hefur farið fram á raunverulegum launakjörum karla og kvenna, sem vinna sömu störf og samkv. sama launataxta, kemur í ljós, að körlum eru í raun greidd hærri laun, án þess að nokkrar eðlilegar skýringar á því sé að finna. Orðalagið „sömu laun fyrir sömu störf“ hefur reynzt mikill aflvaki hugarflugsins. Ótrúlegustu starfsheiti hafa verið fundin upp til þess að koma í veg fyrir, að kona

vinni sama starf og karlmaður. Og þá er öllum kunnugt, hve fátt er um konur í stjórnunarstörfum. Þrátt fyrir háan starfsaldur og nægilega menntun og starfsþjálfun heyrir það nánast til undantekninga, ef konu er boðið að flytja sig hærra upp. Þess eru dæmi, að ungir og reynslulitlir karlmenn eru ráðnir í yfirmannastöður og gerðir að yfirmönnum kvenna, sem höfðu helgað vinnustaðnum mikinn hluta starfsævi sinnar. Þess eru dæmi, að vinnuveitandi auglýsi sérstaklega eftir konum og bjóði fram sérstök kjör, sem hann telur henta konum sérstaklega, en noti síðan þessi sömu kjör sem átyllu til þess að meina þeim sjálfsögð réttindi, sem starfinu fylgja. Það er ýmsum ráðum beitt. Enda þótt konur sjái e. t. v. í gegnum þau öll, eru möguleikar þeirra til að ná rétti sínum næsta takmarkaðir, meðan svo er háttað, að sá aðilinn, sem misréttinu beitir, hefur einn völd til þess að lagfæra það. Í málum, sem hér um ræðir, hlýtur að teljast torvelt og tímafrekt að fara hina almennu dómstólaleið.

Ég vil leggja á það áherzlu, að jafnlaunadómi er ætlað að fjalla um eitt afmarkað svið, — þegar grunur leikur á um brot á skýlausum jafnlauna- eða jafnréttislögum í atvinnulífinu. Honum er engan veginn ætlað að koma í staðinn fyrir þá rannsókn á jafnrétti þegnanna, sem þáltill. núv. hæstv. iðnrh. kvað á um og samþ. var á síðasta Alþ. Slík rannsókn hlýtur að vera mjög víðtæk og ná til þjóðfélagsins í heild. Slík rannsókn veitir dýrmæta þekkingu, sem getur orðið grundvöllur til raunhæfra úrbóta. En það misrétti, sem við höfum þegar sannanir fyrir, megum við ekki lengur láta átölulaust.

Ýmsir kvennahópar hafa að undanförnu gert hlutlægar rannsóknir á launakjörum á ýmsum vinnustöðum. Niðurstöður þeirra hrekja ýmis tilbúin rök, sem gripið hefur verið til, þegar mönnum hefur verið í mun að réttlæta ranglætið og leita skynsamlegra skýringa á órökrænni hegðun. Þessar niðurstöður ættu að vera þeim til aðvörunar, sem vilja halda því fram, að mismunandi launakjör karla og kvenna eigi sér ætíð eðlilegar orsakir. Því hefur t. d. oft verið haldið fram, að lág laun kvenna stafi af því, að þær hafi minni menntun en karlar og séu óstöðugri vinnukraftur. Slíkar fullyrðingar eru dæmi um það, hvernig talað er um konur, eins og þær væru samfelldur massi í þjóðfélaginu, en ekki um það bil 100 þús. einstaklingar. En ef við brjótum nú þennan massa upp í starfandi einstaklinga á hinum ýmsu vinnustöðum, sýna tiltækar rannsóknir, að hvorug fullyrðingin stenzt. Rannsókn, sem gerð var í bönkum landsins á s. l. ári, tók m. a. til athugunar varanleik í starfi. Kom í ljós, að konur höfðu hærri meðalstarfsaldur en karlar, en samt hélzt meginþorri þeirra í kauplægstu flokkunum. Og þá er ekki síður athyglisverð könnun, sem er nýlokið og fjallar um laun, menntun og starfsaldur starfsfólks á vinnustað hér í Reykjavík, en niðurstöður þessarar könnunar eru birtar í nýútkomnu hefti Samvinnunnar. Þar kemur skýrt í ljós, að kynferði er miklu sterkari valdur í stöðuveitingum og launaákvörðun en menntun. Í þessari rannsókn kemur fram, að konur með yfir 16 ára starfsaldur og svonefnda miðlungsmenntun, þ. e. a. s. stúdentspróf, verzlunar- eða samvinnuskólapróf, komast ekki hærra en í 10. launaflokk, en karlar með sömu menntun og sama starfsaldur eru ekki lægri en í 14. launaflokki. Sá hæsti í þessum samanburðarflokki er í 21. launaflokki. Þarna er um að ræða 11 flokka mismun á konum og körlum með sömu menntun og sama starfsaldur. Sömu sögu er að segja af því starfsfólki, sem hefur einvörðungu svonefnda lágmenntun, þ. e. a. s. skyldunám eða gagnfræðapróf. Karlmaður í þessum menntunarflokki var í 14. launaflokki, en konur í 5.—10. Á þessum vinnustað var ekki til að dreifa ónógri menntun kvenna sem skýringu á launamismuninum, og svo er ugglaust farið á fleiri vinnustöðum. Raunar er ekki fráleitt að fullyrða, að menntun sé misjafnlega metin til verðs eftir því, hvort karl eða kona hefur aflað hennar, og styðja þá niðurstöðu rannsóknir, sem gerðar hafa verið í grannlöndum okkar. Vinnuveitandi getur haft þessa þróun í hendi sér með því m. a. að taka það fram í auglýsingum, hvort hann óski eftir karli eða konu í starfið. Í ýmsum löndum eru þegar uppi gagnráðstafanir gegn þessari tilhneigingu í starfsráðningu. Á Norðurlöndum er unnið að algerri endurskoðun allra starfsheita með jafnréttissjónarmiðið í huga, og í Vestur-Þýzkalandi mun bannað með lögum að auglýsa eftir starfsfólki á þennan hátt. Ekki þótti tímabært að tengja nein slík ákvæði þessu frv. En rétt er að vekja athygli á, að þarna leynist oft kjarni misréttisins. Í fjölmörgum tilvikum er starfið hið sama, en búningurinn eða starfsheitið annað, einvörðungu til þess gert að mismuna kynjum í launum. Og ekki eru allir jafnhreinskilnir og sá, sem gaf upplýsingar um starf nokkurt, sem laust var, og sagði, þegar hann var spurður um launin: Það eru 16 þús. fyrir konu og 19 þús. fyrir karlmann.

Þegar misréttið uppgötvast á vinnustað, þá er það mjög mikilsvert fyrir þann aðila, sem rangindum er beittur, að geta snúið sér til dómstóls, sem býr yfir því valdi, að úrskurður hans jafngildi ráðningarsamningi. Það nýmæli er í þessu frv., að starfshópar eða félagssamtök, sem telja atvinnurekanda hafa brotið gegn ákvæðum 1. og 2. gr., geta lagt kærumál fyrir jafnlaunadóm án málsaðildar þess einstaklings eða einstaklinga, sem hið meinta lagabrot beinist gegn. Réttargæzlan á þessu afmarkaða sviði er þannig að marki fengin í hendur áhugamönnum um jafnrétti kynjanna. Slík réttargæzla er í fullu samræmi við nútímaleg viðhorf, viðhorf, sem kalla allan almenning til æ meiri ábyrgðar og afskipta um málefni samfélagsins. Að baki slíkri skipan mála liggur sú sannfæring, að brot gegn einstaklingi geti um leið verið brot gegn heild og með því að gefa heildinni réttargæzlu í hendur á þessu sviði verði brautin rudd til jákvæðari og hraðari þróunar í jafnréttisátt. Slíkt réttarfar felur í sér aukið lýðræði, aukið vald hagsmunahópa, sem sviður undan ranglæti og misrétti, enda þótt það beinist ekki að þeim persónulega.

Ég sagði áðan og tek fram í grg., að þessi skipan mála væri nokkurt nýmæli. Algert nýmæli er hún þó ekki í íslenzku réttarfari. Fyrirmyndin er sótt

til þjóðveldisaldar. En forfeðrum okkar þótti nokkurs um vert um lagasetningar sumar, að virðing fyrir þeim héldist og málið væri ekki látið kyrrt liggja, þótt réttur málsaðili sækti ekki til saka. Mátti þá hver sem vildi gerast sóknaraðili, eða eins og það er orðað í Grágás á einum stað, með leyfi forseta: „Á sá sök, sem sækja vill."

Samkv. íslenzkum nútímarétti er actio popularis yfirleitt ekki heimil í íslenzku réttarfari. Fræðimenn hafa verið með bollaleggingar um að leyfa actio popularis frekar en nú er, bæði á sviði stjórnarfarsréttar, þar sem um er að ræða athafnir í opinberri sýslu, sem oft snerta allan almenning óbeinlínis, svo og á sviði almenns réttarfars. Vil ég í þessu sambandi vitna í bók Ólafs Jóhannessonar, núv. hæstv. forsrh., Stjórnarfarsrétt, en þar segir á bls. 322, með leyfi hæstv. forseta:

„Svokölluð actio popularis er yfirleitt ekki lögum samkvæm hér á landi. En með actio popularis er átt við það, að hver eigi sök, sem vill. Því mætti hreyfa, hvort ekki væri rétt að víkja frá þessari meginreglu, þegar um er að tefla ágreining um embættistakmörk yfirvalda og lögmæti yfirvaldsákvarðana."

Með hliðsjón af þessum orðum tel ég mörg og þung rök mæla með því, að actio popularis verði heimiluð í lögum eins og þeim, sem hér er lagt til, að sett verði, þar sem um er að ræða réttarvörzlu um *grundvallarmannréttindi*. Sjálf lít ég svo á, að ákvæði 1. og 2. gr. þessa frv., ef að lögum verða, séu svo mikilvæg, að gæzla þeirra sé vel geymd í höndum þeirra, er sýna sannan vilja til að þau nýtist hverjum einstaklingi samfélaginu öllu til heilla.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa yfir stuðningi Alþfl. við meginhugsun þessa frv., sem er að stuðla að auknu launajafnrétti til handa konum í landinu.

Launajafnréttismálið hefur oft komið til umr. á Alþ. og er raunar margra áratuga gamalt sem baráttumál, bæði kvenna og samtaka hinna vinnandi manna í landinu. Mér er minnisstætt, að á *tímum vinstri stjórnar* Hermanns Jónassonar var gerð tilraun til að þoka því af stað með því að skipa í málið n., en árangur af þeirri nefndarskipun mun ekki hafa orðið mikill.

Á árinu 1960 um þetta leyti fluttu þrír alþm. í Ed., þeir Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson og Friðjón Skarphéðinsson, frv. um það, að konum skyldu tryggð sömu laun og karlar höfðu í almennri verkamannavinnu, verksmiðjuvinnu, verzlunar- og skrifstofuvinnu í 6 áföngum. Frv. þetta var til meðferðar í n. allan veturinn, og á meðan reyndust ýmsir alþm. vera reiðubúnir til þess að styðja önnur frv., sem gengu lengra. Þó fór svo um vorið, að ríkisstj., sem þá sat, gerði þetta þmfrv. að sínu. Ég tel ástæðu til þess að geta þess, að þáv. forsrh., Ólafur Thors, vann mikið starf við að sætta atvinnurekendasamtökin í landinu við þessa afgreiðslu málsins. Enda þótt ekki væri lagaleg nauðsyn á samþykkt þeirra, þá hafði hún töluvert raunhæft gildi.

Frv. þetta varð að lögum, eins og hv. frsm. nefndi, og á árabilinu 1962—1967 voru laun kvenna og karla samræmd samkvæmt því. Það hefur þó orðið ljóst á síðustu árum, að hér var aðeins um áfanga að ræða. Var aðeins gert ráð fyrir launajafnrétti í tilteknum atvinnugreinum, enda þótt rétt sé að minnast þess, að þetta eru þau svið atvinnulífsins, þar sem langmestur fjöldi kvenna er starfandi í dag.

Þegar þetta frv. var samþ., var talið, að kvennakaup væri 78% af karlakaupi fyrir sömu vinnu. Lengra er ekki síðan slíkur mismunur var talinn sjálfsagður og var samningsbundinn. Og á því ári gerðu samtök verkakvenna kröfur um 90% í staðinn fyrir 78%. Lengra treystu þau sér ekki til þess að stefna þá í þeim áfanga.

Það er nú liðin 10 ár síðan þetta frv. varð að lögum og 5 ár síðan áhrif þess áttu að vera komin fram, 1967. Á s. l. vori flutti núv. hæstv. iðnrh. till. til þál. um jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Þessi till. var samþ. m. a. með stuðningi Alþfl. Ég vil nú beina þeirri fsp. til hæstv. félmrh., sem þetta mál heyrir væntanlega undir, á hvern hátt sú rannsókn, sem þar var gert ráð fyrir, fari fram og hvað því máli líði. Við höfum í Alþfl. mikinn áhuga á því, að gerð verði ýtarleg úttekt á launajafnréttismálinu, og finnst ekki óeðlilegt, að sú úttekt verði nú gerð, 10 árum eftir að þessi lög náðu samþykki og 5 árum eftir að áhrif þeirra áttu að mestu að vera komin fram. Einstakar athuganir, eins og hv. frsm. skýrði frá, gefa vissulega tilefni til þess, að gerð verði allsherjarúttekt á því, hvernig þessi mál standa. Ég geri ráð fyrir því, að till., sem samþ. var í vor, ætti að ná til þess, að slík athugun verði gerð. Ef hún er ekki talin gefa tilefni til þess, væri gott um það að vita, því að ástæða væri þá til þess að hreyfa málinu á ný á þeim grundvelli.

Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. eða höfundur till. gætu gefið þd. frekari upplýsingar um þetta mál. Ég vil svo ítreka það, að ég lýsi stuðningi við meginhugsun þessa frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, fyrst til þess að segja frá því, sem reyndar kom fram í ræðu hv. þm., sem síðast talaði, að á sínum tíma beitti ég mér fyrir því, að komið var upp á vegum ríkisins sérstakri n. til þess að fylgjast með því, að jafnrétti kæmist á launagreiðslur til kvenna og karla í ríkisrekstrinum. Þessi n. hefur starfað æðilengi, og ég vil beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að fá skýrslu um það, hvernig störf n. hafi farið fram og hvers hún hefur orðið áskynja í starfi sínu. Ég hygg, að það væri skynsamlegt að fá slíka skýrslu og grg. um það, hvernig þetta hefur orðið í framkvæmdinni og þá hvernig á því stendur, að ekki hefur miðað betur í þá átt að ná fullkomnu jafnrétti í þessum efnum en raun ber óneitanlega vitni um.

Þá vil ég lýsa stuðningi mínum við meginstefnu þessa frv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessa frv. fyrir greinargóða og yfirgripsmikla ræðu með ýmsum athyglisverðum upplýsingum um það, hvernig launamálum

kvenna er háttað nú í dag. Sömuleiðis gleðst ég yfir því, að hennar fyrsta þingmál miðar að því að fá leiðréttingu á þeim þætti þessara mála, sem raunverulega hefur ekki náð þeirri framkvæmd, sem íslenzk lög hafa ætlað að ná. Í þessu frv. eru þó nokkur atriði, sem mig langar til að vekja athygli bæði hv. flm. og þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, á.

Það er þá fyrst og fremst í sambandi við, hvort nákvæmlega sú leið, sem bent er á í þessu frv., sé hin heppilegasta til að ná því takmarki, sem þarna er stefnt að. Að því er mér skilst og mér virðist vera höfuðkostur við þetta mál er hugmyndin að baki þessu sú, að um verði að ræða einhvern aðila, sem þær konur, sem telja sig misrétti beittar í launamálum, geta með vissu vitað, að þær eigi rétt á að snúa sér til og geti með einhverjum hætti leyst þeirra mál. Nú er það svo, að eðlilegasta leiðin virðist í fljótu bragði vera sú, að konur snúi sér til stéttarfélags síns í slíkum tilvikum. Viss hætta er þó á því, að það stéttarfélag taki e. t. v. ekki málið samstundis upp eða málið sé ekki lagt á þann hátt upp í hendurnar á stéttarfélagi, að það hefjist handa að fá mál viðkomandi launþega leiðrétt. Hver sem orsökin er, er það staðreynd, að atvinnurekendum hefur hætt til að sniðganga á vissan hátt íslenzk lög um launajafnrétti, þ. e. a. s. á þann hátt, að sömu störf séu í sumum tilfellum nefnd mismunandi nöfnum.

Ágreiningur um laun og ráðningarsamninga á, eins og kunnugt er, heima að miklu leyti undir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og þeim kafla þeirra sérstaklega í mörgum tilfellum, sem fjallar um félagsdóm, en í öðrum tilvikum, ef um er að ræða vangreidd laun og slíkt og bætur fyrir þess konar brot á samningum, hafa menn oft farið í mál fyrir venjulegum dómstólum. Sú leið er, eins og kunnugt er, allseinfær, og því getur þessi hugmynd, sem liggur fyrir í þessu frv., virzt í fljótu bragði vera leið til að leysa slík mál með nokkuð einföldum hætti. En mér sýnist á þeim kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 1938, þeim kafla, sem fjallar um félagsdóm, að þar sé atriði, sem er nokkuð hliðstætt því, sem hér er um að ræða. Þetta mál, sem við erum nú að ræða um, gæti með litilli einfaldri breyt. á lögum um félagsdóm náð tilgangi sínum. Það ákvæði, sem ég er hér að ræða um, er í niðurlagi 44. gr. þessara laga, nr. 80 frá 1938, að stéttarfélögum, félögum meistara, iðnrekenda og öðrum atvinnurekendum sé heimilt að leita úrskurðar félagsdóms um það, hvort tiltekin starfsemi falli undir 1. og 2. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltra iðngreina hún taki. Og svo eru í 39. gr. þessara sömu laga nánari ákvæði um það, hvernig þetta sé framkvæmt fyrir dómnum, hvernig sérstakir dómendur eru til kvaddir, þegar svona mál eru lögð fyrir félagsdóm. Mér sýnist, að það gæti verið nokkuð greiðfær og áhrifarík lausn á þessum málum, að sett væri inn í þessi lög svipað ákvæði um það, að félagsdómur gæti úrskurðað, hvort t. d. tiltekið starf teldist vera ritarastarf eða bókarastarf. Ég veit, að hv. flm. skilur og veit, að það er einmitt það atriði, sem við rekum okkur oftast á, að er tvísýnt um, hvort nákvæmlega er í samræmi við þær réttarreglur, sem við höfum í huga. Þetta atriði vildi ég benda hv. n. á að athuga við meðferð málsins.

Grunntónninn í þessu frv. er vitanlega atriði, sem allir hv. alþm. eru sammála um, svo oft hefur þetta mál verið áréttað hér á Alþ. á undanförnum áratugum, vil ég segja, fyrst með till. um fullgildingu alþjóðasamþykktar um jöfn laun karla og kvenna árið 1953, að mig minnir, fremur en 1952, svo með ákvæði í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þá með samþykkt þál. um fullgildingu alþjóðasamþykktarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og síðan með jafnlaunalögunum frá 1961. Í öll þessi skipti hefur nákvæmlega þessi hugmynd og þessi lagastefna náð fram að ganga hér á Alþ., þannig að það, sem ógert er, virðist vera að tryggja, að þetta sé framkvæmt. Þeirri hugmynd er ég vissulega fylgjandi, en vildi aðeins benda á, að það eru viss atriði í þessu frv., sem leiða hugann að því, að það mætti e. t. v. gera þetta með einfaldari hætti. Auk þess eru nokkur smærri atriði í því, sem mér sýnist ekki vera alveg ljóst, hvernig framkvæma eigi. Það er nefnt, að dómur jafnlaunadóms gæti verið annaðhvort ráðningarsamningur eða þá sektardómur. Nú er það svo, að í málum um brot á ráðningarsamningum kemur mjög oft til greina og er oft eitt aðalatriði máls krafa um bætur, og þá er spurning, hvort þarf sérstaklega að taka það fram í lagafrv., að það mætti gera bótakröfu fyrir þessum dómi, eða hvort flm. hugsar sér, að eftir sem áður eigi að reka slíkt mál fyrir venjulegum dómstólum. Það má vel vera, að flm. hafi hugsað sér, að ráðningarsamningur, sem ákvæðinn væri af þessum dómi, væri afturvirkur og bætur kæmu á einhvern hátt fram í slíkum dómi. Mér er ekki alveg ljóst, hvort þetta atriði hefur verið hugsað, en ég tel, að taka þurfi tillit til þess. Ekki sýnist mér heldur alveg skýrt, hvað hugsað er í 2. tölulið 5. gr., þar sem minnzt er á starfshópa og félagssamtök sem kærendur eða sóknaraðila. Við fyrsta lestur þessa frv. hélt ég, að þar væri um að ræða einhvers konar hópa úr stéttarfélagi launþegans eða slíkt, en mér hefur skilizt á framsöguræðu hv. flm., að hér sé um að ræða það, að hópur manna, einhver ótiltekinn hópur manna, geti tekið sig saman og litið á sig sem starfshóp í kvenréttindamálum og kært til refsingar, að mér skilst, fremur en til þess að breyta ráðningarsamningi. Mér er ekki alveg ljóst, hvort heldur er eða hvort flm. á við, að hvort tveggja sé heimilt slíkum hópi. Mér skilst, að það sé ekki nauðsynlegt, að þetta sé með vilja eða vitund launþegans sjálfs. Ég hygg, að þetta sé atriði, sem þarf að athuga, ég skal engan dóm á það leggja, hvernig það kemur út.

Eins og raunar kom fram í framsöguræðu hv. flm., er það náttúrlega alveg nýtt í íslenzku réttarfari á síðari öldum, að þetta sé þannig gert, að hver eigi sök sem vill í refsimálum. Heyrir það undantekningum til í okkar rétti, að einstaklingar eigi aðild að refsimálum. Þó er þetta ekki ótítt, eins og við vitum, að það er hægt að sækja til refsingar í einkamálum, í meiðyrðamálum. Ég sé nú framan í einn hv. dómara á landi okkar hér og sé, að hann þylur það utan að í huga sín-

um, í hvaða tilvikum þetta er, og man hann sjálfsagt mjög glögglega, að það er í meiðyrðamálum, bótum fyrir ýmiss konar fjárhagslegt tjón, líkamslýti o. fl. Á þessu sviði er þetta alveg nýtt atriði, og verður að sjálfsögðu einnig að athuga, hvernig það samræmist öðrum reglum í íslenzkum lögum, og ég skal heldur engan dóm á það leggja. Ég er ekki að segja, að ég sé þessu mótfallin, en þetta er atriði, sem þarf mjög vandlega að hugsa.

Loks er eitt atriði enn, og það er um reglugerðarákvæði. Mér er ekki heldur alveg ljóst, hvaða atriði eða hvers konar atriði er hugsað að verði sett í reglugerð um þennan dómstól. Að vísu man ég ekki til þess, að yfirleitt séu í okkar rétti settar reglugerðir um dómstóla, og mér sýnist æskilegra, ef að einhverju slíku yrði horfið, sem þetta frv. ræðir um, að það væri þá fremur nákvæmlega tilgreint í lögunum sjálfum heldur en að setja þyrfti reglugerð um störf dómstólsins, a. m. k. um hvað reglugerð ætti að fjalla.

Þessi atriði vildi ég aðeins taka fram, af því að gerð var hér till. um, að málið færi í allshn. Ég hafði við fyrstu sýn talið, að þetta mál ætti e. t. v. heima í heilbr.- og félmn., og þar sem ég sit í þeirri n., hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls um frv. En ég mun ekki gera till. um, að það fari í þá n. Ég skil mætavel það sjónarmið hv. flm., að hún vilji gjarnan, að það fari í þá n., þar sem hún situr sjálf í, og ég hef enga tilhneigingu til að bregða fæti fyrir það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Jafnframt því, sem tveir ágætir fulltrúar kvenþjóðarinnar hafa tjáð sig um þetta mál, þá hefur fulltrúi eins stjórnmálaflokksins hér á Alþ. staðið upp og lýst stuðningi flokks síns við þetta mál. Bæði er það nú vegna þess, að mér finnst það í sjálfu sér andkannalegt, að menn sjái ástæðu til þess að lýsa yfir stuðningi heils stjórnmálaflokks við slíkt mál, jafnréttismál kynjanna, og svo vegna hins, að ég tel ástæðulaust að láta það um okkur spyrjast hér á hinu háa Alþ., að konur hafi einkarétt á að tjá sig og styðja þetta mál, að ég sé ástæðu til þess að standa hér upp og láta í ljós mína skoðun. Ég hef að vísu ekki umboð til þess að lýsa yfir stuðningi míns flokks, heils og óskipts, við þetta mál, en ég tel hins vegar öruggt, að flokksmenn mínir, eins og reyndar annað fólk á Íslandi, bæði karlar og konur, geti vel fallizt á og stutt slíkt mál, sem stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna.

Ég held, að í raun sé enginn hlynntur misrétti milli karla og kvenna. Það er hins vegar reynsla okkar í þjóðfélaginu, bæði hér og annars staðar, að slíkt misrétti á sér stað í litlum eða stórum mæli, og þess vegna er það spurning, sem hlýtur að vakna, af hverju þetta misrétti stafar, þegar enginn vill stuðla að því og enginn vill viðurkenna, að hann vilji viðhalda slíku misrétti. Þessi spurning vaknar vegna þess, að ég skil þetta mál svo, að það sé sett hér fram meira til þess að leggja áherzlu á „prinsipið“, á grundvallaratriðin, sem felast í því, að það skuli vera jafnrétti milli kynjanna, — ekki endilega, að þetta mál sé lausn á öllum þeim vanda, heldur að það sé til þess að koma hér af stað einhverjum umr. um þessi mál.

Ég hef stundum hugleitt það með sjálfum mér, hvað valdi, og ég tel, að m. a. sé ástæða til þess kannske röng pólitík hjá kvenfólkinu, sem hefur haft forustu í því að draga úr þessu misrétti. Kvenréttindasamtökin hafa verið hér á ferðinni, og þau hafa, að manni hefur virzt úr fjarlægð, rekið sína pólitík á þann hátt, að það sé ekki í tengslum við hinn almenna fjölda kvenna, sett hafi verið á oddinn mál og kröfur, sem ekki hafa átt hljómgrunn hjá kvenfólkinu, og þau hafi stundum talað út, þegar fjöldinn talar suður. Enn fremur sýnist mér það vera ljóður á ráði kvenna, sérstaklega nú í seinni tíð, að þær vilja um of, a. m. k. þær sem hafa sig í frammi, blanda þessa baráttu sína pólitískum átökum í þessu landi. Þær hafa viljað tengja baráttu sína við pólitíska flokka og því miður þess vegna fælt frá sér einhverja stuðningsmenn, sem hafa viljað vera og eru hlynntir þessari baráttu, en geta ekki af stjórnmálalegum og flokkslegum ástæðum tekið þátt í þeirri baráttu, sem beinlínis er rekin eða háð undir merki ákveðinna stjórnmálaflokka. Þetta segi ég ekki til þess að draga úr ágætri baráttu, t. d. samtaka eins og Rauðsokkanna, heldur til þess að vekja athygli á, að það eru stundum baráttuaðferðir, sem geta valdið því, að markmiðið sjálft nái ekki fram að ganga. Misrétti það, sem við getum öll viðurkennt að ríki hér í meira eða minna mæli, stafar af ýmsum ástæðum og er af öðrum toga spunnið en það, að menn vilji einfaldlega ekki borga jafnhá laun til kvenna og til karla. Þar er um að ræða mjög gamalgróið vanmat á starfshæfni kvenna, vanmat, sem við verðum að vinna bug á og tekur lengri tíma en svo, að það sé gert í einu vetfangi. Það er ein ástæðan fyrir því líka, að konur hafa aflað sér annarrar og stundum takmarkaðrar menntunar á við karlmenn, sem leiðir aftur af sér, að þær eru ekki eins hæfar til þess að taka að sér þau störf, sem stundum eru betur launuð í þjóðfélaginu, og eins er það líka, að konur hafa einfaldlega ekki haft aðstöðu til þess að afla sér þessarar menntunar, hafa síðan leitað í störf eða menntun, sem veitir þeim störf, sem aftur eru þess eðlis, að þau krefjast ekki mikillar hæfni og eru, eins og við köllum í daglegu tali, léttari störf, og nefni ég það ekki til þess að gera lítið úr störfum eins og vélritunar- og skrifstofustörfum, afgreiðslustörfum og öðru slíku, sem konur gjarnan vinna og krefjast óneitanlega minni menntunar, en þær hafa sótzt eftir slíku námi og þar af leiðandi slíku starfi. Verkaskiptingin í þjóðfélaginu hefur líka stuðlað að þessu misrétti, ef við köllum það svo, verkaskipting, sem þessi kynslóð hefur ekki skapað og ekki kallað yfir sig, hefur skapazt í gegnum aldirnar og þeirri verkaskiptingu verður ekki með góðu móti varpað fyrir róða í einu vetfangi, eins og ég sagði áðan, svo ekki sé talað um líkamsburði karla og kvenna, sem sennilega gengur erfiðlega líka að breyta með skjótum hætti, og svo umfram allt er það sú hefð og sú venja, sem komizt hefur á um störf kynjanna.

Ég held þess vegna, að þó að þetta mál sé mjög gott og gagnlegt og sé þess virði, að það sé mjög

athugað, þá leysi það ekki allan vanda á þessum vettvangi. Það þarf að kafa miklu dýpra, það þarf að skapa þær aðstæður í þjóðfélaginu, skapa þann hugsunarhátt og skapa þau viðhorf, sem leiða til þess, að fólk hefur aukinn skilning á því, að það eigi ekki að eiga sér stað misrétti á milli kynjanna. Þess vegna held ég, að umr., sem gætu farið hér fram á hinu háa Alþ. um þau mál og væru meira um grundvallaratriði, gætu leitt til aukins skilnings og leitt til þess, að við hér séum betur fær um að setja einhverja slíka löggjöf eða beita okkur fyrir einhverjum þeim málum, sem ættu að geta jafnað þennan mun.

Hvað snertir þetta ákveðna mál, um jafnlaunadóm, þá finnst mér þarna vera um mjög athyglisverða hugmynd að ræða, sem rétt sé að skoða mjög vel, en þó er náttúrlega sú spurning, sem strax kemur upp í huga manns og sett var hér fram af síðasta ræðumanni, hversu virkur þessi dómur getur orðið. Bent var á, að fyrir hendi væri félagsdómur, sem konur og reyndar aðrir gætu skotið sínum kvörtunum til. En í reynd hefur það verið svo, að sú aðferð eða sú leið hefur lítið verið notuð, og reynslan hefur sýnt, að konur hafa kinokað sér við að kæra eða bera sín mál undir slíka dómstóla, og spurningin er sú, hvort það mundi eitthvað bætast eða aukast með stofnun slíks dómstóls eins og hér um ræðir. Sú spurning kemur líka upp, og er kannske samtengd þessu: Vilja konur og aðrir, sem starfa hjá atvinnurekendum, hjá hinu opinbera eða einstaklingum, bera mál sín undir dómstóla fyrr en það er þá þrautreynt að ná samstarfi og samkomulagi við viðkomandi atvinnurekanda, og gætum við ekki reynt að finna leiðir, sem stuðluðu að auknu samkomulagi eða samvinnu í þeim efnum, áður en farið væri út í það að kæra slíkt mál til dómstóla, sem aftur leiddi af sér hörku og óbilgirni og jafnvel til uppsagna og annarra erfiðleika, þannig að viðkomandi aðilar stæðu sízt betur að vígi eftir þann hildarleik?

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, stuðning og góðar undirtektir og ábendingar, sem ég mun vissulega telja mér skylt að taka til greina.

Ég vil fyrst víkja að því atriði, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og hv. 9. landsk., Ellert B. Schram, töluðu um, hvort sérstakur dómstóll mundi vera hin rétta leið. Vissulega kom til greina að athuga breytingu á félagsdómi í þessu skyni, en ég hvarf frá því ráði, m. a. vegna ástæðna, sem raunar komu fram líka í ræðu a. m. k. 9. landsk. þm., að það þyrfti að skapa það viðhorf, að menn beittu ekki misrétti eins og það væri sjálfsagður hlutur. En einhvern veginn er það nú svo, að menn eru ákaflega blindir á þetta hjá sjálfum sér. Þess vegna þótti mér réttara, að fram kæmi sérstakur dómur, lögbundinn, sem hreinlega gæti ekki farið fram hjá fólki, hvers eðlis væri, og sýndi, að íslenzku þjóðfélagi væri ekki alveg sama, hvernig farið væri með þessi mál. Dómur er í rauninni ekki hugsaður til þess að sýna atvinnurekendum hörku og óbilgirni, a. m. k. ekki meiri en þeir hafa sýnt konum fram að þessu. Það er margreynt, það er áratugareynsla fyrir því, og ekki lengur hægt að horfa upp á það, að konur fari árangurslausar ferðir til atvinnurekenda og yfirmanns til þess að fá leiðréttingu sinna mála, en vinni síðan ævina út við þetta sama misrétti, sem enginn þykist geta að gert. Þetta hafa konur reynt sem hörku og óbilgirni, og þess vegna er þessi jafnlaunadómur til kominn.

Í sambandi við það, hvað væri heppilegasta takmarkið, þá hefur þetta verið þannig á Norðurlöndum, að ríkisstjórnirnar hafa skipað n., sem starfa að þessum málum, oft í samráði við vinnuveitendasamböndin sjálf. Þrátt fyrir mikið og gott starf, þá hefur árangurinn ekki verið sem skyldi. Þar er launamismunur enn geysimikill. Mig minnir, að laun kvenna í iðnaði séu í reynd 76% af launum karla þrátt fyrir launajafnrétti. Það næsta, sem ég hef komizt um hliðstæður jafnlaunadóms, er að finna í Bandaríkjunum. Kennedy forseti stofnaði þar sérstaka kvennanefnd eða kvenréttindanefnd, og í framhaldi af störfum þeirrar n. munu hafa verið sett lög um launajafnrétti og um leið var konum gert kleift að skjóta máli sínu til dóms samkv. 7. gr. laga um borgararéttindi frá 1965, ef þær töldu, að þær hefðu verið misrétti beittar á vinnustað eða í launaákvörðun. ⅓ af kærum til þessa dóms var frá konum í starfi, ⅔ af kærum vegna kynþáttamisréttis.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir minntist á hlut stéttarfélaganna í þessum efnum, og það er vissulega réttmæt ath. En á hitt ber þó að líta, sem mér finnst aðalatriði málsins, að stéttarfélag hefur ekki úrskurðarvald. Stéttarfélag getur auðvitað knúið á um mál, en það getur ekki úrskurðað í kærumálinu.

Aðrar aths., — ég verð að játa, að ég hef kannske ekki náð þeim öllum, en mun vissulega taka þær til greina.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í tilefni af flutningi frv. um jafnlaunadóm hafa menn hér rifjað upp sögu málsins sérstaklega. Hv. 8. landsk. þm. byrjaði á árinu 1960, að mig minnir, og þá var það með tillöguflutningi Alþfl.-manna. Lengra aftur man hann nú áreiðanlega í sögu Alþfl., því að ég er viss um, að hann man upphaf þessa máls, því að 1947 eða 1948, á öðru þingári mínu, mun ég hafa flutt frv. til l. um jafnrétti kvenna og karla. Ég man ósköp vel, hvernig undirtektir það mál fékk. Því var mætt með spotti og háði og harðri andstöðu í viðbót. Ég flutti málið ekki aðeins tvisvar, ekki þrisvar, heldur fjórum sinnum, fimm sinnum, og þá í seinni skiptin í því formi, að það væri frv. til l. um launajafnrétti kvenna og karla, tók þann þátt sérstaklega út úr, þó að ég væri þá og sé enn þeirrar skoðunar, að nokkurt misrétti ríki milli kvenna og karla á öðrum sviðum einnig en launamála, þó að launamálamisréttið væri þá og sé enn alveg áberandi og sannanlegt með tölum sem blásköldum staðreyndum. Ég flutti þessi frv. öll sem þm. Alþfl., og þar kom máli, að meðflm. mínir að þessu frv. urðu síðar Gylfi Þ. Gíslason, síðar menntmrh., og Eggert G. Þorsteinsson, fyrrv. ráðh., og fluttum við það frv. a. m. k. í eitt skipti og komum því ekki fram. En svo gerð-

ist það, sem hv. 8. landsk. þm. sagði frá, að Jón Þorsteinsson, þáv. þm. Alþfl., fann miðlunarleið í málinu, í þessu margdrepna máli Alþfl.-þm., að bera fram till. um, að launajafnrétti skyldi komið á á 6—7 árum, í smáskömmtum. Það frv. flutti hann ásamt Eggert G. Þorsteinssyni, ef ég man rétt, og það komst fram. Þá lá mitt frv. einnig enn einu sinni fyrir þinginu, og þá var það, að þegar málið kom í þessa hv. d., flutti ég mitt frv. sem brtt. grein fyrir grein við þetta sjöskammtafrv. Alþfl.-mannanna og vildi þá, að það launajafnrétti hjá þessum ákveðnu starfsgreinum, sem frv. Jóns Þorsteinssonar fjallaði um, kæmi þegar í stað samkv. afdráttarlausum till. grein fyrir grein í mínu frv. En þá brá svo við, að ekki aðeins Alþfl.-menn almennt á þingi, heldur einnig hinir fyrri meðflm. mínir að mínu frv., Eggert G. Þorsteinsson og Gylfi Þ. Gíslason, sem þá voru hér í deildinni, greiddu atkv. á móti því frv., sem þeir höfðu áður flutt með mér, grein fyrir grein, og þannig var það malað niður, en frv. Jóns Þorsteinssonar var samþ., — góðu heilli þó. Það var þó skárra en ekkert. — og svo var skipuð n., jafnlaunanefnd, sem vann að framkvæmd þess í 6 ár að jafna út þann launamismun, sem var á stéttarfélagssamningum milli launa karla og kvenna. Ég átti sæti í þeirri n. ásamt ráðuneytisstjóranum í félmrn. og fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, Barða Friðrikssyni, og það verð ég að segja, að meðnefndarmenn mínir störfuðu af mikilli viðsýni að framkvæmd frv., og það var framkvæmt jafnrétti kvenna til móts við karla samkvæmt þessu frv. á mun viðtækari grundvelli en sjálft frv. strangt tekið gaf tilefni til. Þannig hefur þessu máli þó þokað áfram í átt til þess launajafnréttis, sem við búum nú við, að því er snertir hinar ákveðnu starfsgreinar samkv. stéttarfélagasamningum innan Alþýðusambands Íslands, og er þó að mínu áliti ekki fullkomlega komið þar málum í höfn, sízt af öllu að því er snertir launakjör lágt launaðs verzlunarfólks, það verð ég að segja. Álít ég, að þar verði enn um verulegan launamismun að ræða þrátt fyrir það að það sé byggt á „kollektívum“ samningum.

Ég taldi óþarft að láta það fara fram hjá hv. þm., úr því að verið var að rekja sögu þessa máls, að geta að engu forsögunnar, þeirrar sem er þó dálítið söguleg og dálítið einkennileg, þegar menn sjálfir eru flm. að frv. og greiða svo atkv. gegn því sjálfir, grein fyrir grein. En ég játa, að þeir hafa þar sjálfsagt valið um þetta, hvort það væri þó ekki betra að fá launajafnréttið fram í áföngum en að fá það ekki. En þeir áttu annan kost. Þeir áttu þess kost að greiða atkv. með því frv., sem þeir höfðu áður verið meðflm. að, og ráða þar úrslitum um málið, því að það valt á þeirra atkv.

Í framhaldi af þessu held ég, að ég þurfi varla að lýsa þeirri afstöðu minni persónulega, að ég nota sérhvert tækifæri, sem mér býðst, til þess að gera viðtækari og koma betur fram launajafnréttiskröfum kvenna á móti karlmönnum, því að ég álít engan siðferðilegan grundvöll til fyrir því að gera mismun á launum kvenna og karla út frá kynferðilegum forsendum.

Það má um það deila, hvaða form á að velja því að fá úr því skorið, hvort konur séu ranglindum beittar að því er snertir launajöfnuð, í raun og veru gegn lagalegum grundvelli, því að ég fæ aldrei annað séð en í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna séu skýr ákvæði, sem varla sé hægt að komast fram hjá, ef fólk, sem við þau lög býr, leitar réttar síns samkvæmt dómstólum. Ég held, að það hefði þurft fyrir löngu að vera búið að fara í prófmál á grundvelli laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um það, hvort ekki er brotinn lagalegur réttur á fólki í opinberri þjónustu. Og ég fæ ekki skilið það, að sá lagastafur sé ekki nógu skýr, þar sem stranglega er tekið fram og skýrum stöfum, að enginn launamismunur eigi að vera á körlum og konum í opinberri þjónustu við sömu störf. Og þau störf eru sum þess eðlis, að það er ekki hægt að gera mun á. Starfið er hið sama, hvort sem það er unnið af karli eða konu, segjum t. d. gjaldkerastarf í banka. Gjaldkerastörf í þjóðbankanum sjálfum eru ýmist innt af höndum af konum eða körlum og við launamismun. Ég held, að ef þær konur, sem þessi störf vinna, hefðu farið í prófmál, gætu þær ekki annað en unnið þau mál, og er þá hart, ef ríkisstofnanir þurfa að láta dæma sig til slíkra hluta. Það má þess vegna vera, að það sé engin leið önnur fær til þess að ná rétti kvenna fram í þessum efnum en að setja sérstakan dómstól til þess að dæma um þessi mál, og játa ég þó, að það gæti verið líklegt til þess að spilla góðu samkomulagi milli starfsfólks og atvinnurekenda, yfirmanna yfirleitt, að verða að sækja sín mál þannig fyrir dómstólum. Aðrar leiðir ættu að vera færar og eru færar að mínu áliti, og atvinnurekendur í landinu og forstöðumenn ríkisstofnana hafa átt þess nógan kost að gera það af sjálfsdáðum að framfylgja réttum lögum, a. m. k. án þess að vera dæmdir til þess. Það er, held ég, að því vikið í stjórnarsáttmálanum, að ríkisstj. núverandi vilji vinna að því að afmá misrétti milli þegnanna og milli karla og kvenna, og ber henni að sjálfsögðu að standa við það fyrirheit sem önnur.

Hv. 8. landsk. þm. beindi þeirri fsp. til mín, hvað gert hefði verið varðandi þáltill. samþ. á s. l. þingi um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Þessi þál. er allviðtæk og ekki eingöngu um launajafnréttismál, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. skorar á ríkissti.“ — það var nú hin sálaða — „að láta framkvæma rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að því, hvernig háttað er raunverulegu jafnrétti karla og kvenna að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers kyns þátttöku í félagslegum verkefnum. Jafnframt skal kannað, hverjar breytingar á gerð þjóðfélagsins gætu stuðlað að því að auka jafnrétti manna. Að rannsókn lokinni skulu niðurstöður hennar birtar.“

Ég er alveg sammála hv. flm. frv., sem hér er til umr., frv. um jafnlaunadóm, að framkvæmd þessarar þál. er mun viðtækari og beinist að miklu fleiri verkefnum en frv. hennar fjallar um, og frv. kemur því á engan hátt í staðinn fyrir hina samþ. þál. frá síðasta þingi. Þar er beðið

um mjög víðtæka rannsókn á mörgum sviðum varðandi menntun og hvers konar störf og starfsaðstöðu og þátttöku í félagslegum verkefnum, og er áreiðanlegt, að það er engin ástæða til þess að láta afgreiðslu þessa máls um jafnlaunadóm bíða þess, að n. skili niðurstöðum um rannsókn allra þeirra jafnréttisþátta, sem fjallað er um í þál. En um þessa þál. er það að segja, að hún mun hafa verið send frá skrifstofu Alþ. tveimur rn., félmrn. og menntmrn., enda ekki óeðlilegt, og hefði jafnvel verið ástæða til að senda hana fleiri rn., þar sem henni var beint til ríkisstj. og grípur inn á svo mörg svið, sem jafnvel eru utan valdsviðs þessara tveggja rn. Ég veit ekki, hvaða tökum menntmrn. kann að hafa tekið á þessu máli, en 2. júlí var Kvenréttindafélagi Íslands skrifað og sá félagsskapur beðinn að tilnefna tvo menn í n., til þess að taka þátt í þessari rannsókn. Geri ég ráð fyrir, að það hafi verið sammæli rn., að menntmrn. tilnefndi einnig menn til rannsóknar, að því er snertir a. m. k. menntun og störf á því sviði, sem þál. tók til. Ég get lýst því einu yfir, að það skal ekki verða mein tregða á því, að félmrn. fylgi framkvæmd þessarar þál. eftir og setji þá rannsókn í gang fyrir sitt leyti og í samráði við menntmrn. eða hver önnur rn. sem ástæða þykir til að kveðja þar til. En ég tel, að það sé gefinn hlutur, að sú rannsókn verði það umfangsmikil og tímafrek, að þetta frv. yrði þá að leggjast til hliðar, ef það ætti á nokkurn hátt að bíða niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Það er í raun og veru úttekt á þjóðfélagsaðstöðu þegnanna almennt, sem fjallað var um í hinni víðtæku jafnréttistillögu núv. hæstv. iðnrh.

Ég þykist geta sagt það alveg óhikað fyrir hönd míns flokks, að meginhugsunin, sem felst í frv. um jafnlaunadóm, er í samræmi við stefnu flokksins og mun njóta stuðnings þingflokksins í heild.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er aðeins örlítið atriði með allmikla þýðingu þó. Í ræðu minni áðan benti ég á, að það kæmi til greina að ná sama árangri og frv. þetta fjallar um eða er ætlað að ná með því að gera smábreytingu á kafla laga um stéttarfélög og vinnudeilur, og minntist í því sambandi á, að stundum leituðu konur, sem teldu sig órétti beittar í launamálum, til síns stéttarfélags, en teldu það af einhverjum ástæðum lítinn árangur bera. Ástæðan til þess, að ég minntist á þetta í sambandi við hugsanlega breytingu á lögum um félagsdóm, er, að ef stéttarfélag neitar að taka til greina mál launþega, á launþeginn eða einstaklingurinn sjálfur málsaðild fyrir félagsdómi, og ég hygg, að ekki alls fyrir löngu hafi einmitt slíkt mál *verið dæmt í félagsdómi.* Þar átti einstaklingurinn aðild vegna þess, að stéttarfélag hans tók ekki að sér að verða málsaðili.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á, þar eð ég taldi, að þetta atriði hefði farið milli mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 54, n. 579, 573).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 579, hefur allshn. þessarar hv. d. orðið sammála um að mæla með því, að frv. til l. um jafnlaunadóm verði samþ. með þeim breyt., sem birtar eru á þskj. 573. N. sendi frv. allmörgum aðilum til umsagnar, og voru þær að berast fram eftir vetri.

Áður en ég rek aðalatriði hverrar umsagnar fyrir sig, vil ég láta þess getið, að í umsögn Dómarafélags Íslands var alleindregið lagzt gegn stofnun sérdómstóls. Þeir færa fram ýmsar ástæður fyrir því, að sú stofnun, sem hér er fyrirhuguð, skuli ekki nefnast dómur, en segja þó síðan, að verði haldið fast við það að stofna sérdómstól í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, þá sé nokkurra atriða að gæta. Ég ætla ekki að rekja þau atriði hér, vegna þess að n. varð sammála um að taka tillit til þeirrar afstöðu Dómarafélagsins að breyta þessu úr dómi. Þessi afstaða Dómarafélagsins var mjög eindregin, og með tilliti til þess einnig, að æskilegt þótti, að n. gæti staðið einhuga að málinu og reynt yrði að ná samstöðu hér á hv. Alþ. um það, þá varð n. sammála um að leggja til, að jafnlaunadómi yrði breytt í jafnlaunaráð.

Sem flm. þessa frv. get ég fellt mig við þessa breytingu, vegna þess að kjarni þess stendur eftir, kjarni frv., sem er, auk 1. og 2. gr., 6. gr. frv., þar sem skýlaust er kveðið á um, að úrskurður ráðsins í kærumáli einstaklings sé bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og fullnaðarúrlausn kjaradeilu og verði honum ekki skotið til dómstóla. Þetta ráð er því hliðstætt barnaverndarráði að því leyti, að úrskurðum, sem það ráð er bært að kveða upp samkv. lögum, verður ekki skotið til dómstóla. N. varð líka sammála um, að með þessari breytingu ynnist atriði, sem gæti reynzt mjög mikilvægt, og varðar það einnig verkefni jafnlaunaráðs, 4. gr. frv.

Svo sem þskj. 573 ber með sér, leggur n. til, að verkefnum jafnlaunaráðs sé fjölgað. Það á m. a. að vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum varðandi launajafnrétti. Það á að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni. Það á að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti sem lög þessi varða. Í stuttu máli, það á að vera nokkurs konar samvizka þjóðfélagsins í þessum efnum.

Brtt. við 4. gr. eru að miklu leyti sniðnar eftir verkefni jafnréttisráðs í Noregi. En það vill svo til, að norska stórþingið hefur fyrir nokkrum vikum sett lög um jafnréttisráð, sem tekur við af jafnlaunaráði þar í landi, þó þannig, að jafnlaunaráð verður áfram kjarni þess, en verksviðið er fært út, þannig að það nær til fleiri sviða en þeirra, er snúa að launa- og kjaramálum einvörðungu.

N. sendi frv. til umsagnar eftirtöldum aðilum: Dómarafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveit-

endasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Rauðsokkahreyfingunni, Úum og Aðstöðunefnd íslenzkra kvenna. Dómarafélagið tók fram í umsögn sinni, að það mundi ekki taka afstöðu til efnisatriða frv., heldur einvörðungu fjalla um frv. frá lögfræðilegu sjónarmiði. Vinnuveitendasambandið tók ekki heldur afstöðu til efnisatriðanna, en taldi, að þeir dómstólar, sem starfandi væru í landinu, væru bærir um að dæma í málum sem þessum. Allir þeir umsagnaraðilar aðrir, sem ég taldi upp, fjölluðu um efnisatriði frv. og lýstu sig fylgjandi meginstefnu þess, þó að sumir þeirra bendi á, að aðrar leiðir kæmu til greina. Þannig segir í umsögn Alþýðusambands Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusambandið telur, að til bóta verði, að ákveðinn dómstóll fjallaði um ágreining, sem upp kæmi vegna meintra brota á lögum, samningum og alþjóðlegum skuldbindingum, sem lúta að því að tryggja félagslegt og fjárhagslegt jafnræði kynjanna í atvinnulífinu, en bendir á, að eðli málsins samkv. kæmi til greina að fela félagsdómi slíkt verkefni, enda væru þá gerðar viðeigandi breytingar á lögum um þann dómstól."

N. varð sammála um, að sérstök stofnun skipuð einstaklingum með úrlausn þessa sérstaka máls í huga, jafnréttis, væri í reynd miklu áhrifaríkari en þótt félagsdómi yrði með lagabreytingu falinn úrskurður þessara sérstöku mála.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er þeirrar skoðunar, að nýtt átak þurfi til þess að tryggja framkvæmd löggjafar um þetta efni. En eins og Dómarafélag Íslands er stjórnin andvíg sérdómstól eða dómstól.

Umsagnir kvennasamtakanna eru allar mjög jákvæðar í garð frv., en tvö þeirra benda á, að nauðsynlegt sé að binda í lög, að konur eigi sæti í ráðinu. Þetta sjónarmið er skiljanlegt, en ekki þótti samt fært eða rétt að lögbinda slíkt. Eðli málsins samkv. þykir nánast útilokað, að ráðið verði skipað eintómum karlmönnum, og þar sem enginn einn aðili skipar fleiri en einn í ráðið, er ekki unnt að tryggja blandað ráð með lögum. Reynslan verður að skera úr, hvort hér hafi verið rétt að farið.

Þá er eitt atriði enn, sem nauðsynlegt er að víkja að. Tveir aðilar lýstu sig andvíga frjálsri sóknaraðild, svo sem frv. gerði ráð fyrir. Þessir aðilar voru Kvenréttindafélag Íslands og Dómarafélag Íslands. N. gat orðið sammála um að fara hér nokkra millileið. Í stað frjálsrar sóknaraðildar í kærumálum er ráðinu skylt að taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka mál af því tilefni.

Herra forseti. Ég hef nú rakið það helzta, sem fram hefur komið í umsögnum um þetta frv. N. stendur einhuga að því að mæla með því, að það verði samþ. með þeim brtt., sem hún hefur lagt fram. En einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. við 3. umr.

Ég hef sem frsm. n. gert mér far um að gefa hlutlausa mynd af þeim umsögnum, sem borizt hafa um frv., en mig langar til þess í lokin sem flm. þessa máls að færa samnm. mínum sérstakar þakkir fyrir, hversu vel þeir hafa tekið undir málið, og þakka ég þeim fyrir þá samstöðu, sem þeir hafa sýnt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Frv. til l. um jafnlaunadóm er nú til 2. umr. Þegar 1. umr. fór fram á öndverðu þessu þingi, benti ég á ýmis atriði, sem ég taldi þurfa sérstakrar athugunar við. Ég vonaðist til, að n. tæki þau atriði til athugunar, og svo hefur vissulega verið gert um mörg þeirra. Eftir stendur þó aðallega eitt mikilvægt atriði varðandi réttarfar, og það er, að dómstólshlutverk jafnlaunaráðs stendur enn þá inni í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir.

Milli umr. hefur, eins og frsm. rakti, frv. verið sent til umsagnar allmargra aðila, og í nál. segir, að n. hafi orðið sammála um að gera nokkrar breytingar, einkum með hliðsjón af umsögn Dómarafélagsins. Það má nú kannske segja, að nákvæmara hefði verið að segja, að frv. hefði verið gjörbreytt eða jafnvel samið nýtt frv., því að það óvenjulega hefur gerzt, að hver einasta grein frv. er ný og fyrirsögnin líka í brtt. n. Ég bendi á þetta hér til athugunar fyrir hæstv. forseta. Efnislega er hér um að ræða nýtt frv., sem þarf athugunar við og er að því leyti til eins konar 1. umr. Ég mun þó ekki gera ágreining út af þessu atriði. Ég bendi á þetta, og slík atriði koma sannarlega til athugunar í sambandi við hið nýja frv. til þingskapalaga, sem hér liggur fyrir, og er þetta dæmigert sem atriði, sem þar gæti komið til skoðunar.

Ég mun ekki rifja upp ummæli, sem féllu við 1. umr., en hlýt þó að geta þess, að þar kom fram, að frv. í hinni upprunalegu gerð væri illa samrýmanlegt réttarfarslegum meginreglum á Íslandi. Þar var um fræðileg álitaefni að ræða, og sá aðili, sem hefur látið í té umsögn, sem kalla má fræðilega um þetta mál, er Dómarafélag Íslands. Ég tel því ástæðu til, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þá umsögn. Umsögninni fylgir bréf, þar sem skýrt er, að stjórn Dómarafélagsins hafi falið þeim Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara og Unnsteini Beck borgardómara að kynna sér málið fyrir félagsins hönd og semja álitsgerð. Ég leyfi mér að lesa álitsgerð þeirra dómaranna:

„Dómarafélag Íslands hefur falið okkur undirrituðum að semja álitsgerð um frv. til l. um jafnlaunadóm, sem nú liggur fyrir Alþ. Frv. gerir ráð fyrir, að komið verði á fót dómstól, er nefnist jafnlaunadómur, sem ætlað er það hlutverk að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á ákvæðum frv., ef að lögum verður, sbr. 1. mgr. 4. gr. frv. Við munum í þessari álitsgerð einkum fjalla um fyrirhugaða stofnun og starfsemi þessa dómstóls auk nokkurra atriða annarra, sem okkur virðast þurfa aths. við frá lögfræðilegu sjónarmiði. Að öðru leyti sjáum við ekki ástæðu til að tjá sjónarmið okkar um efnisatriði frv., enda væntum við, að stjórn Dómarafélagsins hafi ekki ætlazt til þess.

Í byrjun er rétt að vekja athygli á fyrstu tveim málsl. í upphafi grg. með frv. Þar segir svo:

„Þessu frv. um jafnlaunadóm, ef að lögum verður, er ætlað það hlutverk að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnir, að lagasetning ein nægir ekki til þess, að fullkomið jafnrétti sé tryggt í þessum efnum."

Með þessu er það sagt, sem einnig liggur í efni sjálfs frv., að því er ætlað að ná yfir réttarsvið, sem enn þá hefur ekki tekizt að forma um svo skýrar réttarreglur með löggjöf, að fullum tilgangi verði náð. Efnisreglur frv. bæta hér ekkert um. Í þeim felast markmið og stefnuyfirlýsing fremur en réttarreglur, sem gefi dómstólum nothæfar fyrirmyndir um úrlausn vandamála, sem rísa við framkvæmd þeirra. Af framansögðu leiðir, að jafnlaunadómur samkv. frv. verður ekki dómstóll í venjulegri né lagalegri merkingu þess orðs, heldur framkvæmdastofnun, sem ætlað er að móta reglur um atriði, þar sem skortir á nægilegar skýrar réttarheimildir. Það er því rangnefni að tala hér um dómstól og væri rétt að öðru óbreyttu að fella það orð niður úr nafni þeirrar stofnunar, sem hér er ráðgerð.

Hér hefur verið á það bent, að tilgangur frv. sé að fela jafnlaunadómi verkefni, sem ekki heyra stjórnskipulega undir dómsvaldið í landinu. Það atriði er fullrar athygli vert, hvort þau verkefni verða leyst í anda frv., án þess að höggvið sé nær rétti manna um frelsi til vinnusamninga en góðu hófi gegnir. Það samningsfrelsi er réttilega talið einn af hornsteinum þess lýðræðis, sem við búum við. En auk þeirra verkefna, sem hér hefur verið drepið á, mundi oft bera undir jafnlaunadóm úrskurði um réttarágreining, sem ella heyra undir þá dómstóla, sem fyrir eru í landinu. Okkur þykir sjálfsagt, að þau atriði heyri framvegis sem hingað til undir almenna dómstóla eða félagsdóm eftir atvikum. Til þess liggur tvennt: Í fyrsta lagi teljum við með öllu óhæft, að sama stofnun fjalli um dómsmál og mörg þau atriði, sem undir jafnlaunadóm frv. kunna að bera og eru viðs fjarri því að eiga skylt við dómsmál. Í öðru lagi er það skoðun okkar, að það leysi litinn vanda að stofna til sérdómstóla um afmörkuð svið réttarkerfisins. Reynslan virðist hafa sýnt, að slíkir dómar eru þungir í vöfum, hafa aukinn kostnað í för með sér og virðast ekki tryggja virkari, réttlátari né faglegri úrlausn réttaratriða en hinir föstu dómstólar.

Þess má minnast, að samkv. lögum er heimilt að kveðja til sérfróða eða sérhæfa meðdómendur við úrlausn hvers konar dómsmála, bæði opinberra og einkamála. Þessi heimild er notuð í vaxandi mæli. Þannig skapast innan hins fasta dómakerfis sérdómar um úrlausn einstakra mála, hvenær sem þess er þörf. Þessir dómar, sem myndaðir eru með þörf einstakrar úrlausnar fyrir augum, verða að jafnaði betur skipaðir sérfróðum mönnum en sérdómar, sem skipaðir eru föstum meðdómsmönnum til langs tíma.

Nokkur líking er með jafnlaunadómi frv. og kjaradómi samkv. lögum nr. 55 frá 1962. Sú stofnun er ekki dómstóll og var óheppilegt að velja henni þá nafngift, þó að að vísu megi til sanns vegar færa, að þar sé um að ræða lögbundinn gerðardóm í kjaradeilu ríkisins og starfsmanna þess. Það skilur þó á milli frv. og lagaákvæðanna um kjaradóm, að kjaradómur sker ekki úr réttarágreiningi. Úrlausn slíkra ágreiningsmála heyrir að því er kjarasamninga opinberra starfsmanna varðar undir félagsdóm. Það er því álit okkar, að stofnun sú, sem frv. leggur til að verði komið á fót, verði ekki dómstóll, henni verði ekki falin verkefni, sem í eðli sínu heyra undir dómstóla, en nafni hennar verði breytt í samræmi við það. Stofnuninni verði einungis falið að hafa með höndum óvilhallt mat á störfum, sbr. 1. tölul. 3. gr. samþykktar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, er fullgilt hefur verið og birt með auglýsingu nr. 12 1958. Úrlausnir réttarágreinings varðandi þessi efni heyra hins vegar áfram undir lögsögu almennra dómstóla landsins. Verði þessari skipun komið á, sýnist rétt, að umrædd stofnun setji sér sjálf starfsreglur, svo sem t. d. er gert ráð fyrir í lögum um kjaradóm nr. 55 1962. Verði hins vegar haldið fast við að stofna sérdómstól í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, þykir nauðsynlegt að vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

Samkv. 3. mgr. 3. gr. frv. skal meðferð mála fyrir jafnlaunadómi lúta reglum um meðferð einkamála í héraði. Gert er ráð fyrir, að úrlausnum dómsins öðrum en refsidómum verði ekki skotið til æðra dóms. Ástæða virðist til að taka afstöðu til þess, hvort réttarfarsatriði í málsmeðferð sæti málskoti eða ekki. Reglur 5. gr. frv. um sóknaraðild eru vafasamar. Eðlilegt er, að sóknaraðild sé takmörkuð við þann einstakling, sem telur rétt brotinn á sér, eða e. t. v. einnig stéttarfélag hans, og þó því aðeins, að einstaklingur, sem í hlut á, sé því samþykkur. Almenn heimild ótiltekinna starfshópa eða félagasamtaka til þess að blanda sér í samninga vinnuveitenda og starfsmanna er fráleit og fjarri venjulegum réttarfarsreglum.

Vald til höfðunar refsimála er almennt í höndum ákæruvaldsins og einungis undantekning, að einstaklingum sé fengin saksóknarheimild. Af frv. verður ekki annað séð en sömu sóknaraðilar geti höfðað refsimál samkv. 7. gr. þess eins og einkamál. Þörf er að taka skýrar til orða um þessi efni, og einnig verður að benda á, að nauðsynlegt er að setja nánari ákvæði um það, hvers konar háttsemi varði refsingu samkv. lögunum, ef ætlunin er að halda fast við að hafa refsiákvæði í þeim.

Halldór Þorbjörnsson, Unnsteinn Beck."

Hv. frsm. skýrði aðalefni í umsögnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, en allir þessir aðilar mæla gegn því, að stofnaður sé sérstakur dómstóll. Jákvæðar eru svo umsagnir frá Rauðsokkum, Aðstöðunefnd kvenna, og umsögn Kvenréttindafélags Íslands bendir á ýmsar breytingar, sem hafi verið teknar til greina af hv. n., en að öðru leyti taka þau samtök ekki afstöðu til, hvort æskilegt sé að hafa sérstakan dómstól eða ekki, enda er það aðalatriði, að hægt sé að fá úr þessum málum skorið, og því er ég sammála. Hitt er annað mál, að við megum ekki haga afgreiðslu máls hér svo, að kastað sé inn í dómstólakerfi landsins nýjum dómstóli, án þess að athugað sé vandlega, í hverju fólgin eru andmæli fulltrúa íslenzkra dómara. Ég veit, að tilgangur flm. þessa máls er fyrst og fremst að gera launajafnrétti karla og kvenna virkara en það er. Þá viðleitni styð ég af heilum hug, og að því beinast þær brtt., sem ég hef hugsað mér að leggja fram við frv. Ég hafði ekki lagt þær fram fyrr í vetur,

vegna þess að ég boðaði efni þeirra strax við 1. umr. og þótti eðlilegra að bíða eftir niðurstöðu hv. n., sjá hvað af þeim till. n. kynni að hafa verið tekið til greina og síðan að móta mínar till., ef mér þætti þess þurfa, eftir þeim tillögum.

Ég vil skýra frá því, að í þeirri prentuðu dagskrá, sem borin var út til alþm. í morgun, var þetta mál ekki á dagskrá. Ég hafði hugsað mér að móta endanlega till. um réttarfarsatriði í þessu máli fyrir fundinn í dag, en þegar ég sá, að málið var ekki á dagskránni, þótti mér vitanlega ekki ástæða til þess að hafa þær endilega tilbúnar í dag, þar sem mörg önnur mál voru á dagskránni, sem einmitt heyra undir þá n., sem ég á sæti í, og taldi ég mér því skyldara að sinna undirbúningi að því er þau varðaði. Hins vegar brá svo við, er ég kom hér í sæti mitt í þingsalnum, að útbýtt hafði verið fjölritaðri dagskrá, þar sem mál þetta hafði verið tekið á dagskrá. Ég hef að vísu fengið skýringar á því, af hverju það var, og finnst þær mjög skiljanlegar, en ég vil aðeins segja þetta til skýringar því, að ég hef ekki þegar prentaðar brtt. mínar í höndum. En mér finnst eðlilegt, að ég reki aðeins efni þeirra till., og mun svo sjá til þess, að þær liggi hér fyrir prentaðar, þegar málið kemur til endanlegrar atkvgr. Þá má einnig nefna það, að það væri auðvitað ekki góð afgreiðsla að ganga til atkv. um flóknar skrifl. brtt., sem maður aðeins hefði útlistað úr ræðustóli, allra síst þegar 11 þm. eru staddir í salnum af 60.

Meginatriði flm. með þessu máli var mjög virðingarverður, sá að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu, og ég veit, að vilji hennar til að ná framkvæmd þessara mála á betra stig en nú er er einlægur. Það mætti spyrja, hvort hún e. t. v. hefði aflað sér niðurstöðu frá þeirri n., sem mun hafa verið skipuð eftir þáltill., sem samþ. var hér á Alþ. í fyrra, um athugun á jafnrétti þegnanna og átti m. a. að kynna sér þetta mál. En mér er ljóst, að það mun ekki þýða að spyrja um það atriði, því að eftir upplýsingum, sem ég hef aflað mér, þá hafði sú n. a. m. k. til skamms tíma ekki einu sinni komið saman. Þetta sýnir, hver alvara hefur legið á bak við þá till., sem hv. núv. heilbr.- og trmrh. flutti hér í fyrra um rannsókn á jafnrétti þegnanna í þjóðfélaginu og átti m. a. að fela í sér rannsókn á jafnrétti karla og kvenna. Málum er þannig farið, að allir fulltrúar voru tilnefndir og skipaðir í n. í sumar, en hún hefur ekki starfað enn eða a. m. k. ekki fyrir mjög skömmum tíma, er ég vissi til þess, að hún hafði ekki komið saman.

Hitt er annað mál, að þótt efndir sumra þm. séu ekki meira í samræmi við orð þeirra en þetta, þá veit ég, að tilgangur flm. þessa máls er fullkomlega einlægur. Ég vil leyfa mér að setja fram nokkrar hugleiðingar um það, hvers árangurs megi vænta, ef upprunalega frv. er breytt á þann hátt, sem hv. allshn. hefur lagt til á þskj. 573, og það síðan samþ. sem lög svo breytt. Það er lagt til, að heiti frv. sé breytt og það kallist frv. til l. um jafnlaunaráð í stað frv. til l. um jafnlaunadóm. Með þessu er að vísu dregið úr hættu á því, að vandasöm úrlausnarefni um valdmörk dómstóla og eðli dómsvalds komi til með að flækja störf þessarar stofnunar, sem lagt er til að sett verði á fót, og stefnir þessi breyting því í rétta átt um leið og hún undirstrikar, hver gerbreyting hefur átt sér stað á frv.

Það hefur einnig verið breytt fleiri atriðum, en ekki breytt um eðli stofnunarinnar. Hún er að nokkru leyti eftir frv. enn þá dómstóll, þótt hún eigi núna eftir breytinguna að heita jafnlaunaráð. 2. gr. frv. hefur einnig verið breytt með því að auka inn orðunum „skipunar í starf". Í henni felst almenn regla og yfirlýsing, sem aðrar greinar frv. eiga að gera virka og framkvæmanlega.

Í grg. frv. var vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá des. 1966, en þann samning hefur Ísland undirritað, en ekki fullgilt. Þar er líka vikið að tveimur samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem Ísland hefur fullgilt, og þar eru nefnd lög um jöfn laun karla og kvenna frá 1961, og þessar ákvarðanir fela í sér þær reglur, sem hafa ber til hliðsjónar við ákvarðanir og úrskurði jafnlaunaráðs.

Í 3. gr. frv. hefur n. lagt til þá meginbreytingu, að jafnlaunaráð komi í stað jafnlaunadóms. Í sjálfu sér horfir þessi breyting til bóta, en ég mun láta nægja að benda á, að í 2. mgr. er haldið því ákvæði hins upprunalega frv., að málsmeðferð fyrir jafnlaunaráði skuli lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 frá 1936, að því leyti sem við verður komið. Reglur einkamálalaganna miðast við það, sem mætti kalla ágreiningsréttarfar, þar sem tveir eða fleiri aðilar, sem eru á öndverðum meiði, leggja mál sitt undir úrskurð dómstóls og búa sjálfir í hendur hans, hvaða atvik skuli tekin til meðferðar, og hafa að mestu forræði að allri málsmeðferðinni. Ef athuguð er till. hv. allshn. um 4. gr., þar sem verkefni jafnlaunaráðs eru talin upp, kemur fram, að það sjálft á að hafa frumkvæði að því að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, eiga frumkvæði að því að stuðla að góðri samvinnu við atvinnurekendur og stéttarfélög og rannsaka af sjálfsdáðum misrétti í kjaramálum og vera til ráðgjafar um sitt svið. Hér er um mjög mikilvæg verkefni að ræða að mínu mati, en við starf að þeim má segja að reglur einkamálalaganna komi mjög lítið til greina. Hins vegar gæti það betur átt við um meðferð kærumálanna, sem um ræðir í 5. og 6. tölul. till. allshn. um nýja 4. gr. frv. Hvergi er í till. n. eða hinu upprunalega frv. að finna neitt um starfshætti, þar sem dómstólaréttarfar á ekki við, t. d. atriði eins og það, að skylt sé að leyfa aðilum að tjá sig, áður en álit ráðsins er látið uppi. Ég tel, eins og ég kem síðar að, að meginatriðið í 5. tölul. till. um 4. gr. sé, að jafnlaunaráð fái samkv. þeim tölul. sáttahlutverk, og það verður líka að efast um, að reglur einkamálalaganna um nákvæma kröfugerð, áður en sátt er reynd, eigi þar vel við. Ég vil einnig geta þess, að 4. tölul. till. um 4. gr., sem gerir ráð fyrir rannsókn af sjálfsdáðum, er einnig með þeim hætti, að einkamálareglurnar eiga ekki við fyrr en ljóst er nægilega nákvæmlega, í hverju ágreiningsefnin eru fólgin, svo sem t. d. í hverjum af 2—3 launaflokkum, sem til greina kæmu. Launþegi ætti að vera. Ákveðin kröfugerð þarf að liggja fyrir um það eftir einkamálaréttarlögunum. En þar sem

ekki er um skyldu samkv. reglum einkamálaréttarfars að ræða fyrir þann, sem til varna ætti að taka, til þess að sinna málum, þá er í till. n. aðeins slík skylda lögð á opinberar stofnanir og viss félagssamtök. Það er ljóst, að réttarfarsvandamál gætu orðið ærið erfið í þessu sambandi, og með tilvísun til alls þessa má fullyrða, að málsmeðferð og beiting réttarfarsreglna er vandasamt úrlausnarefni hér. M. ö. o.: reglum um dómstólaréttarfar er mjög örðugt að beita um stofnun, sem er ekki að öllu leyti dómstóll. Að mínu mati hefði hv. n. þurft að kanna þetta atriði miklu nánar en gert hefur verið. Ég leyfi mér að vona, að það atriði verði tóm til að kanna á milli umr., þannig að málið geti fengið þá meðferð, að framkvæmd þess geti orðið sem allra virkust, en ég tel, að hún verði ekki nógu virk, ef málið er samþykkt í því formi, sem það liggur núna fyrir.

4. gr. frv. á eftir till. n. að breytast mikið. Í greininni er rætt um verkefni jafnlaunaráðs. Eins og ég sagði áðan, getur 4. tölul. valdið nokkrum vafa. En um 6. tölul. er það að segja, að samkv. honum er gert ráð fyrir að fela jafnlaunaráði úrskurðarvald í deilumálum, og geta slíkir úrskurðir verið jafnbindandi og ráðningarsamningar. Hér er gerð till. um, að haldið sé fyrri stefnu um að fela nýrri ríkisstofnun, sem nú heitir ekki dómur, heldur ráð, úrskurðarvald um atriði, sem ýmist geta verið svo almenns eðlis, að við eigi mat á grundvelli almennra réttarreglna, eða afmarkaður réttarágreiningur og verið dæmigert viðfangsefni fyrir almenna dómstóla. Ég vil einnig benda á það atriði, að ákvörðunin, sem till. fela í sér, um að úrskurður jafnlaunaráðs sé endanlegur og verði ekki skotið til dómstóla, getur falið í sér réttarsviptingu að sumu leyti fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og ég veit, að það er ekki tilgangur flm., að svo verði. Það getur risið sá vandi, að launþegi, sem hefur leitað réttar síns fyrir svona ráði með dómstólshlutverki, vildi ekki hlíta þeirri niðurstöðu og eftir almennum reglum ætti hann málskotsrétt til æðri dóms, en sá réttur er með frv. tekinn af honum.

Það er meginatriði umsagnar Dómarafélags Íslands að vara við því að leggja þetta tvennt, dómsvald og framkvæmdavald að þessu leyti, sem jafnlaunaráði er ætlað að hafa, undir sömu stofnun. En hv. allshn. hefur látið við það sitja að breyta nafninu úr dómi í ráð, en látið ruglinginn um hlutverk ráðsins óleiðréttan. Þó læt ég þess getið í þessu sambandi, að það er vitanlega til stórbóta, að reglum upphaflega frv. um sakaraðild t. d. er breytt.

Ég hef þegar lesið umsögn Dómarafélagsins. Ég er persónulega sammála því áliti félagsins, að réttarágreining í venjulegri merkingu þess orðs sé ekki skynsamlegt að taka úr höndum dómstóla, sérstaklega vegna þess að mjög fer vaxandi að tilnefna sérhæfða meðdómendur til setu í dómum um einstök mál. Tel ég það atriði mjög mikilsvert, bæði til að tryggja einstaklingum réttaröryggi og flýta málsmeðferð. Ég er einnig sammála því, sem fram kemur í umsögn Dómarafélagsins, að jafnlaunaráði, ef það verður sett á laggirnar, á að fela að hafa með höndum óvilhallt mat á störfum. Ég leyfi mér að vísa til umsagnarinnar um þessi atriði.

Samkv. þessu vil ég leyfa mér að beina því enn til hv. allshn., hvort ekki sé unnt að ná innan n. samkomulagi um þessi atriði og hverfa frá þeim till. um dómstólshlutverk jafnlaunaráðs, sem núna liggja fyrir í till. nefndarinnar.

Jafnlaunaráði er ætlað að hafa mörg önnur mikilsverð verkefni, sem greind eru í 4. gr. till. Ef ekki tekst innan n. að ná fullnægjandi samkomulagi um þetta, þá hafði ég hugsað mér að flytja brtt., sem hniga í þessa átt, sem ég hef nú lýst. Ég tók að vísu fram við 1. umr. þessa máls, að ég efaðist um, að það væri þörf á sérstökum lögum um jafnlaunadóm, og teldi, að sama tilgangi mætti ná með breyt. á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sérstaklega ákvæðum um félagsdóm og verkefni hans. Í nákvæmlega sömu átt hnígur umsögn Alþýðusambands Íslands. Ég vildi þó ekki flytja sérstakt frv. þessa efnis, því að ég tel aðalatriðið, að megintilgangi þessa frv. sé náð, og raunar tel ég, að það sé til mikilla bóta að fela sérstökum aðila ýmis þau verkefni, sem nú eru talin í 4. gr. brtt. allshn. Og í sambandi við þau verkefni langar mig líka að benda á eitt atriði, sem ég tel mjög koma til greina að fela jafnlaunaráði að annast og flytja sérstaka brtt. um það, en það er að láta launþegum í té ókeypis lögfræðilegar upplýsingar um réttarstöðu þeirra á þessu sviði, sem lögin fjalla um. Ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá konum, sem mikið hafa starfað í launþegasamtökunum, að einn meginvandinn á þessu sviði sé oft fólginn í því, að konan, sem er launþegi og telur sig misrétti beitta og er það í mörgum tilvikum, viti ekki nægilega vel, til hvaða aðila hún eigi að snúa sér með sín mál, — hún eigi að geta snúið sér til einhvers, sem gæfi henni hlutlægar upplýsingar henni að kostnaðarlausu um, hvaða úrræðum hún ætti kost á, hver réttur hennar væri í einstöku tilviki. Mundi slíkt fyrirkomulag að mínu mati spara mörgum mikla fyrirhöfn og málavafstur og leiðindi. Það er lítið um réttarhjálp af þessu tagi á landi okkar, en ég tel, að full þörf sé fyrir hana, ekki síst á þessu sviði, og tilvalið verkefni fyrir jafnlaunaráð að sjá fyrir slíkri upplýsingaþjónustu. Ég mun bera fram sérstaka brtt., sem lýtur að þessu.

Enn fremur þarf í sambandi við hlutverk ráðsins að umorða 6. tölul. 4. gr. þannig, að úr honum verði numið dómstólshlutverkið, en aftur á móti formuð till. um sáttahlutverk jafnlaunaráðs og því beri með fortölum og viðtölum við vinnuveitendur að stuðla að launajafnrétti í framkvæmd, fyrst og fremst með sáttaumleitunum. Ég tel, að einmitt það hlutverk sé mjög mikils virði. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á starf n., þótt talsvert ólík sé og annars staðar á hnettinum, en það er mannréttindanefnd í Bandaríkjunum. Hún hefur að nokkru leyti svona blandað hlutverk. En í ljós hefur komið af hennar skýrslum, að langáhrifamestu verkefnin, sem sú n. vinnur að, eru einmitt og í yfirgnæfandi meiri hluta mála sáttahlutverk. Enn má benda á það vald, sem jafnlaunaráði er fengið með þessu frv. til þess að kanna af sjálfsdáðum hver brögð kunni að vera að launamisrétti. Það er ekki alveg

skilgreint, með hvaða ráðum megi beita þessu valdi, og viss hætta er á því, að skapazt geti vandamál út af ágreiningi um það, hvort jafnlaunaráð hafi í störfum sínum farið út fyrir valdmörk sín. Þá kemur í ljós enn ein röksemdin fyrir því, að mjög óeðlilegt er að fela þessu sama ráði dómsvald um það, hvort það sjálft hefur brotið þessi lög. Eftir frv. á jafnlaunaráð að skera úr um ágreining varðandi lög þessi. En lög þessi fjalla m. a. um verkefni og aðferðir jafnlaunaráðs, og ef ágreiningurinn beinist gegn því sjálfu, þá er það vitanlega hér sem víða annars staðar, að þar sannast sá gamli málsháttur, að enginn sé dómari í sjálfs sín sök. Þennan galla þarf sannarlega að leiðrétta.

Ég mun svo gera till. um nýja grein frv., sem fjalli um það, að um réttarágreining um skilning á þessum lögum eða kærur um brot á þessum lögum verði dæmt í félagsdómi.

Þá vil ég geta þess, að ein þeirra brtt., sem ég hef mjög hugleitt, er, að af 5 aðilum jafnlaunaráðs skyldu tveir vera konur og það bundið í lögum. Mér hafði dottið í hug, að við yrðum að tryggja, að mismunun vegna kynferðis yrði a. m. k. ekki í skipun ráðsins. En ég verð að segja, að ég er sammála þeim röksemdum hv. flm., sem komu hér fram varðandi þetta atriði. Ég tel það eðli málsins samkvæmt, að í þetta ráð verði að einhverju leyti skipaðar konur, og þá röksemd einnig, að þar sem hverjum aðila er ætlað að tilnefna einn, sé þar allharkalega að farið að binda það í lögum, að tveir skuli vera konur, sem sagt, reynslan verði að skera úr um þetta atriði. En önnur atriði, sem ég hef þegar rætt í frv., tel ég þurfa nauðsynlegrar leiðréttingar við og ekki sé unnt að bíða eftir reynslunni með að leiðrétta þau, því að ég tel, að þau liggi í augum uppi.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, enda eru þau nú orðin nokkur. En ég hef það mér til málsbóta í því sambandi, að ég tel þetta mál vissulega mjög mikilsvert. Og ég vil segja það, að nái brtt. mínar, sem hér mun verða útbýtt, væntanlega áður en atkvgr. fer fram eftir þessa umr., fram að ganga, þá mun ég gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að flýta fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga, og þar með að hjálpa til að gera þá tilraun, sem í þessu felst, til þess að gera virkt launajafnrétti og jafnrétti kynjanna til starfa yfirleitt í framkvæmd.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Við höfum oft orðið vitni að því hér í þingsölunum í vetur, hve hv. 12. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, hefur verið iðin við að gagnrýna vinnubrögð annarra þm. og gagnrýna nefndarvinnu yfirleitt. Nú telur hún sig ekki reiðubúna að leggja fram brtt., sem hún hefur boðað. Hún telur sig ekki reiðubúna að leggja þær fram við þessa umr. og telur það nægilega afsökun, að prentvilla var í dagskrá Alþ. í morgun á þann veg, að jafnlaunadómur hafði fallið þar út af dagskrá. Ég vil hins vegar benda á það, að jafnlaunadómur var á dagskrá s. l. miðvikudag, en vegna tímaleysis varð ekki komizt svo langt í dagskránni, og ég vil því spyrja hv. 12. þm. Reykv., hvað í ósköpunum hún hefði gert á miðvikudaginn. Ég tel hana enga afsökun hafa nú fyrir því að tefja fyrir afgreiðslu mála í þingsölum, auk þess sem frv. var lagt fram í nóv. s. l., þannig að þeir þm., sem áhuga hafa á, hafa haft nægilegan tíma til þess að móta brtt. í tæka tíð.

Hv. 12. þm. Reykv. talaði langt mál, og má raunar segja, að hún hafi unnið aðdáunarvert nefndarstarf hér í ræðustól alein, þar sem hún las a. m. k. eina umsögn orðrétta og talsvert úr öðrum, þannig að ég treysti því, að hún verði þá orðin það vel kunnug málinu, að við fáum að sjá brtt. hennar á prenti, áður en málið kemur til atkvgr.

Mér þótti ræða hv. þm. heldur mótsagnakennd. Í öðru orðinu talaði hún um, að hér væri um alveg nýtt frv. að ræða og þess vegna væri í raun og veru óforsvaranlegt, að n. legði þetta fram sem brtt. Í hinu orðinu talaði hún um, að hér hefði ekki orðið á nein eðlisbreyting og einmitt þess vegna yrði hún að koma með brtt. Ég vil benda á, að það er ekkert einsdæmi, að brtt. komi fram við margar gr. frv. Ég minni á íþróttakennaraskólafrv., sem var hér til afgreiðslu fyrir örfáum dögum og tók algerum stakkaskiptum, og hv. 12. þm. Reykv. hreyfði engum mótmælum þá.

Það er raunar alveg rétt hjá henni, að eðli frv. er óbreytt að því leyti, að þetta jafnlaunaráð getur skorið úr ágreiningsmálum um vinnusamning, og ég heyrði ekki betur, þegar hún las upp úr umsögn Kvenréttindafélagsins hér áðan, en hún lýsti sig algerlega sammála því, að nauðsynlegt væri að fá skorið úr þessum málum. Að öðru leyti býst ég ekki við, að hún geti ætlazt til þess, að ég taki afstöðu til hvers einasta atriðis, sem hún taldi hér upp í langri ræðu, þar sem hún hefur ekki getað kynnt sér nál. allshn., sem hér hefur legið alla vikuna, eða síðan á þriðjudag. En eitt atriði vil ég þó benda á og leggja mikla áherzlu á. Hv. 12. þm. Reykv. sagði, að jafnlaunaráð ætti ekki að geta dæmt í sjálfs sín sök. Það hefur heldur ekkert vald til þess samkv. frv. Það hefur mjög svipað valdsvið og barnaverndarráð. Í þeim málum, sem það úrskurðar um, er úrskurður þess fullnaðarúrskurður, en leiki grunur á, að ráðið hafi ekki farið að lögum, verður þeim réttarágreiningi vitaskuld vísað til dómstóla.

Herra forseti. Það er vissulega leitt að hafa ekki brtt. hv. 12. þm. Reykv. hér á borðum. Ég lít svo á, að úr því að hún hefur ætlað sér að flytja brtt., þá hefði hún átt að vera komin með þær fyrir daginn í dag allavega, þar sem málið var á dagskrá þegar s. l. miðvikudag. (**RH:** Af hverju kom nál. ekki fyrr?) N. var að bíða eftir, hvernig svipuðu máli reiddi af í norska Stórþinginu, og ég tel það fyllilega eðlilega meðferð mála. En kannske finnst hv. 12. þm. Reykv., að það eigi ekki að taka tillit til þess, hvernig aðrar þjóðir hafa farið að. Ég vil einnig taka það fram, eins og ég raunar gerði í ræðu minni áðan, að umsagnaraðilar voru mjög lengi að svara, og mér þótti eðlilegt, að við afgreiðslu stórmáls á borð við þetta væri beðið eftir því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 573, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 573, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 573, 3 (ný 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
— 573, 4 (ný 4. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 573, 5 (ný 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 573, 6 (ný 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 573, 7 (ný fyrirsögn) samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv., undir fyrirsögninni:

Frv. til l. um jafnlaunaráð.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 645, 648, 650).

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð vegna framkominna brtt. frá hv. 12. þm. Reykv., sem liggja hér fyrir á þskj. 650.

Aðalefni þessara brtt. varðar það, að kærum út af brotum á lögunum, sem frv. fjallar um, verði vísað til félagsdóms, en jafnlaunaráði sjálfu ekki gefið það vald að hafa úrskurð í ágreiningsmálum um ráðningarsamninga. Ég hef tvennt við þessa skipan mála að athuga og ég tel þessi atriði það mikilvæg, að ég vil gjarnan ræða þau hér.

Í fyrsta lagi er grundvallarmunur á félagsdómi og jafnlaunaráði, eins og það er hugsað. Félagsdómur fjallar um ágreining um kjarasamninga. Þau ágreiningsmál, sem jafnlaunaráði er ætlað að fjalla um, eru ágreiningsmál um persónulega ráðningarsamninga. Mér skilst, að hv. 12. þm. Reykv. vilji, að þessum málum sé skotið til félagsdóms á grundvelli 44. gr., þar sem fjallað er um verkefni félagsdóms. En þar segir, að félagsdómur geti dæmt í öðrum málum en um vinnusamninga milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu a. m. k. þrír af dómendunum því meðmæltir. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hér er við nokkuð ramman reip að draga fyrir þá konu, sem ætlar að skjóta máli sínu til félagsdóms. Það þurfa a. m. k. 4 aðilar að samþykkja það, að málið sé lagt fyrir, þ. e. a. s. 3 af dómendunum og svo sá aðili, sem kæran beinist gegn. Að mínum dómi er harla þröngt það nálarauga réttlætis, sem hv. 12. þm. Reykv. ætlar konum að komast í gegnum.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að í umsögnum tveggja aðila, sem fengu þetta mál til meðferðar, Kvenréttindafélagsins og Rauðsokkahreyfingarinnar, var mælzt til þess, að það yrði bundið í lögum, að konur ættu aðild að eða yrðu skipaðar í jafnlaunaráð eða jafnlaunadóm, eins og það hét, þegar þeim var sent frv. til umsagnar. Eins og ég rakti í ræðu við 2. umr. þessa máls, þótti ekki fært að binda þetta í lögum, en því er treyst, að eðli málsins samkvæmt sé nánast óhugsandi annað en konur séu skipaðar í ráðið. Félagsdómur hins vegar á sér langa hefðbundna sögu. Ég hef kynnt mér það, að það hefur aldrei í sögu félagsdóms komið fyrir, að kona hafi verið skipuð í dóminn, og jafnvel þó að félagsdómi yrði falið þetta verkefni, sem hér um ræðir, sem hliðarverkefni, þá er mjög ólíklegt, að hér yrði breyting á. Það væri hugsanlegt, ef gert yrði ráð fyrir dómaraskiptum, að þar kæmi ein kona, en ég fæ ekki séð, að brtt. hv. 12. þm. Reykv. geri ráð fyrir slíku fyrirkomulagi mála.

Þetta eru þau tvö atriði, sem ég tel svo mikilvæg, að ég sá ástæðu til þess að kveðja mér hér hljóðs og lýsa mig andvíga þessum brtt. Ég tel verr farið en heima setið, ef á að gera konum það að skyldu að sækja til félagsdóms gegnum 4 aðila, áður en þær fá samþykkt, hvort málið verði tekið fyrir eða ekki. Ég hygg, að þegar hv. 12. þm. Reykv. hugar nánar að þessum málum, muni hún sjá, að hér er um grundvallarmisskilning að ræða af hennar hálfu, og ég trúi ekki fyrr en á reynir, að hún haldi það stíft við brtt. þessa efnis, að það ráði úrslitum í afstöðu hennar.

Ég vil einnig benda á, að misrétti tekur á sig margs konar myndir. Það er ekki einvörðungu um það að ræða, hvort konu hefur verið skipað í réttan launaflokk, ef svo má orða það. Misréttið kemur oft fram í því, að konu er á ýmsum forsendum meinuð aðild að lífeyrissjóði, forsendum, sem gilda einhverra hluta vegna ekki fyrir karlmenn. Þetta varðar líka skipun í starf. Úrlausnarefnin geta verið mjög fjölþætt og vandasöm, og ég hygg, að engin stofnun nema sú, sem er sérstaklega sett á fót í því skyni að gera verulegt átak til að uppræta misrétti á öllum sviðum, þar sem það birtist á vinnustað, geti raunverulega náð árangri.

Ég hef áður bent á þann áhrifamátt, sem þessi stofnun mundi hafa með tilveru sinni einni saman. En ef farin væri sú leið, sem hv. 12. þm. leggur til, að farin verði, þá er ég hrædd um, að mörgum þætti árangurinn lítill.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hafði s. l. föstudag við 2. umr. þessa máls gert allnákvæma grein fyrir efni þeirra brtt., sem hér liggja nú fyrir á þskj. 650. Brtt. mínar voru í samræmi við ábendingar frá samtökum þeim, sem sitja báðum megin borðsins við samninga vinnumarkaðarins. Þær eru í samræmi við ábendingar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambands Íslands og auk þess algerlega í samræmi við ábendingar Dómarafélags Íslands.

Það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, að það er ekki hyggileg aðferð til þess að leysa kjaramál að ganga gegn ábendingum þeirra aðila, sem semja á vinnumarkaðinum. Ég held hins vegar, að það sé hægt að ná þeim tilgangi, sem fyrir flm. vakir, með því að gera mögulegt að um þau mál, sem hér er sérstaklega um að ræða, vandamál, sem rísa út af því, að jafnrétti karla og kvenna sé sniðgengið í kjaramálum, sé fjallað af þar til bærum dómi, og brtt. mínar ganga í þá átt að gera þær breytingar á starfsemi félagsdóms, að hann geti um þessi mál fjallað.

Ég hafði satt að segja talið, að ég hefði þegar gert fullnægjandi efnislega grein fyrir þessum brtt. En það kom fram í litlu atriði, sem hv. 4.

landsk. þm. sagði hér áðan, reginmisskilningur. Hann kom fram í því, að hv. þm. vísaði hér í 3. mgr. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þeirrar greinar, sem fjallar um verkefni félagsdóms. Ég vek athygli á því, að þessi brtt. miðar einmitt að því að fella nýtt verkefni undir félagsdóm. Ég vísa einmitt ekki í þessa 44. gr. Það er misskilningur. Ég vísa í 45. gr. 44. gr. fjallar um verkefni félagsdóms, eins og það er núna tilgreint í þessum lögum. Í öðrum lögum hefur félagsdómi einnig bætzt verkefni. Það er í lögum um kjaradóm. Þar er sérstaklega tilskilið, að réttarágreiningur út af þeim lögum skuli útkljáður í félagsdómi. Það er algerlega hliðstætt, sem hér er á ferðinni, að réttarágreiningur út af þessum lögum, sem við erum hér að ræða, verði einnig útkljáður í félagsdómi. Það er um að ræða, að félagsdómi sé fengið með þessum lögum nýtt verkefni. Þetta er mjög nauðsynlegt að sé ljóst.

Hv. þm. gat þess, að það gæti verið varasamt, að kona sæti ekki í félagsdómi. Ég skal ekki segja, hvort ástæða er til að vantreysta þeim dómurum, sem þar sitja, en ég vek athygli á því, að það er fullkominn möguleiki til þess, að kona sitji í félagsdómi, þegar með þessi mál er farið, því að eins og í brtt. minni segir, þá skal, ef fjallað er um mál, sem snertir félagsmann í BSRB, dómari sá, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, vikja sæti og dómari frá BSRB koma í staðinn. Mér þykir ekki ólíklegt, að þegar um svona mál væri fjallað, væri einmitt tilnefnd kona úr þeim samtökum. Og sama máli gegnir eftir minum till. um Bandalag háskólamanna. Þá vek ég athygli á því, að þetta er að mínu viti engu ótryggara en gert er ráð fyrir í þessu frv., sem við erum að ræða um. Það er ekkert, sem tryggir það, að konur séu tilnefndar í jafnlaunaráð. Það er ekkert ákvæði frv., sem gengur í þá átt, þannig að ég held, að það sé alveg jafnmikil ástæða til þess að treysta því, að ef dómaraskipti yrðu, yrði það eðli máls látið ráða, að þá kæmu konur til greina.

Ég held, að ég láti þetta nægja um þetta atriði. Ég vildi aðeins leiðrétta þennan misskilning og hef áður rakið það nákvæmlega, í hverju þessar brtt. eru fólgnar og af hverju þær eru nauðsynlegar. Ég vil aðeins ítreka eitt atriði, og það er það, sem mjög greinilega kom fram í umsögn Dómarafélags Íslands, að það er næsta fráleitt, að sami aðili hafi ýmislegt það vald, sem jafnlaunaráði er falið með þessu frv., ef samþ. verður, og einnig dómsvald um þau atriði, sem það fjallar um, því að réttarágreiningur getur hæglega risið af því, að aðili, sem í hlut á, heldur því fram, að jafnlaunaráð hafi farið yfir sín valdmörk gagnvart sér. Og ef svo þetta sama ráð á endanlegt dómsvald um það, án þess að einstaklingurinn geti snúið sér til annarra dómstóla, þá tel ég, að réttur þess einstaklings sé með þessu skertur, og ég er þess fullviss, að það er ekki meiningin. Það er fyrst og fremst þetta atriði, sem gerir það varasamt, að sami aðilinn hafi það framkvæmdavald, sem jafnlaunaráði á að fela, og svo dómsvald um eigin aðgerðir. Félagsdómur á að skera úr um réttarágreininginn. Ef um það er að ræða, að talið er, að lögin hafi verið brotin, þá er því máli vísað til félagsdóms, en ekki jafnlaunaráðs. Hins vegar held ég, að það sé mjög mikilvægt verkefni samt, sem jafnlaunaráði er ætlað, og það er að vera kannandi, ráðgefandi og sættandi aðili í þessum málum. Það er mjög mikilvægt, og önnur brtt. mín á þessu þskj. fjallar um nýtt verkefni, sem ég tel, að sé mjög nauðsynlegt að slíku ráði yrði falið, en það er að sjá þeim, sem hafa ástæðu til að ætla, að þessi lög hafi verið brotin gagnvart sér, fyrir ókeypis lögfræðilegum upplýsingum. Ég held, að hv. þm. hafi margir einhvern tíma rekið sig á það, að það er talsvert algengt, að fólki er ekki alveg ljóst, hver réttur þess er í ýmsum tilvikum, hvort það á einhvern meiri rétt en í raun hefur virzt vera og hvernig það geti þá leitað réttar síns, til hvaða aðila á að snúa sér, hvaða möguleikar eru fyrir hendi. Ég held, að það væri mjög mikið hagræði og mundi spara mörgum mikinn ama og kostnað og fyrirhöfn og leysa ýmis mál á vinnumarkaði með skjótari hætti en annars yrði, að það væri til einhver aðili, við skulum segja, að jafnlaunaráð hefði einhvern ráðgefandi mann á skrifstofu, kannske 2—3 tíma í viku eða eitthvað þvílíkt, sem konur vissu að þær gætu snúið sér til og fengið upplýsingar að þessu lútandi sér að kostnaðarlausu. Ég vona, að hv. flm. frv. um jafnlaunadóm og hv. allshn., sem gerði þessar breytingar á því frv., geti fallizt á þessa hugmynd.

Ég geri einnig þá brtt., að í stað þess töluliðar, sem fól í sér dómsverkefni jafnlaunaráðs, komi svo hljóðandi liður: „Leitast við að koma á sáttum um efni, er varða lög þessi, eftir ósk aðila, sem eiga í ágreiningi þar að lútandi.“ Ég tel, að þessi verkefni, leiðbeiningarverkefnið og sáttaverkefnið, séu mjög mikilvæg og fyllilega ástæða til þess, að sérstakur aðili hafi þau með höndum einmitt á þessu sviði. Í því sambandi kynni að geta risið spurning um það, hvort jafnlaunaráð ætti þá nauðsynlega að vera skipað á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en ég geri enga brtt. þar að lútandi. Það mætti vel hugsa sér, að ef konur í launþegasamtökunum tækju sig einhvern tíma saman og stofnuðu samtök til þess að koma áfram þessum sérstöku hagsmunamálum, þá væri mjög eðlilegt, að slík samtök hefðu eitthvert slíkt ráð starfandi á sínum vegum. En á meðan slík sérstök samtök eða sérstök n. innan launþegasamtakanna, sem hefur þessi mál með höndum, er ekki til, þá tel ég, að það geti verið til bóta að hafa jafnlaunaráð skipað á þann hátt, sem segir í þessu frv. Ég mun leggja því mitt lið, að þetta mál nái fram að ganga með þessum brtt., sem ég hef lagt hér til, og vona, að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja þær í ljósi þeirra upplýsinga, sem ég hef gefið, ekki sízt um þær umsagnir, sem fram hafa komið í málinu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég harma það, að ég skyldi ekki geta verið hér viðstaddur í hv. þd., þegar mælt var fyrir málinu, eftir að um það hafði verið fjallað í n., því að vafalaust hafa við það tækifæri komið fram meginviðhorf bæði flytjanda frv. og n., sem um það fjölluðu, og einnig þeirra manna, sem brtt. flytja nú við það. Ég skal ekki vera lang-

orður um þetta mál, en vil þó drepa á nokkur atriði varðandi það.

Ég er í hópi þeirra manna, sem vilja umfram allt geta búið svo um hnútana í íslenzkri löggjöf, og þá ekki síður, ef leiðir væru til þess með öðrum hætti en lagalega leiðin, að tryggja frekar en orðið er launajafnrétti og réttarjafnrétti kvenna móts við karla. Ég hef ósjaldan flutt frv. á Alþ. um launajafnrétti kvenna, þó að þau frv. hafi aldrei náð samþykki, en efnislega þó að síðustu á takmörkuðu sviði, þegar sett voru lög um það að tryggja launajafnrétti kvenna við ýmis störf í þjóðfélaginu, varðandi þær starfsgreinar, sem heyra undir verkalýðshreyfinguna. Löggjöf var afgreidd um það, að konur skyldu í þessum tilteknu starfsgreinum, sem í lögunum greindi, öðlast jafnrétti í launum á við karlmenn á vissu árabili, mig minnir 6 ára bili, og síðan var sett n. af hendi rn., Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands til að koma þessu launajafnrétti á í áföngum á þessu 6 ára bili. Það gerðist með góðu samkomulagi, og lögin tóku gildi á sínum rétta tíma. Um þetta varð enginn ágreiningur í framkvæmd, þó að ég ætti erfitt að sætta mig við það, að þetta réttlætismál þyrfti að búta niður í 6 hluta, þangað til það loks næði fram að ganga. Afleiðingin af þessari löggjöf er svo sú, að eftir að lögin höfðu að fullu komið til framkvæmda, hurfu úr stéttarfélagasamningum allir sértaxtar um kaup kvenna og karlataxtarnir einir stóðu eftir og laun kvenna ákváðust af þeim. Þannig er launajafnrétti að fullu komið á innan verkalýðshreyfingarinnar í þeim starfsgreinum öllum, sem lögin ákváðu, og verð ég að viðurkenna það, að fulltrúi Vinnuveitendasambandsins, sem vann með mér í þessari n. ásamt ráðuneytisstjóra í félmrn. við að móta framkvæmdina, var mjög víðsýnn og frjálslyndur í því, að jafnvel miklu fleiri nytu launajafnréttisins samkv. þessum lögum en lögin beint fyrirskipuðu.

Hvað líður svo launajafnrétti kvenna að öðru leyti? Konur í opinberri þjónustu eiga að njóta launajafnréttis, og ég held, að það sé varla hægt að búa það skýrar úr garði en með lagaákvæðinu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar segir: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“ Þetta er ámóta skýrt lagaákvæði eins og í 1. gr. frv. um jafnlaunaráð, þar sem segir: „*Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.*“ Ég sé ekki annað en þetta lagaákvæði sé jafnskýrt í gildandi lögum að því er snertir opinbera starfsmenn, konur í þjónustu hins opinbera, eins og í þessu frv.

En þá kemur að því, hvers vegna konur hafa ekki farið réttarleiðina, dómstólaleiðina til þess að heimta sinn rétt, þegar þær sem opinberir starfsmenn hafa ekki notið fullkomins launajafnréttis. Það hlýtur að byggjast á því og því einu, því að lagalegur réttur þeirra er eins skýr og ótvíræður og hann getur verið, að konur vilji líklega ekki og þá sérstaklega ekki sem konur, heldur sem launþegar, fara dómstólaleiðina. Þetta ákvæði er búið að vera í lögum síðan 1954, og ég veit ekki til, að nokkur kona hafi nokkurn tíma höfðað launajafnréttismál á grundvelli þessarar skýru lagagreinar. Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

Ég er því afskaplega hræddur um það, að þó að ný lög, eiginlega með sama lagainnihaldi, séu sett, þá verði þetta e. t. v. óvirk löggjöf. Það virðist eitthvað standa í veginum fyrir því, að þessi leið sé farin, þó að lagagrundvöllur sé fyrir hendi. Ég hef margsinnis hvatt konur til þess, þegar þær hafa sýnt fram á það, að þær væru launamisrétti beittar í opinberri þjónustu, að höfða mál og fá sér dæmdan sinn rétt, brjóta þannig brautina, taka bara eitthvert skýrasta dæmið, sem um væri að ræða, þar sem væri um nákvæmlega sama starf að ræða hjá konu og karli í þjónustu sömu stofnunar, en mismunandi laun greidd. En engin kona hefur mér vitanlega fengizt til þess að höfða slíkt mál, sem hefði þó verið sannarlega verðugt að reyna sem prófmál. Ég kemst því ekki fram hjá þessari reynslu, að skýrt lagaákvæði um þetta launajafnrétti hefur ekki verið hagnýtt, þó að það sé búið að vera í gildi allt frá árinu 1954, að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru afgreidd á Alþingi.

Það var í sambandi við húsnæðismálafrv. um daginn, sem ég vék að því, að við gerðum fullmikið að því, Íslendingar, að koma á fót stofnun á stofnun ofan og hafa tvær stofnanir, þar sem ekki þyrfti nema eina. Og ég verð að játa það, að þó að mér líki margt vel, sem er fram tekið í frv. um jafnlaunaráð, og þyki mörg atriði líkleg til að stuðla að launajafnrétti kvenna og karla í framkvæmd, þá er ég afar hræddur um, að það að setja á stofn nýjan dómstól um þetta sé tæpast lausn á málinu, og ég mundi óneitanlega fella mig betur við það, að þessi mál færu beint fyrir hina almennu íslenzku dómstóla eða þá, eins og bent hefur verið á, fyrir félagsdóm, sem á að úrskurða um skilning á samningsákvæðum og um ágreiningsmál út af launa- og kjaramálum milli vinnuveitenda, atvinnurekenda og launþega, vitanlega alveg án tillits til þess, hvort konur eða karlar eiga í hlut. Dómstóll á ekki endilega að þurfa að taka tillit til þess, hvort sá sem fyrir óréttinum verður, er karl eða kona. Við eigum að treysta það á okkar réttarfar í landinu, að þar gangi eitt yfir alla í samræmi við anda og bókstaf laganna.

Ég hallast því frekar að því, að við eigum, að svo miklu leyti sem hægt er, að reka þessi mál fyrir dómstólum, — sem hefur gengið treglega til þessa þrátt fyrir það að skýr lagastafur hafi verið fyrir hendi, a. m. k. fyrir alla opinbera starfsmenn, — við eigum að fela félagsdómi þetta mál, og brtt., sem í þá átt fer, sýnist mér vera eðlileg.

Umsagna var leitað, eins og eðlilegt var, bæði hjá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandinu og einnig hjá Dómarafélagi Íslands. Þessar umsagnir hafa vafalaust verið kynntar hér við 2. umr. og hefur það hlotið að skýra málið á ýmsan hátt. Ég hef nú séð þessar umsagnir, og það er rétt, sem hér var sagt áðan, að þær eru frekar neikvæðar allar saman. Vinnuveitendasamband Íslands mælir algerlega gegn þess-

ari sérstöku lagasetningu. Ég mundi ekki út af fyrir sig leggja mikið upp úr því, því að Vinnuveitendasambandið barðist á sínum tíma alltaf á móti launajafnrétti á þessu takmarkaða sviði gagnvart verkalýðshreyfingunni. En Alþýðusambandið gefur þá umsögn, að það telji, að dómsúrskurður um svona mál geti fallið eðlilega undir félagsdóm, mælir að öðru leyti með mörgum ákvæðum frv. um jafnlaunaráð, og að því leyti er ég alveg samþykkur miðstjórn Alþýðusambandsins, að það eru mörg af ákvæðum frv., sem eru mjög til bóta og líkleg til þess að styrkja aðstöðu kvenna til þess að heimta í sínar hendur jafnrétti í framkvæmd. Mér finnst ekki skipta máli, hvort konur eru í dómnum eða ekki, og það hvarflar ekki að mér, að karlar eigi að dæma um mál karla og konur eigi að dæma um mál kvenna. Það fyndist mér fjarstæða hin mesta, kynin eigi að treysta hvort á annars réttlætiskennd að því er það snertir, og að kljúfa dómsvaldið þannig niður, það hugnast mér ekki.

Svo að ég víki að brtt., sem hér eru fyrir, þá get ég ekki annað en látið það í ljós, að breytingin við 4. gr., viðbótin, þar sem segir að leitazt skuli við að koma á sáttum um efni, sem varðar lög þessi, eftir ósk aðila, sem eiga í ágreiningi þar að lútandi, — ég held, að þessi viðbót geti ekki vakið andspyrnu neins og vænti, að allir geti á þessa viðbót fallizt, því að það, sem ég óttast einna mest með því, að settur sé sérstakur dómstóll um þessi mál, er, að það skapi e. t. v. eitrað andrúmsloft milli launþegans og þess, sem hann vinnur hjá, ef misklíðarefni þeirra á milli eiga í sérhverju tilfelli að útkljást af dómi. Það held ég, að sé meginagnúinn á þessu og allra helzt ef þetta væri sérstakur dómur, sem um þetta fjallaði og gengi þá kannske allnærri samningsréttinum, sem á að vera frjáls fyrir báða aðila á vinnumarkaðinum, þann sem ræður mann til sín til starfa og þann sem tekur að sér þjónustu fyrir stofnun eða fyrirtæki. Þar á frjáls samningsréttur að vera sá grundvöllur, sem í þessum kjaramálum yfirleitt sé byggt á. Ég held, að dómstólaleiðin verði hreint og beint undir öllum kringumstæðum að vera neyðarúrræði, þegar ekki næst fram réttur með öðrum hætti. Ég get ekki komizt hjá að láta það í ljós, að ég er afar hræddur um, að það mundi verða heldur óþægilegt fyrir karl eða konu að vera áfram í þjónustu atvinnurekanda, eftir að hann hefði fengið kjör sín leiðrétt, ekki með samningsaðild, heldur með dómsúrskurði. Ég er afar hræddur um, að heldur kaldlegt samband yrði milli þessara annars nánu aðila.

Mér virðist líka, að brtt. á þskj. 650 við 5. gr. sé til bóta, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er í samræmi við 45. gr. laga nr. 80/1938 mál rekið af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða Bandalagi háskólamanna eða af félagi, sem er innan vébanda annars hvors þessara bandalaga, og skal þá dómari sá, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands í félagsdóm, víkja sæti í málinu. Í hans stað kemur dómari tilnefndur af BSRB, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið, eða af BHM, ef það eða félag innan þess vébanda rekur málið. Launþegi getur jafnan ákveðið að reka sjálfur mál vegna laga þessara fyrir félagsdómi."

Þó að ég telji alveg sjálfsagt, að fulltrúi frá ASÍ skipi dóminn að öllum jafnaði, þá get ég ekki annað en talið það réttmætt, að þegar málið varðar einstakling innan BSRB, þá komi maður í staðinn í dóminn, sem sé úr þeim samtökum. Það getur verið karl eða kona vissulega, og þegar BHM á hlut að máli, þá víki hinir hvorir tveggja sæti og fulltrúi frá því komi í dóminn. Þetta finnst mér vera til bóta og mundi áreiðanlega styrkja traust þessara aðila gagnvart þessum úrskurðaraðila að eiga þar fulltrúa. Ég er alveg viss um, að BHM, sem annars hefur ekki fengið samningsrétt sinn viðurkenndan almennt, þau samtök mundu telja þetta mjög til bóta, og ég held, að það rækist ekki á hagsmuni neins og geti þannig ekki vakið andspyrnu, — það væri þá helzt Alþýðusambandsins, sem ég álít, að eigi þó ekki rétt á manni undir þessum kringumstæðum. Þessar þrjár breytingar á þskj. 650 finnst mér vera til bóta, og ég mun styðja þær og tel mig ekki spilla á nokkurn hátt megintilgangi frv., eins og það nú liggur fyrir um jafnlaunaráð, heldur þvert á móti teldi, að þetta væri til þess líklegt, að mál afgreiddust meir með friði þeirra aðila, sem við eiga að búa.

Ég vék að því áðan, að ASÍ mælti á ýmsan hátt með efnisatriðum frv., en teldi, að slík mál, sem þarna væri um að ræða, gætu í einstökum tilfellum fallið undir félagsdóm, fremur en að búinn yrði til sérstakur dómstóll. BSRB tekur þó miklu fastari og ákveðnari afstöðu gegn þessu og þykist þar byggja á eigin reynslu. BSRB hafði talið, að það mundi finna lausn á sínum ýmsu vandamálum með sérstökum dómstóli, kjaradómi, en hefur nú fengið reynsluna af því og metur hana þannig, að bandalagið berjist nú fyrir afnámi dómstóla, eins og segir í umsögninni, til ákvörðunar í kjaramálum. Þetta er einasta reynslan, sem við höfum af sérstökum dómi um kjaramál, og hún virðist ekki vera góð að mati þeirra manna, sem við eiga að búa, og mælir gegn lagasetningu um dómstól, sem á að dæma um kjaramál kvenna.

Ég held, að við mættum vel við una, ef við fáum samþ. allt það, sem er í frv. um jafnlaunaráð, eins og það er nú, að fráteknu því, að þarna sé dómstóll á ferðinni. Ef við fáum það samþykkt, þá væri það til stórbóta til þess að þoka jafnrétti í málum kvenna fram með eðlilegum hætti, án þess að stofna til sárinda, ég gæti ímyndað mér vandræðaástands í ýmsum tilfellum, ef það yrði daglegt brauð, að launakjör fólks í þjónustu einstaklinga og fyrirtækja yrðu ákveðin með dómum.

Dómarafélagið segist gera aths. eingöngu frá lögfræðilegu sjónarmiði við frv., og á þá hlið ber vissulega líka að líta. Það staðnæmist þar við ýmis atriði, vill ekki blanda þessum ýmsu réttindaákvæðum frv. saman við lögfræðihlið málsins. Á einum stað í umsögn Dómarafélagsins segir, að lagasetning nægi oft ekki í launamálum. Það þykist ég líka hafa undirstrikað með tilvitnuninni í lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þar sem réttur kvenna og karla til sömu launa fyrir sömu störf og réttur til

allra embætta sé jafn, og þetta skýra lagaákvæði hefur ekki komið að gagni. Ég tel því, að Dómarafélagið hafi rétt fyrir sér, þegar það segir, að lagasetning ein nægi ekki til þess að tryggja launajafnrétti.

Dómararnir segja, að í frv. felist markmið og stefnuyfirlýsingar og það sé meginefni frv. fremur en réttarreglur. En þarna er hvort tveggja á ferðinni, og spurningin er, hvort heppilegt er að blanda þessu tvennu saman. Ég held, að markmikið og stefnuyfirlýsingin og aðferðin til þess að koma þeim fram á öðrum vettvangi en fyrir dómstólum eigi að vera meginuppistaða þessa frv., og þannig hef ég trú á, að það hafi félagslegt gildi að fá það samþykkt.

Á einum stað í umsögn Dómarafélagsins segir, að höggvið sé nærri rétti manna um frelsi til vinnusamninga. Þetta er líklegast atriðið í frv., sem kemur fram í 6. gr., þar sem segir, að dómur jafnlaunadóms í kærumáli einstaklings sé bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og verði honum ekki skotið til æðra dóms. Sama gildir um ákvörðun jafnlaunadóms um málskostnað. Jafnlaunadómur getur dæmt atvinnurekanda til greiðslu sekta í ríkissjóð vegna brota á lögum þessum. Ég held, að þarna sé höggvið of nærri hinum frjálsa samningsrétti, og ég gæti hugsað, að út af þessu gæti sprottið mikil úlfúð frá hendi þeirra manna, sem væri verið að sækja mál gegn. Til þess var vitnað áðan í umsögn Dómarafélagsins, að það teldi óhæft, að sama stofnun fjallaði um dómsmál og marga aðra efnisþætti frv. Ég hygg, að þetta gæti líka verið afar óheppilegt undir mörgum kringumstæðum og það að sækja rétt sinn fyrir dómstólum eigi ekki að blandast inn í þetta annars góða félagsmálafrv., og þeir dómstólar, sem til eru í landinu a. m. k. með breytingum í þá átt, almennir dómstólar og félagsdómur, séu nægjanlegt skjól til þess að fara í, þegar í harðbakkann slær og engar aðrar leiðir finnast til lausnar á ágreiningi um launamál. Þetta er ekkert annað en réttarkröfur um fjármál, sem þarna er um að ræða, þegar deilt er um launamál, og er þannig náskylt margvíslegum verkefnum hinna almennu dómstóla og alveg sérstaklega sérsviði félagsdóms. Dómararnir segja, að þessi jafnlaunadómur sé mjög líkur kjaradómi, og mér finnst hann koma inn á sama svið og hef áður vitnað til þeirrar reynslu, sem BSRB þykist hafa af þeirri leið í kjaramálum að láta dómstól þar skera úr. Þá leið telja þeir ekki hafa gefizt vel.

Ég hnaut um það strax, þegar ég las frv., að það væri vafasamt, hvort til þess væri ætlazt, að einstaklingarnir sjálfir, sem telja sig verða fyrir misrétti, þyrftu að höfða mál, og mér sýnist ekki, að það sé ljóst. Mér sýnist, að í frv., eins og það er, geti aðrir tekið þetta mál upp og launþegasamtök, sem þeir eigi aðild að, geti það einnig án tillits til þess, hvort einstaklingurinn óski þess eða ekki. Ég sé, að dómararnir víkja að þessu og segja, að reglur um sóknaraðild samkv. frv. séu vafasamar. Þar eiga þeir vafalaust við þetta, að það er farið út yfir þá venjulegu reglu, að aðilinn sjálfur, sem þykist misrétti beittur, verði sjálfur að höfða mál. Hér er opnuð leið til þess að aðrir geri það fyrir hann, jafnvel án þess að tekið sé fram, að hann hafi óskað þess. Þeir fara ekki stórum orðum um þetta, en segja, að reglur um sóknaraðild samkv. frv. geti verið vafasamar.

Um samninga milli launþega og atvinnurekenda fara þeir þessum orðum, að íblöndun um samninga vinnuveitenda og starfsmanna sé fráleit og fjarri réttarfarsreglum. Þarna taka þeir eiginlega dýpst í árinni, finnst mér, og má vera, að þetta sé líka allstórt atriði og þræði ekki götur venjulegra réttarfarsreglna.

Þá finna þeir að því, að refsimál megi hér höfða af einstaklingum og samtökum, og segja, að það sé réttarregla á Íslandi, að refsimál séu aðeins höfðuð af ákæruvaldinu. Þeir líta því þannig á í Dómarafélaginu, að hér sé farið inn á mjög óvenjulegar leiðir að því er snerti hina lögfræðilegu hlið málsins. Nú má vel vera, að það séu nýjar leiðir færar, og ekki skal ég slá því á nokkurn hátt föstu, að ekki megi fara aðrar leiðir en þær, sem hér séu þrautprófaðar réttarreglur fyrir. En þeim finnst þarna vera farið á ýmsan hátt inn á vafasamar brautir réttarfarslega. Hafi þeir rétt fyrir sér í þessu, hygg ég, að það væri réttara til þess að ná tilgangi sínum að kljúfa efni frv. nánast í tvennt, félagsmálalegu hliðina sér og það, sem snertir dómsmálin, sér og setja það undir þann dómstólinn, sem um slík mál fjallar í íslenzku þjóðfélagi, þ. e. a. s. samninga um kaup og kjör í landinu.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er í fyrsta lagi, að ég tel, að skýr og ákveðin lagaákvæði hafi verið fyrir hendi um langan tíma um launajafnrétti kvenna og karla í opinberri þjónustu og sá réttur til að skjóta þeim málum til dómstóla hefur aldrei, svo að ég viti, verið notaður. Sams konar ákvæði í 1. gr. frv. er því litlu líklegra til þess að verða notað. Ég tel, að frekar beri að fella þessi mál — og búa sem allra örugglegast um — undir dómstóla, sem eru til, heldur en að búa til nýjan. Ég óttast líka, að þessi mál séu svo viðkvæm, að andrúmsloft milli launþega og atvinnurekenda verði lítt þolanlegt, ef deilumálin útkljást þar með valdboði frá einni hlið. Þetta held ég, að séu meginagnúarnir á því að fara þá leið, sem þarna er þrædd. En ákvæði, sem finnst þarna í brtt. um að hafa enn opnari tilraunir til sátta, það tel ég til bóta, og að viðkomandi stéttarfélög eigi menn í dómi, þegar um þeirra mál eða þeirra félagsmanna sé að ræða, og víki þá aðrir, sem ekki eiga aðild að máli. Þessar breytingar tel ég til bóta að gera á frv.

Það á samkv. frv. að heyra undir félmrn. að framkvæma löggjöfina og setja reglugerðir til framkvæmda á henni. Ég held, að það yrði mikið vandaverk, og ég óttast því miður að ýmsu leyti, að þó að það verk færi vel úr hendi, væri vafasamt um góðan árangur af lagasetningunni að því er snertir dómsmálahliðina. Ég held því, að við eigum að hugleiða það, hvort ekki náist samkomulag um að afgreiða sem mest hina félagsmálalegu hlið, sem er áreiðanlega að mjög miklu leyti til bóta og til réttaröryggis fyrir konur samkv. þessu frv., og fella allt það, sem varðar dómsmál og dómsmeðferð, sem ætti eingöngu að koma til greina í hreinum undantekningartilfell-

um, — fella það undir verkefni félagsdóms og láta hæfa menn fella efnisatriði þessa frv. sem mest þar inn í félagsdómslögin.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hlýt að játa, að mér þykir málflutningur þeirra beggja, hæstv. félmrh. og hv. 12. þm. Reykv., að mörgu leyti harla undarlegur. Þau hafa bæði haft mörg orð um það, að dómstólaleiðin, eins og þau nefna það, — ég vil þó vekja athygli á því, að hér er ekki um dómstól að ræða, heldur ráð með úrskurðarvaldi um eitt einasta atriði, — að þessi leið muni vera viðkvæm og særandi. Þau draga nánast grátklökkar myndir upp af vinnustöðum, þar verði grátur og gnístran tanna, og þess vegna sé ómögulegt að fela jafnlaunaráði þetta hlutverk, sem því er ætlað samkv. 4. gr. Ég fæ ekki skilið, að það verði viðkvæmara eða meira særandi, þó að máli sé skotið til jafnlaunaráðs en til félagsdóms. Að því leyti hlýtur eðli málsins að vera nákvæmlega hið sama. Þau rök, að jafnlaunaráð eigi ekki að hafa þetta hlutverk, vegna þess að það mundi valda sundrung, falla því að mínu áliti um sjálf sig.

Ég er vitaskuld fyllilega sammála hæstv. félmrh. um það, að ekki eigi að hlaupa í það að kæra, og ég held, að ég hafi aldrei látið þau orð falla úr þessum ræðustól í sambandi við þetta mál, að ég teldi það sjálfsagt sem fyrsta skref. Og ég vil benda honum á 4. gr. í brtt. allshn., þar sem talin eru upp atriði, sem jafnlaunaráði ber að gera, og í 6. tölul. stendur, að ráðið skuli kveða upp úrskurð í deilumálum, er rísi út af kærum um brot á lögum þessum, ef eigi takast sættir með aðilum, en ætíð skal jafnlaunaráð leita þeirra. Ég lít svo á, að hér sé nánast um *ástarjátningu til atvinnurekenda* að ræða, og ég efast um, að til sé skýrari ástarjátning í félagsdómi. A. m. k. hef ég ekki getað fundið hana.

Annað mjög mikilvægt atriði vil ég ræða hér nánar. Það hefur komizt inn sá grundvallarmisskilningur, að jafnlaunaráð eigi að koma í stað frjálsra vinnusamninga og í stað kjaradóms. Þetta er alger misskilningur. Það sem jafnlaunaráði ber að gera, er í fyrsta lagi að skera úr um, hvort það starf, sem konan eða einstaklingurinn innir af hendi, sé í samræmi við það starfsheiti eða þann launaflokk, sem henni hefur verið skipað í, og í öðru lagi, hvort hver einstaklingur nýtur allra þeirra hlunninda og kjara, sem hinir frjálsu vinnusamningar eða kjaradómur ætlast til. Hér er um persónulega ráðningarsamninga að ræða, ekki vinnusamninga.

Það kann að vera, að ákvæðin um jafnan rétt karla og kvenna í lögum um opinbera starfsmenn séu skýr á prenti, en sá, sem hefur orðið að vinna undir þeim, hefur allt aðra reynslu. Sömu laun fyrir sömu störf geta opnað nánast ótæmandi möguleika fyrir atvinnurekendur. Ég get nefnt hæstv. félmrh. eitt dæmi. Ef kona vinnur meinatæknistörf, þá er hún kölluð meinatæknir og skipað í launaflokk eftir því. Hins vegar veit ég um einn karlmann, sem vinnur meinatæknistörf. Hann er kallaður bóluefnastjóri og er þar af leiðandi settur tveimur launaflokkum ofar. Það eru m. a. slík mál, sem jafnlaunaráði yrði falið að fjalla um.

Ég vil aðeins koma inn á umsagnir Dómarafélagsins. Ég vil benda hæstv. félmrh. á það, að mörg þau atriði, sem hann las hér áðan í ræðu sinni, eru þegar komin út úr frv. og voru tekin til greina, eins og brtt. allshn. ber með sér. Frjáls sóknaraðild er ekki lengur fyrir hendi. Hins vegar er komin inn heimild til þess að gefa jafnlaunaráði ábendingu, ef grunur leikur á um misrétti. Margt af því, sem hæstv. félmrh. sagði síðast, var raunar hér til umr. við 2. umr. málsins og er þegar orðið úrelt og fellur því um sjálft sig. Eftir sem áður stendur það óhaggað, að eigi að vísa ágreiningsmálum til félagsdóms, verður konan að fá samþykki fjögurra aðila til þess að fá mál sitt tekið upp: þriggja dómara og mótaðilans. Óðruvísi getur hún ekki fengið málið tekið fyrir. Þetta tel ég það mikinn þröskuld, að það sé varla hæfa fyrir hv. Alþ. að samþykkja þessar brtt. hv. 12. þm. Reykv., eins og þær liggja hér fyrir nú. Aðrar breytingar á félagsdómi leggur hún ekki til, að gerðar verði en þær, sem eru í 45. gr. og fjalla um skipun í dóminn. Eftir sem áður er gert ráð fyrir, að málsmeðferðin verði hin sama.

Eg óttast það ekki, að konur muni endilega rjúka til að kæra. Eg held, að su mynd, sem hæstv. félmrh. dró hér upp áðan til að sýna, hve ófusar þær væru að kæra, gefi því síður en svo tilefni til þess að ætla, að jafnlaunaráð verði vígvöllur kvenna og atvinnurekenda eða yfirmanna. Ég held hins vegar, að það, sem hann sagði um þetta, að þær væru ófúsar að kæra, ætti fremur að opna augu hans fyrir því, við hvers konar mál hér er að etja. Hann er sjálfur gamalreyndur og virtur verkalýðsforingi. Hann veit það ósköp vel, að til þess að aðili, sem er minnimáttar í þjóðfélaginu, nái rétti sínum, er ekki nægilegt að setja lög, sem kannske aðeins einhver forréttindahópur hefur tök á að nota sér. Það er ekki nægilegt að gefa út góðar viljayfirlýsingar. Það verður að afhafast eitthvað til þess að þetta fólk, sem verið er að vinna fyrir, öðlist kjark til þess að rísa upp og leita þess réttar, sem það veit, að það á. Þetta er mergurinn málsins.

Eg átti þess kost nýlega að ræða við forstöðukonu jafnlaunaráðs í Noregi. Jafnlaunaráð hefur starfað í Noregi nú um nokkurt skeið, og þeir voru að breyta því núna á þessu þingi í jafnréttisráð, til þess að það næði yfir miklu víðtækara svið. Hún sagði mér, að jafnlaunaráð hefði fengið nokkru áorkað, en ekki nægilegu, vegna þess að það hefði ekki það úrskurðarvald í málum, sem það þyrfti að hafa, það hefði ekki það vald, sem dygði til þess að fá fram raunhæfar aðgerðir. Það tekur dálítið langan tíma að breyta hugarfari heillar kynslóðar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er leiðrétting á misskilningi á misskilning ofan. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það tæki langan tíma að breyta hugarfari heillar kynslóðar. Mér virðist nú taka ærið langan tíma að leiðrétta mikinn misskilning eins hv. þm. Það var aðeins varðandi þetta atriði, hverjir gætu lagt mál fyrir félagsdóm. Hv. þm. endurtók hér, að það þyrfti samþykki fjögurra aðila til þess. Það gild-

ir, þegar aðilar semja um að leggja mál fyrir félagsdóm. Hér er ekki um það að ræða. Hér er um að ræða frv., sem á að samþykkja sem lög. Það þarf ekki um það að semja, þegar lög eru í landinu um það, að maður hafi rétt til að snúa sér til þessa og þessa dómstóls með sín mál. Þá kemur ekki til samninga um það, þá gilda þessi lög. Og í brtt. minni, ef hv. þm. hefur lesið hana í gegn, segir einmitt: „Launþegi getur jafnan ákveðið að reka sjálfur mál vegna laga þessara fyrir félagsdómi.“ Hann þarf ekki einu sinni að vera því háður, að stéttarfélag hans reki málið. Ef kona t. d., sem í hlut á, vill af einhverjum ástæðum ekki láta stéttarfélag sitt reka mál fyrir sig, getur hún ákveðið, að hún geri það sjálf eða einhver, sem hún tilnefnir fyrir sig. Það er sem sagt ekki um það að ræða, að aðilarnir semji um að reka málið fyrir félagsdómi. Það geta þeir í dag að óbreyttum lögum. Núna erum við að ræða um að setja lög, þannig að hægt sé að fá málin afgreidd fyrir félagsdómi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 4. mai, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 650,1 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, HV, IngJ, JóhH, KP, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, PB.

nei: SM, EystJ, GS, GíslG, GÞG, IG, JónasÁ, SBl, MK, ÓlJ, PP, StefG, SvJ, VH, ÁÞ, BGr, BGuðn, GilsG.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég er hlynntur meginmarkmiði þessa frv., sem hér liggur fyrir, og mælti með samþykki þess sem nm. í allshn. Eftir að n. hafði gengið frá breytingum á frv., þeim breytingum, sem nú liggja hér fyrir, komu fram brtt. á þskj. 650 frá 12. þm. Reykv., og þar sem mér sýnist, að þær brtt. gangi ekki gegn megintilgangi þessa frv., get ég greitt atkv. með þeim og segi já.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef eins og aðrir nm. í allshn. mælt með framgangi þessa frv., eins og það er nú eftir 2. umr., og mun fylgja því, en hafði hins vegar áskilið mér rétt til að bera fram eina brtt., sem ég hef flutt við síðustu gr. frv. Mér sýnist nú, að brtt. við 1. tölul. eða efni þeirra á þskj. 650 felist að verulegu leyti í 4. gr. frv., eins og þær eru, og tel því ekki þörf á að samþykkja þær sérstaklega. Ég segi nei.

Brtt. 650,2 samþ. með 18:16 atkv.

— 650,3 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, HV, IngJ, JóhH, KP, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, PB, BP, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG.

nei: GÞG, IG, JónasÁ, SBl, MK, ÓlJ, PP, StefG, SvJ, VH, ÁÞ, BGr, BGuðn, SM, EystJ, GS, GíslG, GilsG.

4 þm. (HES, JSk, SV, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 648 samþ. með 15:9 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., 5. mai, var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 694).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja nú við 1. umr. um þetta mál. Það hefur hlotið nokkuð óvenjulega meðferð í hv. Nd. Alþ., þegar við 2. umr. málsins var breytt öllum greinum frv. með tölu, þannig að það má að vissu leyti segja, að það sé nýtt frv., sem hafi legið fyrir eftir það, og jafnframt var fyrirsögn frv. breytt. Persónulega tel ég, að þær breytingar hafi verið til góðs, þó að lengra hefði þurft að ganga. En ég kveð mér nú hljóðs aðallega til þess að vekja athygli á einu atriði, sem má kannske segja, að sé óþarfi, því að það liggur svo í augum uppi, en á frv., eins og það kemur frá Nd., eru slíkir formgallar, að það er útilokað, að þingið geti afgreitt frv. frá sér í því formi.

Eins og menn sjá, er á þskj. 694 eftir 3. umr. í Nd. 5. gr. frv. orðuð eins og þar segir, þ. e. a. s. að félagsdómur skuli dæma í málum vegna brota á lögunum. Hins vegar segir í 4. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, 6. tölul., að jafnlaunaráð, eins og það nú heitir, skuli kveða upp úrskurð í deilumálum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum. Þetta tvennt getur auðvitað ekki staðizt. Ég skal þegar taka það fram, að ég tel þá brevt., sem gerð var á frv. í Nd., að leggja úrskurðarvald um brot á lögunum undir félagsdóm, hafa verið rétta og æskilega. Það er vert að geta þess, sem kom fram í umr. um málið í Nd., en þar, í allshn. hv. Nd., var frv. sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust m. a. umsagnir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, að allir þeir aðilar mæltu gegn því, að það yrði stofnaður sérstakur dómstóll til að fjalla um þessi mál. Ég ætla, að bæði í umsögn Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins jafnvel — þó er ég ekki alveg viss um það — hafi verið talið eðlilegt, að þau féllu undir félagsdóm.

Ég vildi sem sé vekja athygli á þessu ósamræmi í frv., eins og það liggur fyrir eftir meðferð þess í Nd. Að sjálfsögðu mun sú n., sem það tekur til athugunar hér, taka afstöðu til þess, hvaða lagfæringar verði á frv. gerðar, svo að a. m. k. séu ekki á því formgallar.

Það er eitt atriði, sem ég vildi aðeins nefna líka í þessu sambandi, og það er um, hvernig háttað er þessum málum á Norðurlöndunum. Ég er því ekki svo kunnug, að ég geti neitt um það fullyrt. Ég veit ekki, hvort fyrir allshn. Nd. hafi legið neinar skjalfestar upplýsingar um það, en ég hlýt að segja, að ég teldi eðlilegt, að sú n., sem fær málið til athugunar, aflaði sér gagna um það, og ég býst við því, að það mundi geta orðið n. nokkuð til leiðbeiningar um afgreiðslu á málinu, því að þar munu vera til, að ég ætla,

einhver lagaákvæði um þessi efni. Væri ugglaust fróðlegt að fá að vita, hvernig málum þessum er skipað í nágrannalöndum okkar.

Ég vil svo að endingu taka það fram, að sú grundvallarhugsun, sem lá að baki þessa frv., þegar það var flutt, held ég að hljóti að eiga hljómgrunn hjá okkur öllum alþm., og ég tel vissulega mikilsvert, að þetta mál verði afgreitt á þann hátt, að það megi búast við, að það verði „effektívt", en ekki haldið neinum þeim öfgum, sem geti fljótlega leitt til þess, að farið sé í kringum ákvæði slíkra laga, því að það skilst mér, að geti verið ákaflega auðvelt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 694, n. 830, 829, 831).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. KP).

Á 10. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [64. mál] (þmfrv., A. 69).

Á 11. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um breyt. á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og er svo hljóðandi:

„1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Félmrn. annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkv. ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess. ¾ hlutum landsútsvara ásamt söluskatti, samkv. 16. gr. a, skal skipt á milli sveitarfélaganna þannig, að fyrst skal úthluta til hvers sveitarfélags fé, er svari til þess, sem útsvör þess verða lægri en þau ella hefðu orðið vegna sérstaks frádráttar sjómanna samkv. 14. gr. laga um tekju- og eignarskatt."

Ég tel ástæðulaust að lesa meira úr þessu frv. hvað þetta efni varðar, en vil víkja að því nokkrum orðum.

Frv. þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi lögum, að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði skylt að bæta hinum ýmsu sveitarfélögum þann tekjumissi, er þau verða fyrir vegna sérstaks frádráttar sjómanna samkv. 14. gr. laga um tekju- og eignarskatt.

Í grg., sem frv. fylgir, er gerð grein fyrir þeirri mismunandi aðstöðu, sem hin ýmsu sveitarfélög hafa gagnvart tekjustofnum eftir því, hvort þau eru með sjómenn sem stóran hluta gjaldenda eða ekki. Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi gert sér ljóst, hversu geysilegt misræmi er hér um að ræða í þessum efnum milli hinna ýmsu sveitarfélaga og misræmi, sem felst í því, að sveitarfélög, sem byggja tekjustofna sína að miklu leyti á gjöldum sjómanna, missa tekjur sem skipta hundruðum þús. eða millj. kr. árlega hjá hverju sveitarfélagi. Þetta gerist á sama tíma og önnur sveitar- og bæjarfélög, er hafa aðrar starfsstéttir sem gjaldendur, halda öllum sínum tekjustofnum að fullu.

Ég vænti þess, að hv. þm. séu mér sammála um það, að slík tekjumismunun milli hinna ýmsu sveitarfélaga sé óæskileg og beinlínis óviðunandi og því beri löggjafarvaldinu að afnema slíkt ranglæti. Hvaða rök mæla með því, að þjóð, sem byggir tilveru sína að langmestu leyti á fiskveiðum, hegni þeim sveitarfélögum, þar sem slíkur undirstöðuatvinnurekstur er stundaður? Ég tel, að engin rök mæli með slíkri mismunun og því beri að afnema þetta, og því fyrr því betra.

Frv. það, sem hér er til umr., er flutt vegna fenginnar reynslu, og sem dæmi um þessa reynslu vil ég leyfa mér að benda hv. þdm. á þá staðreynd, að í sjávarþorpi eins og t. d. í Bolungarvík, sem hefur um 1000 íbúa og nokkuð stór hluti gjaldenda sveitarsjóðs eru sjómenn, þá er tekjumissir þessa sjávarþorps vegna sjómannafrádráttar hvorki meira né minna en 1.6 millj. kr. á síðasta álagningarári, þ. e. a. s. sem svarar 1600 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins. Ef við tækjum aftur samanburð í öðru tilfelli, á Reykjavíkurborg, og gerðum ráð fyrir, að líkt væri ástatt í þessum málum hér í höfuðborginni, og miðuðum að sjálfsögðu við mannfjölda, þá væri þarna um að ræða tekjustofn hjá Reykjavíkurborg upp á ca. 128 millj. kr., sem höfuðborgin missti vegna gildandi laga í þessu efni.

Rétt er í framhaldi af þessu að hugleiða, hvort líklegt sé, að höfuðborgin missi eitthvað í líkingu við þær tölur, sem ég nefndi, vegna þeirra laga, sem í gildi eru. Ég held, að það sé aðeins brot af nefndri upphæð, sem borgarsjóður missir vegna þessa. Það, að ég nefni Bolungarvík sem dæmi, er vegna þess að ég þekki þar bezt til, en fjöldi annarra sjávarþorpa er álíka illa og kannske verr settur hvað þetta atriði varðar. Það eru líka margir aðrir staðir en höfuðborgin, sem verða fyrir litilli eða engri tekjuskerðingu vegna lagaákvæðisins um frádrátt sjómanna. En það er einmitt þetta misrétti, sem frv. gerir ráð fyrir að leiðrétt verði, misrétti, sem ég tel til vansæmdar fyrir þjóð, sem byggir svo að segja allt sitt á sjávarútvegi og sjósókn, þeim atvinnuvegi, sem skapar Íslandi þann auð, sem svo að segja allt annað byggist á.

Ég vil taka sérstaklega fram, að með frv. er ekki verið að amast við þeim skattfríðindum, sem sjómenn nú njóta. Það er síður en svo. Það er skoðun mín, að sé einhver stétt þjóðarinnar verðug slíkra fríðinda, þá sé það sjómannastéttin. Hins vegar tel ég óeðlilegt, að sjávarþorpum sé gert skylt að bera þann tekjumissi, sem af

slíkum fríðindum leiðir, heldur sé það þjóðin í heild, sem þann mismun eigi að bæta.

Ég vil í framhaldi af áður sögðu geta þess, að á þingi Fjórðungssambands Vestfjarða á s. l. hausti var samþ. einróma ályktun þess efnis, að skora á Alþ. að breyta téðum lögum á þann veg, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég vil svo að loknu þessu vona, að hv. þm. sjái sér fært að styðja þetta frv. og veita því brautargengi. Það eitt er víst, að eftir því mun verða tekið, hvaða afgreiðslu þetta mál fær hér í þinginu, og af þeirri afgreiðslu munu verða dregnar ályktanir um, hversu mikill hugur fylgir máli í sambandi við allt tal um jafnrétti öllum þegnum þessa þjóðfélags til handa án tillits til búsetu.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að reglum um skiptingu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði breytt, að því er tekur til landsútsvara og söluskatts. Hv. flm. leggur til, að áfram standi sú regla, að fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, komi í hlut þess. Hins vegar gerir flm. ráð fyrir, að ¾ hlutum landsútsvara ásamt söluskatti, samkv. 16. gr. tekjustofnalaga a-lið, skuli skipt á milli sveitarfélaganna þannig, eins og segir í frv., að fyrst skuli úthlutað til hvers sveitarfélags fé, er svari til þess, sem útsvör verða lægri en þau ella hefðu orðið vegna sérstaks frádráttar sjómanna samkv. 14. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Því, sem þá verður eftir, skuli síðan skipta milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, og síðan greinin óbreytt. Breytingin er því sú, að fyrst skuli úthlutað úr sjóðnum til þeirra sveitarfélaga, sem hafa sjómenn meðal sinna íbúa, og þau munu vera nokkuð mörg.

Það, sem kemur mér til að standa hér upp, er sá vafi, sem mér þykir leika á því, hvort hér sé farið inn á rétta braut. Ég tek hins vegar skýrt fram, að ég er ekki í neinum vafa um nauðsyn þess, að réttur verði hlutur sjómanna. Einn þátturinn í þeirri viðleitni er ívilnun í greiðslum opinberra gjalda, og liggja nú fyrir hinu háa Alþ. tvö frv., sem ganga í þá átt. Skattfríðindi til handa sjómönnum hefur löggjafarvaldið fyrir löngu viðurkennt, en almennt er líka viðurkennt, að ekki sé nóg að gert og því muni ganga erfiðlega að manna bátaflotann. Hér verður því að finna færa leið.

Með frv. þessu, sem hér er til umr., er lagt til, að hinn sérstaki sjómannafrádráttur verði borinn af þjóðarheildinni án tillits til atvinnuskiptingar í hverju sveitarfélagi, eins og segir í grg. með frv. Á þessa skoðun fellst ég. Hins vegar bendi ég á, að tekjustofna sveitarfélaganna má ekki skerða. Jöfnunarsjóður var þeim kærkominn tekjustofn, og það væri illa farið, ef hann yrði skertur, þótt óbeint sé. Í samræmi við þá skoðun, að hinn sérstaki sjómannafrádráttur væri borinn af þjóðarheildinni, tel ég réttara, að ríkissjóður fremur en Jöfnunarsjóður beri þennan kostnað.

Ég vil einnig benda á, að tekjuþörf hinna einstöku sveitarfélaga er mjög misjöfn. Til eru hrein landbúnaðarsveitarfélög, sem verða að leggja útsvör á með álagi á útsvarsstiga, til þess að endar nái saman. Það eru einnig til sjávarpláss, sem virðast hafa efni á að veita afslátt frá útsvarsstiga. Ég hef ekki skýrslur undir höndum yfir álagningu ársins 1971, en ég hef farið í gegnum skýrslur frá árinu 1970 og þar má greinilega sjá þetta, og þar á meðal má sjá Bolungarvík, sem hér var minnzt á áðan, sem hefur veitt 5% afslátt það ár frá útsvarsstiga. Ég vil spyrja t. d., hvað sveitarstjórnir í landbúnaðarhéruðum segja, ef jöfnunarsjóðsframlag þeirra er skert til að staðið verði undir kostnaði við að halda uppi nauðsynlegri þjónustu í sjávarþorpum. Það eru til hreinir sveitahreppar, sem þurfa að leggja á með allt að 30% álagi á lögbundinn útsvarsstiga. Það væri ekkert eðlilegra en beiðni kæmi frá þessum sveitarfélögum um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði með þeim rökstuðningi, að bændur væru svo tekjulágir, að endar næðu ekki saman, þótt útsvör og aðstöðugjöld væru lögð á eins og lög framast heimila.

Ég mælist því eindregið til þess, að mál þetta verði athugað vandlega og fordómalaust og niðurstaða fáist, sem hin ólíku sveitarfélög geti sætt sig við. Annars liggur það nú í loftinu, að vænta megi umfangsmikilla breytinga á skatta- og tekjustofnalögum. Ef vænta má frv. um þau efni á næstunni, hlýtur að vera skynsamlegt að bíða með afgreiðslu þessa máls, þar til þau frv. hafa séð dagsins ljós.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa ánægju minni yfir því, að þessu máli hefur verið hreyft hér á Alþ., þeirri meginhugsun, sem í frv. felst, þ. e. a. s. að sveitarfélögum, sem hafa baga af því, að sjómannafrádráttur er verulegur, sé bættur upp sá tekjumissir. Þessi meginhugsun held ég að hljóti að teljast sanngjarnt að komi fram hér í þingsölum og úr þessu verði bætt með einhverjum hætti. Eins og fram kom í máli hv. 11. landsk. þm., sem hér talaði á undan mér, þá er mál þetta flókið, með hverjum hætti þetta skuli gera, og ég tel, að það þurfi að athuga betur en gert er í þessu frv. En ég vil aðeins minna á, að sjávarþorp, sem svo eru sett, að verulegur tekjustofnsmissir er að sjómannafrádrættinum, eru að mörgu leyti sérstaklega sett í þjóðfélaginu. Þar er oft við að etja t. d. byggingu mjög dýrra og erfiðra hafnarmannvirkja, sem eru undirstaða þess, að sjósókn geti verið stunduð úr þessum byggðarlögum, sem eru útflutningsmiðstöðvar þjóðfélagsins, og þar er einnig ekki um mikla þjónustu að ræða, sem hægt er að leggja á aðstöðugjöld, þannig að þessi sveitarfélög eiga oft og tíðum mjög erfitt um vik að standa undir þeim kostnaði, sem óhjákvæmilega fylgir því að byggja slíka staði. Ég held því, að sú meginhugsun, sem kemur hér fram í þessu frv., eigi fullan rétt á sér.

Eins og 11. landsk. tók fram, er tekjustofnanefnd sveitarfélaga nú að störfum, og þar er unnið að endurbótum á tekjustofnum sveitarfélaga. Í sambandi við það mál vildi ég gjarnan benda

á það, að það hefðu verið að mínum dómi eðlilegri vinnubrögð af hálfu ríkisvaldsins að skipa í þá n. fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það mun hafa verið viðtekin venja stjórnvalda á undanförnum árum að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga í slíkum efnum. Það mál er nú ekki beinlínis hér á dagskrá. En þetta hefði gjarnan mátt gera, því að þau samtök hefðu að sjálfsögðu getað reynt að finna einhverja lausn, sem öll sveitarfélögin í landinu hefðu getað sætt sig við í þessum efnum, sem hér um ræðir. En sem sagt, ég vil leggja áherzlu á, að hv. meðdm. okkar styðji þá meginhugsun, sem kemur fram í þessu frv., þegar að því kemur, að þetta mál verður afgreitt.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta koma fram hér við 1. umr. þessa máls, að ég er mjög hlynntur þeirri hugmynd, sem þarna kemur fram í sambandi við tekjustofna sveitarfélaganna, því að það er eitt atriði til viðbótar því, sem áður hefur verið bent á hér, sem mælir að mínum dómi mjög með því, að frv. eins og hér um ræðir verði samþykkt. Þeir, sem lengi hafa fengizt við sveitarstjórnarmál, hafa þrásinnis rekið sig á það, að ef framtalsnefnd eða sveitarstjórnir vilja gera einhverjar tilslakanir í sambandi við niðurjöfnun útsvaranna, þá hlýtur það óhjákvæmilega að lenda á öðrum gjaldendum innan sveitarfélaganna. Bæjarstjórn eða sveitarstjórn ákveður um hver áramót heildarupphæð útsvara, sem á skuli leggja, og ef breytt er út af reglum og tilfærslur gerðar, þá hlýtur það að hafa það í för með sér, að ef ívilnanir eru veittar einum, einhverjum einstökum hópum eða aðilum, þá verða aðrir að taka þær byrðar á sínar herðar. Í þessu tilfelli er það alveg rétt, eins og kom fram hjá flm. frv., að ef flestir gjaldendur eru sjómenn, þá lendir þetta auðvitað á þeim sjálfum í hækkuðum útsvarsstiga. En þar sem er um blandaða gjaldendur að ræða, eins og er í flestöllum sjávarþorpum, þá er það svo, að sjómannafrádrátturinn hefur bein áhrif til hækkunar á útsvör annarra gjaldenda, því að heildarupphæðin verður að nást inn, eins og bæjarstjórn hefur gengið frá í sinni fjárhagsáætlun um hver áramót. Fyrir mér er þetta atriði kannske þyngst á metunum, því að ég hef reynslu af því, að það er erfitt fyrir sveitarstjórnir að gera slíkar tilfærslur á milli gjaldenda, en þarna er bent á leið, sem ég tel mjög eðlilega, að þessu verði jafnað út innan Jöfnunarsjóðs, þannig að ég vil mjög styðja að framkvæmd þessa frv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð í sambandi við flutning þessa frv. Ég er samþykkur þessu frv. og styð það. Ég tel það sjálfsagða og eðlilega leið, að þar sem Alþ. tekur ákvörðun um það, að sjómenn fái frádrátt af tekjum sínum til skatts og útsvars, þá yrði litið á það, að þjóðarheildin eigi að bera þann frádrátt, en ekki þyngja þeim sveitarfélögum, sem hafa tiltölulega flesta sjómenn og mesta framleiðslu fyrir þjóðarbúið. Ég tel mjög eðlilegt, að Jöfnunarsjóður greiði þessum sveitarfélögum þá skerðingu, sem þau verða fyrir af þessum sökum. Alþingi hefur hingað til verið sammála um það, að sjómenn fái slíkan frádrátt, og eins og einhver gat um áðan, þá liggja tvö frv. fyrir í þessari hv. þd. um að auka enn skattfríðindi sjómanna hvað tekjuskatt áhrærir, en við vitum, að í mörgum sjávarplássum hefur þessi frádráttur orðið mjög tilfinnanlegur.

Það má benda á, eins og hv. 11. landsk. þm. gerði, að nokkur sjávarpláss hafa veitt afslátt frá útsvarsstiga við álagningu útsvara. En við skulum líka taka það með í reikninginn, að þar hafa tekjur manna verið mjög háar á undanförnum árum, en tekjur í sjávarplássum eru í raun og veru miklu misjafnari en í öðrum sveitarfélögum, sérstaklega í þeim kauptúnum, þar sem mikið er um sjómenn og útgerð. Þar hrynja oft og tíðum tekjur þessara sveitarfélaga, þegar samdráttur verður í útgerð eða aflabrögð minnka. Þess vegna held ég, að það væri mjög vel til fallið að fara inn á þá braut, sem hv. flm. þessa frv. leggur til, og ég vona, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, afgreiði það fljótt, þó að ég geti að sumu leyti tekið undir orð hv. 11. landsk. þm. um það, að rétt væri, að ef endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna færi fram, þá væri það auðvitað afgr. í einu lagi. En ég tel, að þessi breyting sé mjög þörf, og fagna því, að þetta frv. var flutt.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði áðan. Ég vil þó lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þetta frv. hefur fengið. Ég get ekki betur séð en að allir þeir, sem hafa tjáð sig um málið í hv. d., séu mér sammála í meginatriðum um þetta mál.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði, að hann væri í vafa um, hvort farið væri hér inn á rétta braut. Hins vegar lýsti hann yfir því, að hann væri því algjörlega sammála, að það, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að bæta þessum sveitarfélögum, sem þarna er um að ræða, upp þennan tekjumissi, að það væri borið af þjóðarheildinni.

Í sambandi við afslátt á útsvörum hinna ýmsu sveitarfélaga, þá nefndi þessi hv. þm. einnig Bolungarvík og gat þess, að á árinu 1970 hefði verið veittur 5% afsláttur frá gjaldstiga útsvars. Þetta er alveg rétt, og ég tel, að það væri farið inn á mjög varhugaverðar brautir í þessum efnum, ef þannig ætti að hnýta þessi mál í lögum, að sjávarþorp stæðu ekki jafnfætis öðrum sveitarfélögum til þess að veita þegnunum sem réttlátastan skatt, hvort sem það er í útsvörum eða öðru. Það atriði er því ekki óeðlilegt, að sjávarþorp geti veitt afslátt, hvort sem hann er 5% eða meiri frá gjaldstigum útsvars. Það réttlætir ekki það, að þetta frv. nái ekki fram að ganga. Það er eðlilegur hugsunarháttur, eðlilegur gangur mála hjá sveitarstjórnum, í hvaða sveitarfélagi sem það er, að þau reyni eftir mætti að hafa ekki skattabyrðar hærri en efni standa til og er almennt í landinu.

Ég vil svo endurtaka ánægju mína yfir því, hvaða undirtektir frv. hefur hlotið, og vona, að það fái skjóta og farsæla lausn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Læknishéraðasjóðir.

Á 13. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82/1970, um læknishéraðasjóði [73. mál] (þmfrv., A. 81).

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 81 frv. til l. um breyt. á l. um læknishéraðasjóði. Hér er um það að ræða að veita stjórnvöldum í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir víðtækari heimildir til þess að gera lífsnauðsynlegar öryggisráðstafanir í þeim byggðarlögum, sem læknislaus eru, og búa betur í haginn fyrir framtíðarlausn á þeim vanda, sem læknaskortur er úti í héruðunum. Þar sem nýlega hafa orðið miklar umr. um framtíðarlausn læknamála strjálbýlisins, og þeim till., sem hér er hreyft, er í raun fyrst og fremst ætlað að bæta úr sárustu neyðinni, á meðan leitað er frambúðarlausnar, mun ég leiða hjá mér að ræða framtíðarskipan þessara mála nú, enda hefur heilbrrh. boðað, að bráðlega muni lagt fyrir Alþ. frv. til l. um nýskipan í lækna- og heilbrigðismálum á öllu landinu.

Meginbreytingin á lögum um læknishéraðasjóði frá 1970, sem felst í 2. gr. frv., er að efni til svo sem hér segir. Ég les hér upp úr frv. nokkuð stytt:

„Nú er byggðarlag, þar sem vetrarsamgöngur eru erfiðar, læknislaust um stundarsakir og horfur á, að svo verði yfir vetrarmánuðina, og skal þá ríkisstj. heimilt að gera eftirfarandi öryggisráðstafanir eftir þörfum í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir:

1. Að láta lýsa og merkja rækilega sjúkraflugvöll í viðkomandi byggðarlagi, hafi það ekki áður verið gert, og gera hann að öðru leyti þannig úr garði, að hann sé jafnan tiltækur til notkunar á nóttu eða degi, ef slys eða bráða sjúkdóma ber að höndum.

2. Að láta greiða sérstaklega fyrir samgöngum á landi milli viðkomandi byggðarlags og þess staðar, sem styztur er til í vel búið sjúkrahús, m. a. með því að setja sérreglur um að ryðja snjó af vegum svo oft sem með þarf öryggis vegna og afla í samráði við Vegagerð ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tækja í framangreindu skyni, ef þau eru ekki fyrir hendi.

3. Að kaupa, ef nauðsyn krefur, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn sérstaklega útbúna bifreið til sjúkraflutninga innan viðkomandi læknishéraðs og til þess sjúkrahúss, sem næst er.

4. Að láta setja í samráði við Apótekarafélag Íslands sérstakar reglur um lyfjavörzlu í læknislausum byggðarlögum, þar sem apótek er ekki fyrir, og skipa trúnaðarmenn til þess að gæta fyrrgreindra lyfjabirgða, svo og afhenda lyf eftir símaviðtölum við lækna eða eftir símalyfseðlum."

Að mínu mati ber nú einkum tvennt til, að brýna nauðsyn ber til að gera þegar í stað þær breytingar á lögum um læknishéraðasjóði, sem hér eru til umr. Í fyrsta lagi er frambúðarlausn læknamálanna flókið viðfangsefni og erfitt, þannig að horfast verður í augu við, að taka mun nokkurn tíma, hvernig sem að því er unnið, að koma þar nýskipan á.

Í öðru lagi hefur skortur á læknum vaxið um allan helming í haust einmitt í þeim byggðarlögum, sem illa eru sett um vetrarsamgöngur. Það er illlýsanleg tilfinning fyrir þá, sem ekki hafa reynt það sjálfir, að vera ofurseldir því öryggisleysi að komast ekki úr byggðarlagi sínu dögum saman eða jafnvel vikum saman og geta ekki fengið læknisþjónustu á staðnum hvernig sem á stendur. Sú tilfinning er auðvitað mest þrúgandi fyrir foreldra með ung börn í heimili og lasburða fólk, en í rauninni lamar slíkur aðbúnaður viðkomandi byggðarlag, bæði þá, sem sjúkir eru og heilbrigðir. Það er óhætt að fullyrða, að öllu venjulegu fólki finnst ekki fýsilegt að byggja slíka staði til langframa eða flytjast þangað búferlum. Það er því alveg sérstakur þáttur læknavandamálsins, sem hér um ræðir og verður að leysa þegar í stað með öllum tiltækum ráðum. Í því sambandi taldi ég fyrst og fremst koma til greina þær öryggisráðstafanir, sem um getur í 2. gr. frv. og ég gerði stuttlega grein fyrir áðan. Þær miða að því að auðvelda flutninga sjúklings úr viðkomandi byggðarlagi, annaðhvort í lofti eða á landi. Við hefði e. t. v. mátt bæta grein um flutning á sjó, t. d. með aðstoð Landhelgisgæzlunnar og gæti það þá komið til athugunar í n., ef mönnum þætti svo við þurfa. Einnig er í þessari grein frv. lagt til, að komið verði á lyfjavörzlu í viðkomandi byggðarlögum.

Ég vil taka skýrt fram, að það væri e. t. v. ástæða til að kveða nánar á um frekari öryggisráðstafanir, þegar svo er ástatt, sem um ræðir í áðurnefndri grein. Mætti m. a. til nefna ákvæði um ráðningu héraðshjúkrunarkvenna o. s. frv., en slíkar ráðstafanir mætti þá taka til athugunar við meðferð málsins hér á hinu háa Alþingi.

Að mínu viti mundu framangreindar ráðstafanir draga eins mikið úr sárustu neyð læknaskortsins og í mannlegu valdi stendur. Til meira er ekki hægt að ætlast. En það er að mínum dómi skýlaus krafa fólksins í þeim byggðarlögum, sem verst eru sett með vetrarsamgöngur og eru læknislaus, að viðlíka öryggisráðstafanir séu gerðar eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Því miður er það svo, að sjúkraflugvellir í þessum byggðarlögum eru ekki allir í góðu lagi. Þeir eru víða ólýstir og þannig byggðir, að þeir verða ónothæfir í fyrstu snjóum. Næga fyrirgreiðslu til þess að halda uppi vetrarsamgöngum af hálfu

Vegagerðar ríkisins hefur einnig skort mjög á, og svo mætti fleira upp telja, sem er óverjandi við þær aðstæður, sem skapast í læknisleysinu.

Það skal tekið fram, að mér er kunnugt um, að sumar þær öryggisráðstafanir hafa verið gerðar með samvinnu milli viðkomandi sveitarstjórnar og ríkisvaldsins, sem lagt er til að gerðar verði samkv. ákvæðum þessa frv. Þær ráðstafanir hafa þó oft og tíðum reynzt harðsóttar og stundum hefur ekkert verið gert í þessum málum. Sem dæmi um torsóttar ráðstafanir er mér persónulega kunnugt, að hreppsnefnd og félagasamtök á Raufarhöfn hafa í allt haust reynt að fá snjóruðning af vegum til Húsavíkur aukinn, en þar má einungis ryðja snjó einu sinni í mánuði af vegum samkv. reglum Vegagerðar ríkisins, en læknir á að koma eftir þeim sama vegi til Raufarhafnar á hálfs mánaðar fresti a. m. k. Enn hefur ekki tekizt að fá endanlega ákvörðun í þessu máli, að því er mér skilst.

Þetta dæmi og mýmörg fleiri sýna, að það er nú þegar alger nauðsyn að setja fastari reglur um öryggisráðstafanir, þegar svo háttar til, að byggðarlög, sem búa við erfiðar vetrarsamgöngur, verða læknislaus um lengri eða skemmri tíma. Ef þau lög hefðu verið í gildi, sem hér er lagt til að samþykkt verði, hefði sveitarstjórn Raufarhafnar og aðrar hliðstæðar sveitarstjórnir, sem svipað er ástatt um, haft beinan lagarétt til þess að krefjast úrbóta.

Ég tel ástæðulaust að ræða frekar þá hlið á læknamáli strjálbýlisins, sem ég hef gert hér að umtalsefni og því frv., sem hér er til umr., er ætlað að leysa, eftir því sem hægt er. Ég treysti því, að hv. alþm. sé fullkomlega ljós þörfin í þessu efni og þetta frv. fái skjóta afgreiðslu. Ég vil þó að lokum leggja áherzlu á, að nú þegar þarf að fara fram skyndiathugun á öllum aðstæðum af hálfu heilbrn. í þeim byggðarlögum, sem nú eru læknislaus og vitað er að búa við sérlega erfiðar vetrarsamgöngur. Síðan þarf að grípa til þeirra öryggisráðstafana í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, sem hægt er að koma við.

Að svo mæltu vil ég, herra forseti, mælast til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. benti á, er hér um að ræða mál, sem mjög oft hefur verið á dagskrá á Alþ. og er eitt af stærri vandamálum þjóðfélagsins, sem ég held, að allir þm. séu sammála um, að verði á einhvern hátt að leysa. Ég minnist þess ekki, að það hafi komið fram við þær umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, nein hugmynd um athugun á því, hvort ekki mætti koma þarna á kannske verulegum úrbótum með því að ríkisvaldið gengist fyrir því, að keyptar yrðu smærri þyrlur til flutninga á læknum og þá aftur á sjúklingum á sjúkrahús, þegar þess þyrfti með. Ég geri mér alveg ljóst, að þarna er um verulegt fjármagn að ræða, en ég hygg, að alþm. séu almennt sammála um, að það þýði ekki að horfa í fjármagn í þessu sambandi, ef einhverjar leiðir eru til til úrbóta, þá verði í þær að ráðast. Það er alkunna, að þyrlur eru nú orðið mjög mikið notaðar víða erlendis, þar sem erfiðar aðstæður eru með flugvelli einmitt í sambandi við sjúkraþjónustu. Ég vildi koma þessari hugmynd að hér við 1. umr. um þetta mál, til þess að sú n., sem fær það til meðferðar, gæti þá jafnframt skoðað þessa hlið málsins og þá ábendingu, sem hér er um að ræða. Íslendingar hafa enn sem komið er litla reynslu af þyrlum og notagildi þeirra, en þó nokkra, og ég hygg, að ef t. d. væri staðsett ein þyrla á Austurlandi, önnur á Norðurlandi og ein á Vestfjörðum, þá mundi það skapa þó nokkurt öryggi fyrir þá lækna, sem þar starfa, og það fólk, sem þarf á læknishjálp að halda. Bæði vegakerfi og sjúkraflugvellir eru því háð, að þessar samgönguleiðir verða ekki notaðar, ef um snjó eða ófærð er að ræða. Þyrlum verður aftur á móti mjög oft komið við við aðstæður, sem öðrum farartækjum verður ekki, og það er skoðun mín, að það mætti nokkuð tryggja læknisþjónustuna og gera hana nokkru öruggari með því að hafa þyrlur staðsettar eina í hverjum fjórðungi, eins og ég hér hef bent á, þ. e. Austfirðingafjórðungi, Norðlendingafjórðungi og Vestfirðingafjórðungi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Iðnlánasjóður.

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967 [79. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 15. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við flytjum hér frv. til l. um breyt. á iðnlánasjóðslögum, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég. Tilgangur okkar með flutningi þessa frv. er að koma iðnlánasjóðslögunum í svipað form og áður að því leyti, að þar sé ákvörðun um árlegt framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs. Fyrir þessu er gerð nokkur grein í grg. frv., að frá 1962 hefur iðnlánasjóðsgjaldið frá ríkissjóði verið 2 millj. kr. fram til ársins 1967, en þá er gerð sú breyting á iðnlánasjóðslögunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að nú verði aftur breytt, að árlegt framlag skuli vera 10 millj. kr., og svo hefur það verið, — þetta ákvæði hefur haldizt til þessa. Hins vegar lagði ég til í fyrra innan ríkisstj. þá að hækka framlagið á fjárl. fyrir árið 1971 í 15 millj. kr., og þá hafði ég, eða iðnrn., viðmiðun af því hlutfalli, sem áður var og væri orðið á milli ár-

legs framlags ríkissjóðs og Dagsbrúnarkaups. Nú má auðvitað segja, að það mátti við margt annað miða, en þetta var nú miðað við það að leggja til í fjárl. þá, að hlutfallið þarna á milli væri svipað hagstætt fyrir Iðnlánasjóð og þegar það hafði verið bezt, en það var árið 1967, þegar árlega framlagið var hækkað í 10 millj. kr. Það láðist hins vegar á s. l. þingi að gera frekari úrbætur eða breytingar í samræmi við þetta í sjálfum iðnlánasjóðslögunum.

Nú eru miklar breytingar fram undan í sambandi við kaupgjaldsmálin og verðlagsmálin. Þetta er allt breytingum háð. Ég veit ekki frekar en aðrir, hver verður niðurstaðan úr þeim samningum, sem nú standa yfir. Dagsbrún hefur boðað verkfall frá 2. des., og það er ekkert ósennilegt, að um verulegar kauphækkanir verði þar að ræða. Það hefur verið haft eftir formanni Dagsbrúnar hér í þinginu, að það gæti verið a. m. k. innan þess ramma, sem talað hefði verið um í ríkisstj.-samningi, að 37% kauphækkun á lægsta kaupi kæmi til greina, eitthvað sambærilegt við það, en það er einmitt viðmiðun við þá taxta, sem áður var notuð. Þá sýndist mér, að það mundi verða ekki óeðlilegt nú að miða upphæðina á hinu árlega framlagi við 25 millj. kr. og þetta kæmi svo í gildi og þyrfti að taka tillit til, ef þetta frv. yrði að lögum, við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1972, a. m. k., ef það væri ekki áætlað þar, en þetta frv. yrði samþ., þá yrði ríkissjóður að greiða það á árinu 1972.

Nú er það svo, að hér á Alþ. hafa oft verið fluttar till. um breytingar á iðnlánasjóðsgjaldi og ekki grundvallaðar á þeirri viðmiðun, sem ég hef nú gert grein fyrir, heldur verið lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs væri jafnhátt og iðnlánasjóðsgjaldið, en það er það gjald, sem iðnaðurinn sjálfur, iðnreksturinn í landinu, greiðir til Iðnlánasjóðs. Við sjáum hér á fskj. frá Iðnlánasjóði, að það er áætlað á árinu í ár 37,3 millj. kr. Ef við það ætti að miða, yrði árlega framlagið verulega hærra úr ríkissjóði. Nú hef ég ekki áður talið, að eðlilegt væri að miða endilega við iðnlánasjóðsgjaldið, og fært rök fyrir því, að sumt af iðnlánasjóðsgjaldinu færi inn í verðlagið hjá iðnaðinum, þar sem frjáls verðmyndun er. Hún er þar á mjög víðu sviði, og þar væri af þeim sökum nokkuð öðru saman að jafna eða t. d. þar sem gjald til Fiskveiðasjóðs var á sínum tíma jafnhátt og útflutningsgjaldið til sjóðsins frá útveginum sjálfum og einnig gjöld, sem bændur greiddu til sinna stofnlána.

Við erum hér þess vegna, tveir flm. þessa máls, með till. um að hafa þetta í svipuðu formi og áður hefur verið. Það er svo annarra, sem áður hafa flutt aðrar till. og hærri um framlög til Iðnlánasjóðs, að taka afstöðu til þess, hvort þeir vilja breyta því, og það kemur auðvitað til athugunar undir meðferð málsins. Við leggjum áherzlu á að hækka framlagið núna af eðlilegum ástæðum, sem ég hef gert grein fyrir, upp í 25 millj. kr. Það er vitanlegt, að stofnfjársjóðum eins og Iðnlánasjóði er mjög mikilvægt til eflingar það eigið framlag, sem þeir fá á hverjum tíma, og þarna er annars vegar ríkissjóðsframlag og hins vegar iðnlánasjóðsgjald. Síðan hefur Iðnlánasjóði, eins og kemur einnig fram í fskj., orðið það til styrktar, að hér hefur hafið starfsemi sína hinn norræni Iðnþróunarsjóður, sem á árinu 1970 veitti 50 millj. kr. lán til Iðnlánasjóðs og 20 millj. kr. lán á þessu ári, sem vel gæti hækkað, en mér er algerlega ókunnugt um það. En ef það yrði það sama áður en árinu lýkur frá Iðnþróunarsjóði og í fyrra, þá sjáum við, að líklegt væri, að hin almennu nýju útlán sjóðsins gætu verið um 170 millj. í ár eins og þau voru — og þá langhæst — á árinu 1970.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. EBS).

Á 14. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt [81. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 1971, um tekju- og eignarskatt, svo hljóðandi:

„Aftan við 3. mgr. E-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Nú selur skattþegn íbúð, sem hann hefur haft eða ætlað til eigin afnota og hann hefur átt skemur en tímamörk þau, er um ræðir í 5. málsl. þessarar gr., en kaupir fullgerða íbúð innan árs, eða lýkur byggingu íbúðar innan þriggja ára, hvort tveggja til eigin afnota, og skal þá ágóði af sölunni eigi teljast til skattskyldra tekna, ef rúmmál hinnar keyptu eða byggðu íbúðar er jafnstórt eða stærra en hinnar seldu. Ef hin keypta eða byggða íbúð er minni að rúmmáli en hin selda, skal ágóði af sölunni teljast hlutfallslega til skattskyldra tekna.“

Mál þetta er í rauninni afskaplega einfalt og þarf ekki mikilla útskýringa við. Það snýst eingöngu um það atriði, hvort hagnaður af sölu íbúðar, sem seld er innan þriggja ára frá því að hún er keypt, telst skattskyldur eða ekki, þegar um er að ræða kaup íbúðareigandans á nýrri íbúð, sem er stærri að rúmmáli eða jafnstór. Til skamms tíma voru í lögum ákvæði þess efnis, að ef íbúð var seld innan 5 ára frá því að hún var keypt og önnur keypt í staðinn, sem var í fasteignamati jafnmikils virði eða meira virði, svo og ef við-

komandi byggði hús eða hæfi byggingu húss innan tiltekins tíma, þá var hagnaður af sölu upphaflegu íbúðarinnar ekki skattskyldur, enda væri þá haldið sér innan þessara marka. Með lögum frá 1971 nr. 68, um tekju- og eignarskatt, voru gerðar breytingar á þessu ákvæði, sem voru að ýmsu leyti til bóta, aðallega þess efnis, að ef íbúðir yrðu seldar, eftir að viðkomandi hefði átt íbúðina lengur en 3 ár, þá þurfti hann ekki að greiða skatt af söluhagnaði, jafnvel þótt hann keypti ekki aðra íbúð í staðinn, og skipti þá ekki máli, hvort sú íbúð var að fasteignamatsverði meira virði eða ekki. Hins vegar var sett inn í þessi lög frá 1971 mjög fortakslaust ákvæði þess efnis, að ef um sölu á íbúð væri að ræða innan þriggja ára, þá skyldi greiddur skattur af söluhagnaði, hvort sem viðkomandi keypti aðra íbúð eða ekki.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að hér getur verið um mjög brýnt hagsmunamál að ræða fyrir það fólk, sem stendur í slíkum íbúðarkaupum, og enda þótt það komi niður á öllu fólki, sem stendur í slíkum íbúðarkaupum, þá er það allajafna og algengast, að þarna sé um að ræða ungt fólk, sem er að hefja búskap. Ungt fólk, sem stofnar til heimilis og hjúskapar, kaupir sér gjarnan litla íbúð, bæði af efnalegum ástæðum og eins vegna þess, að fjölskyldan er allajafna ekki orðin mjög stór á því stigi. En fljótt kemur að því, bæði af efnalegum ástæðum og eins vegna stækkunar á fjölskyldu, að viðkomandi getur og þarf að kaupa stærri íbúð. Þá rekur þetta fólk sig strax á þetta ákvæði. Það getur ekki stækkað við sig íbúð innan þessara takmarka nema greiða skatt af hugsanlegum hagnaði. Nú tala ég um hagnað, og í þessum ákvæðum er talað um söluhagnað, og má því fljótt á litið virðast svo, að það sé sanngjarnt, að viðkomandi greiði skatt af hugsanlegum hagnaði eða raunverulegum hagnaði af slíkri sölu, það sé þarna um að ræða tekjur, sem ekki sé óeðlilegt, að þessir þegnar eins og aðrir greiði skatta af. En málið er ekki svo einfalt. Öllum er ljóst, að í þjóðfélagi okkar er verðbólga, verðlag fer stöðugt hækkandi, mismunandi mikið eins og gengur, en þó er það staðreynd, sérstaklega á fasteignamarkaði, að þar fara fasteignir ört hækkandi, jafnvel dag frá degi. Það er því mjög vafasamt að tala um söluhagnað í þessu tilfelli. Við skulum taka dæmi um það, að í dag kaupi ung hjón íbúð fyrir 1500 þús. kr., selji síðan íbúðina innan tveggja ára fyrir 2 millj. eða 1800 þús. kr. og þurfi síðan að kaupa í stað hugsanlegrar þriggja herbergja íbúðar fjögurra eða fimm herbergja íbúð fyrir 2 millj. eða nánast sama verð og um er að ræða, þegar salan fer fram á fyrri íbúðinni. Þá er að sjálfsögðu ekki um neinn hagnað að ræða. Þarna er verðbólgan búin að vinda upp á sig og hækka verðlag á íbúðum, fasteignum, þannig að slíkur mismunur á kaup- og söluverði er að sjálfsögðu enginn hagnaður fyrir viðkomandi. Það er eingöngu hækkun, sem átt hefur sér stað, og enginn gróði af því, þegar um er að ræða kaup á nýrri íbúð, sem er að sjálfsögðu á sama verði og hefur hækkað að sama skapi á þessum tíma.

Í grg., sem fylgdi frv. um breyt. á tekju- og eignarskatti, frv., sem síðan var samþ. sem lög nr. 68 frá 1971, var m. a. tekið fram, með leyfi **hæstv. forseta:**

„Frv., sem lá fyrir síðasta Alþ., hefur verið gagnrýnt að því er varðar þessi ákvæði um skattlagningu söluhagnaðar. Hefur því verið haldið fram, að með þessu sé tekin upp skattlagning á verðbólguhagnaði, sem sé hvort tveggja ósanngjörn og íþyngjandi frá gildandi löggjöf um þetta efni. Það er ljóst, að við sæmilega stöðugt verðlag er skattlagning söluhagnaðar að fullu algerlega réttmæt."

Þarna er gerð grein fyrir því af flm. hálfu, að forsenda þessa ákvæðis sé sú, að um sé að ræða sæmilega stöðugt verðlag í þjóðfélaginu. Sú forsenda er að sjálfsögðu ekki fyrir hendi. Ég skal ekki segja um það, hvort hún hafi verið fyrir hendi, þegar þessi lög voru sett, eða hvort það hefur vakað fyrir flm. að halda verðlagi sæmilega stöðugu. Það er viðleitni allra stjórnvalda og ósk og von allra þjóðfélagsþegna, en hins vegar er langt í frá, að þetta hafi tekizt, og ástandið er nú eins og raun ber vitni.

Með tilliti til þessara augljósu ranginda og misheppnaðrar reynslu af þessu ákvæði svo og með tilliti til þessarar forsendu og þessara raka, sem lágu að baki þessu ákvæði, þá sýnist mér það vera brýnt nauðsynjamál að taka nú skjótlega til höndum og breyta þessu ákvæði á þann veg, sem er í samræmi við raunveruleikann. Ég hef í þessu frv., auk þess sem ég reyndi að miða þessa brtt. við núgildandi lög, breytt tímamörkum og ýmsum einstökum orðalagsatriðum í þessum lögum, og vil ég geta þess að nokkru leyti.

Í fyrsta lagi er talað hér eingöngu um íbúðir, sem viðkomandi skattþegn hefur haft eða ætlað til eigin afnota. Þarna er að mínu áliti fyrirbyggt, að borgarar eða þeir, sem standa í fasteignakaupum, geti misnotað þetta ákvæði á þann hátt að standa í einhvers konar braski, keypt og selt jöfnum höndum og haft e. t. v. margar íbúðir í takinu í einu. Þarna er gert ráð fyrir því og mjög skýrt tekið fram, að um íbúðir sé að ræða og þær skuli vera til eigin afnota. Viðkomandi þurfi sjálfur að búa í íbúðinni, hann þurfi að nota hana frá degi til dags, og það verður að hvíla sönnunarbyrði á honum, að svo sé eða svo sé ekki, ef ágreiningur kemur upp hvað þetta atriði snertir. Þá segir, að ef hann selur íbúð, sem hann hafi átt skemur en tímamörk þau, er um ræðir í 5. málsl. þessarar greinar o. s. frv. — þegar talað er um 5. málsl. þessarar greinar, þá er átt við orðalag í núgildandi lögum, sem hljóðar svo, að íbúðarhúsnæði skuli vera „íbúðarhæft í 3 ár eða lengur". Nú er þetta stundum teygjanlegt og matsatriði hverju sinni og nauðsynlegt að tengja þetta ákvæði, sem ég geri till. um að verði sett inn í lögin, þeim ákvæðum, sem nú þegar eru í lögunum, þannig að ekkert ósamræmi komi þarna á milli, ekkert tómarúm skapist, og þess vegna er tekið tillit til þessa orðalags, sem nú þegar er fyrir, og höfð eðlileg tengsl þar á milli.

Þá er talað um, að hafi skattþegn eða viðkomandi fasteignareigandi keypt í staðinn fullgerða íbúð innan árs eða lýkur byggingu íbúðar innan þriggja ára, og skal þá ágóði af sölunni eigi teljast skattskyldur o. s. frv. Að kaupa fullgerða

íbúð innan árs er í samræmi við ákvæði, sem var í fyrri lögum, en það verður að gefa viðkomandi visst aðlögunartímabil. Fasteignakaup fara gjarnan þannig fram, að menn selja og kaupa síðan, stundum eftir nokkrar vikur, mánuði eða jafnvel allt upp í eitt ár, og þykir ekki óeðlilegt að gefa þarna þetta svigrúm, eitt ár, og er það í samræmi við bæði fyrri lög og núgildandi lög. Hins vegar er gerð breyting á, þar sem sagt er, að hann verði að ljúka byggingu íbúðar innan þriggja ára, en áður var í lögum, að hann þyrfti að hafa hafið byggingu íbúðar innan þriggja ára.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það ákvæði, þar sem sagt var, að viðkomandi þyrfti eingöngu að hefja byggingu íbúðar innan þess tíma, að það gat dregizt mjög úr hömlu, að hann lyki byggingunni. Það var þá líka spurning um það, hvenær hann hefði hafið bygginguna. Var nægilegt, að hann legði inn teikningar? Var nægilegt, að hann græfi grunn eða byggði sökkla? Þurfti húsið að vera fokhelt? Hvaða mark var á því, og hvenær þurfti að skera úr um það, hvenær bygging væri hafin? Nú er tekið fram í þessari till. minni, að hann þurfi að hafa lokið byggingu íbúðar innan þriggja ára, og er þá átt við, að húsið hafi fengið fokheldisvottorð, sé tilbúið undir tréverk og viðkomandi hafi fengið lóðarsamning og húsið hafi verið metið veðhæft.

Þá er gerð sú breyting í minni till. frá því, sem áður hefur verið, að miða skal við rúmmál hinnar keyptu eða byggðu íbúðar, en ekki við fasteignamatsverð. Það kom í ljós margoft við framkvæmd þessa ákvæðis, að þegar talað var um fasteignamatsverð, þá var hugsunin í lögunum sú, að viðkomandi væri að stækka við sig, væri að fá sér stærri íbúð vegna fjölskyldustærðar eða annarra nauðsynlegra og skiljanlegra ástæðna, en hins vegar var þessi viðmiðun, þ. e. a. s. fasteignamatsverðið, ekki alltaf nægilegt og glöggt, og vil ég nefna dæmi því til sönnunar.

Maður átti þriggja herbergja íbúð í Reykjavík á eftirsóttum stað. Ákveðið fasteignamatsverð var á þeirri íbúð. Hann þurfti síðan að kaupa sér stærri íbúð, keypti t. d. fjögurra herbergja íbúð í Kópavogi, og þá kom í ljós, að íbúð, sem jafnvel var fjögurra herbergja, en ekki þriggja herbergja, á slíkum stað var stundum og mjög oft í lægra fasteignamatsverði, þannig að þetta ákvæði náði ekki tilgangi sínum.

Hugsunin á bak við þessa till. mína er sú, að viðkomandi sé að stækka við sig, hann þurfi á stærra húsnæði að halda, og þess vegna þykir eðlilegra að miða við rúmmál hinnar keyptu eða byggðu íbúðar, og rúmmálið skal vera jafnstórt eða stærra hinu selda.

Ég vil leggja áherzlu á það, að hér er ekki um stórt mál að ræða út frá því sjónarmiði, að það hafi áhrif á skatttekjur ríkissjóðs. Hér er ekki um svo stórkostlegar fasteignasölur að ræða. Þetta eru frekar undantekningar en regla, en mjög brýnt hagsmunamál fyrir þá, sem í slíkum fasteignakaupum standa. Ef hugsunin á bak við þessa breytingu var sú að hafa þannig áhrif og reyna að stuðla að stöðugra verðlagi á fasteignamarkaði, þá hefur það líka komið í ljós, að það hefur ekki minnstu áhrif, breytir ekki nokkru til eða frá. Jafnvel þó að maður gæti ætlað við fyrstu sýn, að fólk reyndi að halda verðlagi niðri á íbúðum sínum, þegar það selur innan þriggja ára, til þess að þurfa ekki að borga skatta af slíkum mismun, þá hefur það komið í ljós, að fólk tekur ekki tillit til þess, enda væri það mjög óeðlilegt, að fólk væri að setja íbúðir sínar í sölu og bjóða á verði, sem væri langt undir markaðsverði hverju sinni.

Ég vænti þess og vona eindregið, að hv. þm. hafi skilning á þessu frv., sjái og komi auga á, að hér er nánast um leiðréttingu að ræða, leiðréttingu á lagaákvæði, sem hefur eftir stutta reynslu og við nánari athugun reynzt ósanngjarnt og íþyngjandi við allar eðlilegar aðstæður. Ég hef sagt hér í grg., að það sé hlutverk löggjafarvaldsins að semja lög og reglur í samræmi við raunveruleikann hverju sinni og á þann veg, að réttlætiskennd borgaranna sé ekki misboðið. Ég geri mér vonir um það, að þetta mál fái skjóta og jákvæða afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi, og vil leggja til, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Jarðræktarlög (frv. PJ).

Á 15. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965 [83. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á jarðræktarlögum felur það í sér að framlengja og endurnýja bráðabirgðaákvæði, sem gilti í lögunum á árunum 1965—69. Þetta bráðabirgðaákvæði fjallaði um það, sem og frv. gerir einnig, að greiða úr ríkissjóði fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótor og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk allt að ⅓ hluta kostnaðar, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Þetta bráðabirgðaákvæði féll úr gildi, eins og ég sagði, í árslok 1969, en síðan hefur það í raun verið framlengt með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum, og bændur hafa getað fengið þetta framlag greitt samkvæmt því. Nú er ekki vitað, að uppi séu neinar ráðagerðir um framlengingu á þessu ákvæði, og því er þetta frv. flutt, enda má segja, að eðlilegra sé, að ákvæði, er þetta varða, sé að finna í löggjöf, og þá eins og henni er nú háttað í jarðræktarlögum, heldur en að það sé bundið einstökum lið við fjárlagaafgreiðslu hverju sinni.

Á síðasta þingi flutti Magnús H. Gíslason og fleiri hv. þm. Framsfl. frv. til breyt. á jarðræktarlögum, þar sem m. a. var fjallað um þetta atriði. Það frv. var ekki afgreitt, og má auðvitað segja, að eins hefði verið tímabært að afgr. þetta bráðabirgðaákvæði þá eins og nú. En inn í það frv. var blandað fleiri atriðum, sem fremur þóttu orka tvímælis. Þess má einnig geta, að sum atriði, sem vakið var máls á í því frv., voru afgr. frá hv. Alþ. í fyrra með lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl.

Í jarðræktarlögum eru vissulega mörg atriði, sem ástæða væri til að hugleiða, hvort ekki væri þörf breytinga á. Það er þó að þessu sinni látið kyrrt liggja, vegna þess að á síðasta Búnaðarþingi var kosin mþn. til þess að endurskoða þessi lög. Það var vissulega tímabært, og ég tel rétt, að ekki sé hróflað við lögunum meira en þetta frv. gerir ráð fyrir, meðan beðið er eftir árangri af störfum þeirrar nefndar. Sú n. mun nú hafa hafið störf sín, en ekki verður vitanlega séð fyrir á þessu stigi, hvenær hún lýkur störfum sínum og árangur þeirra starfa birtist í frumvarpsformi hér á hv. Alþ. Ég tel því rétt, enda þótt ástæða sé til þess að breyta þessum lögum í ýmsum öðrum greinum, að bíða með það og einskorða sig við það efni, sem frv. þetta fjallar um, og einungis vegna þess, að ef það væri ekki gert nú, mundi þetta framlag falla niður á næsta ári.

Hér þarf ekki að fara mörgum orðum um gildi súgþurrkunar fyrir íslenzkan landbúnað, svo kunnugt sem það er og svo ótvírætt sem það hefur sannazt á undanförnum árum. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að bændur geti vart hugsað sér þurrheysverkun án þess að njóta þeirrar aðstoðar, sem súgþurrkun veitir, og þess mikla öryggis, sem í því er fólgið að geta gripið til hennar, þegar hitnar í heyjum. Þau tæki, sem til súgþurrkunar þarf, eru verulega útbreidd meðal bænda, en það er mála sannast, að þau eru hvergi nærri svo fullkomin sem þau þyrftu að vera, og er þess vegna brýn nauðsyn á, að það framlag, sem frv. fjallar um, standi áfram. Tæki þessi eru kostnaðarsöm og er ástæða til þess að létta undir með bændum varðandi uppsetningu þeirra, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til, nema tilefni gefist, að ræða þetta frv. frekar. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi láta það koma fram í sambandi við flutning þessa frv. á þskj. 92, eins og kom fram hjá hv. flm., að jarðræktarlögin eru nú í endurskoðun. Samkvæmt ályktun, sem Búnaðarþing gerði á síðasta ári, var kosin n. af þess hálfu til að endurskoða jarðræktarlögin, og sú n. er nú að störfum.

Ég hef óskað eftir því, að fulltrúi frá landbrn. fengi að fylgjast með störfum n. og með þeim hætti yrði hægt að ná sambandi þar á milli til þess að reyna að greiða fyrir því að hraða afgreiðslu þeirrar endurskoðunar, sem þar er unnið að, svo að Alþ. geti tekið það til meðferðar síðar á þessum vetri. Ég reikna með því, að eitt af þeim atriðum, sem koma inn í þá endurskoðun, sé það, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og tek undir rök hv. flm. um nauðsyn þess, að áfram verði haldið að koma upp þessu kerfi, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vildi bara láta það koma fram hér, að að endurskoðun jarðræktarlaganna er nú unnið af fullum krafti af hálfu þeirrar n., sem fékk það til meðferðar frá síðasta Búnaðarþingi, og landbrn. mun hafa samstarf við hana þar um, og ég geri ráð fyrir því, að þetta atriði verði eitt af því, sem þar kemur fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Líf- og örorkutrygging sjómanna.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um líf- og örorkutryggingu sjómanna [136. mál] (þmfrv., A. 198).

Á 27., 35. og 36. fundi í Nd., 16. des., 26. og 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í grg. þessa frv., sem hér er nú til umr. og ég hef leyft mér að flytja ásamt sex öðrum þm. Sjálfstfl., má að okkar mati finna ærnar ástæður fyrir flutningi þess og að mati okkar flm. einnig fyrir samþykkt frv. Það er kannske undirstrikun á þessu mati okkar eða kaldhæðni örlaganna, að þegar unnið var að gerð frv., þá var enn lík þeirra, sem fórust í hörmulegu slysi á s. l. vertíð frá verstöð á Suðausturlandi, að reka á land. Um það leyti, sem frv. var lagt fram, drukknuðu tveir bræður við Austurland, þegar bátur þeirra fórst í róðri. Síðasta dag ársins fórst ungur maður af einum togara okkar. Og þegar málið var tekið á dagskrá í fyrsta skipti hér á hv. Alþ., þá voru fréttir að berast um hörmulegt dauðaslys á Suðurnesjum, þegar ungur sjómaður vann þar að björgunarstörfum.

Ég held, að enginn dragi það í efa, að fiskveiðar við strendur Íslands séu einn hættulegasti atvinnuvegur, sem stundaður er hér á landi, og að á fiskiskipum okkar sé erfiðið og vosbúðin mest og vinnutíminn lengstur. En jafnhliða því að halda þessu fram er rétt að taka það fram og minnast á, að allur aðbúnaður á fiskiskipum okkar hefur batnað stórlega á síðustu árum. Skipin eru yfirleitt stærri og betur búin, betur búin nýtízku tækjum til aukins öryggis fyrir sjó-

farendur. Þá hafa líka verið ýmsar ráðstafanir gerðar á landi til þess að auka öryggi sjófarenda. Má t. d. benda á aukna þjónustu í ljós- og radíóvitakerfi okkar landsmanna, radarendurskinsmerki, sem sett hafa verið upp nýlega, staðsetningarkerfi fiskiskipa og annarra skipa, og á ég þar að sjálfsögðu við lórankerfið og þá stöð, sem staðsett er á Snæfellsnesi, sem að vísu hefur orðið fyrir nokkrum árásum ákveðinna aðila, en verið tvímælalaust til mikils öryggis bæði fyrir sjófarendur og þá, sem í lofti ferðast, og svo betri aðbúnaður hafnanna sjálfra, að ógleymdri tilkynningarskyldunni.

En þótt margt hafi verið gert vel til lands og sjávar á sviði öryggismála sjófarenda, þá er enginn efi á, að á öllum þessum sviðum má bæta um og á að bæta um, ekki síst er við horfum á staðreyndir hinna óhugnanlega tíðu sjóslysa hér við land. Eins og fram kemur í grg. þessa frv., hafa á síðustu 11 árum 254 íslenzkir sjómenn drukknað eða látið lífið af öðrum orsökum í starfi sínu, og er þá miðað við tímabilið frá sjómannadegi 1960 til sama dags 1971. Í þessum tölum eru ekki meðtaldir þeir, sem látizt hafa af afleiðingum slysa, eftir að í land var komið. Okkur flm. hefur ekki tekizt að fá upplýsingar um fjölda þeirra sjómanna, sem hlotið hafa varanleg örkuml vegna slysa í starfi sínu á þessu sama tímabili. Hins vegar má öllum vera ljóst, sem til þekkja, að þau eru því miður bæði of mörg og í flestum tilfellum orsök mikilla líkamsmeiðinga. Ég hef hins vegar nú í dag fengið upplýsingar um slysatíðni síðustu ára á fiskiskipum okkar, og þegar talað er um slysatíðni, þá á ég við þau slys, sem tilkynnt eru til Tryggingastofnunar ríkisins, en þegar þannig stendur á, þá þurfa hinir slösuðu að hafa átt í veikindum sínum í a. m. k. 10 daga, og þá er átt við bótaskyld slys, sem hafa orðið á flota okkar, og þau eru á þann veg, að árið 1968 var um 322 slík slys að ræða, 1969 284 og 1970 276. Það er eftirtektarvert og auðvitað má ræða langt mál um það, af hverju slíkt sé, en sú staðreynd liggur fyrir, að þessi slys eru algengust á togurum okkar, en þannig virðist vera, að þaðan komi tilkynningar um nær tíunda hvern áhafnarmeðlim, sem þannig slasast.

Eins og ég sagði, þá mætti tala langt mál um, af hverju slík slys eiga sér stað. Ég mun koma að því síðar. Þó vil ég aðeins geta um eitt atriði, sem hefur komið fram hjá forustumönnum sjómannasamtaka, er þeir benda á, að það sé of mikið og ótrúlega mikið af réttindalausum yfirmönnum á fiskiskipum okkar, en eins og allir vita, eru varnir gegn slysum og til öryggis áhafnar einmitt kenndar í skólum sjómanna, stýrimannaskólum og vélskóla. Þá má líka geta um það, að það er engin reglugerð til hjá okkur um veiðibúnað skipanna, um styrkleika hans eða breytingar, ef breytingar eru gerðar á honum, né um nauðsynlegan öryggisbúnað á honum. Nóg um það. En tilgangur þessa frv. er að lögbjóða jafnháa líf- og örorkutryggingu og samtök sjómanna hafa nú samið um við útgerðarmenn, en þar er um að ræða 750 þús. kr. tryggingu við dauða og 1 millj. kr. tryggingu við 100% örorku, þannig að ef um dauðaslys er að ræða og þetta frv. verður samþ., þá verða þessar tryggingar sameiginlega, hinar samningsbundnu og lögboðnu, 1.5 millj. kr. við dauða, en 2 millj. kr. við 100% örorku.

Þetta kemur nánar fram í 2. gr. frv., en áður en ég fer nokkrum orðum frekar um hana, vil ég aðeins minnast á 1. gr., en þar segja flm., að allir þeir, sem starfi á íslenzkum fiskiskipum, sem lögskráð er á, skuli tryggðir eins og segir í lögum þessum. Eins og fram kemur í grg. með frv., er tilætlan flm. að leggja fram sérstakt frv. þess efnis, að lögskráningarlögunum verði breytt þannig, að ekki verði lengur miðað við 12 rúmlesta töluna, sem skylt er að lögskrá á, heldur verði farið enn neðar og miðað við þá stærð báta og skipa, sem skylt er að skoða samkv. lögum um eftirlit með skipum. Ég held, að ekki aðeins vegna þessa máls, heldur vegna margra annarra, og það meira að segja vegna gildandi lagafyrirmæla, þá sé orðið tímabært að fara þessa leið og kannske ekki síst vegna þess áberandi þáttar í okkar útgerð allt í kringum Ísland nú á seinni árum, smábátaútgerðarinnar, en hún hefur farið mjög í vöxt, og sá sannleikur verður að segjast, að einmitt þeir, sem þar eiga hlut að máli, jafnvel aðilar, sem eru eigin húsbændur, sem ekki eiga aðild að viðkomandi verkalýðsfélögum, sem hafa einmitt gert samninga um tryggingar, þessir menn eru oft og tíðum algerlega ótryggðir. Ég held, að með því að færa niður lögskráningarmarkið komist þeir um leið undir þau mörk, sem viðkomandi stéttarfélög hafi samið um, og ef þetta frv., sem nú er til umr., verður samþ., þá verði þessir menn komnir á sama flöt og hinir, sem hafa verið á skipum, sem lögskráð er á.

Varðandi 2. gr., sem ég hef þegar nokkuð drepið á, skal á það bent, að þar eru undantekningarákvæði í 1. mgr. greinarinnar. Þar er sama undantekningarákvæðið og er í hinum almennu skilmálum tryggingarfélaga eða aðildarfélaga sambands slysatryggjenda, eins og segir í gr., og eru þessar undantekningar helztar þær, að undantekin eru: Í fyrsta lagi slys af völdum hernaðaraðgerða, kjarnabreytinga og þess háttar. Eins og allir vita, hefur þetta atriði í mörg ár verið í viðkomandi löggjöf eða samningum sjómanna, og bendi ég m. a. á svokallaðar stríðstryggingar. Í öðru lagi slys, sem verða í handalögmálum undir áhrifum eitur- og deyfilyfja eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband sé á milli ástands þessa og slyssins. Og svo í þriðja lagi slys, er verða vegna stórkostlegs gáleysis hins tryggða og vegna ásetnings. Þetta eru hinar almennu undantekningar, sem tryggingafélögin hafa. En eins og kemur fram í frv., 7. gr. frv., þá er reiknað með, að þessar tryggingar verði boðnar út fyrir sjómenn í heild sem hóptrygging, og sú framkvæmdanefnd, sem lögin gera ráð fyrir, skal sjá um það útboð. Hún skal einnig sjá um að velja úr, hvaða tilboði skuli tekið, og hún skal líka koma fram sem aðili fyrir hina tryggðu, ef talið er, að á þá sé hallað.

Það, sem kannske mun valda mestri gagnrýni á þetta frv., er tekjuöflunarleiðin. Við flm. leggjum til, að iðgjaldakostnaður skiptist að jöfnu og verði helmingur tekinn af útflutningsgjaldi, en hinn úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þegar haft er í huga, að vátryggingariðgjöld fiskiskipanna

sjálfra eru greidd með hluta af útflutningsgjaldi, og við horfum líka fram á það, og kannske er það enn meira áberandi nú síðustu daga, þegar bent er á, að þessi gjöld eru allt of lág, og það liggur jafnvel fyrir, að þau þurfi að hækka stórkostlega, þá sýnist okkur flm. ekki úr vegi, að nokkur upphæð af þeirri gífurlegu upphæð, sem fer til þessara trygginga, skuli fara til þess að tryggja áhafnir hinna sömu skipa. Á árinu 1970 var þetta útflutningsgjald samtals 401 millj. 779 þús. kr. og svo nokkrar kr. og aurar, sem ekki ber að nefna í sambandi við svo háar upphæðir. En til trygginga fiskiskipanna fór 80% af þessari upphæð eða 321 millj. 423 þús. kr. rúmar. Sá kostnaður, sem hefur verið ætlaður af framkvæmd þessa frv., sem sé helmingur kostnaðar af útflutningsgjaldi, mun aldrei geta numið meiru en 25—30 millj., og jafnvel þó að það færi upp í 35 millj., þá mundi það ekki vera nema tæp 10% af því, sem fer til tryggingar skipanna sjálfra. Eins og ég sagði, er það ljóst, að það mun vanta tugi millj. til þess að anna þessum greiðslum á tryggingu skipanna nú í ár, og ef sama skipulag verður áfram, þá teljum við flm. ekki óeðlilegt, að þetta gjald muni þá hækka í prósentum sem því nemur til þess að slík trygging geti komizt á.

Við leggjum jafnframt til, eins og ég sagði, að helmingur iðgjaldsins komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Að vísu skal ég fyrst og fremst viðurkenna það, að margir óvelkomnir baggar hafa verið lagðir á þann sjóð á undanförnum árum. Þangað hefur líka safnazt mikið fé. Í hann greiða útgerðarmenn eins og aðrir atvinnurekendur, ásamt flestum sveitarfélögum. Ef við höfum það í huga, að flestöll byggðarlög hér á landi og sveitarfélög eiga allt sitt undir því, að það sé stunduð útgerð þaðan og fiskveiðar, þá finnst okkur flm., að við séum ekki með neina ófyrirsynju, þegar við leggjum þetta til, hafandi það í huga, að afli fiskimannanna er grundvöllur þess, að atvinnulíf geti blómgazt á viðkomandi stöðum. Nú getur sitt sýnzt hverjum um þessa tekjuöflun og skoðanir verið skiptar um það, hvort fara eigi þessa leið eða aðra. Og ég tel sjálfsagt að skoða þetta nánar í n., eins og aðrar greinar frv. Fyrir hv. Alþ. liggur nú annað frv., sem ég hef orðið var við, að er ruglað saman við það, sem hér er til umr. nú. Ég á þar við frv. til l. um breyt. á siglingalögunum á þskj. 25, sem ég er meðflm. að með hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, 4. þm. Vesturl. Það frv. gerir ráð fyrir, að lögfest verði svonefnd hlutlæg ábyrgð útgerðanna. Þá öðlast hinn slasaði bótarétt án tillits til þess, með hverjum hætti tjónið hefur að höndum borið, nema hann sé meðvaldur þess eða meðábyrgur. Til nánari skýringar vil ég, með leyfi forseta, vitna með nokkrum orðum í grg. þessa frv., en þar segir m. a.:

„Í siglingalögum, nr. 66/1962, eru ákvæði um fébótaábyrgð útgerðar á kröfum út af lífs- eða líkamstjóni skipverja eða annarra, sem í þágu skips vinna. Samkv. 8. gr. laganna ber útgerðarmaður ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu, m. ö. o. sök þarf að vera fyrir hendi (ásetningur eða gáleysi). Samkv. ákvæðum þessum er því ekki um bótarétt að ræða, ef slys orsakast af óhappatilviljun, náttúruhamförum“ — og þ. á m. ef um brotsjó er að ræða — „eða öðrum viðlíka ástæðum, t. d. ef slys stafar af hálku á þilfari. En þarna getur oft verið mjótt á mununum, erfið sönnunaratriði og óviss úrslit. Réttarrannsókn verður oft viðamikil og málaferli langdregin og kostnaðarsöm. Stærri málum af slíku tagi lýkur varla fyrr en með dómi Hæstaréttar. Allan þann tíma verður hinn slasaði að bíða í óvissu með málalok. Dómsniðurstaða getur orðið með ýmsum hætti, eins og dæmin sanna.“

Lýk ég þá tilvitnun í grg. þessa frv.

Í grg. þessa frv., sem hér er til umr., er farið nokkrum orðum um, af hverju samningsbundnar tryggingar sjómanna séu jafnlágar og raun ber vitni um. Það er einnig bent á, að auk góðra launa og góðs aðbúnaðar séu það tryggingarnar, sem geti haft úrslitaáhrif á, hvort sótzt sé eftir störfum á fiskiskipaflotanum eða ekki. Það er enn fremur bent á sífellt vaxandi þunga sjómannasamtakanna í kröfum sínum um bættar og auknar tryggingar og líkindi þess, að betur gangi að ná samningum saman, ef Alþ. viðurkenni enn frekar sérstöðu sjómannastéttarinnar með samþykkt þessa frv. Nú tókust samningar um bátakjörin um s. l. áramót, og mér er tjáð af samningsaðilum, að meðal þess, sem gerði þá farsælu lausn mögulega, hafi verið fyrirheit hæstv. sjútvrh. um úrbætur í tryggingamálum sjómanna. Hvort það frv., sem hér er til umr., eða það, sem ég drap á, um breytingu á siglingalögunum, eða bæði verða lögð til grundvallar í lofaðri athugun slíkra umbóta, veit ég ekki, en tel rétt að benda á, að í sjálfu sér er um óskyld mál að ræða, þótt um bæði megi segja, að þau séu til úrbóta á tryggingamálum sjómanna.

Herra forseti. Enginn skal frekar viðurkenna heldur en ég, að það mun erfitt reynast að koma í veg fyrir sjóslys við Íslandsstrendur, þótt fyllsta aðgæzla sé viðhöfð. Kemur þar m. a. til lega lands okkar, umhleypingasöm veðrátta, auk hinnar hörðu sóknar fiskimanna okkar. En við, sem þetta frv. flytjum, teljum sjálfsagt og skylt, að svo sé um búið, að sá, sem fyrir slysi verður, fái tjón sitt bætt, eða erfingjar hans, ef um dauðaslys er að ræða, og þær bætur séu í nokkru samræmi við þá áhættu, sem starfi fiskimanna okkar fylgir. Við teljum einnig, að auknar tryggingar sjómanna verði til frekari átaka í öryggismálum allra sjófarenda til lands og sjávar, svo að greiðslu slíkra trygginga þurfi sem sjaldnast að krefjast.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Þingsköp Alþingis (frv. EystJ o. fl.).

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [156. mál] (þmfrv., A. 293).

Á 37. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. 26. febr. 1969 var samþ. á Alþ. svo hljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að fela þingforsetum ásamt einum fulltrúa frá hverjum þingflokki að íhuga og endurskoða starfshætti Alþingis. Álit og till. um þetta skal síðan leggja fyrir Alþingi."

Þessi n. var síðan sett á laggirnar og hefur starfað síðan nokkuð, og fyrir áhrif frá henni, sumpart bein og sumpart óbein, hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til bóta varðandi aðstöðu þingmanna og þingflokka og raunar starfshætti Alþingis. Ég ætla ekki nú að gefa yfirlit yfir það, sem gerzt hefur í þessu, hv. þm. er það mjög vel kunnugt, og læt ég því nægja að minnast á það, að þessi n. var sett á fót og henni var í raun og veru ætlað að vera starfandi áfram um nokkuð langan tíma og vera eins konar sambandsnefnd á milli forseta Alþingis og fulltrúa þingflokkanna, og þannig hefur hún unnið.

Eitt af því, sem þessi n. hefur íhugað, eru þingsköp Alþingis, og þá kom það fljótlega í ljós, að fyrir lágu till. um breytingar á þingsköpum Alþ., sem samdar voru af sérstakri n., sem sett hafði verið á laggirnar í maímánuði 1966 og hafði unnið að því að endurskoða þingsköpin og gert um það efni frv. N. um starfshætti Alþingis skoðaði þetta frv., og hefur raunar farið yfir það oftar en einu sinni á þeim tíma, sem hún hefur starfað, og hefur fallizt á, að þetta frv. væri til bóta frá því fyrirkomulagi, sem nú er í ýmsum greinum varðandi þingsköp Alþingis.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er því samið af 7 manna undirbúningsnefndinni, en hefur í nesti meðmæli frá þeirri n., sem unnið hefur að því að endurskoða starfshætti Alþingis. Við flm. flytjum þetta frv. í raun og veru að ósk þessarar n. Við flytjum það með þeim fyrirvara, að við höfum óbundnar hendur um brtt., sem fram kunna að koma, eða gera sjálfir brtt., ef okkur sýnist þetur mega fara um einstök atriði, en við töldum skynsamlegt, að frv. kæmi fram núna strax, það yrði ekki dregið lengur, að það kæmi fram til 1. umr. og því vísað til n. og þá í þeirri von, að frv. gæti orðið að lögum á þessu þingi. Okkur sýnist raunar mál til þess komið, því að þetta er í fjórða sinn, sem þetta frv. er flutt óbreytt.

Ég mun nú að höfðum þessum formála með örfáum orðum greina frá því, hverjar aðalbreytingarnar eru í þessu frv. frá því fyrirkomulagi, sem nú er.

Það er lagt til í fyrsta lagi, að kjörbréfanefnd Alþingis verði kosin fyrir allt kjörtímabilið í senn, en ekki hvert Alþ. eins og nú er.

Þá er lagt til, að ef sæti Ed.-þm. losnar og varamaður tekur sæti hans á þingi, þá skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til Ed.

Í þriðja lagi er lagt til, að nm. í utanrmn. verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður n. eða ráðh. kveður svo á, að þannig skuli það vera.

Í fjórða lagi eru sett ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðh. óska að gefa Alþ., og um rétt þm. til þess að óska þess, að ráðh. gefi slíkar skýrslur.

Í fimmta lagi eru ákvæðin um fsp. í Sþ. gerð fyllri en nú er og stefnt að því að gera umr. um þær styttri og hnitmiðaðri en enn hefur átt sér stað. Er lagt til, að munnlegar fsp., sem við köllum, þ. e. a. s. þær, sem á að svara munnlega og kallaðar eru munnlegar fsp. í frv., verði teknar fyrir á sérstökum fundi í Sþ., þannig að þær dragi ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þm. geti borið fram skrifl. fsp., er ráðh. svara síðan skriflega. Gert er ráð fyrir því, að ræðutími verði takmarkaður meira en verið hefur fram að þessu, þannig að ráðh. megi ekki tala lengur en 10 mín. Það hefur spillt fyrirspurnatímanum á Alþ., að mjög hefur viljað við brenna, að ráðh. svari með löngum ræðum þeim fsp., sem upp eru bornar. En til þess er auðvitað ekki ætlazt. Það er í lófa lagið fyrir þann ráðh., sem ekki telur sig koma öllu því á framfæri, sem hann vill, á þeim 10 mín., sem hugsaðar eru eftir frv., að láta þá koma frá sér til viðbótar skriflega grg., sem útbýtt er til þm.

Í sjötta lagi er þess að geta, að í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumr. er lagt til, að það nýmæli verði nú upp tekið, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umr. komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umr. um hana. Þá er enn fremur stungið upp á, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumr., sem standi í eitt kvöld, en ekki tvö, eins og verið hefur, og skuli þessar umr. vera eldhúsumr. þær, sem fram að þessu hafa farið fram, þ. e. a. s. það er lagt til að stytta eldhúsumr. úr tveimur kvöldum í eitt.

Í sjöunda lagi er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið, og þá er að sjálfsögðu átt við bæði hljóðvarp og sjónvarp, óskar að útvarpa eða sjónvarpa umr. frá Alþ. eða hluta af umr., þá verði það heimilað, að höfðu samráði við formenn þingflokka, þ. e. a. s. þetta verði á valdi forseta í samráði við formenn þingflokka.

Þetta eru aðalatriðin í þeim breytingum, sem upp á er stungið. Svo eru önnur smærri atriði, sem ekki er ástæða til þess að tefja tíma manna við að hlýða á að þessu sinni, þar sem ég geri ráð fyrir, að hver einasti þm. hljóti að setja sig inn í þetta frv. Ég skal taka það fram, að persónulega tel ég, að fleira gæti komið til greina í þessu sambandi, sem ég mun koma á framfæri fyrir mitt leyti við þá n., sem þetta mál fær til íhugunar, en ég vil aðeins minnast hér á eitt atriði.

Mér finnst fsp.-umræður á Alþingi ekki hafa tekizt nógu vel. Þær hafa orðið allt of langdregnar, og einkum finnst mér það ljóður, að sumar hafa orðið að almennum stjórnmálaumr., sem er alveg óviðeigandi og alls ekki til þess ætlazt, að svo verði. En þannig hefur þetta farið.

Ég held, að okkur hafi ekki tekizt eins vel með fsp.-umr. hér eins og tekizt hefur í mörgum öðrum þingum, þar sem umr. hafa fengið það snið, að ræður hafa verið örstuttar og varla sagt nokkurt óþarfa orð, aðeins miðað við að fá vitneskju, en ekki að rökræða fram og aftur. Þannig eiga þessar umr. auðvitað að vera. Mér finnst, að það ætti annaðhvort að leyfa einungis fyrirspyrjanda og ráðh. að talast við eða þá og kannske öllu heldur að takmarka enn þá meira ræðutíma þeirra, sem ekki eru fyrirspyrjendur, til að mynda leyfa þeim einungis tveggja mín. ræðu. Tveggja mín. ræða á að vera kappnóg til þess að stinga fram fsp. um viðbótarvitneskju, sem menn vilja fá. Það er algerlega ástæðulaust að ætla sér lengri tíma til þess. Þetta vil ég biðja n., sem fær þetta mál til meðferðar, að íhuga, og ég hugsa, að það væri réttara að taka síðari leiðina: að takmarka meira ræðutímann, en banna ekki þátttöku annarra en þeirra, sem spyrja, því að oft gæti verið ávinningur að því, að menn styngju fram fsp. í framhaldi af upplýsingum, sem koma fram frá ráðh. eða fyrirspyrjanda. Þetta getur verið ávinningur, ef það er gert á þann hátt, sem til er ætlazt, að umr. fari fram í fsp.-tíma. Þetta eigi ekki að vera pólitískar kappræður eða vera með þingmálafundasniði eða framboðsfundasniði. Það gæti einnig komið til greina að stytta þessa tíma úr 10 mín. og 5 mín., því að sannast að segja er óþarfi fyrir fyrirspyrjanda að tala í 5 mín. Fsp. liggur fyrir prentuð. Þm. reynir að setja hana þannig fram, að hún sé vel skiljanleg, og ef nákvæmlega væri rannsakað það, sem menn segja í sambandi við fsp., þá mundi það koma í ljós, að flest af því mætti algerlega missa sig og það væri í raun og veru alveg nóg að lesa fsp. upp. Venjulega eru þær samdar þannig. Menn geta gert sér nokkuð í hugarlund, hvernig þetta er framkvæmt annars staðar, á því, að t. d. í brezka þinginu er ætluð ein klst., eftir því sem ég bezt veit, á viku eða eitthvað nálægt því fyrir fsp. og svör, og á þessari einu klst. munu vera bornir upp fleiri tugir fsp. og þeim svarað. Menn geta svo á næstu vikum gert sér það að leik að bera þetta saman við þær umr., sem fara fram um fsp. hér hjá okkur.

Sannast að segja er mjög nauðsynlegt að ýta heldur undir fsp. en hitt. Þær eru alveg prýðilegur liður í störfum Alþ. og ákaflega gagnlegur þáttur. Þess vegna ættum við að ýta undir fsp., ekki gera neitt til þess að hindra þær. En leiðin til þess að ýta undir þær er að koma þeim fyrir á styttri tíma. Nú gengur þetta þannig, eins og við vitum, að það gengur mjög lítið með mál í Sþ., aðallega vegna þess, hve fsp. taka langan tíma, þó að þær séu í raun og veru mjög fáar. Það eru í raun og veru mjög fáar fsp., sem hér eru bornar fram, samanborið við það, sem gerist í öðrum þingum. En þetta tekur hér miklu, miklu lengri tíma en annars staðar tíðkast og heldur en á og þarf að vera. Þetta er nú til skoðunar í sambandi við þetta mál.

Fleiri einstök atriði gætu að sjálfsögðu komið til greina. Ég vil loks benda á, að ég hygg nauðsynlegt að stytta nokkuð þann ræðutíma, sem hverjum flokki er ætlaður í útvarpsumr. í frv. Flokkarnir eru nú orðnir 5, og ég tel, að það væri alveg nægilegt að ætla hverjum flokki í kappræðum frá Alþ. 30 mín., til að mynda skipt þannig: 15 mín. í 1. umferð, 10 mín. í 2. og 5 mín. í þeirri síðustu, í stað þess að það er ætlað aðeins meira í frv. Ég tel vel koma til greina og raunar eðlilegast að stytta umr. þannig.

Við eigum auðvitað að reyna að keppa að því að hafa sem mest af pólitískum umr., en losa okkur við langlokuræðurnar, og reyna að setja okkar mál fram í skýrara og styttra máli en okkur hefur tekizt fram að þessu. Ég hygg, að það sé mjög vel hægt, en þá þurfum við sjálfsagt að klemma okkur nokkuð með tímatakmörkunum til þess að ná lagi á þeirri iþrótt.

Það eru raunar tvö önnur atriði, sem ég tel, að ástæða hefði getað verið til að minnast á, en ég mun ekki hafa þessa framsögu lengri, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari 1. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þingsköp Alþingis eru að meginstofni til frá 1936, en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan, seinast, að ég ætla, árið 1964. Eins og hv. 1. flm. þessa frv. gat um, var hafin endurskoðun á þingsköpum fyrir nokkrum árum, og var samið frv. það, sem hér liggur fyrir og nú er flutt í fimmta sinn. Þetta er ákaflega furðuleg saga, þegar þess er gætt, að frá upphafi hafa fulltrúar allra flokka verið sammála um þetta frv. og verið flm. að því. Fjórum sinnum hefur þetta sameiginlega frv. allra flokka verið flutt og fjórum sinnum hefur það dagað uppi í n. og ekki hlotið afgreiðslu. Nú er það flutt í fimmta sinn, og skulum við vænta þess, að eitthvað hafi skipazt, þannig að nú geti orðið samstaða um að gera þær endurbætur, sem nauðsynlegar eru á þingsköpum. Ég tel, að margt og raunar flest í þessu frv. sé til bóta.

Hv. 1. flm. rakti efni frv. og bætti við aths. til viðbótar og ræddi þar einkum um fsp. Ég vildi aðeins við þessa 1. umr. minnast á fáein atriði til athugunar fyrir hv. allshn., sem fær málið til meðferðar.

Ég vil taka mjög undir það með hv. 1. þm. Austf., að ákvæðin um fsp., reglurnar um fsp. hafa að sumu leyti misst marks. Það var ætlunin, þegar þau voru lögtekin, að hér yrði um að ræða fsp., sem tækju stutta stund í upphafi hvers fundar í Sþ., í áttina við það, sem væri í öðrum þjóðþingum og alveg sérstaklega í brezka þinginu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að fsp. taka oft mjög langan tíma og stundum er það þannig á fundum í Sþ., að þar sem byrja skal fund með fsp. samkv. þingsköpum, þá fer meginhluti fundartímans, a. m. k. fram undir kl. 4, í fsp., þannig að önnur mál komast ekki að. Einhverjar breytingar þarf hér á að gera, og tel ég mjög athyglisvert það, sem lagt er til í frv.

Varðandi það atriði, hvort eigi að takmarka ræðutíma manna eða heimild til að taka til máls frekar en gert er í frv., er sjálfsagt að athuga það. Þó ætla ég, að í hugmynd hv. 1. flm. um að takmarka ræðutíma manna, annarra en fyrirspyrjenda, við 2 mín. sé helzt til naumt skammtað, og býst ég við, að mörgum þm. muni þá þykja þröngt fyrir dyrum, ef þeir mega ekki tala lengur en 2 mín., og sumum fyndist þá kannske varla

taka því að fara upp í ræðustólinn með slík takmörk. Mér finnst hin hugmyndin líka koma mjög til athugunar, að fyrirspyrjandi tali fyrst, síðan svari ráðh., fyrirspyrjandi megi síðan gera aths. og síðan sé umr. lokið, þannig að aðrir komi þar ekki inn í umr. heldur en fyrirspyrjandi og ráðh. Það finnst mér einnig mjög til athugunar, og ef sá háttur yrði hafður á, þá held ég, að fsp. mundu ná tilgangi sínum og verða innan þess ramma, sem upphaflega var til ætlazt.

En í sambandi við fsp. eins og nú er, þá er athugandi, að fundir í Sþ. eru og hafa undanfarin ár verið með þeim hætti, að ákaflega örðuglega gengur að þoka málum þar áleiðis. Þess eru dæmi, m. a. á þessu þingi, að till., sem fram eru bornar í Sþ., þurfa að bíða vikur, jafnvel mánuði eftir því að komast til umr. eða komast til n. Þetta stafar af miklu annríki, einkum af þáltill. og fsp. í Sþ. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að nokkuð er farið að bera á því, að till. til þál. eru nú fluttar í deildum í stað Sþ., fyrst og fremst og ég ætla jafnvel eingöngu vegna þess, að þá eru líkur til, að þær komist fyrr á dagskrá. Hér er málefni, sem þarf athugunar við, á hvern veg er hægt að breyta starfsháttum að þessu leyti, þannig að málefnum þoki betur áfram í Sþ.

Eitt atriði er enn í þessu sambandi, sem mér finnst þurfa að athuga í sambandi við þingsköp, og það eru fsp. utan dagskrár og umr. utan dagskrár. Nú hefur það jafnan tíðkazt í Alþ., að öðru hverju væru gerðar aths. eða fsp. til ráðh. utan dagskrár, og er ekkert við það að athuga. En hitt kemur einnig fyrir, að þær umr. taka meginhluta fundartímans. Er þess skemmst að minnast nú fyrir tveimur dögum, þegar fsp. var gerð út af mikilvægu máli hér í hv. Nd., að þær umr. stóðu fram undir kl. 4, þannig að þá fyrst var unnt að ganga til dagskrár, þegar fundartími var að lokum kominn. Ég ætla, að alveg eins og þörf er á að setja almennar reglur um fsp. og endurskoða þær reglur, sem nú eru, þá væri það athugandi fyrir allshn., hvort ekki ætti einnig að setja einhverjar reglur um fsp. og umr. utan dagskrár, þannig að slíkar umr. gangi ekki um of út á meðferð almennra þingmála.

Það er einnig í sambandi við þingnefndir, sem ég vildi beina því til hv. allshn., að hún taki eitt atriði til athugunar. Í þingsköpunum er nú svo ákveðið um eina n. í þingi, að hún skuli einnig starfa milli þinga. Í 16. gr. þingskapanna segir: „Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Slík ákvæði eru ekki um aðrar þingnefndir. Ég ætla hins vegar, að það væri til gagns fyrir meðferð mála, ef heimilt væri að kveðja þingnefnd til starfa einnig milli þinga. Nú hefur þetta verið gert að vissu leyti, án beinnar heimildar í þingsköpum, á þann veg, að nm. eru kallaðir stundum til, áður en þing kemur saman, til að athuga einstök mál, og einkum á það sér stað varðandi fjvn. eða fulltrúa frá fjvn. Fyrir nokkrum árum var sá háttur tekinn upp að kveðja form. fjvn. til starfa strax að hausti í sambandi við undirbúning fjárl., þannig að hann gæti fylgzt með og tekið þátt í þeim störfum ásamt starfsmönnum fjmrn. strax frá byrjun eða a. m. k. frá, að ég ætla, seinni hluta sumars. Þetta ætla ég, að hafi orðið til gagns fyrir störf fjvn., þegar þar að kom. Síðan hefur þessi starfsemi verið aukin að því leyti, að fleiri fulltrúar úr fjvn. hafa verið kvaddir til starfa við undirbúning fjárl., en mér finnst það væri athugandi, ekki aðeins varðandi fjvn., heldur ýmsar aðrar n., að í þingsköpunum væri bein heimild til þess að þingnefndir störfuðu milli þinga, eftir því sem tilefni gæfust til, þannig að ýmist ríkisstj. eða einstakir ráðh. óskuðu eftir því og þá að sjálfsögðu í samráði við formenn þingnefnda.

Loks er eitt atriði, sem ég vildi einnig beina til hv. n., og það er um að endurskoða ákvæði þingskapanna um atkvgr. og kosningar í þingi. Því er ekki að neita, að sum ákvæði þeirra eru ekki nógu ljós og hafa jafnvel verið umdeild. Á ég þar sérstaklega við það atriði, hvernig skuli meta atkv. þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir greiða ekki atkv., og um gildi auðra seðla. Þetta kom m. a. til athugunar í byrjun þessa þings varðandi túlkun á 3. gr. þingskapanna. En í 3. gr. þingskapa segir: „Rétt kjörinn forseti er sá, er hefur meira en helming greiddra atkv., þeirra er á fundi eru.“

Hér hefur verið uppi tvenns konar skilningur: Annars vegar, að meiri hl. þm. þurfi beinlínis að kjósa einn tiltekinn mann og það sé ógild kosning, ef forseti eða varaforsetar fá minna en helming atkv., þ. e. a. s. ef meiri hl. þm. skilar auðum seðlum. Aðrir hafa aftur á móti túlkað þetta svo, að það væri gild kosning, jafnvel þó að meiri hluti þm. skilaði auðum seðlum. Ég skal hér engan dóm á þetta leggja, en bendi á, að bæði um túlkun á þessu ákvæði í 3. gr. þingskapa og raunar á fleiri ákvæðum þingskapa um atkvgr. er nokkur vafi, hvernig eigi að skilja. Og það væri mjög æskilegt, ef hv. allshn. vildi taka það til athugunar, hvort hún treysti sér til þess að gera þau ákvæði skýrari um kosningar og atkvgr. innan þingsins, sem nú hefur verið og lengi hefur verið ágreiningur um, hvernig skyldi túlka.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins til þess að benda hv. þm. á, að frv. hefur verið útbýtt á nýjan leik prentuðu upp, og það er vegna þess að það féll niður að prenta fskj., sem átti að vera með, en fskj. fjallar um útvarp frá þjóðþingum. N., sem starfaði að þessu máli, safnaði upplýsingum um útvarp og sjónvarp frá þjóðþingum margra landa og setti það í skýrslu, sem prentuð var með. Hún hafði fallið niður núna, en úr því hefur verið bætt, og ég vildi benda hv. þm. á að kynna sér þau efni.

Í þessu frv. er sjónvarp frá Alþ. raunar lagt á vald forsetanna í samráði við formenn þingflokkanna. Við höfum ákaflega litla reynslu í þessu efni, eins og að líkum lætur, þar sem sjónvarp hefur ekki lengi verið hér í landi, en auðvitað væri ákaflega æskilegt að geta komið því þannig fyrir, að sjónvarpið héldi innreið sína á Alþ. Það væri að mínu viti mjög æskilegt og þýðingarmikið, en afar vandasamt, hvernig hægt er að ganga frá því, svo að vel fari, og þess vegna mun n. ekki hafa treyst sér til að setja neinar reglur um þetta í frv., til að mynda líkar þeim, sem hliðstæðar eru um útvarp í þingsköpum, en

látið þetta algerlega á vald þingforsetanna og flokkaformannanna.

Ef menn hefðu hugmyndir um það, hvernig skynsamlegt og æskilegt væri að koma fyrir sjónvarpi frá Alþ., þá væri það áreiðanlega mjög vel þegið af forsetum þingsins, sem eru að íhuga þessi efni, að fá að heyra frá hv. þm. um það, og ég efast ekki um, að hv. allshn. mundi líka taka fegins hendi öllum bendingum, sem hv. þm. vildu koma á framfæri til hennar. En þetta er efni, sem er í skoðun, og væri mjög æskilegt að heyra hugmyndir manna um þau atriði einmitt nú.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar frv. þetta var upphaflega samið, var sjónvarp á Íslandi ekki nema tæplega tveggja ára og hafði því nýlega haldið innreið sína í landið. Í 20. gr. frv. segir svo, að inn í þingsköp skuli koma ný grein á þá lund, að í kaflanum, sem er um útvarps- og sjónvarpsumr., V. kaflanum, er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á. Hugmynd n. var sú, að sá ræðutími, sem tiltekinn er í hljóðvarpsumr., sé í raun og veru hámark og það sé á valdi þingforseta og þingflokkanna að gera samkomulag um styttri ræðutíma, sem verður sjálfsagður, þegar mögulegt verður að sjónvarpa úr þinginu. En meginatriði þessa máls er, að þegar frv. var samið og enn í dag er í raun og veru ekki hægt að sjónvarpa beint frá Alþ. Til þess að sjónvarpa frá stöðum utan sjónvarpsstöðvarinnar sjálfrar við Suðurlandsbraut þarf töluvert mikil og dýr tæki, sem byggjast á því, að til þarf að vera lítil sjónvarpssendistöð, sem hægt er að setja upp á staðnum. Það yrði að vera hægt að láta þá litlu stöð sjónvarpa til aðalsendistöðvarinnar. Það yrði m. ö. o. að vera annaðhvort hér í alþingishúsinu eða í bílum í nágrenninu lítil sjónvarpsstöð, sem sendi myndina áleiðis. Vegna þess, hvernig landslag er í Reykjavík, yrði sennilega að vera endurvarpsstöð í turni Hallgrímskirkju, það er líklegasti staðurinn, sem síðan varpaði myndinni aftur niður til sjónvarpsstöðvarinnar við Suðurlandsbraut. Allt, sem þessu fylgir, er mjög dýrt, og Ríkisútvarpið hefur enn ekki treyst sér til að kaupa þessi tæki. Á hinn bóginn hefur slíkt sjónvarp, að ég hygg, tvisvar sinnum verið reynt með bráðabirgðatækjum. Það var gert, þegar handritin komu. Þá var sjónvarpað beint neðan frá höfninni með bráðabirgðatækjum, og það tókst. En það eru ekki tæki, sem hægt er að nota til frambúðar.

Þegar þessi vandi leysist, en það kostar sjálfsagt á milli 10 og 15 millj. fyrir Ríkisútvarpið, þá rís upp annar vandi, sem er tengdur við þennan litla og þrönga sal. Það er varla hægt að hugsa sér erfiðari aðstöðu til þess að sjónvarpa heldur en er í þessum þingsal. Hvað eftir annað hafa komið hingað kvikmyndatökumenn, bæði frá okkar eigin sjónvarpi og einnig aðrir, og við höfum séð það, að myndirnar, sem þeir sýna héðan, eru alltaf nákvæmlega eins. Það tekur varla nokkur maður eftir því, þó að þeir blekki okkur stundum á saklausan hátt með því að sýna myndir af umr., sem fóru fram hálfum mánuði eða mánuði áður, þegar engin tíðindi gerast hér. Enda sjáum við það oft, sem erum húsum kunnug, að stundum eru sýndar gamlar myndir með frásögn af umr., sem fóru fram sama dag. Þar sjáum við í salnum varamenn, sem hafa ekki verið hér í marga mánuði, eða það sitja hér aðalmenn, sem við vitum, að eru fjarverandi. Þetta stafar af því, hve möguleikarnir í þessum sal eru litlir. Aðstaða er engin, og ég hygg, að forsetar þyrftu að ræða bæði um kvikmyndatöku og ljósmyndatöku í salnum, með hvaða hætti hún á að vera. Myndatökumenn vaða í raun og veru inn í salinn, eftir því sem þeim sýnist.

Ég vil taka það fram, að skýrslan, sem hv. 1. flm. benti á, um útvarp frá þjóðþingum, er 5 ára gömul. Ég skal játa höfundarrétt að henni og ábyrgð á henni, en hún er 5 ára gömul, og það, sem gerzt hefur síðan erlendis, er ekki í henni. Mér er þó ekki kunnugt um, að það hafi orðið neinar stórbreytingar, að öðru leyti en því, að brezka þingið, sem mjög er tekið til fyrirmyndar í sambandi við starfshætti og þingsköp, gerði kostnaðarsama tilraun með lokað sjónvarp úr lávarðadeildinni. Ég held, að þeir hafi ekki gert það í fulltrúadeildinni. Þetta var ekki sent út, heldur var sjónvarpað úr salnum og síðan hægt að horfa á það og fylgjast með því á vissum stöðum annars staðar í byggingunni. Og niðurstaðan varð neikvæð. Þeir leyfðu ekki sjónvarp úr þingsölum, og það er raunar ekki heldur leyfilegt að taka ljósmyndir á þingfundum í London enn í dag.

Á hinn bóginn hafa verið tekin í notkun ný þinghús eins og t. d. bráðabirgðaþinghúsið í Stokkhólmi, þar sem aðstaða til sjónvarps er mjög góð, og sennilega mætti benda á þingsal Sameinuðu þjóðanna í New York sem mjög gott dæmi um góða lausn á þessum málum, því að þar er ætlazt til þess, að ljósmyndarar, kvikmyndatökumenn og sjónvarpsmenn séu allir í þar til gerðum stúkum á 2. hæð, þar sem mjög góð yfirsýn er yfir salinn. Þeir geta tekið þar nærmyndir með tækjum sínum, en þeir eru aldrei í salnum og trufla aldrei störf þingsins, hvað þá að þeir fái að fara inn í salinn meðan á fundum stendur. Þeir fá auðvitað að fara þangað, þegar fundir standa ekki yfir.

Ég vona, að Ríkisútvarpið fái fljótlega tæki til þess að geta sjónvarpað beint utanhúss, án þess að taka kvikmyndir, sem síðan verður að framkalla og kópiera. Ef til þess kemur, meðan við erum enn í þessu húsi, þá mun þurfa að athuga mjög, hvar og hvernig er hægt að veita sjónvarpi aðstöðu til þess að verkið sé vinnanlegt hér innanhúss. Það er alls ekki létt verk, og sjónvarp hefur yfirleitt truflað störf þingsins, meðan á slíku hefur staðið. Það eru opnaðar hurðir, sem alltaf eru lokaðar, og ljós eru sérstakt vandamál í þessu sambandi, því að það þarf að setja upp sérstaka lampa til að auka lýsingu. Í sölum, sem byggðir eru nú á dögum, er aðallýsing þannig, að nægi til allrar myndatöku og þurfi aldrei að nota svokölluð flassljós eða föst ljós við kvikmyndatöku og sjónvarp.

Ég get tekið undir það, sem aðrir ræðumenn hafa sagt, að frv., sem er orðið yfir 5 ára gamalt, er þess virði að athuga það nánar, og það eru ýmis ákvæði í því, sem sjálfsagt er að breyta í

meðförum. Það er t. d. grein um skrifstofustjóra Alþingis, þar með ýmis ákvæði, sem eru orðin algerlega úrelt. Þar er t. d. vísað í launalög, sem ekki eru lengur til. Ég hygg, að hugsunarháttur manna hafi tekið nokkrum breytingum. Umdeildasta greinin í þessu frv. er grein um útvarps- og sjónvarpsumr., en þar hafa komið fram mjög mismunandi skoðanir, og vildu sumir, þegar frv. kom fyrst fram, að það væru engar beinar útvarpsumr., en að fréttamiðlunum væri heimilt að útvarpa héðan, sjónvarpa eða taka upp og prenta alveg eins og miðlarnir sjálfir vilja og þegar þeir vilja. Þess munu ekki vera mörg dæmi, ef þau eru nokkur til, að það sé sérstök grein í landslögum um það, hvernig á að útvarpa frá löggjafarsamkomunni. Hins vegar höfum við haft slíka grein og þetta er orðin hefð hjá okkur, og þau ákvæði, sem eru í frv. t. d. um lengd umr., eru málamiðlun. Í n., sem samdi þetta frv., voru menn, sem vildu ganga lengra í að skera niður ræður, hafa þær styttri, og aðrir, sem vildu varla ganga svona langt. Þetta er málamiðlun, 5 ára gömul, og þess vegna er eðlilegt, að n., sem fjallar um frv., ræði þetta frá grunni og athugi það, að hvaða leyti hún vill gera breytingar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. nú. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til þess að undirstrika það, að þar sem þetta frv. er frv. um þingsköpin, ný þingsköp, og er búið að vera fyrir fjórum þingum og er nú lagt fram að nýju í samráði við flokkana, þá finnst mér, að flokkarnir eigi að taka höndum saman á þessu þingi og ljúka því verki að endurskoða þingsköpin. Það er enginn efi á því, að það er ekki mikið verk að endurbæta þingsköpin frá því, sem nú er, og við höfum fengið af því góða reynslu á liðnum árum, og ýmsar augljósar ábendingar hafa komið fram. Mér finnst, að við eigum ekki að setja of mikið fyrir okkur, að við séum að semja þingsköp fyrir alla framtíð. Þetta er eins og önnur lög, sem hægt er að breyta eftir hendinni við og við með einstökum breytingum.

En ég tel það mikils virði, að þingflokkarnir sameinist um það að ljúka nú endurskoðun þingskapanna í einu formi eða öðru, sníða af þeim verstu vankantana a. m. k. Hér hefur sérstaklega verið rætt um sjónvarp og útvarp frá Alþ. Það er annað mál, sem blandast inn í þetta, sem ég vildi aðeins nefna, en það snertir fleira en þingsköpin. Og það er sú spurning, að breyta þyrfti stjórnarskránni, þannig að Alþ. starfaði í einni málstofu. Ég ræddi um það í fyrra við þingflokkana, hvort samkomulag gæti orðið um það í sambandi við kosningarnar, sem þá fóru í hönd, og það varð nú ekki, en ég minnist á þetta nú vegna þess, að nú fyrir nokkrum dögum hefur byrjað að starfa að nýju húsbyggingarnefnd Alþ., sem skipuð er einum manni frá hverjum þingflokki, og það skiptir mjög miklu máli, að ég hygg, ef menn vilja fá einhverjar endanlegar niðurstöður þar, sem ég tel mjög æskilegt, en hjakka ekki alltaf í sama farinu, hvort við eigum að gera ráð fyrir því, að Alþ. starfi í einni málstofu eða tveimur. Það er miklum vankvæðum háð að breyta þessu húsi, þrengslin eru svo mikil hér í þessum þingsal, ef báðar deildirnar, eins og Sþ. er nú, eiga að inna öll sín störf af höndum hér. En eftir því sem við margir hverjir álítum, þá yrði þessi vandi miklu auðleystari en með öðrum hætti, ef mætti gera ráð fyrir því, að Ed.-salurinn gæti orðið til stækkunar á þessum sal hér, vegna þess að það væri bara ein málstofa. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að það muni taka verulega langan tíma — og það saki kannske ekki, þangað til menn séu orðnir sammála um staðsetningu og fyrirkomulag nýs þinghúss. En það hefur miðað töluvert í þá átt að bæta starfsaðstöðuna hér í þinghúsinu og við höfum mikla möguleika í kringum þinghúsið til þess að byggja ýmiss konar viðbyggingar, sem þó eru ekki þinghús í þeim skilningi, öðruvísi en vera skrifstofur og vistarverur þm., salarkynni, kaffistofur og annað slíkt. En þetta atriði í sambandi við sjálfan þingsalinn og afnot hans kemur þarna inn í málið. Ég bendi á þetta, vegna þess að það er mjög æskilegt, að þm. hugsi um þetta, og við munum auðvitað halda áfram að athuga þetta mál nánar í húsbyggingarnefnd þinghúss, sem ég vék að áðan og hefur nú á ný hafið starfsemi sína. Hún er nokkuð gömul, þessi n., hefur starfað mjög skrykkjótt, en hér er þýðingarmikið atriði á ferðinni.

Það er einnig betra að hafa þetta atriði í huga áður en kosningar standa rétt fyrir dyrum, þannig að menn hafi tóm til að átta sig á því, en geti þó tengt breytingar og kannske þá einhverjar aðrar breytingar á stjórnarskránni við slíkar breytingar, þegar að þingkosningum kemur, án þess að beita þeim sérstöku aðferðum, sem gilda um þingrof og kosningar af þessu tilefni. Það var að vísu sagt svo við mig í fyrra, að ríkisstj. þáv. væri hrædd um að tapa einu þingsæti og vildi skapa sér möguleika til að starfa áfram með meiri hluta þings, þó að það væri ekki nema eins atkv. meiri hl., sem mundi vera og er lýðræðislega rétt, þegar þingið er í einni málstofu, en annað á við, þegar tvær eru deildirnar. Þetta var nú ekki, því að ég held, að þáv. ríkisstj. hafi verið búin að boða þessa breytingu sem skoðun sína eða a. m. k. hún yrði athuguð og reynt að ná samkomulagi um hana a. m. k. 4 árum fyrr, í yfirliti eða grg., sem þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, gaf þingheimi og tók upp að vissu leyti nýja þingsiði í því sambandi. Bæði breyting á þingsköpum og einnig það, sem ég nú er að tala um, bygging þinghúss og þar af leiðandi kannske breytingar á stjórnarskrá og annað, er þess eðlis, að hægara og eðlilegra er að ná um það samstöðu, sem mjög nauðsynlegt er og allir gera sér grein fyrir og vilja, þegar menn eru ekki í kosningaham og vita, að kosningar eru fram undan.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, vildi ég gjarnan, að kæmi til athugunar, bæði í n. og svo að sjálfsögðu innan þingflokkanna, þannig að þeir gæfu sér tóm til að ræða þessi mál, og það er eðlilegt, eftir því sem fram vindur störfum í þinghúsnefndinni, að við, sem erum þingfulltrúar flokkanna þar, látum okkar þingflokka fylgjast með á hverjum tíma og störfum þá að því í þeirri veru, að við viljum reyna að ná einhverjum árangri í þessu máli, sem lengi hefur verið á döfinni hjá okkur, og líkt hefur staðið á um endurskoðun þingskapanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Landgrunn Íslands.

Á 40. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um landgrunn Íslands og hafið yfir því, fiskveiðilandhelgi, vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsögu [167. mál] (þmfrv., A. 318).

Á 54. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið síðan þessu frv. var útbýtt hér í hv. d., og ég er ekki að finna að því, að það hafi ekki verið tekið fyrr á dagskrá. Þetta mun hafa verið fyrri hlutann í febrúarmánuði, en það var í þann mund, sem við vorum að vinna að því, sérstaklega í utanrmn., að ná samstöðu um landhelgismálið, sem og varð með þeirri þál., sem var samþ. í þinginu 15. febr., og var unnið að því, að þeim áfanga væri náð, áður en menn þá héldu á fund Norðurlandaráðsins í Helsingfors. Þá varð það að samkomulagi við forseta Nd. og milli okkar í utanrmn. að blanda ekki þessu máli á því stigi málsins inn í umr. um landhelgismálið, sem kynni að geta orsakað nokkurn misskilning og e. t. v. gefið til kynna ágreining, sem væri innan þingsalanna um þetta mál, sjálft málið, en þó var ekki, eins og kunnugt er.

Nú vil ég leyfa mér að gera grein fyrir því, að það eru einkum tvær ástæður, sem liggja til grundvallar því, að þetta frv. til l. um landgrunn Íslands o. fl. er flutt. Það er þá í fyrsta lagi það, að því miður varð nokkur ágreiningur um landhelgismálið á síðasta þingi og eins og kunnugt er, komu þá fram tvær þáltill., sem ekki varð samstaða um. Við, sem þá vorum í stjórnarliði og höfðum flutt þá till., sem samþ. var 7. apríl, töldum, að í þeirri þáltill. væri mjög skýrt mörkuð stefna okkar í sambandi við útfærslu landhelginnar, en samkv. henni kaus Alþ., eins og kunnugt er, 5 manna n. til þess að semja frv. til l. um landgrunn Íslands og landhelgismálið, sem ætlunin var að leggja fyrir þingið, þegar það kæmi saman í haust. Við sættum nokkurri gagnrýni fyrir, að þáltill. væri nokkuð óráðin og óljóst, hvað í henni fælist.

Nú varð niðurstaða málsins sú, eins og kunnugt er, að stjórnarskipti urðu eftir alþingiskosningarnar í júnímánuði, og þá tók hæstv. núv. sjútvrh. við forustu í þessari n. Ég orðaði það nokkrum sinnum við hann, að við legðum áherzlu á í stjórnarandstöðunni, að frv. það, sem gert var ráð fyrir í þáltill. okkar, yrði samið af þessari n., en það kom fyrir ekki. Síðan tókum við okkur til í stjórnarandstöðunni, þegar ekkert hafði gerzt í þessu máli á fyrri hluta þingsins, og þá var samið þetta frv., sem er í öllum meginatriðum byggt á þáltill. frá 7. apríl, og er nánar gerð grein fyrir því í grg. frv. En í sjálfri þáltill. voru gefin um það fyrirmæli af hálfu þingsins, hvað felast skyldi í hinu væntanlega frv., og það er á grundvelli þess, sem frv. er samið, og með þeirri kaflaskiptingu, sem gefur til kynna innihald þess.

Það eru þá fyrst og fremst yfirlýsingar um íslenzka landgrunnið og hafið yfir því, sem eru í I. kaflanum, og rétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu, sem er í II. kaflanum. Um þetta er í sjálfu sér enginn ágreiningur á meðal þm. Hins vegar eru nokkuð óljósari fyrri fyrirmæli í lögum um þetta mál, en þó höfum við allt frá 1948 byggt á því, að við Íslendingar ættum rétt til landgrunnsins og vísindalegrar verndunar fiskimiða landgrunnsins, eins og þar er orðað, innan endimarka þess, án þess að það væri þá nánar skilgreint.

Í III. kaflanum eru svo ákvæðin um fiskveiðilandhelgina, og þar er um tviskiptingu að ræða, annars vegar 400 m jafndýpislínu, þar sem hún gengur út fyrir 50 sjómílna breidd frá grunnlínu, og svo í 8. gr. línu, sem dregin er 50 sjómílur frá grunnlínu.

Nú ætla ég ekki að fara að rifja upp neinn ágreining um þann mismun, sem komið hefur fram, bæði í flutningi þessa máls og í flutningi þáltill. frá okkur, því að í þáltill. frá 7. apríl 1971 var talað um ýmist 400 m jafndýpislínu, ef hún gengi út fyrir 50 sjómílurnar, eða aðra ákvörðun, sem tekin yrði um landgrunnið. En það er ljóst, að það liggur fyrir okkur mikið verk að kanna landgrunnið nánar og skilgreina, hvað í því felst, en það má segja, að í raun og veru hefðum við getað verið búnir að gera mikið í því að mæla það betur upp á undanförnum mánuðum, og ég minnist þess, að þegar Gunnar Bergsteinsson frá Sjómælingum Íslands, forstöðumaður Sjómælinganna, kom fram í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu, þá held ég, að hann hafi gizkað á, að til allverulega miklu nánari og nákvæmari mælinga á landgrunninu heldur en nú liggja fyrir þyrfti afnot af góðu skipi og mælingartækjum svona um það bil um þriggja mánaða skeið. En Alþ. hafði heimilað á sínum tíma, eins og kunnugt er, ríkisstj. að festa kaup á tækjum, sem þyrfti til mælinga og ýmissa annarra rannsókna á landgrunninu, því að fyrir utan mælingar á því var auðvitað gert ráð fyrir því og hefur þegar verið gert nokkuð að því að reyna að gera sér grein fyrir, hvort í sjálfu landgrunninu, og þá á ég við hafsbotninn, séu nokkur verðmæti, sem okkur Íslendingum séu nokkurs virði. En það var þegar á árinu 1969, sem við helguðum okkur þau verðmæti, sem kynnu í landgrunninu að felast, og sú löggjöf var þá talin í fullu samræmi við alþjóðalög. Við höfum einmitt stutt tilkall okkar til hafsvæðisins yfir landgrunninu með þeim rökum, að þar sem strandriki væri talið og hefði verið um nokkuð langt skeið talið eiga ótvíræðan rétt til verðmæta í landgrunninu sjálfu, þá væri

það ekki rökrétt að telja því ekki einnig sérstæðan og einstæðan rétt til sjálfs hafsvæðisins yfir landgrunninu og þeirra verðmæta, sem í því felast.

En eins og ég sagði áðan, þá ætla ég nú ekki að rifja upp neinar deilur um þetta atriði, og að sjálfsögðu mundum við, ef frv. þetta eða annað frv. yrði samþ. um landhelgina, áður en þingi lýkur, vera allir sammála um það að miða okkur við það samkomulag, sem felst í þáltill. frá 15. febr. s. l., en eftir að felld hafði verið till. okkar sjálfstæðismanna og stjórnarandstæðinga um viðmiðun við 400 m jafndýpislínu urðum við sammála öðrum þm. um 50 sjómílna landhelgina frá grunnlínum, eins og kunnugt er.

Aðrir kaflar í þessu frv. eru einnig um atriði, sem eiga ekki að þurfa að valda neinum ágreiningi, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og mengunarlögsögu. Þar er að verulegu leyti byggt á eldri löggjöf, og alveg eins og ákvæði landgrunnslaganna frá 1969 eru tekin inn í þetta frv., þá eru einmitt ákvæði úr landgrunnslögunum frá 1948 með sama hætti tekin inn í þennan kafla þessa frv.

Þetta skal ég láta nægja um fyrra atriðið, sem er ástæða þess, að við flytjum þetta frv., að árétta það, sem við ályktuðum í þinginu 7. apríl 1971 og engan veginn er neinum efa undirorpið og sjálf ákvæði þessa frv. einmitt grundvallast á.

Hitt atriðið er svo það, að þegar við stöndum í þessum stórræðum, sem við nú stöndum í í sambandi við útfærslu landhelginnar, þá töldum við einnig, að það væri eðlilegt, að þingið fengi til meðferðar sjálfa landhelgisákvörðunina, eins og gert er í þessu frv. Það er rétt, að formlega er hægt að ákvarða hana með reglugerð á grundvelli eldri laga, en það hefur verið talið veigamikið atriði hér í þingi og utan þings meðal þjóðarinnar og jafnvel fyrir utan landsteinana sú mikla samstaða, sem náðist í þál. frá 15. febr., og eins hygg ég, að það væri mikilvægt, að 60 þm. gætu sameinazt um ákvörðunina með löggjöf um landhelgi Íslands, áður en þingi lyki. Ég veit, að um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir, og skal ég ekki heldur hefja nú á þessum vettvangi deilur um það. En þetta hefur verið mín skoðun, að það væri styrkur að því, að þegar landhelgin væri ákvörðuð, þá væri það gert með löggjöf, sem væntanlega allir hv. þm. væru þá einhuga um að standa að, en síður með reglugerð, eins og við höfum þó áður gert og eins og ég sagði getur formlega staðizt.

Ég vil svo, herra forseti, ekki hefja að ástæðulausu, nema sérstakt tilefni gefist, frekari deilur um málið nú, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Lögskráning sjómanna.

Á 37. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 29. marz 1961, um lögskráningu sjómanna [175. mál] (þmfrv., A. 339).

Á 42. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta hefur að nokkru verið kynnt áður í sambandi við flutning á frv. til l. um líf- og örorkutryggingu sjómanna, en eins og kemur fram í því frv., var þessi breyting á lögskráningu sjómanna boðuð. Í gildandi lögum um lögskráningu sjómanna, lögum nr. 63 frá 29. marz 1961, segir, að skylt sé að lögskrá alla þá menn, sem ráðnir eru til starfa á íslenzkum skipum, sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Sú breyt., sem við flm. leggjum til að gerð verði á þessum lögum, er á þá leið, að lögskráningarskyldan verði færð neðar en nú er og skylt verði að lögskrá á öll þau skip, sem haldið er úti til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða og falla undir önnur lög, lög um eftirlit með skipum. Röksemdir okkar fyrir þessari breytingu eru m. a. þær, að við teljum, að í fyrrnefndu frv., sem áður hefur verið rætt hér í hv. d., sé nauðsynlegt, ef það frv. verði samþykkt, að slíkar tryggingar, sem þá væntanlega yrðu lögboðnar, næðu jafnframt til þess mikla fjölda sjómanna, sem nú stunda störf á hinum minni fiskiskipum allt í kringum landið. Sannleikurinn er sá, að það hefur orðið gífurlega mikil aukning á þessari skipastærð nú á allra síðustu árum, og er enginn vafi á því, að friðun fiskimiða okkar í grennd við ströndina hefur átt sinn þátt í því. Og ég tel líka, að á næstu árum sé engin ástæða til þess að efa annað en þessi þróun haldi áfram að nokkru leyti, þótt hún verði kannske ekki í sama mæli og hingað til. Við segjum í grg. með frv. þessu, að það, að ákvæði skuli ekki vera um það í lögum, að skylt sé að lögskrá á skip af þessari stærð, skapi margs konar vandamál í sambandi við lögboðnar tryggingar og jafnvel fyrirhugaðar lögboðnar og samningsbundnar tryggingar. Það má hins vegar segja, að það hafi nokkuð verið komið á móti þessu vandamáli í sambandi við hinar samningsbundnu tryggingar með breytingu þeirri, sem gerð var á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins á síðasta þingi, en þá var einmitt sett inn í ákvæði 17. gr. þeirra laga, að til þess að hljóta greiðslu áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs vegna fæðiskostnaðar yrðu eigendur viðkomandi báta að tryggja áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Utan þessa veit ég, að í vissum landshlutum hefur verið gengið enn frekar í þessa átt með samningum, en það er þó t. d. í einni löggjöf, löggjöfinni um lífeyrissjóð sjómanna, að samkv. orðanna hljóðan í þeirri löggjöf munu aðilar á þessum bátum, fiskimenn á hinum minni bátum, sem ekki er lögskráð á, ekki geta átt aðild að hinum lögboðna sjóði nema komið verði á móti,

t. d. með þessari breytingu. Að vísu má semja um þau ákvæði eins og gert hefur verið á sumum stöðum fyrir svæði eða byggðarlög. En t. d. sá mikli fjöldi þeirra sjómanna, sem er aðili að hinum lögboðna sjóði, sem munu vera allir við suðurströndina, frá Hornafirði vestur um land, og Breiðafjarðarhafnirnar, auk þeirra sjómanna, sem róa frá Eyjafjarðarhöfnum og öllu Norðurlandi vestra, að undanteknum Vestmannaeyjum, sem eru með sinn sérstaka lífeyrissjóð, — þessir aðilar, þ. e. a. s. þeir sjómenn, sem eru á stærri skipum en 12 rúml. og lögskráð er á, geta átt aðild að þessum sjóðum, en hinir ekki. Ég tel, að þótt ekki sé horft til þess frv., sem þetta frv. er nú flutt beinlínis út af, þá mundi þessi eina breyting m. a. leysa það vandamál. Auk þess mun þetta líka stuðla að bættu öryggi á þessum minni bátum, því að samkv. lögskráningarlögunum yrðu slíkir bátar, sem skylt væri að lögskrá á, að sýna haffærisskírteini. Haffærisskírteini slíkra lítilla báta mundu vera fyrst og fremst fólgin í því, að eigendur bátanna mundu sanna, að bátarnir væru búnir þeim björgunar-, öryggis- og siglingatækjum, sem þeim eru nauðsynleg.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Ítala.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ítölu [183. mál] (þmfrv., A. 349).

Á 43. og 45. fundi í Nd., 23. febr. og 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um ítölu. Búskaparhættir hafa breytzt allmikið hér á landi s. l. áratugi. Ég hef lesið það í gömlum fræðum, að þeir, sem höfðu eignarhald eða umráðarétt yfir afréttum, voru að klaga það fyrir stjórnum, sýslunefndum og yfirleitt forráðamönnum héraðanna, að bændur rækju ekki á afrétt og þeir fengju ekki fjalltoll greiddan. Þá voru skepnur svo fáar, að bændur þurftu ekki að reka þær á afrétt, þeir höfðu nægilegt land, a. m. k. viss tímabil. Og þá kvörtuðu þeir yfir því, sem áttu að taka fjalltollana, að þeir fengju þá ekki greidda. Þetta hefur breytzt allmikið. Tæknin hefur haldið innreið sína til bænda hér á landi og skepnur eru orðnar mjög margar og má búast við, að þær verði fleiri en þær eru nú. Þá koma til greina landþrengsli. Ég kynntist dálítið, hvernig menn höguðu sér erlendis, þar sem voru miklar fjárhjarðir. Ég var 6 mánuði í Nýja-Sjálandi t. d., og ég ferðaðist ofurlítið um meginland Ástralíu. Þar voru löndin girt sundur í hólf. Ég spurði þá, hvers vegna þeir gerðu þetta. Þeir sögðust gera það, til þess að beitin notaðist betur, það færi minna í traðk og skepnur rásuðu minna. Það hefur ekki verið gert mikið af þessu hér á landi, en ég hygg, að það muni færast í vöxt. Þeir, sem ætla að hafa margt fé, hvort það er heldur sauðfé eða hross, verða að girða löndin í sundur, ef þau eiga að nýtast til fulls. Í Nýja-Sjálandi var það þannig, að þeir voru búnir að þurrka og rækta hér um bil allt landið og beittu skepnunum á ræktað land, en það var ekki eins í Ástralíu, enda eru löndin þar miklu stærri. Þar eru heimalönd sumra bænda, þeirra sem hafa ullarfé, svo stór, að þau eru álíka stór og heilar sýslur hér, enda hafa sumir þeirra 50 þús. fjár. Þeir hafa Merinófé og leggja aðallega upp úr ullarræktinni. Ég hygg, að það muni færast í það horf hér á landi, að löndin verði girt í sundur, þar sem mikið er um sauðfé og hross og eins þar sem kýr eru að nokkru leyti. Sums staðar hafa lönd hér verið ógirt. Þar sem fjalllendi er, er ekki aðstaða til þess að girða, girðingar standa þar illa, en ég hygg, að þar sem flatlendi er mikið, þar muni löndin verða fyrst og fremst girt af á landamerkjum og auk þess hólfuð í sundur, svo að beitarþolið verði meira.

Lög um ítölu hafa verið alllengi í gildi hér. Ég held, að Skúli heitinn Guðmundsson hafi fyrst komið lögum í gegn um ítölu og síðar, eða 1969, eru þau tekin upp í lög um fjallskil og afréttarmálefni. Þau hafa verið tekin þar upp sem kafli.

Við höfum haft mikinn hug á því, Húnvetningar, að koma ítölu á hjá okkur, en oddvitarnir sögðu mér, að það væri ekki hægt að koma ítölu á eins og lögin væru. Ég fór að kynna mér þetta í vetur og lesa lögin, og ég álít, að það sé mjög óhagkvæmt að hafa lögin eins og þau eru nú. Ég samdi því frv. og studdist sem allra minnst við þau lög, sem fyrir voru, svo að þau rugluðu mig ekkert, og reyndi að gera frv. þannig, að sem auðveldast sé að koma ítölu á.

Að sjálfsögðu er þetta misjafnt. Sumir hafa ekki þörf fyrir ítölu. Ég hygg t. d., að á Norðausturlandi séu afréttirnar það rúmgóðar, að það sé ekki þörf fyrir ítölu, og eins er það þar sem fjalllendi er, eins og t. d. í fjörðunum austanlands og á Vestfjörðum, að þar er eiginlega ekki hægt að koma við ítölu. Það er ekki til neins að setja ítölu nema girt sé á milli heimalanda og afrétta, annars hefur það ekki þýðingu. En um miðbik landsins er þörfin mest. Sérstaklega er það t. d. um afréttir Skagfirðinga, Húnvetninga, Dalamanna, Borgfirðinga og Mýramanna og svo Árnesinga sennilega, þar er vafalaust í mörgum tilfellum þörf fyrir ítölu.

Ég hef rætt þetta mál við Ingva Þorsteinsson, sem hefur rannsakað gróðurlendi hálendisins meira en nokkur annar, og hann álítur, að á vesturhluta afréttanna sé yfirleitt um ofbeit að ræða. Nú er það svo, að ýmsir eiga mjög mikið

af stóði. Sumir eiga mjög margt, en aðrir tiltölulega fátt. Menn reka þetta stóð sitt á afrétt, og hrossin ganga í beztu högunum. Þau sækja yfirleitt þangað sem heilgrösin eru, meðfram kvíslum og lækjarbökkum, og þar rótnaga þau. Ég hef sjálfur tekið eftir því, að fé, sem hefur verið heima að sumrinu, sækist eftir heilgrösunum, og valllendið er t. d. mjög mikið bitið, þar sem fé er, og sækist þeim mun meira eftir því sem það er minna sprottið. Þar er meira af fingresi. Og það er þannig á afréttunum, að þar grær seinna heldur en niðri í byggð, en gróðurinn er hins vegar kjarnmeiri og ljúffengari. Oddvitarnir í minni sýslu a. m. k. hafa mikinn áhuga á að koma á ítölu, og ég hef átt tal um þetta við ýmsa í Vestur-Húnavatnssýslu, og þeir álíta, að það sé of mikið rekið af hrossum á afrétt og mikil spurning nema fé sé of margt líka. Ég hygg, að í Skagafirði sé það þannig um ýmsar sveitir, að þær hafa of lítinn afrétt. Ég þekki ekki eins vel til með afréttirnar á Suðurlandi, en það lítið ég hef farið um þær, þá virðist mér um Rangárvellina, að þar sé mikið um ógróin svæði og sömuleiðis um stór svæði fyrir ofan byggð í Árnessýslu. Ég hygg nú, að Rangvellingar hafi ekki eins mikla þörf fyrir ítölulög eins og við fyrir norðan, vegna þess að afréttin er þannig, að ég held, að það sé alls ekki hægt að reka hross á afrétt þeirra, og þeir hafa of lítinn afrétt fyrir. Þótt þeir séu hrossamargir í Rangárvallasýslu, þá munu þeir mest hafa þau heima.

Ég hygg, að það verði ekki skiptar skoðanir um, að það sé mikil þörf fyrir lög um ítölu og að lögin séu þannig, að það sé hægt að framkvæma þau. Ég hef reynt að semja þetta lagafrv. þannig, að það sé auðvelt í framkvæmd. Ég ætla ekki að þreyta ykkur á að lesa frv. upp. Þeir, sem áhuga hafa á því máli, munu lesa það, og ég geri ráð fyrir, að það fari til landbn. og verði athugað þar. Það eru bændur í þeirri n., sem ættu að hafa vit á þessu.

Það, sem ég tel, að sérstaklega geri erfitt um að koma á ítölu eins og lögin eru nú, er, að sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu. Sýslunefndirnar eru þannig skipaðar, að það eru oft hrossaflestu menninrnir, sem þar eiga sæti. Sama má segja í mörgum tilfellum um hreppsnefndirnar. Það er nú þannig með þessa stærri bændur, að þeir eru heldur rúmfrekari en þeir, sem búa minna, og eru þá gjarnan frekar kosnir í þessar nefndir. Í sumum tilfellum eru þeir kjarkmeiri, og staðreynd er, að þeir eru oft valdir í þessar nefndir. Svo er það þannig með ítölulögin, að sumir eru á móti þeim, aðrir með þeim, og þó eru það einkum þeir, sem eru á móti þeim, sem eiga flestar skepnurnar og vilja ekki hafa nein takmörk fyrir því, hvað þeir mega reka á sameiginlegan afrétt. Afréttirnar eru sameign þeirra manna, sem búa í ákveðnum sveitarfélögum, og vitanlega er það ekki réttlátt, að sumir geti rekið allt að 100 hross á afrétt, en aðrir eiga ekki nema 4—5. Og svo bíta þessi hross grasið frá sauðfénu og það verður rýrara. Ég held, að það sé ógerlegt í framtíðinni, því búast má við, að skepnum fjölgi allmikið enn þá, annað en hafa einhver ákvæði um það, hvað hver má reka á þessa sameiginlegu afrétti.

Það er gert ráð fyrir því í þeim lögum, sem nú eru, að sýslunefndum sé heimilt að gera samþykktirnar, eins og ég sagði áðan, og sömuleiðis geta hreppsnefndir farið fram á, að samþykkt sé gerð, og þetta á að bera upp á almennum sveitarfundum. Ég get ekki skilið lögin, sem eru í gildi, öðruvísi en að sé það fellt á sveitarfundum, þá geti hreppsnefndir eftir sem áður gert kröfu um, að sýslunefndin setji samþykkt. En reynslan sýnir bara, að það hefur ekkert upprekstrarfélag komið á samþykkt, og það er einfaldlega af því, að sýslunefndir og hreppsnefndir hafa ekki nægilegan áhuga til þess að það sé gert og lögin eru óhagkvæm.

Þá er gert ráð fyrir því í þessum lögum, sem í gildi eru, að það sé ítölunefnd, og hún á að vera skipuð þannig, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan og landgræðslustjóri sé þriðji maður. Þetta tel ég vera óhagkvæmt. Ég álít, að ítölunefndir eigi að vera starfandi heima í héruðunum. Ég legg til, að ítölunefnd sé kosin heima í héraði af hreppsnefndum viðkomandi hreppa. Ég vil hafa það óbeina kosningu, því að það er þannig með hreppsnefndir og sýslunefndir, að þær hlífast við að styggja kjósendur sína, og oft getur litlu munað, þegar kosningar eru og ýmsir vilja komast í hreppsnefnd og aðrir vilja komast í sýslunefnd. Þeir hlífast við að styggja neinn af þeim mönnum, sem þeir þurfa að leita eftir að fá atkvæði hjá, þegar að kosningum kemur. Það má vera, að þið brosið að þessu, en staðreyndin er, að þetta er svona.

Ég legg til í frv., að það sé ekki landgræðslustjóri, sem eigi frumkvæði að þessum hlutum. Ég ætla, að hann hafi nóg að gera að búa stórbúi austur í Gunnarsholti og eiga þar að auki að sjá um sandgræðsluna í landinu. Ég legg til, að það sé sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem hafi með þetta að gera. Þá hafði ég í huga Ingva Þorsteinsson, því að hann hefur rannsakað þessa hluti og er kunnugri gróðurfari hálendisins heldur en aðrir menn. Ég lét hann lesa yfir frv., þegar ég var búinn að semja það, og hann gerði ekki nema eina aths. við það, og það var, að hann vildi, að ég tilgreindi, að það væri sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en ekki fulltrúi, eins og ég hafði upphaflega í frv., og ég féllst á þessa breytingu. Ég orðaði það þannig í frv., að það væri sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, af því að ég vissi, að Ingvi Þorsteinsson vinnur þar, og ég hygg, að hann sé bezt fallinn til þess að hafa frumkvæði um þessa hluti. Ég ætlast til, að þar sem hann álíti, að um ofbeit sé að ræða, þar hafi hann frumkvæðið og setji sig í samband við sveitarstjórnir um það að koma á ítölu. Svo ætlast ég til, að fundur sé haldinn heima í sveitarfélögunum og ef þetta er samþykkt, þá sé fengið álit hjá Ingva Þorsteinssyni um, hvað megi reka mörg hross eða margt fé á viðkomandi afrétt. Svo sé kosin sérstök n. til að undirbúa málið og hún leggi samþykktina fyrir fund, sem haldinn er í upprekstrarfélögunum, ef um fleiri en eitt sveitarfélag er að tala, en í við-

komandi sveitarfélagi, ef aðeins er einn hreppur, sem hefur upprekstur á viðkomandi svæði, og þar sé það annaðhvort fellt eða samþykkt. Þessi n. geri einnig till. um, hvað hver einstakur maður má reka á afrétt. Ég hef rúm skilyrði, þannig að það sé reynt að liðka til eins og hægt er og helzt að uppfylla óskir sem flestra. Ég skal lesa upp þá grein. Hún er þannig:

„Þegar ítölunefnd metur, hve margar skepnur hver búandi má reka á afrétt, skal hún leggja til grundvallar eftirtalin atriði:

a) Hve margar skepnur hæfilegt er að hafa í heimalandi þeirrar jarðar, jarða eða jarðahluta, sem bóndinn býr á, og sé réttur til upprekstrar miðaður við beitarskilyrði heimalands.

b) Nauðsyn viðkomandi bónda til að fá leyfi til upprekstrar. Kemur þá til greina stærð fjölskyldu, aðstaða til að hafa annan búpening en þann, sem ítala gildir um, og önnur atriði, sem ítölunefnd metur gild."

Þennan lið hef ég sett þarna inn, til þess að tekið sé tillit til nauðsynjar viðkomandi búanda. Þeir, sem hafa t. d. góða aðstöðu til þess að hafa stórt kúabú, þurfa ekki að reka eins margt á afrétt. Það er hægt að taka tillit til þess. Bóndi, sem hefur stóra fjölskyldu og mörg börn, þarf vitanlega að hafa stærra bú heldur en einhleypur maður, og sé tekið tillit til aðstöðu.

„c) Eigi búandi land utan heimalandagirðingar, þannig að afréttarpeningur hafi þar sumarhaga, eins og afréttarland væri, ber ítölunefnd að meta, hve hagi er þar fyrir margar skepnur. Þeirri tölu skal bæta við þá ítölu, sem viðkomandi aðila er að öðru leyti úthlutað."

Þessa mgr. setti ég inn, vegna þess að sumir eiga land utan heimalandagirðingar eða réttara sagt: það er girt af sameiginlega með afréttinni, og þá er annaðhvort að taka þetta land eignarnámi eða leyfa manninum að reka eitthvað fleiri skepnur, vegna þess að hann á þetta land utan afréttargirðingarinnar. Ég álít þetta vera sanngirniskröfu.

„d) Ítölunefnd skal kynna sér, áður en hún gengur frá till. sínum, hve margar skepnur hver aðili óskar eftir að fá að reka á afrétt, þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af því, eftir því sem við verður komið. Enn fremur má taka tillit til aðstöðu búanda til að hafa búpening í heimahögum að sumrinu."

Ég legg til, að ítölunefndin fái umsögn frá þeim bændum, sem eiga heima á viðkomandi svæði, um hve mikið þeir óska að reka í afrétt, og það sé, eftir því sem hægt er, tekið tillit til þess, og vera má, að í ýmsum tilfellum sé alveg hægt að fullnægja þessum óskum. Ég hef átt viðtal um þetta allt við Ingva Þorsteinsson, og hann álítur, að í ýmsum tilfellum sé nægilegt að takmarka upprekstur hrossa, a. m. k. í bili. Og annað það, ef bændur fara að fá rýrara fé af afrétt heldur en það, sem er í heimalöndum, þá leiðir það af sjálfu sér, að þeir fara að girða heimalönd sín af og girða þau sundur í hólf og hafa féð þá frekar heima. Ég hygg, að það reki að því, að það verði farið að beita sauðfé miklu meira á ræktað land heldur en gert hefur verið hingað til. Við höfum reynslu af því, að með því að láta lömbin að haustinu mánaðartíma á ræktað land taka þau mjög miklum framförum, og það mun líða að því, að menn fara að gera meira að þessu en gert er. En það breytir ekki því, að við þurfum að hafa afréttirnar og nota þær á hagkvæman hátt. Það verður öllum fyrir beztu.

Viðvíkjandi stóðeign, þá er rétt að láta þess getið, að ég dreg mjög í efa, að stóðeign eins og hún er rekin nú, þar sem hross eru rekin á afrétt að sumrinu eða jafnvel snemma á vorin, — ég efast um, að hún sé hagkvæm fyrir bændur, jafnvel þá bændur, sem eiga hrossin. Það er algengt, að hryssurnar eru nýkastaðar eða eru að kasta, þegar kemur fram undir réttir. Menn fá þannig lítil folöld, og í sumum tilfellum eru merarnar geldar, en ef þeir hefðu þær í afgirtum hólfum, þá gætu þeir hagað þessu þannig, að merarnar köstuðu á venjulegum tíma, og með því að líta betur eftir hrossunum og hýsa þau að vetrinum, þegar veðrátta er misjöfn, þá geta menn verið miklu vissari með arð af þeim hryssum, sem þeir eiga. Ég álít, að það sé ekki framtíðarbúskapur, þessi stóðbúskapur. Annað er það, að þegar byggðin þéttist og skepnum fjölgar, þá kemur það af sjálfu sér, að það er ekki land fyrir þessi hross, og þessir menn, sem eiga flest hross, verða til neyddir að fækka þeim, ef þeir geta ekki rekið þau á heiði, því að hross þurfa mikið land til þess að hafa nægilegt að bíta.

Hitt er svo annað mál, að ég viðurkenni nauðsyn þess að hafa einhver hross. Þeim, sem hafa mikil mýrlendi eða valllendi, er ágætt að hafa hross til þess að hreinsa sinuna burt, og það getur í vissum tilfellum ræktað vel þurrkaðar mýrar að beita hrossum á þær á meðan graslagið er að breytast, þannig að ég vil engan veginn halda því fram, að hross eigi ekki rétt á sér. En það þarf allt að vera í hófi. Það nær engri átt, að einstakir menn geti rekið stóra hrossahópa á afrétt, svo að heiðarnar verði ofbeittar og aðrar skepnur miklu rýrari vegna þess. Ég veit, að það er þannig í því byggðarlagi, sem ég á heima í, að hrossin eru tiltölulega horuð að haustinu, vegna þess að það er of margt í afréttinni. Þau hafa ekki nægilega haga.

Allt þetta, sem ég hef sagt, miðar að því, að það þarf að skipuleggja beitina betur en gert hefur verið, þannig að a. m. k. afréttirnar og jafnvel heimalöndin séu ekki ofsetin. Ég hef ekki farið inn á það í þessu frv. að hafa ítölu í heimalönd, vegna þess að ég lít svo á, að erfitt sé að banna manni að hafa þær skepnur, sem hann álítur, að sér sé hagkvæmt að hafa í afgirtu landi, sem hann á sjálfur. Breytist það og menn fari að gera mikið að því að ofbeita afgirt heimalönd, er hægt að semja sérstök lög um það. En ég hef ekki farið inn á það í þessu frv. En staðreyndin er þessi, að þessi ítölulög eru búin að vera lengi í gildi, og það hefur enginn komið á ítölu hjá sér, ekkert byggðarlag. Og það er ekki eingöngu af því, að það sé ekki þörf fyrir það, heldur af hinu líka, að lögin hafa ekki verið þannig, að það hafi verið auðvelt. Og svo má geta þess, að það eru sumar sveitir, sem ekkert kæra sig um ítölu og geta ekki haft ítölu. Þar er t. d. ekki girt á milli afrétta og heima-

landa. Aðrir hreppar þurfa nauðsynlega á henni að halda. En það fæst bara ekki samstaða í viðkomandi sýslunefndum til þess að gera samþykktina.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að ítölunefnd sé alltaf starfandi heima í byggðunum. Hreppsnefndirnar kjósi 3—5 menn og ítölunefndin sé alltaf starfandi, vegna þess að árlega getur þurft að breyta þeirri tölu, sem aðili má reka á afrétt, bæði vegna búferlaflutninga og annarra breytinga, sem verða á búnaðarháttum í þeirri sveit. En hins vegar geri ég ráð fyrir yfirítölunefnd, og hún á að vera þannig skipuð, að þar sé sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, frá Búnaðarfélaginu og einn skipaður af viðkomandi sýslumanni. Það er svipuð skipun og er gert ráð fyrir í lögum, sem nú eru í gildi, en þar á bara að vera ein ítölunefnd. En ég geri ráð fyrir, að ítölunefnd sé kosin af hreppsnefndum á fjögurra ára fresti heima í héraði eða eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.

Landbn. fjallar eðlilega um þetta mál. Ég hef ekkert við það að athuga, ef nm. sýnist svo, þó að einhverjar breytingar séu gerðar, en ég vil mælast til þess, að þetta frv. verði ekki svæft, það fái að ganga í gegnum þingið. Ég get vel fallizt á, að einhverju verði breytt, en ég álít þetta vera nauðsynjamál. Þetta er ekki pólitiskt mál, og það ætti þess vegna ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að það gæti gengið í gegnum þingið. En það er nauðsyn að gera ítölulög þannig úr garði, að byggðarlögin geti komið á hjá sér ítölu, þar sem það er nauðsynlegt. Hitt er mér ljóst, að það eru viss svæði, þar sem ekki er þörf fyrir ítölu, en það gerir þeim ekkert til, þó að aðrir komi á hjá sér ítölu og ítölulögin séu þannig, að það sé auðvelt að framkvæma ítöluna.

Ég legg svo til, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það mun vera nokkuð almenn skoðun, að gildandi lög um ítölu séu lítt eða ekki framkvæmanleg. Það, sem þar veldur mestu, er að mínu mati það, hversu erfitt er að fylgjast með því, að reglur þær, sem settar eru á grundvelli þessara laga, séu haldnar. Hér er raunar um kjarna málsins að ræða. Í frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 349, er gerð tilraun til þess að færa í lög reglur, sem aðeins snerta þennan vanda málsins. Þetta er að mínu mati virðingarverð tilraun, og það, sem þarna er að vikið, er það, sem kannske er hvað mest til bóta í þessu frv. frá því, sem er í gildandi lögum.

Hitt er þó rétt að gera sér ljóst, að enda þótt svokölluð ítölunefnd, sem starfa ætti eftir þessu frv., hefði heimild til þess að telja í dilkum manna afréttarpening og gera þannig nokkra tilraun til þess að fylgjast með, hvað mikið kemur af fjalli miðað við þann búfjárfjölda, sem viðkomandi bóndi hefur heimild til þess að reka á afrétt, þá mundi það, held ég, verða heldur erfitt verk að komast þannig að hinu sanna í þessu efni.

Hér er samt gerð tilraun til þess að víkja að þessu í lagasetningu, og ber að meta það. Einnig er í þessu frv. vikið að viðurlögum gegn brotum á ítölu, og er það einnig að mínu mati verulega til bóta. Það form, sem á þeim viðurlögum er, sýnist mér skynsamlegt við fyrstu yfirsýn.

Hv. flm. frv. gerði þessi atriði þess að litlu eða engu umtalsefni. Hins vegar fjallaði ræða hans nær einvörðungu um þau efni frv., sem lúta að því, hvernig ákvörðun um ítölu skuli tekin, og framkvæmd hennar að öðru leyti. Þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, er að mínu mati miklu vafasamara að séu til bóta frá eldri lögum heldur en hin, sem ég hef áður nefnt. Ég tel, að það sé út af fyrir sig vafasamt að skerða svo frumkvæði og framkvæmdaaðild sveitarstjórna og sýslunefnda, að ekki sé talað um gróðurverndarnefndar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þar er að vísu gert ráð fyrir að taka upp í staðinn svokallaða ítölunefnd, sem starfa skal í hverju upprekstrarfélagi, og er það mál, sem ég skal vissulega ekki ræða um á þessu stigi, enda mun þetta frv. fara til þeirrar n., sem ég á sæti í, en þessi atriði öll er ég mjög efins um að séu til bóta.

Hv. flm. ræddi um það, að sýslunefndir væru tíðast þannig skipaðar, að þær hefðu ekki áhuga á ítölu. Þetta er náttúrlega fullyrðing, sem erfitt er að meta sannleiksgildið í, og skal ég láta það kyrrt liggja. Hins vegar fór hann algerlega fram hjá því, að samkv. gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að endanleg ákvörðun sé tekin af gróðurverndarnefnd viðkomandi héraðs. Eftir að einhver aðili hefur óskað eftir ítölu, annaðhvort einstaklingur, sveitarstjórn, gróðurverndarnefnd, sérfræðingur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í beitarþolsrannsóknum eða aðrir aðilar, þá er viðkomandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum skylt að boða til almenns fundar um málið og taka ákvörðun um það með atkvgr. Nú skulum við gera ráð fyrir, að málið sé fellt á sveitarfundi. Þá hefur gróðurverndarnefnd, eða ef hún er ekki til, sýslunefnd, rétt til þess að taka endanlega ákvörðun og getur hver sá, er í upphafi óskar eftir ítölu, skotið málinu til gróðurverndarnefndar eða sýslunefndar.

Ég hygg nú, hvað sem líður skipun sýslunefnda og að þar sitji einkum stóðkóngar, þá vil ég nú ætla, að í gróðurverndarnefndum sitji yfirleitt þeir menn, sem geri sér fulla grein fyrir því, hver vandi er á höndum og hvaða þýðingu þessi mál hafa, og þeim megi öðrum fremur treysta til þess að meta það, hvort rétt sé, að ítala sé gerð eða ekki. Enn fremur er í gildandi lögum, að gróðurverndarnefnd skal taka ákvörðun um málið að fenginni umsögn landgræðslustjóra.

Ég sem sagt vil þegar hér við 1. umr. þessa máls láta í ljós efasemdir um, að sú skipan, sem frv. þetta gerir ráð fyrir á undirbúningi og ákvörðunarvaldi um ítölu, sé til bóta. Hins vegar er að mínu mati fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að skoða þetta mál rækilega í n. og ekki hika við að taka upp í gildandi lög allt það, er ætla má að verði til bóta í þessu efni.

Frv. þetta eða það efni, sem það fjallar um, ítala í afrétti og önnur beitarlönd, er í rauninni angi af stóru máli, þ. e. hvernig koma megi við með skipulögðum hætti og samræmdum takmörk-

unum búfjárfjölda á ákveðið landssvæði, en þetta mál hefur á öðrum grundvelli verið rætt hér á hv. Alþ. nú fyrr í vetur. Það er ljóst, að öll þau lagaákvæði, er að þessu lúta, er mjög mikilsvert að séu þannig úr garði gerð, að þeim sé hægt að framfylgja. Ég lít svo á, að það, sem mest er jákvætt við þetta frv., sé það, að nokkuð er vikið að þessum vanda, en ég vil láta það í ljós hér enn, að ég tel erfitt að sjá út yfir það, hvernig í raun megi koma við eftirliti með því, að ítala sé haldin, hvernig svo sem lagaákvæði um þau atriði séu úr garði gerð. Við vitum, að afréttarpeningur fer sjálfur heim í byggð. Girðingar eru ekki svo traustar sem vera þyrfti. Hlið opnast fyrir slys eða misgáning og má, þegar þannig vill til, raunar engu eftirliti við koma. Og þó að tiltölulega auðvelt sé að líta eftir þeim mönnum, sem fjær búa afrétti, þá þekkjum við það, að það er því erfiðara sem menn búa nær henni og sízt að koma því við þar sem heimahagar manna liggja að afréttargirðingum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál hér á þessu stigi frekar. Ég vildi láta þessi atriði koma fram, en mál þetta er eðlilegt að fái rækilega skoðun og að tekið sé til greina allt það, sem sýnist vera til bóta við afgreiðslu þess í hv. landbn. og síðar hér á hv. Alþingi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, ábendingar, sem ég vildi gefa í sambandi við þetta mál, vegna þess að mér finnst, að bæði í frv. og eins í framsöguræðu flm. hafi eiginlega verið skotið fram hjá aðalatriðinu í löggjöf, sem á að vera til verndar gróðri og koma í veg fyrir ofbeit.

Hv. flm. segir, að það sé slæmt, þegar hrossin verði horuð á haustin, vegna þess að þau hafi ekki haft mögu mikið gras að bíta yfir sumarið. Mér finnst eðlilegt, að honum finnist það slæmt, ef hann hefur séð það. En ég verð að segja, að slíkt höfum við ekki séð sunnanlands. Í öðru lagi segir hv. flm. í grg., að í nefndum eigi sæti aðeins stóðkóngar, sem hafi litinn áhuga á því að bæta úr ástandinu. Ég þekki þetta ekki heldur, en tæplega mundi hv. flm. koma með þetta á þskj., ef hann hefði ekki eitthvað fyrir sér í því.

Hv. flm. talar um lög um ítölu og gerir lítið úr þeim. Ég held, að þessi lög séu út af fyrir sig nokkuð góð, en ugglaust eru þau þó þannig, að það mætti bæta þau. En það eru önnur lög, sem hv. flm. gerði lítið að umtalsefni og vitnaði lítið í, sem eru örugglega góð og geta hjálpað til þess, að lög um ítölu nái tilgangi. Það eru lög um landgræðslu og gróðurvernd. Í III. kafla þeirra laga segir:

„Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau."

Þá segir enn fremur, að Landgræðsla ríkisins skuli hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð. Þá segir enn fremur í 19. gr. þessara laga:

„Gróðurverndarnefnd skal starfa í hverri sýslu, þar sem landgræðslustjóri telur þess þörf. Sýslunefnd kýs 3 menn í nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum búnaðarsambands héraðsins."

Mér heyrðist á hv. flm. áðan, að það væri dálítið erfitt að kjósa í þessar n., vegna þess að það væri erfitt að gera upp á milli manna. En það er búnaðarsambandið, sem á að tilnefna þessa menn eða gera tillögu um þá, og þeir verða svo skipaðir eftir það. Maður skyldi þess vegna ætla, að það væru góðir og gegnir menn.

Gróðurverndarnefndirnar eiga að starfa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Það hefur verið talað um, að landgræðslustjóri ætti að hafa frumkvæðið, þegar um það væri að ræða, að gróðri væri ofboðið og um ofbeit gæti verið að ræða. En það er enginn vafi á því, að gróðurverndarnefndir, sem eiga að starfa í hverri sýslu, geta einnig og ekkert síður haft frumkvæðið, því að þær vitanlega þekkja, hvar skórinn kreppir að, og eiga að geta haft frumkvæði í þessu máli og hafa það. Það segir enn fremur, að það skuli rannsaka þessi mál, þar sem land geti verið í hættu, og það skuli gert samkvæmt 40. gr. þessara laga. En hvernig hljóðar sú grein? Þegar rannsaka þarf beitarþol og hættu á gróðureyðingu samkv. 7., 22. og 23. gr., skal fela Búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans, sem núna heitir Rannsóknastofnun landbúnaðarins, að annast rannsóknirnar. Búnaðardeildinni, þ. e. Rannsóknastofnuninni, ber að leita eftir plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu, og hafa eftirlit með þessu. M. ö. o.: ef land virðist vera í hættu að dómi gróðurverndarnefndanna eða landgræðslustjóra, þá á að rannsaka landið, og það á að gerast af Atvinnudeild háskólans, sem hét svo áður, en nú er Rannsóknastofnun landbúnaðarins, — það eru sérfræðingar starfandi við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, m. a. Ingvi Þorsteinsson, — eins og lögin eru nú, landgræðslulögin. Þess vegna er nú það, að ég vildi aðeins benda á þessi atriði, af því að mér virtist hv. flm. ekki hafa gert sér grein fyrir því fyllilega, hvað í lögunum um landgræðslu og gróðurvernd felst.

Nú segi ég þetta ekki vegna þess, að ég vilji fordæma þetta frv. út af fyrir sig, og það má vel vera, að það sé nauðsynlegt að breyta löggjöfinni og það megi taka eitthvað upp úr þessu frv., sem megi verða til gagns og bóta frá þeirri löggjöf, sem nú er. En það er nauðsynlegt, að landbn., sem fær þetta frv. til meðferðar, skoði það í réttu ljósi og beri það saman við gildandi lög, bæði lög um landgræðslu og gróðurvernd og einnig við gildandi lög um ítölu. Það er náttúrlega fjarstæða, að það sé ekki hægt að koma á ítölu með þeirri löggjöf, sem nú er í gildi. Það er einmitt gert ráð fyrir því samkv. 20. og 23. gr. laga um landgræðslu. Og það er náttúrlega ekki ástæða til, finnst mér, að hafa fleiri orð um þetta.

Ég taldi aðeins ástæðu til að minna á lög um landgræðslu og gróðurvernd, sem eru í gildi og þar sem gert er ráð fyrir að starfandi séu gróðurverndarnefndir í öllum sýslum, sem eigi að hafa eftirlit með því, að gróðrinum sé ekki ofboðið. Og sem betur fer mun það vera óvíða,

sem um ofbeit er að ræða í landinu. Það kann að finnast þó einhver afréttur, sem þannig er háttað um. Og það er enginn vafi á því, að ef hross koma horuð af afrétti, þá er það vegna ofbeitar, og þar þarf að bæta úr. Ég hefði haldið, að stóðkóngarnir, sem náttúrlega eiga hrossin, vildu manna helzt gera það. Stóðkóngarnir ættu manna helzt að gera sér grein fyrir því, að það borgar sig ekki að ofbeita landið. Og það er hætt við því, að ef hrossin koma horuð af afréttunum, þá verði dilkarnir einnig eitthvað léttari en þeir annars gætu orðið.

Mér finnst þetta stangast á við heilbrigða skynsemi, að það sé ekki hægt að fá menn til þess að starfa eftir þeim lögum, sem núna eru í gildi, vegna þess að það er hagur þeirra sjálfra að tryggja það, að afréttirnir eða hagarnir verði ekki ofbeittir. Það hefur verið talað um það undanfarið, að það væri víða um ofbeit að ræða. En sannleikurinn er sá, að það er víðast hvar, í flestum sýslum, flestum héruðum landsins, sem afurðirnar hafa aukizt eftir hvern grip síðustu árin, og það bendir til þess, að bæði sauðfé, hross og annar peningur hafi haft nóg að bíta yfir sumarið. En það er rétt að loka ekki augunum og gera ráð fyrir því, að þetta geti átt sér stað, og þess vegna get ég tekið undir það, sem síðasti hv. ræðumaður sagði hér áðan, að frv. eins og þetta getur verið virðingarverð tilraun. Það er þá tilraun til þess að vekja athygli á máli, sem þarf að einhverju leyti að bæta úr. Og það má vel vera, að afréttir Húnvetninga séu þannig, að þeir séu að einhverju leyti ofsetnir. En svo marga Húnvetninga þekki ég að góðu og dugnaði og hagsýni, að ég hefði haldið, að þeir vildu bæta úr þessu og væru ekki tregir til þess að fylgja fast eftir þeirri löggjöf, sem nú er fyrir hendi og gæti hjálpað til þess að tryggja það, að gróðurfar afréttanna og heimahaganna væri með eðlilegum hætti.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég vissi ósköp vel um þessar gróðurverndarnefndir heima í héruðunum, en annars veit ég ekki fyrir víst, hverjir eru í henni í mínu héraði. Ég hef ekki orðið var við, að hún hafi gert nein stórátök í gróðurverndarmálum, enda ekki brýn þörf í byggðinni.

Viðvíkjandi því, að það sé skert vald sveitarstjórna með þessu frv., ef að lögum verður, þá er það ekki rétt skilið, því að það er tekið fram alveg skýrt í frv., að sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á að snúa sér til sveitarstjórnanna, svo að í raun og veru er vald sveitarstjórnanna aukið frá því, sem er í hinum fyrri lögum. Þar er það sýslunefnd, sem á að hafa aðalfrumkvæðið. Það má vel vera, að sýslunefndir hafi allmikinn áhuga á þessum ítölumálum. En hitt er staðreynd, að það hefur hvergi komizt á ítala enn þá.

Viðvíkjandi því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. um viðurlögin, þá er það rétt, að í eldri lögum er ekkert um viðurlög talað, ef rekið er fleira á afrétt heldur en leyft er samkv. ítölulögunum. Þess vegna gerir bara það atriði, að það eru engin viðurlög, ítölulögin gömlu algerlega gagnslaus. Ég minntist ekki sérstaklega á það áðan. En ég setti þau viðurlög, að það yrðu tvöföld fjallskil á því, sem yrði rekið umfram, við fyrsta brot, þreföld við annað, fjórföld við þriðja og fimmföld við fjórða brot. En í fyrri lögum er það bara þessi ákveðna sekt, ef lögin eru brotin, og það kostar málaferli, og það fer enginn að fara í mál út af 5—10 þús. kr. sekt, vegna þess að það kostar miklu meira að reka málið. En það er ákaflega auðvelt í framkvæmd að hafa þessi viðurlög.

Annað er það í eldri lögum, sem er alveg ófært, að það á að miða fjallskilin við þá skepnutölu, sem leyft er að reka á afrétt, hvort sem menn eiga svo margar skepnur eða ekki. Það nær engri átt að leggja fjallskil á fleiri skepnur heldur en menn eiga. Það er orðað þannig í frv., að það séu ekki lögð fjallskil á fleira, en má leggja fjallskil á færra, ef maðurinn á ekki svo margt. Þetta er bara eitt atriði í eldri lögum, sem gerir það, að þau eru í raun og veru alveg ónothæf.

Viðvíkjandi því, að gróðurverndarnefndirnar eigi að hafa eftirlit með öllum afréttum eða yfirleitt allri gróðurvernd, þá geri ég heldur lítið úr því. Til þess þarf sérfróða menn, og sá sérfróði maður, sem bezt hefur kynnt sér þetta, er Ingvi Þorsteinsson, og ég legg til, að hann hafi frumkvæðið. Hvaða vit væri líka í því, að margir séu að þessu? Auðvitað á einn fagmaður að fást við þetta. Ég bar þetta frv. undir Ingva, og hann sagði, að það væri allt annað að framkvæma ítölulögin, ef frv. yrði að lögum, en eftir þeim ítölulögum, sem nú eru.

Viðvíkjandi því, að landgræðslustjóri eigi að hafa frumkvæðið, eins og hv. 1. þm. Sunnl. var að tala um, þá held ég, að þessi blessaði landgræðslustjóri okkar hafi alveg nóg að gera og jafnvel of mikið. Sannleikurinn er sá, að það er ekkert vit í því vegna sandgræðslunnar að ætla þessum manni að reka stórbú, sem er fullt verk, og svo á hann að sjá um sandgræðsluframkvæmdir á öllu landinu. Þetta er eins og hver önnur vitleysa. Gunnarsholti á að skipta í mörg býli, og þarna geta 3—4 fjölskyldur haft atvinnu og lifað góðu lífi. En sandgræðslustjórinn á að vera upptekinn við sitt starf, og það er miklu meira en nóg. Hann þyrfti jafnvel að hafa aðstoðarmann, því að verkefni eru ótæmandi.

Þá er annað. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að það megi girða viss svæði á afréttunum, ef mönnum sýnist að hafa hross á þeim svæðum. Það hafa Biskupstungnamenn gert. Þeir hafa girt af uppi í Hvítárnesi. Ég skil vel, að hv. 1. þm. Sunnl. hafi ekki séð hvaðan hross koma af afrétt, vegna þess að þeir reka alls ekki sín hross á afrétt í Rangárvallasýslu. Þeir hafa þau í heimahögum, og það er ekki hægt að hugsa sér betri haga. Ég efast ekkert um, að þau séu allvel feit hrossin þeirra Rangvellinga. En þeir hafa tiltölulega lítið af fé miðað við okkur norðanlands, en aftur mikil kúabú. Þetta vafalaust hentar vel hjá þeim, en það mundi ekki henta hjá okkur. En það er staðreynd, a. m. k. á þeim afrétti, þar sem ég á upprekstur, að hryssurnar koma horaðar og folöldin lítil. Meira að segja ærnar leggja af á afrétt, ef þær eru ekki á því betri stöðum.

Ingvi Þorsteinsson hefur sagt við mig, að hrossunum væri ofaukið a. m. k. á okkar afrétt.

Mér skildist, að þessi ræðumenn, sem töluðu hér á eftir mér, væru mér að mestu leyti sammála efnislega, og ég held, að það sé ekki um nein stór ágreiningsatriði að ræða. Ég held, að það sé langeðlilegast, að það sé einn sérfræðingur, sem líti eftir, hvort um ofbeit er að ræða á afréttunum, og hann leiti þá til sveitarstjórna um aðgerðir, ef hann telur þess þörf. Og fyrir þessu er gert ráð í frv. Ég vil ekki vera að gera lítið úr þessum þætti í gömlu lögunum sérstaklega, en það virðist sem þetta sé samið af mönnum, sem ekki eru vanir því að fást mikið við afréttarmál. Það er venja, að ráðh. skipi einhverjar n., og svo þegar búið er að semja frv., þá má heita, að það sé ógerlegt að koma neinum verulegum breytingum að. Þetta eru stjfrv., og það má ekki breyta þeim nema lítið. Ég álít, að þarna sé um hina mestu misnotkun á starfskröftum þm. að ræða. Ég held, að frv., ekki sérstaklega um þetta málefni, heldur mörg fleiri, væru miklu betur samin, ef þm. væru látnir semja þau, og þau mundu þá fá greiðan gang í gegnum þingið. Í mörgum tilfellum eru menn í þessum n., sem ekki hafa nema mjög takmarkað vit á því, sem þeir eru að ákveða með lögum, og þess vegna koma vitlaus lög frá þinginu, m. a. þessi fjallskilalög. Meinlegust er ítölulöggjöfin í þeim lagabálki. Hitt er meinlaust, ekki snjallt, en ekki stórskaðlegt, enda alls ekki eftir þeim farið nema þar sem það hentar og enginn kærir sig um eða skiptir sér af því. Það eru ýmis atriði í lögum um fjallskilamál, sem alls ekki er farið eftir, þar sem ég þekki til a. m. k. Staðreyndin er þessi, að oddvitarnir í mínu héraði segja við mig: Við getum ekki komið á ítölu með óbreyttum lögum. Ingólfur Jónsson má gjarnan tala við þá. Einn þeirra er staddur hér í bænum nú, og hann má gjarnan tala við hann, hann heitir Gísli og er frá Hofi í Vatnsdal. Hann sagði við mig fyrir tveimur dögum, að þetta væri það bezta, sem ég hefði komið með, þetta frv. Lögin eru þannig, að það er mjög erfitt fyrir sveitarstjórnirnar að framkvæma þau, að koma á ítölu. Og það er ekki af neinum illvilja hjá fyrrv. landbrh. eða þeim mönnum, sem sömdu þessi lagafrv., heldur var það bara ókunnugleiki að hafa ítölulögin eins og þau eru. Þau eru gagnslaus, eins og þau eru nú, og þarf að bæta þau. Hvort þessu frv. verður eitthvað breytt, það er aukaatriði, en aðalatriðið er, að lögin séu gerð þannig, að þau séu auðveld í framkvæmd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Vegalög.

Á 39. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970 [184. mál] (þmfrv., A. 350).

Á 43. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór S. Magnússon): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á vegalögum á þskj. 350 ásamt hv. 2. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Reykn. Frv. er þess efnis, að niður falli úr vegalögum nr. 23 frá 1970 95. gr. þeirra laga, en gr. er þess efnis, að ráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af ökutækjum, sem aka um tiltekna vegi eða brýr. Enn fremur er tekið fram í frv., að frá þeim tíma er lögin taki gildi, skuli falla úr gildi reglugerð frá 23. marz 1966, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Ég tel vonum seinna, að frv. um þetta efni sé á ný lagt fram á hv. Alþ. Frv. um sama efni hafa áður verið lögð fram á þingi, síðast árið 1967, en varð þá ekki útrætt. Frv. þetta er nú flutt til þess að kanna, hvort ekki reynist vera fyrir hendi meiri hl. meðal alþm. um að marka þá stefnu, að sérstök umferðargjöld af bifreiðum, sem aka tiltekna vegi eða brýr, skuli ekki vera innheimt. Ákvæði 95. gr. vegalaga gefa beinlínis til kynna, að löggjafarvaldið ætlast til þess af ráðh., að hann setji á veggjöld, þar sem það þykir henta. Þess vegna er eðlilegt, að veggjald það, sem verið hefur á Reykjanesbraut frá árinu 1965, sé ekki afnumið, á meðan nefnt ákvæði vegalaga helzt óbreytt. Á sama hátt er eðlilegt, að sett verði veggjald á aðra vegi, þar sem það reynist mögulegt. Það er hins vegar skoðun mín, að Alþ. beri nú að afnema heimild til þess að leggja á sérstakt umferðargjald, og hefði raunar aldrei átt að setja nefnt ákvæði í lög. Skal ég nú rökstyðja frekar þá skoðun mína, að óeðlilegt sé að leggja á sérstakt umferðargjald á einstökum vegum.

Við Íslendingar hljótum að stefna að því að byggja upp þjóðvegakerfi, sem fullnægjandi má telja miðað við umferðarþunga á hverjum vegi. Þannig hljótum við að leggja mismunandi vegi. Það dettur engum í hug, að allir vegir í landinu verði steyptir, malbikaðir eða olíubornir. Hins vegar er unnt að sýna fram á það með rökum, að það er þjóðhagslega hagkvæmt að leggja varanlegt slitlag á nokkurn hluta vegakerfisins. Á hinn bóginn geta vel byggðir malarvegir víða með góðu móti borið umferðarþungann. Kostnaður við vegagerð er mjög mismunandi eftir staðháttum. Sums staðar þarf að leggja vegi í bröttum fjallshlíðum eða grafa jarðgöng til þess að tryggja samgöngur milli staða eða landshluta. Á öðrum stöðum er vegarlagning hins vegar auðveld og tiltölulega ódýr. Lagning vega með varanlegu slitlagi er alla vega dýrari í framkvæmd en lagning malarvega. Hins vegar er rétt að benda á þá staðreynd, að margir vegarkaflar, sem lagðir eru úr möl, eru dýrari

á km en lagning varanlegs slitlags við góðar aðstæður.

Ein höfuðröksemd fyrir því, að lagt var veggjald á Reykjanesbraut á sínum tíma, var sú, að hér væri um fjárfreka framkvæmd að ræða og sjálfsagt væri, að þeir, sem ættu þess kost að aka þennan ágæta veg, greiddu hluta af stofnkostnaðinum. En þá vaknar ósjálfrátt sú spurning: Hvenær er einhver vegaframkvæmd það fjárfrek, að það réttlæti sérstakt veggjald? Á hér að miða við heildarkostnað framkvæmdarinnar eða kostnað á km, eða á e. t. v. að miða við heildarkostnað framkvæmdar deilt með fjölda bifreiða, sem aka viðkomandi veg? Síðasta viðmiðunin væri máske sú eðlilegasta. Ef menn geta verið sammála um það, þá er ég sannfærður um, að fjöldamargar vegaframkvæmdir á Íslandi mundu flokkast með Reykjanesbraut í þann hóp vega, sem leggja bæri á umferðargjald. En hvernig fyndist mönnum það að vera gert að greiða umferðargjald, ef þeir ækju um jarðgöng til Siglufjarðar eða fyrirhuguð jarðgöng um Oddsskarð eða ef umferðargjald væri á öllum meiri háttar brúm á landinu? Ef menn vilja hins vegar heldur miða við skilgreininguna á kostnað á km, mætti nefna sem dæmi um veg, sem sjálfsagt væri að leggja á umferðargjald, veginn út frá Reykjavík austur og norður, þ. e. a. s. veginn yfir Elliðaár og upp Elliðaárbrekkuna. En hann mun vera ein langdýrasta vegagerð, sem framkvæmd hefur verið hér á landi, miðað við vegalengd. Mér er til efs, að nokkur sá maður sé til, sem heldur því fram í fullri alvöru, að unnt væri að innheimta sérstakt umferðargjald í Elliðaárbrekkunni.

Hæstv. fyrrv. samgrh., Ingólfur Jónsson, sagði svo í umr. hér á Alþ. 27. okt. 1965, með leyfi forseta:

„Ég geri t. d. ekki ráð fyrir því, að það verði innheimt umferðargjald af jarðgöngunum gegnum Stráka, þegar þau verða tekin í notkun, einfaldlega vegna þess að það borgar sig ekki. Umferðin verður ekki það mikil, að það geti svarað kostnaði.“

Ég býst við, að undir þessi ummæli ráðh. getum við öll tekið. Ástæðan fyrir því, að ekki er unnt að innheimta umferðargjald af veginum yfir Elliðaár, er sú, að umferð þar er það mikil, að útilokað er að koma við innheimtu, án þess að það valdi verulegum truflunum á umferðinni.

Ég tel mig með þessum tveimur dæmum hafa sýnt fram á, að umferðargjald verður aldrei unnt að innheimta nema á vegum, þar sem umferð er af ákveðinni stærð. Ef umferðin er lítil, þá borgar innheimtan sig ekki. Þegar umferðin er hins vegar mjög mikil, þá er ekki unnt að koma við innheimtu, án þess að umferðin á viðkomandi stöðum verði fyrir verulegum töfum. En það er nú ekki einu sinni svo, að við getum sett veggjöld á allar kostnaðarsamar vegaframkvæmdir, þar sem umferðarmagnið er af mátulegri stærð. Ef viðkomandi vegur er lagður um þéttbýl svæði mikinn hluta leiðarinnar, þá er það svo, að menn aka mjög mismunandi langt eftir þessum ágæta vegi. Sumir aka kannske nokkur hundruð metra, aðrir nokkra km, en aðrir tugi km. Þá er alveg sama hvar á leiðinni veggjaldið er innheimt, ekki verður komizt hjá misrétti í þeirri innheimtu, þar sem engum dettur í hug, að unnt sé að hafa veggjaldið mismunandi eftir því, hversu langt menn aka eftir veginum. Ef innheimta á veggjald við slíkar aðstæður, munu sumir greiða gjaldið fyrir að fá að aka stuttan spöl eftir veginum, en aðrir fyrir að aka veginn allan. Án þess að hafa gert á því sérstaka athugun, finnst mér líklegt, að þannig hátti til víða, þar sem hugsanlegt er, að lagðir verði dýrir vegir hér á landi á næstu árum. Veggjald verður því aðeins unnt að leggja á þá vegi, þar sem umferð er af ákveðinni stærð og töluverður hluti leiðarinnar liggur um lítt byggð svæði. Þannig háttar einmitt um Reykjanesbraut, og ég hygg, að svo sé einnig um Suðurlandsveg að Selfossi. En ég er næstum viss um, að svo háttar til um fáa vegi, sem lagðir kunna að verða með varanlegu slitlagi hér á landi. Það er því rétt, að menn átti sig á því, hvort eðlilegt sé að viðhalda innheimtu á þann hátt, sem gert hefur verið nú í rúm 6 ár, vitandi það, að slíkur skattur mun aldrei verða lagður nema á lítinn hluta þeirra vega, sem annars þætti eðlilegt að hann næði til.

Algeng röksemd fyrir því, að sjálfsagt sé að innheimta umferðargjald á Reykjanesbraut og öðrum sambærilegum vegum, eins og það er gjarnan orðað, og er þá væntanlega átt við vel byggða vegi með varanlegu slitlagi, er sú, að sjálfsagt sé, að þeir landsmenn, sem búi við þau forréttindi að fá að aka svo góða vegi, eins og það er gjarnan nefnt, meðan aðrir þurfa að hossast á lélegum malarvegum, þeir greiði eitthvað aukalega fyrir þessa sérstöku aðstöðu. Vissulega skal það viðurkennt, að gerólíkt er að aka Reykjanesbraut eða aka lélega, holótta malarvegi. En hitt skulu menn hafa í huga, að víða um landið hafa verið lagðir vegir, sem er sízt verra að aka en steypta, malbikaða eða olíuborna vegi, þó að þeir séu aðeins lagðir úr möl. Þar sem lagðir hafa verið góðir malarvegir, umferð er ekki mjög mikil og viðhald veganna er með eðlilegum hætti, þar er alls ekkert verra að aka en á þeim vegum, sem lagðir eru varanlegu slitlagi.

Ég skal fúslega viðurkenna, að víða um landið eru vegir algerlega óviðunandi, og þeim mönnum, sem búa við lélegustu vegina, er vissulega vorkunn, þó að þeir öfundi Suðurnesjabúa og aðra, sem að einhverju leyti búa við góða vegi. Hins vegar réttlætir það alls ekki, að lagt sé veggjald á einstaka vegi, þar sem fullu réttlæti verður aldrei náð í veggjöldum. Ef nokkurn tíma ætti að vera hægt að ná fullu réttlæti í slíkum gjöldum, værum við fyrr en varði komin með veggjöld um allt land á mismunandi löngum vegaköflum og brúm og mundi lenda í hreinu óefni.

Ég vænti þess, að allir hv. alþm. geti sameinazt um, að stefna beri að því að fullkomna vegakerfið á Íslandi. Gerðar hafa verið samgönguáætlanir fyrir einstaka landshluta, og verið er að vinna að því að gera heildaráætlun um nauðsynlegar framkvæmdir í vegagerð fyrir

allt landið. Ég teldi mjög heppilegt, ef menn gætu sameinazt um að samþykkja á Alþ. slíka heildaráætlun. Það er þó e. t. v. til of mikils mælzt, að menn geti verið sammála um röð framkvæmda. Um það eru eflaust mjög skiptar skoðanir. Hins vegar komast menn ekki fram hjá því, að slíkar ákvarðanir verður að taka. Ég vildi einnig leyfa mér að vona það, að þm. geti verið sammála um að afnema það óréttlæti, sem nú hefur viðgengizt í meira en 6 ár, að *litlum hluta landsmanna er gert að greiða* sérstakt veggjald fyrir að aka heiman og heim, einungis vegna þess að sjálfsagt þótti á sínum tíma að leggja varanlegan veg á milli höfuðborgarinnar og eina millilandaflugvallar landsins. Ég hygg, að enginn geti sagt, að lagning Reykjanesbrautar hafi verið óþörf á sínum tíma þrátt fyrir óteljandi önnur verkefni, sem vissulega væri einnig æskilegt, að hefði verið búið að leysa. En er það viðunandi til lengdar, að sérstakt veggjald sé innheimt einungis þar sem þægilegt er að koma því við? Er það eðlilegt, að þeir landsmenn, sem áður bjuggu við verstu vegi að flestra dómi, greiði sérstakt veggjald, einungis vegna þess að sjálfsagt þótti að leggja veg með varanlegu slitlagi í stað þess að fleygja gífurlegum upphæðum á ári hverju í viðhald á gömlum malarvegi? Ég býst ekki við, að nokkrum manni hefði dottið í hug að leggja veggjald á Reykjanesbraut, ef þar hefði aðeins verið lagður malarvegur. En hversu miklar fjárhæðir hafa ekki sparazt við það, að þar var þó á sínum tíma lagður vegur með varanlegu slitlagi?

Að lokum aðeins þetta: Ég vænti þess, að hv. alþm. geri sér grein fyrir því, að með því að leggja á sérstök veggjöld er tekin upp mjög óeðlileg skattlagning, sem getur aldrei verið sanngjörn. Við skulum því afnema þá heimild, sem er í vegalögum til þess að leggja á slík gjöld, nú á þessu þingi og marka þar með skýra stefnu í þessu máli. Ég leyfi mér að vona fastlega, að málið fái skjóta meðferð í n. þeim, sem um það fjalla, og fái lokaafgreiðslu á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þessa frv., sem hér hefur verið fylgt úr hlaði af hv. 1. flm. Ég ætla þó ekki að fara út í umr. um réttmæti þess að hafa þessa heimild í lögum, sem nú er lagt til, að verði numin brott, eða umr. um það, hvaða vegir séu sambærilegir. Ég vil í upphafi taka það fram, að ég er meðmæltur því, að veggjald á Reykjanesbraut verði fellt niður. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þetta mál kemur til umr., hvorki hér á hv. Alþ. né á öðrum vettvangi. Áður en ég kem að því atriði þarf ég að gera lítillega að umræðuefni þau vinnubrögð, sem eru iðkuð með flutningi þessa frv.

Það er út af fyrir sig skiljanlegt, að varamenn, sem koma í þingið um skamman tíma, telji sig knúða til að flytja eitthvert mál, svona til að fá það skjalfest, að þeir hafi þó stigið í ræðustól á Alþ. En hér virðist þó hv. 1. flm. þessa frv. sýna flokksformanni sínum, hæstv. samgrh., tiltölulega litla tillitssemi, og skal ég koma að því nokkru nánar.

Nokkru fyrir jól lagði hv. 5. landsk. þm. fram fsp. til hæstv. samgrh. um það, hvort ríkisstj. hygðist afnema veggjald á umferð um Reykjanesbraut, og ef svo væri, hvenær sú ákvörðun kæmi til framkvæmda. Svar hæstv. samgrh. var efnislega á þá leið, að sú ákvörðun yrði tekin, „prinsip"-ákvörðun í málinu, eins og hann orðaði það, þegar sambærilegir vegir væru komnir til annarra staða, en það mundi verða á þessu ári. Frekari yfirlýsing var ekki gefin um þetta mál. Hins vegar lá fyrir yfirlýsing frá fyrrv. samgrh. um, að *veggjaldið yrði afnumið á* Reykjanesbraut. Slíka yfirlýsingu hefur núv. hæstv. samgrh. ekki viljað gefa, og virðist mér því þetta frv. vera flutt vegna þess, að flm. — sem eru allir stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. — treysta hæstv. samgrh. ekki til að beita því valdi, sem hann hefur samkv. vegalögum, með þeim hætti, sem íbúar Suðurnesja og aðrir, sem um Reykjanesbraut aka, óska.

Þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi hafa barizt fyrir afnámi þessa gjalds undanfarin ár, þótt þeir hafi á sínum tíma samþykkt heimild þá í vegalögum, sem hér er lagt til að verði felld niður, eins og raunar allir aðrir þm., sem þá sátu á Alþ., gerðu. Það mun því ekki standa á þeim að gera það, sem þarf til þess að veggjaldið verði fellt niður, þ. á m. að styðja þetta frv., ekki sízt ef fyrir liggur, að hæstv. samgrh. muni ekki nota vald sitt til að fella það niður. Sú yfirlýsing liggur að vísu ekki fyrir, en till. hans hlýtur að birtast, þegar vegáætlun fyrir næstu 4 ár verður lögð fyrir Alþ., sem mér skilst að verði í næsta mánuði. Það virðist því sem flutningur þessa frv. hefði mátt bíða þar til till. hæstv. samgrh. yrðu lagðar fram. Þetta sýnir hins vegar það, að hér er um nokkra sýndarmennsku að ræða.

Tveir þm. stjórnarflokkanna úr Reykjaneskjördæmi og einn varamaður úr einum stjórnarflokkanna, sem var í framboði við síðustu kosningar í sama kjördæmi, virðast vera að reyna að slá sig til riddara með flutningi frv. Að sjálfsögðu skiptir það ekki meginmáli, hvernig að þessu máli er staðið. Þetta kryddar kannske aðeins tilveruna og gerir flm. svolítið broslega í augum þeirra, sem þekkja söguna. Það sjá t. d. allir í gegnum það, að þm. Sjálfstfl. og Alþfl. í kjördæminu er ekki boðið að vera meðflm. þrátt fyrir skýra afstöðu þeirra í þessu máli og þrátt fyrir tilraunir þeirra til að ná samstöðu allra þm. kjördæmisins um þau mál, sem eiga að vera hafin yfir alla pólitík. En þetta er mat flm. á því, hvernig bezt sé borgið hagsmunum íbúa kjördæmisins, og hvaða vinnubrögðum eigi að beita til að koma þeim fram. Það *er auðvitað afskaplega* gott að geta sagt frá þessu t. d. í næstu kosningabaráttu á Suðurnesjum, að það hafi verið þm. núv. stjórnarflokka, sem komu þessu máli í gegn, hinir hafi þar ekki verið með í ráðum.

Ég get ekki stillt mig um að geta lítillega þáttar hv. 2. þm. Reykn., sem jafnframt er 2. flm.

þessa frv., Jóns Skaftasonar, vegna þess að hans þáttur er að verða dálítið broslegur í þessu máli. Það er að vísu miður, að hann skuli ekki vera hér viðstaddur. Í Alþingistíðindum 1959—1960, bls. 221, segir þessi hv. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmd lagafrv. þessa er dýr“ — þ. e. lagafrv. um steinsteyptan veg suður á Reykjanes — „og því er eðlilegt, að heimilt sé að taka lán til hennar. Mjög er sennilegt, að hægt verði að endurgreiða það lán að verulegu leyti með því að leggja nokkurt gjald á bifreiðar, sem um veginn fara, þar sem sparnaður á viðhaldi þeirra og rekstrarkostnaði hlyti að verða verulegur“ o. s. frv.

Þetta sagði hann þá. Síðan hefur hann að vísu sagt og við annað tækifæri, að þetta hafi hann látið út úr sér í barnaskap sínum, og ég efast ekkert um vilja hans nú í þessu máli. En nóg um það. Aðalatriðið er, að veggjaldið verði fellt niður. Minna máli skiptir, með hvaða hætti það verður gert. Ef núv. hæstv. samgrh. vill ekki nota vald sitt til að gera svo, þá mun ekki standa á þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi að styðja þær aðgerðir, sem hér er lagt til að gerðar verði, og þeir munu jafnframt reiðubúnir að vinna að málinu í sínum flokki, ef stjórnarliðið skyldi bregðast flm. frv. Við sjálfstæðismenn höfum hins vegar sætt okkur við það, enda treyst því, að veggjaldið félli niður frá næstu áramótum. Við höfum sætt okkur við þetta vegna þess, að með þessum tekjum hefur verið reiknað í gildandi vegáætlun. Það er ekki ábyrg fjármálastjórn, sem lýsir sér í því að fella niður á miðju gildistímabili hans tekjustofn, sem reiknað hefur verið með. Hins vegar má kannske segja, að það sé í fullu samræmi við þá fjármálapólitík, sem núv. stjórnarflokkar eiga allan höfundarrétt að.

Flm. (Halldór S. Magnússon): Herra forseti. Ég skal ekki tefja tíma alþm. mjög lengi, en ég get þó ekki stillt mig um að gera örfáar aths. við ræðu síðasta ræðumanns, hv. 11. landsk. þm.

Ég tel, að það sé alls ekki neitt tillitsleysi við hæstv. samgrh., þó að þetta frv. sé flutt. Með þessu frv. viljum við flm. fá úr því skorið, hvort ekki sé vilji hér á Alþ. fyrir því að marka þá skýru stefnu, að veggjöld verði almennt ekki innheimt í landinu, hvort sem um er að ræða Reykjanesbraut eða aðra vegi. Einstaka þm. virðast þó vilja binda sig í þessu máli við einstaka landshluta og horfa einungis á einstök kjördæmi, en við viljum líta þarna yfir allt landið og leggjum því til, að þetta ákvæði verði afnumið úr vegalögum, þannig að svo lengi sem það kemur ekki inn í vegalög aftur verði alls ekki innheimt veggjöld hér á landi. Við teljum þetta vera fullkomið réttlætismál, ekki einungis fyrir íbúa Reykjaneskjördæmis, heldur fyrir íbúa alls landsins, einkum og sér í lagi þá, sem geta átt von á því að búa við slíka skattlagningu, eins og Reykjanesbúar hafa þurft að búa við undanfarin rúm 6 ár.

Ég tel alls ekkert óeðlilegt, þó að hæstv. núv. samgrh. hafi ekki viljað lýsa yfir niðurfellingu þessa gjalds nú, einfaldlega vegna þess, eins og ég gat um í minni upphafsræðu, að meðan þetta ákvæði er í vegalögum, þá lít ég svo á, að löggjafarvaldið ætlist beinlínis til þess, að ráðh. setji á veggjöld, þar sem honum þyki það henta. Og hafi veggjald einu sinni verið sett á einhvern veg, þá tel ég óeðlilegt, að meðan þetta ákvæði er í lögum sé það sama veggjald afnumið. Ég tel líka á sama hátt óeðlilegt annað en hæstv. samgrh. setji veggjald á aðra vegi, sem hann kann að telja sambærilega, þó að það geti alltaf verið teygjanlegt hugtak, á meðan nefnd ákvæði eru í vegalögum. En það er í sjálfu sér ekki á valdi ráðh. að breyta lögunum, heldur á valdi Alþ., og þess vegna er þetta frv. lagt hér fram.

Ég vísa algerlega á bug öllum fullyrðingum um það, að flm. þessa frv. treysti ekki samgrh. og frv.-flutningurinn sé tillitsleysi við hann.

Það, að þetta sé sýndarmennska, og þá einkum og sér í lagi bent á það, að þm. Sjálfstfl. og Alþfl. hafi ekki verið boðið að vera meðflm. að frv., þá vil ég leyfa mér að benda á það, að þm. þessara flokka voru aðilar að ríkisstj. allan þann tíma, sem þetta veggjald hefur verið á, þ. e. a. s. í um það bil tæp 6 ár, og allan þann tíma tókst þeim ekki að breyta þessu gjaldi nokkuð, það hefur verið allan þann tíma. Ég tel þess vegna alls ekki óeðlilegt, að þm. núv. stjórnarflokka, fyrrv. stjórnarandstöðu, í kjördæminu ásamt mér sem varaþm. flytji þetta frv. til þess að reyna nú að koma í verk því, sem þm. fyrrv. stjórnarflokka í kjördæminu tókst ekki að koma í verk, á meðan þeir áttu aðild að stjórn.

Ég þakka samt vissulega stuðning hv. þm. við frv., og ég átti reyndar ekki von á öðru en hann og aðrir þm. Sjálfstfl. og Alþfl. í kjördæminu væru frv. meðmæltir, og ég leyfi mér fastlega að vona, að svo sé um miklu fleiri og menn líti ekki á þetta mál einungis sem málefni Reykjaneskjördæmis, því að það er trú mín, að þetta sé fullkomið réttlætismál fyrir alla landsmenn, það verði aldrei jafnrétti í veggjöldum á Íslandi og við þurfum ekki að takmarka okkur við einstök kjördæmi í því efni.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég fagna þeim áhuga, sem fram kom í framsögu fyrir frv. til l. um breytingu á vegalögum hjá hv. 3. landsk. þm. fyrir því að fella niður innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut. Eins og hv. 11. landsk. gat um í sinni ræðu um þetta mál, sem hér er til umr., kom fram fsp. til hæstv. samgrh. varðandi þetta veggjald hinn 11. nóv. s. l. Spurðist ég fyrir um, hvort núv. ríkisstj. hygðist afnema veggjaldið á umferð um Reykjanesbraut, og hafði þá í huga yfirlýsingu hæstv. fyrrv. samgrh. um það efni, sem hann lét hafa eftir sér rétt fyrir síðustu alþingiskosningar um, að hann mundi fella niður innheimtu á þessu veggjaldi. Hæstv. fyrrv. samgrh. gat þó ekki komið því í framkvæmd, þar sem hann lét af ráðherrastarfi skömmu síðar.

Í svari núv. hæstv. samgrh. kom fram, að ríkisstj. hefði þá ekki tekið ákvörðun í málinu. Hann sagði, að „prinsip"-ákvörðun varðandi innheimtu á veggjaldi yrði tekin, þegar svipaðir áfangar lægju fyrir í hraðbrautargerð austur, norður og vestur og Reykjanesbrautin er. Taldi hann, að það mundi verða á næsta sumri. Hæstv. samgrh. túlkaði þá ákvörðun fyrirrennara síns að ætla að fella niður veggjaldið á umferð um Reykjanesbraut þannig, að hann hefði tekið þá afstöðu að leggja ekki veggjald á umferð um veginn austur til Selfoss og vestur um, og þess vegna hugðist hann ekki láta halda áfram innheimtu eftir það á umferð um Reykjanesbraut. M. ö. o.: af því að ekki má íþyngja íbúum fyrir austan fjall og öðrum, sem um hinn nýja austurveg fara, með veggjaldi, þá hlotnast Suðurnesjamönnum og öðrum, sem um Reykjanesbraut aka, loksins sú náð að sleppa undan því, eftir að hafa þurft að greiða gjaldið í 6—7 ár.

Hæstv. núv. samgrh. talaði um, að íbúar Suðurnesja hefðu notið forréttinda á kostnað alþjóðar að búa við veg eins og Reykjanesbrautina, og varði álagningu veggjaldsins á þeim grundvelli. Þessu var auðvitað mótmælt í umr. Enn fremur kom fram í þessum umr. athyglisvert innlegg frá hv. 2. þm. Reykn., en hann sagði m. a., að það hefði verið eitt af hans fyrstu verkum, eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, að reyna að beita áhrifum sínum til að fá gjaldið fellt niður. Honum fórust orð á þessa leið um það atriði, með leyfi hæstv. forseta, — hv. 2. þm. Reykn. sagði:

„Ég vil taka það fram, að strax eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, varð það eitt af mínum fyrstu verkum að ræða við hæstv. samgrh. um þetta veggjald og reyna að beita þeim áhrifum, sem ég hef haft innan ríkisstj. og í stjórnarflokkunum, til þess að það verði fellt niður sem fyrst. Ég hef einnig reynt að fá þá til þess að hjálpa mér í þessu, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., og ég tel mig geta hér frá því skýrt, að ég hef fengið góðar undirtektir hjá þeim í sambandi við þessa málaleitan.

Nú er talað um það, að það komi til álita að fella þetta veggjald niður í sumar, þegar svipaðir áfangar verði til á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Ég vil gefa þá yfirlýsingu hér, að ef hæstv. ríkisstj. ekki fellst á það að fella veggjald niður á þeim tíma, þá er ég reiðubúinn sem þm. ásamt með öðrum þeim þm., sem hér kunna að finnast, að beita mér fyrir því, að sú heimild, sem er fyrir ráðh. í vegalögum til þess að leggja á þennan skatt, verði felld niður."

Svo mörg voru þau orð. Síðar í ræðu sinni hvatti hv. 2. þm. Reykn. hæstv. samgrh. til þess að ganga nú fram í því að fella vegskattinn niður, helzt frá næstu áramótum.

Í framhaldi af því, sem ég hef hér rakið, langar mig til að spyrja hv. 2. þm. Reykn. með hliðsjón af málflutningi hans 11. nóv. s. l. hér á hinu háa Alþ., sem ég hef hér drepið að nokkru á, hvort skoða megi aðild hans að flutningi þessa frv., sem hér er til umr., sem merki þess, að hann sé orðinn úrkula vonar um, að það takist að fá núv. ríkisstj. til að standa við fyrirheit fyrrv. hæstv. samgrh. um að fella niður veggjald á umferð um Reykjanesbraut. Ber að líta á flutning þessa frv. sem visbendingu um, að í raun og veru hafi ríkisstj. tekið sínar ákvarðanir í málinu og ætli ekki að fella veggjaldið niður? Væri fróðlegt að heyra álit hæstv. samgrh. um það efni.

Að lokum vil ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel vegskattinn á Reykjanesbraut óréttlátan og hann beri að afnema nú þegar og það þótt fyrr hefði verið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hér hefur verið talað um óréttlæti og mikið óréttlæti að vera að innheimta skatt af Reykjanesbrautinni og Suðurnesjamenn hafi búið við þetta ranglæti í 6 ár. Menn eru búnir að gleyma því, hvað sagt var áður en hafizt var handa um gerð þessa vegar. Jafnvel þeir, sem nú tala um óréttlæti, höfðu gert það að till. sinni, að fjár yrði aflað til þess að standa undir kostnaði við vegagerðina með því að leggja á skatt eins og þennan. Og óréttlætið er nú ekki meira en það, að það var reiknað út, áður en byrjað var að innheimta þetta gjald, að þeir, sem fara þennan veg, spari helming kostnaðar með því að eyða minna benzíni og slíta ökutækinu minna með því að fara þennan góða veg heldur en malarveg, oft lélegan og oftast lélegan, eins og hann var, þessi vegur. Þetta var fyrsti góði þjóðvegurinn, sem lagður var á Íslandi, hann tengdi saman stór þéttbýlissvæði og var fjölfarnasti vegurinn. Þeir, sem hafa farið þennan veg undanfarin 6 ár, hafa grætt á því að borga fyrir það að fara veginn heldur en hafa hann ekki. Og þetta sáu hinir vísu menn, sem gerðu það að till. sinni í upphafi að innheimta tollinn til að standa undir kostnaði við vegagerðina. Og þeir sáu alveg rétt í byrjun. Það gildir alveg sama nú og þá.

Nú er það svo, að við erum að fá fleiri vegi, sem kalla má góða að gerð, þótt enginn verði eins vandaður og dýr og Reykjanesvegurinn. Og það er alveg rökrétt, sem sagt er í forsendum þessa frv. og grg., að það er ekki unnt að innheimta umferðargjald af öðrum vegum. Til þess að unnt sé að gera það og borgi sig að gera það, þurfa vegirnir að vera fjölfarnir og þeir þurfa að tengja saman viss byggðarlög. Það er ekki hægt að innheimta gjald af Norðlendingum, þegar þeir fara Vesturlandsveginn, þótt vegurinn sé steinsteyptur eða malbikaður upp í Kollafjörð eða þótt lengra væri. Það er ekki heldur eðlilegt að innheimta gjald af Rangæingum eða Skaftfellingum, þótt vegurinn austur að Selfossi verði góður, ekki steinsteyptur og ekki malbikaður, heldur bara olíuborinn.

Það er vitnað hér í það, sem ég hef sagt, bæði á Alþ. og í blöðum, að þessi tollur yrði afnuminn 1. jan. 1973. Það hefði ég gert, ef ég hefði ráðið. Ég hef sömu skoðun nú og þegar ég gaf þessar yfirlýsingar, vegna þess að það er sanngjarnt að gera það, þegar fleiri góðir vegir eru til og fleiri en þeir, sem aka Reykjanesbrautina, eiga kost á því að fara góða vegi. Og það þarf enginn að efast um það, að þessar yfirlýsingar, sem eftir mér eru hafðar, voru sagðar í fullri meiningu, vegna þess að undanfarin ár hefur

veggjaldið verið afnumið að nokkru leyti. Menn borga nú jafnmargar krónur og þeir gerðu fyrsta árið fyrir að nota þennan veg. En við vitum, að síðan hefur krónan lækkað. Menn borga nú 50 kr., eins og þeir gerðu fyrst. Ef það hefði fylgt verðlaginu, ættu þeir að borga 80 eða 90 kr. Og af hverju hefur veggjaldið ekki verið hækkað og látið fylgja verðlaginu? Það er vegna þess, að það var búið að ákveða að fella gjaldið niður. Það var búið að ákveða það. Það hefur verið fellt niður að nokkru leyti með því að láta borga nú jafnmargar kr. og gert var í fyrstu. Þetta veit ég, að allir hv. þm. sjá og skilja.

Hitt er svo annað mál, hvort menn gera eitthvað að gamni sínu í sambandi við þetta, setji upp leiktjöld og reyni að verða vinsælir og láti í það skína, að þeir séu einhverjir sérstakir dugnaðartalsmenn þeirra, sem fara þennan veg oftast. Það verður vitanlega fyrirgefið. Og ég segi það, að þegar ákveðið hefur verið að fella niður umferðargjald á bezta veginum og fjölfarnasta veginum, þá vitanlega kemur ekki til greina að leggja umferðargjald á aðra vegi, jafnvel þótt þeir verði góðir. Mér kemur það algerlega á óvart, ef hæstv. samgrh. ætlar sér ekki að nota þá heimild, sem hann hefur til að fella þetta gjald niður. Ég hef haft hugmynd um það, að hann ætli sér að nota þessa heimild. Og það dugar ekki að draga það fram á næsta sumar að ákveða, hvort það verður gert. Það verður að ákveða það núna í vetur, þegar vegáætlunin verður rædd og frá henni verður gengið. Það verður að ákveða það á þinginu í vetur, hvort reikna á með tekjum af umferðargjaldi í vegáætluninni eða ekki.

Það er eftirtektarvert, að 1. flm. þessa frv. er nýr af nálinni hér í hv. Alþ. Ég hef ekkert út á það að setja, þótt hann hafi beitt sér fyrir því að flytja þetta frv. Það muna allir eftir því, þegar þeir komu fyrst inn í þingið, og það hefur öllum, sem hafa byrjað, fundizt sjálfsagt og nauðsynlegt að flytja eitthvert mál og flytja sína jómfrúrræðu. Þetta er ekkert tiltökumál. Hitt er kannske dálítið annað, að hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, og hv. 4. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, sem eru með öllu þingvanir og þekkja þetta mál, skyldu vera með því að flytja frv. til breytinga á vegalögum í þessu efni, nema þá að þeir hafi þrautreynt við hæstv. ríkisstj. að taka jákvæða afstöðu til veggjaldsins og það liggi fyrir neitun frá henni. Þess vegna er spurning hv. síðasta ræðumanns alveg eðlileg og réttmæt. En þrátt fyrir það, þótt rökrétt væri að álykta svo, þá held ég, að það liggi ekki fyrir. Ég held, að hæstv. samgrh. hafi alls ekki neitað því að taka jákvæða afstöðu í þessu máli. Ég get náttúrlega ekki sannað það, en ég held það, það er mitt hugboð, að hann ætli sér að ákveða að fella niður veggjaldið núna í vetur, ekki í sumar, heldur í vetur, þegar við förum að ræða vegáætlunina, væntanlega í næsta mánuði. Veggjaldið er í vegáætlun fyrir þetta ár og hefur verið reiknað með tekjum af því allt þetta ár, og þess vegna kemur ekki til mála, að það verði fellt niður fyrr en frá næstu áramótum. Þetta verðum við að hafa í huga.

Ég væri vitanlega með því að samþykkja þetta frv., ef það lægi fyrir, að ríkisstj. ætlaði að neita að fella niður veggjaldið. Þá skyldi ekki standa á mér að fylgja þessu frv. En mér hefði fundizt eðlilegra, eins og málsatvik eru, að það hefði verið flutt þáltill. og áskorun á ríkisstj., hæstv. ráðh., að fella gjaldið niður. Það hefði í rauninni verið eðlilegra, vegna þess að það gerir ekkert til, þótt þessi heimild sé áfram í vegalögum. Eftir að veggjaldið væri fellt niður, þar sem umferðin er mest, þá kemur vitanlega ekki til mála, að það verði tekið upp á öðrum vegum, þar sem umferðin er minni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. En ég reikna fastlega með því, að veggjaldið verði afnumið af Reykjanesbraut frá næstu áramótum, og það er í samræmi við þá stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók með því að hækka ekki veggjaldið, þótt krónan lækkaði í verði, og það er einnig réttlátara nú en áður, eftir að fleiri vegir eru orðnir góðir til umferðar, eins og nú er að verða. En á þeim vegum er ekki unnt að koma við né heldur réttlátt að koma við innheimtu á veggjaldi.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar þetta mál bar hér að á þessu þingi í fsp.-formi, þá gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess, og ég get tekið það fram aftur, þegar þetta mál gengur nú aftur hér í þingsölunum, að afstaða mín til málsins er alveg óbreytt. Afstaða mín, eins og ég lýsti henni í vetur, var sú, að ríkisstj. hefði enn ekki tekið neina ákvörðun um það, hvort veggjaldi yrði haldið áfram eða hvort það yrði fellt niður. Og ég bætti því við, að ég teldi rétt að taka ekki ákvörðun um það fyrr en jafnframt væri tekið tillit til þess, hvort lagt yrði veggjald á aðra vegi, og ef svo yrði gert, þá væri auðvitað sjálfsagt, að þetta veggjald héldi áfram, — aðra hliðstæða vegi, mun ég hafa sagt. En ef sú yrði niðurstaðan, að ekki yrði lagt veggjald á annars staðar, þá yrði auðvitað að fella þetta veggjald niður. Ég tel það ákaflega ambögulega afgreiðslu á málinu, að Alþ. taki ákvörðun um að fella þetta niður nú, ef Alþ. svo að ári liðnu tæki ákvörðun um að taka upp veggjöld, því að þá yrði að leggja það aftur á þennan veg. Það væru heldur amböguleg vinnubrögð. Ég held, að ákvörðun um þetta mál eigi að bíða ákvörðunar um það, hvort veggjöld verði innheimt af sambærilegum vegum. Hér fá menn aðstöðu til þess að aka um 100 km leið fram og aftur og að þeirri leið ekinni er tekið af þeim þetta gjald. Þegar svo væri á öðrum vegum, hvort sem þeir liggja í austur eða norður eða vestur, þá er fyrst um sambærilega vegagerð að ræða, þó að ekki væri um steinsteypta vegi að ræða eins og hér, heldur bara vegi með olíumöl. Ég mundi telja það alveg hliðstætt.

Það er fjarri mér, að ég áfellist nokkuð fyrirrennara minn í ráðherrastóli, sem lagði þetta gjald á. Ég tel hann ekki hafa beitt Suðurnesjamenn neinu ranglæti með því og áfellist hann á engan hátt fyrir það. Ég tel, að það sé rétt, að þeir menn, sem hafa notið þessa vegar í stað þess gamla, sem var og margir muna enn, hafi notið forréttinda. Hér var um mjög dýra vega-

gerð að ræða. Hún hefði orðið að bíða mörg ár, kannske áratugi, ef ekki hefði verið ráðizt í það af almannafé að leggja þennan veg og skattleggja þannig landslýðinn til þess. Þá sætu menn uppi með sinn gamla veg enn. Og til þess að rökstyðja það enn betur, að það hefur ekki verið gengið á hlut Suðurnesjamanna með innheimtu þessa veggjalds, þá má í fyrsta lagi vitna til þess, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að samkv. öllum útreikningum sérfræðinga var talið, að það að borga þetta veggjald skilaði samt hverjum vegfaranda ávinningi í beinum útgjöldum að því er snertir viðhald bifreiðar og úthald hennar. Það hygg ég, að hafi verið réttir útreikningar. Síðan hefur gjaldið í raun og veru verið lækkað um helming. Um þetta deila menn ekki. En það, sem mér finnst skera úr um það, að Suðurnesjamenn hafa hér notið forréttinda, er það, sem gerist í sérhverju kjördæmi landsins, þegar þm. kjördæmis fara fram á, að einhver vegarspotti, sem sé torfæra í héraði, fái fjárveitingu, áður en hann er kominn á fjárlög eða vegáætlun. Hvað gerist þá? Ekki að tala um að taka slíkan veg eða vegarspotta til framkvæmda fyrr en hann er kominn á sinn stað hjá fjárveitingavaldinu, nema þm. viðkomandi kjördæmis útvegi fé sem nemi kostnaðinum og verði staðið undir vöxtum af þessum vegi að fullu. Þetta verða öll önnur kjördæmi landsins að búa við. Þetta hafa Suðurnesjamenn ekki þurft að gera nema að örlitlum hluta í gegnum þetta gjald. Þetta tel ég vera fulla sönnun þess, að það er rangt að tala hér um óréttlæti í garð þessa fólks, sem notar veginn og borgar gjaldið. Þeir hafa ekki verið beittir ranglæti. Þeir hafa notið forréttinda umfram aðra menn, og landslýðurinn allur hefur verið skattlagður fyrir þennan veg og er það enn í vaxandi mæli.

Hitt skil ég vel, að menn heyra suðað í eyru sér: Við viljum helzt sleppa við að borga þetta gjald. En mér finnst það vera lítilsigldir þm., sem ætla sér að snapa atkv. út á það eitt. Ég er eins kunnugur viðskiptum við kjósendur og hv. þm., sem flytja þetta mál, og ég hef ekki lotið að slíku, en samt fengið atkv. alveg eins og þeir.

Það eru margir, sem eru svo sanngjarnir, sem fara um þennan veg og fóru um gamla veginn áður, að þeir segja: Ég borga ekkert gjald með eins mikilli ánægju og þetta veggjald, því að mér er unun að fara þessa leið nú, sem mér var kvalræði áður fyrr, auk þess sem það kostaði mig miklu meira áður. — Og þetta er rétta myndin af því.

Hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh., sagði það réttilega áðan, að um það er ekkert að tala að fella þetta gjald niður nú. Það verður innheimt út þetta ár hið minnsta, og svo sjáum við til, hvort sams konar regla verður tekin upp annars staðar. Ef mikill kostnaður er við einhverja vegarlagningu hliðstætt þessari, þá á sá vegur að lúta sömu reglum og þessi hefur lotið, og verði hann losaður við veggjald, þá verður það auðvitað ekki lagt á annars staðar.

Ég vil aftur segja það um það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér áðan, er hann sagði, að búið hefði verið að taka ákvörðun um að fella veggjaldið niður, að þetta er rangt hjá honum. Hann hefur kannske verið búinn að því í hjartanu, en hann setti það inn í vegáætlun fyrir árið 1972 án nokkurrar klásúlu um niðurfellingu. Og það finnst hvergi í bókunum ríkisstj. eða rn., að það hafi nokkur ákvörðun verið tekin um að fella þetta gjald niður, svo að ég held því fram, að hann hafi farið rangt með þetta.

Utan af landsbyggðinni berast nú samþykktir um, ekki aðeins að þessu veggjaldi sé haldið, heldur að það sé hækkað, af því að Keflavíkurvegurinn, Suðurnesjavegurinn, hvíli á skattborgurum landsins í heild af meginþunga. Og ég verð að segja það, að þeir menn bíða lengur eftir vegum til sín, sambærilegum vegum, vegna þess fjárhagsþunga, sem nú hvílir á landslýðnum vegna þessa vegar. Ég teldi þá a. m. k. hvíla þá skyldu á þm. Suðurnesja, að þeir sæju fyrir fjármagni, a. m. k. til samgöngumála, sem næmi þessu veggjaldi, ef þeir losuðu sig við það, því að þeir skulda landslýðnum það að leggja fé til vegagerðar annars staðar á landinu, þar sem hefur verið beðið allan þennan tíma og verður beðið enn um ófyrirsjáanlega tíð. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að það hefur ekkert verið ofheimt af Suðurnesjamönnum eða þeim, sem þennan veg nota, sem eru miklu fleiri en þeir. Það er ekki undan neinu að kvarta. Þeir hafa ekki verið beittir rangindum, þeir hafa notið forréttinda og vilja fá að njóta þeirra í enn ríkara mæli.

Ég er ekki sammála hv. 1. þm. Sunnl. um það, að ekki sé hægt að leggja veggjald á veginn austur og veginn norður, — aðallega hefur hann náttúrlega í huga veginn austur, — það sé ekki hægt. Ég tel það hægt. Ég er alveg tilbúinn að segja Selfossbúum það og mönnum í Suðurlandskjördæmi, að ég teldi það hægt, og þeir mundu varla efast um það, þeir mundu sannfærast um það kannske, að það væri hægt. Þeir mundu ekkert draga það í efa. Vegurinn lægi ekki alveg heim í hlað til Norðlendinga, sagði hv. þm. Suðurnesjavegurinn liggur ekki heim í hlað hjá Sandgerðisbúum eða Grindvíkingum, og hafa þeir þó eins og aðrir orðið að borga þetta margumtalaða veggjald, og má fleiri til nefna.

Jú, það er vissulega hægt að leggja veggjald á veginn vestur og austur — og alveg eins á veginn vestur — þegar komin er sambærileg vegagerð við þessa, sem hér er um að ræða, og það er farið að jafna byrðunum nokkuð betur en áður.

Svo að ég haldi ekki uppi málþófi á neinn hátt um þetta mál, þá álít ég, að það sé enginn réttlætisgrundvöllur fyrir því að taka nú ákvörðun um að fella gjaldið niður, þá ákvörðun eigi að taka annaðhvort af eða á, þegar sambærilegir vegir eru fyrir hendi í aðrar áttir. Þá ber vissulega að láta þá sitja við sama borð og Suðurnesjamenn, þeir borgi veggjald, ef það verður ákveðið, en séu lausir við það, ef því verður létt af Suðurnesjabúum. Fyrr er ekki tímabært að taka um það ákvörðun og væri álappalegt að fella þetta nú niður, ef seinna yrði svo ákveðið, kannske eftir eitt ár eða svo, að leggja veggjald á aðra og þá auðvitað aftur á Suðurnesjamenn. Og þá verður það gert, þó að þeir kæmu allir 6 með frv. um að þeir væru á móti því.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hæstv. samgrh. talaði um, að við flm. þessa frv. værum litilsigldir þm. Hann sagðist aldrei sjálfur hafa þurft að leggjast það lágt að flytja „jafn billegt" kjósendafrv. eins og það, sem hér er verið að ræða. Nú er það svo, að við erum að starfa á þingi, sem er fyrsta þingið eftir kosningar, þannig að langt er í kjördag. En ég man ekki betur en að hæstv. núv. samgrh. gerði það að till. sinni fyrir ári eða svo að staðsetja í Barðastrandarsýslu helikopterflugvél til þess, ef vegir lokuðust í þeirri sýslu, að hægt væri að grípa til helikopterflugvélarinnar fyrir þá sýslu eina. Hæstv. ráðh. talaði um litilsigldu þm. Hann gerir það engu að síður, þótt 1. flm. þessa frv. sé úr hans flokki.

Mér finnst satt að segja, að þegar verið er að ræða mál eins og þetta og þegar kemur fram jafnmikið grundvallarskilningsleysi og þekkingarleysi á sögu veggjaldsins á Reykjanesbrautinni og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, þá fari málin að vandast. Hann talaði um, að Suðurnesjamenn nytu sérstakra forréttinda og þessi vegur hefði verið sérstaklega byggður fyrir Suðurnesjamenn. Hver er nú sannleikur þessa máls? Jú, hann er sá, að fyrir nokkrum árum, eftir því sem flugvélum fjölgaði með lendingar á Íslandi, þá stóðu Íslendingar frammi fyrir þeirri spurningu, hvernig þeir ættu að gera sér sem beztan mat úr þessu og hafa tekjur af millilandafluginu milli Ameríku og Evrópu, sem fór hér um. Þá stóðu íslenzk stjórnvöld frammi fyrir þeirri spurningu, hvort þau ætluðu að byggja nýjan flugvöll, og þá væntanlega í nágrenni Reykjavíkur, eins og um hafði verið talað, á Álftanesinu eða í hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð, ellegar þá að endurbæta og búa betri tækjum Keflavíkurflugvöllinn.

Sú ákvörðun var tekin og varð ofan á, þegar þessum spurningum var velt fyrir sér, að eðlilegra þætti og viturlegra væri að endurbæta Keflavíkurflugvöllinn til þess að taka við þeim millilandaflugvélum, sem hér vildu lenda, og þær eru ótaldar, milljónirnar, tugmilljónirnar, hundruð milljónanna, sem Íslendingar hafa haft í tekjur af því, að útlendar flugvélar og innlendar líka, sem hafa flogið yfir Atlantshafið, hafa lent á Keflavíkurflugvelli. Það er þessi ástæða, að um leið og sú ákvörðun var tekin að endurbyggja Keflavíkurflugvöllinn og gera hann að aðalflugvelli landsmanna, þá vaknaði þörfin fyrir það að endurbæta samgöngurnar frá Reykjavík og suður á Keflavíkurflugvöll. Ég bið hv. þm. að minnast, að þessi er ástæðan fyrir því, að Reykjanesbrautin var endurbyggð, en ekki sú ástæða, að það hafi sérstaklega átt að gera þetta fyrir íbúa þá, sem Suðurnes byggja, þótt þeir ættu margfaldlega skilið að fá slíkan veg.

Undirtektir hæstv. ráðh. áðan, er hann ræddi þetta mál, báru því ótvírætt vitni, hvað hann hugsar sér að gera í sambandi við veggjaldið, og mér fannst það, sem hann sagði, skjóta æriö skökku við þá staðhæfingu, sem 1. þm. Sunnl. viðhafði í sinni ræðu rétt á undan hvað eftir annað, að hann hefði ástæðu til að ætla og vissi raunar, að nú hefði hæstv. núv. samgrh. ákveðið að fella niður gjaldið. Það var ekkert vafamál og er ekkert vafamál eftir ræðu hæstv. samgrh., að hann er ákaflega neikvætt hugsandi gagnvart þeirri spurningu að fella niður veggjaldið á Reykjanesbrautinni. Þegar ég segi þetta, þá þykist ég þar með hafa svarað þeirri fsp., sem hv. 5. landsk. þm. beindi til mín hér í upphafi þessara umr., þegar hann spurði, hvort aðild mína að flutningi þessa frv. mætti túlka sem svo, að ég vantreysti ríkisstj. og hæstv. samgrh. til þess að vinda að því bug að fella þetta gjald niður. Ég get játað því. Það þyrfti reyndar varla að gera það, því að það kom ljóst fram í ummælum hæstv. samgrh. hér áðan, að hann hefur ekki á þessum tíma neinar hugmyndir um að gera slíkt. Hann telur einmitt þvert á móti, að Suðurnesjamenn njóti sérstakra forréttinda umfram aðra, sem svo alþjóð þurfi að borga fyrir.

Ég held, að ég þurfi ekki að segja meira um ræðu þá, sem hæstv. samgrh. hélt áðan. Hún undirstrikar þörfina fyrir tillöguflutning okkar þremenninganna, enda minnist ég þess, að hv. 1. flm. þessa máls sagði mér, að hann hefði rætt frv. við ráðh. sinn, áður en það var lagt fram.

Mig langar þessu næst að víkja örfáum orðum að málflutningi hv. 1. þm. Sunnl., hæstv. fyrrv. samgrh. Mikill hluti ræðu hans gekk út á það, að Suðurnesjamenn og aðrir þeir, sem Reykjanesbrautina hafi notað, hefðu grætt mjög á þeirri vegargerð. Út af fyrir sig skal ég ekki rengja það. En það eru ekki vikjamörg ár síðan glæsilegasti foringi, sem Sjálfstfl. hefur átt í langan tíma, Ólafur heitinn Thors, nefndi veginn frá Reykjavík um Suðurnesin Ódáðahraun íslenzkra vega og taldi hann verstan í öllu hjóðvegakerfinu. Þá var aldrei um það talað af neinum, að Suðurnesjamenn greiddu lægri skatta í sambandi við benzingjöld og gúmmígjöld og aðra slíka tekjustofna, sem standa undir vegagerð, þótt þeir ækju versta veg landsins. En svo bregður við, að þegar þeir fá loksins betri veg fyrir þá tilviljun, að suður á Miðnesheiðinni er eini millilandaflugvöllur landsins, þá er dæminu skyndilega snúið við, og nú á það að vera sanngjarnt, að af því að þeir hafi betri veg en aðrir, þá skuli þeir borga fyrir það sérstaklega, þó að engum hafi dottið í hug, að þeir ættu að gjalda minna til vegagerðar í landinu en aðrir, þegar þeir höfðu versta veg landsins. Ég get ekki fallizt á svona röksemdafærslu.

Það, sem sker úr í mínum huga um það, að fella beri þetta veggjald niður nú, er, að það er augljóst mál núna, þó að það hafi kannske ekki verið augljóst öllum strax í byrjun, að almennt veggjald verður aldrei lagt á sambærilega vegi, hvar sem þeir eru í landinu. Ég er sammála hv. 1. þm. Sunnl., þegar hann segir núna, að þetta verði ekki gert. Þess vegna get ég ekki fallizt á, að þar sem aðstæður einar leyfa það, vegna þess að umferðin sé það mikil, borgi sig að innheimta veggjald vegna umferðarþungans, að á þeim stöðum einum skuli þetta veggjald innheimt, en ekki á öðrum stöðum, þar sem lengra er á milli þéttbýliskjarna, þéttbýlissvæða, þótt vegirnir þar á milli séu af sambærilegri gerð. Þetta tel ég, að skapi mikið misræmi og ósanngirni

gagnvart þeim, sem búa við þær aðstæður, sem ég lýsti í dæminu á undan. Það eru vissulega uppi tvær stefnur og kannske fleiri um það, hvernig eðlilegt sé að afla fjár til vegagerðar. Og vissulega þurfum við í okkar veglausa landi eða veglitla landi að fá gífurlega mikla peninga til vegagerðar nú á næstu árum. Það er kannske eitt af okkar brýnustu verkefnum. En er það ekki ljóst, ef við byggjum á þeirri forsendu, sem við hv. 1. þm. Sunnl. erum sammála um, að vegskattur verður ekki innheimtur af sambærilegum vegum nema á sumum stöðum landsins, en á öðrum stöðum ekki, þá sé eðlilegra að taka þær tekjur, sem þarf til vegagerðar í landinu, í gegnum benzínskatta og eins gegnum gúmmígjöld og slíka skattstofna, eins og við erum farnir að gera að langmestu leyti? Ég held, að það sé eðlilegt.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta miklu meira. Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín þeirri fsp., sem ég er búinn að svara, en hann var úti, þegar ég gerði það, svo að ég skal endurtaka það svar mitt, að ástæðuna fyrir því, að ég er einn af meðflm. þessa frv., mátti m. a. greina í þeirri ræðu, sem hæstv. samgrh. hélt áðan, sem bar þess öll einkenni, að hann er fjarri því í dag að hugsa sér að afnema veggjaldið á Reykjanesbraut.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sérstaklega vegna þess að hæstv. samgrh. sagði, að ég hefði fullyrt hér, að það væri búið að ákveða að fella niður veggjaldið. Ég sagði í viðtali og hér í hv. Alþ. í fyrra, að ef ég mætti ráða, þá yrði veggjaldið fellt niður 1. jan. 1973. En það var ekki búið að ákveða það, það er rétt, það liggur ekkert bréf í rn. um það. Mér fannst það ekki rétt og ekki eðlilegt, að ég væri að taka þannig fram fyrir hendurnar á eftirmanni mínum, enda eðlilegt, að Alþ. fjalli um þetta mál, og það verður núna í vetur, þegar vegáætlunin verður rædd, tekin ákvörðun um það, hvað sem hæstv. ráðh. segir, hvort veggjaldið verður áfram eða ekki. Það verður vitanlega tekin ákvörðun um það, þegar vegáætlunin verður samin, hvort tekjur af veggjaldi á þessum vegi verða með í tekjuáætlun vegáætlunarinnar. Það er óhjákvæmilegt. Og það verður ekki áframhald á þessu veggjaldi, nema meiri hl. Alþ. verði því fylgjandi. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að gera sér ljóst.

Það var ekki rétt hjá hv. 2. þm. Reykn., að ég hefði fullyrt það, að hæstv. samgrh. væri ákveðinn í því að afnema gjaldið. Ég sagðist hafa ástæðu til þess að ætla það. Og sannleikurinn er sá, að mér kemur þetta dálítið á óvart, hversu neikvæður hæstv. ráðh. er. Og þegar hæstv. ráðh. er svona neikvæður, eins og í ljós kemur, þá segi ég: Það er þörf á þessu frv. Það skiptir vitanlega engu máli, hverjir eru flm. frv., ef það nær tilgangi sínum. Ég er reiðubúinn til að fylgja þessu frv., úr því að það kemur í ljós, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. vill ekki afnema gjaldið nema lagabreyting verði gerð og hann verði knúinn til þess af meiri hl. Alþ. Þess vegna verð ég með þessu frv., nema það komi fram hjá hæstv. ráðh., að það verði óþarft, eins og ég hafði haldið.

Hæstv. ráðh. var nú að gefa það í skyn, að skoðun mín í þessu máli færi eftir því, hvort austurvegurinn yrði skattlagður eða ekki. Ég er ekki einn um þá skoðun, að það sé erfitt og ósanngjarnt að skattleggja Vesturlandsveginn og austurveginn, þótt nokkur hluti af þessum vegum verði góður og vel greiðfær. Og það er tekið fram í grg. með þessu frv., sem við erum að ræða um, að það sé ekki mögulegt að koma innheimtu veggjalds við á ýmsum vegum, og eiga flm. þar áreiðanlega við bæði austurveginn og Vesturlandsveginn. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði áðan, að okkur vantar alltaf fé til vegagerðar í okkar landi, þar sem vegirnir eru margir illa uppbyggðir og slæmir enn þá. Hv. þm. talaði um, að það væri eðlilegra að hækka benzíngjaldið og þungaskattinn heldur en taka toll. Ég skal taka undir það, að það er eðlilegra að gera það. En ég vil vekja athygli á því, að það er mjög hæpið, að unnt sé að auka tekjur Vegasjóðs með því að hækka benzínið meira en búið er að gera núna í bili. Og ég held, að alþm. hafi allir verið sammála um það í fyrra, þegar benzínið var hækkað, að það væri ekki praktískt, það væri ekki rétt að fara hærra. Við erum komnir með benzínverðið svipað og það gerist í nágrannalöndunum, og það er sú hætta, sem er fyrir hendi, ef benzínið verður hækkað mikið umfram það, sem nú er, að það dragi úr sölu á benzíninu, og þá aukast tekjur Vegasjóðs ekki við það. Þungaskatturinn er mjög viðkvæmur, og hann var hækkaður gífurlega í fyrra, eins og við munum, og þegar vegáætlunin var rædd hér í fyrra, í marzmánuði og byrjun apríl, þá voru allir alþm. innilega sammála. Það voru allir sammála um það, að benzínverðið og þungaskatturinn væri orðið það hátt, að það yrði að afla Vegasjóði tekna næst þegar vegáætlun yrði samin með framlagi úr ríkissjóði. Þetta voru allir sammála um, sem tóku til máls. Og núv. hæstv. fjmrh. tók dýpst í árinni og sagði, að ríkissjóður ætti að fá allar tekjur af umferðinni. Tekjur af umferðinni á s. l. ári, eins og hæstv. fjmrh., þáv. hv. 3. þm. Vesturl., reiknaði það, voru 1200 millj. kr. Ég fór fram á það við afgreiðslu fjárl., að Vegasjóður fengi ¼ af þessum tekjum, en ekki allt. Og það var það, sem mér fannst að hlyti að vanta nú, þegar við förum að afgreiða vegaáætlun fyrir næstu ár. En ríkisframlagið var hækkað um 50 millj. í staðinn fyrir 300 millj., og þess vegna þarf einhverjar ráðstafanir að gera til fjáröflunar fyrir Vegasjóð, til þess að vegáætlun verði komið saman á viðunandi hátt. En hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. sjá væntanlega fyrir því.

Ég ætla ekki að deila við hv. 2. þm. Reykn. um það, hvers vegna Reykjanesvegurinn var gerður eins vel úr garði og raun ber vitni. Enginn vafi er á því, að flugvöllurinn, þessi alþjóðaflugvöllur og í rauninni eini millilandaflugvöllur okkar, rak þar á eftir. En ég held nú, að íbúar á Suðurnesjum, eins margir og þeir eru og eins og samgöngurnar voru á milli þessara þéttbýlisstaða, hafi átt sinn þátt í því. Og það er sannarlega rétt, að gamli Keflavíkurvegurinn var

sannkallað Ódáðahraun. Hann var versti þjóðvegurinn á Íslandi ábyggilega, og einmitt vegna þess hefðu nú Suðurnesjamenn frekar öðrum átt að fagna því að fá þennan veg, sem þeir gerðu margir í hjarta sínu og gera enn í dag, því að eins og sagt var hér áðan, er haft eftir mörgum, sem um veginn fara, að þeir borgi þetta gjald með gleði, þótt þeir vitanlega vilji losna við það, og eins og nú er komið er eðlilegt að losa þá við þetta gjald að öllu leyti, eins og reyndar byrjað hefur verið á með því að innheimta ekki fleiri krónur fyrir hvern bíl nú heldur en gert var í byrjun.

Flm. (Halldór S. Magnússon): Herra forseti. Þar sem ég hef hér af tveimur mönnum, hæstv. ráðh. og fyrrv. ráðh., verið sakaður annars vegar um reynsluleysi og hins vegar um það að flytja hér frv. fyrst og fremst til þess að snapa atkv., þá get ég ekki stillt mig um að segja hér nokkur orð. Ég ætla ekki að deila við hæstv. samgrh. um það, hvort þetta frv. sé flutt fyrst og fremst til að snapa atkv. eða ekki eða hvort ég sé ötulli við það að snapa atkv. en hann. En hitt mega alþm. vita, að þetta frv. er flutt vegna þess, að ég álít og þeir hv. þm., sem flytja þetta frv. með mér, að það verði aldrei innheimt á Íslandi veggjöld, svo að nokkur sanngirni sé í, það verði aldrei jafnrétti í innheimtu veggjalda á Íslandi, einfaldlega vegna þess að það er útilokað að koma veggjöldum við alls staðar þar sem menn kynnu að vilja setja þau á.

Menn ræða um það, að sjálfsagt sé að setja veggjald á vegi sambærilega við Reykjanesbraut. Menn ræða um, að það sé sjálfsagt að setja veggjald á, ef menn hafi mjög mikinn hag af því að aka viðkomandi veg umfram það, sem var áður. Og menn ræða um það, að sjálfsagt sé að setja veggjald á, ef um er að ræða mjög dýra framkvæmd, sem tekið hefur verið til erlent lán. En við skulum aðeins taka nokkur dæmi til þess að sýna, til þess að rökstyðja þá skoðun mína, að útilokað sé að koma á eða halda uppi veggjaldakerfi hér á landi, sem nokkur sanngirni sé í:

1. Ef umferð er lítil um viðkomandi veg, þá er útilokað að setja á veggjald, vegna þess að það borgar sig ekki. Það hefur verið talið, að umferðin þurfi að nema a. m. k. þúsund bifreiðum á dag að meðaltali, til þess að það borgi sig að setja á veggjald. Sem sagt, í fyrsta lagi, við getum alls ekki sett veggjald á þá vegi, þar sem umferð er minni en þetta. Það mun reyndar vera svo, að í ýmsum kjördæmum landsins er umferð hvergi á nokkrum einasta vegi yfir 1000 bifreiðar á dag, þannig að það er í sjálfu sér ekki nein hætta á því fyrir þm. einstakra kjördæma, að sett verði veggjöld á í þeirra kjördæmum.

2. Það er útilokað að setja veggjöld á vegi, ef umferð er mjög mikil. Eins og ég nefndi dæmi um í framsöguræðu fyrr á þessu þingi, þá er hægt að nefna sem dæmi um slíkan veg veginn yfir Elliðaár og upp Elliðaárbrekku, þar sem umferð er það mikil, að það er ábyggilega útilokað að setja þar á veggjald, vegna þess að umferðin mundi verða fyrir það miklum töfum af þeirri innheimtu, að það mundi ekki vera hægt að koma henni við.

Þá höfum við þarna mitt á milli þessara tveggja enda þá vegi, sem umferð er mátulega mikil um til þess að hægt sé að innheimta veggjöld. Til kemur svo enn ein takmörkun á þessu, og hún er sú, að það er útilokað að setja veggjöld á vegi, þar sem vegurinn liggur um þéttbýl svæði, og víða liggja vegir út af aðalveginum, því að ég vænti þess ekki, að menn láti sér detta það í hug að setja veggjöld á vegi, þar sem svo háttar til, að þeir, sem veggjöldin greiða, hvar á veginum sem þau eru svo innheimt, aka mjög mismunandi langt eftir veginum, annaðhvort örfá hundruð metra, kannske aðeins nokkra metra, eða nokkra km eða nokkra tugi km. Það er í sjálfu sér engin sanngirni í því. Sem sagt, við getum takmarkað þá vegi, sem við getum sett á veggjöld, jafnvel þótt við viljum viðhalda þeim, við þá vegi, sem umferð er mátulega mikil um og þar sem meginhluti vegarins liggur um lítt byggð svæði. Þetta er staðreynd, sem menn verða að hafa í huga, þegar þeir taka afstöðu til þessa máls.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt nú á þessu þingi að marka þá stefnu að afnema þetta heimildarákvæði til handa ráðh. til þess að leggja á veggjöld, afnema það úr vegalögum. Það er hins vegar grundvallarskoðanamunur á milli mín og hv. 1. þm. Sunnl., þar sem hann sagði, að eðlilegra hefði verið að flytja á þessu þingi þáltill. um að skora á ríkisstj. að afnema þetta veggjald, sem nú er á Reykjanesbraut. Ég er alls ekki einungis að hugsa um veggjaldið, sem nú er á Reykjanesbraut. Ég er að hugsa um þau veggjöld, sem hugsanlega yrðu sett á hér á landi, ef þetta heimildarákvæði væri hér áfram. Ég er að hugsa um það, að við mörkum þá stefnu nú að afnema þetta heimildarákvæði einfaldlega til þess að viðurkenna það, að þm. hafa gert sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að innheimta veggjald á Íslandi, svo að nokkurri sanngirni verði máð. Auðvitað hefði verið hægt að flytja hér þáltill. um að skora á ríkisstj., en það hefði einungis náð til þessa eina veggjalds, sem er á Reykjanesbraut og hefur þar verið innheimt í rúm 6 ár, en með því hefði engin stefna verið mörkuð um áframhaldandi innheimtu veggjalda á Íslandi.

Það er rætt um það, að það séu sérstök forréttindi að aka Reykjanesbraut, vegurinn sé byggður á kostnað allra landsmanna og þar fram eftir götunum. Ég vil leyfa mér að varpa fram þeirri spurningu, hvaða vegur á Íslandi sé ekki byggður á kostnað allra landsmanna. Vegir eru mismunandi dýrir, það segir sig sjálft. En vegir geta líka verið dýrir, þó að þeir séu ekki lagðir varanlegu slitlagi. Það er dýrt að grafa jarðgöng og það er dýrt að leggja vegi um brattar fjallshlíðar, og mér er það til efs, ef miða ætti við kostnað af vegaframkvæmdum á km, að Reykjanesbraut væri eini vegurinn í dag, sem væri innheimt veggjald á, ef það ætti að vera kostnaðarviðmiðunin, sem réði því, hvar ætti að leggja á veggjöld og hvar ekki. Nei, það er mín bjargföst sannfæring, að á þessu þingi beri að marka þá stefnu að afnema veggjöld, afnema þá

heimild, sem er til handa ráðh. til þess að leggja veggjöld á einstaka vegi og brýr, fyrst og fremst vegna þess að ég er þess fullviss, að það verða aldrei innheimt á Íslandi veggjöld, þannig að með neinni sanngirni sé. Við getum sett veggjöld á einstaka vegi, en ekki aðra. Og það er alveg sama hvaða viðmiðun við viljum hafa til þess að setja á veggjöld, það verður aldrei um að ræða neina sanngirni í álagningu þeirra.

Það hefur verið rætt hér um það, að bíleigendur spari svo og svo mikið á að aka þennan veg, Reykjanesveginn. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að bíleigendum sparist eitthvað við hverja þá vegaframkvæmd, sem framkvæmd er hér á landi. Ég geri ráð fyrir því t. d., að það kosti þá bíleigendur, sem aka til Siglufjarðar, minna að aka núna, eftir að jarðgöngin koma þar í gegn, heldur en áður. Og ég geri líka ráð fyrir því, að það megi teljast sparnaður að því að aka í gegnum jarðgöng um Oddsskarð, þegar þau verða komin. Ég geri líka ráð fyrir því, að það megi teljast sparnaður fyrir bíleigendur, þegar lagðir eru nýir vegir, eða fyrir landsmennina í þeim landsfjórðungum, þegar lagðir verða nýir vegir, sem ekki hafa verið áður. Menn geta þá ekið vegina í stað þess að þurfa að ferðast með öðru móti, með flugvélum eða skipum. Ég geri t. d. ráð fyrir því, að Djúpvegurinn verði talinn hafa í för með sér mikinn sparnað fyrir Vestfirðinga eða þá, sem hann nota. En ég vænti þess ekki, að hæstv. samgrh. vilji setja veggjald á Djúpveginn, þegar hann verður lagður. (Gripið fram í.) Já, við skulum þá sjá til með það. (Gripið fram í.) Við skulum þá bíða eftir þeirri ákvörðun. En ég vil aðeins ítreka það að lokum, að ég vonast til þess, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, að þetta mál fái þinglega meðferð á þessu þingi og að alþm. megi bera gæfu til þess að afnema það heimildarákvæði, sem hér er í lögum, einfaldlega til þess að afnema það misrétti, sem ríkt hefur hér undanfarin ár, og koma í veg fyrir enn frekara misrétti milli landsmanna á komandi árum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég átti ekki von á því, að ég ætti eftir að hlusta á umr. hér á Alþ. um veggjaldið, þar sem það væri gert að staðreynd, að núv. stjórnarflokkar væru ekki sammála um það mál. En það er nú einu sinni svo, og það höfum við heyrt hér í dag.

Ég kvaddi mér nú hljóðs aðallega út af orðum hæstv. samgrh., þar sem hann orðaði það sem sérréttindi Suðurnesjamanna, að vegurinn suður á Reykjanes á sínum tíma var steinsteyptur, þannig úr garði gerður sem raun ber vitni. Ég held, að hér gæti nokkurs misskilnings, einfaldlega vegna þess, að hér er um að ræða veg til þess landshluta, sem skapar Íslendingum verulegan hluta af sjávarafla þeim, sem við öflum á hverri vertíð, og þá vil ég benda einmitt á það, að miklum hluta af þeim afla, sem er komið á land í verstöðvunum suður á Suðurnesjum, er ekið inn til Reykjavíkur, til Hafnarfjarðar og annarra byggðarlaga hér á þéttbýlissvæðinu, og þessi byggðarlög hafa því ekki síður mikinn hag af því, að suður á Suðurnes liggi góður vegur, til þess að sá afli, sem þar berst á land, skilist til verstöðvanna sem það allra bezta hráefni, sem mögulegt er að fá.

Ég vil enn fremur nota þetta tækifæri til þess að minna á, að enda þótt vegurinn suður til Keflavíkur sé steinsteyptur og sé búinn að vera það nú um nokkurra ára bil, þá eigum við þm. Reykjaneskjördæmis eftir að koma í framkvæmd miklu átaki, þ. e. a. s. að fá vegi út frá Reykjanesbraut út í verstöðvarnar, sem gerðir verði með svipuðum hætti og Reykjanesbrautin. Samkv. kröfum okkar fiskkaupenda eru í dag settir tugir hundraða millj. til þess að gera frystihúsin þannig úr garði, að við getum verið samkeppnisfærir á þeim mörkuðum með okkar vörur. Þeir, sem fylgjast með þessum málum þar syðra, gera sér grein fyrir því, hversu illa er hægt að fara með hráefnið, þegar því er ekið frá verstöðvunum í Grindavík, Sandgerði, Höfnum og Garði, og hversu þýðingarmikið það er fyrir okkur, ekki aðeins Suðurnesjamenn, heldur landsmenn alla, að þarna verði aflað fjár og þessir vegir gerðir með þeim hætti, sem þarf að gera þá til þess að okkar útflutningsvara verði með þeim hætti, sem krafa er gerð til, og skili okkur því verðmæti, sem mögulegt er. Ég hefði búizt við því, að sá þm., sem er 1. flm. þessa frv., byrjaði hér á hinu háa Alþ. eitthvað í átt við það, að það verði aflað fjármagns til þessara vega þar suður frá, í stað þess að hefja hér deilur við eigin flokksmenn um það, hvort veggjaldið verði lagt niður eða ekki. En það er auðvitað þeirra, með hvaða hætti þeir vilja láta ágreining sinn koma í ljós, en ég hélt, að það hefði verið skoðun okkar þm. Reykjaneskjördæmis, að sú ákvörðun hefði verið tekin, að stefnt skyldi að því, að veggjaldið yrði fellt niður, hún hefði verið tekin með því, að það var ekki hækkað eins og annað, sem hækkað hefur á undanförnum árum, og þegar þeirri vegáætlun lyki, sem nú gildir, þá yrði tekin ákvörðun af Alþ. um, að veggjaldið skyldi lagt niður. Fyrrv. samgrh. hafði lýst þessu sem skoðun sinni, og ég sannast sagna hefði ekki talið ástæðu til breytinga á vegalögum fyrr en ég hefði séð í væntanlegri tillögu að vegáætlun, að núv. hæstv. ríkisstj. hygðist ekki halda áfram á þeirri braut, sem fyrrv. samgrh. hafði mótað.

Ég held, að sú krafa, sem uppi hefur verið um að leggja veggjaldið niður, sé eðlilegast rökstudd á þessum grundvelli, sem fram hefur komið, að um leið og aðrir vegir verða jafngóðir, þá verði hér ekki lagt á veggjald suður á Reykjanes, og ég held, að um þetta hafi ekki verið nein deila hér á Alþ., því að ef menn athuga gang þessa máls, þá voru vegalögin samþ. með atkv. allra þm., þ. á m. það ákvæði, sem heimilar ráðh. að leggja á veggjald, og vegáætlun sú, sem gildir í dag, var enn fremur samþ. með atkv. allra þm. Ég ætla að leyfa mér að treysta því, að hæstv. ráðh. muni framfylgja þessari stefnu, sem áður hafði verið mótuð, og þegar við sjáum vegáætlunina, þá komi í ljós, að veggjaldið verði ekki lengur lagt á Suðurnesjamenn, og þá gæti sá hv. þm., sem er 1. flm. þessa frv., glaðzt yfir því, að þeirri stefnu,

sem mótuð hafði verið af fráfarandi ríkisstj., verði haldið.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svar mitt við þeirri fsp., sem til mín var beint varðandi þetta margnefnda veggjald, var í upphafi máls míns það, — ég vænti, að það hafi ekki farið fram hjá neinum, — að ríkisstj. hefði ekki, þegar málið bar að í fsp.-formi, tekið ákvörðun um niðurfellingu eða áframhald veggjaldsins og hún hefði ekki gert það enn, þegar málið gengur hér aftur nú. Að öðru leyti ræddi ég þá málstúlkun þm. Reykjaneskjördæmis, að þeir hefðu verið beittir rangindum, Suðurnesjamenn, í sambandi við þetta mál, og ég sýknaði alveg fyrirrennara minn af því, sem lagði gjaldið á. Hann hefði ekkert ranglætisverk framið, það er mín skoðun, og ég teldi, að Suðurnesjamenn hefðu sloppið ódýrar, Reykjaneskjördæmi hefði sloppið ódýrar en nokkurt annað kjördæmi landsins, því að enginn vegarspotti fengist, það geta þm. úr öllum hinum 7 kjördæmunum vottað, að það hefur enginn þm. fengið nokkurn veg tekinn út úr röð, sem fjárveitingavaldið hefur ekki verið búið að veita fé til, nema með því að útvegað væri fé að fullu fyrir framkvæmdinni og vextir greiddir af upphæðinni. Þá fyrst hefur vegamálastjórnin fallizt á, að slíkur vegur væri tekinn fyrir og framkvæmdinni flýtt. Þessum kostum hafa Suðurnesjabúar ekki orðið að hlíta. Það er því rangt, að þeir hafi orðið fyrir misrétti. Þeir hafa notið fríðinda. Þessi vegur var tekinn út úr, settur fram fyrir aðra mannvirkjagerð með lánsfé, og undir lánsfénu hafa staðið landsmenn allir, að undanteknum þessum hluta, sem veggjaldið ber uppi.

Ég undrast það hins vegar ekkert, þótt það heyrist frá kjósendum úr öllum áttum í Reykjaneskjördæmi, að þessu verði að létta af þeim, þegar því er haldið fram við fólkið og það túlkað fyrir því, að það sé rangindum beitt. En það er ekki verið að segja því satt. Hér er farið í alls konar útúrdúra, eins og það, að vegurinn hafi ekki verið lagður fyrir Suðurnesjamenn, hann hafi verið lagður fyrir Keflavíkurflugvöll. Þetta skiptir engu máli. Svo mikið er þá víst, að þá er það eitt af mörgu góðu, sem Suðurnesjamenn njóta vegna Keflavíkurflugvallar, og eru engin rök fyrir því, að það eigi að létta gjaldinu af þeim fyrir það. (Gripið fram í.) Mörgu góðu kannske. Í ræðustól get ég nú ekki haft „góðu“ í gæsalöppum, en það gæti líka verið, að það hefðu verið gæsalappir um orðið. En hvað sem því líður, ég held, að þið séuð að mæla of mikið upp í fólki með því að telja því trú um, að það sé illa farið með það, af því að það geldur þennan smáskatt fyrir þennan góða veg.

Þegar menn segja, að það sé ekki hægt að leggja veggjald á aðra vegi hér, af því að það sé hægt að fara krókaleiðir út frá þeim, þá tel ég, að það sé einmitt það góða við það. Þá eiga menn völ, og ég er alveg viss um það, að væri kominn góður vegur 100 km hér um Vesturlandið eða 100 km austur á Suðurlandið og menn ættu kost á að fara krókavegi um holótta malarvegi, þá gerðu menn það ekki, menn mundu með glöðu geði gjalda sitt gjald, og því er nú árans verr, að „Ódáðahraun íslenzkra vega“, gamli Keflavíkurvegurinn, skuli ekki hafa fengið að halda sér við hliðina á þeim nýja, svo að Suðurnesjamenn gætu valið á milli. Ég er alveg viss um það og ég er sannfærður um það, að Suðurnesjaþm. eru sammála mér um það, að það færi enginn gamla veginn. Þá borguðu þeir líka með gleði sitt gjald. Þá mundu þeir opna budduna sína með gleði. Það þyrfti kannske að hressa hann við, þann gamla, í svipuðu ástandi og hann var, til þess að þið vitið, hvers þið eigið kost, verja kannske í það veggjaldinu. En það eitt er víst, að annaðhvort verður Suðurlandskjördæmi að missa 20 millj. kr. til vega eða kjördæmin samanlagt önnur en Reykjaneskjördæmi, ef þessu fé er svipt í burtu án þess að útvega annað í staðinn. Niðurfelling þessarar fjárupphæðar kemur ekki til greina hjá mér, vegna þeirrar þarfar, sem ég veit, að blasir við, meðan heimild er í lögum fyrir því. Að sjálfsögðu mun ég lúta vilja Alþingis. Ef Alþ. vill fella þetta niður og afla tekna í staðinn, þá er mér ljúft að þiggja það. Mér er alveg sama, hvaðan peningarnir koma. En hitt er ekki rétt, að Reykjaneskjördæmi hafi orðið fyrir þungum *búsifjum* af þessu eða *rangindum*. Það er rangtúlkun.

Þetta vildi ég nú sagt hafa að lokum og vænti þess, að mönnum sé nú kannske heldur ljósara en áður, að það er beðið eftir því úti á landsbyggðinni, að þangað komi góðir vegir, og þó ekki sé dregið úr fjárveitingu nema um þessar 20 millj., sem hér er um að ræða, þá kemur það niður annaðhvort á einhverju kjördæmi eða þeim öllum, og það er sannleikur, sem ég sagði hér áðan, að mér hafa borizt áskoranir utan af landsbyggðinni, þar sem beðið er eftir vegum, um að tvöfalda gjaldið heldur en að fella það niður. Og einn þm. sagði áðan: Ég mundi með gleði standa að því, að Keflavíkurgjaldið yrði þrefaldað. Það er af því að fólkið úti á landsbyggðinni telur sig rangindum beitt, af því að varið skuli hafa verið af almannafé mörgum hundruðum millj. kr. og landslýðurinn látinn standa undir þessu að öllu öðru leyti en því, sem þetta litla gjald hefur hrokkið til að greiða fyrir brothluta af vöxtum, svo að það eru ekki Suðurnesjamenn einir, sem tala um rangindi, heldur landslýðurinn utan Reykjaneskjördæmis, og ég álít, að það fólk hafi á réttara að standa í þessu máli.

Annað hef ég svo ekki um þetta mál að segja. Málið gengur sinn gang, fer til n. og fær sína afgreiðslu þar, og það er auðvitað á valdi Alþ. að ákveða, hvort vegagjöld skuli fella niður. En miklu ríkari þjóðir en Íslendingar hafa orðið að lúta því að innheimta skatta af góðum vegum og brúm — miklu ríkari þjóðir. Ríkustu þjóðir heims hafa gert þetta, þó að við Íslendingar komumst kannske að þeirri niðurstöðu, að við þurfum þess ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgmn. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 350, n. 639).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Framleiðsluráð landbúnaðarins (frv. EBS o. fl.).

Á 40. fundi í Sþ., 22. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [185. mál] (þmfrv., A. 351).

Á 43. og 44. fundi í Nd., 23. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 1. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum hv. þm. Sjálfstfl. að leggja fram hér í d. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á 25. gr. laganna, en þar komi ný mgr. á eftir þeirri mgr., sem nú stendur í þessu ákvæði.

Í greininni, eins og hún hljóðar í dag, segir:

„Þar sem samsölustjórn er starfandi samkv. ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.“

Frv. gerir ráð fyrir, að aftan við þessa klásúlu komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Skylt er samsölustjórn að heimila matvöruverzlunum, sem um það sækja, sölu og dreifingu framangreindrar mjólkurvöru, enda sé þeim almennum skilyrðum fullnægt, sem samsölustjórn ákveður um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð. Samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal liggja fyrir.“

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá þróun, sem orðið hefur á sviði verzlunar og viðskipta allt frá því, að verzlunin varð frjáls og fluttist inn í landið. Meðan danskir verzlunarhringar einokuðu alla verzlun til og frá Íslandi, jafnt sem sölu og dreifingu verzlunarvöru í landinu sjálfu, var landslýður efnahagslega háður og þjóðin öll undirokuð þessum alræmdu selstöðukaupmönnum. Ekki fer á milli mála, að þegar verzlun komst í hendur Íslendinga sjálfra, þá var stigið eitt stærsta sporið í átt til aukins frelsis hér á landi, og jafnvel þótt nú sem áður andi köldu í garð verzlunar og verzlunarstéttar úr vissum áttum í þjóðfélaginu, þá fer það ekki á milli mála og þeirri staðreynd verður ekki breytt, að frjáls innlend verzlun er einn af hornsteinum sjálfstæðis íslenzku þjóðarinnar.

Því miður hefur saga verzlunarinnar ekki verið átakalaus og óþarft er að minna á, hvernig verzlunin hefur orðið skotspónn pólitískrar togstreitu. Afskipti hins opinbera af verzlun og viðskiptum voru í langan tíma talin vinsælasta leiðin til aðgerða í efnahagsmálum. Ef eitthvað fór miður, ef skórinn kreppti að, þá var ávallt gripið til þess ráðs að skerða frjálsræði og svigrúm á þessum vettvangi. Þarf ekki að rifja upp sögu skömmtunarkerfa, kvótafyrirkomulags, verðlagshamla o. s. frv.

Smám saman hefur hagfræðingum, embættismönnum og jafnvel stjórnmálamönnum orðið æ ljósara haldleysi slíkra ráðstafana, og í hinu vestræna frjálsa hagkerfi heyra slíkar aðgerðir nú til undantekninga. Að vísu hefur okkur Íslendingum enn tekizt að halda í úrelt fyrirkomulag verðlagsmála, sem jafnvel hefur verið á kostnað bráðnauðsynlegrar löggjafar, sem hamlar gegn einokunarhringum. En frásögn af þeirri hörmungar- og leiðindasögu verður að bíða betri tíma. Það, sem skiptir máli, er sú staðreynd, að eftir því sem neyzluþjóðfélaginu hefur vaxið ásmegin og allri iðnþróun fleygt fram, hefur verzlun hvarvetna verið gefin frjálsari og hvers konar hömlur verið felldar niður. Reynslan hefur sýnt, að slíkt fyrirkomulag reynist farsælla verzlunarstéttinni sjálfri, neytendum og þjóðfélaginu í heild.

Í því máli, sem hér er til umr., lítur dæmið hins vegar á þann veg út, að almenn dagleg nauðsynjavara, mjólkurvaran, er seld og henni dreift undir yfirstjórn ákveðinna hagsmunasamtaka, sem ekki hafa tekið tillit til þeirrar þróunar, sem hér er rætt um. Sala og dreifing mjólkurvöru er í höndum samsölustjórna, samtaka framleiðenda, og fyrirkomulag þeirrar sölu hefur sætt mikilli gagnrýni af hálfu kaupmanna og þó einkum neytenda. Ágreiningurinn stendur einfaldlega um það, hvort eða af hverju ekki megi selja mjólkurvörur í verzlunum, sem eru reiðubúnar til að bjóða fullkomnasta útbúnað og þjónustu við sölu vörunnar. Spurningin er sú, hvort það eigi að líðast áfram í skjóli landslaga, að samsölustjórn geti deilt og drottnað, jafnvel mismunað aðilum og komið í veg fyrir þá auknu þjónustu og það viðskiptalega jafnrétti, sem farið er fram á með þessu frv.

Saga þessa máls er orðin mokkuð löng og skal ekki rifjuð upp að öðru leyti en því, sem skeð hefur nú á síðustu missirum.

Á árinu 1968 risu öldur almenningsálits og réttlætiskrafna mjög hátt á þessum vettvangi, og settar voru fram mjög ákveðnar óskir um, að sala mjólkur yrði heimiluð víðar heldur en nú er gert. Almennir borgarafundir voru haldnir, áskoranir bárust og teknir voru upp samningafundir á milli viðkomandi aðila, en allt án teljandi árangurs. Þó var að skilja, að þáv. yfirvöld vildu leysa mál þessi með samkomulagi á þann veg, að smám saman yrði fleiri verzlunum leyfð sala mjólkur og eðlilegt jafnræði kæmist á. Þannig munu á árinu 1970 6 eða 7 verzlanir í Reykjavík hafa fengið heimild til mjólkursölu, en fljótlega kom þó afturkippur, og þrátt fyrir beiðnir frá nú a. m. k. um 20 verzlunum í

Reykjavík hefur engin verzlun fengið slíka heimild á árinu 1971.

Nú er það mál út af fyrir sig, hvers konar viðskiptahættir eða þjónusta það sé að þurfa að sitja undir því, hvort einhverri n. eða einhverjum embættismönnum þóknist að gefa hinum eða þessum leyfi til svo sjálfsagðrar og eðlilegrar þjónustu. En þeir aðilar, sem hér áttu hlut að máli, vildu þó una við það fyrirkomulag, sem hefur verið og er enn, í trausti þess, að úr því rættist og samkomulag næðist um einhverjar úrbætur. Sú von hefur þó brugðizt, algerlega brugðizt.

Það var í jan. 1971, 21. jan., sem Kaupmannasamtök Íslands sendu framleiðsluráði landbúnaðarins og Mjólkursamsölunni ítrekun á þeirri beiðni, að sala á mjólk yrði gefin frjáls öllum þeim matvöruverzlunum, sem þess óska og hafa eða mundu skapa sér aðstöðu til þess að uppfylla hreinlætisskilyrði eftir kröfum heilbrigðisyfirvalda. Var lögð áherzla á, að samkomulag næðist um gagngerða endurskoðun. 28. apríl barst loks endanlegt svar Mjólkursamsölunnar, og er þá vísað í aðalfund Mjólkursamsölunnar, sem haldinn var tveim dögum áður eða 26. apríl, en þar komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, að sú frjálsa verzlun, sem farið var fram á, mundi brjóta í bága við lagaákvæði. Það eitt er út af fyrir sig athyglisvert, að til séu lagaákvæði, sem koma í veg fyrir frjálsa verzlun á Íslandi, en það er víst ekkert einsdæmi í íslenzkum lögum og skal ekki orðlengt hér frekar að sinni.

Í frekari röksemdafærslu Mjólkursamsölunnar máli sínu til stuðnings sagði svo í áðurnefndu bréfi:

„Fundurinn (þ. e. a. s. aðalfundur Mjólkursamsölunnar) lítur svo á, að með ákvæðum V. kafla framleiðsluráðslaganna sé verið að vernda hagsmuni bæði framleiðenda og neytenda, tryggja það, að sala og dreifing sé skipulögð af einum aðila, gera innheimtu sömuleiðis svo örugga og ódýra sem kostur er og tryggja það, að andvirði seldrar vöru komi sem fyrst í hendur framleiðenda. Þá telur fundurinn, að ekki hafi verið færð gild rök að því, að sú breyting, sem farið var fram á, yrði framleiðendum og neytendum til gagnkvæmra hagsbóta."

Áður en ég vík að þessum röksemdafærslum vil ég geta þess, að einhverjar viðræður hafa átt sér stað seinni hluta síðasta árs milli Mjólkursamsölunnar og Kaupmannasamtakanna, en allar munu þær hafa verið á þann veg, að fyllsta áhugaleysis gætti af hálfu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík til þess að koma til móts við óskir kaupmanna. M. ö. o.: það liggur fullkomlega ljóst fyrir, að mál þetta verður ekki leyst með slíku samkomulagi í náinni framtíð, samkomulagi, sem lögin, eins og þau nú eru, gera þó fullkomlega mögulegt.

Að mínu áliti kemur nú til kasta löggjafarvaldsins, okkar, sem hér sitjum á hinu háa Alþ., og við verðum að svara þeirri spurningu: Viljum við sætta okkur við núverandi ástand, taka góð og gild rök samsölustjórna, eða viljum við taka tillit til röksemda neytenda, kaupmanna og þjóðarheildarinnar og rýmka svo gildandi lagaákvæði, að yfirstjórn mjólkursölunnar geti ekki meinað þeim aðilum að veita umrædda þjónustu, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett kunna að verða af mjólkursamsölustjórnum sjálfum.

Hver eru þau, rökin fyrir því að flytja þetta mál og óska eftir því, að það verði samþ.? Ég vil vitna til grg., sem fylgir þessu frv. á þskj. 351, en þar er bent á fjögur atriði, sem vega þyngst á vogarskálunum, þegar mál þetta er rökstutt.

Í fyrsta lagi er þess getið, að bændur geti losnað við óþarfa fjárfestingu, sem nemur tugum millj., ef horfið yrði frá þeirri almennu stefnu að reisa sérstakar mjólkurverzlanir, jafnvel við hlið annarra verzlana. Um þessa röksemdafærslu þarf ekki að fara mörgum orðum. Allir vita, að hér í Reykjavík og víðar um landið hefur Mjólkursamsalan rekið þá stefnu að selja mjólkurvörurnar í eigin verzlunum og hefur til þess kostað uppbyggingu á sérstökum húsakynnum, jafnvel við hlið verzlana, sem undir öðrum kringumstæðum og tvímælalaust gætu veitt sömu þjónustu fyrir Mjólkursamsöluna og framleiðendur mjólkurinnar. Það er enginn vafi á því, að ef upp yrði tekin ný stefna, frjálslyndari stefna í þessum málum, þá mundi Mjólkursamsalan geta sparað sér tugi millj., ég vil ekki nefna hærri tölur, en a. m. k. tugi millj., og þarf ekki að fjölyrða, hversu miklar hagsbætur það yrðu fyrir framleiðendur, fyrir bændur, ef ekki yrði ráðizt í slíka óþarfa fjárfestingu.

Í öðru lagi er getið um í grg., að neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt með öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkur, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara. Það gefur auga leið, hvað þessi rök snertir, að eftir því sem mjólkinni er dreift víðar, eftir því sem þægilegra er að nálgast hana, því meiri möguleikar eru á því, að hún seljist betur og að neytendum fjölgi. Enn fremur er það ljóst mál, að matvörukaupmenn um allt land vilja bjóða viðskiptavinum sínum beztu og hagkvæmustu þjónustuna og hafa a. m. k. hingað til boðið heimsendingar þeirrar vöru, sem keypt er í viðkomandi verzlunum, og er enginn vafi á því, að að sjálfsögðu mundi mjólkurvaran sömuleiðis vera send heim ásamt með öðrum vörum. Það hefur jafnvel tíðkazt sú regla í ýmsum þeim verzlunum, sem eru reknar í Reykjavík, að til þess að veita þessa þjónustu, sem hér er verið að tala um, hafa kaupmenn lagt á sig að kaupa mjólkurvöru í samsölubúðum til þess að geta boðið viðskiptavinum sínum að senda mjólkina heim.

Í þriðja lagi er bent á, að heildardreifingarkostnaður á mjólk mundi að öllum líkindum lækka, og er þá höfð hliðsjón af þróun slíkra mála m. a. í Danmörku. Þetta er fullyrðing, sem ég get ekki annað en sett hér fram án þess að geta rökstutt frekar. Þetta er talið óyggjandi að mati þeirra manna, sem það hafa kynnt sér. Ég hef því miður ekki við höndina hér neinar tölur í því sambandi, en allar líkur benda til, að ef neyzla og sala á mjólk mundi aukast og boðin yrði aukin þjónusta, þá mundu tekjur Mjólkur-

samsölunnar aukast og væntanlega þá kostnaður eða rekstrargjöld að sama skapi verða í minna mæli.

Í fjórða lagi yrði eytt því viðskiptalega misrétti, sem þróast í skjóli núgildandi fyrirkomulags og stjórnunar, og mundi það afstýra óþarfa tortryggni og árekstrum. Það er opinbert leyndarmál á þessum vettvangi, á sölu og dreifingu mjólkur, að uppi hafa verið fullyrðingar og ásakanir um, að Mjólkursamsalan hafi mismunað aðilum, hafi leyft einni verzlun að selja mjólk, en ekki annarri, án nokkurra skynsamlegra skýringa, án þess að nokkur eðlileg rök liggi að baki slíkum ákvörðunum. Sérstaklega á þetta við úti á landi í ýmsum smærri plássum, og tölur gefa það fyllilega í skyn, að þar séu viss rekstrarform meira í náðinni heldur en önnur, þegar um er að ræða heimild mjólkursamsölustjórna til að selja mjólk í viðkomandi verzlunum. Það er útilokað annað með tilliti til þeirrar þróunar, sem hér hefur átt sér stað í öllum viðskipta- og verzlunarmálum og ég rakti í *máli mínu fyrr, að gerð verði bragarbót á* þessu sviði, að eytt verði viðskiptalegu misrétti, sem ótvírætt liggur fyrir í þessu máli, og að allar verzlanir, sem geta og vilja bjóða fullkomna þjónustu og fullkominn útbúnað, fái að selja þessa vöru eins og aðrar matvörur, aðrar daglegar nauðsynjavörur.

Nú fyrir nokkrum dögum bárust mér mjög athyglisverðar upplýsingar, hvað snertir þetta mál, sem enn frekar undirstrika nauðsyn þess, að slík heimild sé veitt sem hér um ræðir. Í Danmörku mun í þessum málum hafa verið mjög svipað á komið og hér. Þar var yfirstjórn í höndum samsölustjórna, framleiðenda, og var viss tregða, ég vil ekki segja annarleg tregða, en viss tregða á því að heimila almennum verzlunum sölu á þessum mjólkurvörum. En nú frá og með 1. jan. 1971 var rýmkað mjög um þessar heimildir, og má segja, að nú sé mjólk seld í öllum þeim verzlunum þar í landi, sem uppfylla kröfur og skilyrði mjólkursamsölustjórna, og þá hefur brugðið svo við, að sala á mjólk hefur stórkostlega aukizt og þar af leiðandi tekjur framleiðenda að sama skapi.

Ég hef hér í höndunum upplýsingar um það, að sala á mjólk hafi hækkað að verðmæti til úr 615 millj. dönskum kr. uppí 675 millj. danskar kr. Ég er nú ekki nægilega góður í hugarreikningi til að finna út, hvað þetta er mikið í ísl. kr., en sjá má, að þarna er um mjög verulegar upphæðir að ræða.

Í röksemdafærslu Mjólkursamsölunnar, sem ég gat um áðan, segir svo, að núgildandi lög séu sett til þess að vernda hagsmuni bæði framleiðenda og neytenda. Þetta get ég fullkomlega fallizt á, og ég lít enn fremur svo á, að þessi till., sem hér er gerð, skerði í engu hagsmuni hvorki framleiðenda né neytenda og framleiðendur sjálfir geti haft fullt eftirlit og fulla yfirstjórn á þessum málum áfram, þrátt fyrir samþykkt á þessari till. Enn fremur er bent á, að lögin skuli tryggja, að sala og dreifing sé skipulögð af einum aðila. Till. gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á þessari skipulagningu, hún verður áfram í höndum eins aðila, þ. e. a. s. yfirstjórnar Mjólkursamsölunnar.

Þá er enn fremur fært fram sem rök af hálfu Mjólkursamsölunnar, að gera eigi innheimtu svo örugga og ódýra sem kostur er og tryggja það, að andvirði seldrar vöru komi sem fyrst í hendur framleiðenda. Þetta ætti væntanlega að vera hægt að tryggja eins og kostur er, ef skoðuð er till., en þar er einmitt gert ráð fyrir því, að samsölustjórn geti sett skilyrði um greiðslufyrirkomulag. Hins vegar er varla hægt að fara fram á það við þá, sem hugsanlega kæmu til með að selja mjólkurvörur, að þeir sæti einhverjum afarkostum að þessu leyti, og verður að gera ráð fyrir því, að um innheimtu á söluandvirði mjólkurvörunnar fari eins og með aðra innheimtu á öðrum vörum, sem dreift er og seldar til verzlana, bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Það hefur þróazt ákveðið fyrirkomulag milli heildverzlunar, milli framleiðenda annars vegar og smásöluverzlana hins vegar, og ég veit ekki til, að nokkur hafi í aðalatriðum undan því kvartað. *Þar gilda lögmál* viðskipta og verzlunar, og er ekki að sjá annað en það geti fullkomlega átt sér stað á þessu sviði eins og á öðrum.

Þá er tekið fram, að aðalfundur Mjólkursamsölunnar hafi ekki séð, að færð hafi verið gild rök fram fyrir því, að sú breyting, sem farið er fram á, yrði framleiðendum og neytendum til gagnkvæmra hagsbóta. Ég ætla ekki að endurtaka þær röksemdafærslur, sem ég taldi hér upp í fjórum liðum og eru að mínu viti svo ótvíræðar forsendur þess, að hér sé breytt um, að ekki fer á milli mála, að hvorki er gengið á hagsmuni framleiðenda né neytenda. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar, að neytendum yrði bætt þjónusta, sjálfsögð þjónusta, og framleiðendur mundu hagnast á þessu fjárhagslega, selja meiri mjólk, aðrar mjólkurvörur og fá auknar tekjur af þeirri sölu.

Ég vil taka fram, áður en ég lýk máli mínu, að þessi till. er ekki flutt í því skyni að níðast á einum eða neinum. Hún er ekki flutt til þess að hallmæla í sjálfu sér framleiðendum eða þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta. Ég efast ekki um, að það séu full heilindi í ákvörðunum mjólkursamsölustjórna í þessu máli, þær hafi talið sig vera að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda og segi það af heilum hug, að þær hafi ekki sannfærzt um, að nægilega gild rök séu til breytinga. Það breytir ekki því, að ég hef aðra skoðun. Ég tel það ekki vera rétta niðurstöðu af hálfu þessara manna og tel, að það hafi verið fullreynt að ná samkomulagi milli aðila og nú sé ekki um annað að ræða en láta á það reyna, hvort löggjafarsamkundan er tilbúin til þess að leysa þessa deilu með því að rýmka ákvæði framleiðsluráðslaganna á þann veg, sem hér um ræðir.

Ég vil líka ítreka það, að í þessari till. er ekki gert ráð fyrir því, að yfirstjórnin fari úr höndum framleiðenda. Þar er mjög tryggilega frá því gengið að mínu viti, að yfirstjórn mjólkursölu, samsölustjórnin, hafi í hendi sinni að setja kröfur og skilyrði til þess, sem hún sjálf

ákveður og viðkomandi verzlanir verða að ganga að. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, þá er einfaldlega hægt að segja: Mjólkina færðu ekki selda.

Nú hefur oft verið bent á það, að verzlanir t. d. í Reykjavík og þ. á m. ýmsar af þeim verzlunum, sem nú hafa sótt um sölu mjólkur, hafi ekki þennan útbúnað í dag og því sé ekki hægt að heimila þeim söluna. En vitaskuld gefur það auga leið, að kaupmenn, sem eru smáir atvinnurekendur og hafa ekki mikil fjárráð á stundum, leggja ekki út í miklar fjárfestingar í sínum verzlunum, sínum fyrirtækjum, upp á von og óvon. Þess vegna má segja, að í ýmsum verzlunum sé ekki fyrir hendi nú í dag útbúnaður eða aðbúnaður, sem gerir mögulegt að selja mjólk á þessum stöðum. En ef það liggja fyrir einhver lög, einhver ákvæði, eins og hér er gerð till. um, þar sem segir, að það sé skylt að heimila þessa sölu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þá geta menn gengið að þessu vísu og þá geta þeir að sjálfsögðu lagt út í ýmsar fjárfestingar og breytingar á verzlunum sínum til þess að vera tilbúnir að taka við þessari sölu.

Enn fremur er gert ráð fyrir því, sem óþarfi er reyndar að taka fram, að samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skuli liggja fyrir. Slíkt er að sjálfsögðu frumskilyrði. Og enn fremur er gert ráð fyrir því, að þau skilyrði, sem hér er um að ræða um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru, séu sett með reglugerð og þar sé nánar tilgreint, hvað við sé átt og hvernig þessum skilyrðum skuli háttað.

Ég vonast til þess, að ég hafi komið á framfæri þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki þessum tillöguflutningi, og skal ekki ítreka það að sinni, en vænti þess eindregið, að menn grípi á þessu með fullum skilningi og án hleypidóma, átti sig á því, að hér er um að ræða spor, sem reyndar er stigið allt of seint, jafnvel áratugum of seint, í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði og er í takt við þær breytingar, sem orðið hafa á sviði verzlunar og viðskipta hvað snertir alla þjónustu, þjónustu fyrir neytendur og fyrir þjóðarheildina.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að það verði ekki álitin framhleypni af mér, þó að ég leggi nokkur orð í belg hér um þetta mál, þar sem ég á sæti í stjórn Mjólkursamsölunnar og hef átt það nú um allmörg ár, og er þar af leiðandi meðsekur um öll þau víti, sem á samsöluna hafa verið borin í grg. með því frv., sem hér liggur frammi til umr., og fram komu einnig að nokkru í ræðu hv. frsm. eða 1. flm.

Það eru taldar sakir á hendur samsölustjórn, að hún hefur ekki viljað láta hvaða verzlun sem um það hefur sótt hafa mjólk og aðrar mjólkurvörur til sölu og ekki viljað leggja niður allar sínar búðir eða mikið af sínum mjólkurbúðum, þar sem það gæti þýtt t. d. að leggja niður tugi af eigin búðum, þær þyrfti að selja, koma þeim í verð, og það er engin trygging fyrir að ná því fé, sem í þessum eignum stendur, með sölu. Auk þess mundi slík breyting, ef hún væri gerð, þýða það, að Mjólkursamsalan yrði að segja upp jafnvel hundruðum af starfsfólki. Í þjónustu Mjólkursamsölunnar vinna nú 450—460 manns, og mjög mikið af þessu starfsfólki vinnur í mjólkurbúðum samsölunnar.

Það er náttúrlega ekkert nýtt fyrirbæri, þó að ýmsir gangi með þá grillu í höfðinu um Mjólkursamsöluna og störf hennar, sem hér hefur komið fram, bæði í ræðu flm. fyrir þessu frv. og í blöðum og víðar á undanförnum árum. Það má segja, að frá því að þetta fyrirtæki var stofnað 1935, hafi verið í gangi alls konar misskilningur um þessa stofnun og starfsemi hennar, og það er þess vegna henni jafngamalt og tekur ekki að kippa sér upp við það. Og þessa gamla misskilnings gætir mjög í sambandi við flutning þessa frv., og þar koma fram, sérstaklega í grg. og raunar í framsöguræðu, sömu atriðin sem deilt hefur verið um í sambandi við þessa stofnun allt frá upphafi, frá því að hún var stofnuð.

Þær fullyrðingar ýmsar, sem í grg. með frv. standa, eru áreiðanlega sprottnar að verulegu leyti af ófullnægjandi upplýsingum. Það er alltaf galli, að menn afli sér ekki nægilegra og fullra upplýsinga um þau málefni, sem þeir eru að fást við. Og ég þykist vita það, þegar litið er á, hverjir eru flm. þessa frv., að þeir séu opnir fyrir fræðslu um þessi mál og vilji hafa það, sem sannara reynist. Ég er ekki í neinum vafa um það. Þess vegna er nú, að mig langar til þess að reyna að gefa hér nokkrar upplýsingar, sem bæði flm. og aðrir hv. alþm. munu hafa gott af að heyra og kynna sér.

Stjórn Mjólkursamsölunnar er kosin af framleiðendum, eins og lög mæla fyrir um. Í grg. eru þær sakir bornar á þessa stjórn, að hún hafi ekki haft fyrir augum hagsmuni framleiðenda og því síður neytenda. En þrátt fyrir það hafa þessir menn sumir, sem þar hafa verið og eru í stjórn, verið endurkosnir hvað eftir annað, áratug eftir áratug af framleiðendum, svo að ekki er að sjá, að framleiðendur hafi talið, að þeir hafi svikið þá með störfum sínum. Undarlegir mættu nú þessir menn vera, ef þeir vildu fyrir alla muni bera fyrir borð hagsmuni neytenda, sem þeir vilja fá fyrir góða viðskiptavini sína. Og ég er það kunnugur störfum þeirra manna, sem þarna hafa stjórnað málum, að ég get sagt það með fullri vissu, að þeir vilja fyrst og fremst iaða til sín viðskiptavini og gera þeim til geðs, eftir því sem þeir telja, að mögulegt sé og eðlilegt að koma fram, enda væri allt annað óeðlilegt. Ég vil taka það fram, að ég álít, að Reykvíkingar og aðrir viðskiptamenn Mjólkursamsölunnar hafi verið og séu enn í dag mjög góðir viðskiptavinir. Út á það er ekkert að setja af okkar hálfu, sem stjórnum Mjólkursamsölunni.

Það hefur verið talað um það oft og einatt, að Mjólkursamsalan fylgdist ekki með nýjungum á því sviði, sem henni ber að fylgjast með. Þessu mótmæli ég. Ég tel, að Mjólkursamsalan hafi alltaf verið opin fyrir öllum nýjungum. Hún hefur t. d. lagt hvað eftir annað í mjög dýrar breytingar í sambandi við umbúðirnar, umbúðir um mjólkina, til þess að fylgjast með kröfum timanna. Og ég held, að neytendurnir hafi yfir-

leitt virt þetta við stofnunina og verið þakklátir fyrir þær breytingar, sem þar hafa verið gerðar. Það hefur stundum tekið sinn tíma að koma þessu fram eins og öðru, sem þarf að framkvæma og dýrt er, en ég veit ekki annað en yfirleitt sé sæmileg ánægja með þetta hjá neytendum. Mjólkin og mjólkurvörurnar eru, eins og allir vita, einhver viðkvæmasta vara, sem til sölu er á markaði. Um þessa vöru verður seljandinn að hlíta mjög ströngum heilbrigðissamþykktum og eftirliti frá þeim aðilum, sem eiga að framfylgja þessu eftirliti. Mjólkursamsalan er vitanlega sótt til saka, ef eitthvað ber út af í þessum efnum, og það stundum jafnvel þótt hún eigi ekki sök á, og við því er ekkert að segja. Það er eðlilegt, að um þessa hluti verði að gilda strangar reglur.

Á öllu sölusvæði Mjólkursamsölunnar, sem eins og kunnugt er nær frá Skeiðarársandi að austan allt til Gilsfjarðar að vestan, hefur Mjólkursamsalan 159 útsölustaði fyrir mjólk — 159 útsölustaði. Þar af eru 80 þessara útsölustaða hér í Reykjavík, 12 eru í Kópavogi, 2 eru í Garðahreppi og 9 í Hafnarfirði, svo að ég nefni sérstaklega Reykjavíkursvæðið. Af þessum 159 útsölustöðum hefur Mjólkursamsalan sjálf 75 útsölustaði, en aðrir aðilar hafa 84. Sem sagt, aðrir aðilar hafa mun fleiri búðir heldur en samsalan sjálf. Þó er henni borið það á brýn, að hún ein hafi söluna svo að segja. Af þessum tölum, sem ég hef hér nefnt, verður auðséð, að sú fullyrðing er alröng.

Nú er verið að gera athugun af hendi Mjólkursamsölunnar á því, hvernig þessar búðir, sem hafa mjólk til sölu, fullnægi settum reglum um meðferð vörunnar. Ein slík athugun er, eins og ég sagði, nú í gangi. Henni er ekki að fullu lokið. Það er búið að athuga núna 139 búðir, en það er eftir að athuga 20. Og af þessum 139, sem athugunin nær enn þá til, fullnægja 96 reglugerðinni, sem ber að fylgja, en 43 fullnægja henni ekki. Af 75 búðum samsölunnar voru aðeins 3, sem þóttu athugaverðar og voru ekki að fullu í lagi, en af 64 búðum annarra aðila, sem búið er að athuga nú, voru 40, sem ekki fullnægðu reglugerðinni. Þessi athugun fer fyrst og fremst fram til að ganga úr skugga um, hvort fullnægt sé heilbrigðisreglum og kælibúnaði. Og eins og ég sagði, þá varð niðurstaðan þessi. En eftir er að athuga 20, og sú athugun heldur nú áfram. Hvernig halda menn svo, að ástandið væri, ef allar búðir ættu að vera með mjólk? Og hvernig halda menn, að eftirlitið yrði? Halda menn ekki, að það yrði dálítið erfitt að fylgjast með því, ef allar matvörubúðir á þessu svæði hefðu þessa vöru til sölu? Ég er ákaflega hræddur um, að það mundi reynast erfitt.

Það er ósköp eðlilegt, að kaupmenn vilji fá mjólk í búðirnar sínar. Það geta allir skilið. Og það dettur engum annað í hug en það sé hægt að treysta mörgum þeirra til þess að hafa þetta með höndum, enda hafa margir kaupmenn mjólkursölu með höndum og hafa reynzt ágætlega, margir þeirra. Mjólkina vilja kaupmennirnir vitanlega allir fá, ekki af því, að það sé neitt gróðavænlegt að selja sjálfa mjólkina, heldur vegna þess, að allir verða að kaupa mjólk, neytandinn verður alltaf að fara í búð daglega til þess að kaupa sér mjólk, og kaupmaðurinn hyggur þá vitanlega, að fleira sé keypt í leiðinni, ef mjólkin er á boðstólum í búðinni. Þetta er allt skiljanlegt.

Flm. gat þess, að á síðasta ári hefðu Kaupmannasamtökin hér í Reykjavík óskað eftir viðræðum við stjórn Mjólkursamsölunnar um þessi mál. Þetta er allt rétt, sem hann sagði um það. Áður en mjólkursamsölustjórnin svaraði bréfi Kaupmannasamtakanna, þá vildi hún hafa samráð við aðalfund, sem haldinn var snemma í apríl um það, hvaða viðhorf bæri að hafa í viðræðum við Kaupmannasamtökin. Af þeim ástæðum drógst það hjá samsölunni að svara bréfi kaupmannanna. Aðalfundur Mjólkursamsölunnar, sem er skipaður fulltrúum framleiðenda, tók þessi mál til yfirvegunar, ræddi þau og gerði um þau ályktanir, og eins og flm. gat um, þá taldi fulltrúafundurinn, að það væri í rauninni ekki á valdi Mjólkursamsölunnar að breyta þessum málum og spila mjólkinni út til allra, sem vildu hafa hana. Ef á því ætti að gera breytingu og ætti að setja mjólk í hverja einustu matvörubúð, sem óskaði þess, þá yrði það að vera löggjafarsamkoman, sem ákvæði það. Mjólkursamsölustjórnin vill ekki bera ábyrgð á þeirri breytingu. Og á þeim grundvelli var gerð samþykkt á aðalfundinum, og síðan var fundur haldinn. Þátttakendur í þeim fundi voru stjórn Kaupmannasamtakanna og stjórn Mjólkursamsölunnar. Þar voru þessi mál rædd aftur á bak og áfram í fullri vinsemd, og ég verð að segja það, að það var skemmtilegur og ánægjulegur fundur. Síðan var kosin þar nefnd, menn frá báðum aðilum, til þess að halda áfram að athuga þetta. Sú n. hefur nú haldið einn eða tvo fundi síðan. Ég veit, að kaupmönnum þykir illa ganga, illa rekin tryppin. Þeir vilja hraða þessu máli. En ég geri ráð fyrir því, að það fari þannig, að Mjólkursamsalan treysti sér ekki til þess að bera ábyrgð á því að láta alla hafa mjólk, sem þess óska. Þar yrði löggjafarsamkoman að koma til, ef hún hefði áhuga á slíku. En ég fyrir mitt leyti mun ekki ráðleggja löggjafarþingi Íslendinga að gera það. Það er annað mál.

Við þetta má bæta þeim upplýsingum, að á s. l. hausti komu fulltrúar kaupmannanna, sem mjólkina höfðu í búðum sínum, til samsölustjórnarinnar og kröfðust þess, að sölulaunin yrðu hækkuð. Þeir treystu sér ekki til að hafa mjólkina í búðum sínum fyrir þau sölulaun, sem þeir hafa nú. Þessu neitaði samsalan. En hvernig halda nú menn, að þessu máli hefði lyktað, ef samsalan sjálf hefði ekki þessar búðir sínar í gangi og kaupmennirnir og bakararnir eða aðrir aðilar, sem mjólkina hafa nú, hefðu verið einir um hituna? Ég ætla ekki að svara því. Ég held, að hver og einn geti svarað því fyrir sig sjálfur. Svo segja hv. flm. þessa frv. í grg., að samsölustjórnin hafi með afstöðu sinni brotið gegn hagsmunum bænda og neytenda. Þetta eru allstórar fullyrðingar, finnst mér. Nú get ég upplýst það til viðbótar í sambandi við þetta, að nýlega ætlaði Mjólkursamsalan að leggja niður eina af sínum búðum og láta kaupmann, sem þar var í grendinni hafa mjólkursöluna, og var búið að ákveða þetta. En hvað gerist þá? Þá

taka neytendur sig saman, sem bjuggu þar og höfðu haft skipti við búð samsölunnar, söfnuðu undirskriftum og harðneituðu því, að mjólkurbúðin yrði lögð niður og mjólkin sett í búðina til kaupmannsins. Þannig var nú afstaða þessara neytenda. Ég veit ekkert, á hverju hún byggðist, en hún var þannig. Og þess vegna var hætt við þetta, a. m. k. um sinn, af þessum ástæðum, svo að það er ekki alveg einhlítt, að neytendur mundu æskja eftir þeirri breytingu, sem hér er verið að óska eftir.

Í grg. með frv. er vitnað til þess, hvernig mjólkursölumál hafi þróazt í Danmörku, og að dreifingarkostnaður mundi lækka hér, ef sú fyrirmynd yrði notuð, sem þar er nú eftir að fara samkv. síðustu breytingu, sem þar hefur verið gerð á þessu. Mjólkursamsalan er vakandi fyrir því að fylgjast með því, sem frændur okkar á Norðurlöndum gera í þessum málum, og samsölustjórnin samþykkti á s. l. sumri að senda forstjóra Mjólkursamsölunnar til Norðurlanda til þess að kynna sér nákvæmlega það fyrirkomulag, sem þar er á þessum málum, og þær breytingar, sem gerðar voru á s. l. ári í Danmörku. Forstjórinn fór til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs til þess að kynna sér þessi mál. Eins og hér hefur komið fram hjá hv. 1. flm. í framsöguræðu hans, þá tóku ný lög gildi í Danmörku um mjólkursölu og dreifingu á mjólk 1. jan. 1971. Nú langar mig til þess að láta hv. alþm. heyra þá skýrslu, sem forstjórinn hefur gert um þessa ferð sína. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að leyfa mér að lesa upp að meginhluta þessa skýrslu. Og þá byrjar þetta á upplýsingum frá Danmörku:

Áður en nýju lögin gengu í gildi í Danmörku í ársbyrjun 1971, var mjólkursölu nær eingöngu hagað sem hér segir:

1. Danskur mjólkuriðnaður hafði engar mjólkurbúðir sjálfur á sínum vegum.

2. Mikill hluti mjólkurinnar var seldur í svonefndum „ismejerium“, sem voru mjólkurbúðir með nokkru úrvali af öðrum vörutegundum, sem takmarkaðar voru með ákvæði í reglugerð. „Ísmejeriin“ voru rekin af einkaaðilum, venjulega lifði ein fjölskylda á slíkri smábúð. Nokkuð var um heimsendingar frá „ísmejerium“, sem þó hafði farið mikið minnkandi undir það síðasta, sökum þess að þær reyndust of dýrar og fólk fékkst ekki í slíka vinnu. Nokkuð af mjólk var selt úr vögnum, sem ekið var á vissum tíma dags, hverjum um sitt ákveðna hverfi, samkv. samningi við ákveðin mjólkurbú. Þessir ökumenn gerðu ýmist að selja mjólkina á götunni eða skilja hana eftir við dyr fólks, allt á sína ábyrgð og áhættu og voru eigin herrar. Þessi aðferð hafði einnig gengið sér til húðar. Hún var orðin of dýr, og fólk fékkst ekki til að sinna þessu lengur.

Stór-Kaupmannahöfn hefur 1.3 millj. íbúa, og er talið, að þar séu um 500 þús. heimili í borginni. Þar eru 7 mjólkurstöðvar, sem starfa saman. Hafði hver sitt umdæmi og einkasölu þar. Svæðamörk voru þó breytanleg eftir þörfum. Miðað var við, að eitt „ísmejerí“ væri fyrir hverja 800—1200 íbúa. — Það er ósköp svipað og við höfum hér á bak við hverja mjólkurbúð í Reykjavík. — Svæði hverrar mjólkurstöðvar kölluðust réttindasvæði. Sveitar- og bæjarstjórnir ákváðu smásölu- og heildsöluverð. Þegar sjálfsöluverzlanir tóku að gerast algengar og líklegt var orðið, að hið gamla fyrirkomulag um mjólkursölu dygði varla miklu lengur, var nefnd sett á laggirnar í febrúar 1965. Viðskmrh., Lars P. Jensen, skipaði nefndina, sem átti að rannsaka, hvort þörf væri á að breyta gildandi reglum um mjólkursölu, en þær voru frá árinu 1958. Um verkefni n. er þetta fram tekið:

Sú þróun, sem átt hefur sér stað, einkum á síðari árum á sviði neyzluvörudreifingar, gerir það að áliti verzlunarmálaráðuneytisins eðlilegt að hlutast til um athugun á áðurnefndu atriði með það fyrir augum að aðhæfa fyrirkomulag mjólkursölunnar þessari þróun, ef ástæða þykir til. Og síðan voru skipaðir í n. fulltrúar frá 23 aðilum í Kaupmannahöfn. Ég ætla að lesa upp, hverjir þessir aðilar voru, sem fengu fulltrúa í þessari n. Það var verzlunarrn., innanríkisrn., landbrn., einokunareftirlitið, heilbrigðiseftirlitið, félag danskra dýralækna, sveitarstjórnir í smábæjum, félag danskra kaupstaða, mjólkurnefnd Stór-Kaupmannahafnar, samtök mjólkurstöðva í Stór-Kaupmannahöfn, samtök danskra neyzlumjólkurstöðva, samtök danskra mjólkurframleiðenda, samtök danskra mjólkursmásala, samtök danskra bakara, neyzluráð danskra húsmæðra, heimilisrekstrarráð ríkisins, samtök danskra verzlunarfélaga, samtök kaupmannafélaga í Danmörku, samtök kaupfélaga í Danmörku, atvinnuráð verkalýðshreyfingarinnar, fagfélag starfsfólks í mjólkurbúum, samband mjólkuriðnaðarmanna, vinnuveitendasamtök neyzlumjólkurbúa.

Störf n. leiddu að lokum til setningar nýrra laga, sem tóku gildi 1. jan. 1971. Samkv. þessum nýju lögum fá allir, sem hafa leyfi heilbrigðisyfirvalda, leyfi til þess að selja mjólk. Leyft er að breyta eldri mjólkurbúðum og „ismejerium“ í alhliða verzlanir. Smásöluálagning var gefin frjáls. Sett var stofngjald eða stoppgjald, gjald fyrir að mjólkurflutningabílarnir stoppuðu við dyr mjólkurbúðanna eða verzlananna. Það var sett 8 kr. danskar fyrir hverja viðkomu, sem varð að greiða um leið og mjólkurflutningatækið stanzaði við búðina og verður að greiða um leið og það stanzar við búðina. Þetta var ekki gert til þess að fjölga útsölustöðum, heldur til þess að reyna að takmarka fjölda sölustaðanna. Og þetta kemur vitanlega harðast niður á smákaupmönnum. Stóru fyrirtækin, svo sem t. d. H. B., sem samsvarar KRON í Reykjavík, og IRMA fengu nú mjólk til sölu. Afleiðing breytingarinnar varð í stuttu máli sú, að sölustöðunum fjölgaði í fyrstu um 250—300 samkv. þessari skýrslu. Sum fyrirtæki, svo sem H. B. og IRMA, fóru í verðstríð og lækkuðu mjólkina verulega til þess að laða að sér viðskiptavini og eyðileggja smáu kaupmennina. Nú er talið, að svo margir hinna smærri hafi helzt úr lestinni, að tala sölustaða sé núna, samkv. símskeyti frá Kaupmannahöfn í fyrradag, ekki orðin nema um 5%, eins og málið stendur í dag 5%, síðan 1971, að lögin gengu í gildi, og söluaukning hefur ekki orðið, stendur í hinu sama símskeyti. Söluaukning hefur ekki orðið. Smáu

kaupmennirnir gefast upp við að selja mjólkina af þremur eftirtöldum ástæðum:

1. Vegna stoppgjaldsins, sem er þeim ofviða, enda þótt sumir þeirra taki vörur til tveggja daga í einu til þess að létta sér stoppgjaldið.
2. Vegna samkeppninnar við stóru fyrirtækin, sem undirbjóða þá. Það er annað atriði til þess að eyðileggja smákaupmennina.
3. Vegna tegundafjöldans, en allir þeir, sem selja mjólk og rjóma, eru samkv. nýju lögunum skyldir til þess að hafa á boðstólum allar tegundir mjólkurvara. Það er eitt, sem fylgir þessari lagabreytingu, að á boðstólum skulu vera allar tegundir mjólkurvara, sem mjólkurbúin framleiða, en fjölbreytni á því sviði er á Norðurlöndum orðin mjög mikil og væntanlega fer svo einnig hér, og er nú í undirbúningi hjá okkur í mjólkuriðnaðinum mjög aukin fjölbreytni í framleiðslu.

Síðan bætist það við þetta, að ákvæðin í lögum hjá þeim þar í Danmörku um aðbúnað og meðferð mjólkurinnar í verzlununum eru mjög ströng. Þessi n., sem ég gat um áðan, að saman er sett frá 23 aðilum, er látin halda áfram starfi, þó að lögin hafi tekið gildi. Og það er gert ráð fyrir því, að hún skili innan skamms annarri skýrslu og þá verði heildsöluálagningin einnig gefin frjáls að lokinni þeirri skýrslugerð. Forustumenn í dönskum mjólkuriðnaði virtust una breytingunni vel og töldu hana miða í rétta átt. Rök þeirra virtust mér vera þessi, segir forstjóri Mjólkursamsölunnar í þessari skýrslu sinni, og skal ég nú lesa þau:

1. Gamla sölufyrirkomulagið var orðið úrelt og ófullnægjandi. Ég er hræddur um, að það hefði þótt ófullnægjandi hér, það fyrirkomulag, þar sem hægt var að fleygja mjólkinni við hvers manns dyr og við búðardyr úti.
2. Sala gömlu tegundanna, neyzlumjólkur og rjóma, minnkar hægt og hægt, en vegið er upp á móti því með aukinni fjölbreytni, sem er fólgin í margskonar tilsetningu bragðefna í mjólk og sýrða mjólk og fjölgun súrmjólkurtegunda. Þeir telja, að þessar vörur seljist ekki í nægjanlegu magni í venjulegum mjólkurbúðum, en hins vegar miklu betur í hinum stóru sjálfsafgreiðsluverzlunum, „súpermörkuðunum". Þessi rök telja þeir mikilvægust.
3. Þeir virðast trúa því, að „súpermarkaðirnir" verði mjög mikilvægir á sviði verzlunar í framtíðinni og þess vegna mikilsvert að nota aðstöðuna þar, töluðu þó um, að smáar verzlanir ættu mikinn rétt á sér undir ýmsum kringumstæðum, en treystu því ekki, að þær stæðust samkeppni.
4. Heimsending er að hverfa úr sögunni í Danmörku, sögðu þeir þar. Kannske nemur hún 10% núna, en fer minnkandi. Heimsendingarkostnaður er 11 danskir aurar á hvern mjólkurlítra.

Þá er lokið þessari skýrslu, sem forstjórinn gaf um sína Danmerkurferð, en ég hef hér aðeins líka upplýsingar um þessi mál í Svíþjóð og svo í Osló.

Um Svíþjóð er þetta að segja:

Þegar breyting var gerð á mjólkursölu í Svíþjóð og hún látin í hendur kaupmanna árið 1966, hafði Mjólkursamsalan í Stokkhólmi, sem tekur yfir Stokkhólm, Uppland, Västermanland, Södermanland og Östergotland, stofnað dótturfyrirtæki, sem annaðist mjólkursöluna og rak þá ca. 400 búðir, sem þeir gátu auðveldlega selt þeim aðilum, sem yfirtóku söluna, við góðu verði. Tel ég þetta stafa af því, að það hefur gerzt á hagstæðum tíma. Rökin fyrir því, að sænskur mjólkuriðnaður taldi breytinguna skref í rétta átt, voru svipuð og í Danmörku:

1. Tilkoma „súpermarkaðanna" og trúin á það, að þeir tækju til sín með tímanum meginhluta viðskiptanna. Þeir sögðu, að nú væri ca. 40% af mjólkinni seld í „súpermörkuðum."
2. Mikil fjölgun vörutegunda.
3. Ákveðinn vilji neytenda og kaupmanna, sem virðist hafa verið tekið mikið tillit til.

Stoppgjaldið er 2.80 sænskar kr. fyrir hverja afgreiðslu. Bændur fá ca. 50% af andvirði seldrar vöru, og virtist mér, að þeir teldu það eðlilegt. Nokkuð bar á verðstríði fyrst eftir breytinguna, en er nú horfið. Ríkisvaldið tekur ákvarðanir um verðbreytingar. Smásöluálagning er ákveðin með samkomulagi á milli mjólkurbúa og kaupmanna, en er að öðru leyti frjáls. Smásöluálagning er ca. 10% á mjólk, en ca. 20% á venjulegum heimilisvörum. Rökin fyrir því, að smásöluálagningin á mjólk eigi að vera helmingi lægri en á venjulegum heimilisvörum, eru þau, að andvirði mjólkurinnar komi svo miklu fyrr í kassa kaupmannsins, og kaupmennirnir fallast á þessi rök. Greiðslufyrirkomulag: Kontantgreiðsla alls staðar þar sem því verður við komið, en 10—15 daga greiðslufrestur er nokkuð algengur. Algengt er þó, að fyrirtækið lætur nokkra upphæð liggja inni hjá heildsala til tryggingar á greiðslu. Þetta er svipað bæði í Noregi og Danmörku.

Í Osló: Þessi skýrsla nær ekki nema til Oslóar, en í Osló rekur Fellesmejeriet — mjólkursamsalan þar — tvær mjólkurbúðir sjálft; af gömlum vana, skildist mér, segir forstjórinn. Flestar búðir voru í leiguhúsnæði, þegar kaupmenn yfirtóku söluna. Auðvelt var að selja hinar. Stoppgjaldið er 2 norskar kr. fyrir hverja afgreiðslu, ef teknir eru 75 lítrar á dag eða minna. Þeir, sem meira taka, greiða ekki stoppgjald. Þeir viðurkenndu, að þetta væri of vægt, sölustaðir væru allt of margir og salan því allt of dýr. Ríkisvaldið þar ákveður bæði heildsölu- og smásöluverð.

Þá hef ég gefið þetta yfirlit, og mér finnst satt að segja, þegar ég dreg mínar ályktanir af þessu, að þá séu þessar upplýsingar frá nágrannalöndum okkar ekki verulega hvetjandi til þess að láta fjölga mikið frá því, sem nú er, mjólkurverzlunum eða mjólkurbúðum eða fjölga útsölustöðum mjólkur hér á landi eða taka þau mál að einhverju eða öllu leyti úr höndum Mjólkursamsölunnar. Þess var einhvers staðar nýlega getið í blaði, og það kom einnig fram í framsöguræðu hv. 1. flm., að þessi breyting, sem gerð var í Danmörku og staðið hefur nú í eitt ár, hafi gefið þá reynslu, að bændurnir hafi grætt mikið á þessu, og hv. 1. flm. sagði í ræðu sinni áðan, að salan hefði aukizt úr 615 millj., ef ég tók rétt eftir, í 675 millj. danskra kr. Í símtali við forstjóra þessara mála í Kaupmannahöfn kvaðst hann ekki geta sagt neitt

ábyggilegt um það efni, hvort orðið hefði gróði eða tap á þessum umskiptum. En hann sagðist geta sagt annað, og það var það, að mjólkurverð í Danmörku hefði hækkað mjög mikið á s. l. ári og þar í mundi liggja að meginhluta sá mismunur, sem kemur fram í þeim fréttum, sem hér hafa verið um þessi mál.

Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Mér finnst, að það sé nokkuð hart vegið að Mjólkursamsölunni og þeim mönnum, sem henni hafa stjórnað, með ýmsu því orðalagi, sem viðhaft er í grg. þessa frv. og í ræðu hv. 1. flm., þar sem hann m. a. sagði, að samsölustjórnin virtist hafa eða mundi vilja hafa það áfram að geta deilt og drottnað í þessum málum, — deilt og drottnað. Það er nú ekki óvenjulegt hér hjá okkur Íslendingum, að við tökum mikið upp í okkur og séum stórorðir, svo að þetta fær náttúrlega ekki mikið á mann. En ekki held ég, að það sé neitt þjóðráð, ef menn eru óánægðir með eitthvert fyrirkomulag á einhverju og ætla að fá þar einhverju breytt, að byrja þá starfsemi með stóryrðum og fullyrðingum, sem ekki fá staðizt. Mér þykir þetta miður, og satt að segja, ég hef ekki á móti því, að það séu gerðar ýmsar breytingar, ef ég er sannfærður um, að þær geti orðið öllum aðilum til góðs.

Ég vil vona, að þessi frv.-flutningur, sem hér er nú um að ræða, geti orðið til nokkurs gagns með því móti, að menn fari að skoða þetta mál frá raunhæfu sjónarmiði og þá eyðist alls konar misskilningur, sem hefur verið á sveimi um þetta að undanförnu. Það er sjálfsagt fyrir alla aðila, bæði stjórnvöld, mjólkurframleiðendur og neytendur, að vera vakandi fyrir öllu, sem stendur til bóta, en einnig finnst mér að varast beri líka öll gönuhlaup, en fyrir fram sé fengin full vissa fyrir því, að breytingarnar leiði til aukins hagræðis fyrir alla þá, sem eiga að njóta góðs af. Gróðasjónarmið nokkurra manna mega ekki neinu ráða um skipulag, dreifingu og meðferð og sölu mjólkurafurða. Þar á allur almenningur að mínu viti slíkra hagsmuna að gæta, bæði framleiðendur og neytendur, að það má ekki vinna að málinu með það sjónarmið fyrst og fremst í huga, að einhverjir menn, sem vilja hafa mjólkurvörur í búðum sínum, geti hagnazt af því. Það eru allt önnur sjónarmið, sem eiga að koma þar til greina. Og ég er ekki í miklum vafa um það, að slík sjónarmið verða ofan á, því að ég er sannfærður um, að neytendur heimta það.

Herra forseti. Ég held, að ég eyði ekki lengri tíma í þetta mál nú að sinni. Ég hef reynt að upplýsa málið, eftir því sem ég hef tök á, og ég vænti þess, að áfram haldi enn um sinn athugun á því, hvort beri að fjölga útsölustöðum mjólkur eða ekki. Stundum eru þau rök færð fyrir því, að það sé erfitt að komast í búðir. Ég sá í blaði um daginn, að þar var viðtal við húsmæður hér í einu hverfi borgarinnar, margar húsmæður, og birtar myndir af þeim. Og þar voru þær spurðar, hvort það væri ekki afskaplega erfitt að ná í vörur og komast í búðir. Engin þeirra taldi það, en ein tók það sérstaklega fram, að sér væri ánægja að því að þurfa að ganga dálitinn spöl í búðina, það væri bara hollt hreyfing. Og þá var ég sammála, því að ég álít, að við þurfum að ganga svolítið og hreyfa okkur. Mér þykir eiginlega vænt um þessa húsmóður síðan, þó að ég hafi aldrei séð hana, af því að hún skuli hugsa svona í þessum málum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. fjallar um eina breytingu á löggjöfinni um sölu landbúnaðarafurða. Ég tel þessa löggjöf vera meingallaða og hafa verið það frá upphafi og brýna nauðsyn beri til að taka hana alla til gagngerðrar og róttækrar endurskoðunar. Ég ætla hins vegar ekki að gera svo víðtækt og mikilvægt atriði að umtalsefni í ræðu í þessu sambandi. En eitt atriði er í þessari löggjöf, sem ég tel einmitt í dag alveg sérstaka ástæðu til þess að vekja athygli á, því að ég hef orðið þess var í morgun, að mönnum er það engan veginn fullljóst.

Eins og kunnugt er, varð í dag mikil hækkun á innlendum landbúnaðarvörum. Þessi hækkun svarar til hvorki meira né minna en 2.14 stiga hækkunar á vísitölunni. Það hefur vakið athygli, að þessi hækkun verður sama daginn og kaupgjald hækkar um tæplega 1%, eða 0.98%. Ég hef orðið þess greinilega var í morgun, að ýmsir virðast halda, að hér sé um það eitt að ræða, að launþegar eigi að bíða í 3 mánuði eftir því að fá þessa hækkun bætta. En þetta er misskilningur. Og sá misskilningur á rót sína að rekja til ákvæða í þessum lögum, sem hér er um að ræða. Samkv. þessum lögum og kjarasamningum eiga neytendur ekki að fá bætt 1.8 stig af þessari 2.14 stiga hækkun. Þessi 1.8 stig eiga neytendur að bera bótalaust.

En hér er ekki nema hálfsögð sagan. Ekki aðeins landbúnaðarvörur hafa hækkað nú undanfarinn mánuð eða síðan vísitalan var síðast reiknuð, sú vísitala, sem kaupgjaldið frá deginum í dag er miðað við, en það er vísitalan 1. febr. Síðan þá hafa orðið þessar verðhækkanir:

Brauð og kökur hafa hækkað um 15—19%. Snyrting á rakarastofum hefur hækkað um 21—22%. Rafmagn hefur hækkað um 10% og niðursuðuvörur, kex, harðfiskur o. fl. hefur hækkað. Það er erfitt að reikna meðaltal af þeirri hækkun, en hækkun þessara vörutegunda svarar til tíunda hluta úr vísitölustigi. Þessar hækkanir, sem ég hef nú nefnt, hækka vísitöluna um 0.64 stig, þannig að í heild er vísitalan nú orðin 2.78 stigum — tæpum þrem stigum — hærri en hún var 1. febr., en við þá vísitölu er kaupgjaldið í dag miðað. En vegna þess að neytendur munu ekki fá bættan nema lítinn hluta af landbúnaðarvöruverðshækkuninni, sem varð í dag, þá er niðurstaðan sú, að vegna þeirrar tæplega þriggja stiga hækkunar á vísitölunni, sem orðið hefur síðan hún var síðast reiknuð, þá munu launþegar fá 1% hækkun á kaupi sínu eftir þrjá mánuði.

Öllum er í fersku minni, hvað gerðist um s. l. áramót. Verðlag landbúnaðarafurða var þá hækkað, þ. e. vísitalan hefði átt að hækka að réttu lagi um 3.7 stig. Vegna afnáms nefskatta í síðustu fjárl. var vísitalan hins vegar lækkuð sem þessu svaraði, þótt aðrir skattar eigi að

hækka jafnmikið, svo að neytandinn stendur í sömu sporum, og með þessu móti voru í raun og veru höfð af launþegum 3.7 visitölustig eða kauphækkun, sem svarar 3.7 visitölustigum.

Maður skyldi nú halda, að hæstv. ríkisstj. hefði talið þetta vera nógu slæmt háttalag gagnvart launþegum, en í dag gerðist nokkuð, sem er í raun og veru sízt betra. Nú í dag er viðhorfið það, að visitalan hefur enn hækkað um 2.78 stig, hún er í dag 2.78 stigum hærri en hún var 1. febr. s. l. Og þetta eiga launþegar að fá bætt með 1% kauphækkun eftir 3 mánuði. Þannig eru þau visitölustig, sem launþegar eiga að bera alveg óbætt, komin upp í 5.5, — þau visitölustig, sem launþegar eiga að bera óbætt, komin upp í 5½ stig.

Í dag, 1. marz, eftir þá hækkun landbúnaðarvaranna, sem ég lýsti áðan, og þá hækkun á brauði og kökum, snyrtingu, rafmagni, niðursuðuvörum, harðfiski, kexi og enn þá fleiru — eftir allar þessar hækkanir er m. ö. o. ástandið orðið þannig, að kauphækkunin frá 4. des. er ekki aðeins horfin, hún er meira en það. Raunverulegt kaup launþega er í dag, 1. marz, orðið minna en það var 4. des. eftir kjarasamningana. Og þetta eru sannarlega tíðindi, sem allir launþegar á Íslandi hljóta ekki aðeins að taka eftir, heldur hljóta að gera einhverjar ráðstafanir gegn.

Ýmsum finnst af eðlilegum ástæðum visitöluútreikningur vera flókið fyrirbæri og erfitt að átta sig á honum. En fram til þessa hef ég einkum skýrt viðhorfið með aðstoð visitölunnar. Almenningur skilur hins vegar áreiðanlega, hvað er á ferðinni, þegar hann athugar verðið í búðunum, eins og það er í dag, og ber það saman við verðið, eins og það var, þegar hann fékk sína langþráðu kauphækkun 4. des. s. l. Ég skal ekki flækja málið með því að nefna allt of mörg dæmi um þær verðhækkanir, sem orðið hafa síðan kjarasamningarnir voru gerðir. Ég skal láta mér nægja að nefna þrjár algengar neyzluvörutegundir, sem hvert einasta heimili kaupir á hverjum einasta drottins degi allt árið um kring, en það er súpukjöt, — það eru landbúnaðarvörur, — skyr og ostur. Nú er það að vísu alveg rétt, að það er ekki við því að búast, að fátækt fólk geti keypt þetta á hverjum einasta degi. Það er að vísu alveg laukrétt, því miður. Það er nú ekki svo vel búið að fólki. En það, sem ég auðvitað átti við, var það, að þetta er keypt í búðunum á hverjum einasta drottins degi allt árið um kring. Einhver kaupir það í einhverri búð á hverjum einasta degi allt árið um kring. Um það getum við ábyggilega orðið sammála.

Hvað var nú verðlag á súpukjöti 4. des., þegar kjarasamningarnir voru gerðir? Þá kostaði það 124.50 kr. kg. Hvað kostar það frá því að búð var opnuð í morgun? Það kostar 165.50 kr. Það hefur hækkað á þessu tímabili um 41 kr., samtímis því sem kaupið hefur hækkað um 1% og á að hækka um annað prósent eftir 3 mánuði.

Hvað er með skyrið? Það kostaði 4. des. 24.50 kr. Hvað kostaði það í morgun? Það vita húsmæðurnar, sem hér eru, ábyggilega. Það kostaði 41 kr. Það hefur hækkað um 16.50 kr.

Og osturinn, sem einhverjir kaupa eflaust í dag, kostaði 4. des. s. l. 142.50 kr. Hvað ætli húsmóðirin verði að borga fyrir hann í dag, ef hún fer í innkaupaferð? 185.80 kr. Hann hefur hækkað um 43.30 kr.

Ég þarf ekki að segja þessa sögu rækilegar og ekki hafa hana lengri í raun og veru. Þetta er alvarleg saga fyrir allan almenning í landinu, sem hann mun áreiðanlega hlusta vandlega á og lesa vandlega og hugsa vandlega um, hvernig hann geti við brugðizt. En sannarlega hafa launþegar átt von á öðru frá þeirri stjórn, sem hefur kennt sig við launþega, við vinnandi stéttir, en öðru eins og þessu. Og ég minni aftur á það, að þessar verðhækkanir er launþegafjölskyldum ætlað bera með 1% kauphækkun frá deginum í dag og annarri 1% kauphækkun eftir 3 mánuði. Það getur hver sagt sér sjálfur, hvort kjör launþega eru að batna eða versna undir stjórn ríkisstjórnar hinna vinnandi stétta.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að verða við ósk hæstv. forsrh., sem hann bar hér einu sinni fram, þar sem hann lagði mönnum ríkt á hjarta að lesa málefnasamning ríkisstj. kvölds og morgna. Og ég ætla að leyfa mér að lesa lítinn hluta af honum, þó að nú sé miður dagur. Ég vona, að hann telji það ekki vera til hins verra, heldur hins betra, að menn lesi hann þrisvar á dag, en ekki tvisvar. Á fyrstu síðu málefnasamningsins standa þessar setningar um kjaramál, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til siendurtekinna gengisfækkana og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum. Í því skyni mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti."

Ég vek athygli á því, að stjórnin sagðist ætla að leitast við að tryggja, að hækkun verðlags yrði ekki meiri hér en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum, og hún varar við háskalegri verðlagsþróun. Ég fullyrði, að í engu nálægu landi hafa átt sér stað aðrar eins verðhækkanir í febrúarmánuði og á Íslandi. Ísland hefur þar áreiðanlega ekki Norðurlandamet, ekki Evrópumet, heldur líklega heimsmet. Og mín allra síðustu orð eru þau að beina því til hæstv. forsrh., þótt hann sé hér nú ekki við, að þegar hann les bænirnar sínar í kvöld, þá lesi hann þessa setningu í málefnasamningnum alveg sérstaklega og tvílesi hana þá og reyni að fara eftir henni framvegis.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur nú lýst því mjög átakanlega, hver áhrif verðhækkun á landbúnaðarafurðum hefur á hversdagslíf fjölskyldnanna í landinu. Það er fleira en verðlag þessara vörutegunda, sem hefur áhrif á það. Það er einnig það fyrirkomulag, sem tíðkast á dreifingu þeirra. Ég ætla að nefna þá vörutegund, sem hver einasta fjölskylda í landinu, svo að ég noti orða-

lag hv. síðasta ræðumanns, hver einasta fjölskylda í landinu notar á hverjum einasta drottins degi, það er mjólk. Og aðra, það er brauð.

Þetta frv. fjallar um afnám á einkaaðstöðu mjólkursamsölu til þess að annast dreifingu mjólkur. Fyrirkomulag á dreifingu mjólkur hefur löngum verið bæði mér og fjölmörgum húsmæðrum og húsráðendum í þessu landi með torskildari fyrirbærum í viðskiptalífinu. Ég verð að játa, að mér varð á, þegar hv. 2. þm. Sunnl. flutti hér ræðu sína og lýsti því fyrirkomulagi, sem þessi ágætu dönsku „ismejerí“ hefðu haft á heimsendingu mjólkur, að oft hef ég óskað mér tilvistar slíkra „ismejería“ hér í borginni, sem sæju um það, að mjólkin stæði við dyr mínar á morgnana, þegar hafizt væri handa um verk dagsins.

Það skortir talsvert á í sambandi við dreifingu mjólkur hér í borginni, að fylgt sé því lögmáli, sem löngum hefur reynzt happasælt: að gera neytandanum til hæfis. Á bls. 2 í grg. þessa frv., sem fyrir liggur, stendur þetta í 2. mgr. 2. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Neytendur ættu auðveldara með að nálgast mjólkurvörur, þegar þær væru seldar ásamt með öðrum matvörum, og auknir möguleikar mundu skapast til heimsendingar mjólkur, en hvort tveggja gæti vafalaust leitt til aukinnar sölu og neyzlu mjólkurvara.“

Undir þetta vil ég eindregið taka. Það breytir engu um óskir neytenda í þessu efni, þótt hreinlæti í mjólkurbúðum sé til fyrirmyndar og viðmót afgreiðslustúlkna sé ágætt og þær röskar við afgreiðslu. Margt má verulegt að mjólkursölunni finna. Alvarlegast er, að í núverandi fyrirkomulagi kemur fram algert skilningsleysi að mínum dómi á því, hvern tíma og fyrirhöfn það kostar að draga að daglegar nauðsynjar til heimila. Það er vitanlega mjög misjafnt, hver tök menn hafa á og lag á að haga innkaupum sínum þannig, að sem minnstan tíma taki. Við skulum taka nokkur dæmi úr hversdagslegu lífi.

Þeir, sem vilja hafa á borðum hjá sér nýja mjólk og nýtt brauð í morgunverð, þurfa að fara a. m. k. í tvær búðir, mjólkurbúð og bakarí. Mjólkursamsalan rekur ágætt bakarí, en ný brauð eru þar ekki til á morgnana, þegar flestir neyta þessa matar. Sá, sem vill kaupa nýjar vörur í mjólkurbúð, getur fengið mjólk kl. 9, franskbrauð og heilhveitibrauð kl. 11.30, rjóma kl. 2 og rúgbrauð kl. 3.30. Þetta er vægast sagt ákaflega óhentugt fyrirkomulag og ekki í sem beztu samræmi við fullkomna hollustuhætti.

Um heimsendingar er svo, eins og kunnugt er, ekki að ræða hjá Mjólkursamsölunni. Slíkur skortur á þjónustu hlýtur að eiga rætur sínar að rekja til einokunaraðstöðu dreifingaraðilans. Í ákaflega mörgum tilvikum fellur það í hlut húsfreyjunnar að annast aðdrætti til heimilisins. Við skulum hugsa okkur mjög algengt dæmi, sem við vafalaust sjáum daglega á ferðum okkar milli vinnustaðar og heimilis. Við skulum hugsa okkur unga húsmóður á t. d. 5 manna heimili, sem ekkert kemst frá heimili sínu nema klæða í útifatnað tvö lítil börn og hafa kannske annað í kerru og leiða hitt við hönd sér. Hún gengur alllangan spöl mjög hægt og rólega vegna smæðar samferðarmannanna í næstu mjólkurbúð og þarf að bera heim að jafnaði 6 lítra af mjólk, auk annarra vörutegunda, sem þarf til heimilisins daglega. Þessi sama húsmóðir þarf að öllum líkindum að fara margar ferðir vegna þess, í hvaða horfi þjónusta mjólkurbúðanna er, og í þessu þjóðfélagi okkar, þar sem margt er nú rannsakað og reiknað út, finnst mér alls ekki úr vegi, að gerð væri á því rannsókn, hver tími fer í það hjá húsmóður, sem svona stendur á um, að fara alla þessa innkaupaleiðangra, sem algerlega eru óhjákvæmilegir til rekstrar heimilis hennar, ásamt öllum þeim aðdraganda og undirbúningi, sem því fylgir að koma fylgdarliði hennar, þ. e. a. s. þessum litlu börnum, af stað og inn aftur. Þetta tekur ótrúlega langan tíma, það get ég fullvissað hv. þm. um af eigin reynslu.

Samþykkt þessa frv. mundi að dómi flm. spara framleiðendum mikið fé og verða einnig til þess að nýta stórum betur tíma margra þjóðfélagsborgara og þá ekki sízt húsmæðranna. Og oft hefur mér orðið að hugsa, að furðu gegnir, að hinar fjölmörgu húsmæður þessa lands hafa lengi látið það viðgangast að láta fara svona með tímann sinn. En einhvern veginn held ég, að það sé einungis vegna þess, að þær telji sig algerlega máttvana gegn því mikla valdi, sem dreifingaraðilar mjólkur hafa í þessum málum. Þær komast ekki hjá því að fá mjólk til sinna heimila á hverjum einasta degi og það er ekkert um það að ræða að því er varðar nýmjólk, að það sé keypt meira eða minna eftir því, hvar hún fæst að öllum jafnaði. Öðru máli gegnir um ýmsar aðrar mjólkurvörur. Ég hygg, að rétt sé, að það hafi mikla þýðingu um sölumagn þeirra, hvar dreifing þeirra fer fram. Vafalaust mundi miklu meira seljast af þeim, ef þær væru á boðstólum í almennum verzlunum.

Ég get ekki stillt mig um að nefna nokkur atriði, sem mér fannst sérstaklega athugaverð í hinni umfangsmiklu og annars mjög greinargóðu ræðu hv. 2. þm. Sunnl. Hann færði fram rök fyrir því að halda áfram núverandi fyrirkomulagi á sölu mjólkur: Í fyrsta lagi, að sala á búðunum, sem þyrfti að koma til, ef þær yrðu lagðar niður, mundi e. t. v. ekki skila aftur því fjármagni, sem í þær hefði verið lagt. Vitanlega er það alltaf nokkur áhætta að selja fasteign. Það getur líka vel verið, að söluverð yrði meira en það fjármagn, sem í það væri lagt. Alla vega sýnist mér algerlega óhaldbær röksemd í þessu máli, hvernig háttað væri sölu á þeim fasteignum, sem mjólkurbúðir eru núna reknar í.

Þá minntist hv. þm. á það, að breyting á fyrirkomulaginu gæti orðið til þess, að fjölmargir misstu atvinnu sína. Einnig þetta atriði held ég að sé mjög haldlítið. Ég vil skýra frá því, að þeir aðilar, sem ég hef orðið vör við að vinna í sambandi við dreifingu mjólkur, hafa unnið sitt starf þannig, að ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að þeir eiga hægt með að fá vinnu annars staðar, jafnvel þó að sölubúðum Mjólkursamsölunnar yrði fækkað eða þær jafnvel lagðar niður. Ég á hér fyrst og fremst við afgreiðslustúlkurnar í mjólkurbúðunum. Mér dettur ekki

í hug, að þær yrðu atvinnulausar, þótt þær yrðu að fara úr þessari vinnu. Svo góða þjálfun hafa þær fengið í þessum verzlunum til starfa og gætu vafalaust starfað í öðrum verzlunum með góðum árangri.

Þá benti hv. þm. á, að Mjólkursamsalan vildi sannarlega hafa sem bezt og mest viðskipti við neytendur og kappkostaði þess vegna að gera þjónustu sína sem bezta. Það er rétt, og það vil ég sannarlega þakka, að mjög hefur farið fram umbúðum og ýmiss konar meðferð mjólkurvara á seinni árum, og það svo mjög, að geymsluþol þeirra hefur stóraukizt. Einmitt það atriði ætti að verða til þess, að ekki væri sama nauðsyn nú og áður að selja þessar vörur í sérstökum búðum.

Hv. þm. skýrði síðan þingheimi frá reynslu Dana í þessum efnum, og við fengum upplýsingar um störf danskrar nefndar 23 aðila, sem hafði þessi mál til meðferðar. En ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að samkv. upptalningu hv. þm. var einn eða kannske tveir fulltrúar neytenda í þessari 23 manna n. Niðurstaða þessarar n. skildist mér að leitt hefði til, að nú væri óðum stefnt að afnámi heimsendingar mjólkur, sem hv. þm. taldi að mundi gleðja neytendur þar í landi mjög að losna við, að mjólkinni yrði hent við hvers manns dyr, eins og hann orðaði það, ef ég man rétt. En einmitt þetta atriði, að mjólkin sé látin við hvers manns dyr, sem þess óskar og fyrir það greiðir, hefur lengi verið ósk neytenda á Íslandi. Það hefur ekki getað komið til framkvæmda með núverandi dreifingarfyrirkomulagi. Breytt fyrirkomulag, eins og bent er á í þessu frv., gæti mjög auðveldað það, því að fjölmargir kaupmenn þessa bæjar hafa sýnt mikinn skilning á þörfum neytenda og þ. á m. á vinnutíma húsmæðra með því að annast heimsendingu varnings.

Ég vildi aðeins benda á þessi atriði, til þess að fram kæmi það sjónarmið í þessu máli, sem ég tel að sé mjög mikilvægt og allt of mikið hefur verið þagað um, en það er sjónarmið neytendanna sjálfra. Ég veit, — öllu heldur ætti ég að segja, að ég er þeirrar skoðunar, og við flm. þessa frv., — að sjónarmið kaupmannanna og neytendanna hljóta að fara saman, ef vel á að vera, það sé þeirra beggja hagur, að komið sé til móts við óskir neytenda, og við teljum, að það verði bezt gert með því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, svo að hægt verði að framkvæma þær óskir, sem ég hef hér lýst.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar hv. 7. þm. Reykv. steig hér í stólinn áðan, þá gekk ég út frá því, að hann ætlaði sérstaklega að ræða það frv., sem hér er til umr., og fyrstu inngangsorð ræðu hans fjölluðu vissulega um frv. En svo vék ég mér frá í nokkrar mínútur og þegar ég kom aftur inn í þingsalinn, þá fannst mér ekki vera mikið mjólkurbragð af ræðu hans, ekki komið mikið nálægt innihaldi þessa frv. Þá var vissulega komið vísitölubragð á ræðuna, og flest það, sem hann sagði þar um, útmálun á hækkandi verðlagi á ýmsum nauðsynjum, það er vissulega satt og hefði ég haldið, að það væri ekki neitt nýjabragð af því í hans munni, því að hann hefði vissulega horfzt í augu við það fyrr hér á Íslandi, meðan hann var í ríkisstj., að verðlagi þokaði heldur frá degi til dags, frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs upp á við. (Gripið fram í.) Nei, vissulega ekki, og væri æskilegt, að hægt væri að snúa þeim straumi við eins og ýmsu fleira frá fyrri tíð, og er vissulega verkefnið. En það eitt vil ég segja um þessi vísitölumál, að vísitalan er reiknuð út með sama hætti af sömu trúnaðarmönnum ríkisvaldsins sem reiknuðu vísitöluna út áður, eftir alveg óbreyttum reglum og á engan hátt frá því vikið, sem verið hefur í því efni. Þær bætur, sem verkamenn og launþegar yfirleitt hafa áður fengið í gegnum vísitölubætur, fá þeir nú á sama hátt útreiknaðar af sömu mönnum, sem ég hygg að hafi trúnað flestra um, að þeir séu ekki að falsa í starfi sínu. Mér er það ljóst, að launþegar hafa aldrei fengið fullar bætur á hækkuðu verðlagi í gegnum vísitölukerfið. En á því hefur bara engin breyting orðið.

Þetta frv. fjallar um það að rýmka um reglur gildandi lagaákvæða, reglur um sölu mjólkurafurða. Ég skal ekki fara í neinar grafgötur með þá skoðun mína, sem ég hef haft lengi, að það séu miklar breytingar á orðnar í landi okkar frá því að mjólkursöluskipulagið var sett á fót og sé full ástæða til þess fyrir stjórnendur þessara mála að taka tillit til þessara breytinga. Það á að strika yfir stór orð og ýmiss konar átök um þessi mál, bara líta á breytingarnar, sem orðið hafa síðan.

Þegar mjólkursöluskipulagið var sett á fót, þá fór mjólkursala hér í Reykjavík og annars staðar á landinu þannig fram, að mjólkin var seld í opnum flátum og mæld í opnu máli, og þá var það ekki gott söluskipulag að selja mjólk þannig í verzlunarbúðum með alls konar vöru. Hún tekur fljótt í sig lykt og hún getur mengazt á margan hátt af umhverfi sínu og þarf vel og vandlega með að fara, eins og hv. 2. þm. Sunnl. undirstrikaði mjög rækilega áðan og réttilega. Þá var yfirleitt ekki kælibúnaður í matvöruverzlunum. Þetta gerði í raun og veru óhæft að selja mjólk innan um alls konar vörur í ókældum verzlunarbúðum.

En síðan hefur þetta gerbreytzt. Nú er mjólkin seld í lokuðum umbúðum, tekur þannig ekki eins og áður áhrifum frá sínu nánasta umhverfi, og matvörubúðirnar eru flestar hverjar með fullkominn kæliútbúnað. Meðan fyrra ástand ríkti, þá verður ekki sagt annað heldur en það hafi verið nauðsyn að koma upp því mjólkursöluskipulagi, sem við nú búum við, setja á stofn hverja mjólkursölubúðina á fætur annarri til þess að annast afgreiðslu þessarar vöru út af fyrir sig við góð skilyrði. En núna, þegar þessar gerbreytingar hafa átt sér stað, sé ég ekki nokkra ástæðu til þess, að nokkur amist við því, að sérhver vel útbúin verzlun, þar sem hægt er að tryggja fullkomnustu meðferð mjólkurinnar í lokuðum umbúðum, hafi leyfi til þess að selja þessa vöru eins og hverja aðra. Það er algerlega óþarft fyrir framleiðendur að standa undir stofnkostnaði og rekstri 40—50 mjólkur-

búða í Reykjavík við hliðina á fullkomnum matvöruverzlunum öðrum. Og þennan kostnað geta menn sparað sér að langmestu leyti. Það er alveg sjálfsagt að framkvæma þessa breytingu smátt og smátt, ekki í einu, en ég held, að menn þurfi engan kvíðboga að bera fyrir því, að það húsnæði, sem nú er notað fyrir mjólkurbúðir, haldi ekki sínu fulla verði á við það, sem var fyrir nokkrum árum, og verði selt heldur með söluhagnaði en með tapi eins og annað húsnæði hér í Reykjavík.

En það eru ekki þessi sjónarmið, sem eiga að ríkja. Það er um það að ræða, hvernig er hægt að haga sölu þessarar vöru þannig, að heilbrigðiskröfum sé fullnægt, og á hagkvæman hátt, þannig að neytendunum sé sem auðveldast gert að kaupa þessar vörur. Það er alveg gefið mál, þó að hreyfing sé holl og það sé bezt, að húsmæðurnar eins og aðrir hafi á sér nokkra hreyfingu daglega, þá á ekki að tryggja það með óhagkvæmu fyrirkomulagi í verzlun. Það á ekki að gera það. Þegar húsmóðirin fer út að morgni dags og á þess kost í sinni viðskiptaverzlun að kaupa allar sínar nauðsynjar nema mjólkina og verður svo að fara á allt annan stað til þess að sækja mjólkina, þá er það óþörf fyrirhöfn í mörgum tilfellum. Það væri miklu eðlilegra, að hún gæti keypt þar mjólkina líka, um leið og hún kaupir aðrar sínar vörur, ef þar eru fullnægjandi skilyrði, sem tryggja hollustuhætti, heilbrigðiskröfur varðandi sölu og meðferð þessarar vöru, sem og annarra vara, sem einnig þarf að afgreiða við góð og örugg og hollustusamleg skilyrði. Ég held, að rekstur margra tuga mjólkurbúða í Reykjavík sé óþarfur, og hann getur ekki hvílt á öðru en neytendunum, og neytendasjónarmiðin hafa ekki notið sín sem skyldi varðandi þessi mál. Það væri ekkert óeðlilegt, að í n., sem ráða þessum málum, væru að einhverju leyti skipaðir fulltrúar frá neytendum. Það var upplýst hér áðan, að þessir aðilar væru eingöngu úr hópi framleiðenda. Það álít ég rangt. Það ætti líka að taka neytendasjónarmið þar og hafa neytendur í þeim nefndum og ráðum, sem um þessi mál fjalla. Þetta er ekki einkamál framleiðendanna. Þetta er hinn flöturinn á málinu, mál neytendanna.

Ég sé ekki, hvað sem líður stórum orðum í framsögu og e. t. v. einnig að einhverju leyti ógætilegum orðum í grg., annað en frvgr. sjálf sé mjög réttilega orðuð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er samsölustjórn að heimila matvöruverzlunum, sem um það sækja, sölu og dreifingu framangreindrar mjólkurvöru, enda sé þeim almennum skilyrðum fullnægt, sem samsölustjórn ákveður um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun.“

Að öðrum kosti fæst ekki leyfið. Þau skilyrði skulu vera ákveðin með reglugerð, samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal og liggja fyrir. Ef þarna þykir eitthvað á skorta um orðalag lagagreinarinnar, þannig að öllum öryggisráðstöfunum sé ekki fullnægt að dómi samsölustjórnarinnar sjálfrar, þá verður ekki leyfið veitt. Ég sé ekki, að þetta gangi á nokkurn hátt lengra en svo, að samsölustjórn megi vel við una. Málið er í hennar höndum eftir sem áður, og hún á að vera dómarinn sjálf um fullnægjandi öryggiskröfur á allan hátt. Ég held, að þarna sé því miður um of mikla stífni að ræða af hendi samsölustjórnarinnar, ef þetta þykja nokkrir afarkostir. En hér á að taka tillit til sjónarmiða neytendanna og verða við þeim, að svo miklu leyti sem hægt er að gera það án nokkurra afarkosta. Þetta er mín afstaða til þessa máls, og ég tel, að samsölustjórnin sýni það bara enn betur, að hún sé verki sínu vaxin, ef hún getur fallizt á að gera þær breytingar, sem farið er fram á í þessu frv. — Ég styð þetta frv.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að bæta um betur eftir mína fyrstu framsögu og fjalla nokkuð um ræðu þá, sem hv. 2. þm. Sunnl. flutti hér, að því er manni virtist Mjólkursamsölunni til varnar. En eftir að ég hef hlýtt á ræðu hæstv. félmrh., þá hvarflaði að mér, að jafnvel væri óþarfi fyrir mig að fara hingað upp, því að svo skilmerkilega og skýrt hefur hann tekið fram, hvað sé meginkjarninn í þessu frv. og hversu vel samsölustjórnin megi við þetta frv. una, að betur getur það ekki verið gert, og þykir mér vænt um þá stuðningsyfirlýsingu, sem frá ráðh. kemur. Jafnframt hef ég fengið upplýsingar um, að hæstv. viðskrh., Lúðvík Jósepsson, hafi gefið sams konar yfirlýsingar á fundum Kaupmannasamtaka Íslands nú í síðustu viku. Þessar yfirlýsingar áhrifamanna og ráðamanna í núv. ríkisstj. eru því mikilsverðari þar sem svo virðist sem enn þá séu einhverjir hleypidómar á ferðinni hjá einstökum hv. þm. í þessum málum.

Hv. 2. þm. Sunnl. endaði sína ræðu með því að gefa í skyn, að það, sem vekti fyrir flm. þessa frv., væri að styðja við gróðasjónarmið einhverra ákveðinna hagsmunasamtaka hér í borg eða annars staðar á landinu. Enn fremur virtist mér sem svo, að hann hefði ekki meiri skilning á neytendasjónarmiðinu en svo, að hann taldi út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það, þó að einhverjir ákveðnir neytendur þyrftu að ganga sem allra lengst í viðkomandi verzlanir til þess að ná í þá vöru, sem nauðsynleg er til heimilis. Þessi tvö sjónarmið lýsa kannske að nokkru leyti þeirri afstöðu, sem hefur einkennt sjónarmið og skoðanir þeirra manna, sem hafa ráðið ferðinni hjá samsölustjórnum, bæði hér í Reykjavík, á þessu svæði, og annars staðar á landinu. Það eru vissir hleypidómar, þeir hafa ekki tamið sér að hlýða á rök og sjónarmið annarra, og því miður féll hv. 2. þm. Sunnl. sömuleiðis í þessa gryfju, þar sem hann gaf sér ákveðnar forsendur í upphafi ræðu sinnar og rakti síðan sitt mál út frá þeim. Hann gaf sér rangar forsendur.

Eins og skýrt kom fram, bæði í upphafsræðu minni hér, sem ég vil nú mótmæla að hafi verið stóryrt, því að ég reyndi að fara með gát í þeirri ræðu, og eins í síðustu ræðu hæstv. ráðh., þá liggur það alveg ljóst fyrir, að það er samsölustjórnin sjálf, sem tekur allar ákvarðanir,

sem setur öll skilyrði og kröfur þessu aðlútandi og hefur þessa hluti algerlega í hendi sinni. Þess vegna er algerlega óþarfi að vera að fullyrða nokkuð um eða lýsa fyrir okkur ástandinu í Danmörku, Svíþjóð og í Osló og rekja þróun mála þar. Það er með allt öðrum hætti og breytir alls ekki afstöðu minni né þeirra manna, sem vilja hér breytingar á.

Ég sagði aldrei og það felst ekki í þessu frv., að það eigi að gefa alla mjólkursölu frjálsa. Það eru ýmsir, sem vilja það, og mér er ljóst, að Kaupmannasamtökin settu fram á sínum tíma kröfu um það að gefa þessa mjólkursölu frjálsa. Og kannske vilja ýmsir hverjir láta þetta frv. ganga miklu lengra. En ég hef talið rétt að fara þessa leið, sem þarna er sett á prykk, til þess að mæta einmitt sjónarmiðum samsölustjórnar, til þess að ganga ekki of langt, til þess að reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi og öðlast skilning yfirvalda á því, að þetta þurfi að lagast. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir því, að mjólkursalan sé frjáls, og það er misskilningur að gefa sér þá forsendu, bæði röng ályktun af þessu frv. og af mínu máli. Enn fremur er það líka röng ályktun að halda því fram, að neytendur vilji ekki endilega þessa breytingu, og hv. 2. þm. Sunnl. nefnir eitthvert ákveðið dæmi um það, að einhverjar ákveðnar húsmæður hafi mótmælt því, að mjólkurbúð yrði lögð niður. Ég skal ekki rengja þetta dæmi. En ég leyfi mér að fullyrða, að það sé ósk og ákveðin krafa neytenda fyrst og fremst, sem veldur því, að það er bráðnauðsynlegt að breyta þessu gamla og úrelta ákvæði. Það liggur fyrir vegna þess þrýstings, sem orðið hefur, bæði í gegnum almenna borgarafundi og almenningsálit og vegna fjölmargra tilmæla, sem til mín hafa borizt, sem flm. að þessu frv. og ég gæti út af fyrir sig rakið hér, og þeirra skoðanakannana, sem fram hafa farið, bæði t. d. á vegum ákveðinna dagblaða hér í borginni og annarra einstakra aðila — þá liggur það alveg ljóst fyrir, að almenningsálitið er eindregið á þeirri skoðun, að það skuli bæta þjónustuna, auka möguleikana á því að kaupa mjólk, og það hlýtur að vera eðlileg krafa, — hvort sem ég get sannað það eða ekki, þá hlýtur það að vera eðlileg krafa í þjóðfélaginu, af neytendum, af borgurunum, að þjónustan sé bætt. Ég held, að það þurfi ekkert að fara neitt í grafgötur um það. Spurningin er sú, hvernig þeir geti bætt hana. Það er kannske ágreiningur um það. Þeir menn, sem halda uppi vörnum fyrir Mjólkursamsöluna, segja kannske sem svo: Þjónustan er eins og bezt verður á kosið í dag. — Nú höfum við heyrt hér ræður hv. 12. þm. Reykv. og annarra, sem lýsa því, hvernig vandamál geta skapazt fyrir húsmæður og aðra þá, sem kaupa þessa mjólkurvöru. Að mínu viti er enginn vafi á því, að þjónustan er alls ekki eins og bezt verður á kosið og getur farið mun betur fram með því, að það sé dreift mjólk og hún seld í fleiri verzlunum, í verzlunum, sem bjóða fullkomna þjónustu. Þetta held ég að þurfi ekki að orðlengja frekar.

Það var sagt í upphafi máls hjá hv. 2. þm. Sunnl., að ýmislegt í grg. með frv. væri stóryrt og væri mjög rangt og bæri þess vott, að flm. hefðu ekki kynnt sér málið nægilega vel frá öllum sjónarhólum. Það má vel vera, að hægt sé að kynna sér málið betur. En ég beið alltaf eftir því, að þessi hv. þm. benti á það, sem rangt væri sagt í þessari grg., eða hvað kæmi fram í henni, sem lýsti þessum þekkingarskorti. Því miður sagði hann allt annað. Hann fór í upptalningu á skýrslum, sem forstjóri Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík hefur sent sinni yfirstjórn. En það var varla minnzt á það einu orði, hvað kemur fram í þessari grg. með frv., og alls ekki minnzt einu orði á þau rök, sem flutt eru þessu máli til stuðnings. Það eina, sem bent var á, var það, að í grg. og í máli mínu hefði ég tekið fram og væri tekið fram, að núverandi ástand bryti gegn hagsmunum framleiðenda og neytenda. Það er eðlileg ályktun, þegar því er haldið fram í frv., að það sé hægt að bæta ekki eingöngu þjónustuna, heldur líka auka við sölu þessarar ákveðnu vöru, þá gefur það auga leið, að ef það er hægt að bæta við söluna, þá er verið að brjóta á þessum hagsmunum, ef það er ekki gert.

Ég ætla ekki að fara að itreka allan þennan rökstuðning minn hér aftur, en vegna þó ummæla hv. 2. þm. Sunnl. um, að það væri vandamál fyrir Mjólkursamsöluna að þurfa að leggja niður ákveðnar búðir og erfiðleikar á að selja þessar fasteignir, þá vil ég leyfa mér að halda því fram, að það komi vel til greina, að ýmsir kaupmenn væru reiðubúnir til þess að kaupa þessi mannvirki, og ég hef sjálfur heyrt fullyrðingar um, að svo sé mögulegt og ekkert því til fyrirstöðu.

Og þau rök, sem hér eru flutt um það, að það þurfi að segja upp svo og svo mörgu fólki í mjólkurbúðum og selja nokkrar fasteignir, það eigi að vera því til fyrirstöðu, að þarna sé breytt um í réttlætisátt, það finnst mér vera rök, sem dæma sig sjálf.

Aðeins vildi ég líka minnast á annað. Þegar talað er um, að umbúðir hafi batnað hjá mjólkuryfirvöldum, sem bæði kom fram í ræðu hv. 2. þm. Sunnl. og ræðu 12. þm. Reykv., þá vil ég leyfa mér að halda því fram, að einmitt þessar bættu umbúðir hafi til komið vegna þrýstings frá almenningi, vegna þess að á þessum árum, 1967 og 1968, voru þessi mál mjög ofarlega á baugi, mikið um þau talað og sættu mikilli gagnrýni, sérstaklega umbúðir og öll þjónusta, og ég er í engum vafa um það, að þær umr. og sú gagnrýni hefur leitt til þess, að Mjólkursamsalan er mun betur á verði hvað snertir einmitt umbúðir og alla þjónustu. Þarna er gott dæmi um það, hvernig almenningur gætir ákveðins hlutverks einmitt á sviði verzlunar og viðskipta.

Nei, því miður, þó að ég hafi hlustað vel á þá ræðu, sem hér var flutt til varnar núverandi ástandi, þá gat ég ekki séð nein rök, sem mæltu með því, að áfram yrði haldið á þessari sömu braut. Ég spyr enn einu sinni: Hvað er því til fyrirstöðu að breyta þessu ástandi, þegar mjólkursamsölustjórnin hefur það áfram í hendi sinni? Hvað er það t. d. í Danmörku, Svíþjóð og Osló, sem styður það, að núverandi ástand skuli vera áfram hér á Íslandi? Og hvers vegna er verið að halda því fram, að það sé hættulegt að fjölga

útsölustöðum og verðið muni hækka á mjólkinni eða það sé slæmt fyrir neytendur, að mjólkursalan sé frjáls, þegar mjólkursamsölustjórnin hefur þetta allt saman áfram í sinni hendi? Þá get ég ekki með nokkru móti skilið þann málflutning, sem mælir gegn þessu, ef menn vilja gæta hagsmuna framleiðenda og neytenda um leið. Þess vegna verð ég að fara fram á það einu sinni enn í þessari ræðu minni, að menn hlusti og tali um þetta á hleypidómalausan hátt, reyni að skilja þau rök, sem hér eru sett fram, skilja þá þróun, sem orðið hefur í verzlun og viðskiptum, og átta sig á, að það er krafa neytenda og það eru hagsmunir framleiðenda, sem réttlæta það, að þetta frv. verði samþ.

Ég vil svo að lokum aðeins taka fram, vegna þess að hv. 2. þm. Sunnl. var að gera því skóna, að það væru rangar upplýsingar, sem ég hefði gefið varðandi ástandið í Danmörku, þar sem ég nefndi, að söluverðmæti mjólkur hefði aukizt á síðasta ári úr 615 millj. dönskum kr. í 675 millj. danskar kr. Þá var því haldið fram eða það gefið í skyn, að þessi hækkun stafaði af hækkuðu verði mjólkur. En þá vil ég geta þess, að þessum upplýsingum fylgdi jafnframt, að magnið hefði aukizt úr 490 millj. kg upp í 494 millj. kg, og þessi aukning, 4 millj. kg aukning í magnsölu leiddi til 60 millj. kr. hækkunar í dönskum kr. á söluverðmæti, þannig að það er rangt að halda því fram, að það sé vegna hækkaðs verðs. Það er þvert á móti vegna aukinnar sölu.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta dagskrármál úr hófi fram. Fram hafa komið frá okkar hálfu, sem fylgjum eðlilegum breytingum á fyrirkomulagi mjólkursölumála, flest þau atriði, sem máli skipta í því sambandi. Að sjálfsögðu eru skiptar skoðanir um, hvort núverandi kerfi þjóni bezt hagsmunum neytenda og framleiðenda mjólkurvara. Ég held, að það hafi ekki farið fram hjá neinum, sem þessi mál varða, að svo er. Þess vegna þarf ekki að koma neinum á óvart, þótt rök séu færð fyrir því í grg. frv., sem hér er til umr., að núverandi fyrirkomulag þjóni ekki hagsmunum neytenda og framleiðenda sem skyldi.

Annars eru deilur um orðalag grg. fyrir slíku máli sem þessu með öllu óþarfar. Aðalatriðið er, hvort sú breyting á lögum, sem lögð er til, sé eðlileg og gagnleg, ef samþ. yrði. Ef ég man rétt, lét hv. 2. þm. Sunnl. ekki uppi neina skoðun á því, hvort hann teldi frvgr. sjálfa til bóta eða ekki. Það er auðvitað kjarni málsins og því geri ég ekki aðrar aths. við ræðu hans, en hún er sú eina, sem flutt hefur verið hér um þetta mál fram til þessa, sem túlka má sem andstöðu við frv.

Ég vil leggja á það áherzlu, að fyrir mér sem meðflm. þessarar till. vakti, að sama kerfi ríkti um sölu mjólkurvara um allt land, ef frv. yrði að lögum. Við nánari athugun fannst mér, að þetta væri svolítið óljóst, þar sem tvívegis er rætt um samsölustjórn í frvgr., en Mjólkursamsalan starfar, svo sem kunnugt er, einungis hér á Suðvesturlandi. Ég vil því beina því til þeirrar n., sem fær frv. til meðferðar, að kanna gaumgæfilega, hvort breyta þurfi orðalaginu þannig, að ótvírætt sé, að átt sé við tilhögun mjólkursölu á öllu landinu, t. d. með því að skjóta inn í á eftir: „Skylt er samsölustjórn“ „eða framleiðsluráði landbúnaðarins“ og einnig að skjóta inn í síðari mgr. á eftir „samsölustjórn“ orðunum „eða framleiðsluráði landbúnaðarins“. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að kanna þetta mál til hlítar, en vona, að n. athugi það ásamt öðru, sem hún telur við þurfa í þessu máli.

Að lokum vil ég undirstrika eitt atriði, sem mér finnst skipta meginmáli um vinnubrögð í mjólkursölumálinu yfirleitt, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Sunnl. á dögunum, þegar mál þetta var fyrst til umr. Hann sagði, að það væri afstaða stjórnar Mjólkursamsölunnar, að hún vildi ekki taka á sig ábyrgð á breytingu frá því, sem nú er um tilhögun mjólkursölu í þá átt, að sem flestar matvöruverzlanir fengju þessa vöru til sölumeðferðar. Hann sagði, að um þetta ætti löggjafinn að fjalla og ákveða, ef hann hefði áhuga á slíku, þetta væri skoðun stjórnar samsölunnar. Á þessa afstöðu stjórnar Mjólkursamsölunnar er rétt að leggja þunga áherzlu, því að með henni er endanlega innsiglað og staðfest, að sú leið, sem fyrrv. stjórnvöld vildu fara í þessu efni, er þar með ófær. Mér skilst, að þau hafi viljað ná samkomulagi innan ramma núgildandi laga um breytta tilhögun í mjólkursölumálum. Það má öllum ljóst vera, að því verður alls ekki við komið, eftir að sú ákvörðun hefur verið tekin, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Sunnl., að stjórn samsölunnar taki ekki á sig ábyrgð á breytingum á tilhögun mjólkursölu innan ramma núgildandi laga. Þess vegna verður Alþ. að láta málið til sín taka, ef það er skoðun meiri hluta þm., að við núverandi ástand verði ekki unað. Þá skoðun hafa a. m. k. tveir ráðh. látið í ljós, bæði hér á Alþ. og annars staðar á opinberum vettvangi. Full ástæða er til þess að þakka þeim þá raunsæju afstöðu, og verð ég að vænta þess í því ljósi, að málið verði skoðað mjög gaumgæfilega í n. og niðurstaða þess verði sú, að sett verði löggjöf, sem tryggir aukið frjálsræði í sölu mjólkurvara, sem ég tel ótvírætt bæði neytendum og framleiðendum til gagns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Sala eyðijarðarinnar Strýtu í Ölfushreppi.

Á 46. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Strýtu í Ölfushreppi [202. mál] (þmfrv., A. 390).

Á 48., 50., 57. og 58. fundi í Nd., 8. og 13. marz, 5. og 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Félagsmálaskóli launþegasamtakanna.

Á 48. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um félagsmálaskóla launþegasamtakanna [212. mál] (þmfrv., A. 418).

Á 50., 51., 52., 54., 55., 56., 57., 58., 61. og 62. fundi í Nd., 13., 15., 16., 20., 22. og 23. marz, 5., 10., 14. og 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Landhelgisgæzla Íslands.

Á 48. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands [219. mál] (þmfrv., A. 445).

Á 51. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hefur verið okkur þm. mörgum hverjum nokkurt áhyggjuefni, hvernig komið er landhelgisgæzlu okkar eins og nú standa sakir, ekki sízt með hliðsjón af þeim mikla áfanga, sem nú stendur fyrir dyrum í sambandi við útfærslu landhelginnar 1. sept. n. k.

Landhelgissjóður Íslands hefur átt drjúgan þátt í uppbyggingu þess tækjabúnaðar, sem Landhelgisgæzlan hefur átt yfir að ráða, fyrst og fremst verið varið til kaupa á varðskipunum og ýmsum öðrum tækjum hliðstæðum. Landhelgissjóður er gömul og merk stofnun, var stofnaður með sérstökum lögum 1913, en flm. þess frv., um stofnun Landhelgissjóðsins, var séra Sigurður alþm. frá Vigur. Þegar sett var ný löggjöf um landhelgisgæzluna 1967, voru ákvæðin um Landhelgissjóð tekin inn í þau lög.

Upphaflega voru tekjur Landhelgissjóðs ⅝ af sektarfé og verðmætum, sem voru gerð upptæk í sambandi við brot á fiskveiðilöggjöfinni. Þetta varð svo síðar ekki aðeins ⅝, heldur sektarféð allt og einnig björgunarlaun, sem skyldu renna til Landhelgissjóðsins og verða tekjur hans. En í lögunum frá 1913 var einnig ákveðið framlag úr Landhelgissjóði, 20 000 kr. þá á ári. Það var hins vegar síðar fellt niður og síðan hefur sá háttur verið á í framkvæmd í þessu máli, að þegar ekki hefur hrokkið fé Landhelgissjóðsins til afborgana og vaxta af skipakaupum og öðrum tækjum, þá hefur verið bætt við hverju sinni af hálfu ríkissjóðsins. Þetta kemur fram í fylgiskjali frá Landhelgisgæzlunni, þar sem greindar eru tekjur Landhelgissjóðsins síðustu árin, frá 1962 til 1970, og við sjáum af því, að framlag ríkissjóðs er æðimisjafnt, en tekjur Landhelgissjóðsins eru sektarfé og upptaka fyrir landhelgisbrot og svo björgunarlaunin, sem sérstök ákvæði eru um í lögum um landhelgisgæzlu frá 1967, í 12. gr., vextir sjóðsins og svo framlag ríkissjóðsins. Framlag ríkissjóðsins er á þessum árum, 1962 til 1968, frá 2 og 3 og upp í 6 millj. kr., hér um bil það, sem þá hefur vantað á, en eykst svo árin 1969 og 1970, upp í 14 millj. fyrra árið og 16.8 millj. síðara árið. Þá eru komnar til afborganir af varðskipinu Ægi, sem keypt var eða var fullbúið 1968, og þá vantar mikið á, að tekjur sjóðsins aðrar, sem ég hef gert grein fyrir, hrökkvi.

Nú er lagt til í þessu frv. að breyta 17. gr. laga um Landhelgisgæzlu Íslands þannig, að auk sektarfjárins og björgunarlaunanna leggi ríkissjóður Landhelgissjóði árlega til 50 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1972. Nú má segja, að hér sé kannske ekki hátt stefnt, sérstaklega með hliðsjón af því, að s. l. ár er hvort eð er ríkissjóðsframlagið nær 17 millj. kr. Það er auðvitað álitamál, hversu hátt á að stefna í þessu efni, en þó er það svo, að ef Landhelgissjóður getur reiknað með ákveðnu 50 millj. kr. framlagi, — og ekki væri ég á móti því, þó að í n. þætti ástæða til að hækka þetta framlag, — þá er hægara um vik fyrir hann eða þá, sem þeim sjóði stjórna, og honum er auðvitað stjórnað fyrst og fremst af hæstv. dómsmrh., að gera áætlun fram í tímann um þau tækjakaup, sem nauðsynleg eru. En á það hefur skort, og það hefur verið nokkuð handahófslegt, hvernig í tækjakaupin hefur verið varið, — með tækjum á ég við bæði skip, flugvélar og annað hliðstætt, — en það sýnist alveg nauðsynlegt fyrir okkur nú að gera okkur áætlun um það, hvernig við viljum byggja landhelgisgæzluna upp, bæði með hliðsjón af hinni útvíkkuðu og stækkuðu landhelgi og einnig til þess að gegna því öðru hlutverki, sem landhelgisgæzlan á að gegna, þ. e. a. s. björgunarstarfinu, sem er mikilvægt.

Ég flyt ásamt hv. 2. þm. Reykv. þáltill. í Sþ. um kaup á nýju varðskipi og áætlunargerð varðandi eflingu landhelgisgæzlunnar, og efling Landhelgissjóðsins hlýtur að mínum dómi að vera verulegt atriði í sambandi við áætlunargerð í þessu efni. Ég vil mega vænta þess, að um þetta verði ekki ágreiningur meðal þm.

Síðan er 2. gr. frv., þar sem í felst sú breyt.,

að það er tekin af heimild, sem er í 18. gr. laga um Landhelgisgæzlu Íslands, sú, að fjárveitingavaldið geti ákveðið að verja einhverjum hluta af fé Landhelgissjóðs til rekstrar landhelgisgæzlunnar. Mér finnst eðlilegt að skilja hér alveg á milli og sjóðurinn verði fyrst og fremst fjárfestingarsjóður landhelgisgæzlunnar. Að öðru leyti er svo gert ráð fyrir því, að sjóðsstjórnin verði í höndum hæstv. dómsmrh., eins og ég sagði, og skal ég ekki miklu fleiri orðum um þetta fara. Ég leyfi mér að vænta góðrar samstöðu um þetta mál og afgreiðslu nú á þessu hv. þingi.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, get ég ekki orða bundizt um það, í hvílíkri niðurlægingu Landhelgisgæzla Íslands er að því leyti, að hún skuli nú vera á götunni, og við fáum um það fréttir í blöðum og annars staðar, að utanrrn. hafi dottið það snjallræði í hug að úthýsa Landhelgisgæzlunni. Ég hefði sízt af öllu átt þess von, að frá hæstv. utanrrn. kæmi sú hugmynd að setja Landhelgisgæzluna á götuna, en það er margra ára ráðagerð, að Landhelgisgæzlan yrði til húsa í nýju lögreglustöðinni í Reykjavík á efstu hæðinni, og það var komið að því, og annar viðbúnaður hefur ekki þar af leiðandi verið hafður vegna Landhelgisgæzlunnar, — það var komið algjörlega að því, að Landhelgisgæzlan flytti þarna inn. Um þessa ráðagerð hefur mér vitanlega hvergi verið neinn ágreiningur, heldur full samstaða, og hún byggðist á því, að á þessum stað, í lögreglustöðinni, væri til húsa löggæzlan til sjós og lands, auk almannavarna, sem gert var ráð fyrir að hefðu sína bækistöð, stjórnstöð, þegar því væri að skipta, í kjallara lögreglustöðvarinnar. Þarna var um mjög góða samræmingu að ræða og stofnanir, sem hafa 24 tíma vakt allan sólarhringinn og eru mikils virði í sambandi við slysavarnir og björgun, og er mikil samvinna oft á milli landhelgisgæzlunnar og löggæzlunnar. Í þessari ráðagerð var m. a. tekið til athugunar það atriði, að á þaki lögreglustöðvarinnar er þyrluflugvöllur, og þyrla hefur athafnað sig þar, þegar samvinna hefur verið á milli löggæzlunnar og landhelgisgæzlunnar, og það gæti verið landhelgisgæzlunni mjög hagkvæmt, bæði í sambandi við hennar eigið hlutverk og einnig þegar hún er að sinna hlutverkum fyrir löggæzluna í landi. Eins og við vitum, þá hefur þyrla Landhelgisgæzlunnar oft verið hagnýtt með mjög góðum árangri og verið mikilvæg fyrir umferðarlögregluna á þeim dögum, þegar umferð er mest á sumrum, og einnig þegar mikið hefur verið í húfi, eins og þegar við skiptum frá vinstri umferð yfir í hægri umferð.

Það er sorglegt til þess að vita, að svona er komið, og ég vildi beinlínis mega vænta þess, að hæstv. dómsmrh. og forsrh. endurskoðaði þessa ákvörðun, sem hér hefur verið tekin. Ég skil mjög vel þörf hæstv. utanrrn. til þess að auka sitt húsrými, en það hlýtur að vera miklu auðveldara að fá utanrrn. bráðabirgðahúsnæði og trufla ekki það samspil, samvinnu og samræmingu, sem hér átti sér stað með því að búa landhelgisgæzlunni húsnæði eða ætla henni húsnæði í lögreglustöðinni með þeim hætti, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Þegar utanrrn. stendur nú í jafnmiklum stórræðum í sambandi við útfærslu landhelginnar út á við og raun ber vitni, þá væri allra sízt þess að vænta, að þaðan kæmu hugmyndir eins og þessar, sem leiða til þess, að Landhelgisgæzla Íslands er á götunni, þegar mest liggur við.

Ég vona sem sagt, að þessi ráðagerð verði endurskoðuð, að úthýsa Landhelgisgæzlunni úr lögreglustöðinni.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Það getur orkað nokkuð tvímælis, til hvaða n. þetta frv. á að fara, en ég tel nú ráðlegast, eins og er, að vísa því til hv. sjútvn., og legg það til.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi fara mörgum orðum um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það er auðvitað sjálfsagt, að það fer til n. og fær þar sína athugun. Ég vil segja það, að ég fagna þeim vilja, sem kemur fram hjá alþm. um það að efla Landhelgissjóðinn og efla þar með landhelgisgæzluna. Það er auðvitað mál, að það þarf að efla hana, meðfram vegna þeirrar útfærslu, sem fyrir dyrum stendur, og sjálfsagt hefði þurft að athuga það fyrr en nú, athuga það á undanförnum árum, að búa landhelgisgæzluna undir það hlutverk. Ég held samt sem áður, að þó að það þurfi að efla landhelgisgæzluna, þá sé hún á ýmsan hátt undir það búin að verja þá stækkuðu landhelgi, þegar þar að kemur. Landhelgisgæzlan hefur sæmilegan skipakost, eins og ég mun gera grein fyrir síðar, þegar ég svara fsp., sem hér hefur verið sett fram um það efni, og ég mun þá koma nánar að, og hefur tiltölulega góð skip, og nú í sumar fer fram endurbót á einu þeirra, Þór, og verða settar í það nýjar aflvélar, þannig að það verður eftir það miklu færara um að sinna hlutverki sínu í þessum efnum en áður.

Þrátt fyrir það, er það sjálfsagt mál, að það verður að athuga, hvort ekki þarf að bæta við nýju skipi. Það verður auðvitað að taka til skoðunar, og það er auðvitað mál, að slíkt kostar mikið fé, og þá getur það verið álitamál, hverja leiðina á að fara í því, hvort á að safna í sjóð sérstaklega, eins og hér er gert ráð fyrir, eða fjárveitingavaldið tekur að sér að fjármagna þau kaup, þegar þar að kemur. Ég sé út af fyrir sig augljósa kosti við það að hafa þannig alveg fastan tekjustofn fyrir Landhelgissjóð, og það situr sízt á mér að draga úr því, að það sé gert, ef hv. alþm. vilja fara inn á þá braut. Þó að það geti og komi vafalaust til, að skipum verði að fjölga, þá er þess að gæta, að í landhelgisgæzlunni að undanförnu hefur verið lögð rík áherzla á það að koma við flugvélum til gæzlunnar, og þeir eru til, sem telja réttara að leggja meiri áherzlu á þann þátt í gæzlunni, og það hafa nú verið fest kaup á þyrlu til þess að annast landhelgisgæzlu og einnig til björgunarstarfa, sem á að geta innt af hendi starf í sambandi við það. Það er nokkuð stór þyrla, sem getur aðeins lent á hinum stærri skipunum, sem við þetta fást. En jafnframt er í athugun að festa kaup á minni þyrlum, sem gætu lent á hvaða skipum sem væri. Jafnframt er svo í

athugun að festa kaup á flugvél, eins og menn hafa kannske heyrt um. Þessi mál þurfa auðvitað sérstakrar skoðunar við, meðfram vegna þess sem fram undan er í þessu efni. Þau hafa verið skoðuð að undanförnu af dómsmrn. og af forstjóra Landhelgisgæzlunnar, þannig að það hefur ekki verið flotið neitt sofandi í þessu efni, og jafnframt hefur verið skipuð sérstök n., samstarfsnefnd þeirra rn., sem telja má að mest hafi með þetta að gera, sem einmitt á að hafa það hlutverk að gera till. um eflingu og skipulag landhelgisgæzlunnar, og í þeirri n. eru starfsmenn rn., ráðuneytisstjórarnir í dómsmrn., sjútvrn. og utanrrn., sem þessum málum eru kunnugir, og það er einmitt að mínu viti eitt af hlutverkum þessarar n. að huga að því að gera áætlun um þetta efni, og það er mjög mikilvægt, að það sé hægt að vinna í þessum efnum eftir einhverri fastri áætlun. Sem sagt, ég vil, eins og ég sagði, lýsa ánægju minni yfir þeim áhuga, sem kemur fram í þessu frv., og ég veit reyndar, að það eru allir alþm. áhugasamir um þetta efni, að það verði staðið þannig að framkvæmd í þessum efnum sem bezt má verða. Auðvitað verða menn að gera sér það ljóst og horfast í augu við það, að það kostar fjárframlög. Það kostar mikil fjárframlög, þannig að ég tel ágætt, að þetta mál er fram komið og það fer til n. og hlýtur þar athugun.

Út af þeim orðum, sem hv. flm. lét falla um það, að Landhelgisgæzlunni hefði verið úthýst og hún væri nú á götunni, þá er það nú of mikið sagt, að Landhelgisgæzlan sé á götunni. Hún er það ekki. Hún er nú í húsnæði því, sem hún hefur verið í að undanförnu og notazt við. Hitt er rétt, að það er þörf á því og æskilegt, að hún fái nýtt húsnæði. Það er verið að athuga um það. Það er rétt, sem hv. flm. sagði, að það voru ráðagerðir um það, að hún flytti í hina nýju lögreglustöð, og það hefði á ýmsan hátt verið heppilegt. En það er nú svo, að það getur verið heppilegt, að þar séu ýmsar fleiri stofnanir en Landhelgisgæzlan. Það eru margar stofnanir, sem samkv. eðli málsins gætu átt þar heima. Það eru nú uppi ráðagerðir um það, að utanrrn. flytji þangað, eins og bent var á, þar sem það býr við ófullnægjandi húsakost. Ég vil aðeins segja það, að það tel ég ofmælt hjá hv. flm., að Landhelgisgæzlunni hafi verið úthýst þannig að hún sé nú á götunni. Það hefur nú verið gert í sæmilegu samkomulagi við þá, sem um þessi mál eiga að fjalla, að verið er að vinna að því og athuga, hvort það er ekki hægt að útvega Landhelgisgæzlunni það húsnæði, sem hún má vel við una og getur komið henni að góðum notum. Í því sambandi hefur t. d. verið hugað að því, hvort hægt væri að flytja hana til Hafnarfjarðar, vegna þess að gefið hefur verið í skyn, að þar væri húsnæði, sem hentugt væri í þessu sambandi. Ég vil alls ekki segja, að það verði gert, enda er það mál ekki nægilega kannað. Það verður gert, og það er fullur vilji til þess að sjá Landhelgisgæzlunni fyrir hæfilegum og nægilegum aðbúnaði, svo sem skylt er, því að vafalaust verður það svo, að þegar til útfærslunnar kemur 1. sept. n. k., þá reynir mjög á þessa stofnun, og það verður auðvitað að gera vissar ráðstafanir, áður en að því kemur, til þess að gera hana hæfari en ella til þess að mæta þeim vanda, sem að henni steðjar þá.

Þetta vildi ég nú aðeins segja út af ummælum þessum, sem hv. flm. lét falla um utanrrn. og húsnæðisvandamál þess. Sannleikurinn er sá, að stjórnarráðið hefur átt við húsnæðisvandamál að etja. Ég er áhugamaður um, að það verði bætt úr því. Ég hef ákveðna stefnu í því máli. Ég tel, að það eigi að byggja nýtt stjórnarráðshús, og ég tel, að það eigi að velja því stað við Lækjargötu, eins og ráðgert hefur verið, og ef horfið væri að því, þá mundi rakna úr þessum vandkvæðum.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fors.- og dómsmrh. góðar undirtektir undir þetta frv. Hitt vil ég segja, að mér finnst hörmulegt að heyra tóninn í hæstv. ráðh. í sambandi við húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar, því að auðvitað er það að úthýsa Landhelgisgæzlunni, þegar hún er að búa sig undir að flytja í nýtt húsnæði, að þá komi utanrrn. og segi, að þetta húsnæði ætli það sér. Ég tel þetta reginhneyksli. Ef hæstv. fors- og dómsmrh. grípur hér ekki í taumana og stöðvar þetta, þá held ég, að Alþ. eigi að athuga það að stöðva þessa ófremd.

Það er auðvitað allt annað viðfangsefni að útvega utanrrn. bráðabirgðahúsnæði. Ég veit, að það er í húsnæðisskorti, en ég veit þess engin dæmi, að opinber stofnun hafi gengið þannig á aðra opinbera stofnun eins og hér er um að ræða, með annarri eins dæmalausri frekju og þetta er. Margra ára ráðagerð um samstarf á milli löggæzlu til sjós og lands og almannavarna er trufluð með þessu inngripi, með þessari aðför utanrrn., og var þá sannast að segja allra sízt þaðan, sem þess var að vænta, að Landhelgisgæzlan yrði sett á götuna. Ég sé ekki annað en að utanrrn. geti verið í Hafnarfirði alveg eins og Landhelgisgæzlan. Það hefur utanrrh. verið um margra ára skeið í Hafnarfirði. Hefði verið auðveldara, að rn. hefði þá verið þar en annars staðar.

Mér finnst þetta vera alvörumál og geysilegt leiðindamál. Ég skil ekki almennilega, hvernig mönnum gat dottið í hug annað eins og þetta, og sérstaklega furðar mig á því, að hæstv. dómsmrh., sem hafði hér ráðin, skuli hafa látið ganga þannig á sig. Landhelgisgæzlan á að fá sitt áætlaða húsnæði í lögreglustöðinni, með því samspili, sem þar er, bæði við lögreglu og almannavarnir, og með þyrluflugvöll á þaki lögreglustöðvarinnar, en utanrrn. á að sjá sóma sinn í því að reyna að útvega sér húsnæði annars staðar. Það getur beðið Framkvæmdastofnun ríkisins um að útvega sér húsnæði. Mér skilst, að henni hafi ekki gengið illa að útvega sér húsnæði, sé búin að útvega sér ágætishúsnæði.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er áreiðanlega full ástæða til að efla landhelgisgæzluna, miðað við þau átök, sem ætla má, að fram undan séu, en ég mun ekki gera það að sérstöku umtalsefni hér frekar en orðið er. Hitt vil ég taka undir, þá aths., sem komið hefur fram hér

frá hv. 1. þm. Reykv., að þeir eru mjög margir, sem spyrja um þessar mundir að því, hvers vegna horfið sé að því ráði að vísa Landhelgisgæzlunni út úr nýju lögreglustöðinni. Ég veit ekki betur en að því hafi verið miðað s. l. 10 ár, — eða öll þau ár, sem nýja lögreglustöðin hefur verið í byggingu, — að Landhelgisgæzlunni yrði ætlaður staður á efstu hæð hennar. Það er rétt, sem komið hefur hér fram, að á þakinu er þyrluflugvöllur, sem þegar hefur verið notaður, t. d. í sambandi við breytingu yfir í hægri umferð, en þá var þessi flugvöllur notaður með góðum árangri. Það fer mjög vel á því, að löggæzla til sjós og lands sé þarna í sömu byggingu, eins og fyrirhugað hefur verið.

Það má vera, að það sé of mikið sagt, að Landhelgisgæzlan sé á götunni, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, en það mun þó liggja nærri. Ég heyrði einn af sjóliðsforingjum okkar skýra frá því nýlega, að Landhelgisgæzlan væri í húsnæðishraki. Henni byðust að vísu a. m. k. tveir staðir, báðir utan Reykjavíkur, annar í óbyggðu húsi á Akureyri, hinn einhvers staðar í Hafnarfirði. Hvað sem um þetta er að segja, þá álít ég, að það hafi alls ekki komið fram hér fullnægjandi skýring á þessari ráðabreytni, þannig að þessi spurning heldur áfram að vefjast fyrir mönnum. Það eru ábyggilega mjög margir, sem velta því fyrir sér, hvers vegna horfið er að þessari ráðabreytni. Vitanlega er utanrrn. alls góðs maklegt, sú virðulega og ágæta stofnun, og hún á að búa við gott húsnæði. En svona er ekki rétt að fara að hlutunum, að mínum dómi, þegar slík átök eru fram undan eins og nú eru í vændum hjá Landhelgisgæzlunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Skógrækt.

Á 51. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um skógrækt, nr. 3 frá 6. marz 1955 [229. mál] (þmfrv., A. 485).

Á 55. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Kristján Ingólfsson): Herra forseti. Ég flyt á bskj. 485 frv. til l. um breyt. á lögum um skógrækt, nr. 3 frá 6. marz 1955. Forsendurnar fyrir flutningi þessa frv. eiga sér djúpar rætur. Undanfarna áratugi hefur átt sér stað ófrofa flutningur fólks af landsbyggðinni hingað suður til Reykjavíkur og næsta nágrennis. Orsakirnar eru margar og engin leið að gera þeim öllum skil í stuttri ræðu, enda þarf að mínum dómi gaumgæfilega þjóðfélagslega rannsókn til þess að kanna uppruna meinsemdarinnar.

Þó liggur ýmislegt ljóst fyrir. Ein af orsökunum er berlega of fábreytt atvinnulíf í hinum ýmsu byggðarlögum. Í rauninni má skipta landinu í tvö svæði eftir atvinnulegum sérkennum: þjónustusvæði suðvesturhornsins og framleiðslusvæði annarra landshluta. Á þjónustusvæðinu er atvinnulíf fjölbreytt, þar eru möguleikar fyrir fólk með margháttaða sérgreinda atvinnumenntun að fá störf við sitt hæfi. Á framleiðslusvæðinu er atvinnulíf allt miklum mun fábreyttara. Ungt fólk, sem heldur heiman til mennta frá sveitum og ströndum landsins, á sjaldnast afturkvæmt til átthaganna, a. m. k. ef það verður sér úti um sérmenntun á einu eða öðru sviði. Allt er þetta hluti af neikvæðri þróun. Staðreyndirnar tala sínu máli. Þær sýna, að gjaldeyrisöflunin er miklum mun meiri á því svæði, sem ég hef hér leyft mér að kalla framleiðslusvæðið. Sífelld fólksfækkun á því svæði getur orsakað þá hættu, að úr dragi þeirri gjaldeyrisöflun, sem þar á sér stað. Slíkt er þjóðarbúskapnum að sjálfsögðu mjög til baga og hættulegt. Reynslan sýnir, að fábreytt atvinnulíf dregur úr festu byggðar.

Frv., sem hér liggur frammi, verði af samþykkt þess, er tilraun til að auka atvinnulega fjölbreytni eins landshluta, Miðausturlands, þar sem hlutfallsleg íbúafækkun er árviss. Skógrækt ríkisins hefur frá upphafi verið staðsett í Reykjavík, eða aðalstöðvar hennar. Ekkert mælir með því, að svo sé. Í Reykjavík og nágrenni fer mjög lítið fram af þeirri starfsemi, er undir stofnunina heyrir. Austur á Fljótsdalshéraði er þungamiðja skógræktarinnar á Íslandi. Þar er Hallormsstaðaskógur með efnilegri ræktun nytjaskóga, einhver stærsta kvæmastöð í Norður-Evrópu. Auk þess má minna á Fljótsdalsáætlunina um skógrækt, þar sem gert er ráð fyrir, að skógrækt verði búgrein bænda. Það starf er þegar hafið. Allar rannsóknir hafa sýnt og sannað, að aðstæður til skógræktar eru mjög góðar á Fljótsdalshéraði. Reynslan sýnir, að ýmislegur nytjaviður vex þar ekki síður en í nálægum skógarlöndum. Hér er athafnasvæði skógræktarinnar, hér eiga aðalstöðvar Skógræktar ríkisins að vera.

Hjá Skógrækt ríkisins í Reykjavík starfa nú að jafnaði tveir háskólamenntaðir sérfræðingar auk tveggja skrifstofumanna. Sé tilraunastöð skógræktarinnar á Mógilsá í Kollafirði meðtalin, vinna þar að auki tveir háskólamenntaðir sérfræðingar auk garðyrkjumanns.

Herra forseti. Allir þeir stjórnmálaflokkar, sem nú eiga menn á Alþ., hafa ályktað um það, að efla beri jöfnuð í byggð landsins. Hér er lítið skref stigið í þá átt. Sumir segja hér í þingsölum, að þetta verði erfitt, mörg ljón séu á veginum. Ég skal að vísu viðurkenna, að einhverjir munu hafa hér á móti. En ég sé ekki betur en þetta sé í samræmi við eðli þeirra samþykkta, sem allir hv. stjórnmála- og þingflokkar hafa gert. Ég sé ekki þessi ljón þar af leiðandi. Mér finnast rökin fyrir flutningi þessarar stofnunar allt of þung og mörg til þess. Því leyfi ég mér að vænta þess,

að frv. fái hér góðar undirtektir, og leyfi mér, herra forseti, að fara þess á leit, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Heilbrigðisþjónusta.

Á 55. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heilbrigðisþjónustu [242. mál] (þmfrv., A. 519).

Á 62. fundi í Nd., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ætlunin mun vera að taka nú til umr. frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem er mjög yfirgripsmikill og viðamikill frv.-bálkur og lagt var hér fram af heilbr.- og félmrn. í síðustu viku. Það liggur fyrir, að þetta mál á ekki að afgreiða úr þinginu nú á þessu þingi, þannig að um málið mun aðeins fara fram ein umr. og því síðan verða vísað til n. Það er því ljóst, að eina tækifærið, sem hv. þdm. fá til að tjá sig opinberlega um málið, er við þessa 1. umr. málsins, sem ætlunin er, að verði nú í dag, eða a. m. k. stendur málið á listanum yfir dagskrármál þingsins í dag. Í sjónvarpinu í gærkvöld tilkynnti hæstv. heilbrmrh., að ætlunin væri að ræða þetta mál í dag. Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann taki málið ekki á dagskrá í dag, fresti því þar til á miðvikudaginn, þar eð hér er um mál að ræða, sem snertir mjög hin ýmsu byggðarlög landsins. Þarna er um að ræða algerlega nýja umdæmaskiptingu og hv. þm. þurfa að fá tækifæri til að afla sér vissra upplýsinga í sambandi við þetta mál til þess að tryggja, að málið fái betri meðferð hér í þinginu og að sú n., sem hefur málið með höndum, fái þá tækifæri til að skoða þær aths., sem hv. þm. hafa við málið strax að gera. Að vísu var þetta mál lagt hér fram fyrir nokkrum dögum, en málið er mjög viðamikið og annir þings í síðustu viku voru mjög miklar, en ég sé ekki, að það breyti nokkru um afdrif þessa máls, þótt því sé frestað nú um tvo daga, þegar það liggur fyrir, að ekki á að afgreiða það endanlega úr þinginu nú.

Ég bið því hæstv. forseta að gera svo vel að fresta þessu máli og taka það ekki fyrir fyrr en á næsta fundi þessarar hv. deildar.

Forseti (GilsG): Í tilefni af ræðu hv. 12. þm. Reykv. vil ég skýra frá því, að ég hafði að vísu gert ráð fyrir því, þar sem þetta frv. er komið fram fyrir nær viku, að taka það til 1. umr. í dag, enda er það hér á dagskránni, en ég mun verða við tilmælum hv. þm. og láta gera ráð fyrir, að 1. umr. um heilbrigðisþjónustuna fari fram á miðvikudaginn kemur.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og fram kemur af þessu frv., er það flutt af heilbr.- og félmn. samkv. sérstakri beiðni minni, og eins og nm. taka fram í grg., eru þeir óbundnir af einstökum ákvæðum þessa frv. og áskilja sér rétt til þess að fylgja brtt., eins og tíðkast, þegar þannig er á málum haldið. Ástæðan fyrir því, að ég bað þingnefnd að flytja þetta frv. í stað þess að flytja það sem stjfrv., er sú, að ég vildi leggja áherzlu á þá ósk mína, að þm. fjölluðu á sem allra sjálfstæðastan hátt um þetta veigamikla mál. Ég mundi telja það ákaflega æskileg vinnubrögð, að heilbr.- og félmn. beggja deilda fjölluðu um þetta mál þegar frá upphafi. Í heilbr.- og trmrn. eru að sjálfsögðu afar mikil gögn, sem snerta þetta veigamikla mál, og rn. er reiðubúið til þess að veita nefndum Alþingis hverja þá aðstoð, sem eftir er leitað. Ég mundi telja það afar æskilegt, að þm. kynntu sér þetta mál og baksvið þess sem gaumgæfilegast, áður en þingið fer í sumarleyfi, til þess að þeir geti svo haldið áfram umr. um málið hver í sínu héraði. Þarna er um að ræða mjög mörg álitamál og viðkvæmnismál, eins og allir vita. Og ég tel það miklu máli skipta, að almenningur fái sem greinarbezta vitneskju um þetta mál og um það verði sem allra víðtækastar almennar umr. Þess vegna varð mér það ákaflega mikið undrunarefni, þegar hv. 1. þm. Reykv. fór að kvarta undan því hér á dögunum, að sjónvarpið hefði séð ástæðu til þess að greina sérstaklega frá þessu máli og ég hefði svarað fáeinum spurningum í sjónvarpi, að sjálfsögðu málefnalega og algerlega áreitnislaust. Ég veit ekki betur en það tíðkist í fjölmiðlum hvarvetna, að þeir telja sjálfsagt að greina frá málum, sem snerta allan almenning, og þá er oft hafður sá háttur á að spyrja þá menn spjörunum úr, sem bera ábyrgð á tilheyrandi málaflokkum. En þetta upphlaup hv. þm. er aðeins enn eitt dæmi um þá vanmetakennd, sem hann er haldinn af, og um þá staðreynd, að hann er ekki enn þá búinn að sætta sig við, að hann situr ekki lengur í ráðherrastóli. En þetta er útúrdúr. Ég er hér kominn til þess að gera grein fyrir meginefni þessa frv.

Eins og fram kemur í grg. þess, eru upptök málsins þau, að samþ. var hér á þingi, 22. apríl 1970, þál., þar sem svo var komizt að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að skipa nú þegar nefnd til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar og þá sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar

fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. Nefndin skal skipuð fimm mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrmrn., er vera skal formaður nefndarinnar, tveimur mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands, og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir, einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og einum af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Nefndin hefji þegar störf og skili tillögum sínum til úrbóta eigi síðar en 1. marz n. k."

Þáverandi heilbrmrh., Eggert G. Þorsteinsson, skipaði nefndina samkv. ákvæðum þessarar þál. Í henni áttu sæti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ásmundur Brekkan yfirlæknir og Brynleifur Steingrímsson héraðslæknir, tilnefndir af Læknafélagi Íslands, Tómas Helgason prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Jón Ingimarsson skrifstofustjóri rn. var ritari nefndarinnar. Þessar frumtillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir heilbrmrh. í apríl 1971.

Heilbr.- og trmrn. sendi þessar till. fjölmörgum aðilum til umsagnar og þær voru af nm. kynntar mjög víða, einkum þó á fundum ýmissa heilbrigðisstétta, svo og á fundum Sambands ísl. sveitarfélaga, auk þess sem þær voru allrækilega kynntar í fjölmiðlum þegar á því stigi. Þegar aths. þessara aðila, sem hér voru greindir, höfðu komið til rn., var vinnunefnd undir forustu Páls Sigurðssonar ráðuneytisstjóra falið að vinna till. ásamt breytingum upp til formlegs frv. Í þeirri vinnunefnd áttu sæti með ráðuneytisstjóranum Adda Bára Sigfúsdóttir aðstoðarmaður ráðh., Ingibjörg R. Magnúsdóttir hjúkrunarkona, deildarstjóri í rn., Garðar Sigurðsson alþm., Þórarinn Guðnason læknir á Borgarspítalanum og Guðmundur Helgi Þórðarson héraðslæknir í Stykkishólmi. Ritari var eins og áður Jón Ingimarsson skrifstofustjóri rn.

Mjög margar og mismunandi skoðanir komu fram á lausn einstakra mála, og varð það að sjálfsögðu hlutverk mitt að skera úr um slíkan ágreining. Þegar frv.-drögin lágu fyrir sem næst í því formi, sem þau liggja fyrir nú, voru þau send þeim Sigurði Sigurðssyni landlækni, sem áður hafði ekki sent aths. við till., og Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara til umsagnar, og gerðu þeir báðir nokkrar aths. og gáfu umsagnir um einstök atriði, sem þeir töldu, að betur mættu fara. Einnig var frv. í núverandi gerð borið undir hina upphaflegu nefnd, og var um það samstaða, að það yrði lagt fyrir Alþ. í þessari mynd. Þarna hafa sem sé margir ágætir menn lagt hönd að verki, og ég sé ástæðu til þess að þakka þeim öllum fyrir mjög góð störf, en mest vinna hefur að sjálfsögðu hvílt á Páli Sigurðssyni ráðuneytisstjóra, og hefur rn. notið dugnaðar hans og sérþekkingar í ríkum mæli í sambandi við undirbúning þessa máls.

Veigamestu nýmæli þessa frv. koma raunverulega fram í efnisskipan þess. Í frv. er reynt að draga sem mest úr þeirri hefðbundnu þrískiptingu heilbrigðisþjónustunnar, sem nú tíðkast, þ. e. heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum, heilbrigðisþjónustu á heilsuverndarstöðvum og heilbrigðisþjónustu almennri og sérhæfðri utan sjúkrahúsa. Af þessum sökum var það ráð tekið, að reynt var að semja eitt frv. um heilbrigðisþjónustu, þar sem þessir þættir væru tengdir saman sem allra mest, en þar sem það gengi sem rauður þráður gegnum frv., að þessi starfsemi öll væri svo samtengd, að engin ástæða væri til að sundurgreina hana með mismunandi lagasetningu, eins og nú tíðkast. Einstök nýmæli í þessu frv. eru svo sem hér segir:

1. Frv. hefst á almennri stefnuyfirlýsingu þess eðlis, að landsmenn allir skuli eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Á það má minna, að skilgreining Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á heilbrigði er þannig, að heilbrigði sé andleg, líkamleg og félagsleg velferð, en ekki aðeins barátta gegn sjúkdómum og vanlíðan.

2. Frv. kveður á um yfirstjórn heilbrigðismála, og er gert ráð fyrir deildaskiptingu rn. eftir verkefnum.

3. Ráðgert er að setja á stofn sérstaka ráðgjafarnefnd, Heilbrigðisráð Íslands, sem sé tillögu- og umsagnaraðili til ráðh. og rn. um ýmis mál á þessu sviði. Meginhugsunin bak við þessa ráðgjafarnefnd er, að ráðh. geti, auk þess sem hann hefur landlækni sem sérfræðing að leita til, snúið sér til stofnunar, sem hefur á að skipa fulltrúum frá sem flestum heilbrigðisstéttum og þeim aðilum, sem aðallega fjalla um almannatryggingamál. Skipan sem þessi hefur víðast hvar stuðlað að víðtækari og lýðræðislegri athugun á þessum málum og betri tillögugerð á sviðum heilbrigðis- og almannatryggingamála.

4. Gert er ráð fyrir nýrri og mjög breyttri skipan læknishéraða, og fylgir þeirri breytingu gjörbreyting á störfum og stöðum héraðslækna. Þannig gerir frv. ráð fyrir, að læknishéruð verði framvegis átta og að héraðslæknar verði eingöngu eða svo til eingöngu embættislæknar og verði raunverulegir framkvæmdastjórar heilbrigðisþjónustunnar hver í sínu héraði.

5. Frv. gerir ráð fyrir, að fastákveðið sé staðarval 26 heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur. Nafnið heilsugæzlustöð er tekið upp fyrir heilbrigðisstofnun, þar sem hægt er að veita lækninga- og heilsuverndarstarf fyrir tiltekið svæði. Með þessu er verið að koma fastmótuðu skipulagi á hugmyndir, sem hafa verið uppi um læknamiðstöðvar í næstum áratug. Flestir telja, að þessar hugmyndir geti stuðlað að bættri læknisþjónustu í dreifbýli, en framkvæmd núgildandi læknaskipunarlaga er of seinvirk til þess að hægt sé að búast við árangri í bráð. Minna má á, að sú hefur verið ákveðin skoðun allra yngri lækna, að það yrði mun auðveldara að fá lækna til hópstarfs í slíkum stöðvum en til þessa hefur verið að fá þá til starfa í einmenningshéruðum.

6. Auk fyrrgreindra heilsugæzlustöðva er enn gert ráð fyrir læknissetrum einstakra lækna á allt að 11 öðrum stöðum, sem þannig eru í sveit settir, að heilsugæzlustöð getur ekki veitt fullnægjandi þjónustu vegna fjarlægðar eða samgönguleysis.

7. Frv. gerir ráð fyrir mjög auknu starfi hjúkr-

unarkvenna við almenn læknisstörf og heilsuverndarstörf. Þannig er gert ráð fyrir héraðshjúkrunarkonum, er starfi með héraðslæknum, og heilsugæzluhjúkrunarkonum, sem starfi á heilsugæzlustöðvum, og auk þess er gert ráð fyrir, að heilsugæzluhjúkrunarkonur geti starfað á læknissetrum, eða þar sem læknar starfa ekki úti í dreifbýli. Gert er ráð fyrir, að þessar hjúkrunarkonur verði allar ríkisstarfsmenn, en ekki starfsmenn sveitarfélaga svo sem nú er.

8. Frv. gerir ráð fyrir stórauknu framlagi ríkisins til byggingar heilbrigðisstofnana, og verði framlag ríkisins 85% af kostnaði við byggingu og búnað, ef sveitarfélag eða aðrir aðilar taka að sér framkvæmdir.

9. Skilgreint er á ákveðinn hátt, hvaða þjónustu heilsugæzlustöð á að veita, en í aðalatriðum er um að ræða: a) almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga, b) lækningarannsóknir, c) sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar og d) heilsuverndarstarf, og eru taldar upp 14 heilsuverndargreinar í frv.

10. Frv. skilgreinir, hvað átt sé við með sjúkrahúsi, en í lögum merkir það hverja þá stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til vistunar, hvort sem um er að ræða dagvistun eða fulla vistun, og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Sjúkrahús eru síðan flokkuð eftir tegund og þjónustu í sjö flokka: Svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sjúkraskýli, vinnu- og dvalarheimili og gistiheimili.

11. Frv. gerir ráð fyrir því, að framvegis verði skipuð nefnd þriggja lækna, sem hafi það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um allar stöður lækna, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélögum, og gert er ráð fyrir, að nefndin sé þannig skipuð, að Læknafélag Íslands og læknadeild Háskóla Íslands skipi hvort sinn mann, en ráðh. heilbrigðismála skipi oddamann og formann.

12. Frv. gerir ráð fyrir, að samin sé áætlun um þörf landsbúa fyrir heilbrigðisstofnanir, bæði sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar, til 10 ára í senn, og sé áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti. Frv. gerir ráð fyrir skyldu ríkisins til að byggja þær stofnanir, sem gert hefur verið ráð fyrir samkv. áætlun að þurfi, en þó er heimild til að semja við sveitarfélög eða aðra um framkvæmd innan ramma þessarar áætlunar og skal þá, eins og fyrr greinir, ríkið greiða 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

13. Frv. gerir ráð fyrir, að við öll sjúkrahús, þar sem a. m. k. þrír læknar starfa, skuli vera læknaráð starfandi, sem séu stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins.

14. Auk þessa er gert ráð fyrir því, að sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa verði stofnuð og eigi starfshópar fulltrúa í þeim ráðum. Gert er ráð fyrir því, að starfsmannaráð velji menn í stjórnir sjúkrahúsanna og geti þannig á lýðræðislegan hátt haft áhrif á stjórn stofnunarinnar.

15. Í frv. eru ýmis önnur málefni, svo sem um samvinnu heilbr.- og trmrn. og menntmrn. um framhalds- og viðhaldsmenntun heilbrigðisstétta, um skyldu rn. til að hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, og um ferðalög lækna, fjarskiptaþjónustu, alþjóðasamstarf á sviði þessara mála og fleiri atriði.

Sjálft skiptist frv. í fimm meginkafla og fjallar I. kafli um yfirstjórn, II. um læknishéruð, III. um heilsugæzlustöðvar, IV. um sjúkrahús og í V. kafla eru ýmis ákvæði. Skal ég nú í stuttu máli fara yfir meginefni hvers þessara kafla um sig.

Að því er yfirstjórn varðar, gerir frv. ráð fyrir því, að heilbr.- og trmrn. verði skipulagt eftir málaflokkum og málefnum, og verði heilbrigðismálum skipt í þrjá flokka, en síðan verði innan rn. sérstök deild tryggingamála. Þar að auki er gert ráð fyrir deild áætlana og rannsóknadeild, sem verður stuðningsdeild þessara tveggja, og mun vafalaust í framtíðinni vinna að verkefnum í nánu samstarfi við Framkvæmdastofnun ríkisins.

Heilbrigðismálunum er skipt í eftirfarandi deildir samkv. frv.: 1. Sjúkrahúsmála- og heilsugæzludeild. Gert er ráð fyrir því, að þessi deild rn. hafi yfirstjórn allra ríkissjúkrahúsa, en jafnframt eftirlit með öðrum sjúkrahúsum landsins. Deildin á að hafa forgöngu um verkaskiptingu og samstarf sjúkrahúsa og vera framkvæmdaaðili um undirbúning og byggingu nýrra sjúkrahúsa samkv. framkvæmdaáætlun. Deildin á einnig í samráði við héraðslækna og landlækni að skipuleggja starf heilsugæzlustöðva, og hún er framkvæmdaaðili um undirbúning og byggingu nýrra stöðva. Ásamt landlækni hefur þessi deild eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum.

Embætti landlæknis helzt óbreytt frá því, sem nú er. Embættið heyrir samkv. lögum um stjórnarráð undir heilbr.- og trmrn., og verður landlæknir áfram sérfræðingur innan rn., en hefur eins og nú er mjög mikla sérstöðu og sjálfstæði í starfi samkv. þeim lögum, reglum og venjum, sem um það fjalla.

Í upphaflegu till. var gert ráð fyrir því, að embætti landlæknis og ráðuneytisstjóra yrðu sameinuð, þannig að í reynd yrði landlæknir ráðuneytisstjóri. En vegna mjög ákveðinna tilmæla læknasamtakanna um, að þessi embætti yrðu ekki sameinuð, er í frv. horfið að því ráði að halda embætti landlæknis óbreyttu frá því, sem nú er. Hins vegar taldi ég nauðsynlegt, að ráðuneytisstjórinn væri læknir og helzt sérmenntaður á sviði embættislækninga og læknisfræðilegrar stjórnsýslu, og er gert ráð fyrir því í frv. Ég tel, að hér sé farið inn á rétta braut um menntun ráðuneytisstjóra. Ég tel, að í framtíðinni verði gerðar kröfur um menntun ráðuneytisstjóra eftir þeim málaflokkum, sem rn. fjalla um, og ég vil láta þess getið, að ég hef notið þess í mjög ríkum mæli, að báðir ráðuneytisstjórar mínir eru sérmenntaðir á þeim sviðum, sem rn. þeirra fjallar sérstaklega um.

Önnur deild rn. yrði samkv. þessu frv. heilbrigðiseftirlitsdeild. Það er þannig gert ráð fyrir því, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins verði deild í rn.

Þriðja deildin yrði lyfjamáladeild. Nú þegar er kominn stofn að þessari deild í rn. Gert er

ráð fyrir, að þessi deild annist eftirlit með lyfjum, lyfjagerðum og lyfjabúðum samkv. lyfsölulögum, en hún sé jafnframt framkvæmdaaðili fyrir lyfjaskrárnefnd og lyfjaverðlagsnefnd og sjái um útgáfu og dreifingu lyfjaskrár og sérlyfjaskrár.

Þá yrði fjórða deild rn. tryggingamáladeild. Þessi deild mundi annars vegar annast eftirlit og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar eftirlit með annarri tryggingastarfsemi í landinu, eftir því sem hún fellur undir rn. Má í því sambandi geta þess, að frv. til l. um vátryggingarstarfsemi er nú tilbúið til framlagningar á Alþ., en samkv. því frv. er gert ráð fyrir mjög auknu eftirliti af hálfu opinberra aðila með hvers konar tryggingastarfsemi og mundi það eftirlit þá falla undir tryggingamáladeild.

Fimmta deild rn. yrði svo samkv. frv. áætlana- og rannsóknardeild. Frv. gerir ráð fyrir því, að þessi deild skipuleggi og sjái um skýrslusöfnun, bæði um heilbrigðis- og almannatryggingamál, og annist útgáfu heilbrigðisskýrslna. Einnig er gert ráð fyrir því, að deildin geri spár og áætlanir um þörf heilbrigðisþjónustu í landinu og heilbrigðisstarfsliðs á grundvelli þeirra skýrslna, sem hún aflar, og sérstakra rannsókna, sem hún stendur fyrir.

Öll þessi starfsskipting innan rn. er gerð í þeim tilgangi, að rn. verði sem virkust stjórnunarstofnun og að til rn. flytjist eða í tengslum við það verði ýmis starfsemi, sem hefur verið utan þess fram að þessu, og má þar nefna Heilbrigðiseftirlit ríkisins, embætti berklayfirlæknis og embætti skólayfirlæknis.

Annar meginkafli frv. fjallar um læknishéruð. Frá því að landlæknisembætti á Íslandi var stofnað fyrir rúmlega tveimur öldum, hafa allar eða næstum því allar breytingar á læknaskipun gengið í þá átt að fjölga læknishéruðum. Landlæknir var eini læknirinn á Íslandi fram til 1766, að stofnuð voru tvö fjórðungslæknisembætti, annað á Norðurlandi, en hitt á Vesturlandi, og þriðja fjórðungslækninum var bætt við á Austurlandi 1772. Árið 1781 var síðan Vesturamtinu skipt í tvö læknishéruð og 1799 er stofnað læknishérað austanfjalls, á Suðurlandi. Næst þessu verða Vestmannaeyjar sérstakt læknishérað 1827, og 1837 sezt annar læknir að á Norðurlandi og fékk til þess styrk, enda þótt ekki væri þar um skiptingu héraðsins að ræða. Um miðja 19. öldina er læknisskipunin þannig, að læknar og héraðslæknar voru á átta stöðum á landinu öllu. Árið 1874 voru héraðslæknar og settir héraðslæknar orðnir 13, en héraðslæknisembættum er fjölgað upp í 20 árið 1875, og var það eitt af fyrstu verkum fyrsta löggjafarþingsins. Þá fyrst hætti landlæknir að vera jafnframt héraðslæknir. Árið 1899 eru læknishéruð orðin 42, en 50 árið 1942. Með læknaskipunarlögunum frá 1955 er læknishéruðum fjölgað upp í 55 og heimilt að fjölga þeim upp í 58 með því skilyrði, að læknar fáist til starfa í þremur héruðum, sem heimild var til að stofna. Í frv. til læknaskipunarlaga, sem lagt var fyrir Alþ. 1964, var gert ráð fyrir að fækka læknishéruðum að nýju í 52, en sú breyting náði ekki fram að ganga, og eru læknishéruðin áfram 55 í núgildandi læknaskipunarlögum og hefðu getað orðið samkv. lögunum 57, ef tvö héruð, sem ekki átti að leggja niður fyrr en eftir ítrekaðar auglýsingar, hefðu orðið mönnuð.

Þetta yfirlit sýnir, að stefna Alþ. í læknaskipunarmálum hingað til hefur verið sú að hafa aðsetursstað lækna sem víðast úti um landsbyggðina. Heimildir eru þó í gildandi læknaskipunarlögum frá 1965 og enn ítrekað í breytingum á þeim lögum frá 1969 um að sameina héruð og stofna læknamiðstöðvar, og þekkja þm. árangur þeirra ákvæða, því að nú eru í byggingu læknamiðstöðvar á Egilsstöðum og í Borgarnesi, og undirbúningur að slíkum stofnunum er víðar.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er það skref, sem byrjað var að stíga með þeim lagabreytingum, sem fyrr hafa verið nefndar, stigið til fulls og tekin ákveðin afstaða til þess, að reynslan hefur ótvírætt sýnt, að núverandi skipting landsins í læknishéruð með sérstökum embættislækni fyrir hvert hérað er orðin gersamlega úrelt. Ekki hefur reynzt unnt að fá lækna til að gegna fámennum héruðum, og því hefur tvískipting læknastarfsins hjá héraðslæknum, þ. e. að vera annars vegar embættislæknar en hins vegar almennir læknar, reynzt þeim ókleif. Eins og að líkum lætur hefur embættislæknisstarfið orðið út undan, þar sem sjúklingarnir leita stöðugt á og taka upp tíma og hugsun læknisins að mestu leyti. Það er almenn skoðun, að þar sem læknishéruð séu nægilega stór, sé embættisstarf læknisins, þ. e. starf hans að skipulagningu læknisþjónustunnar í héraðinu og starfsemi að heilbrigðiseftirliti,ærið nóg verkefni. Til þess að slíkt starf verði rækt svo, að viðunandi sé, er nauðsynlegt, að læknirinn sé sérmenntaður á þessu sviði, sem ekki er viðaminna en flestar aðrar sérgreinar læknisfræðinnar.

Frv. gerir, eins og ég hef áður sagt, ráð fyrir því að skipta landinu í átta læknishéruð, sem eru mjög misstór. Við ákvörðun um stærð héraða hefur verið tekið tillit annars vegar til landfræðilegrar stærðar og hins vegar til þess lágmarks mannfjölda, sem hugsanlega gæti staðið undir starfi héraðslæknis. Auk þeirra embættislæknisstarfa, sem fyrr eru greind, hefur verið gert ráð fyrir því, að nokkuð af þeim verkefnum, sem áður hafa komið í hlut landlæknis í Reykjavík, verði færð út í héruðin, og einkum er hér átt við hluta af því ráðleggingarstarfi og því framkvæmdavaldi, sem landlæknir hefur haft. Þannig er gert ráð fyrir því, að héraðslæknar annist yfirumsjón og skipulagningu heilsugæzlustarfs, að sjálfsögðu í samráði við landlækni og deildir rn. og starfslið heilsugæzlustöðva. Ég tel, að hér sé um að ræða mjög mikilvæga breytingu, þar sem hér er verið að dreifa valdi frá Reykjavík út til héraðanna, og er sú breyting í samræmi við nútímahugmyndir um lýðræðislega skipan mála.

Sem stendur er aðeins einn embættislæknir á landinu, sem eingöngu fæst við embættislæknisstörf, þ. e. borgarlæknir í Reykjavík. Héraðslæknirinn á Akureyri annast ekki almenn læknisstörf á Akureyri, en hann er jafnframt hér-

aðslæknir fyrir byggðina í kring og annast því almenn lækningstörf fyrir það læknishérað. Ég minntist hér áðan á borgarlækni í Reykjavík, og ég hef lesið það í Morgunblaðinu að undanförnu, að í þessu frv. felist einhver sérstök árás á Reykjavík, vegna þess að gert er ráð fyrir, að sérstakur héraðslæknir verði fyrir Stór-Reykjavík alla, þ. e. embættislæknir, sem hefði það verkefni að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna á þessu svæði öllu, tryggja samvinnu stofnana, koma í veg fyrir tviverknað þeirra o. s. frv. Ég vil taka það mjög skýrt fram, að auðvitað er þessu ákvæði á engan hátt beint gegn Reykjavík. Höfuðborgin hefur eftir sem áður fulla heimild til þess að hafa lækni á sínum vegum og á sinn kostnað eins og núverandi borgarlæknir er, þar sem hann fær greidd laun sín úr borgarsjóði, og ég tel það ákaflega eðlilega skipan, að Reykjavík, svo stór staður, hafi sérstakan lækni í sinni þjónustu, en engu að síður þarf að vera um að ræða embættislækni í þjónustu ríkisins, sem fer með málefni alls Stór-Reykjavíkursvæðisins.

En í sambandi við ákvæðin um læknishéruð var það eitt mesta álitamálið, hversu mörg þau ættu að vera. Í upphaflegum frv.-tillögum var gert ráð fyrir, að þau yrðu sjö, og nokkrar till. hafa komið fram um að hafa þau færri eða fleiri. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þau verði átta, og er frá upphaflegum till. aukið um eitt, þ. e. Vestmannaeyjahérað, vegna samgönguleysis þess, sem Vestmanneyingar eiga enn við að búa.

III. kafli frv. fjallar svo um heilsugæzlustöðvar, og í beinu framhaldi af því, sem sagt hefur verið um læknishéruð og verkaskiptingu lækna í héruðum, er þar gert ráð fyrir því, að ákveðið verði með lögum staðarval heilsugæzlustöðva. Frv. gerir ráð fyrir því, að net heilsugæzlustöðva og umdæma þeirra nái um allt landið. En ekki er gert ráð fyrir, að heilsugæzlustöð sé reist, nema þar sem a. m. k. tveir læknar ásamt samstarfsliði hafa næg verkefni.

Eins og fyrr hefur verið minnzt á, hafa skoðanakannanir meðal yngri lækna yfirleitt bent til þess, að þeir mundu fúsari til að starfa að almennari lækningum, bæði í þéttbýli og í dreifbýli, ef þeir ættu þess kost að vinna þessi störf í hóp eða a. m. k. í samvinnu við annan lækni. Þess má geta, að þessi framkvæmd mála er ekkert nýmæli hjá okkur. Flestar þjóðir hafa reynt að leysa vandkvæði læknisþjónustu dreifbýlisins með slíkum stöðvum, og eru Kanadamenn og Svíar sennilega komnir lengst á þessari braut nú. Vegna einangrunar einstakra byggðarlaga, erfiðra samgangna og fjarlægðar frá heilsugæzlustöð er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hægt sé að sinna, svo að vel sé, læknisþjónustu frá heilsugæzlustöðvum eingöngu. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frv., að læknissetur verði á 10 nánar tilteknum stöðum, og hefur um aðsetursstað þessara lækna í meginatriðum verið farið eftir núverandi læknaskipan. En einnig hefur verið höfð ákveðin hliðsjón af því, hvar læknar hafa undanfarin ár fengizt til starfa að jafnaði.

Ef litið er á fjölda læknishéraða samkv. gildandi læknaskipunarlögum, þá er raunveruleg fækkun læknishéraða með þessu móti, þegar saman eru taldar heilsugæzlustöðvar og læknissetur, úr 55 í 37. Eins og áður var getið, þá er í frv. alls staðar reynt að tengja sem mest saman hvers konar lækningastarf, og því er gert ráð fyrir, að heilsugæzlustöðvar séu jafnan í tengslum við sjúkrahús, þannig að sú aðstaða, sem fyrir er á sjúkrahúsi, nýtist að fullu fyrir heilsugæzlustöð og öfugt. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að um leið og frumathugun fer fram vegna byggingar heilsugæzlustöðvar verði vandlega íhugað, hvort heppilegt sé, að á sama stað rísi einhver sjúkrastofnun, sem verði þá í tengslum við heilsugæzlustöðina. Það fer ekki hjá því, að á ædimörgum stöðum á landinu orki það tvímælis, hvar eigi að ákveða heilsugæzlustöðinni stað. Mér er það ljóst, að um þessi atriði verða sennilega mestar deilur, þegar frv. kemur til umr. og ákvörðunar Alþ. Hins vegar tel ég það skipta ákaflega miklu máli, að alþm. reyni að tryggja sem mesta samstöðu um lausn þessa máls hver í sínu héraði. Ef slík samstaða héraðsmanna fæst, þá munu þær hugmyndir að sjálfsögðu eiga greiðan framgang í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér á þinginu.

Í IV. meginkafla frv. er fjallað um sjúkrahús. Ekki verður hjá því komizt að benda á, að í gildandi sjúkrahúslögum er engin glögg skilgreining á því, hvað sjúkrahús sé, og hvorki í þeim lögum né í nokkrum lögum öðrum er lögð skylda á nokkurn aðila til að hafa forgöngu um byggingu sjúkrahúsa. Þessi tvö atriði eru þess vegna tekin ákveðnum tökum í þessu frv. Annars vegar er skilgreint, hvað átt sé við með orðinu sjúkrahús í frv., og eins og fyrr er getið eru taldir upp sjö flokkar sjúkrahúsa eftir verkefnum og þjónustumagni. Þá er lögð skylda á ríkissjóð að sjá um byggingu sjúkrahúsa, og er skyldan bundin við áætlun, sem ætlazt er til, að gerð sé um sjúkrahúsakost landsmanna til 10 ára í senn. Það virðist nú almenn skoðun, að ríkisvaldið eigi að hafa forgöngu um byggingar sjúkrahúsa, og má í því sambandi benda á grg. Sambands ísl. sveitarfélaga um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem lagt er til, að ríkisvaldið láti gera áætlun um sjúkrahúsaþörf og byggi og reki sjúkrahús, sem ætluð eru heilum landshlutum eða landinu í heild.

Önnur atriði frv. um sjúkrahús en þau, sem þegar hafa verið tilgreind, eru að mestu í samræmi við gildandi sjúkrahúsalög. Nokkur ný atriði var svo talið nauðsynlegt að taka inn í frv., svo sem ákvæðin um stofnun læknaráðs og starfsmannaráðs. Bæði þessi ráð eiga með vissum hætti að hafa áhrif á stjórn sjúkrahúsa.

Í frv. eru ekki gerðar till. um staðarval og stærðir sjúkrahúsa. Ástæðan til þess, að slík ákvæði eru ekki í frv., er sú, að heppilegra þótti að setja þau í reglugerð vegna mjög örra breytinga, sem vænta má í þróun þessara mála í framtíðinni. Í þessu sambandi má geta þess, að á vegum heilbr.- og trmrn. fer nú fram ítarleg könnun á sjúkrahúsamálum landsins, og er gert ráð fyrir því, að í kjölfar þeirrar könnunar verði gerð áætlun um sjúkrarýmisþörf lands-

ins alls næsta 10 ára eða 20 ára tímabil. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á, að orðið þörf, sem oft er nefnt í þessu sambandi, er eins og oftast raunar afstætt hugtak og miklu fremur lýsing á því, hvert þing og stjórn stefna og hafa ákveðið að ná í þjónustu sinni, heldur en einhver læknisfræðileg skilgreining bundin við sjúkdómsgreiningar og sjúkdómsástand. En í sambandi við áætlun þá, sem ég greindi frá áðan, þá er von mín sú, að hún verði tilbúin frá rn. fyrir gerð næstu fjárlaga, eða a. m. k. svo snemma, að hægt verði að hafa hliðsjón af henni við fjárlagaafgreiðslu á hausti komanda.

Í lokakafla frv. eru svo ýmis ákvæði, sem snerta heilbrigðismál. Þar er um að ræða mörg ákvæði, sem talið hefur verið, að koma þyrfti í heilbrigðislöggjöf sem þessa. Þar er bæði um að ræða ýmis lagaákvæði, sem fyrir eru óbreytt eða með breytingum, og önnur ný, sem hvergi er að finna nú. Þannig er gert ráð fyrir þátttöku rn. í bættri menntun heilbrigðisstarfsmanna og gefinn kostur á þátttöku í kennslu við Háskóla Íslands, ef menntmrn. og læknadeild Háskólans óska eftir því. Það er skoðun mín, að slík samvinna rn. og læknadeildar geti mjög stuðlað að bættri menntun til héraðslæknisstarfa og almennra starfa. Það er vafalaust, að bætt menntun á þessum sviðum stuðlar að auknum áhuga lækna á störfum héraðslækna og almennra lækninga. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef gert grein fyrir áður hér á þingi, að vinda þurfi bráðan bug að því að taka upp kennslu í heimilislækningum við Háskóla Íslands, og heilbrmrn. vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að svo megi verða sem fyrst. Í þessum kafla frv. er rætt um samninga við rannsóknarstofnanir til þess að hægt sé að sinna þeim verkefnum, sem heilbrigðiseftirlit og aðrar deildir rn. eiga að sinna, en ella að hafa forgöngu um að koma slíkum rannsóknarstofnunum á fót. Þá er gert ráð fyrir forgöngu rn. í sambandi við ferðalög héraðslækna og vitjanir þeirra, svo og um mjög bætta fjarskipta- og símaþjónustu innan héraða og frá héruðum til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana.

Frv. gerir ráð fyrir því, að öllum núverandi læknishéraðasjóðum, bifreiðalánasjóði og ýmsum ónotuðum fjárveitingum, sem ætlaðar hafa verið til að bæta héraðslæknisþjónustu, verði steypt saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og auk þess leggi ríkissjóður sjóðnum til árlegar tekjur. Reynslan sýnir, að nauðsynlegt er fyrir ráðh. að hafa handbært fé í slíkum sjóði til þess að leysa með bráðabirgðaúrræðum úr vanda þeirra héraða, sem eru læknislaus, því að í slíkum tilvikum þarf að grípa til hverra þeirra ráða, sem hugsanleg eru til þess að veita héraðsbúum einhverja úrlausn um heilbrigðisþjónustu.

Ég hef talið rétt að rekja efni þessa frv. allítarlega, og hef gert það, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða löggjöf, sem getur haft mjög mikil áhrif á heilbrigðisþjónustuna í landinu. Þessu frv. fylgir engin kostnaðaráætlun, ef til framkvæmda kemur um þær umfangsmiklu breytingar, sem hér eru raktar. Ég tel því eðlilegt að gera nokkra grein fyrir kostnaðarþáttum í þessu sambandi.

Ef miðað er við, að stærð heilsugæzlustöðva sé breytileg, 550—850 fermetrar, og miðað við, að kostnaður á rúmmetra sé um 8 þús. kr., er hægt að gera ráð fyrir, að áætlaður kostnaður við þessa aðstöðu á landinu öllu verði nálægt 500 millj. kr. og þar af á Stór-Reykjavíkursvæðinu eða í Reykjavíkurlæknishéraði um 180—200 millj. kr. Í þessum tölum er ekki innifalinn kostnaður við nauðsynlega starfsmannabústaði, sem frv. gerir ráð fyrir. Má gera ráð fyrir, að kostnaður í því sambandi verði 200—250 millj. kr. til viðbótar, svo að viðbótarkostnaður vegna heilsugæzlukaflans, þ. e. vegna stofnkostnaðar heilsugæzlustöðva og húsnæðis fyrir starfsfólk, verði um 750 millj. kr. Hins vegar er erfitt að gera sér grein fyrir heildarrekstrarkostnaði á þessu stigi málsins.

Að því er viðvíkur heildarkostnaði vegna sjúkrahúsbyggingaframkvæmda, þá er þar raunverulega ekki um að ræða breytingu í frv. nema tilfærslu á greiðslum milli ríkis og sveitarfélaga, þ. e. breyting í 85% úr 60% greiðslu. Eins og fyrr sagði, er gert ráð fyrir því, að heildaráætlun um framkvæmdir í byggingarmálum sjúkrahúsa verði gerð síðar á árinu. En það er rétt að rekja hér þær byggingarframkvæmdir í sjúkrahúsum, sem ráðgerðar hafa verið, enda þótt allur fyrirvari sé gerður á því, hvort um áframhald verður að ræða á þeim áætlunum. Þær framkvæmdir, sem þegar er hafizt handa um eða unnið er nú að undirbúningi á, eru þessar og skiptast þannig eftir landshlutum:

Í Reykjavík: Landspítali. Þar eru fyrri byggingaráfangar legudeildar komnir á lokastig og verður lokið á þessu ári. Fæðingar- og kvensjúkdómadeild er í byggingu og verður lokið á árinu 1973. Þá er geðdeildarbygging í undirbúningi, og geta væntanlega hafizt framkvæmdir við þá byggingu á næsta ári.

Þá er það Borgarspítali. Þar er langlegudeild fyrir spítalann í byggingu. Síðari álma spítalans, fyrir bráða sjúkdóma og e. t. v. aðstaða fyrir göngudeildir, er í undirbúningi.

Landakotsspítali. Þar hefur ekki enn verið byggð lokaálma fyrir stofudeildir spítalans, röntgendeild og rannsóknarstofur og ekki heldur fyrir göngudeildaraðstöðu.

Á Vesturlandi er nýtt sjúkrahús í smíðum á Akranesi og komið nokkuð langt á veg. Fyrirhugað er að ljúka þeirri byggingu á fimm árum. Á Vestfjörðum er ný sjúkrahúsbygging á undirbúningsstigi á Ísafirði.

Á Norðurlandi er unnið að tveimur sjúkrahúsum. Á Akureyri er nýtt sjúkrahús eða viðbygging við núverandi sjúkrahús í undirbúningi og á Húsavík er ný sjúkrahúsbygging á lokastigi, og verður hún tekin í fulla notkun á þessu ári.

Á Austurlandi eru einnig tvö sjúkrahús í undirbúningi. Á Neskaupstað er í undirbúningi viðbygging við sjúkrahúsið, sem er raunveruleg nýbygging, og á Höfn í Hornafirði er í undirbúningi hjúkrunarheimili í tengslum við heilsugæzlustöð.

Á Suðurlandi eru tvö sjúkrahús í undirbúningi. Á Selfossi er viðbygging nýs sjúkrahúss í undirbúningi, og er gert ráð fyrir, að fram-

kvæmdir hefjist á þessu vori. Í Vestmannaeyjum er nýtt sjúkrahús í byggingu, og er áætlun um að ljúka því á þremur árum.

Þær framkvæmdir, sem hér hafa verið raktar og þegar eru að nokkru komnar í gang, munu kosta fullbúnar 1750—2000 millj. kr., svo að augljóst er, að nauðsynlegt er að taka ákvörðun um forgangsframkvæmdir í byggingarmálum sjúkrahúsa, þegar áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana til langs tíma liggur fyrir. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að sá hluti þjóðartekna, sem varið hefur verið til heilbrigðismála, hefur farið stöðugt vaxandi á undanförnum árum. Á árinu 1960 námu heildarútgjöld Íslendinga til heilbrigðismála 3.5% af þjóðarframleiðslu á markaðsverði, en nú mun þessi hundraðstala vera komin upp í 7%. Þessi kostnaður þjóðfélagsins við heilbrigðisþjónustuna hefur sem sé tvöfaldazt hlutfallslega á einum áratug. Við erum komnir þarna upp í mjög svipað hlutfall eins og er í Svíþjóð og nokkru hærra en í Bretlandi. Hins vegar eru lönd eins og Bandaríkin og Kanada fyrir ofan okkur, Kanada með hátt upp í 10%, og ég vil benda á það, að Ísland er strjálbýlt land og það mun ævinlega kosta æðimikla peninga hér ekki síður en í Kanada að halda uppi myndarlegri heilbrigðisþjónustu.

Það sama kemur í ljós, ef litið er á fjárlög. Á fjárlögum þessa árs fer nærri þriðjungur af upphæð fjárlaga í heilbrigðis- og tryggingamál, og til sjúkratrygginganna einna er gert ráð fyrir, að varið verði á þessu ári 2500—2700 millj. kr. og þar af til reksturs sjúkrahúsa og sjúkrastofnana einna 1700—1800 millj. kr. eða um 60—70% alls kostnaðar við sjúkratryggingarnar. Framlög til nýbygginga á þessu ári hafa einnig verið mjög há, hærri en nokkru sinni fyrr. Það er gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi til ríkisspítalanna, 120 millj. kr., og að alls verði varið um 300 millj. til nýbyggingar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á þessu ári. Og þá eru þó ekki taldar með breytingar, sem gerðar verða á gömlu húsnæði, bæði á Landspítala og Kleppsspítala og kosta munu um 30 millj. kr. Þetta eru ákaflega háar upphæðir, en í þessu sambandi er einnig ástæða til að minna á hitt, að þrátt fyrir alla þá erfiðleika, sem við eigum við að stríða í sambandi við skipan heilbrigðismála, þá er árangur sá, sem við höfum náð, býsna athyglisverður. Ég hygg, að alþjóðlegar skýrslur sýni, að heilbrigðisástand hér sé eins gott og það er bezt í öðrum löndum. Hér er dánartala einhver hin lægsta í heimi, hér eru lífslíkur manna einhverjar þær lengstu í heimi og hér er ungbarnadauði lægri en víðast hvar annars staðar. Engu að síður sýna þær háu tölur, sem ég hef hér nefnt, þá staðreynd, sem nú er rætt um í vaxandi mæli hvarvetna um heim, að rekstrarkostnaður heilbrigðisstofnana fer sífellt hækkandi, og nú er stefnt að því í vaxandi mæli að reyna að sporna við þeirri þróun með hagkvæmari byggingu sjúkrastofnana, með ákveðinni starfsskiptingu stofnana og betri aðstöðu til þess að rannsaka og lækna sjúklinga utan sjúkrahúsanna. Á þessu sviði erum við Íslendingar vafalaust æðilangt á eftir öðrum, bæði vegna þess hve þróun hefur lítil orðið í göngudeildum sjúkrahúsa og af ýmsum öðrum ástæðum. Ég tel það vera eitt af brýnustu verkefnum heilbrigðisstjórnarinnar að gera sér grein fyrir því, hvernig hægt er að takast á við þennan stórfellda vanda.

Eins og ég gat um í upphafi, þá er þetta mál flutt af hv. heilbr.- og félmn. samkv. beiðni minni, og ég legg til, að n. fái málið aftur til meðferðar að lokinni þessari 1. umr., því að hún hefur að sjálfsögðu ekki haft neitt ráðrúm til þess að fjalla um málið. Ég ítreka þá ósk, sem ég bar fram áðan, að n. beggja deilda haldi einhverja sameiginlega fundi um þetta mál, og ítreka það, að heilbrmrn. er að sjálfsögðu mjög fúst til þess að leggja fram alla þá aðstoð, sem þm. kunna að þurfa á að halda til þess að meta hvers kyns álitamál, sem þarna er um að ræða, og til þess að komast að niðurstöðu um þau. Ég hafði aldrei hugsað mér, að þetta mál yrði afgreitt á þessu þingi, því að ég tel ákaflega mikilvægt, eins og ég gat um í upphafi einnig, að landsmenn hvarvetna kynni sér sem allra bezt þessa gjörbreytingu á skipulagi, sem felst í þessu frv., og reyni að komast að sameiginlegum og skynsamlegum niðurstöðum. Hins vegar teldi ég miklu máli skipta, ef hægt væri að afgreiða þetta frv. snemma á þinginu í haust, þannig að hægt væri að taka mið af því við gerð fjárlaga fyrir næsta ár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Um leið og ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir fróðlega og yfirgripsmikla ræðu, get ég ekki látið hjá líða að geta þess, að persónulega finnst mér þar undarlega farið að þingvenjum, þegar mál er flutt af þingnefnd, að þá skuli ekkert heyrast um framsögu málsins frá þeirri n. Hæstv. ráðh. hafði allan veg og vanda af framsögu í þessu máli. Ég hafði satt að segja í minni einföldu afstöðu til reglna þingsins álitið, að formanni n. bæri að gera það. Að sjálfsögðu hefur ráðh. mun betri tök á því að fá allar upplýsingar, sem fyrir liggja í málinu, heldur en almennir þm., sérstaklega þegar um er að ræða mál, sem svo mikið hefur verið fjallað um í rn. áður. Það haggar að mínu mati ekki þeirri skyldu, sem hvílir á þm. að kynna sér mál og mæla fyrir þeim málum, sem þeir taka að sér að flytja. Ég óttast það dálitið, að ef við hverfum inn á þessa braut, þá séum við þar með að afsala okkur frumkvæði í hendur ráðh. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi útlistað málið miklu betur heldur en hv. formaður heilbr.- og félmn. hefði gert, með allri virðingu fyrir honum þó, en engu að síður tel ég, að við megum ekki láta eftir okkur að hugsa þannig: Nú, ráðh. veit miklu betur um málið, við skulum bara láta hann tala, og svo gerum við bara það, sem heitir á slæmu máli að slappa af.

Ég skal játa það, að ég hafði nokkra andvöku af því að skrifa undir það skoðunarlaust, að ég, sem er meðal þeirra, sem sæti eiga í heilbr.- og félmn., flytti þetta frv. Mér var þó vel ljóst, að margt er mjög vel í þessu frv. og mikil vinna hefur verið í það lögð, en einhvern veginn fannst mér óskemmtilegt að hafa ekki kynnt mér það mál, sem n. var að flytja. Ég óskaði því eftir því, að málinu væri frestað hér á Alþ., til þess

að þm. gæfist færi á að kynna sér það, þó ekki væri nema í algerum útlínum, vegna þess að ég kunni því heldur ekki vel, að hæstv. ráðh., sem hafði kynnt efni frv. þjóðinni rétt eins og það væri orðið að lögum, ákvæði það með tilkynningu í sjónvarpi, hvenær ætti að ræða mál á Alþ., hvort sem hv. þm. hefðu kynnt sér þau eða ekki. Þetta var nú aðeins atriði um almenn störf hér í þinginu, en erindi mitt í ræðustól var að ræða efnislega þetta merka frv., sem hér liggur fyrir.

Það hefst á þeirri almennu stefnuyfirlýsingu, sem við vitanlega tökum öll undir. Hún er í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á því, hvað felst í heilbrigði, Frv. hefur að geyma ýmsar veigamiklar till. um það, hvernig haga beri stjórn og fyrirkomulagi heilbrigðismála til þess að ná þessum tilgangi. Margt er vel í þessu frv., eins og ég áðan sagði. Það er ýmislegt nýtt, stóraukið tillit til hjúkrunarmála vil ég nefna, ýmislegt í frv. og líka veigamikið orkar þó tvímælis, og ég vil leyfa mér að benda á nokkur atriði frv., sem ég tel miklu skipta og þyrftu a. m. k. að koma til vandlegrar skoðunar hv. þm. Þess vegna vil ég benda á þau atriði nú strax.

Nú er það svo, að þetta frv. hefur verið mjög mikið unnið fyrir fram og vel undirbúið. Nefnd skipuð af fyrrv. stjórn eftir tilnefningu Læknafélags Íslands, læknadeildar Háskólans og Sambands ísl. sveitarfélaga hafði fullbúið frv. s. l. vor. Það hefði ekki náð fram að ganga á því þingi. Svo bregður við, að þegar stjórnarskipti verða, tekur hæstv. ráðh. sig til og skipar nýja nefnd í málið án tilnefningar. Vitanlega leiðir það af sjálfu sér, að starfsmenn rn. vinna að ýmsum tæknilegum undirbúningi mála, ef þörf er á því, en þarna var sem sagt skipuð ný nefnd til þess að fara með málið og er þá einfalt að segja, að þetta hafi verið undirbúið af nefnd, sem skipuð hafi verið að tilhlutun núverandi ráðh. En ég vil láta það skýrt koma fram, að málið var mjög rækilega undirbúið af annarri nefnd, sem þegar hafði að því unnið.

Ef farið er orðum um nokkur höfuðeinkenni frv., þá má í fyrsta lagi á það benda, að frv. felur í sér algera nýskipun stjórnsýslu, sem athuga þarf sérstaklega að mínu mati, burt séð frá öllum heilbrigðismálum. Með frv. er stefnt mjög að því, að mikill hluti heilbrigðismála landsins, hverju nafni sem hann nefnist, hvort sem er í borg eða byggð, verði annaðhvort framkvæmdur í rn. sjálfu eða heyri beint undir það. Og ýmsir heilbrigðisstarfsmenn, sem nú starfa í meira og minna sjálfstæðum stofnunum, verði hér eftir starfsmenn rn., svo sem er t. d. um heilbrigðiseftirlit. Þar er þó um málaflokk að ræða, sem ekki er óeðlilegt að telja, að eðli sínu samkv. heyri sveitarstjórnarmálum til og sé nokkuð staðbundinn. Það má segja, að með þessu frv. sé enn stefnt að því, að miðstjórnarvald ríkis aukist, hvort sem varðar starfaskipan, umdæmaskipun, stjórnun eða eignaraðild heilbrigðisstofnana. Áhrif sveitarfélaga eru rýrð með frv. og stórlega dregið úr áhrifum læknadeildar Háskóla Íslands, þar sem frv. fyrri nefndarinnar gerði ráð fyrir áhrifum læknadeildar, sérstaklega í sambandi við stofnanir, er önnuðust læknakennslu.

Í 2. gr. frv. er mælt svo fyrir, að ráðuneytisstjóri skuli vera sérmenntaður embættislæknir. Nú er það mitt persónulega mat, að eins og nú stendur, sé vel skipað í þetta embætti, og þá er það ekki sízt vegna þeirrar persónu, sem þar situr. En fráleitt tel ég að binda það í lögum, að ráðuneytisstjóri heilbrmrn. skuli vera sérmenntaður embættislæknir. Mér virðist þetta ákvæði vera hliðstætt því og bundið væri í lög, að t. d. ráðuneytisstjóri samgrn. hefði meiraprófsréttindi til aksturs bifreiða eða jafnvel skipstjórnarréttindi. Eitt er sérfræðileg þekking á einstökum málaflokkum, sem heyra undir rn., og annað er framkvæmd stjórnsýslunnar. Oft kann það að fara saman og í öðrum tilvikum ekki. Á það má benda, að vissar deildir Háskólans hafa öðrum fremur séð fyrir mönnum sérmenntuðum til stjórnsýslustarfa, og ég vona, að mér fyrirgefist, þótt ég nefni í þessu sambandi, að hvergi er meðal hinna sérmenntuðu starfsmanna, sem frv. greinir, getið um lögfræðing til þess t. d. að gæta réttaröryggis á sviði heilbrigðisþjónustunnar. Á því sviði er þó um að ræða mjög margbrotna löggjöf og oft um viðkvæm atriði og nauðsynlegt, að um þau sé fjallað af lagalegri þekkingu og yfirsýn. Eftir okkar stjórnsýslukerfi á ráðuneytisstjóri að framkvæma vilja ráðh., en að mínu mati getur það skapað vissa árekstra milli ráðh. og ráðuneytisstjóra, að ráðuneytisstjóri sé sá maður, sem fer með faglega stjórn þess málaflokks, sem heyrir undir rn., en á ekki eingöngu að sjá um framkvæmd stjórnsýslunnar sjálfrar. Ég tek það fram, að þetta beinist á engan hátt að þeim starfsmönnum, sem nú starfa í heilbrmrn., hvort heldur þeir hafa sérmenntun í læknisfræði eða hjúkrunarfræðum, né heldur veðurfræði. Ég veit ekki betur en aðstoðarmaður hæstv. ráðh. sé veðurfræðingur, og hef ekki heyrt annað en hún standi vel í stöðu sinni.

Gert er ráð fyrir áfram, að landlæknisembættið verði til. Ég hafði nú skilið frv. svo, að hann væri utan rn., en hæstv. ráðh. sagði, að hann yrði einnig innan rn. Ég vil benda á, að mér sýnist vanta í þetta frv. skýrari verkefnaskipun landlæknis.

Í 5. gr. frv. er fjallað um mikla nefnd, sem heitir Heilbrigðisráð Íslands. Í þessu ráði eru 13 manns að meðtöldum ráðuneytisstjóranum og á að fjalla um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Af þessum 13 mönnum er einn tilnefndur af tryggingaráði, og þetta ráð á að fjalla um almannatryggingamál. Nú eru ýmis atriði almannatrygginga, sem ekki snerta beinlínis heilbrigðismál, og leyfi ég mér að benda á, að þetta þurfi að athuga betur, hvort þarna sé e. t. v. verið að gera mál flóknari heldur en þarf. Vissulega eru margir snertipunktar þessara tveggja málaflokka, en óneitanlega rak ég augun í þetta og finnst þetta þurfa sérstakrar athugunar við. Ráðið á að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili. Mér er ekki alveg ljóst hvort þetta þýði það, að þá beri að senda þessu ráði t. d. öll þau frv., er varða almannatryggingamál, sem upp kunna að koma hér á Alþ., og vitanlega eru í þessu

ráði ákaflega margir aðilar, sem ekki beinlínis fjalla um þau mál í sínum störfum.

Næst vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um nýja umdæmaskiptingu landsins, sem fjallað er um í 7. gr. frv. Samband ísl. sveitarfélaga hefur bent á, að eðlilegra sé, að skipting landsins í umdæmi á þessu sviði sé í samræmi við umdæmaskipting stjórnsýslunnar á öðrum sviðum. Heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar hefur lagt til, að umdæmaskipting haldist í hendur við kjördæmaskiptinguna, en Vestmannaeyjar yrðu þó sjálfstætt læknishérað. Sérstaklega vil ég víkja að í þessu sambandi hlut Reykjavíkurborgar. Mér er vel ljóst, að tilgangurinn með þessu frv. hefur verið að finna reglur til þess að bæta og auka heilbrigðisþjónustuna alls staðar á landinu, en þó óttast ég, þegar frv. er skoðað, að framkvæmd þess geti leitt til þess, að dragi úr þeirri heilbrigðisþjónustu, sem veitt er í Reykjavíkurborg, og það er vitanlega alls ekki tilgangurinn með þessu máli.

Í sambandi við það, að hæstv. ráðh. nefndi nokkrum sinnum lýðræðið í ræðu sinni hér áðan, vil ég leyfa mér að leggja áherzlu á það, að ég tel það fráleitt, að það standist lýðræðislega, að þessari skipan sé breytt gegn vilja Reykvíkinga, sem eru 40% landsmanna. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherzlu. Á þessu svæði, sem gert er ráð fyrir samkv. frv., að verði eitt læknishérað, Reykjavíkurhérað, búa um 120 þús. manns. Mér sýnist, þegar litið er til hinna læknishéraðanna, að það væri ekki ofætlun, að þarna væru tveir héraðslæknar, að Reykjavík væri alveg fullnægjandi umdæmi fyrir einn héraðslækni og svæðið utan Reykjavíkur gæti svo haft annan, ef umdæmaskiptingunni yrði þá ekki alveg breytt í samræmi við þá till., sem ég nefndi hér áðan.

Í Reykjavíkurborg hefur borgarlæknir verið kosinn af borgarstjórn og skipaður af forseta, og borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur getað falið borgarlækni ýmis verkefni á sviði heilbrigðismála borgarinnar. Svo mundi ekki vera, ef horfið væri að þessari skipun, sem hér er lagt til í frv. Vitanlega er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að Reykjavíkurborg getur ósköp vel skipað annan lækni fyrir utan þetta frv. Þetta er náttúrlega ósköp einfalt svar. Reykjavíkurborg getur skipað annan lækni fyrir utan þetta frv. og launað hann. Hún getur skipað tvo lækna eða þrjá lækna. Hitt er annað mál, að skipanin öll á þessum málum breytist svo mikið með samþykkt þessa frv., að það væri allt annað verksvið, sem slíkur læknir færi með eftir samþykkt þessa frv. óbreytts.

Að því er varðar hlut Reykjavíkurborgar langar mig líka að minna á mikilvægi þess ákvæðis í þessu frv., sem fjallar um eignaraðild heilbrigðisstofnana. Eftir samþykkt þessa frv. á ríkið 85% af þessum stofnunum. Í frv. er gert ráð fyrir, að verksvið þeirra stofnana, sem núna starfa, verði svo ákveðið af ráðh. Ég vil benda á, að það er a. m. k. mjög sanngjörn ósk, að starfssvið þeirra sjúkrahúsa, sem núna starfa og eru í eigu annarra aðila en vera mundi eftir samþykkt þessa frv., væri ákveðið í samráði við þeirra eigendur. Auk þessara atriða, sem snerta mjög Reykjavíkurborg, vil ég líka nefna það, að eftir að ákveðið er, að byggja skuli og reka tiltekinn fjölda heilsugæzlustöðva um landið allt, þá hlýtur Reykjavíkurborg að verða hluti af þeirri heildaráætlun, sem þar fer fram. Vissir hlutar heilbrigðisþjónustunnar, sem í frv. er ætlað, að heyri undir rn., heyra með mun eðlilegri hætti undir Reykjavíkurborg sjálfa og væri að ýmsu leyti einfaldara, að hún sinnti þeim áfram. Það er skoðun fjölmargra borgarbúa, að það mundi tryggja þeim betri þjónustu, a. m. k. fyrsta kastið, á meðan ekki er séð, hvernig þetta kemur til með að verka. Vitanlega er okkur öllum ljóst, að það þarf að bæta heilbrigðisþjónustuna um allt landið, en ég er hrædd um, að Reykjavíkurborgarbúar séu ekki tilbúnir til þess að samþykkja, að það verði gert á þann hátt, að dregið verði úr þjónustunni hjá þeim. Þetta leyfi ég mér að leggja áherzlu á, að verði mjög vel athugað, — að framkvæmd laganna verði eins og til er stofnað, nái þeim tilgangi, að allir landsmenn, Reykvíkingar ekki síður en aðrir, búi við bætta heilbrigðisþjónustu.

Mig langar þá að benda á örfá smáatriði, ekki mörg. Það eru mörg atriði í þessu frv., sem sérstaklega þyrfti að athuga, og það eru nokkur, sem ég vildi nefna og mig langaði til að fá frekari upplýsingar um. Það má vera vegna þess að þessar hugleiðingar mínar eru fyrst og fremst leikmannsþankar. Engu að síður tel ég það skyldu okkar, sem sitjum hér á Alþ., að reyna að skilja svo veigamikil mál, sem við erum að fjalla um. Í 16. gr. frv. er fjallað um það, hvaða starfsmenn — það er lögbundið — hvaða starfsmenn eigi að starfa á heilsugæzlustöð. Það stendur að vísu, að þar eigi að starfa eigi færri en tveir læknar, heilsugæzluhjúkrunarkona, meinatæknir og ritari, einn héraðslæknir og hjúkrunarkonur, þar sem það á við. Einhvern veginn varð mér á, þegar ég las það, hvaða verkefnum væri sinnt á heilsugæzlustöð, að hugsa, hvort þarna væri ekki vantalinn einn starfskraftur. Meðal þeirra verkefna, er heilsugæzlustöð á að sinna, er mæðravernd og ungbarnavernd. Ég spyr: Hefur fallið niður þarna að nefna ljósmóður? Mér hefur verið bent á, að það muni vera hugsað í framtíðinni, að ljósmóðurfræði eða fæðingarfræði verði hluti af menntun hjúkrunarkonu, en á meðan sá skortur er á hjúkrunarkonum í landinu, sem raun er á, þá spyr ég, hvort þetta sé ekki atriði, sem athuga þarf.

Í 22. gr., 1. tölul., eru talin upp hin ýmsu verkefni, sem sinna á á heilsugæzlustöð. Vafalaust hefur þetta verið rækilega hugsað. Ég vil þó leyfa mér að vekja athygli á því, hvort ekki væri ástæða til að nefna undir i-lið, þar sem nefnd er geðvernd og áfengisvarnir, einnig varnir gegn vanda vegna fíknilyfja. Það gæti hugsanlega verið orðað sem svo: Geðvernd og varnir gegn áfengi og öðrum fíknilyfjum.

Loks í j-lið þessarar greinar er nefnd félagsleg aðstoð. Ég vil spyrja: Við hvað er átt með þessu? Eftir mínum skilningi þýðir félagsleg aðstoð ýmislegt, sem ekki kemur í venjulegum skilningi heilbrigðismálum við. Það getur verið

um að ræða beina fjárhagsaðstoð, framfærsluhjálp. Þetta vildi ég gjarnan, að athugað væri, og að n. gerð grein fyrir, hvað átt muni vera við með þessu.

Í næsta tölul. á eftir, 2. tölul. 22. gr., er sagt, að ráðh. skuli setja með reglugerð ákvæði um fjölda heilsugæzlustöðva o. s. frv. og stærð, og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað. Hér vil ég benda á, að ástæða er til og liggur nokkuð í augum uppi, að þarna sé rétt að lögbinda, að samráð sé haft við hlutaðeigandi sveitarfélag, því að þarna hlýtur mjög að koma til greina staðarþekking.

Í 33. gr. frv. er fjallað um stjórn sjúkrahúsa ríkisins. Þar hefur það verið fellt niður frá fyrra frv., að gert var þar ráð fyrir, að læknadeild Háskólans tilnefni fulltrúa í þá stjórn, en meðal þessara sjúkrahúsa eru öll kennslusjúkrahúsin, og sýnist mér þetta vera mjög sanngjörn ósk. Sama má segja um umsögn eða íhlutunarrétt um ráðningar yfirlækna við sjúkrahús ríkisins, og hef ég þá í huga þessa sömu röksemd, að fyrst og fremst þar sem um kennslusjúkrahús sé að ræða, sé leitað umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands.

Í sambandi við þessi atriði, ráðningu yfirlækna og sérfræðinga sjúkrahúsa, langar mig til að skýra frá till., sem upp kom í heilbrigðismálaráði Reykjavíkurborgar, en hún fjallaði um það, að til athugunar kæmi að skipa yfirlækna og sérfræðinga sjúkrahúsa til ákveðins tíma. Ég legg engan dóm á þessa till., vil aðeins skýra frá henni, því að mér finnst hún vera nýstárleg og umhugsunarverð.

Loks vil ég benda á, að í frv. eru nokkrar greinar, þar sem allítarlega er fjallað um kjaramál lækna. Mér sýnist, að það sé óvenjulegt og heldur óeðlilegt, að slík atriði séu bundin í lögum og þykir eðlilegra, að um þau sé fjallað í reglugerð.

Ég kem þá að lokum þessa máls, herra forseti. Ég hef drepið á ýmis atriði, sum stór og sum smá, í sambandi við þetta frv., sem ég hef hnotið um og leitað mér upplýsinga um, þó mjög lauslegra, núna undanfarna daga í sambandi við lestur þessa frv. Nú fer þetta umfangsmikla mál til n., þar sem það fær frekari og nákvæmari athugun þingsins, og umsagnir frá hinum ýmsu aðilum verða þar skoðaðar. Ég legg áherzlu á það, hverjum breytingum sem þetta frv. kann að taka í meðförum þingsins, að við skulum gera okkur ljóst, að það, sem fyrst og fremst þarf í heilbrigðisþjónustunni, er fé. Og ekki minnkar sú þörf við samþykkt þessa frv. Við skulum aðeins vona, að sá mikli kostnaður, sem til er stofnað með því frv., sem hér liggur fyrir, ef samþ. verður, og raunar verður vafalaust mikill, þótt það taki einhverjum breytingum, hann beri ríkulegan ávöxt með bættu heilsufari og hreysti allra landsmanna.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er nú nokkuð umliðið síðan fyrri hluti þessarar umr. fór hér fram, og ég ætla ekki að fara út í þau atriði, sem komu hér fram þá í ræðum einstakra þm. En það var ekki laust við, að manni þættu kyndug ræðuhöldin um hlutleysisbrot í útvarpi og um óvenjulega meðferð málsins hér í d. Það hefur oft átt sér stað, að ráðh. gerir grein fyrir máli, sem n. flytur. En út í það ætla ég ekki að fara.

Það er auðvitað öllum ljóst, að þetta mál, frv. um heilbrigðisþjónustu, er mjög umfangsmikið mál. Þar er um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða líka. Þetta hlýtur því að vera í alla staði vandmeðfarið og viðkvæmt mál, þar sem það snertir einnig hagsmuni hvers einasta manns í þessu landi. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. í heild, en ég vil þó, áður en það fer til n., gera við það örfáar aths.

Ég vil fyrst láta það koma fram, að ég sé enga skynsamlega ástæðu til þess, að tvö nyrztu sveitarfélögin á Austurlandi séu lögð undir Akureyrarhérað. Ég sé ekki nokkra skynsamlega ástæðu til þessa. Þvert á móti er margt, sem mælir gegn því. M. a. það, að það eru fjölmörg málefni, sem fjallað er um sameiginlega innan kjördæmanna, eins og öllum hv. alþm. er ljóst. Stóru kjördæmin hafa þegar orðið til þess, að myndazt hafa landshlutasamtök, sem eru miðuð við mörk þeirra, og ýmis önnur starfsemi eða ýmiss konar annað samstarf hefur átt sér stað innan þessara svæða. Og hvað þetta snertir, þá, eins og ég sagði, sé ég ekki nokkra minnstu ástæðu til þess, að tvö nyrztu sveitarfélögin á Austurlandi séu lögð undir Akureyrarhérað.

Á Vopnafirði hefur verið sjúkraskýli mjög lengi eða síðan laust eftir aldamót. Allmiklu fé hefur verið safnað heima fyrir á Vopnafirði á undanförnum árum til þess að byggja upp nýtt skýli, því að það, sem nú er notað, er orðið gamalt og úr sér gengið og allsendis ónothæft í sjálfu sér, þó að það hafi verið notað allt til þessa. Þessi fjársöfnun skiptir þegar orðið milljónum og Vopnfirðingar hafa leitað á um það að fá fjárveitingu á móti frá ríkissjóði til þess að geta hafizt handa um endurbyggingu þessa sjúkraskýlis eða nýbyggingu þess. Teikningar liggja fyrir og ýmiss konar undirbúningsvinna hefur átt sér stað. Og á Alþ. hér í vetur við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972 var orðið við þessari beiðni og það var veitt byrjunarfjárveiting til þessara framkvæmda.

Það fer ekkert á milli mála, að vegna mikilla vegalengda og torleiðis á vetrum, þá geta Vopnfirðingar ekki á viðunandi hátt notið heilsugæzlu norðan frá Þórshöfn. Þetta er augljóst mál öllum, sem þarna þekkja til staðhátta. Að fengnu nýju sjúkraskýli á Vopnafirði áþekku því, sem áformað hefur verið að reisa þar, þá ættu að verða þar næg verkefni a. m. k. fyrir lækni og hjúkrunarkonu, sem um leið yrði ljósmóðir í byggðarlaginu. Læknafélag Austurlands hefur fjallað um þetta mál, stjórn þess a. m. k. Hún hefur sent frá sér grg., þar sem fram koma niðurstöður hennar. Hún hefur verið birt í blöðum nú þegar, og ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vekja athygli á þeirri hugmynd, sem

þar kemur fram, að hagkvæmt kunni að vera að styrkja stöðu þeirra byggðarlaga, sem ekki komast af án sérstaks læknis, en eiga langt í næstu heilsugæzlustöð, að styrkja aðstöðu þeirra með þeim hætti að ætla þeim einnig heilsugæzlustöðvar, en þó nokkru minni einingar heldur en almennt er gert ráð fyrir í þessu frv., minni einingar, sem þó gætu t. d. látið í té fæðingarhjálp og aðhlynningu langlegusjúklinga, sem hægt er að stunda utan almenns eða deildaskipts sjúkrahúss, þar sem hægt væri einnig að veita meðferð og hjúkrun sjúklingum með einfalda lyflæknissjúkdóma, t. d. lungnabólgu, og framkvæma minni háttar handlæknisaðgerðir. Ég tel eðlilegt að skoða þessa hugmynd mjög vandlega. Og aðstaðan á Vopnafirði er alveg dæmigerð fyrir þessa hugmynd. Þar er svo langt til næstu heilsugæzlustöðvar samkv. frv., að það getur aldrei orðið viðunandi þjónusta, og þetta er það stórt hérað hins vegar, að ætla má, að verkefni yrðu næg fyrir þá starfskrafta, sem ég áðan nefndi, með þessum hætti.

Ég vildi láta þetta koma fram núna, m. a. til íhugunar fyrir þá þingnefnd, sem fær málið til meðferðar. Annars vil ég segja það, að ég fagna því, að þetta frv. er komið fram, að það er komin hreyfing á málið á ný. Það hefur áður verið starfandi mþn. í þessu máli. Hún skilaði áliti, þegar liðið var á s. l. vetur. Það var ekki lagt hér fram í þinginu, en það var gefið út fjölritað og sent víða um land, þannig að mönnum hefur þegar gefizt kostur á að hugleiða þetta mál á grundvelli þeirra athugana, sem sú mþn. gerði, og þeirra tillagna, sem hún lagði fram.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., þegar hann skýrði þetta mál, þá voru síðan enn á ný settir menn til að íhuga það, og hefur sú athugun staðið yfir lengi vetrar. Þetta mál er vissulega umfangsmikið, vandasamt og viðkvæmt, eins og ég sagði áðan, og ég held, að þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð, séu skynsamleg, og ég held, að það sé skynsamlega að farið að sýna frv. núna endurskoðað og þá að nota sumarið til nánari skoðunar utan þingsala.

Megingildi þessa frv. finnst mér svona í fljótu bragði vera þríþætt. Það ber vott um augljósa viðleitni til þess að skoða marga þætti, sem í eðli sínu eru samslungnir og verður að skoða í einni heild. Það er tekið á vandamálinu um skiptingu kostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga af meira raunsæi, vil ég segja, heldur en gert hefur verið að undanförnu. Og í framhaldi af flutningi þessa frv. hefur hæstv. ráðh. skýrt frá því hér, að fleiri þættir heldur en þetta frv. fjallar um verði teknir til endurskoðunar m. a. að því er varðar skiptingu á kostnaði milli ríkis og sveitarfélaga t. d. við byggingu og rekstur dvalarheimila fyrir aldraða. Og í þriðja lagi er svo það, að hér er mikil viðleitni til þess alveg sérstaklega að fjalla um vandamál dreifbýlisins að því er heilbrigðisþjónustuna varðar.

Það er enginn vafi á því, að það verða skiptar skoðanir og verður deilt um ýmis einstök atriði og ekki síst varðandi tilhögun læknaþjónustu í strjálbýli. Þetta er eðlilegt þegar af þeirri ástæðu, að aðstæður í landinu eru svo ákaflega mismunandi á hinum ýmsu stöðum, að það verður alltaf erfitt að koma á kerfisbundnu og samræmdu starfi yfir alla línuna. En ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því samt sem áður, þó að menn kunni að greina á um einstök atriði og ekki síst varðandi dreifbýlið, þá séu mjög mörg atriði í þessu frv. einmitt varðandi þennan þáttinn, sem stefna í rétta átt.

Ég tel, að ákvæðin um umdæmin sjö, embættislæknana sjö, hljóti að stuðla að því að dreifa miðstjórnarvaldinu og þau hljóti að stuðla að bættu sambandi á milli fólksins og yfirstjórnar heilbrigðismálanna í landinu. Ákvæði 43. gr. um sérstakar aðgerðir í samgöngumálum varðandi fjarskiptaþjónustu o. fl. með sérstaka hliðsjón af heilbrigðismálunum álít ég, að séu mjög þörf og tímabær. Það fer svo eftir því, hvernig tekst til með framkvæmd þeirra, hversu gagnleg þau verða, en maður hefur oft saknað þess á undanförnum árum, þegar rætt hefur verið um tilteknar aðgerðir í samgöngumálum, um snjómokstur t. d. á einstökum leiðum, að það hefur ekki verið tekið nægilega mikið tillit til þessara hluta, til heilbrigðismálanna í sambandi við slíkar aðgerðir. Þess vegna álít ég, að þetta ákvæði geti orðið gagnlegt og sé tímabært.

Mér finnst einnig rétt að skoða með jákvæðu hugarfari þá hugmynd, sem felst í heimild 44. gr. frv. um sérstakar styrkveitingar til læknastúdenta gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í strjálbýli að námi loknu. Ég þykist sjá fram á það, að vissir erfiðleikar geti orðið á framkvæmd þessa ákvæðis, en mér finnst eigi að síður rétt að skoða þennan möguleika ítarlega. Ákvæðin um Læknishéraðasjóð held ég líka, að séu athyglisverð, og fleira er í frv., sem hnigur í þá átt að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu í strjálbýli.

Nú hafa strjálbýlisvandamálin oft verið rædd hér á hv. Alþ. og síðast í vetur var um þau talað. Og mér virtist þá, að allir, sem þátt tóku í þeim umr., væru sammála um það, að grundvallarástæðan til þess, hversu erfitt hefur verið að fá lækna til þjónustustarfa úti á landi, sé læknaskorturinn í landinu, sé það, að í raun og veru séu of fáir læknar starfandi á Íslandi. Ég vil nota þetta tækifæri, þegar þessi mál ber á góma hér í hv. d., til þess að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. heilbrmrh., hvort hann á þessu stigi kunni að greina frá nokkrum sérstökum áformum ríkisstj. í þá stefnu að fjölga læknum á Íslandi, t. d. með því að gera læknadeild Háskólans fært að mennta fleiri lækna en hún hefur gert nú um hríð.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. á þessu stigi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hér er til umræðu viðamikill frv.-bálkur varðandi heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er öllum ljóst, að hér er um að ræða viðamikinn málaflokk, og menn vilja að sjálfsögðu leggja sig alla fram um, að sú löggjöf, sem gildir hverju sinni um heilbrigðismálin í landinu, sé þannig úr garði gerð, að landsmenn geti notið sem beztrar heilbrigðisþjónustu. Ef lesin er grg. þessa frv., þá verður maður áþreifanlega var við, með hvaða hætti hún er skrifuð og hverjar eru gefn-

ar forsendur, sem grg. síðar á að túlka. Þegar ég las þessa grg., þá varð ég næsta forviða á ýmsum atriðum, sem þar eru sett fram, og m. a. því, að þeir embættismenn, sem hafa starfað í þeirri vinnunefnd, sem núverandi hæstv. heilbrmrh. skipaði, skuli láta slíkt frá sér fara. Hins vegar, þegar hæstv. ráðh. talaði fyrir frv. hér við þessa umr., þá mátti heyra allt annað um þessi mál, og ég held, að ef hann ber saman þá grg., sem með frv. fylgir, og þá ræðu, sem hann flutti, þá komi allt annað út úr þessu dæmi.

Mig langar aðeins til þess að vekja athygli á tveimur atriðum, sem getið er um í grg. frv. Það er í II. kafla, þar sem talað er um veigamestu nýmæli þessa frv. Og það er fyrsta atriðið, sem talið er, að sé eitt af veigamestum nýmælum frv. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Mótuð er almenn stefnuyfirlýsing um, að landsmenn skuli allir eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni."

Samkv. þessu á það að vera nýmæli í frv., að landsmenn skuli eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni. Ræða hæstv. ráðh. sýndi allt annað en það, að það væri veigamikið nýmæli, ef af samþykkt frv. yrði, að þá væri mótuð stefna um eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og tök væru á að veita hverju sinni, því að í ræðu sinni gat hann þess mjög skilmerkilega, hvernig heilbrigðisþjónusta landsmanna hefur farið stöðugt vaxandi á undanförnum árum, áratugum, og hann las upp úr skýrslum alþjóðastofnana, sem sýna okkur það, að heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur verið til fyrirmyndar, og þó að það frv., sem hér er nú flutt, yrði samþ., þá er það ekkert nýmæli, að Íslendingar búi við eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni.

Ég verð að segja, að ég furðaði mig á þessu, þegar ég las það, en það má vel vera, að það sé í samræmi við I. kafla grg., en þar hefur réttilega verið bent á, að ekki þótti annað hlýða, þegar grg. kæmi með þessu frv., en að sögð yrði sköpunarsaga, — það er ekki notuð fyrirsögnin sköpunarsaga frv., heldur einungis orðið sköpunarsaga.

Þá vil ég gjarnan benda á 5. lið í aths. við frv. í II. kafla, þar sem talað er um læknamiðstöðvar, og ætla að leyfa mér að lesa hann upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðin er staðsetning 26 heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur, og er gert ráð fyrir, að þær verði miðstöðvar almennra lækninga og heilsuverndarstarfs á nánar tilteknum svæðum." Og svo kemur: „Hér er komið fastmótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hafa verið um læknamiðstöðvar. En þær hugmyndir telja flestir að geti stuðlað að bættri læknaþjónustu í dreifbýli."

Hér er enn af hálfu þeirra, sem semja þetta frv., sýnt fram á, hvað þeir þekkja lítið til löggjafarinnar, sem gildir um heilbrigðismál í dag. En í íslenzkri heilbrigðislöggjöf er gert ráð fyrir læknamiðstöðvum, og var sú breyting á læknaskipunarlögunum samþ. á Alþ. 1965 og þar gert ráð fyrir að stofna læknamiðstöðvar, sem gert hefur verið á a. m. k. þremur ef ekki fleiri stöðum í landinu. Það er látið líta út sem hér sé verið að koma skipulagi á einhverjar hugmyndir, sem hafi farið manna á meðal, þeirra manna, sem eru við læknastörf, og ekkert hafi verið í þessum málum gert.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum tveimur atriðum til þess að sýna, hvað hér er raunverulega á ferðinni að mínum dómi. Hér er verið með mikla sýndarmennsku og sett upp kerfi, sem er mjög flókið og gæti orðið til þess, að sú læknaþjónusta, sem hægt er að veita í landinu í dag, gæti ekki komið að því gagni sem skyldi.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan benda á II. kafla frv., þar sem fjallað er um læknishéruð, en þar er gert ráð fyrir því að leggja niður á einu bretti fjögur læknishéruð í Reykjaneskjördæmi og setja þau öll undir Reykjavíkurhérað. Ég mundi telja, að þetta væri spor aftur á bak og það mikið spor aftur á bak, þegar t. d. Suðurnesjabúar þyrftu að sækja til héraðslæknisins í Reykjavík, Kópavogsbúar, Hafnfirðingar eða þá ofansveitarmenn. Ég held, að þetta atriði m. a. sýni það, að hér hafi ekki verið haft neitt samráð við þær sveitarstjórnir, sem starfa á þessu svæði, eða samtök þeirra, því að ég er sannfærður um, að þær mundu hafa mótmælt þessu og talið, að hér væri um að ræða mikið spor aftur á bak. Þessu til sönnunar má líta á 17. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir heilsugæzlustöðvunum. Þar er í 1. liðnum gert ráð fyrir því, að Þingvallahreppur sæki til heilsugæzlustöðvar að Reykjalundi, og í 4. liðnum, að Vatnsleysustrandarhreppur sæki til heilsugæzlustöðvar í Hafnarfirði. En fyrir örstuttu síðan höfum við hér á hinu háa Alþingi samþ. till. þess efnis að breyta lögsagnarumdæmi þessa kjördæmis út frá því sjónarmiði, að Suðurnesin hafa reynt að koma fram þeirri ósk sinni, að lögsagnarumdæmafyrirkomulagið væri með þeim hætti, að embættismaður í Gullbringusýslu ætti sæti á Suðurnesjum, en ekki í Hafnarfirði eins og nú er. Þetta er mjög eðlilegt af þeirra hálfu, og það er a. m. k. samstaða innan þingmannahóps þessa kjördæmis að gera allt, sem hægt er, til þess að fá þessu breytt, og það skýtur þess vegna skökku við, ef Vatnsleysustrandarhreppur, eitt af þeim sveitarfélögum á Suðurnesjum, sem myndað hafa sinn samstarfshóp, ætti svo allt í einu að sækja til heilsugæzlustöðvar í Hafnarfirði, en ekki suður til Keflavíkur eins og annað, sem þeir eiga sameiginlegt með sveitarfélögunum þar suður frá.

Það hafa þegar verið fluttar brtt. við þetta frv. varðandi önnur kjördæmi. Ég tel út af fyrir sig ekki ástæðu til þess nú, að við þm. Reykjaneskjördæmis flytjum brtt. Við munum hins vegar beita okkur fyrir því, að sveitarfélögin í kjördæminu láti í sér heyra og komi fram sínum ábendingum, þannig að það verði hægt að lagfæra þessa þætti og koma þeim í það horf, sem kemur því fólki, sem byggir þessi svæði, bezt. Ég er sammála því að það þarf að vanda til löggjafarinnar um heilbrigðisþjónustuna. Það hefur verið gert eins og hægt hefur verið, og ég held, að það séu allt aðrar starfsaðferðir, sem

við eigum að nota, heldur en að slá fram grg., sem eru fullar af sjálfbirgingi. Miklu fremur eigum við að reyna að hafa samráð við þær sveitarstjórnir og við þau samtök fólksins í landinu, sem gerst þekkja þessi mál, til þess að slík löggjöf geti komið að sem mestu gagni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki við 1. umr. þessa máls fara út í efnisatriði þessa frv., sem við nú ræðum hér. Ég hef hlýtt á mál þeirra þm., sem talað hafa, sem og hæstv. ráðh., og ég tel, að ýmislegt í þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið, ekki sízt hjá hv. 12. þm. Reykv. og 1. þm. Reykn., sé athyglisvert og beri að skoða nánar, áður en þetta frv. fær sína afgreiðslu. Hitt er rétt, og ég tel það mjög góðan hátt á þessu máli, að leggja málið fram nú með það fyrir augum, að það liggi fyrir sem þskj., sem menn geti haft nægan tíma til athugunar á og afgreiðslu á næsta þingi, þá væntanlega þannig, að bæði þm. og sveitarfélög geti haft aðstöðu til þess að fjalla um málið.

Það er geysilega mikill munur á þeim viðhorfum, sem nú koma fram í heilbrigðismálum þjóðarinnar eða fyrir rúmum áratug síðan. Það hefur verið mikið að þessum málum unnið s. l. áratug, og eins og hæstv. heilbrmrh. gerði grein fyrir, þá mun hafa tvöfaldazt framlagið til heilbrigðismálanna miðað við þjóðartekjur, úr 3.5% upp í 7.7% á þessum áratug, sem mun teljast nokkuð sæmilegt miðað við aðrar þjóðir, sem framarlega standa á þessu sviði. Miklum fjármunum hefur verið varið til heilbrigðismálanna, sjúkrahúsa og annars slíks, og farið hefur fram heildarendurskoðun á lögum um læknishéruð, læknaskipunina í landinu 1965 og svo aftur síðar, þegar tekið var ákvæði í lögin um læknamiðstöðvarnar, sem getið var í lögunum frá 1965, og ég held, ef ég man rétt, að því breytingarákvæði hafi þá fylgt uppkast að reglugerð, sem sett skyldi um læknamiðstöðvarnar. En ýmis nýmæli, sem voru tekin upp á s. l. áratug, voru m. a. í samræmi við nýjar hugmyndir í þessum málum, sem fram komu bæði frá þeim, sem stjórnuðu heilbrigðismálunum, læknum og ráðstefnum, sem haldnar voru um þessi mál.

Þegar læknaskipunarlögin voru til endurskoðunar 1965 eða samþ., þá var það svo, að því var aðallega borið við, að læknarnir væru ekki nógu vel settir, þeir hefðu ekki nógu góð launakjör í hinum dreifðu læknishéruðum, sérstaklega minni héruðunum. Þá voru sett ákvæði um staðaruppbætur og þá voru sett ákvæði um styrkveitingar til lækna í ýmsum minni héruðunum til utanfarar með fjölskyldur sínar til þess að endurhæfa sig í starfi, og einnig komu inn í lögin ákvæði um lán til læknastúdenta gegn skuldbindingum um að vinna í héruðum. Þegar þetta og ýmislegt fleira hafði verið sett í lögin, þá var það almennt viðurkennt af læknum, að það væru ekki fjárhagsatriði, það væru ekki fjárhagsmálin, sem stæðu í vegi fyrir því, að menn vildu setjast að í læknishéruðum, því að þeir hefðu mjög góð kjör, eins og komið væri, og það væri bara ekki hægt að bæta þessi mál á fjárhagslegum grundvelli, heldur væri það sósíalgrundvöllur eða félagsleg atriði, sem skiptu meira máli, að læknar veigruðu sér við að starfa einir í læknishéruðum, væru vanir hópmennsku með hópmennskuvinnubrögðum á spítölunum, þegar þeir væru menntaðir, og þetta leiddi m. a. til þess, að þó að í boði væri gull og grænir skógar fjárhagslega séð, þá kviknaði ekki löngun þeirra til þess að fara út í héruðin. Og svona hefur reyndin verið, stöðugir erfiðleikar með að fá læknana til þess að fara út í héruð.

Það voru uppi hugmyndir í heilbrmrn. og skrifað æ ofan í æ menntmrn. um að breyta skipan mála við læknisk ennsluna með því að taka upp sérstaka kennslu fyrir heimilislækna og lækna, sem ættu að verða héraðslæknar, og hverfa frá þessari einhliða sérhæfingarstefnu, sem væri fylgt og sem ríkti, þegar læknarnir væru menntaðir á spítölunum, og sem m. a. leiddi til þess, að þeir vildu fara í sérnám erlendis eða vera við sjúkrahús, en alls ekki sem embættislæknar í héruðunum. Af þessu leiddi ekki þann árangur, sem æskilegt hefði verið.

Mér kemur það ákaflega undarlega fyrir sjónir, þegar mönnum finnst, að með þessu sé verið að dreifa valdinu í þjóðfélaginu, þegar læknishéruð, sem eru yfir 50, eiga að verða 7—8 talsins, að vísu með öðrum hætti heldur en áður. Sérstaklega kemur mér það mjög einkennilega fyrir sjónir, að úr röðum þm. Framsfl. skuli þetta koma, því að þegar læknaskipunarfrv. var hér til meðferðar á sínum tíma og gert var ráð fyrir að fækka læknishéruðunum, var því haldið fram, að þau yrðu að vera stærri til þess að geta veitt mönnum nægjanleg viðfangsefni, en þá heyrðist úr hópi þm. Framsfl., að svona till., um að leggja niður læknishéruð, er ómögulegt væri að fá eftir margendurteknar auglýsingar lækna í, og sameina læknishéruð í stærri einingar, þessar till. væru verri heldur en hafísinn, þær væru íbúum dreifbýlisins miklu skaðvænlegri heldur en hafísinn, sem þá lá fyrir ströndum þar norður frá. En ég fagna því, að þessi steinrunni hugsunarháttur er horfinn. Mér finnst Framsfl. eða þm. hans hafa tekið nokkuð stórt stökk í þessu máli, eins og reyndar í fleiri málum, því að mér finnst það vera réttmæli, sem talað er um, að hér verði í raun og veru um stóraukið miðstjórnarvald að ræða, vegna þess að héraðslæknarnir eiga að sinna embættislækningum í átta héruðum, svo koma aðrir læknar inn í þessi héruð í sambandi við heilsugæzlustöðvar, sem nú eru kallaðar svo, og þá verða þessir menn ekki neinn þáttur í sterkari „administration“ eða stjórnsýslu heima í héruðunum. Það er ekki eðli lækna að vera miklir stjórnsýslumenn og þess vegna tek ég alveg undir það, að það er mjög miður að fyrirskipa það í lögum, að ráðuneytisstjóri heilbrmrn. skuli vera læknir. Ég álít, að þar eigi að vera óráðið um og skipast á hverjum tíma, eftir því sem hagkvæmast er talið. Ég held hins vegar, að það væri ástæða til þess að styrkja landlæknisembættið, sem nú góðu heilli er ekki gert ráð fyrir að leggja niður, en hugmyndir voru um áður, og þar sé að sjálfsögðu læknir í forustu, eins og ætið hefur verið, en ráðuneytisstjórinn sé fyrst og fremst hugsaður út frá því, hvað hann er

mikill stjórnsýslumaður, hefur sérfræðilega menntun á því sviði, en það eru kannske miklu fremur menn eins og lögfræðingar eða viðskiptafræðingar, sem hafa að loknu háskólanámi hér sérmenntað sig í stjórnsýslu erlendis, en við getum ekki kennt sérstaklega hér á landi. Ég man eftir því, að það heimsóttu mig einu sinni miklir framámenn hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni í fylgd með landlækni og voru læknar, enskur og ameríkur. Og það var þeirra reynsla, að þeir réðu eindregið frá því, bæði í sambandi við stjórn spítalanna, þegar var verið að tala um spítalastjóra, og yfirstjórn stjórnsýslunnar í heilbrigðismálum, að læknar væru settir í þau mál, — voru þeir þó læknar sjálfir, — því að þeir væru að jafnaði langverstir menn til þeirra hluta, og voru þeir ekki að kasta neinum steinum að læknunum, heldur væri þetta bara samkv. þeirra menntun og eðlisfari, hæfileikar þeirra lægju á öðru sviði. Nú segi ég þetta ekki til þess að kasta neinni rýrð á þann ráðuneytisstjóra, sem er núna í heilbrmrn. og er læknir, og vissulega er það svo, að auðvitað getur læknir verið eins góður „administrator" og hver annar eða betri en hver annar, — þetta er afar persónulegs eðlis, — en að binda það í lög tel ég alveg misráðið, og að jafnaði gæti það verið nokkuð vafasamt. Þetta er nú smáatriði, og eins og ég sagði vil ég ekki tjá mig endanlega um efni málsins fyrr en að miklu betur athuguðu máli, en ég hef ekki haft aðstöðu til né talið ástæðu til heldur að setja mig inn í þetta frv., vegna þess hvernig hugsað er, að háttað verði afgreiðslu þess.

Ég fagna að sjálfsögðu frv. til nýrrar löggjafar um bætta heilbrigðisþjónustu í landinu, og að þessu hafa unnið ágætir menn, bæði í tíð fyrrv. ríkisstj. og einnig í tíð núv. ríkisstj. En ég held, að allir þessir ágætu menn eigi eftir að átta sig á því, að það er sitt hvað, lagaákvæði um heilbrigðisþjónustuna og heilbrigðisþjónustan í framkvæmd, þegar til kastanna kemur.

Þar sem frv. er nú ekki ætlað að fá afgreiðslu á þessu þingi, þá gefst auðvitað tóm til þess að hafa samband við héruðin í þessu máli, og auðvitað er ég enginn sérfræðingur á þessu sviði, þó að ég hafi eðli málsins samkv. hlotið að kynna mér nokkuð framkvæmd og gang þessara mála á þeim tíma, sem ég fór með embætti heilbrmrh., og skal ekki taka mikið upp í mig, eins og sums staðar er nú gert í þessu frv. af þeim, sem eru sérfræðingar á þessu sviði. En þeir hafa stundum rekið sig á það, hvað þessi sauðsvarti almúgi í okkar ágæta landi vill fara svolítið aðrar götur og hefur talið það ekki verða óheppilegt fyrir sig að fara svolítið aðrar götur heldur en embættismennirnir og „specialistarnir" í þessum málum sem öðrum. Ég held t. d., að n., sem fær þetta mál til afgreiðslu, þegar á að fara að afgreiða það, hún verði að breyta formi þessa frv. Það getur verið ágætt, þegar maður er með vinnuskjal að tölusetja hverja mgr., 1.1, 1.2., 1.3 o. s. frv. og 2.1, 2.2, 2.3 o. s. frv., en þetta er nú ekki form á lagasetningu hjá okkur og væri alveg einstakt í sinni röð, ef það ætti að fara þannig endanlega afgreitt inn í löggjöfina. Í þessu máli eins og öðrum eigum við að fylgja eðlilegu sniði, löggjafarsniði á frv., og það eru alveg bein fyrirmæli um það í þingsköpum, að svo skuli gert.

Þá held ég, að ég þurfi ekki á þessu stigi málsins að segja fleira um þetta frv. Auðvitað mundi ég óska þess einlæglega, að þær till., sem síðar yrðu samþykktar sem lög um heilbrigðisþjónustuna, bætta heilbrigðisþjónustu í þessu landi og eflingu heilbrigðismálanna, mættu bera góðan árangur, því að sannleikurinn er sá, að þó að á ýmsan hátt hafi verið mikill vilji hjá mönnum til þess að bæta þessi mál og margir góðir menn hafi að þeim unnið, þá er ekki hægt að neita því, að við búum þarna við mikla og margvíslega erfiðleika, sem eru sérstæðir fyrir okkur Íslendinga vegna dreifbýlis okkar, stærðar landsins, en þó er þetta allt saman að færast í það horf, að það ætti að vera betur hægt við það að ráða, bæði vegna aukinna samgangna á landi, sjó og í lofti. Ég vona þess vegna, að þetta frv., þegar það verður að lögum, væntanlega á næsta þingi, verði þá í því formi, að framkvæmdin verði jafnglæsileg eins og vonir manna standa til, og skal ég svo ekki hafa um það fleiri orð að þessu sinni.

Hæstv. heilbrmrh. vék að mér nokkrum vinsamlegum orðum að vanda, — hann gerir það oft, þegar hann stígur hér í ræðustólinn, — og var að finna að því, að ég hafði fundið að því, að það væri nokkuð auglýsingakennd starfsemi af hans hálfu í sambandi við málið, og taldi, að það væri nú bara vegna þess, að ég væri með einhverja vanmetakennd, væri ekki búinn að átta mig á því, að ég væri ekki lengur ráðh. o. s. frv. Já, það má vel vera, að einhver vanmetakennd leynist hjá mér, en hún gerir það þá ekki hjá hæstv. heilbrmrh. nú, það er eitt, sem víst er. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það, um þá gagnrýni, sem ég kom fram með hér áður utan dagskrár, en ég veit ekki betur en Ríkisútvarpið hafi hér fréttamann til þess að segja frá og kynna þingmál, og þess vegna er það ekki ráðh. verk að fara í sérstakar dagskrár, þó að Íslandskortið sé í baksýn, til þess að kynna þingmálið. Það hefur verið kynnt, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi, eins og önnur mál, og það er fjöldi mála, sem aðrir ráðh. hafa lagt fram, en alls ekki verið með neitt slíkt brambolt eins og hér átti sér stað. Um sama mund og þetta frv. var lagt fram, þá lagði menntmrh. fram hér fleiri en eitt frv. um mikilvæg málefni, sem ekki þótti ástæða til þess að auglýsa sérstaklega í sjónvarpi af hálfu þessa hæstv. ráðh.

En ég vil aðeins segja það að lokum, að mér varð á, þegar ég gerði aths. við málið, nokkur missögn, sem ég vil nú nota tækifærið til þess að leiðrétta. Ég sagði, að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. hefðu komið fram í sjónvarpi og hljóðvarpi sama dag og frv. um skattamálin hefðu verið lögð fram hér í þinginu. Þetta var ofmælt að því leyti, að þeir komu aðeins fram í hljóðvarpinu, þessari annarri grein Ríkisútvarpsins. Það var einmitt sjónvarpið, sem tók sig fram um það að gefa stjórnarandstöðunni kost á því að láta sín sjónarmið í ljósi tveimur kvöldum síðar, en hljóðvarpsviðtölin voru samdægurs og frv. voru lögð fram. Þessu hefur Eiður Guðnason fréttamaður vakið athygli mína á í bréfi, sem

hann skrifaði mér, og ég vil leiðrétta það hér, sérstaklega vegna þess að þessi fréttamaður átti hlut að þessu máli, að þessir sjónvarpsþættir með fulltrúum stjórnarandstöðunnar einnig voru haldnir tveimur kvöldum síðar, svo að það er mjög ómaklegt, ef einhver hefði skilið það þannig, að ég væri að gagnrýna starfsemi hans og hans fréttaflutning. Það var mér sízt af öllu í huga. Ég vil einnig taka það fram, að mér var ekki þessi fréttamaður sjónvarpsins í huga, þegar ég talaði um misvitra fréttamenn í sjónvarpinu. Annars er það forvitnilegt, ef hæstv. heilbrmrh. vildi upplýsa þingheim um það, hver átti upphafið að þessum sjónvarpsþætti hans, hann sjálfur eða fréttastofa Ríkisútvarpsins, og sem þá yrði væntanlega skrifað fréttastofan á reikningi fréttastjórans. Um þetta skal ég svo ekki hafa fleiri orð, en þessi fáu orð síðustu segi ég af því tilefni, sem ég er búinn að skýra, svo að það komi fram á sama stað, að hér var ekki um hárnákvæmni að ræða. Sannast að segja er mér tamara að tala um útvarpið heldur en þetta hljóðvarp og sjónvarp, og stundum lítur maður eiginlega á þetta eins og bróður og systur, en ég veit ekki, hvort ríkjandi er sá hugsunarháttur innan Ríkisútvarpsins, sem þó ætti að vera, og ætti að mega tala um báðar greinarnar nokkurn veginn sem eitt.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðh., skipaði fyrrv. heilbrmrh., Eggert G. Þorsteinsson, nefnd í aprílmánuði 1970 til að framkvæma endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðismálalöggjafarinnar með það fyrir augum að bæta heilbrigðisþjónustu í landinu. Eggert G. Þorsteinsson hafði þannig forustu um undirbúning að samningu frv. að nýrri heilbrigðismálalöggjöf. Ég fagna, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er nú fram komið. Í 1. gr. þess segir, að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

Í grg. segir enn fremur, að í þessari almennu stefnuyfirlýsingu felist eitt af veigamestu nýmælum frv. Ég get nú ekki séð, að í því út af fyrir sig felist nýmæli. Flestir sanngjarnir menn held ég, að hljóti að viðurkenna, að það sé einmitt eitt af því, sem fyrrv. ríkisstj. hafa verið að reyna að gera í heilbrigðismálum, þ. e. að þróa þessi mál í þá átt, að landsmenn geti átt kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni, en sjálfsagt tekizt misjafnlega, eins og gengur. Það er ekkert vafamál, að margt í þessu frv. er til bóta og horfir í rétta átt, þótt annað kunni að orka tvímælis, eins og gengur. En áður en ég drep á nokkur einstök efnisatriði frv., vil ég vekja athygli á afar uggvænlegri þróun, sem átt hefur sér stað í okkar þjóðfélagi undanfarið og sem mér sýnist, að muni taka stökkbreytingum til hins verra í tíð núv. hæstv. ríkisstj., ef dæma skal af því frv., sem hér er til umr.

Sú var tíðin, að baráttumenn í verkalýðshreyfingunni og í stjórnmálum höfðu ríka ástæðu til þess að ráðast gegn því ranglæti, sem fólst í auðsöfnun atvinnurekendavaldsins, sem barðist hatrammlega gegn sanngjörnum kröfum verkafólks til mannsæmandi lífskjara. Setti þessi þáttur sterkan svip á stjórnmálastarfsemi margra vinstri manna. Nú er aftur á móti sjaldan talað um útgerðarauðvald, af því að það er ekki til í þeirri mynd, sem áður þekktist. Og um annað atvinnurekendaauðvald er einnig lítið talað nú til dags í samanburði við það, sem algengt var áður fyrr. Þegar alþýðuhreyfingin á Íslandi háði hvað harðasta baráttu við útgerðar- og atvinnurekendaauðvaldið, var þetta vald ríki í ríkinu. Milli þess og almennings var breitt bil, efnalega og á öðrum sviðum. Á þessu hefur sem betur fer orðið mikil breyting til batnaðar. Það er skoðun margra nú til dags, að í hraðri mótun og uppsiglingu sé ný sérréttindastétt í okkar þjóðfélagi, stétt, sem sumir kalla nýtt auðvald, sem smám saman komi til með að skipa svipaðan sess í efnalegu tilliti og einnig á ýmsan annan hátt gagnvart öllum almenningi og atvinnurekendaauðvaldið í gamla daga. Það sé að verða eins konar ríki í ríkinu, sem jafnvel stjórnvöld í landinu verði að beygja sig fyrir.

Það, sem hér er átt við, eru langskólagengnir sérfræðingar á nokkrum sviðum. Enginn skilji orð mín svo, að ég sé með þessu að gera lítið úr starfi slíkra manna, fjarri fer því. Þeir hafa vissulega mikilsverðu hlutverki að gegna, og þeim ber að launa fyrir það, sem þeir vinna þjóðfélaginu, með hliðsjón af þeirra langskólanámi. En mönnum blöskrar, hversu laun og önnur hlunnindi þeirra virðast úr öllu samhengi við það, sem gerist og gengur hjá öðrum þjóðfélagsþegnum. Auðvitað gildir þetta, sem ég hef hér sagt, ekki um allar stéttir langskólagenginna sérfræðinga, síður en svo. En það eru vissar stéttir slíkra manna, að mönnum blöskrar það gjald, sem allur almenningur verður að greiða þeim fyrir þá þjónustu, sem þeir láta fólki í té.

Það frv., sem hér er til umr., ber þess ótvíræð merki, að núv. hæstv. ríkisstj. lætur sér þessa óheillaþróun í léttu rúmi liggja og virðist líta á það skrið, sem nú á sér stað í þjóðfélagi voru, í átt til myndunar hinnar nýju stéttar, nýrrar forréttindastéttar, með velþóknun, ef dæma má af frv. Þar er nefnilega einni af forréttindastéttunum boðið upp á slík kjör, að algert einsdæmi er hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Í frv. er gert ráð fyrir, að sumir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar fái embættisbústað hjá ríkinu, eigi rétt á staðaruppbót, sem getur, ef að líkum lætur, numið háum fjárupphæðum; geti farið í sex vikna leyfi annað hvert ár á fullum launum á kostnað ríkisins út um allan heim, hvert á land sem er, býst ég við. Það þarf bara að kallast námsferð eða ferð til rannsóknarstarfa. Að sjálfsögðu er þetta til viðbótar venjulegu sumarleyfi. Einnig geta þeir sótt læknaþing út í lönd á kostnað ríkisins. Öll ferðalög ýmissa starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar, ekki aðeins héraðslækna, skulu vera þeim að kostnaðarlausu, nema um einkaferðalög sé að ræða. Þá verði þeir á bílakostnaðarsamningi vegna starfsins samkv. frv., og í ákvæði til bráða-

birgða er gert ráð fyrir, að ríkissjóði sé gert skylt að bjóða fram námsstyrki til lækna og hjúkrunarkvenna til að afla sérmenntunar, sem skuli nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í eitt ár. Og svo til viðbótar taka þeir læknar, sem sinna læknisstörfum, vænar fjárfúlgur, ef að líkum lætur, í greiðslur frá sjúklingum og sjúkrasamlögum eða ríkissjóði, sé um sjúkrahúslækna að ræða.

Ýmsir munu nú segja e. t. v., að þessi sérréttindi og hlunnindi, sem ég hef hér talið upp, séu nú ekki öll ný af nálinni fyrir þá forréttindastétt, sem hér á hlut að máli, og það er rétt. En hér er um að ræða margfalt betri kjör en aðrir opinberir starfsmenn eiga við að búa, og ég spyr: Hvar endar þessi þróun? Vissulega er ágætt að geta gert vel við hina langskólagengnu sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, ef það kæmi ekki verulega við pyngju þeirra, sem minnst hafa auraráðin. En það eru einmitt þeir, — það fólk, — sem þetta kemur verst við, og þess vegna þarf að sporna af alefli gegn þessari óheillaþróun.

Því er sjálfsagt svarað til, að óhjákvæmilegt sé að láta undan kröfum lækna um hlunnindi og launakjör, að öðrum kosti hverfi þeir af landi brott meira en orðið er. En hvað hafa íslenzk stjórnarvöld gert til að Háskóli Íslands snúi sér að því að mennta og útskrifa læknaefni líkt og gert er sums staðar erlendis, eftir því, sem mér er tjáð, með það fyrir augum, að þeir geti eftir þriggja eða fjögurra ára nám sinnt almennum heimilislækningum úti um landið? Slíkir læknar yrðu kannske ekki jafn sprenglærðir og þeir, sem nú útskrifast úr læknadeild Háskóla Íslands. En þeir ættu að verulegu leyti að geta leyst úr þeim vanda, sem við er að etja vegna læknaskorts víða, eins og sams konar læknar gera með ágætis árangri annars staðar, eftir því sem bezt er vitað. Eða er það kannske ætlun hæstv. ráðh., að læknadeild Háskóla Íslands haldi áfram að vera meira eða minna lokuð stofnun, eins og hún er í dag, sem miðar starfsemi sína fyrst og fremst við það, að því er virðist, að útskrifa læknaefni, sem stefna að því að verða sérfræðingar í hinum ýmsu læknisgreinum og sem síðan að stórum hluta taka upp störf erlendis, af því kannske að ekki er atvinna fyrir allan sérfræðingaskarann á Íslandi? Ef hæstv. ríkisstj. lætur viðgangast, að læknadeild Háskólans haldi áfram þessari stefnu, þá er hætt við að mínum dómi, að sú óheillaþróun, sem ég hef hér gert að umtalsefni, haldi áfram.

Ég mun ekki ræða þetta frv., sem hér er til umr., í einstökum atriðum, heldur aðeins drepa á örfá atriði. Það fyrsta, sem ég vildi gera að umtalsefni, er það, að eftirtektarvert er, að gert er ráð fyrir tveimur embættismönnum, ráðuneytisstjóra og landlækni, sem báðir heyri beint undir ráðh. og virðast eiga að fara með náskyld verkefni, en vera óháðir hvor öðrum. Það er erfitt að gera sér glögga grein fyrir verkaskiptingu þeirra á milli af lestri frv. Það væri æskilegt að heyra nánar um þetta atriði og þörf þessarar tvískiptingar.

Annað atriði, sem ég vildi minnast á, er það, að ég get ekki séð nauðsyn þess að binda í lögum, að ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn. sé læknismenntaður. Ég get vel fallizt á, að heppilegt geti verið, að sá embættismaður hafi slíka menntun, en það er einnig hægt að hugsa sér það, að maður í því starfi sé t. d. sérmenntaður í stjórnsýslu, en undir þeim kringumstæðum get ég að sjálfsögðu fallizt á, að nauðsynlegt kynni að vera að hafa læknismenntaðan mann í öðru starfi í rn.

Samkv. 6. gr. frv. mun ein starfsdeild rn. sinna heilbrigðiseftirliti. Hvaða hlutverki mun rn. gegna í þeim málum gagnvart sveitarfélögum? Það er mér áhugi á að vita, ef hæstv. ráðh. vildi gera svo vel og upplýsa það. Mér er nefnilega ekki vel ljóst af lestri frv., hvernig þeim málum verði fyrir komið. Er gert ráð fyrir, að heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúar eigi inni í heilsugæzlustöðvum? Mér sýnist, að það gæti verið heppilegt, m. a. þar sem héraðslæknar eiga að hafa umsjón með störfum heilbrigðisfulltrúanna.

Í 7. gr. koma fram till. um skiptingu landsins í læknishéruð, og ég verð, eins og fleiri hv. þm. hér í d., að láta í ljós nokkra undrun mína yfir þeirri tillögugerð. Það er, eins og á hefur verið bent hér af öðrum hv. þm., gert ráð fyrir einum héraðslækni á Reykjanessvæðinu og í Reykjavík, þar sem meira en helmingur þjóðarinnar býr. Það er auðvitað að mínum dómi algerlega fráleitt. Ég hefði haldið, að héraðslæknisembætti á þessu svæði væri það umfangsmikið starf, að ekki væri hægt að komast af með færri en tvo héraðslækna, enda þótt gengið sé út frá því, að héraðslæknarnir í svo stóru læknishéraði sem hér er um að ræða, hefðu aðstoðarfólk og aðstoðarlækna. Þá get ég nú ekki orða bundizt að benda á þá, ég vil segja smekkleysu, að kalla allt Reykjanessvæðið Reykjavíkurhérað. Það er að mínu viti algerlega óviðunandi. Sumum finnst nú kannske, að þetta sé algert hégómamál, en ég get fullvissað hv. þm. og hæstv. ráðh., að það er það alls ekki í augum fjölmargra.

22. gr. frv. fjallar um þá þjónustu, sem heilsugæzlustöð veitir, eftir því sem við á. Ég kem að því aftur, sem ég minntist á áðan, að ég sakna þess, að ekki skuli vera minnzt á heilbrigðiseftirlit og einnig þrifnaðarráðstafanir í sambandi við starfsemi heilsugæzlustöðva. Ég tel, að það gæti vel komið til greina, að heilbrigðiseftirlitið á hinum ýmsu stöðum fengi einmitt inni á slíkum stað, þar sem það heyrir undir héraðslæknana.

Það væri e. t. v. ástæða til þess að gera aths. við þær till. í frv., sem snúa að stjórnun heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa, þ. e. hvernig gert er ráð fyrir, að stjórnarnefndir þessara stofnana verði saman settar. En ég mun láta vera að gera það, því að þess háttar atriði eru þess eðlis, að sitt sýnist hverjum, hvernig bezt sé fyrir komið.

En að lokum vildi ég vekja athygli á því, eins og liggur í augum uppi, að stóra fjármuni þarf til að byggja upp þær stofnanir, sem frv. gerir ráð fyrir, og enn fremur til reksturs heilbrigðisþjónustunnar, eins og áætlað er. En það út af fyrir sig á ekki að vaxa mönnum í augum að mínu áliti, ef fyllstu hagsýni og skynsemi er

gætt í uppbyggingu og rekstri og reynt verður að stemma stigu við ójöfnuði og óhófi. Að vísu er í mörg horn að líta hjá fjárveitingavaldinu og það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að skattpína fólkið í landinu. Nóg er að gert í því efni eins og er, meira en það. En þörf er stórra átaka í heilbrigðismálum landsmanna. Á því er enginn vafi. Þess vegna fagna ég því, að þetta frv. er fram komið, enda þótt ég hafi gert við það nokkrar aths.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 26. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég tel, að það hafi verið mjög skynsamlegt af hæstv. heilbrmrh. að leggja þetta frv. fram á þann hátt, að þm. gæfist tóm til að kynna sér það rækilega og afgreiðsla þess biði fram til næsta þings. Hér er nefnilega um að ræða það víðáttumikla löggjöf og kostnaðarsama og í þessu frv. felast það mörg nýmæli, að það er eðlilegt, að menn eigi erfitt að átta sig á því, hvað í mörgum tilvikum er um að ræða.

Eins og ég sagði áðan, eru í þessu frv. mörg nýmæli og ágæt og skal ég ekki fara að telja þau upp. Í raun og veru má segja, að bygging heilbrigðisþjónustunnar sé hér tekin alveg nýjum tökum, yfirstjórninni hagað á aðra lund en áður var. Hér er um að ræða nýja skipan læknishéraða, heilsugæzlustöðvum er komið upp, 26 um allt land. Hér er um að ræða nýja skilgreiningu á sjúkrahúsum og mismunandi tegundum þeirra, um starfsmannaráð og lýðræði við sjúkrahúsin o. s. frv. Hér er ákaflega margt, sem vert væri að ræða, en það eru einkanlega tvö atriði, sem ég ætla að víkja að, sem mér hefur þótt, að væri vert að athuga öllu betur. Ég vil taka það fram, að þetta eru lauslegar hugleiðingar.

Það, sem fyrst kemur fram við lestur, er yfirstjórn heilbrigðismálanna. Hér er um gífurlega mikla „sentraliseringu“ að ræða, þar sem allt er fellt undir einn hatt, þ. e. undir heilbrmrn., og þar er dregið t. d. inn heilbrigðiseftirlitið. Felldar eru niður stöður berklayfirlæknis, skólayfirlæknis o. s. frv. Nú er það ljóst, að svona samþjöppun valds á að leiða til samræmis og hagkvæmni, jafnvel sparsemi eða sparnaðar í yfirsýn yfir allan málaflokkinn. En í staðinn kemur það atriði, sem við nefnum lýðræði, þ. e. að sjálft kerfið verði ekki svo sterklega uppbyggt, að hið lýðræðislega fari forgörðum. Og það er einmitt þetta, sem hér virðist nokkuð á skorta í sambandi við yfirstjórn þessara mála, það er sjónarmið neytendanna, sjónarmið sjúklinganna. Gert er ráð fyrir því, að ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. verði sérmenntaður embættislæknir. Um þetta má náttúrlega deila, en eins og þetta kemur fyrir í frv. tel ég, að þessu sé ofaukið, þar sem enn er gert ráð fyrir, að landlæknir verði starfandi og sérmenntaður embættislæknir. Satt að segja sé ég ekki, hvaða ástæða er til þess að hafa svona tvær húfur, ef svo mætti segja, samhliða. Hér væri án efa nægilegt, að annar hvor maðurinn væri læknir og hinn þá — ja, ef landlæknisembættinu er haldið, þá sé ég ekki ástæðu til þess, að ráðuneytisstjórinn sé sérmenntaður embættislæknir.

Eins og frv. liggur fyrir, þá tel ég, að landlæknisembættið ætti að hverfa. Mig grunar, að það séu tilfinningaleg rök eða söguleg rök læknastéttarinnar, sem vilja halda í þetta embætti sem einhvers konar viðurkenningu á stöðu læknastéttarinnar í heilbrigðisþjónustunni. Ef á að halda landlæknisembættinu, sem mér þykir koma til mála, þá vil ég gera úr honum annan embættismann. Ég vil, að honum verði falið að vera einhvers konar gagnrýnandi um framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar, hann eigi að vera einhvers konar fulltrúi sjúklinganna, neytendanna, þannig að þeir gætu komið málum sínum áfram. Og það er einmitt þetta, sem ég vildi koma að. Það vantar að mínu viti, að fram komi betur en hér gerir í frv. sú þörf fyrir aukna rödd sjúklinganna sjálfra. Og ef það yrði ofan á, þá þætti mér einmitt ráð, að landlæknir væri slíkur aðili, hefði vakandi auga á því, hvernig sjúkrahúsmál og heilbrigðisþjónusta færu úr garði, svo að sjúklingar og aðrir gætu leitað til hans til þess að fá ábendingar eða leiðréttingar sinna mála. Ef þetta yrði þannig, þá mundi fást þarna eitthvert mótvægi gegn þessari miklu samþjöppun valds, sem virðist stefnt að með frv. Og ég tel, að landlæknir ætti sem sagt að fá hér aðra stöðu og starf hans ætti að vera skilgreint á aðra lund en hér er gert, ef á að halda í þetta embætti.

Hér er sett upp Heilbrigðisráð Íslands og ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins. Það er dálítil hætta á, að þegar sami maðurinn er ráðuneytisstjóri og formaður Heilbrigðisráðs, sem á að vera ráðgefandi nefnd, þá er eiginlega ráðuneytisstjórinn farinn að gefa sjálfum sér ráð, ráðleggingar, hvernig hann eigi að gefa ráðh. ráð. Er þetta ekki dálítið ofhlaðið? Væri ekki betra, að t. d. sæti ráðuneytisstjórinn á þessum fundum og hefði þar tillögurétt? Ég sé enga ástæðu til þess, að það sé endilega ráðuneytisstjórinn, sem sé formaður Heilbrigðisráðs.

Það er sagt frá því hér í 34. gr., hvernig eigi að veita læknisstöður, og það er sagt frá því, að einn maður sé skipaður af ráðh. án tilnefningar í nefnd, sem þar um ræðir, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Ég veit nú ekki, hver yrði skipaður af ráðh. í slíka nefnd til þess að ákveða hæfni umsækjenda, en afskaplega væri það óskemmtilegt, ef ráðuneytisstjórinn yrði einnig formaður þessarar nefndar. Þá mundi hann sjálfur meta hæfni umsækjenda, vera formaður í Heilbrigðisráði Íslands og vera sjálfur ráðuneytisstjóri. Þá fer þetta að verða dálítið einum um of. En um þetta skal ég ekkert fjalla frekar. Ef ég dreg þetta nú saman, sem ég vildi sagt hafa, þá vantar, að hlutur sjúklinga og ábyrgð lækna sé tryggð nægilega í yfirstjórn heilbrigðisþjónustunnar. Ég get sagt það hér til skemmtunar mönnum, að það má heita, að talað sé um lækna í hverri grein. Það er talað kannske í fimm eða sex greinum um, hvað læknar eigi að fá. Þeir eiga að fá bifreiðastyrki, ferðastyrki, námsstyrki, yfir á þá að byggja hús o. s. frv., en ég hef ekki rekizt á orðið sjúkling í frv. Með þessu er ég ekki að segja, að þetta sé

með öllu óeðlilegt. En ég hygg, að þetta stafi einmitt af því, að það eru læknar, sem standa að þessu, og við verðum líka að hyggja dálítið að því, að hér þarf einmitt að tryggja stöðu sjúklingsins í þessu kerfi öllu saman.

Varðandi læknishéruðin kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, að þau eru talin átta og að Vestmannaeyjahérað með nokkur þúsund manns skuli hafa þá sömu stöðu í frv. og Reykjavíkurhérað, sem er með yfir 100 þús. manns, alla leið frá Herdísarvík að Hvalfjarðarbotni. Úr því að þetta eru nú hliðstæðir embættismenn, a. m. k. launalega, þá hlýtur þetta að vera gerólíkt starf. Ég hef nú ekki komið auga á það, af hverju þetta þurfi endilega að vera með þessum hætti. En þetta eru einmitt svona lauslegar hugleiðingar um atriði, sem maður áttar sig kannske betur á síðar meir.

Varðandi héraðslækna, sem eiga að vera einhvers konar stjórnendur í læknishéruðunum átta, þá er kveðið svo á, að þeir hafi ekki skyldu til almennra læknisstarfa, nema svo sé fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til. Mér finnst dálítið langt gengið, þegar læknar mega ekki grípa til hendinni til læknisstarfa, nema þeir fái sérstaka heimild frá landlækni. Að vísu þekki ég ekki nógu vel þessa embættislækna eða stöðu þeirra, en mér sýnist eins og verk þeirra verði veruleg stjórnunarstörf og skýrslugerðir. Þá er spurningin, hvort við þurfum svona dýra starfskrafta í það. Ef þessir sömu menn mega hvergi koma nærri sjálfum læknisstörfunum, er þetta þá ekki dálítið í lagt fyrir þessa þjóð að halda uppi slíkum embættislæknum? Ég hygg, að það væri ekki slæmt fyrir þessa embættislækna að hafa eitthvert verulegt samneyti við fólkið, verða ekki bara „kontóristar“, sem gefi nákvæma skýrslu til landlæknis eða rn.

Um heilsugæzlustöðvarnar 26 að tölu vildi ég aðeins segja þetta: Hér er um að ræða grundvallarbreytingu, og hér er færzt mikið í fang, og kostnaður mun vafalaust verða geysimikill. Hæstv. heilbrmrh. minntist á, ef ég man rétt, 700 millj., en við vitum nú vel, að þetta kemur til með að kosta vafalaust meira, ef að líkum lætur. Ég hefði talið eðlilegt að ráðast ekki í það í einni svipan að byggja svona margar heilsugæzlustöðvar. Ég hefði talið skynsamlegt að byggja svona 6—7 heilsugæzlustöðvar og fá verulega reynslu af þeim. Í fyrsta lagi, hvernig reynast þessar heilsugæzlustöðvar, þessar læknamiðstöðvar? Við vitum, að þessi hugmynd um læknamiðstöð hefur átt miklu fylgi að fagna hjá læknum sjálfum, en það vantar reynslu á þetta fyrirbæri, og aðstæðurnar geta breytzt í þjóðfélaginu. Það geta komið upp ýmsar hugmyndir aðrar á reynslutímabilinu, sem gera það kannske ástæðulaust að koma upp svona dýru og viðfeðmu fyrirkomulagi í einni andrá. Ég hefði talið miklu heppilegra, eins og ég segi, að fá svona fimm ára reynslu á nokkrar stöðvar og síðan fikra sig áfram.

Ég vil líka benda á það, að í 36. gr. segir, að ráðh. láti gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkv. 17. og 27. gr., og gera skal áætlun 10 ár í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti. Þetta er auðvitað alveg rétt. Það er reynt að gera áætlun um heilbrigðisstofnanirnar, og það væri þá alveg í þeim anda að gera fyrst áætlunina og framkvæma síðan stig af stigi en ekki byrja strax á því að reisa þessar 26 heilsugæzlustofnanir. Ég tel rétt, að það sé í þessu þróun, en ekki stökkbreyting að þessu lagi. Og það gæti sparað þjóðinni e. t. v. of fjár, ef reynslan kenndi okkur viss atriði, sem vert væri að fara eftir og taka upp.

Ég skal ekki tefja lengur við þetta. Það er hér sitthvað, sem ég gæti minnzt á, en skal ekki víkja að sinni. Þetta mál verður hjá heilbr.- og félmn. og verður fjallað um það þar, en eins og ég hef tekið fram, þá eru í þessu mörg ágæt nýmæli, en hér þarf auðvitað að huga að mörgu engu að síður.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. úr hófi fram. Hér hefur komið fram, að það frv., sem hér er til umr., er ekki ætlunin að afgreiða að sinni frá hv. d. og það verður hér í skoðun áfram. Auk þess hefur hér verið mikið um frv. rætt almennt, þannig að ég mun ekki orðlengja það frekar.

Það var einkum eitt atriði, sem ég vildi aðeins gera hér að umtalsefni og sem var ástæða til þess, að ég kvaddi mér hljóðs. Það er það, að ég tel, að í þessu frv. sé ekki nægilega vikið að atriði, sem ég benti hér á á fyrstu vikum þingsins, að þyrfti að gera, og fylgdi raunar eftir með sérstöku frv. á þskj. 81, frv. til l. um breyt. á lögum um læknishéraðasjóði. Það er víða mjög brýn nauðsyn á því að geta gert öryggisráðstafanir í læknislausum byggðarlögum, þar sem svo er háttað, að erfiðar samgöngur eru á vetrum og veður válynd, þannig að oft er ekki hægt að komast undir læknishendur eða í sjúkrahús, nema það séu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess. Ég sé, að í þessu frv. eru teknar upp ýmsar þær hugmyndir, sem fram eru settar í frv. mínu. Það er m. a. hér gert ráð fyrir í 45. gr. stofnun eða eflingu læknishéraðasjóðanna og sagt fyrir um hlutverk þeirra, og í 43. gr. er svo að orði kveðið:

„Rn. gerir í samráði við samgrn. og dóms- og kirkjumrn. (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) áætlun um, hvernig bezt og ódýrast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis.“

Hér vil ég gera þá aths., að það er raunar auðsætt af þessari grein, að hér eru læknar fyrst og fremst að hugsa um að komast til sjúklinga frá heilsugæzlustöðvunum og vandlega gengið fram hjá því, eins og hv. 3. landsk. þm. komst svo skemmtilega að orði, að nefna orðið sjúkling í þessari grein. Hér er ekki verið að hugsa um, að sjúklingar komist undir læknishendur á þeim stöðum, þar sem engir læknar eru og samgönguleysi er, heldur er eingöngu fjallað um málið frá sjónarhóli læknanna, að þeir komist í reglubundnar vitjanir til fólks. En það er nú einu sinni svo, að slys og bráðasjúkdómar fara ekki eftir fyrir fram gerðri áætlun, heldur verða bara allt í einu, og þá er snöggtum eðlilegra að hugsað

sé fyrir því, að slíkir sjúklingar komist undir læknishendur, en að læknar komist í reglubundnar vitjanir til þeirra byggðarlaga, sem svo er ástatt um. Ég tel mjög brýna nauðsyn á því að bæta hér við 43. gr. einhverri mgr., sem kvæði á um þetta atriði, ef hv. heilbr.- og félmn. getur ekki fallizt á að afgreiða mitt frv., sem um þetta fjallar.

Ég hef t. d. látið mér detta í hug, að svona viðbót við 1. mgr. 43. gr. gæti komið:

Enn fremur gerir heilbrmrn. áætlun í samráði við framangreinda aðila um ráðstafanir til þess að auðvelda sjúkraflutninga til sjúkrahúsa, einkum frá byggðarlögum, sem búa við læknisleysi. Við framkvæmd slíkra áætlana er heimilt að verja fé úr Læknishéraðasjóði, sbr. 45. gr., samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Ég tel, að hér sé mjög brýnu máli hreyft og víða geti svo farið þegar á hausti komanda, að gera þurfi þessar ráðstafanir til þess að auðvelda sjúklingum að komast undir læknishendur í þeim byggðarlögum, sem erfiðast eiga um samgöngur og búa við læknisleysi, og ég taldi eðlilegt að hreyfa þessu enn hér, ef hæstv. ráðh. og hv. heilbr.- og félmn. vildu ljá þessu máli lið.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 27. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. heilbrmrh. hefur flutt frv. þetta. Byrjað var að vinna að þessu máli í tíð fyrrv. ráðh. og því starfi hefur verið haldið áfram, eins og frv. ber með sér, og er vonandi, að Alþ. takist að afgreiða málið, svo að sem flestir geti vel við unað.

Ég vil einnig láta í ljós mikla ánægju með ýmis þau ummæli, sem hæstv. heilbrmrh. hafði í framsöguræðu sinni um þróun heilbrigðismála undanfarin ár, alveg sérstaklega það, sem hann sagði um þróun heilbrigðismála á s. l. áratug, 1960—1970, sem hann tiltók. Þau ummæli báru þess sanngjarnan vott, að á því árabili hefði orðið stórstíg framför í heilbrigðismálum, og er vonandi, að svo geti áfram orðið.

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að mæla fyrir einni brtt. og gera þar að auki eina efnislega aths. Á þskj. 594 flyt ég ásamt hv. 4. þm. Vesturl. brtt., sem er við 17. gr. Í 17. gr. er gert ráð fyrir því, að heilsugæzlustöð, ein af fjórum á Vesturlandi, sé í Stykkishólmi, og skuli starfssvæði hennar vera Miklaholtshreppur á sunnanverðu Snæfellsnesi, Eyrarsveit, þ. e. allt Snæfellsnesið frá Búlandshöfða og austur úr, síðan Dalir allir og að auki verulegur hluti af Barðastrandarsýslu. Við teljum, að þetta sé of stórt svæði og landfræðilegar aðstæður séu þannig, að það sé mjög varhugavert að ætla að hafa svo stórt starfssvæði fyrir eina heilsugæzlustöð. Við höfum því lagt til, að þarna yrðu tvær slíkar stöðvar, önnur í Stykkishólmi og hin í Búðardal.

Þegar nánar er athugað, eru miklir samgönguerfiðleikar á þessu svæði, og er t. d. ekki óalgengt um vetur, að ófært sé frá Búðardal til Stykkishólms, en gæti hins vegar verið fært frá Búðardal suður í Borgarfjörð, þar sem önnur slík stöð er. Þegar athugað er, hversu langt það er fyrir Austur-Barðstrendinga að sækja alla leið til Stykkishólms, er augljóst, að hér er um erfitt mál að ræða. Þá hefur komið fram hjá Dalamönnum mjög mikill áhugi á þessu máli, og liggur þegar fyrir, að þeir eru reiðubúnir að stuðla að því með ýmsu fleiru en fögrum orðum, að heilsugæzlustöð geti verið í Búðardal. Ég vil vænta þess, að sú n., sem málið fær, og aðrir þeir, sem um málið fjalla, þangað til það verður afgreitt, taki þetta til vinsamlegrar athugunar.

Þá vil ég leyfa mér, herra forseti, að varpa fram einni efnislegri ábendingu. Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri meginbreytingu á heilbrigðiskerfi Íslendinga, að fellt er niður hið viðtæka kerfi héraðslækna, sem við höfum haft í marga áratugi, en í þess stað koma heilsugæzlustöðvar og embætti einstakra lækna á ýmsum stöðum á starfssvæðum stöðvanna. Það má því segja, að þetta kerfi, heilsugæzlustöðvar, komi í staðinn fyrir héraðslæknana, sem áður voru. Engu að síður er gert ráð fyrir því, að hér á landi verði átta héraðslæknar, og eiga þeir samkv. frv. að vera sérmenntaðir embættislæknar. Nú hefur meginvandi okkar í þessum málum, svo sem margra annarra þjóða, verið að fá lækna til þess að setjast að í dreifbýli og starfa þar. Gert er ráð fyrir því, að þessir héraðslæknar hafi aðsetur í heilsugæzlustöðvum. M. ö. o., þeir eiga að hafa aðsetur á stöðum, þar sem fyrir eru a. m. k. tveir aðrir læknar. Ég vildi varpa því fram, hvort sú kerfisbreyting, sem hér er á ferðinni, gerir það nauðsynlegt, að þessir embættismenn, héraðslæknarnir, þurfi að vera sérmenntaðir læknar. Þetta er orðið að verulegu leyti stjórnunarstarf. Þar að auki eiga þessir embættismenn að starfa á stöðum, þar sem eru a. m. k. tveir læknar í heilsugæzlustöðvunum, og virðist því, að þar ætti ekki að vera skortur á fræðilegri kunnáttu til þess að líta á þau vandamál, sem kynnu að koma upp. Ef það reyndist vera við nánari athugun mögulegt að láta menn, sem ekki væru fullmenntaðir læknar, annast þau stjórnunarstörf, sem verða sennilega meginþættir í starfi þessara sérstöku embættislækna, þá mundum við losa átta lækna, sem væntanlega eru fúsir til þess að starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég varpa þessu fram til umhugsunar. Ég hef ekki nægilega þekkingu á þessum málum til þess að kveða upp um það neinn úrskurð. Ég er reiðubúinn til að láta sannfærast, ef mér verður bent á, að þessi hugmynd sé óframkvæmanleg.

En varðandi læknishéruðin og héraðslæknana vil ég þó að lokum taka það fram, að í þeim efnum álít ég, að Reykjavíkursvæðið hafi algera sérstöðu, og ég vil því undanskilja það þeim hugleiðingum, sem ég hef hér varpað fram.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um heilbrigðisþjónustu og læknamál. Fjölmargar till. hafa verið fluttar til að reyna að fá fleiri lækna til landsins og til starfa úti á landsbyggðinni. Löggjöf hefur hvað eftir annað verið aukin og endurbætt. Ríkisstj. og alþm. hafa lagt sig fram um að reyna að ráða bót á þessum vanda. Forustumenn byggðanna, sveitarstjórnir og sýslu-

nefndir, hafa lagt allt kapp á að búa sem bezt í haginn fyrir læknana, sem ekkert mannlegt samfélag getur án verið. Það má segja, að öllum brögðum hafi oft og tíðum verið beitt í þessu skyni, og mætti segja af því ýmsar sögur. Árangur hefur verið misjafn. Víða um land er ástandið óviðunandi. Það er svo langt til læknis, að fólk telur öryggi sitt og velferð í veði.

Hér er til umr. frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem unnið hefur verið að s. l. tvö ár. Með því fylgir að sjálfsögðu almenn grg. auk sérstakrar sköpunarsögu. Þá er og gerð grein fyrir veigamestu nýmælum frv. Eitt þeirra er till. um nýja og mjög breytta skipan læknishéraða í landinu. Sem betur fer ætti að gefast tóm til að athuga hin nýju ákvæði frv. nánar og nokkuð vel, þar sem þeim er ekki ætlað að taka gildi á þessu þingi. Verður þá unnt að kanna betur viðhorf læknanna sjálfra til þessa máls, svo og íbúa hinna einstöku héraða. Er því ekki ástæða til að ræða málið mjög mikið að sinni, en þó rétt að varpa fram einsfaka aths.

Góðra gjalda verð er sú stefnuyfirlýsing, sem sett er fram í 1. gr. frv., að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Spurningin er aðeins á hvern hátt þessu marki verði sem bezt náð. Nokkur atriði, en örfá, skulu nefnd, sem miklu máli skipta að mínum dómi. Það þarf að efla læknadeild Háskóla Íslands þannig, að þeir stúdentar, sem hafa getu og vilja til læknanáms, eigi kost á að nema læknisfræði hér á landi. Náminu sjálfu þarf að haga þannig, að það beinist meira að almennri læknisfræði heldur en hingað til, en ekki eingöngu að þeirri sérfræði, sem bæði læknar og aðrir nefna oft sín á milli bæði í gamni og alvöru að „vita meira og meira um minna og minna". Læknisfræðinámið er að vísu bæði langt og strangt og þar af leiðandi dýrt. Vel lærður læknir er því mjög dýr maður. Offjölgun kynni þó að verða í stéttinni við eflingu læknadeildar. Það á þó ekki að vera hundrað í hættunni. Menntun lækna er alþjóðleg. Íslenzkir læknar hafa hvarvetna staðið fyrir sínu á erlendum vettvangi. Þau eru ekki svo mörg verðmætin, sem við getum miðlað öðrum þjóðum, að ekki er nema gaman og gott að geta hlaupið undir bagga með nágrannaþjóðum og frændþjóðum á þessu sviði, sem svo alhliða beinist að þjónustu við lífið sjálft.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að allmargir læknar starfi enn einir sér úti um dreifbýlið. Segja má því, að þeir verði einir á vakt, svo sem víða hefur tíðkazt hingað til, allan sólarhringinn, eins og oft er sagt. Alveg sérstaklega þarf að búa svo um hnútana, að þessir menn geti gengið að því vísu, að þeir komist í gott árlegt leyfi frá störfum a. m. k. til eðlilegrar hvíldar og sjálfsagðrar endurnæringar. Kjör lækna og allan aðbúnað að öðru leyti er stöðugt verið að bæta. Í því efni gengur maður undir manns hönd alls staðar, þar sem ég þekki til, og sparar hvorki fé né fyrirhöfn, ef takast má að fá góðan lækni í byggðina. Þetta hefur stundum gengið erfiðlega. Stundum hafa menn orðið að bíða eftir lækni, stundum verið læknislausir. Við fögnum því, þegar við náum í góðan lækni, búum eins vel að honum og unnt er á allan máta. Þegar hann hverfur til annarra starfa, óskum við honum góðs gengis og förum eftir þeirri gömlu reglu eða hverfum að henni, „að alltaf má fá annað skip og annað föruneyti".

Frv. gerir ráð fyrir því, að Vesturlandshérað nái allt frá Hvalfjarðarbotni í Vatnsfjörð á Barðaströnd. Þetta er stórt svæði. Læknissetur eins læknis skal vera í Búðardal, segir í 18. gr. Þar hefur verið læknislaust tíma og tíma undanfarin ár. Ég hygg, að erfiðleikar þeir, sem komið hafa í ljós við að fá héraðslækni til frambúðar í Búðardal, stafi m. a. af því, að þeir læknar, sem þangað hafa farið, hafa yfirleitt í seinni tíð mátt búast við því, að þeir hafi orðið að annast þjónustu í Austur-Barðastrandarsýslu jafnframt, vegna læknisleysis í Reykhólahéraði. Þá koma löng og erfið ferðalög til sögunnar, sem menn geta ekki sætt sig við og eru mörgum erfið. Á hinn bóginn telja margir, að slík samvinna milli umræddra héraða væri eðlileg og sjálfsögð, ef tveir læknar sætu í Búðardal, m. ö. o. ef þar yrði heilsugæzlustöð. Að því lýtur brtt. sú, sem við flytjum, hv. 8. landsk. þm. og ég, á þskj. 594. Skoðun manna heima fyrir er sú, að þetta sé eitt stærsta öryggismál héraðsbúa, a. m. k. í Dalahéraði. Til styrktar þeirri staðhæfingu má geta þess, að Sparisjóður Dalasýslu, sem nú ráðstafar nær öllum vaxtatekjum sínum árlega til almannaheilla og í þágu héraðsbúa, hefur s. l. tvö ár ákveðið, að það fé renni til byggingar heilsugæzlustöðvar í Búðardal. Og það vill einmitt svo til, ef ég man rétt, að í þessum till. ábyrgðarmannanna hefur einmitt þetta orð verið notað, heilsugæzlustöð. Um þetta hafa allir ábyrgðarmenn verið á einu máli. Þessi byggingarsjóður er þegar orðinn allt að hálfri millj. kr., að vísu ekki stór fjárhæð, en vaxandi ár frá ári og segir meira en orðin ein. Ég vænti þess, að umrædd brtt. verði tekin til sérstakrar athugunar ásamt frv. í heild. Nú er sumarið fram undan, þing lækna og ráðstefnur, sem vafalaust taka þetta mál til meðferðar í heild. Þess vegna hef ég ekki fleiri orð um það að sinni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ætlað að láta þetta mál fara fram hjá mér í þetta sinn, þar sem frv. á að bíða til næsta þings og vera til athugunar hjá þm. og landsbúum í sumar. En það var af sérstökum ástæðum, að mér datt í hug að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, og það var hv. 3. landsk. þm., sem vakti mig í gær, þegar hann lýsti furðu sinni á því, að Vestmannaeyjar skyldu vera sérstakt læknishérað. Ég held, að að athuguðu máli muni jafnsanngjarn maður og hv. 3. landsk. þm. er sannfærast um það, að það er eðlilegt, að Vestmannaeyjar séu sérstakt læknishérað. Það hefur oft verið erfitt að fá „praktiserandi" lækna til Vestmannaeyja, en það hefur alltaf fengizt þangað héraðslæknir. Og þess vegna er það mikil trygging fyrir íbúa Vestmannaeyja, að þetta verði sjálfstætt læknishérað áfram. Og mér þykir ástæða til að benda hæstv. heilbrmrh. og öðrum nú þegar á þetta, vegna þess að það er enginn vafi á því, að bæði þm. og landsmenn allir

munu hugsa um þetta mál, þangað til það verður tekið fyrir aftur á næsta þingi. Og ég verð að segja það, að mér finnst það ágætt og vera til fyrirmyndar, að þetta mál, eins stórt og það er, skuli lagt fram nú, án þess að ætlazt sé til, að það verði keyrt í gegn á sama þingi og það er sýnt. Þetta er svo stórt mál, að það þarf sinn tíma til athugunar. Það er að vísu rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, að þetta frv. er framhald af athugunum, sem hafa lengi staðið. En eigi að síður er það sannfæring mín, að þetta frv. eigi eftir að breytast. Og ég skildi hæstv. heilbrmrh. þannig, að hann gerði einnig ráð fyrir því, að allmiklar breytingar gætu orðið á frv.

Það er eðlilegt, að rætt sé um heilbrigðisþjónustuna. Hún hlýtur að vera dýr í okkar landi eins og hún er alls staðar, þar sem miklar kröfur eru til hennar gerðar. Við Íslendingar gerum miklar kröfur til heilbrigðisþjónustunnar, og það hefur verið viðurkennt, að heilbrigðisþjónusta hér á landi er tiltölulega góð, enda þótt hún geti í mörgum atriðum staðið til bóta. Það er ánægjulegt að lesa alþjóðaskýrslur, sem sýna það, að meðalaldur Íslendinga er einn sá hæsti og heilbrigðisástand hér með því bezta. Barnadauði hér er einn sá minnsti, sem gerist hjá menningarþjóðum, o. s. frv. Þetta er vegna þess vitanlega, að við höfum tiltölulega góða heilbrigðisþjónustu, við höfum tiltölulega góða lækna. En allt stendur til bóta, og í strjálbýlinu hefur þetta vitanlega verið mjög erfitt, vegna þess að það hefur verið mjög miklum erfiðleikum bundið að fá lækna til þess að fara út á land.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að komið verði upp heilsugæzlustöðvum, þar sem tveir læknar starfa saman, en ekki einn. Það er enginn vafi á því, að þetta er það, sem verður í framtíðinni, enda þótt erfitt verði að koma því við alls staðar vegna strjálbýlis. Þess vegna er gert ráð fyrir 10 stöðum, þar sem situr aðeins einn læknir. Hv. þm. Vesturl. hafa flutt brtt. í þá átt, að aðsetur lækna verði víðar en gert er ráð fyrir í frv. Ég fyrir mitt leyti læt mér detta í hug, að Vestur-Skaftfellingar austan Mýrdalssands verði ekki ánægðir með það, að Kirkjubæjarklaustrshérað verði lagt niður, enda þótt það hafi verið miklum erfiðleikum bundið undanfarið að fá lækni til þess að vera þar, — síðustu árin hafa aðeins verið þar menn komnir yfir sjötugt, sem áttu að vera hættir læknisstarfi, en þeir ágætu menn hafa dugað vel og reynzt vel, — og það má segja, að það sé kannske til lítils að vera að hafa í lögum embætti, sem ekki fæst neinn maður til að gegna. Ég tel alveg sjálfsagt, að þm. kynni sér þetta mál rækilega, ræði það við lækna í kjördæmunum og við fólkið í kjördæmunum. Og ég tel eðlilegt, að þm. Sunnl. ræði það við Vestur-Skaftfellinga, hvort þeir vilji una því, að læknishéraðið austan sands, þar sem eru fimm hreppar, verði ekki lengur til og það verði heilsugæzlustöð í Vík og öllum íbúum austan sands verði ætlað að sækja læknisþjónustu til Víkur. Mér finnst einnig, að athuga þurfi, hvort það sé ekki réttlætanlegt að hafa heilsugæzlustöð í Vík, enda þótt gert væri ráð fyrir læknissetri á Kirkjubæjarklaustri. Ég hugsa líka til þess, að íbúar Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar verði ekki ánægðir með að sjá, að það á að taka lækninn af þeim og þeir eiga að sækja læknisþjónustu að Selfossi. Þetta þarf allt að ræða og þetta þarf allt að athuga. Það hefur aldrei verið erfiðleikum bundið að fá lækni í Hveragerði eða á Eyrarbakka, og það kemur til athugunar, hvort það sé ekki réttlætanlegt, með tilliti til þess að fólkinu er að fjölga á þessu svæði, að hafa lækna áfram á Eyrarbakka og í Hveragerði, enda þótt heilsugæzlustöð á Selfossi komi. Mér finnst ekki eðlilegt, að menn geti svarað slíku án þess að hafa athugað það rækilega og borið sig saman við íbúa héraðanna.

Það eru breyttir tímar. Það var hérna fyrrum, að læknishéruðin voru stór. Þá mátti segja, að illa væri farið með héraðslæknana, þegar þeir þurftu að ferðast á hestum um vegleysur og yfir óbrúuð vötn. Og þeir máttu aldrei hvíla sig, enda entust þessir menn illa og fórnuðu sér alveg fyrir almenning. Við, sem erum komnir yfir miðjan aldur, munum líka hvernig farið var með héraðslækna, eftir að vegir voru komnir og brýr á vötnin. Ég man eftir því, þegar Rangárvallasýsla var eitt læknishérað, að læknirinn var á þönum oft allan sólarhringinn að gegna sinni skyldu. Þessir menn entust ekki vel, og það er ekki til fyrirmyndar, sem þá gerðist, og það vill enginn endurtaka það. Nú er Rangárvallasýsla tvö læknishéruð og þeir hafa áreiðanlega nóg að gera, enda er nú miklu meira leitað til lækna heldur en gerðist í gamla daga.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira um læknana, eins og störfum þeirra var háttað áður, en allt stendur þetta til bóta. Nú hefur verið rætt talsvert um, að það sé of vel gert við lækna og þetta frv. bjóði upp á alls konar friðindi og miklar tekjur, sem sé í rauninni alveg óforsvaranlegt. Ég vil ekkert fullyrða um slíkt á þessu stigi málsins. Mér finnst, að þetta sé matsatriði, sem þurfi að athuga og skoða frá fleiri en einni hlið. Og það er rétt, sem hér var sagt áðan, að læknanámið er dýrt, það er langt og það er strangt. Það er ekkert víst, að það séu alltaf gáfuðustu stúdentarnir, sem fara í læknisfræði, en eitt er víst, að þeir komast ekki gegnum það nám nema leggja hart að sér og hafa áhuga á því. Það getur vel verið, að sumir þessir stúdentar fari í læknanám af hugsjón einni saman. En við skulum reikna með því, að þeir séu mannlegir og annar þátturinn sé sú von að geta komizt í vel launað starf um leið og þeir geti gert þjóð sinni gagn með því að lækna sjúka og mædda. Og mér finnst það nú satt að segja ekkert óeðlilegt, þó að þeir, sem leggja þannig hart að sér í löngu og ströngu námi og eru komnir á fertugsaldur, þegar þeir hafa lokið því, og hafa oft stofnað til mikilla skulda, þótt þeir fengju betur launað starf á eftir heldur en aðrir, sem minna hafa kostað til. Ég lít nú þannig á, að þetta þurfi að hafa svona á bak við eyrað um leið og dómur er lagður á það, hvort læknum séu boðin allt of góð kjör.

Þá ber einnig að líta á það, þegar talað er um hálaunastéttir hér á landi, að ríki og sveitarfélag taka nú kúfinn af launum, og launajöfnuður hér á landi er miklu meiri en nokkurs

staðar annars staðar. Ætli það séu ekki nálægt því 60% af nettótekjum, sem fara í skatta? Samkv. nýju skattalögunum tekur ríkið 44%, sveitarfélagið tekur 11% af bruttótekjum. Og svo koma náttúrlega fasteignaskattar, ef maðurinn á íbúð eða hús, og þá held ég, að hann fari nú að nálgast 60%, skatturinn. Og þá minnkar bilið vissulega mikið hjá þeim manni, sem kallaður er hálaunamaður, og hinum, sem kallaður er láglaunamaður. Við skulum viðurkenna, að læknisstarfið er mikið ábyrgðarstarf og að við getum ekki verið án þessara manna. Og það er nauðsynlegt, að alltaf fari hæfilegur fjöldi manna í þessi störf.

Einhver minntist á það, eftir að þetta frv. var komið fram, að það ætti að gefa læknunum frí annað hvert ár til þess að þeir gætu farið í það, sem kallað væri námsferðir. Ég hef oft talað við lækna og þeir hafa sagt, að ef þeir ættu ekki að forpokast, þá þyrftu þeir að fara á ráðstefnur, hitta sérfræðinga og kynnast öllum nýjungum í heiminum, og þeir hafa enn fremur sagt, að það væri ekki nóg, að þeir þyrftu að vinna langan vinnudag á sjúkrahúsum eða í sjúkravitjunum, heldur þyrftu þeir, þegar almennur borgari hallar sér og fer að sofa, þá þyrftu þeir að lesa 1—2 klukkutíma á hverju kvöldi vísindarit og halda áfram að læra, ef þeir vildu fylgjast með. Og þess vegna er þessu langa læknisnámi í raun og veru aldrei lokið, vegna þess að ef þeir ætla að vera starfi sínu vaxnir, þá þurfa þeir að fylgjast með öllum nýjungum í heiminum. Ég er þess vegna í miklum vafa um, að þetta frv. bjóði læknum upp á of góð kjör. En ég er í hópi þeirra, sem vilja gera miklar kröfur til þessara manna, og ég vil, að heilbrigðislöggjöfin hér á landi verði þannig, að allir landsmenn, hvar sem þeir búa, eigi þess kost að njóta fullkominnar læknisþjónustu, það er ekki hægt að sætta sig við annað. Við erum í strjálbýlu landi og tiltölulega stóru og þess vegna er eðlilegt, að það sé erfiðleikum bundið að koma þessum málum þannig fyrir, að þetta megi verða. Þess vegna er eðlilegt, þegar verið er að endurskoða heilbrigðislöggjöfina, að það þurfi tíma til þess að skoða hana til þess að fá það bezta út úr því.

Í þessu frv. eru mörg nýmæli, og ég skammast mín ekkert fyrir að segja frá því, að ég hef ekki enn lesið þetta frv. svo rækilega, að ég sé búinn að mynda mér rækilega skoðun um öll atriði þess. En mér sýnist, að það séu nokkur atriði og nokkuð mörg, sem geti staðið til bóta í sambandi við þetta frv., það séu þó önnur, sem geti orkað mjög tvímælis, og það séu nokkur atriði, sem þurfi jafnvel að taka í burt. En út í það ætla ég ekki að fara að þessu sinni, þar sem þetta mál á ekki að ræða til fulls á þessu þingi. Mér finnst aðalatriðið, ef við getum markað stefnuna í heilbrigðismálunum þannig, að við getum gert okkur grein fyrir því, hver hún á að vera, og fundið þann punkt, sem við ætlum að stöðva okkur á. Það er miklu meira atriði heldur en það, hvort við getum sett löggjöfina einu árinu fyrr eða seinna. Það er það, sem við þurfum að koma okkur niður á, hvernig við getum komið þessum málum sem bezt fyrir, þannig að það verði ekki óhóflega dýrt, þannig að allir landsmenn geti notið fullkominnar heilbrigðisþjónustu og þannig að það verði framkvæmanlegt.

Þetta stórmál, eins og ég áðan sagði, er aðeins lagt hér fram til þess að menn hafi tækifæri til að setja sig vel inn í það, ræða það við lækna, ræða það við fólkið heima í héruðunum og reyna að finna það bezta út úr því. Þetta frv. er lagt fram, að mér skilst, nánast sem umræðugrundvöllur um þetta mikilvæga mál, sem snertir alla Íslendinga. Og ég vil endurtaka það, að mér finnst það gott, að sá háttur er viðhafður að sýna málið á þessu þingi með það fyrir augum, að það verði tekið til endanlegrar afgreiðslu á næsta þingi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Mig langar að koma á framfæri örstuttri aths., því að mér þótti gæta örlítils misskilnings hjá hv. 1. þm. Sunnl. að því leyti, að mér skildist á honum, að ég hefði jafnvel viljað hafa af Vestmanneyingum héraðslækninn. En það hefur náttúrlega aldrei verið ætlunin, eins og öllum hlýtur að vera ljóst, því að það, sem olli því, að ég minntist á héraðslækninn í Vestmannaeyjakaupstað, var einfaldlega það, að ég var að bera saman heildarhéruð. Ég varpaði fram þeirri spurningu, hvort það gæti talizt eðlilegt að hafa einn héraðslækni í Vestmannaeyjum, þar sem væru nokkur þús. manns og einn í Reykjavíkurhéraði, þar sem væru yfir 100 þús. manns. Það fólst alls ekki í þeirri aths., að það ætti að hafa af Vestmanneyingum héraðslækninn, heldur var þetta bara spurning um, hvernig skipulagið ætti að vera, hvort þessi hlutföll væru eðlileg, en að sjálfsögðu ekki, að ég ætli að hafa af Vestmanneyingum héraðslækninn. Ég vil bara aðeins koma þessu fram, því að ég veit, að hv. 1. þm. Sunnl. vill hafa það, sem rétt er og sannast.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. alþm. fyrir mikla þátttöku í þessari 1. umr. um þetta mjög svo mikilvæga mál. Þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa verið áreiðanlega mjög þarflegar og gagnlegar og yfirleitt mjög málefnalegar. Og ég tel, að í þeim hafi komið fram ákaflega mörg atriði, sem þær hv. n., sem eiga eftir að fjalla um málið, þurfa að taka til athugunar í störfum sínum. Ég sagði, að umr. hefðu yfirleitt verið málefnalegar, en ég verð þó því miður að undanskilja þar nokkur ummæli hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen, sem talaði um það hér, að í grg. frv. kæmi fram sýndarmennska og sjálfbirgingur. Síðan fór hv. þm. að reyna að færa rök að þessum orðum sínum, og ég gat ekki orðið var við neinar slíkar röksemdir. Það, sem honum virtist bera vott um sýndarmennsku og sjálfbirging, var það eitt, að þess var getið í grg., að á ýmsum stöðum í frv. væri um nýmæli að ræða, og vissulega er þar um ákaflega mörg nýmæli að ræða, og það hygg ég, að hver einasti maður viðurkenni, sem eitthvað hefur fylgzt með skipulagi og þróun þessara mála. Og í því felst að sjálfsögðu hvorki yfirlæti né sjálfbirgingur. Auk þess sagði þessi hv. þm., að höfundar þessa frv.

virtust þekkja lítið til gildandi laga. Ég verð að lýsa alveg sérstakri undrun minni yfir ummælum af þessu tagi. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, þá er upphaf þessa frv. það, að hér á þingi var samþykkt þáltill. árið 1970, þar sem þáverandi heilbrmrh. var falið að setja á laggirnar nefnd til þess að endurskipuleggja lög um heilbrigðismál. Í þessari nefnd áttu sæti Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Ásmundur Brekkan yfirlæknir og Brynleifur Steingrímsson héraðslæknir, tilnefndir af Læknafélagi Íslands, Tómas Helgason prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. En Jón Ingimarsson skrifstofustjóri heilbrmrn. var ritari nefndarinnar.

Þessi nefnd vann upp allan meginhlutann af því kerfi, sem felst í frv. Sú endurskoðun, sem síðan var framkvæmd á minum vegum, vegna þess að ég þurfti að sjálfsögðu að fá ráðrúm til þess að átta mig á kerfi, sem ég þekkti ekki til þeirrar hlítar, sem höfundar þessa frv. gerðu, hún hróflaði ekki við meginuppistöðunum í þessu frv., þannig að það eru þessir menn, sem ég nefndi áðan, sem þessi hv. þm. vænir um vanþekkingu á gildandi lögum á þessu sviði.

Þessi hv. þm. sagði einnig, að það hefði ekki verið haft samráð við sveitarstjórnir, til að mynda í Reykjaneskjördæmi. Þetta er algerlega rangt. Eins og ég gat um, þá var meðal nefndarmanna Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Hann átti ekki sæti þarna sem neinn einstaklingur. Hann leit á sig sem sérstakan fulltrúa sveitarfélaganna. Og hann starfaði sannarlega líka sem sérstakur fulltrúi sveitarfélaganna, því að þegar þessi nefnd var búin að gera sín drög að frv., þá fékk hann á annað hundrað eintök, sem send voru öllum sveitarstjórnum á Íslandi. Þetta gerðist í aprílmánuði í fyrra, fyrir einu ári. Sumar þessar sveitarstjórnir hafa brugðizt vel við og svarað, og þeirra röksemdir hafa verið grandskoðaðar, og það hefur verið tekið tillit til margra þeirra. Aðrir aðilar hafa verið furðulega seinir að svara. Ég vil t. d. geta þess, að Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur svaraði ekki fyrr en 7. marz nú í vor, þegar frv. var komið í prentun, og tel ég það ákaflega illa farið, því að sjálfsögðu hefði maður viljað taka tillit til álits jafnmikilvægrar stofnunar, og auðvitað verður það gert, þó að svona illa hafi til tekizt og dregizt svona mikið með vinnubrögðin. En sem sagt, mér finnst það algerlega ómaklegt að vera með ádeilur af þessu tagi á þessa ágætu menn, sem frv. sömdu, mér finnst það vera tilefnislaust með öllu og tilraun til þess að búa þarna til ágreining og úlfúð gersamlega að ástæðulausu.

Það hefur verið talað um, að í þessu frv. felist aukið miðstjórnarvald. Það má segja það að vissu leyti, að í því felist það að því leyti til, sem heilbrmrn. er gert að viðtækari og virkari stjórnarstofnun heldur en það er núna. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spurði um það, hvernig yrði háttað heilbrigðiseftirliti, ef Heilbrigðiseftirlitið yrði nú deild í rn. En ég vil minna á það í þessu sambandi, að Heilbrigðiseftirlitið er samkv. gildandi lögum ríkisstofnun, þannig að þarna er ekki um aðra breytingu að ræða en þá, að þessi ríkisstofnun yrði deild í rn. til þess að reyna að samhæfa og samræma störfin eins og skynsamlegt er. En áfram mundu að sjálfsögðu starfa heilbrigðiseftirlitsnefndir í öllum sveitarstjórnum, eins og verið hefur. Og héraðslæknarnir, sem fá þarna nýju hlutverki að gegna og eru náttúrlega mjög virkir í sambandi við heilbrigðiseftirlitið, þeir fengju stóraukna aðstöðu til starfa hver á sinni heilsugæzlustöð, þar sem þeir eiga að hafa aðsetur.

En þó að það sé rétt, að þarna sé um að ræða samþjöppun á valdi á vissan hátt, þá er þarna einnig um að ræða mjög veigamikla valddreifingu og það er fólgið í þessari nýju héraðslæknaskipan. Í 10. gr. segir:

„Héraðslæknir sér um, að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Hann hefur í héraðinu yfirumsjón með öllu heilbrigðisstarfi í umboði rn., bæði á sjúkrahúsum, heilsugæzlustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Hann annast samræmingu heilbrigðisstarfa í héraðinu og er ráðunautur ríkisvaldsins um öll heilbrigðismál héraðsins."

Þarna er ákaflega veigamikill þáttur heilbrigðisþjónustunnar fluttur út í héruðin. Í verki hefur þetta verið í höndum landlæknis og rn. að undanförnu, vegna þess að héraðslæknarnir samkv. núverandi skipan hafa haft svo mikið að gera við sín lækningastörf, að þeir hafa ekki getað sinnt embættisstörfum. Það er ósköp skiljanlegt. En þarna eru menn, sem vinna þessi störf úti í héruðunum, og í því er fólgin ákaflega mikil og ákaflega mikilvæg dreifing á valdi, og ég tel, að þetta sé einmitt forsenda þess, að í héruðunum verði skynsamleg og hagkvæm þróun heilbrigðismála.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir minntist einnig á, að í frv. er talað um, að ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. eigi að vera sérmenntaður embættislæknir, og dró það í efa, að þarna væri farið inn á rétta braut, og þetta hafa fleiri menn gert. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að stjórnsýsla á öllum sviðum í nútímaþjóðfélögum verður æ sérhæfðari og flóknari. Við hinir almennu stjórnmálamenn, sem störfum hér á þingi sem fulltrúar hinna almennu þegna og setjumst sumir í ráðherrastóla og gegnum störfum í stjórnarráðinu, við erum sjaldnast sérfræðingar sjálfir á þeim sviðum, sem við eigum að fjalla um. Þess vegna er það ákaflega mikilvægt atriði fyrir okkur að geta haft okkur til ráðuneytis menn, sem hafa sérfræðina gersamlega á valdi sínu. Við erum vissulega hreyknir af því að ráða yfir vel menntuðum og duglegum sérfræðingum og við þurfum á því að halda, en við megum ekki ofurselja okkur sérfræðingunum heldur. Og einmitt þess vegna tel ég, að við, þessir almennu stjórnmálamenn, verðum að geta átt sérstakan aðgang að sérfræðingum, sem aðstoða okkur í viðskiptum við mjög vel hæfa og menntaða sérfræðingastétt. Ég segi fyrir mig, að ég hefði átt í meiri erfiðleikum, enn meiri erfiðleikum en ég hef átt, að annast verkefni mín í heilbr.- og trmrn., ef ég hefði ekki notið þess, að ráðuneytisstjórinn þar var ákaflega vel hæfur og sérmenntaður læknir. Ég er sannfærður um það

fyrir mitt leyti, að hér er farið inn á rétta braut, og þetta á ekki aðeins við um þetta rn. eitt. Ég er líka þeirrar skoðunar, að þetta eigi við um fleiri rn. Ég held, að ég hafi látið þess getið við 1. umr., að ég er svo heppinn, að í hinu rn., sem ég starfa við, iðnrn., er einnig sérmenntaður maður ráðuneytisstjóri. Ég held, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi líkt þessu við þá kenningu að krefjast þess, að ráðuneytisstjóri í samgrn. hefði meirapróf á bifreið. Mér fannst nú þessi samlíking dálítið langsótt, en ég mundi telja það ákaflega eðlilegt, að ráðuneytisstjóri í samgrn. væri verkfræðingur, og ég er viss um það, að ráðh., sem þar starfaði, hefði ákaflega mikið gagn af því, ef hann hefði sérmenntaðan mann af því tagi í sinni þjónustu.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir taldi, að með þessu frv. væri verið að draga úr heilbrigðisþjónustu þeirri, sem veitt væri í Reykjavík, og taldi, að með þessu væri verið að ganga á hlut Reykvíkinga og það væri verið að fella niður borgarlæknisembættið. Þetta er algerlega rangt. Menn hafa vikið að því margir hverjir, að það sé ákaflega mikill munur á stærð héraða, og það er rétt. Það er ákaflega mikill munur á stærð héraða. Og Reykjavíkurhérað er feiknalega fjölmennt. Engu að síður held ég, að það sé alveg óhjákvæmileg nauðsyn, að Reykjavíkurhéraði í heild, Stór-Reykjavíkursvæðinu, verði stjórnað sem einni heild. Þessi byggðarlög, sem í þessu umdæmi eru, eru orðin svo nátengd, að þau halda áfram að tengjast meir og meir á fleiri og fleiri sviðum, og það verður engin skynsamleg skipan á heilbrigðismálum, nema um þau sé fjallað á þessu svæði sem eina heild. Ég vil t. d. í þessu sambandi minna á það, að á þessu svæði eru helztu sjúkrahús landsins, og þeim er stjórnað af mismunandi aðilum. Það er sjúkrahús, sem heyrir undir ríkisspítalana, það er Landakot, það er Borgarspítalinn. Það er ákaflega mikil og vaxandi nauðsyn, að þessi sjúkrahús taki upp sem allra nánasta samvinnu sín á milli. Við ætlumst til þess, og það gleður okkur ákaflega mikið, að þessi sjúkrahús eru sífellt að auka starfsemi sína, m. a. með því að kaupa dýr tæki. En auðvitað verður að vera um að ræða skynsamlega verkaskiptingu á milli þeirra. Það má ekki reyna að gera sama hlutinn á tveimur stöðum, ef það nægir að gera hann á einum stað. Og það er þetta, sem er hugsunin með því, að þarna verði einn héraðslæknir yfir þessu svæði. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að þessi héraðslæknir verður að hafa miklu meira starfslið en héraðslæknarnir í hinum héruðunum, og að sjálfsögðu kemur það mjög til álita, að þetta starfslið sé á fleiri en einum stað í þessu afar fjölmenna héraði. En að þarna sé um heildarsamræmingu að ræða held ég, að sé óhjákvæmilegt.

En fyrst vikið er að borgarlækninum í Reykjavík, þá vil ég rétt minna á það, hvernig það kerfi er tilkomið. Fram til ársins 1949 starfaði héraðslæknirinn í Reykjavík með sama hætti og aðrir héraðslæknar. Hinn 1. marz 1946 réð Reykjavíkurborg sér núverandi borgarlækni til þess að vera heilbrigðisfulltrúi Reykjavíkurkaupstaðar og ráðunautur bæjarstjórnar og borgarstjóra um heilbrigðismál, og var hann kallaður borgarlæknir. Um þriggja ára bil, 1946—1949, voru því í Reykjavík tveir eins konar embættislæknar, annars vegar héraðslæknir, sem var ríkisstarfsmaður, en hins vegar borgarlæknir, sem var starfsmaður borgarinnar. Með lagabreytingu 1949 á lögum um skipan læknishéraða og lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir var ákveðið, að héraðslæknisstörfunum í Reykjavík gegndi borgarlæknir. Það var þá, sem fækkað var um einn lækni í Reykjavík, en ekki núna. Þá var sem sagt ákveðið, að borgarlæknir í Reykjavík skyldi gegna héraðslæknisstörfunum og skyldi hann skipaður af ráðh. samkv. tilnefningu bæjarstjórnar og taka laun úr bæjarsjóði. Þannig var núverandi borgarlæknir settur borgarlæknir 30. des. 1949 frá ársbyrjun 1950 að telja og skipaður sama mánuð í embætti. Og frá 1953 hefur hann jafnframt verið trúnaðarlæknir Reykjavíkurborgar. Það er í sjálfu sér mjög óeðlilegt, að embættislæknirinn á þessu svæði sé ekki starfsmaður ríkisins, en að sjálfsögðu tel ég það miklu máli skipta, að Reykjavík hafi sérstakan lækni í sinni þjónustu. Ég vil minna á það í því sambandi, að því miður hefur orðið hægari þróun í ýmsum heilbrigðismálum í Reykjavík en vert hefði verið. T. d. hefur borgarstjórn Reykjavíkur ekkert hreyft við því allt til þessa dags að koma upp heilsugæzlustöðvum í höfuðborginni, enda þótt till. um það efni hafi oft verið fluttar. Heilbrigðisyfirvöld landsins hafa aftur á móti byrjað á slíkri starfsemi, eins og menn vita, sbr. heilsugæzlustöðvarnar á Egilsstöðum og í Borgarnesi. En þessi stöðnun í Reykjavík hvað þetta atriði snertir er að minni hyggju æði alvarleg, vegna þess að heimilislæknakerfið hér í Reykjavík hefur smátt og smátt verið að brotna niður á undanförnum árum. Og það hefði þurft að gera sérstakar skipulagsbreytingar á heilbrigðisþjónustunni til að vega gegn þessari þróun.

Um seinustu áramót voru í Reykjavík 17 læknar, sem höfðu fulla tölu sjúkrasamlagsnúmera eða 1750 númer eða fleiri. 11 læknar voru með um 1000 sjúkrasamlagsnúmer og 16 læknar með 500 númer. Svo voru 8 læknar með 100—500 númer, en 110 læknar, sem hafa 45 sjúkrasamlagsnúmer eða minna. En miðað við fulla tölu lækna í Reykjavík þyrfti í raun og veru 32—34 lækna í fullu starfi. Það má því segja, að það sé rúmur helmingur þeirra lækna, sem þyrfti að vera hér í Reykjavík, sem er hér starfandi núna. Og það er vitað, að hér í Reykjavík eru núna 5—7 þús. manns, sem hafa engan heimilislækni, vegna þess að þeir standa ekki til boða. Ég er þeirrar skoðunar, að ástæðan fyrir þessu sé m. a. sú, að hér hefur ekki verið komið upp heilsugæzlustöðvakerfi, og að því tel ég, að þurfi að vinda bráðan bug. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég vilji efna til neinna deilumála á milli Reykjavíkurborgar og heilbrmrn., þvert á móti. Ég er mjög áfram um það, að sem allra nánust og bezt samvinna verði milli Reykjavíkurborgar og rn., og ég fyrir mitt leyti mun gera það, sem ég get, til þess að svo megi verða. En ég vil mótmæla því algerlega, að í þessu frv. eða í störfum rn. hafi nokkurn tíma falizt nokkur árás á Reykjavík eða tilraun til þess að gera

hlut Reykjavíkur minni en hann ætti að vera, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var að gefa í skyn.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir minntist á, að í 16. gr. frv. virtist vanta starfsmann, og spurði, hvort þar ætti ekki að vera ljósmóðir. Ég vil minna á það í því sambandi, að í 20. gr. er gert ráð fyrir því, að heilsugæzluhjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeild. Nú er mér það að sjálfsögðu fullkomlega ljóst, að þessar heilsugæzluhjúkrunarkonur eru ekki til menntaðar eins og er. Þetta er ekki kerfi, sem sprettur tilbúið upp, en þetta er það mark, sem að verður stefnt, og heilsugæzluhjúkrunarkonurnar eiga að sjálfsögðu að gegna þessari þjónustu. Sami hv. þm. spurði að því, hvað við væri átt með félagslegri aðstoð í 22. gr., og virtist halda, að þarna væri um að ræða einhvers konar framfærslu eða einhverja þvílíka aðstoð. En hér er að sjálfsögðu eingöngu hugsað um félagsráðgjafastarf, og við höfum að vísu allt of fáum félagsráðgjöfum á að skipa eins og er, en við þurfum að stefna að því, að félagsráðgjafar fáist til starfa á þessum stofnunum. Hún minntist einnig á það, hvort ekki þyrfti samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög um reglugerðir um heilsugæzlustöðvar o. s. frv., og að sjálfsögðu verður slíkt samráð haft. Ég vil sérstaklega á það benda í þessu sambandi, að í 24. gr. er það tekið sérstaklega fram, að í Reykjavík skuli Heilbrigðismálaráð fara með stjórn heilsugæzlustöðvanna.

Það hefur komið fram hjá ýmsum þm. aths. við staðarval heilsugæzlustöðva, eins og ég bjóst við, og mér kemur það sannarlega ekki á óvart. Það er mikið vandaverk að velja heilsugæzlustöðvum stað og eflaust verður ekki kleift að gera það þannig, að öllum líki. Hér hafa þegar komið fram aths. um nokkur slík atriði, og eins og ég sagði í framsöguræðu minni, tel ég, að þm. þurfi að fjalla mjög nákvæmlega um þau mál hver í sínu héraði og reyna að tryggja sem allra bezta samstöðu um skynsamlega lausn hver á sínum stað. Ef menn koma sér saman um það í héraðinu, hvar heilsugæzlustöðvarnar skuli vera, þá verða breytingar frá þessu frv. áreiðanlega ákaflega auðsóttar. En ég vil fara mjög fram á það við menn, að þeir freistist ekki til þess að gera hugsanlegan ágreining út af því, hvar heilsugæzlustöðvum er valinn staður, að flokkspólitísku máli. Þetta getur ekki á neinn hátt verið flokkspólitískt mál, og það væri illa farið með jafnmikilvægt mál eins og heilbrigðisþjónustu, ef menn ætluðu að fara að nota það sér til pólitísks framdráttar á slíkum forsendum.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson minntist í þessu sambandi á Vopnafjörð. Það hafa verið um það tvær kenningar, hvort ætti að vera heilsugæzlustöð á Vopnafirði eða jafnvel Þórshöfn. Í frv. er gert ráð fyrir því, að heilsugæzlustöðin verði á Þórshöfn, og er fylgt till. Læknafélags Íslands. Þegar slíkar till. eru gerðar, er margt, sem þarf að skoða. Það þarf að skoða, hvernig byggð er háttað og hvernig samgöngum er háttað að vetrarlagi o. s. frv. Það, sem þarna mun hafa skorið úr, er það, að þrátt fyrir allt mun auðveldara fyrir fólk á þessum slóðum að komast til Þórshafnar að vetri til en til Vopnafjarðar, sem er oft ákaflega einangraður staður. En samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að læknir sitji á Vopnafirði, og að sjálfsögðu ber að leggja á það mjög þunga áherzlu, ef þessi skipan helzt óbreytt, að það verði jafnan tryggt, að læknir verði á Vopnafirði, og ég mundi telja mjög nauðsynlegt, að þar yrði einnig hjúkrunarkona. En sem sagt, þetta er atriði, sem ég tel, að þm. eigi að halda áfram að fjalla um.

Ég sé, að hv. þm. Jóhann Hafstein er hér ekki viðstaddur, svo að ég skal ekki halda áfram deilum við hann um ritskoðunarsjónarmið gagnvart sjónvarpi eða þess háttar atriði, en ég vil hins vegar láta þess getið, að ég var sammála mörgum atriðum í ræðu hans og fannst hann fjalla um þau á raunsæjan og skynsamlegan hátt. Og ég vil taka mjög undir það, sem hann sagði í ræðu sinni, að vissulega er það eitt að búa til kerfi og annað, hvað reynslan kann að sýna. Við getum lagt í slíkt kerfi alla þá þekkingu, sem okkur er tiltæk, og alla þá skynsemi, sem við þykjumst ráða yfir, en samt kann reynslan eftir á að leiða í ljós, að okkur hefur missýnzt, og ég dreg það ekki í efa, að þannig kunni að verða um margt í þessu kerfi einnig.

Hv. þm. Stefán Gunnlaugsson flutti hér býsna einkennilega ræðu, þar sem hann sagði, að nú væri hætt að tala um útgerðarauðvald í landinu og annað þess háttar auðvald, sem tíðkaðist að tala um hér áður fyrr, nú væri risin upp ný auðvaldsstétt, og það væru læknarnir. Ég held nú, að ræða af þessu tagi, sem hv. þm. flutti, sé tízkufyrirbæri og ekki bundin við okkar land. Það var svo til skamms tíma, að læknar voru víða dýrkaðir. Það voru skrifaðir um þá ákaflega fallegir eldhúsreyfarar, þeir voru oft aðalpersónur í kvikmyndum og menn töluðu um þá af ákaflega miklum hlýleik. Upp á síðkastið er orðin tízka að hella sér yfir lækna með fáryrðum. Þetta hefur verið gert hér í löndum umhverfis okkur og þetta gerist einnig hér. Ég legg nú ekki mikið upp úr tízku af þessu tagi. Læknar eru menn eins og við hin og misjafnlega gerðir. Samt hygg ég af kynnum mínum af læknum, að mér sé óhætt að fullyrða, að í þeirra hópi sé meira um félagsleg sjónarmið heldur en er yfirleitt meðal landsmanna.

Þessi hv. þm. taldi, að í þessu frv. væri verið að færa þeim ýmis ný forréttindi, ný leyfi frá störfum o. s. frv. Hv. þm. Ingólfur Jónsson minntist á þetta atriði áðan á þann hátt, að ég þarf svo sem engu við að bæta. Ég er sammála því, sem hv. þm. sagði um þetta. En ég vil benda á það, að þar sem sagt er, að héraðslæknar eigi rétt á sex vikna leyfi annað hvert ár til rannsóknarstarfa og námsferða, þá er aðeins verið að tryggja héraðslæknum þann sama rétt og ríkið er fyrir löngu búið að semja um við yfirlækna og sérfræðinga á sjúkrahúsum. Og ég tel, að í því sé ekkert réttlæti, að héraðslæknar eigi ekki að njóta þessa sama réttar. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði, að það er lífsnauðsyn fyrir læknana að geta fylgzt með í störfum sínum. Þarna er um ákaflega örar breytingar að ræða, ákaflega öra þróun, og ef menn

ekki fylgjast með og reyna að vera lifandi í starfi sínu, þá dragast þeir aftur úr og geta ekki gegnt hlutverki sínu svo sem vert væri.

Hv. þm. Stefán Gunnlaugsson minntist einnig á Háskóla Íslands og kom með þá einkennilegu till., að Háskólinn ætti að fara að útskrifa lækna, sem eftir 3—4 ár gætu sinnt almennri heilbrigðisþjónustu úti um landið. Og hann taldi, að þetta væri gert hér í sumum nágrannalöndum okkar. Þetta er alger misskilningur. Mér er kunnugt um, að slíkir læknar, sem læra frumatriði í læknisfræði, eru til í löndum, þar sem heilbrigðisþjónusta er á algeru frumstigi, í löndum eins og t. d. í Kína og í Vietnam. Þar hafa menn farið inn á þessa braut til þess að bæta úr sárustu vandræðum, og það er ákaflega skiljanlegt. En í gjörvallri Vestur-Evrópu er þetta fyrirbæri ekki til, og engum manni hefur dottið það í hug, svo að ég viti. Að vísu tala menn um nauðsyn þess að stytta læknisnámið, og ég hygg, að Bretar hafi náð einna lengst á því sviði. En samt tekur það 5—6 ár í Bretlandi að mennta lækni. Og ég held, að það væri ákaflega einkennilega að farið, ef það ætti að fara að búa til einhverja sérstaka tegund lítt menntaðra lækna til þess að starfa úti um landið, eins og þessi hv. þm. virtist gera sér í hugarlund. Við skulum gera okkur það ljóst, að það er ákaflega mikið og erfitt nám að verða læknir og ná valdi á því verkefni, og það tekur óhjákvæmilega langan tíma, og ég hygg, að það verði ekki fundnar leiðir til þess að stytta það. Hins vegar vil ég benda á það í þessu sambandi, að verkefni hjúkrunarkvenna fara í sífellu vaxandi allt umhverfis okkur og hljóta að gera það hér á landi einnig. Mér hafa sagt merkir læknar í Svíþjóð, að þeir telji menntaðar og reyndar hjúkrunarkonur hreinlega læknisígildi í ákaflega mörgum tilvikum, og þess vegna tel ég það ákaflega mikilvægt, að í þessu frv. hér er gert ráð fyrir því, að hjúkrunarkonur eða hjúkrunarfólk hafi miklu meira hlutverki að gegna eftirleiðis en verið hefur hingað til.

Svo spurði þessi sami hv. þm. mig með allmiklum þjósti, hvort það væri ætlun mín, að læknadeildin yrði lokuð stofnun, sem útskrifaði sérfræðinga. Nú hélt ég, að allir þm. vissu, að læknadeildin á Íslandi útskrifar enga sérfræðinga. Það er ekki hægt að stunda sérfræðinám í lækningum á Íslandi. Hér er aðeins um að ræða almenna kennslu, og ef menn vilja fara í sérkennslu, þá verða menn að fara til útlanda. En ég hef margsinnis hér í vetur lýst því yfir, að ég sé ákaflega andvígur þeirri stefnu, að læknadeildin sé lokuð og þar sé takmarkaður fjöldi lækna útskrifaður á hverju ári. Þetta hef ég tekið skýrt fram svo oft, að ég hélt, að það hefði ekki farið fram hjá neinum manni. Kenningin um að læknadeildin ætti að útskrifa takmarkaðan fjölda af fólki, var tekin upp í tíð fyrrv. stjórnar. Og ég man eftir því, að ég hlustaði einu sinni á háv. hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslason, þegar hann stóð hér í þessum ræðustól og sannaði það með ákaflega hugvitsamlegum tölum, eins og honum er nú lagið betur en flestum öðrum mönnum, að á Íslandi væru meira en nógu margir læknar. Samt var staðreyndin sú, að það vantaði lækna alls staðar. Það vantaði lækna úti um land, það vantaði heimilislækna í Reykjavík, það vantaði lækna á sjúkrahúsunum. Engu að síður gat hann sannað þetta, að það væri meira en nóg af læknum.

En undirrót erfiðleikanna hvað lækna snertir er alveg tvímælalaust sú, að það eru of fáir læknar á Íslandi og að of fáir læknar hafa útskrifazt úr læknadeildinni á undanförnum árum. Þetta er atriði, sem þarf að breyta. Ég veit, að núverandi menntmrh. er sömu skoðunar og ég um þetta atriði og núverandi stjórn Háskólans er það einnig. Og það er byrjað að gera ráðstafanir í þessu skyni. Eftir svo sem fjögur ár mun verða þarna um að ræða mjög umtalsverða aukningu. Þá munu um 60—70 læknar útskrifast, og það er breyting, sem getur gerbreytt ástandinu hvað þessi atriði snertir hér á landi. En því miður tekur þetta langan tíma, vegna þess að þetta nám er langt.

Hv. þm. Bjarni Guðnason talaði einnig um það, að um mjög mikið aukið miðstjórnarvald væri að ræða í þessu frv. Þarna væru sameinaðir þættir, sem hefðu verið hver á sínum stað undanfarið eins og heilbrigðiseftirlit, berklayfirlæknir, skólayfirlæknir o. s. frv., og kerfið væri mjög sterklega uppbyggt og það skorti lýðræði í þetta kerfi. Það vantaði sjónarmið neytandans, þ. e. sjúklinganna. Og hann komst svo að orði, að í þessu frv. kæmi orðið læknir fyrir í annarri hverri grein, en líkast til kæmi orðið sjúklingur aldrei fyrir í frv. Nú er það svo, að sjúklingar eru ekki eins varnarlausir á þessu sviði og þessi hv. þm. virðist halda. Á Íslandi eru í gildi læknalög, sem upphaflega eru frá árinu 1932, en voru endurnýjuð árið 1969. Og þessi lög fjalla um skyldur lækna, en réttindi almennings. Þar eru ákaflega mörg ákvæði um réttindi almennings á þessu sviði, og ég vil benda hv. þm. á að kynna sér þessi lög. Þá sér hann, að hlutur sjúklinga er ekki eins fyrir borð borinn og hann virtist ímynda sér og að allir þættir heilbrigðismálanna eru ekki innan þessa frv., sem hér liggur fyrir. Hann virtist einnig halda eða telja, að þau litlu ákvæði um landlækni, sem þarna eru í yfirstjórninni, væru allt sem um landlækni væri að segja í gildandi lögum. Honum fannst landlæknisembættið vera orðinn hálfgerður botnlangi og það væri eins og tvær silkihúfur að hafa landlækni og ráðuneytisstjóra, sem báðir væru sérmenntaðir læknar. En það er að sjálfsögðu ákaflega mikill misskilningur, að lagaákvæðin um landlækni séu einvörðungu í þessu frv. Þarna er um það talað, að landlæknir eigi að starfa samkv. lögum, reglum og venjum, er þar um gilda.

Nú skal ég ekki þreyta menn á því að fara að þylja upp, hvaða lög og reglur og venjur gilda um störf landlæknis. Ég hef hér möppu um það atriði, hún er 13 vélritaðar síður. Það hafa naumast verið sett svo nokkur lög um heilbrigðismál á Íslandi, að landlæknir hafi þar ekki hlutverki að gegna. Og ef afnema á embætti landlæknis, þá þyrfti að sjálfsögðu að breyta allri þessari löggjöf. Hv. þm. Bjarni Guðnason taldi, að landlæknir ætti að vera sérstakur fulltrúi neytendanna, það væri skynsamlegt sjónarmið. En hann er það samkv. læknalögum. Samkv. læknalögum,

14. gr. þeirra, er honum sérstaklega falið að vera fulltrúi almennings gagnvart læknunum og sjúkrahúsakerfinu. Það kemur fyrir annað kastið, að heilbrmrn. berast umkvartanir frá fólki, sem telur, að það hafi ekki fengið rétta meðferð eða eitthvað hafi á skort af hálfu lækna og sjúkrahúsa. Þau mál eru send landlækni, og samkv. lögum á hann að fjalla um þau einmitt frá sjónarmiði hins almenna þegns. Og í sambandi við hinn almenna þegn vil ég einnig minna á það, að við þm. og ráðh. erum í okkar störfum sem fulltrúar almennings. Við erum ekki sérfræðingar nema sumir af tilviljun á vissum sviðum, en við erum ekki að störfum hér í stjórnmálum sem sérfræðingar. Við erum hér sem kjörnir fulltrúar almennings. Og þegar ég gegni störfum mínum í heilbrmrn., þá lít ég á mig sem fulltrúa almennings, sem fulltrúa þess fólks, sem hv. þm. kallaði neytendur í þessu sambandi. Ég lít á það sem verkefni mitt að reyna að stuðla að heilbrigðisþjónustu, sem komi fólkinu í landinu að eins miklu gagni og hugsanlegt er.

Ég skal nú ekki vera að tefja umr. allt of lengi. Það eru ákaflega mörg atriði, sem hefði verið gaman af að fjalla frekar um, en það getur beðið síðari tíma. Ég vil aðeins minna á eitt atriði, sem hv. þm. Bjarni Guðnason vék að. Hann talaði um það, að héraðslæknar hefðu ekki skyldur til almennra læknisstarfa, nema svo væri fyrir mælt í skipunarbréfi, en heimild hafa þeir til slíkra starfa, ef sérstaklega stendur á og leyfi landlæknis kemur til. Hv. þm. þóttu það firn mikil, að héraðslæknir þyrfti að óska eftir leyfi landlæknis í hvert skipti, sem honum dytti í hug að lækna einhvern sjúkling. En hér er að sjálfsögðu um algeran misskilning að ræða. Í 8. gr. læknalaga, sem ég hef áður vitnað til, er sérhverjum lækni lögð sú skylda á herðar að veita fyrstu nauðsynlegu læknishjálp í skyndilegum sjúkdómum eða hættutilfellum. Þetta er skylda allra lækna, hvaða störfum sem þeir gegna í þjóðfélaginu. Það, sem átt er við í frv., er að sjálfsögðu leyfi til þess að hafa almennan „læknapraxis". Það er allt annað mál. Menn þurfa leyfi landlæknis til þess að geta starfað á þann hátt. En að veita hjálp í einstökum tilvikum, það er hreinlega skylda lækna samkv. íslenzkum lögum.

Hv. þm. Lárus Jónsson vék að máli, sem við höfum báðir áhuga á, tengslum heilbrigðisþjónustunnar við samgöngumálin. Það er alkunna, að hinar erfiðu samgöngur á Íslandi eru einn versti þröskuldur í vegi þess, að við getum haldið uppi góðu heilsugæzlukerfi um land allt. Í V. kafla frv. er reynt að byggja upp kerfi, sem gerir ráð fyrir samvinnu samgrn. og dóms- og kirkjumrn. við heilbrmrn. um áætlanir til þess að tryggja það, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, og hv. þm. minntist á, að á sama hátt þyrfti að reyna að tryggja það, að sjúklingar gætu komizt til heilsugæzlustöðva, og að sjálfsögðu erum við sammála um það atriði. Ef menn vilja einhverja orðalagsbreytingu hvað það varðar, þá hef ég sannarlega ekkert við það að athuga.

Hér hafa komið fram tvær raddir um það frá Vesturlandi, að það þyrfti að vera heilsugæzlustöð í Búðardal, og ég skil það sjónarmið ákaflega vel. Þarna er einnig um að ræða svæði, sem af samgönguerfiðleikum á erfitt með að sækja til heilsugæzlustöðvar í Stykkishólmi. En það er gert ráð fyrir því í frv., að læknir sitji í Búðardal, og að sjálfsögðu ber að leggja áherzlu á það, að unnt verði að framkvæma það ákvæði laganna, og ég mundi telja mjög æskilegt, að þar væri hjúkrunarkona einnig. Hins vegar vil ég ítreka það, sem ég hef áður sagt, að ég vil, að um þessi mál verði fjallað á sem opnastan hátt og að ég er ákaflega fús til samvinnu um þessi atriði og raunar um öll önnur atriði í þessu frv. og hef lagt áherzlu á það við undirbúning málsins að reyna að kynna það sem allra flestum og hlusta á sem allra flesta og mun halda áfram að starfa þannig að málinu.

Ég vil svo ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir áhuga á þessu máli, og ég vil ítreka það, sem ég sagði hér í framsöguræðu minni, að ég mundi telja það ákaflega æskilegt, að heilbr.- og félmn. beggja þd. héldu sameiginlega fundi um þetta frv. Í heilbrmrn. liggja fyrir ákaflega mikil gögn um þetta mál, sem ég tel, að nefndirnar hefðu mjög mikið gagn af að kynna sér, og starfsmenn rn. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að leggja fram hverja þá aðstoð, sem eftir er óskað. Ég hefði hins vegar mikinn hug á því, að hægt yrði að afgreiða þetta mál á þinginu í haust, og mér þætti mjög vænt um það, ef menn sæju sér fært að mynda sér skoðanir um málið og gera það upp svo tímanlega, að hægt væri að taka mið af því við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Hv. þm. Bjarni Guðnason vék að því í ræðu sinni, hvort ekki væri skynsamlegra að koma upp 6—7 heilsugæzlustöðvum og fá þá dálitla reynslu af þeim í stað þess að koma upp 26 stöðvum. Það hefur náttúrlega aldrei verið meining mín, að 26 heilsugæzlustöðvar yrðu byggðar í einu vetfangi. Þetta er verkefni, sem verður auðvitað að vinnast í áföngum. Þetta verða heilsugæzlustöðvar, sem verða byggðar stig af stigi, eftir því sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Og í frv. er gert ráð fyrir því, að gerð verði sérstök áætlun um framkvæmdir á þessum sviðum, og eins og ég hef áður greint frá, þá er unnið á vegum rn. að áætlunargerð fyrir næstu 10—20 árin. En framkvæmdir og framkvæmdahraði fara að sjálfsögðu eftir fjárveitingum Alþ. hverju sinni.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það var út af ummælum hæstv. ráðh., sem mig langaði aðeins til þess að gera aths., en hann vék að því, sem ég sagði hér í ræðu minni fyrr, er ég benti á tvö atriði í grg. með þessu frv., annað, sem mér sýndist benda til, að hér væri staðið að grg. með öðru hugarfari heldur en ætti að vera, og hitt atriðið, þar sem ég benti á, að svo virtist sem þeir, sem stæðu að grg., væru ekki kunnugir þeirri löggjöf, sem gilti um heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ég held, að hver maður, sem les 1. tölul. í II. kafla grg., hljóti að átta sig á því, að þar er ekki farið með rétt mál, því að það er ekki nýmæli þessa frv., að mótuð er almenn stefnuyfirlýsing um, að landsmenn skulu allir eiga kost á eins fullkominni heilbrigðis-

þjónustu og tök eru á að veita hverju sinni. Þetta hefur verið gert fyrir löngu, og það hefur enginn betur sýnt okkur fram á það en einmitt hæstv. ráðh. sjálfur. Og það gat ég um í minni ræðu, því að hæstv. ráðh. rakti sögu lækninga á Íslandi og þróun heilbrigðisþjónustunnar, og til rökstuðnings fyrir sinni ræðu kom hann hér með ýmsar tölur, og hann sannaði með þeim tölum, að heilbrigðisþjónustan hefur verið með ágætum og fyrir löngu síðan sú stefna mótuð, sem hér er sögð vera nýmæli í þessu frv. Ég hélt því aldrei fram, að það væru ekki ýmis nýmæli í frv. og að þar væri ekki fjölmargt til bóta, ef það næði fram að ganga og, eins og hann réttilega orðaði það sjálfur, næði tilætluðum árangri.

Hitt atriðið, sem ég gagnrýndi í grg., var í 5. tölul. II. kafla. Það er orðað svo, að verið sé að koma fastmótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hafa verið um læknamiðstöðvar. Þegar þetta er sagt í grg. með frv. og í dag eru í gildi lög frá 1965 um læknamiðstöðvar, þá hefði ég talið eðlilegra og réttara, að sagt hefði verið, að með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar hefði fengizt af læknamiðstöðvum samkv. núgildandi lögum, þá væri hér verið að koma heildarskipulagi á þessi mál, en ekki, að það væri verið að koma fastmótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hefðu verið.

Ég gagnrýndi enn fremur í sjálfu frv., að það væri verið að leggja niður héraðslæknisembættin öll í Reykjaneskjördæmi og gert væri ráð fyrir, að Reykjaneskjördæmi yrði eitt umdæmi ásamt höfuðborginni, Reykjavík. Ég tel, að þarna sé stigið spor aftur á bak. Ég skal ekki deila um það, hvort héraðslæknisembættin eigi að vera eitt eða fjögur, — þau eru fjögur í dag, — í Reykjaneskjördæmi. Það má vel vera, að það séu rök fyrir því, að embættið verði aðeins eitt, og ef þau eru á borð borin, þá er ekkert við því að segja. En eins og sveitarfélögin hafa á undanförnum árum skipulagt sína starfsemi, þá teldi ég það margfalt betra, að Reykjaneskjördæmi væri sérstakt héraðslæknisembætti, a. m. k. eitt embætti, þannig að það samstarf, sem sveitarfélögin í Reykjaneskjördæmi hafa sín á milli, gæti haldið áfram og þau þyrftu ekki í einstökum tilfellum, eins og í sambandi við læknaþjónustu, að eiga slík samskipti við Reykjavíkurborg eins og hér er gert ráð fyrir. Vitanlega er hægt að skipuleggja öll þessi mál, allt það samstarf, sem þarf að vera á þessu svæði nákvæmlega eins varðandi heilbrigðisþjónustuna og um aðra opinbera þjónustu, sem skipulögð er á milli sveitarfélaganna í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík. Við gætum alveg eins hugsað okkur, að lögreglustjóraembættin í Reykjaneskjördæmi yrðu öll lögð niður og það yrði einn lögreglustjóri á öllu þessu svæði. Það þýðir það ekki frá mínu sjónarmiði, að hér séu lögreglustjóraembætti í Reykjaneskjördæmi, að það geti ekki verið fullkomið samstarf á milli þessara embætta og þannig hagnýting eins góð og mögulegt er. Ég held, að við verðum að stefna að því, að ríkið reyni að koma til móts við sveitarfélögin í sambandi við þeirra skipulag, og það væri að mínum dómi í þessu tilfelli mjög rétt í sambandi við héraðslæknisembætti í Reykjaneskjördæmi, hvort sem talið væri rétt, að það væri eitt eða þau væru fjögur. Svo bað ráðh. okkur um það að blanda ekki flokkspólitískum sjónarmiðum inn í það, hvar læknamiðstöðvar væru staðsettar. Ég er honum alveg sammála. Það er ekki flokkspólitískt atriði, heldur skipulagsatriði, og ég benti á það í minni ræðu, að frá skipulagslegu sjónarmiði sveitarfélaganna í Reykjaneskjördæmi væri mun eðlilegra t. d., að Vatnsleysustrandarhreppur sækti til heilsugæzlustöðvar þeirra Suðurnesjamanna heldur en til heilsugæzlustöðvar, sem gert er ráð fyrir að verði í Hafnarfirði.

Ég get nú ekki orða bundizt út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um framkvæmdir heilsugæzlustöðva og um framkvæmd heilbrigðismála hér hjá Reykjavíkurborg, og fannst mér hann bregða þar örlítið út af sinni forskrift, því að vissulega hefur hann rétt að mæla, þegar hann ræðir um það, að slíkt mál sem þetta geti ekki verið flokkspólitískt mál. Menn hafa að sjálfsögðu skiptar skoðanir á mörgu, m. a. ýmsum þáttum frv., en þær eru ekki flokkspólitískar. En hann vék einmitt að og vildi gera mjög lítið úr heilsugæzlu- og heilbrigðisþjónustu yfirvalda Reykjavíkurborgar gagnvart Reykvíkingum. Vel má vera, að hér séu ekki nógu margir læknar. Ég þekki það ekki svo vel. Hitt vil ég leyfa mér að benda á, að Reykjavíkurborg hefur haft forustu í sambandi við heilbrigðisþjónustu. Þar má m. a. benda á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, sem tók til starfa 1950, og Borgarspítalann. Ég veit ekki betur en þessar byggingar séu taldar til fyrirmyndar, og þegar við erum að ræða um heilbrigðismál og heilsugæzlu hér á Norðurlöndum, og vinir og frændur af Norðurlöndum sækja okkur heim, þá séu það einmitt þessar byggingar, þessar framkvæmdir og þessi þjónusta, sem borgarbúum hefur verið veitt hér í Reykjavík, sem talið er til fyrirmyndar, og því er reynt að sýna hinum erlendu gestum þessar stofnanir.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, því að eins og ráðh. hefur það rétt að mæla, að heilsugæzla og frv. til laga og löggjöf um heilbrigðisþjónustu sé ekki flokkspólitískt mál, þá eiga menn í hinu orðinu ekki að líta flokkspólitískt á gerðir þeirra manna, sem staðið hafa að þessum málum á undanförnum árum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen áttar sig greinilega ekki á því, hvað við er átt, þegar sagt er, að hin almenna stefnuyfirlýsing, sem felst í 1. gr. frv., sé nýmæli. En hún er ákaflega veigamikið nýmæli. Þarna er tekin upp skilgreining Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar á því, hvernig beri að líta á heilbrigðisþjónustu, að hún eigi að verða til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Það er lögð áherzla á heilbrigði, en ekki sjúkdóma, og það er það, sem er nýmælið í þessari grein. (**MÁM:** Ég var að tala um grg.) Já, í þessari grg. er verið að víkja að þessu atriði, nákvæmlega þessu atriði. Þetta er nýmæli í íslenzkri löggjöf, og þetta er annað og meira en orðin tóm. Þetta er ákaflega veigamikið nýmæli. Ég er þeirrar skoðunar, að heilbrigðisþjónusta á Íslandi hljóti í vaxandi

mæli að beinast að því að koma í veg fyrir sjúkdóma, að koma í veg fyrir, að menn verði veikir, ekki að lækna sjúka, heldur að koma í veg fyrir, að menn verði veikir. Og það er það, sem er lögð áherzla á í þessari grein. Og þetta er ákaflega veigamikið atriði. Þetta er grundvallaratriði. Ég tel, að þetta sé hornsteinn þeirrar þjónustu, sem við verðum að kappkosta að veita hér á Íslandi á næstu áratugum, þannig að það er sannarlega ekki að ástæðulausu, sem bent er á, að þarna er um veigamikið nýmæli að ræða. Þetta er grundvallaratriði, hreinlega grundvallaratriði um alla þróun þessara mála á Íslandi.

Það er einnig hrein fjarstæða, þegar hv. þm. er eitthvað að vefengja það, að með þessu frv. sé komið fastmótuðu skipulagi á hugmyndir, sem uppi hafa verið um læknamiðstöðvar. Það er nákvæmlega það, sem þarna er verið að gera. Vissulega hefur verið fjallað í fyrri lögum um slíkar miðstöðvar, en það hafa verið almennar hugleiðingar. Og það hefur ekki verið nein föst skipan á því, hvernig þessu yrði komið upp. Hér er reynt að gera till. um fasta skipan þessara mála. Menn geta haft skiptar skoðanir á því, hvort þessi fasta skipan sé skynsamleg eða skynsamleg ekki. En þarna er verið að reyna að gera þetta, og það er alveg ástæðulaust að vera með nokkurn ordhengilsháttt í því sambandi. Og í þessu felst ekkert yfirlæti og enginn sjálfbirgingur, eins og hv. þm. sagði í ræðu sinni á dögunum. Og ég skil satt að segja ekki, hvers konar viðkvæmni þetta er hjá þessum hv. þm. að geta ekki þolað það, að hér sé á einföldu og mæltu máli talað um hlutina eins og þeir eru í raun og veru.

Hv. þm. taldi, að það væri rétt, að á Reykjanesskaga yrði sérstakt héraðslæknisembætti, en það yrði ekki fellt saman í eitt héraðslæknisembætti, allt Stór-Reykjavíkursvæðið. Þetta er vafalaust álitamál, og um þetta geta verið mjög skiptar skoðanir. Hér hafa komið upp þær spurningar, hvort það þurfi sérmenntaða lækna til þess að gegna störfum af þessu tagi, hér sé um að ræða stjórnunarstörf, og hvort það sé ástæða til þess að læknar séu í slíkum störfum, hvort það sé ekki hægt að fá í þau menn, sem eru sérfræðingar í stjórnun og hafa kannske minni námstíma að baki heldur en þessir langlærðu læknar. Ég held, að það sé reynsla allra, að embættislækningar séu mjög veigamikil sérgrein innan læknisfræðinnar, og við getum ekki slakað á kröfum okkar til þess, að þeir, sem stjórna heilbrigðisþjónustunni úti í héruðunum, hafi alveg fullgilda menntun sem embættislæknar. Ég held, að við eigum að vera mjög fastir á því skilyrði. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það mætti íhuga gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að fækka þessum læknishéruðum. Í frv. er gert ráð fyrir, að þau séu átta, en að sjálfsögðu væri hugsanlegt að fækka þeim, vegna þess að þessi héraðslæknir á fyrst og fremst að vera skipuleggjandi á sínu svæði og þetta eru vissulega dýrir menn með langt nám að baki, þetta er dýrt kerfi. Það getur vel skeð, að það væri skynsamlegra að fækka þessum læknishéruðum á fyrsta stigi og fjölga þeim svo, eftir því sem reynslan segir til um. Ég er þeirrar skoðunar, að það kæmi frekar til mála að fækka þeim en að fjölga þeim. En sem sagt, þetta kemur einnig til álita hjá alþm. almennt.

Hv. þm. telur, að Vatnsleysuströnd væri betur komin í Keflavík en í Hafnarfirði og það má vel vera, að svo sé. Ég skal ekki draga það í efa, en vera má, að það séu eitthvað skiptar skoðanir um það. En ég vil benda á það í því sambandi, að í 19. gr. frv. segir:

„Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 17. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar, læknisseturs eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.“

Vafalaust kemur það upp í ýmsum þeim héruðum, sem eru á mörkunum á milli heilsugæzlustöðva, að það fer eftir atvikum hjá hverjum og einstökum, hvert honum hentar að leita, þannig að þessi skipting hlýtur nú í verki að vera dálítið fljótandi. En ef hv. þm. telur skipta miklu máli að breyta þessu, þá hef ég síður en svo nokkuð á móti því.

Ég vil mótmæla því algerlega, að ég hafi hér verið að gera lítið úr heilsugæzlu Reykjavíkurborgar. Það var ég ekki að gera. Því fer mjög fjarri. Ég tel, að þróun þeirra mála hafi verið á margan hátt mjög myndarleg í Reykjavík eins og raunar í landinu öllu, eins og ég gat um í framsöguræðu minni. En ég er þeirrar skoðunar, að heilsugæzlukerfið í Reykjavík hafi ekki að undanförnu þróazt í samræmi við breytta tíma. Mér finnst vera alveg furðulegt seinlæti hjá Reykjavíkurborg að koma upp heilsugæzlustöðvum í höfuðborginni. Ég tel, að það sé orðin alveg knýjandi nauðsyn, að að þessu nauðsynjaverki verið unnið, og ég vona, að þetta frv. stuðli að því. Með þessu frv. er lögð á ríkið miklu meiri kvöð en verið hefur að greiða kostnað af sjúkrastofnunum, og ég vona, að það geti stuðlað að því, að þróunin hér í Reykjavík verði einnig ör. En það er held ég mál, sem allir geta verið sammála um, að heimilislæknakerfið, eins og það er núna í Reykjavík og á Akureyri raunar líka, er að ganga sér til húðar, og við verðum að koma upp nýju kerfi, og það hefur dregizt allt of lengi í Reykjavík. Ég segi þetta ekki af neinum pólitískum ástæðum. Ég er aðeins að meta ástand þessara mála út af fyrir sig.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 3. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Sala Útskála í Gerðahreppi.

Á 57. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Útskála í Gerðahreppi [256. mál] (þmfrv., A. 567).

Á 63. og 64. fundi í Nd., 19. og 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum hv. þdm. að flytja hér frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Útskála í Gerðahreppi, en eins og fram kemur í grg., þá er þetta frv. endurflutt nú, en á síðasta þingi frumflutt, þá að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Svo er og nú, og kemur það fram í grg., að hreppsnefnd Gerðahrepps í Gullbringusýslu hefur óskað eftir því, að frv. verði endurflutt og væntanlega samþ. á þessu þingi.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Kaupábyrgðarsjóður.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um kaupábyrgðarsjóð [15. mál] (þmfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í verðsveiflum undanfarinna ára og áratuga á afurðum okkar á erlendum mörkuðum ásamt misjöfnu árferði í veiðimagni og tíðarfari, þá hefur það því miður hent, að mörg atvinnufyrirtæki hafa komizt í greiðsluþrot. Afleiðingar þessa ástands hafa svo aftur bitnað á þeim, sem sízt skyldi, þ. e. launþegunum í viðkomandi atvinnufyrirtæki, í formi þess, að þeir hafa ekki fengið laun sín greidd. Þetta hefur því miður gerzt þrátt fyrir lögverndaðan forgangsrétt launa.
Frv. það, sem hér er flutt, hefur þann megintilgang að tryggja svo sem verða má, að þegar slík vandræði skapast, sé til sjóður, sem geti hlaupið undir bagga samkv. nánari ákvörðun í reglugerð, sem félmrh. setur á grundvelli laga, er sett verði um þessi efni. Tölur þær, sem eru nefndar í hinum einstöku frv.-greinum, eru að sjálfsögðu ekkert heilagar okkur, og erum við flm. vel til viðræðu um breytingar á þeim, einungis til frekari eflingar þessa sjóðs, sem frv. fjallar um.
Eftir því sem næst verður komizt, hafa framlög atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs numið á s. l. ári um 49 millj. kr., þannig að 20% viðauki við það gjald ætti í svipuðu árferði að geta numið 9.8—10 millj. kr. á ári.
Ég tel óþarft að rekja efni einstakra greina frv., svo augljósar sem þær eru hverjum, sem vill lesa þær. Geri ég það að till. minni, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Tekjustofnar sveitarfélaga (frv. BFB).

Á 9. fundi í Ed., 3. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [55. mál] (þmfrv., A. 57).

Á 10. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þessu til breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 51 frá 10. júní 1964, er ætlað að kveða á um það, að hvert sveitarfélag hafi rétt til álagningar aðstöðugjalds, þegar ræðir um framkvæmdaraðila, sem hefur aðstöðu og atvinnurekstur á afréttum uppi. Enn fremur um það, að hverju sveitarfélagi beri réttur til álagningar útsvara að því er varðar einstaklinga, sem atvinnu stunda og afla tekna með föstu aðsetri á slíkum landssvæðum. Heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til álagningar og innheimtu aðstöðugjalda og útsvara er að höfuðreglu bundin við íbúa og atvinnurekstur í viðkomandi sveitarfélagi. Í löggjöf okkar Íslendinga er ekki talið, að nein bein ákvæði séu um það, hver mörk sveitarfélaga séu, þegar til afrétta kemur og nær dregur hálendi. Í stjórnarskrá okkar segir m. a.:
„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."
Í samræmi við þetta stjórnarskrárákvæði hafa svo verið sett lög um sveitarstjórnir, og lög þau,

sem nú gilda, eru frá 1961, nr. 58. Þar segir í 1. gr.:

„Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstj. (félmrn.), samkv. því, sem lög ákveða.“ Og í 2. gr. þessara sömu laga, sveitarstjórnarlaga, segir, að með sveitarfélögum sé átt við hreppa og kaupstaði. Enn fremur, að staðarmörk sveitarfélaga skuli vera hin sömu og nú, en ríkisstj. geti breytt þeim samkv. því, sem nánar greini í lögum. Um mörk sýslufélaga eru eigi fremur bein lagaákvæði, en gömul og viðtekin munu mörk þeirra vera og eflaust víðast hvar ljós og óumdeild, nema ef vera skyldi að því er tekur til hálendisins.

„Ríkið skiptist í sveitarfélög,“ segir í þessum lögum. Það mætti því ætla, að enginn væri sá staður eða landssvæði, að eigi félli til einhvers hrepps eða kaupstaðar, þ. e. til sveitarfélags. Þá er það spurningin: Innan hvaða sveitarfélags eða sveitarfélaga eru afréttir? Frá fornu fari eru víða afréttir, sem sveitarfélög telja sig eigi aðeins hafa óbeinan eignarrétt að, svo sem veiðirétt og upprekstrarrétt, heldur einnig beinan eignarrétt, þ. e. eiga sjálfa landeignina og heyri hún til sveitarfélaginu. Svo tengdir hafa hreppsbúar verið oft og tíðum með margvíslegum störfum og umsýslu á afréttum um lengri eða skemmri tíma á hverju ári og um margra alda skeið, að þeim eru þessi landssvæði, afréttir, svo kunn sem heimalönd væru og líta á þau um leið sem sameiginlegt umráða- og eignarsvið. Þá hafa hreppsbúar haft eigi svo lítinn kostnað af rekstri afréttarlanda sinna og átt að öðru leyti margt erfiði við gæzlu þeirra á hverri tíð. Í þessum viðskiptum sínum í tímans rás hafa hreppsbúar tengzt órofa böndum við þessi stórbrotnu og notasælu lönd. Á síðustu áratugum hefur komið í ljós, að afréttir er talið unnt að rækta, ef vel er á haldið, jafnvel upp í 600—700 metra hæð. Er því ekki fráleitt að ætla, að þessi landssvæði geti orðið dýrmæt uppspretta í fóðuröflun, sem bændurnir einir geta staðið að og notfært sér og að sjálfsögðu allri þjóðinni til gagns. Mjög afgerandi dæmi um nauðsyn þess að skipa afrétt til ákveðins sveitarfélags eða sveitarfélaga er Holtamannaafrétt innan Rangárþings. Þar eru hreppar, sem telja sig eignaraðila að þessum landssvæðum. Á þessum slóðum eru svo sem alkunna er hafnar stórfelldar framkvæmdir til undirbúnings stórvirkjunum við Sigöldu og Hrauneyjafossa. Þar hafa hundruð manna haft og munu hafa um áraskeið stöðuga atvinnu mikinn hluta árs eða allt árið jafnvel. Þegar svo til kemur, að virkjanirnar eru fullbúnar með öllum hinum tröllauknu mannvirkjum og tilheyrandi mannafla, verða þeir eigi allfáir, sem setjast þar að til langframa eða til fulls. Það er því sannarlega rík ástæða til þess að staðsetja svo mikilvægt landssvæði innan sveitarfélagamarka og eins og skylda sýnist í raun og veru til samkv. lögum, sem ég hef vitnað til.

Til þess að skýra betur tengsl sveitarfélags við þessa umræddu afrétt, Holtamannaafrétt, svo að eitt dæmi og það nærtækasta sé tekið, vil ég geta þessa:

Hinn 18. sept. 1917 var stórfellt tilboð gefið af hálfu oddvita hreppsnefndar Ásahrepps til h.f. Titan, erlends fyrirtækis, norsks, og enn fremur eftirfarandi afsal í sambandi við þetta tilboð, með leyfi forseta:

„Guðjón Jónsson, oddviti, Ási, f. h. hreppsnefndar Ásahrepps, gerir h.f. Titan það tilboð að selja því eignarhluta hreppsins, helming í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá, ásamt rétti til þess að nytfæra sér á hvern hátt sem vera skal vatnsaflið í fossinum og ánni fyrir neðan fossinn og þúsund metra upp fyrir hann, eftir því sem félaginu kann að þykja hentugt, svo og með rétti til þess að gera í landi hreppsins þar umhverfis öll mannvirki, hverju nafni sem nefnast, sem félagið vill, og nota landið til þeirra, m. a. til áveitu og fráveitu vatnsins, vatnsgeymslustíflur, brautir, vegi o. s. frv., og taka byggingarefni úr landinu að vild. Þó skal félagið greiða hreppnum skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati fyrir spjöll á graslendi, sem kynnu að vera gerð lengra frá ánni en 1 km.“

Þá kemur hér afsalið frá hreppsnefnd Ásahrepps frá 1918, 26. janúar:

„Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir h.f. Titan réttan eiganda að eignarhluta hreppsins, helmings í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og allra þeirra réttinda, sem til eru tekin í framanrituðu tilboði að engu undanskildu, allt með þeim skilyrðum og skilmálum, sem um getur í tilboðinu.“

Þá kemur hér enn tilboð, sem hreppsnefndin í Ásahreppi gerir 1917, 18. sept., þ. e. sama dag og hitt tilboðið var gefið, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það tilboð:

„Hreppsnefndin í Ásahreppi gerir h.f. Titan tilboð um að selja því: 1. Allan rétt til vatns og vatnsafls í Köldukvísl. 2. Rétt til þess að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi. 3. Rétt til þess að veita Köldukvísl úr farvegi sínum, eftir því sem félagið vill. Hefur félagið heimild til þess að gera í sambandi við þessi réttindi öll mannvirki á afréttar- og öðru landi hreppsins, hverju nafni sem nefnast, eftir því sem félagið telur sér hentugt, og nota landið til þeirra, m. a. til áveitu og fráveitu vatns, vatnsgeymslur, stíflur, brautir o. s. frv. og taka byggingarefni úr landinu eftir vild. Þó hefur hreppurinn [þ. e. Ásahreppur] rétt til veiða í Þórisvatni að svo miklu leyti sem ekki kemur í bága við ráðstafanir og hagsmuni félagsins h.f. Titan.“

Og síðan kemur afsalið á eftir þessu tilboði, sem h.f. Titan gekk að. Og það er á þessa lund:

„Hreppsnefnd Ásahrepps veitir h.f. Titan afsal í samræmi við framangreint tilboð, og hreppsnefnd Ásahrepps lýsir hér yfir, að hún selur og afsalar fyrrgreindu hlutafélagi til fullrar eignar öll réttindi þau, sem ræðir um í tilboðinu með nánari skilmálum, sem þar eru teknir fram.“

Sams konar viðskipta við hið erlenda félag má geta að því er varðar Landmannaafrétt, sem er afrétt næst fyrir austan Holtamannaafrétt. Á þeim slóðum voru gerð tilboð og afsöl af hálfu hreppsnefndar Landmannahrepps, og ég ætla, vegna þess að það tekur ekki svo mikinn tíma, að lesa upp þau tilboð og afsöl, með leyfi hæstv. forseta. Tilboð frá 2. júní 1916:

„Eyjólfur Guðmundsson, f. h. hreppsnefndar Landmannahrepps, gerir Einari Benediktssyni svofellt tilboð:

Gegn 6000 kr. skal selja nefndum herra Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Landmannahreppsafréttarlandi frá Tungnaárósi til Merkihvolslands og frá Galtalækjarlandi til Skarfaneslands.“

Þetta tilboð er gefið Einari Benediktssyni, og nokkru síðar samþykkir sýslunefndin af sinni hálfu, að þetta tilboð megi gera og síðan megi fylgja eftirfarandi afsal, og það er á þessa lund og dags. 14. febrúar 1919:

„Hreppsnefnd Landmannahrepps afsalar réttindum til h.f. Titan. Með því að fyrrv. sýslumaður, Einar Benediktsson, hefur með skjali frá 11. febr. 1917 framselt h.f. Titan öll réttindi sín samkv. framanrituðu kauptilboði, og með því að h.f. Titan hefur fyrir lok s.l. árs greitt Landmannahreppi eftirstöðvar kaupverðs, 4000 kr., þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hér með yfir því, að h.f. Titan er réttur eigandi allra réttinda þeirra, sem ræðir um í hinu framanritaða kauptilboði.“

Öll þessi kaup, sem ég hef lítillega vikið hér að, voru á sínum tíma, a. m. k. er ekki annað vitað, gerð með fullri vitund stjórnvalda og með aðstoð færustu lagamanna. En árið 1951 mun það hafa svo verið, að ríkissjóður leysir til sín þau réttindi, sem hrepparnir á sínum tíma seldu í hendur hinum erlenda aðila. Þá vil ég geta þess, að svipuð viðskipti um afréttir við erlenda aðila eða menn á vegum slíkra aðila átti t. d. Gnúpverjahreppur í Árnessýslu um vatnsréttindi að því er varðaði afrétt hreppsins. Af þessum fáu dæmum tel ég, að það megi ljóst vera, að tengsl viðkomandi sveitarfélaga við afréttir sínar hafa verið ærið traust og eigi að fundið af opinberri hálfu, að slík kaup væru gerð.

Í þessum mánuði, nóv., verður þingfest eignardómsmál, þar sem ríkisvaldið sjálft krefur til dóms alla þá, sem tilkall telja sig eiga til Holtamannaafréttar. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess, að enginn vafi leiki á því, hver eigi beinan eignarrétt að þessari afrétt og samkv. því að sjálfsögðu munu dómar ganga um málið. En hvað sem því líður, hvort þessir hreppar eigi þarna beinan eignarrétt eða aðeins afnotarétt, þá verður að minni hyggju að telja það fráleitt, að óvissa ríki um greiðsluskyldu þess fólks og þeirra framkvæmdaaðila, sem eiga atvinnustöðvar sínar á afréttum, greiðsluskyldu sína til viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga, þ. e. þess sveitarfélags, sem sá landshluti, afréttin, heyrir til. Auk þess er það svo bein skylda í lögum, eins og ég hef áður sagt og ítrekað, að hverju landssvæði skuli skipt til sveitarfélags. Um það er ekki að villast. En að því hefur ekki verið hugað fram á síðustu tíma, vegna þess að það voru ekki neinar sérstakar aðstæður fyrir hendi eins og þær í dag, þegar nú á að taka til að nýta þessi landssvæði með öðrum hætti en áður var. En vissulega hafa bændur viðkomandi sveitarfélaga, sem hafa talið sig eiga eignarheimild á þessum slóðum, hverju sinni nýtt sína aðstöðu eins og unnt hefur verið. Þessi landssvæði eru þannig nýtt enn þá af bændum viðkomandi sveitarfélaga, og mun það ekki síður verða í framtíðinni. Auk þess munu þar rísa fyrirtæki og hafðar uppi framkvæmdir, sem hafa mikilvæga þjóðfélagslega þýðingu sem uppspretta ljóss og hita fyrir íbúana víðs vegar í þessu landi. Auk þess munu þessi svæði ekki síður hafa þýðingu fyrir landbúnaðinn sem fóðuröflunarstöðvar auk annarrar öflunar verðmæta á landi og úr landi og úr vötnum. Ég tel það nokkurn veginn einsætt, að í nefndum lögum um tekjustofna sveitarfélaga sé nokkurn veginn nægileg stoð fyrir hendi þeim sveitarfélögum, sem afréttir hafa nýtt eða eiga með einum eða öðrum hætti, til þess að leggja á sveitargjöld og innheimta hjá fyrirtækjum og því fólki, sem á því landssvæði starfar. En til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining, þá hefur mér þótt rétt að skerpa á tilheyrandi ákvæðum laganna að þessu leyti, og fyrir þá sök hef ég leyft mér að flytja þetta frv.

Ég ætla svo ekki í þetta sinn að hafa fleiri orð um frv., en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. OÓ).

Á 10. fundi í Ed., 8. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [62. mál] (þmfrv., A. 67).

Á 11. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Breyting sú á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér um ræðir, heimilar húsnæðismálastjórn að verja allt að 50 millj. kr. árlega til lánveitinga vegna endurbóta á eigin húsnæði öryrkja. Lánsumsókn skuli fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar, og lánin mega nema allt að 300 þús. kr. og skulu veitt með venjulegum kjörum húsnæðismálastjórnar.

Ekki er vafi á því, að á norðurslóðum er viðunandi húsnæði hin brýnasta lífsnauðsyn, og því verður ekki neitað, að á undanförnum áratugum hefur orðið hrein bylting í þessu landi, þar sem við höfum horfið frá að vera ein verst setta þjóð í Evrópu í þessu efni og getum nú staðið hverjum sem er á sporði. Við höfum á þessum áratugum gjarnan aðstoðað fólk við að byggja sitt eigið húsnæði, og þetta hefur að sjálfsögðu haft þær mikilvægu afleiðingar, að svo er nú komið eins og ég lýsti áðan. Það eru ekki svo

fáir möguleikar, sem þeir, sem ætla að byggja yfir sig, hafa til þess að fá aðstoð til þess. Í fyrsta lagi hin almennu lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Í öðru lagi lífeyrissjóðirnir, sem hjálpa um það bil þriðjungi þeirra, sem byggja íbúðir. Svo eru sjóðir eins og Byggingarsjóður verkamanna og láglaunamanna, sem er viðbót við húsnæðismálastofnunarlánið, viðbótin til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, skyldusparnaðurinn fyrir unga fólkið og lán til bygginga á leiguhúsnæði, sem er tiltölulega nýtt ákvæði og hefur komið að miklu liði, og nú loks síðast lán til kaupa á gömlu húsnæði. Allt þetta hefur átt sinn mikla þátt í því að stuðla að þeirri miklu umbót á húsnæði landsmanna, sem orðið hefur á undanförnum áratugum.

Þegar við aftur á móti komum að því að hjálpa fólki til þess að endurbæta sínar íbúðir og halda þeim við, þá er annað uppi á teningnum. Hverjir eru það nú helzt, sem eru eftir í þessu efni? Að mínu viti er langstærsti hópurinn fólk með skerta starfshæfni af einhverjum ástæðum, þar af leiðandi láglaunafólk og yfirleitt þeir, sem efnalitlir eru, og ég tel, að höfuðástæðan þar sé á einhvern hátt skert starfshæfni. Þetta fólk fær nokkra hjálp frá veðdeild Landsbankans, en sú hjálp er bæði ófullkomin og dýr, lánin til stutts tíma. Aðrar lánastofnanir veita að sjálfsögðu einhver lán til viðbótar, en það er tiltölulega takmarkað og einstaklingsbundið og má varla segja, að um neina heildarlausn á þessu sé að ræða. Hvað vinnst þá við það að gera fólkinu auðveldara að endurbæta sitt húsnæði? Ég held, að það sé augljóst, að við getum breytt fjöldamörgum heilsuspillandi íbúðum í viðunandi húsnæði. Í öðru lagi getum við sparað byggingar á nýjum íbúðum og með því sparað fjármagn. Það er nokkurn veginn öruggt, að ef þessir möguleikar, sem ég ræði í þessari brtt., ef þeir væru fyrir hendi, þá mundi fjöldi íbúða endast lengur, breytast úr slæmum í góðar íbúðir, og enn fremur er það nokkuð víst, að þetta mundi bæta heilsu fólksins í landinu, því að þótt ekki sé um stóran hóp hér að ræða, þá er þetta ein mesta hætta fyrir heilsufar manna á Íslandi, þ. e. að búa í lélegu húsnæði. Að sjálfsögðu þarf hér reglugerð til, þar sem kveðið yrði á um það mat á örorku, sem þyrfti að vera til þess að öðlast slík hlunnindi. Það þyrfti að kveða á um mat á verðmæti íbúðanna og það þyrfti að kveða á um það, í hverju tilfelli, hvort íbúðirnar yrðu af endurbótinni virkilega viðunandi húsnæði. En ég lít svo á, að þessi viðbót við húsnæðismálastjórnarlögin væri verulegt átak í þá átt að útrýma lélegu húsnæði í landinu.

Herra forseti, ég legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv., fyrir utan það, að ég vildi þá einnig láta þess getið, að það hefur verið stefnan í húsnæðismálum á undanförnum árum, að koma öllum þáttum þeirra sem mest undir einn hatt. Það, sem okkur skortir á í þessum efnum enn þá, þrátt fyrir mikilsverðar lagabreytingar á undanförnum árum, er m. a. það, sem í þessu frv. hv. 3. þm. Reykn. felst, þ. e. að geta komið til móts við þær starfsgreinar og þá aðila í landinu með lántökum frá þessum sameiginlega húsnæðismálasjóði. Og til viðbótar þeim aðilum, sem hv. þm. benti á, að ættu erfiðast með að endurnýja sitt húsnæði, þá kemur og annar allfjölmennur hópur, sem ekki af líkamlegum ástæðum á erfitt með að halda sínu húsnæði við eða gera það í stand með þeim hætti, sem nú hefur tíðkazt á undanförnum árum, þ. e. með eigin vinnu, en það eru þeir, sem langdvölum dveljast að heiman vegna atvinnu sinnar, t. d. sjómenn. Þó að þeir séu líkamlega hraustir og vinni sín mikilvægu störf fyrir þjóðfélagið, þá hafa þeir af skiljanlegum ástæðum ekki sömu aðstöðu og aðrir, sem heima dvelja og eiga að geta eytt sínum frístundum heima til að laga til fyrir sig, eins og við köllum það í daglegu máli. En það er einn megingalli á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á húsnæðismálalöggjöfinni á undanförnum árum. Húsnæðismálastjórn hefur fengið töluvert aukin verkefni og undir hana hefur verið sett með lögum nánast öll yfirstjórn þessara mála, án þess að þessum nýju skyldum stofnunarinnar hafi verið mætt með nægjanlegum auknum tekjustofnum. Það er ekki, eins og okkur hlýtur öllum að vera ljóst, nægjanlegt að auka verkefni og heimildir til lánveitinga, heldur verður þá jafnframt að sjá fyrir auknum tekjustofnum. Af minni reynslu við störf að þessum málum á undanförnum árum hef ég kynnzt því mjög glögglega, að þessir tveir hópar manna, sem ég hef hér minnzt á, fyrst og fremst öryrkjarnir og síðan þeir, sem af einhverjum ástæðum verða að dvelja langdvölum að heiman, eiga þarna langerfiðast uppdráttar og geta ekki, hvorki í vinnuskiptum við aðra né heima hjá sér, létt undir á þessum erfiðleikatímum, sem eru ávallt fyrir menn að koma yfir sig þaki og halda því sómasamlega við, eins og hver og einn mundi vilja gera. Það er því ákaflega brýn nauðsyn, að næsti áfangi í því efni verði að ganga til móts við þetta fólk, og þá jafnframt með auknum tekjustofnum.

Sannleikurinn er sá, að hér er um eitt stærsta félagslega vandamál okkar að ræða, þar sem húsnæðismálin eru. Það er staðreynd, að af einhverjum ástæðum, sem eru þó til nokkuð augljósar skýringar á, sækjum við Íslendingar meira til heimila okkar heldur en almennt gerist meðal annarra þjóða, erum meira inni á heimilum okkar í frístundum en flestir aðrir og gerum, vegna veðráttu og ýmissa annarra hluta, meiri kröfur til vandaðra íbúða heldur en annars staðar tíðkast. Það er einróma álit flestra þeirra erlendu manna, sem hafa skoðað okkar almennu íbúðarbyggingar, okkar almennu heimili, að við leggjum kannske stundum óhóflega mikið í þessar íbúðir. Um það skal ekki deilt að þessu sinni, enda ekki tilefni til þess, en hitt er nauðsynlegt að benda á, að jafnframt því, að slíkar auknar heimildir eru veittar, sem ég mæli eindregið með að gert verði, þá er nauðsynlegt að hyggja vel að því, að það sé ekki pappírsgagnið eitt, heldur sé Húsnæðismálastofnun í raunninni gert mögulegt að standa við þær heimildir og nota sér þær

umfram það sem er í dag. Ég tel, að þessi mál hafi mjög færzt til betri vegar á síðari árum, vegna þess að þau eru meira á einni hendi, undir einni yfirstjórn en áður var, og það er áreiðanlega til framkvæmdalegra bóta. En hinu verðum við að hyggja vel að, ekki sízt með hliðsjón af þeirri verðbólgu, sem sífellt ríkir í þjóðfélagi okkar, að hægt sé að nota þessar heimildir og koma til móts við þetta fólk, það sé ekki bara verið að segja því frá, að heimildir séu til þessara hluta í þessum lögum, það verða líka að vera fjármunalegir möguleikar á að koma til móts við það.

Þess vegna vil ég um leið og ég ítreka fylgi mitt við þetta frv., sem ég tel vera orð í tíma töluð, undirstrika það sérstaklega, að um leið og þessar heimildir eru veittar, um leið og aukið hefur verið verkefni stofnunarinnar þá er okkur skylt og nauðsynlegt að sjá henni fyrir auknum tekjustofnum til þess að gera lögin raunverulegri, svo að almenningur, sem leitar á náðir þessarar stofnunar til aðstoðar sér og sínum, finni, að það er ekki bara breytt lagasetning, heldur og eindreginn vilji Alþingis, að við þessar lagabreytingar sé staðið á raunhæfan hátt með auknum lánveitingum til þessarar starfsemi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Vélstjóranám.

Á 11. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 10. maí 1966, um vélstjóranám [72. mál] (þmfrv., A. 79).

Á 12. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Vestf. (BGuðbj) að bera fram þetta frv. um breyt. á lögum um vélstjóranám.

Vélskóla Íslands er falið það hlutverk að veita þá fræðslu, sem þarf til þess að búa menn undir að gegna vélstjórastarfi á skipakosti landsmanna, og á það ekki sízt við um störf á fiskiskipaflotanum. Augljóst er, að nauðsynlegt er, að á þessu sviði sé veitt fullnægjandi menntun í samræmi við það, sem krefjast verður á hverjum tíma.

Fiskiskipaflotinn er endurnýjaður og vélar skipanna verða æ fullkomnari, og á hinum traustu skipum er sótt mjög djarft á fiskimiðin, svo að ekkert má á það skorta, að hæfir menn séu til vélgæzlu á hverju fiskiskipi.

En þessum málum er þannig háttað, að í sumum landshlutum a. m. k. hefur þurft að veita undanþágu til þess að gegna starfi á fiskiskipum, og eru þær undanþágur veittar skv. ákvæði í lögum um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum, en í þeim lögum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamálaráðuneytið, eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra, veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en sex mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra."

Vélstjóranám greinist í fjögur stig, og veitir nám á hverju stigi þá menntun, sem krafizt er til að geta öðlazt tiltekin atvinnuréttindi. Nám á 1. stigi fer fram á námskeiðum á vegum Vélskóla Íslands. Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, fær þegar í stað réttindi til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 250 ha. vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 500 ha. vél. Og að loknum 12 mánaða starfstíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 500 ha. vél.

Kennsla á 1. stigi vélstjóranáms er nú veitt í Reykjavík, á Akureyri og í Vestmannaeyjum, en hins vegar hefur ekki að jafnaði verið gefinn kostur á slíku námi á Austfjörðum eða Vestfjörðum. Í þeim landshlutum, sem ekki hefur verið gefinn kostur á þessu námi, mun það tíðkast, jafnvel fremur en annars staðar, að þeir, sem gegna vélstjórastarfi á fiskiskipum, þurfi að fá undanþágu samkv. þeirri lagagrein, sem ég vitnaði til áðan.

Þótt brýna nauðsyn hafi borið til þess að ráða á fiskiskip vélstjóra með undanþágu frá fullum réttindum í samræmi við menntunarkröfur, þá er það óeðlilegt og varhugavert að þurfa að láta þá skipan þeirra mála haldast til frambúðar. Að því ber að stefna að dómi okkar flm. þessa frv., að þeir, sem búa sig undir vélstjórastarf, eigi sem greiðasta leið til þess í öllum landsfjórðungum að afla sér menntunar í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru, og að þeir öðlist á þann hátt full atvinnuréttindi.

Um þessar mundir verður þess mjög vart í umræðum manna, bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar, að það er að aukast skilningur á því, að ungmenni þurfi að eiga kost á að afla sér menntunar, bæði almennrar menntunar og nokkurrar sérþekkingar til starfa, í sinni heimabyggð, eða a. m. k. sem víðast á landinu. Til þessa benda m. a. umræður um jöfnun námsaðstöðu og þær aðgerðir, sem uppi eru t. d. á því sviði, að menntaskólar verði reistir í öllum landsfjórðungum. Þetta frv. kveður á um það, að það verði eftirleiðis, ef það verður að lögum, fastur liður í starfi Vélskóla Íslands að halda námskeið á Höfn í Hornafirði og á Ísafirði til viðbótar þeim stöðum, þar sem námskeið eru nú haldin, og að þau veiti þá fræðslu, sem krafizt er til 1. stigs í vélstjóranámi. Frv. er því spor í þá átt

að jafna aðstöðu ungmenna til náms í tiltekinni grein á verklegu sviði, en sú starfsgrein er svo mikilvæg, að menntun til undirbúnings því starfi má sízt af öllu vanrækja.

Ég vænti þess, að þetta litla frv. mæti góðum skilningi í þessari hv. þd., og ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 804).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar alllengi. Frv. var sent til umsagnar þremur aðilum, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Vélstjóraskólans. Umsagnir bárust n. frá öllum þessum aðilum, og eftir að hafa athugað þær vill n. mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 881).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. JÁH).

Á 16. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [93. mál] (þmfrv., A. 106).

Á 19. og 20. fundi í Ed., 29. nóv. og 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 106 flutt frv. til l. um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Frv. er aðeins tvær greinar, og skal ég í stuttu máli gera efni þeirra skil.

Húsnæðismálin eru, eins og öllum er kunnugt, mjög mikilvægur þáttur í lífi hverrar fjölskyldu og því ekki óeðlilegt, að fram komi á Alþ. oft till. um úrbætur í því efni, og að því miðar þetta frv. m. a. Þetta eru minni háttar breytingar, en skipta þó vissan hóp manna allmiklu máli, í sumum tilfellum verulegu máli.

1. gr. frv. stefnir að því að tryggja eldri hjónum íbúðarlán til kaupa á minni íbúð, ef þau vilja skipta um, en eins og allir vita, er gangur mála þannig í fjölskyldulífi flestra manna, að þeir byrja með litlar íbúðir, síðan er þörf fyrir stærri íbúð, þegar börnin koma, og svo seinast á aldursskeiðinu er eðlilegt, að þau hafi möguleika að skipta um og fá sér nýja íbúð. Því miður hefur húsnæðismálastjórn ekki talið sér skylt að veita fyrirgreiðslu, þegar um minnkun er að ræða, og það hefur gengið erfiðlega að fá slíkt í gegn. Frvgr. stefnir að því að taka af öll tvímæli í þessu efni, hafa það á hreinu. En jafnframt er henni ætlað að tryggja það, að ekkill og ekkja geti fengið íbúðarlán til kaupa á íbúð, ef kringumstæður viðkomandi hafa breytzt við fráfall maka og íbúð dánarbúsins verður af þeim sökum seld. Í lögum eða reglugerð um lánveitingar húsnæðismálastjórnar eru engin ákvæði, er tryggja jákvæða meðferð slíkra hluta. Það er skoðun mín, að rétt sé að reyna að bæta úr þessu og hafa allt á hreinu, eins og ég sagði áðan.

Í 2. gr. frv. segir, að tryggja skuli öllum þeim, er íbúðir eignast í hinu nýja verkamannabústaðakerfi, hlutfallslega jafnhá lán úr Byggingarsjóði ríkisins og verkamannasjóðnum. Þetta er ekki svona í dag. Byggingarsjóður verkamanna skal hins vegar brúa ákveðið bil byggingarkostnaðar íbúðar. Þetta verður til þess, að lán úr Byggingarsjóði verkamanna til smíði minnstu íbúðanna verður afar lágt, auðvitað hlutfallslega miklu minna en sjóðurinn veitir til smíði á stærri íbúðum, þegar það er bundið við ákveðið hlutfall. Ég tel, að íbúðaeigendur eigi að fá jafnhátt hlutfall úr báðum sjóðunum. Það er eðlilegt vegna þess, að við sölu á íbúðum úr Byggingarsjóði verkamanna eru ákveðnar kvaðir, sem gera endursölu miklu erfiðari. Það er því eðlilegt að breyta þessu í það form, sem frvgr. gerir ráð fyrir.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að ég tel

óeðlilegt það ákvæði, að í lögum skuli alltaf standa ⅛% í svo kallaðan lántökukostnað eða rekstrarkostnað, og legg ég því til, að það sé aðeins 2%, föst tala alltaf. Ég vek athygli á því, að ef maður tekur lán í dag, eða 1970, þá er hann látinn greiða þessa vaxtaprósentu, ⅛%, til ársins 2012. Ég vil fella þetta út og láta standa aðeins 2% ákveðið. Í þessu sambandi má benda á, að fyrirkomulag þetta er einnig á íbúðarlánum þeim, sem veitt eru úr Byggingarsjóði ríkisins, nema þar eru vextirnir ¼%, sem ætlaðir eru til greiðslu kostnaðar af hálfu veðdeildar Landsbankans vegna rekstrar Byggingarsjóðs ríkisins. Auðvitað kostar þetta allt eitthvað, en þetta form er næsta hæpið að mínu mati.

Ég hef sett hér fram með frv. ljós dæmi um, hvað vakir fyrir mér í sambandi við skiptingu lána úr þessum sjóðum, og þarf ég ekki að rekja það nánar. Það er öllum ljóst, sem vilja leggja vinnu í að lesa það, og ég tel óþarfa að hafa þessa framsögu lengri fyrir þessu frv., en legg til, að þessu verði vísað að lokinni umr. til heilbr.- og félmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða fjölorður um þetta mál. Mér finnst, að hv. flm. hafi á réttu að standa, þegar hann heldur fram því sjónarmiði, að það færi vel á því, að hlutur Byggingarsjóðs verkamanna til verkamannabústaða verði ekki minni en hlutur Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta liggur í því, að það eru miklu hagkvæmari kjör á lánum Byggingarsjóðs verkamanna en Byggingarsjóðs ríkisins, eins og kunnugt er. Það er bæði hvað varðar vexti og lánstíma. En ég tel rétt að taka það fram hér strax við þessa umr., að ég tel hæpið að fara að eins og hv. flm. leggur til í þessu frv. að ákveða með lögum, að 40% af byggingarkostnaði skuli vera lánuð úr Byggingarsjóði verkamanna og 40% úr Byggingarsjóði ríkisins. Að vísu er ekki óeðlilegt, að þessari hugsun skjóti upp, þegar tekið er tillit til þess, að ef íbúðirnar eru mjög litlar og byggingarkostnaður lágur, eins og dæmi eru tekin af í grg. frv., þá kemur þetta óhagstætt út fyrir byggjendur verkamannabústaða. En þar er reiknað með t. d. íbúð á 850 þús. Það er allt of lágur byggingarkostnaður, að ég hygg, og jafnvel fyrir tveggja herbergja íbúð núna. Þegar við athugum þetta, að ég held á raunhæfari hátt, þá er það vafasamt að festa prósenttöluna, ef ekkert frekar kemur til greina. Þetta er vegna þess, að þegar íbúðin kostar 1.5 millj. kr., þá eru samkv. núgildandi reglum 40% lánuð úr Byggingarsjóði verkamanna, en þegar íbúðin kostar meira en 1.5 millj. kr., sem verður að gera ráð fyrir yfirleitt nú orðið, þá er meira lánað úr Byggingarsjóði verkamanna samkv. núgildandi lögum heldur en Byggingarsjóði ríkisins. Ég held því, að það sé vafasamt og ekki rétt að lögfesta eða samþykkja þetta frv. í þeirri mynd, sem það er, vegna þess að það gengur að mínu viti að verulegu leyti á móti þeirri hugsun, sem liggur að baki flutningi þess. Við verðum að hafa í huga, hver þróunin er, hvað varðar byggingarkostnaðinn, og hver hinn raunverulegi byggingarkostnaður er orðinn nú þegar.

Mér þótti rétt að lýsa þessari skoðun nú þegar. Ég skal ekki ræða þetta mál frekar. Þar sem hv. flm. talar um að fella niður ⅛% þóknunargjald, þá má að sjálfsögðu færa rök fyrir því. En í raun og veru er þetta lækkun á vöxtum, hinum raunverulegu vöxtum, sem lántakendur þurfa að greiða, en það þýðir náttúrlega, að sjóðurinn hafi minni tekjur. En ég skal ekki sérstaklega vera að mæla á móti þessu, ég bendi aðeins á þessa hlið málsins. Hér er ekki um neitt annað að ræða en að lækka vextina.

Þá er að lokum aðeins að víkja að einu atriði þessa frv., sem veit að rétti eldri hjóna, eins og það er orðað í frv., til þess að fá lán, þó að þau eigi íbúð fyrir. Það er rétt, sem hv. flm. sagði. Það er oft mikil þörf fyrir fólk, og tíðum vegna breyttra aðstæðna, að geta fengið lán út á íbúð, sem það vill byggja sér, hentugri heldur en þá íbúð, sem það á. Ég geri því ráð fyrir, að það sé rétt hjá flm., að þetta komi sérlega hart niður á eldra fólki, eins og útlánareglurnar hafa verið. En í raun og veru kemur þetta hart niður á fólki á hvaða aldri sem það er, þegar raunverulegar ástæður eru fyrir það til þess að skipta um íbúðarhúsnæði.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þetta er eðlileg og rétt ábending, en bæði í þessu frv. og svo mörgum lögum er því miður oft miðað við ákveðnar prósentur, sem verða óraunhæfar vegna hreyfingar á krónunni, og miðað við það, sem framundan er, get ég vel fallizt á, að það verði skammt í það, að verkamannaíbúð verði búin að ná tveimur milljónum í krónutölu eða orðin jafnvel dýrari, — þess vegna er kannske óeðlilegt að vera að binda þetta svona fast. Dæmin voru sett fram til þess að sýna, hvernig þetta er og hefur verið, en ég er auðvitað alveg opinn fyrir því að gera þetta hreyfanlegra. Ég vildi aðeins undirstrika það, að með ákveðnum forsendum þá liggur dæmið svona fyrir, en því miður er verðhækkun á íbúðum nokkuð árvisst fyrirbrigði og þarf löggjafinn að vera vakandi yfir því, eins og ég drap á í upphafi ræðu minnar. Þá er ekki óeðlilegt, að nokkrar breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, eða að minnsta kosti viðleitni í þá átt, komi fram jafnvel á hverju þingi.

Svo er það spurningin með vextina. Það er auðvitað alveg ljóst mál, að ég legg til hér vaxtalækkun, og mér finnst óeðlilegt, að það sé árlega tekin í svo mörg ár ákveðin þóknun í vöxtum fyrir rekstrarkostnaði. Það má kannske taka hann meira í upphafi, en síðan ætti þetta form varla að vera, ég tel það óeðlilegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Á 19. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins [101. mál] (*þmfrv., A. 120*).

Á 20., 22., 23., 24. og 29. fundi í Ed., 2., 3., 6., 8. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt. Frv. var þó vinsamlega tekið af ýmsum aðilum, sem þetta mál varðar, og kom m. a. fram mjög vinsamleg afstaða hæstv. fyrrv. sjútvrh., núverandi 1. landsk. þm., og víða varð maður var við það, að þetta frv. vakti nokkra athygli og hafði, eins og ég sagði, velvild þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Með þessu frv. er stefnt að þar tilteknum ákveðnum aðgerðum til að auka vöruvöndun útflutningsafurða sjávarútvegsins, en þær aðgerðir eiga stoð í langri reynslu erlendra fiskveiðiþjóða, og einnig nokkurri reynslu nýlegri hér á landi. Það er áreiðanlega hald margra, sem nokkurt skyn bera á, að með þeim aðgerðum, sem hér er um að ræða og í frv. felast, mætti auka útflutningsverðmæti sjávarafurða um stórfelldar upphæðir, jafnvel að þær væru frekar taldar í þúsundum millj. króna en hundruðum, og auka hagnað allra aðila, sem hlut eiga að því að gera sjávarfang að verðmætri útflutningsvöru.

Þær aðgerðir, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi þær, að gera skylt, eftir því sem ráðh. ákveður í reglugerð, að hafa um borð í fiskiskipum sérstaklega gerða fiskkassa til þess að leggja í afla, jafnóðum og hann er innbyrtur. Skal hann geymdur í þeim, þar til hann er tekinn til vinnslu í fiskverkunarstöðvum. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að ekki er hér þó gengið lengra en svo, að heimila ráðh. að ákveða slíkt í reglugerð, eftir því sem rétt og framkvæmanlegt kann að þykja við mismunandi aðstæður, en þetta er ekki hins vegar afdráttarlaust gert að lagaskyldu. Þetta þykir flm. nauðsynlegt, þar sem ekki er við því að búast, að unnt sé, þó æskilegt væri, að beita þessari geymsluaðferð t. d. í mestu aflahrotum á vetrarvertíð, þó að hins vegar þætti þetta nauðsynlegt og æskilegt undir öðrum kringumstæðum.

Í 2. grein frv. segir, að skylt sé fiskvinnslustöðvum, sem taka fisk til verkunar, að hafa til umráða húsnæði og áhöld, sem geri stöðinni kleift að geyma fisk þannig, að hann skemmist ekki, meðan hann bíður vinnslumeðferðar, og er Fiskmati ríkisins ætlað að framkvæma skoðun á því, hvort slík aðstaða sé fyrir hendi, og gera till. um úrbætur, þar sem þeirra gerist þörf. Enn fremur er sagt, að Fiskmat ríkisins geti ákveðið slíkum fiskvinnslustöðvum tiltekinn frest til að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, að viðlagðri rekstrarstöðvun viðkomandi vinnslustöðvar, ef ekki er orðið við tilmælum Fiskmatsins.

Hér er áreiðanlega um mjög veigamikið atriði að ræða, og vil ég t. d. benda á, að í tímariti, sem nú nýlega hefur hafið göngu sína og gefið er út af Fiskmati ríkisins, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er það líka mjög aðkallandi, að komið verði upp við hraðfrystihúsin hráefnisgeymslu fyrir ísvarinn kassafisk. Þetta þurfa að vera niðurkældar fiskgeymslur, þar sem hita- og rakastigi loftsins er haldið jöfnu með sjálfvirkum búnaði. Þetta er frumskilyrði til þess, að hægt sé að koma fiskvinnslu hraðfrystihúsa okkar yfir á fullkomið iðnaðarstig.“ Enn fremur segir um sama efni: „Með þessu móti á líka nýting á hráefni að geta orðið betri, þar sem það léttist minna, þar sem það liggur hreyfingarlaust, án nokkurs þrýstings í fiskkössum allan geymslutímann. Núverandi fiskmóttökur frystihúsanna, sem jafnframt eru notaðar sem fiskgeymslur fyrir vinnsluhráefni, hafa því næst engin skilyrði til geymslu á nýjum fiski og eru því mjög óhagkvæmar fyrir rekstur frystihúsanna.“

Þetta eru vissulega rök, sem takandi eru með í reikninginn, þegar mál þetta er metið.

Í 3.—5. gr. frv. eru svo nánari ákvæði um þessi atriði, en í 3. gr. er gert ráð fyrir, að ráðh. geti ákveðið með reglugerð stærð og gerð þeirra fiskkassa, sem um ræðir í 1. gr., þ. e. að kassarnir verði staðlaðir með reglugerð, og verður það að teljast mjög nauðsynlegt, aðeins út frá tæknilegu sjónarmiði, þar sem bátar leggja upp fiskinn til geymslu og þurfa vitanlega að fá sína kassa aftur, en það geta eftir eðli málsins ekki verið sömu kassarnir og báturinn leggur upp, og enn fremur kemur hér líka til geymslurými, sem verður að innrétta sérstaklega, undir vissum kringumstæðum a. m. k., í skipunum sjálfum, og breyting á lestarbúnaði.

Þá er í 4. gr. mjög veigamikið atriði varðandi fjármálalegu hliðina. Þær aðgerðir, sem í frv. ræðir, munu hafa útgjaldaaukningu í för með sér og fjárfestingu fyrir fiskiðnaðarfyrirtækin og útgerðina, og með 4. gr. á að vera tryggt, að Fiskveiðasjóður láni allt að 75% af stofnkostnaði. Eftir að þetta frv. kom fram á s. l. ári, var tekin ákvörðun um það hjá stjórn Fiskveiðasjóðs, að lánað yrði út á þetta 50% af stofnkostnaði, og verður það að teljast verulega til bóta, en vafalaust er það of lítið. Hér er um það mikinn kostnað að ræða, að varla mun veita af því, að Fiskveiðasjóður láni allt að ¾ af þessum kostnaði.

Í 5. gr. er svo ákveðið, að við verðákvarðanir sé Verðlagsráði sjávarútvegsins skylt að taka fullt tillit til þess kostnaðar, sem útvegurinn ber vegna ákvæða laga þessara. Ég tel að vísu alveg öruggt, að hér sé um hagkvæma ráðstöfun að ræða, en það er alltaf spurning, hvernig þeim hugsanlega hagnaði er deilt á milli útgerðarinnar annars vegar og vinnslustöðvanna hins vegar, og þar sem grundvöllurinn er auðvitað í því, að þetta sé notað um borð í skipunum, þykir eðlilegt, að það sé fullkomlega ákveðið og augljóst, að útgerðin skuli a. m. k. við verð-

ákvarðanir fá þann kostnað greiddan aftur, sem hér er um að ræða.

Eins og ég áðan sagði, þá er örugg og löng reynsla fyrir notkun fiskkassanna, — og reyndar öðrum þeim atriðum, sem í frv. felast, meðal annarra fiskveiðiþjóða og sérstaklega hér á Norðurlöndunum, og þar hefur þetta leyst mikinn vanda um vöruvöndun og reynzt að öðru leyti mjög hagstætt, en það er eftirtektarvert, að þrátt fyrir reynslu annarra í þessum efnum hefur þessi geymsluaðferð ekki rutt sér til rúms hérlendis að neinu marki. Það er kannske nokkuð erfitt að segja um, af hverju þetta stafar. Trúlega er því að nokkru leyti um að kenna, að stofnkostnaður er nokkuð mikill og útvegurinn oft í frekari fjárþröng til fjárfestingar, en vafalaust er hér að verulegu leyti um að ræða venjulegt tómlæti og gróna vanafestu, og ég held, að það sé þess vegna skoðun allra, sem kynnt hafa sér þetta mál og eru þeirrar skoðunar, að hér sé um þjóðþrifaaðgerð að ræða, að ekki dugi minna en að heimildar sé aflað í lögum fyrir því, að rétt yfirvöld geti sett um þetta ákveðnar reglur, sem menn verði nauðugir viljugir að fara eftir.

Eins og ég sagði áðan, er hér ekki einungis um að ræða erlenda reynslu. Fiskkassar hafa verið notaðir í nokkrum íslenzkum skipum og gefizt það vel, að þeir, sem einu sinni hafa það prófað, munu varla leggja upp með útgerð undir öðrum kringumstæðum en hafa þá í notkun, enda er það sannast mála, a. m. k. við sumar aðstæður hér á landi, eins og t. d. í útilegu að sumrinu til, að ekki er möguleiki á því að framleiða fyrsta flokks vöru með neinu öðru móti en hafa þessa geymsluaðferð, og að sjálfsögðu að ísað sé í kassana jafnharðan, ella myndaðist gerlagróður í fiskinum á örskammri stundu og varan gæti ekki orðið betri en 2. eða 3. flokks vara eða jafnvel þar fyrir neðan. En sú tilraun, sem gerð hefur verið með þetta hér á landi, er sú athyglisverðasta, vegna þess að hún var gerð með visindalegum hætti, var gerð fyrir 2—3 árum í Vestmannaeyjum. Að henni stóðu Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðnideild frystihúsanna í Vestmannaeyjum, og þessi tilraun sannaði fyllilega, að notkun fiskkassanna, a. m. k. við þau tilteknu skilyrði, sem þessi tilraun var gerð við, er fullkomið þjóðþrifamál.

Það, sem kom þarna fram, var í fyrsta lagi það, að fiskur rýrnaði ekki í fiskkössunum, og þeir spöruðu þess vegna allt að því 5.5% rýrnun, en að meðaltali 3.6% rýrnun, sem kom fram við geymslu fisksins í stíum.

Í öðru lagi reyndist geymslan í kössunum auka nýtingu í neytendapakkningar úr 8.5% miðað við stíugeymslu í 19.8% og pakkanýtingu úr 41.1 í 41.5. En menn geta kannske gert sér nokkra grein fyrir því, um hvaða fjárhæð er hér að ræða, þegar þess er gætt, að neytendapakkningarnar eru tvisvar til þrisvar sinnum verðmætari en vinnsla í blokk, þegar á erlendan markað er komið.

Þá bentu í þriðja lagi kælingar með svo kölluðum „Fish Tester“ til, að geymsluþol ykist um 2—4 daga við geymslu í kössum miðað við stíufisk. Er það ekki lítið atriði hér í okkar fiskiðnaði, þar sem svo mikil nauðsyn er á að dreifa vinnunni, jafna hana í frystihúsunum og losna við verstu hroturnar og geta nýtt vinnuafl, vélar og fjármagn betur en gert er.

Í fjórða lagi sýndu tímamælingar á vinnu og útreikningar á vinnslu- og stofnkostnaði, að beinn hagnaður af notkun fiskkassanna varð allt að 1468 kr. á tonn og aldrei minni en 632 kr. á tonn, miðað við markaðsverð eins og það var í árslok 1969. Vafalaust er hér um talsvert hærri upphæð að ræða nú.

Þá er að geta þess í fimmta lagi, að gæði aflans, þ. e. betra mat, urðu meiri og húsrými við móttöku notaðist betur. Að lokum er svo að sjálfsögðu þess að geta, að við notkun fiskkassanna reyndist vinna og stofnkostnaður nokkru meiri, en til þess hafði verið fullt tillit tekið í öllum hagnaðarútreikningi.

Loks er þess að geta, að þessi tilraun sýndi vitanlega ekkert um það, hver hinn endanlegi þjóðhagslegi hagnaður verður af því að hafa betri vöru á boðstólum, en mér hafa sagt fróðir menn, að oft og tíðum hafi léleg flokkun á fiski til útflutnings ekki aðeins það í för með sér, að sá fiskur, sem þannig fellur í verði, lækki, heldur lækkar þá allt heildarverðið, og a. m. k. er það vel kunnugt í saltfisksútflutningnum, að ef við getum útvegað og lagt á borðið ákveðið magn af fyrsta flokks gæðafiski, þá verður allt verðið hærra, líka á lélegri tegundunum, en ef þær vaxa yfir vissa prósentu, þá lækkar verðið á því yfir alla heildina. Þetta er kunnugra en frá þurfi að segja, og veldur ákaflega miklu um það, að taka þarf þessi mál öll traustari og betri tökum en gert hefur verið.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég vona það, að þar sem málið hefur legið áður fyrir hv. deild, þó hún væri þá nokkuð öðruvísi skipuð, og réttir aðilar hafa fjallað um málið og umsagnir þeirra liggja fyrir, þá eigi málið greiða göngu út úr þessari hv. deild.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja í sambandi við þetta mál. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir fylgi við þetta frv. og tel, að hér sé um mikilsvert mál að ræða í sambandi við betri hagnýtingu á okkar sjávarafla, en það er, eins og fram kom hjá flm., margt, sem þarna er um að ræða og sem sjálfsagt hefur valdið því, að við Íslendingar höfum ekki tekið upp að setja fiskinn í fiskkassa, eins og tíðkast yfirleitt hjá öðrum nágrannaþjóðum í sambandi við þann fiskafla, sem ætlaður er fyrst og fremst til manneldis.

Í fyrsta lagi er hægt að gera ráð fyrir því, að það, sem hefur staðið í vegi í þessum efnum, sé kostnaðurinn. Við vitum, að það kostar mikið að byggja upp stofninn að þessum tækjum eða fiskkössunum. Það er nú eitt, að það er komin meiri tækni í þessum efnum en áður átti sér stað. Það voru mest trékassar hér áður, sem gengu mjög úr sér, og þess vegna urðu þeir mjög kostnaðarsamir í viðhaldi, en nú er aftur farið að búa þessa fiskkassa til úr vandaðra efni, sem hefur lengri endingartíma, og verða þeir því ekki eins kostnaðarsamir í viðhaldi. En það er

annað, sem ég veit, að hefur að nokkru valdið því, að þetta hefur ekki komið til framkvæmda hjá okkur hér á fiskibátaflotanum, og það er sú staðreynd, að við þetta er talsvert meiri vinna. Það er miklu meiri vinna, og ég hygg, að frá sjónarmiði sjómanna, þá muni það nú vera svo, út af fyrir sig, að þeir vilja helzt geta komizt hjá því að koma aflanum fyrir í fiskkassa, leggja hann niður þar í ís o. s. frv. til þess að þarna verði um 1. flokks vöru að ræða. Ég veit, að menn hafa viljað í lengstu lög losna við þá auknu fyrirhöfn, sem þessu er samfara. En það er nú sérstaklega hægt að benda á í sambandi við þetta, að íslenzk veiðiskip eru farin að nota þessa fiskkassa við veiðarnar í Norðursjónum, síldveiðarnar, og þar er það svo, að alls ekki tíðkast að leggja á land síld, sem ætluð er til söltunar eða manneldis, á annan hátt en hún sé látin í kassa og henni skipað upp í kössum, og við höfum séð, að íslenzku fiskibátarnir hafa núna, þegar þeir hafa hætt veiðum og stundum á meðan á vertíðinni hefur staðið í Norðursjónum, komið með heila farma hingað til Íslands í þannig ásigkomulagi, að aflinn hefur verið í fiskkössum. Og það sjá allir, sem fylgjast með þessu, að síldin er náttúrlega allt önnur vara en ef hún væri veidd og sett í eina kös í lestina eða á dekkið, eins og átt hefur sér stað yfirleitt með síldveiðar hér hjá okkur Íslendingum. Hér er náttúrlega um atriði að ræða, sem tvímælalaust verður að fylgjast með tímanum, og við verðum að miða okkar aðgerðir í þessum efnum við það, sem bezt á sér stað annars staðar. Það er ekki nóg að geta átt kost á góðu hráefni, ef það er eyðilagt áður en það fær þá meðferð, sem endanlega er um að ræða í sambandi við vinnslu aflans.

Ég vil nú ekki segja, að það gangi svo langt sem hv. flm. sagði hér áðan, að það sé ekki um neina rýrnun að ræða á þeim afla, sem settur er í fiskkassana, en að miklum mun, eins og skýrslan að sjálfsögðu sýnir, sem liggur fyrir um þetta, að miklum mun verður um minni rýrnun að ræða. Það verður náttúrlega alltaf um rýrnun að ræða á þeim fiski, sem bíður meira eða minna. Hann rýrnar visst á hverjum sólarhring, þó að rýrnunin, eins og hann sagði, verði miklu minni í kössunum en þar sem fiskurinn liggur í fiskstöflum í lest eða í kösum á dekkinu eða þá í stíum. Það er enginn vafi á því, að hér er um mál að ræða, sem á að gefa gaum, og því fyrr, því betra, að þetta komi til framkvæmda. En það er margt, sem þarf að athuga í þessu sambandi og ekki hvað sízt kostnaðurinn, hvernig verði greitt fyrir öflun fjármuna til að standa undir þeim kostnaði, stofnkostnaði, sem hér er um að ræða, en eins og gert er ráð fyrir, er Fiskveiðasjóður náttúrlega sá aðili, sem sjálfsagt er að hlaupi hér undir bagga. Ég vil aðeins segja þessi fáu orð og lýsa yfir stuðningi mínum efnislega við þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 828).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Ed., 18. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Þjóðleikhús.

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Þjóðleikhús [98. mál] (þmfrv., A. 116).

Á 19. og 20. fundi í Ed., 29. nóv. og 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., 3. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hv. d. flytur á þskj. 116 frv. til l. um Þjóðleikhús að beiðni hæstv. menntmrh. Lög um Þjóðleikhús eru, eins og kunnugt er, frá árinu 1947 og eru þannig 24 ára gömul. Síðan þessi lög voru samþ., hefur mikið vatn runnið til sjávar, og er eðlilega orðin þörf á ýmsum breytingum á þessum lögum.

Á árinu 1970, nánar tiltekið 6. febr., skipaði þáverandi menntmrh. nefnd til þess að endurskoða löggjöf og reglugerð um Þjóðleikhús. Nefndina skipuðu Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari. Nefndin samdi það frv. til l. um Þjóðleikhús, sem hér liggur fyrir. Frv. var lagt fyrir síðasta Alþ., en varð þá eigi útrætt.

Í þessu nýja frv. um Þjóðleikhús er að finna miklu nánari ákvæði um hlutverk Þjóðleikhússins og verkefni þess heldur en áður hafa verið í lögum. Meginbreytingin, sem gerð er með þessu frv., er breyting, sem snertir skipan þjóðleikhúsráðs. Starfstímabil þess er tímabundið og fulltrúum í þjóðleikhúsráði er fjölgað, en samkv. núgildandi lögum er starfstímabil fulltrúa í þjóðleikhúsráði ótiltekið, og er í lögunum greint svo frá, að fjórir stærstu stjórnmálaflokkarnir á Alþ. eigi fulltrúa í þjóðleikhúsráði. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að allmikil fjölgun verði í ráðinu, eins og segir í 5. gr. frv.: „Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar nefnir hver þingflokkur einn fulltrúa fyrir hverja tíu þm. í flokknum eða brot úr þeirri tölu.“ Bandalagi ísl. listamanna er ætlað að kjósa þrjá fulltrúa (einn tónlistarmann, einn listdansara og einn rithöfund), Félagi ísl. leikara þrjá fulltrúa, Leikarafélagi Þjóðleikhússins einn fulltrúa, menntmrh. skipar síðan einn fulltrúa og þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

Eins og sjá má, er þarna um allmikla fjölgun á fulltrúum að ræða, en um leið er ákveðið, að starfstímabil ráðsins sé fjögur ár. En þessu til viðbótar er svo ákveðið, að við Þjóðleikhúsið skuli

starfa fimm manna framkvæmdaráð, sem verður þá kannske aftur á móti meira virkt en þjóðleikhúsráðið, sem nú er starfandi. Það er þannig skipað, að formaður þjóðleikhúsráðsins er formaður framkvæmdaráðsins, en í því eiga einnig sæti þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi leikhússins, sá af fulltrúum Félags ísl. leikara, sem félagið ákveður, og fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði.

Aðrar helztu breytingar, sem gerðar eru með þessu frv., eru, að nú segir ótvírætt í frv., að Þjóðleikhúsið skuli flytja óperur og sýna listdans að staðaldri. Það er gert ráð fyrir, að við Þjóðleikhúsið starfi bókmennta- og leiklistarráðunautur, listdansstjóri og tónlistarráðunautur. Það er lögfest, að blandaður kór starfi við leikhúsið. Gert er ráð fyrir því, að leikárið verði framvegis frá 1. sept. til 31. ágúst, en eigi frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú er. Það er gert ráð fyrir því, að komið verði upp sérstöku leikmunasafni. Þá er gert ráð fyrir stórauknu samstarfi Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, að komið verði upp leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og ýmsar fleiri breytingar er að finna í þessu frv.

Ég vil að lokum taka það fram, að einstakir nm. menntmn. hafa algerlega óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vildi aðeins mega vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, á tveim atriðum þess. Bæði þessi atriði varða áhugaleikfélögin, en ég hef einmitt leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun laga varðandi þau og teldi ég vel fara, ef sú endurskoðun og lagasetning þessi gætu á einhvern hátt farið saman.

Þessar greinar frv. eru 18. og 19. gr. þess. Í 18. gr. þess, sem fjallar um leikmunasafn, er vikið að möguleikum leikfélaganna til þess að hagnýta sér það og fá þar leigða búninga og sviðsbúnað eftir föngum. Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að þetta safn geti orðið sem öflugast og því sé þannig stjórnað, að leikfélög, sem á því þurfa að halda, eigi þar sem greiðastan aðgang að og með sem hóflegustum kjörum. Nú veit ég, að Þjóðleikhúsið hefur oft hlaupið undir bagga og aðstoðað leikfélög úti um land, einkum með búninga, enda er í lok greinarinnar gert ráð fyrir, að svo verði, þar til safnið verður stofnað. En ég vil benda á það, að í stjórn safnsins þyrfti einmitt að vera fulltrúi áhugaleikfélaga, bæði til þess að fylgjast sem bezt með þeirri aðstoð, sem veitt yrði, og eins til þess, að leikfélögunum verði gert ljóst, hversu mikilvægan stuðning þau gætu haft af safni sem slíku, ef farið yrði eftir reglum þess.

19. gr. vildi ég, að athuguð yrði nánar með tilliti til þess, að þar væri um ákveðnari og bundnari ákvæði að ræða. Það kann að vera, að það sé nokkrum erfiðleikum bundið að gera ákvæðin um gistileikara og leikstjóra til leiðbeiningar betur úr garði, og eins hitt, þar sem stendur, að gera þurfi leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á hitt vildi ég leggja áherzlu, að þessi ákvæði eru bæði ákaflega mikilvæg, ef þau yrðu framkvæmd. Það væri mikils virði fyrir þá mörgu áhugamenn, sem hafa raunverulega mikinn vilja á því að gera vel og gera betur, að mega kynna sér innra starf leikhússins, fylgjast með æfingum og kynnast vinnubrögðum, þó að um stuttan tíma yrði að ræða. Ég veit, að þetta mundu margir vilja notfæra sér, en þó því aðeins, að þetta yrði sjálfsagður þáttur í starfi leikhússins og menn þyrftu ekki að læðast þar um sali sem hverjar aðrar boðflennur þrátt fyrir falleg ákvæði í lögum.

Hitt atriðið, um gistileikarana og leikstjórana, held ég, að væri ekki einungis til góðs fyrir áhugaleikfélögin. Ég held nefnilega, að þeir, sem í þetta færu, yrðu dýrmætri reynslu ríkari, og hef þar fyrir mér orð eins virtasta og bezta leikara Þjóðleikhússins, Vals Gíslasonar, sem stjórnaði og lék sjálfur í leikriti austur á Egilsstöðum fyrir nokkrum árum. En þetta starf þarf að skipuleggja, og ég er í engum vafa um, að eina leiðin til þess væri náið samstarf áhugafélaganna og leikhússins um framkvæmd þessa mikilvæga atriðis.

Það er oft farið háðulegum orðum um leiklistartilburði áhugafélaganna, og sem áhugamaður í hálfan annan áratug veit ég vel, að þar gengur á ýmsu og ekki er allt á bezta veg hjá öllum. En margt er þar líka betur gert en ýmsir halda, og leikurum Þjóðleikhússins væri hollt að kynna sér þessa starfsemi, sem mundi a. m. k. víkka sjóndeildarhring þeirra, þó að ekki væri annað. Um mikilvægi þessa atriðis fyrir minni leikfélögin þarf tæpast að ræða, svo augljóst sem það er.

Ég vildi því aðeins koma því að, hvort mögulegt væri, að ákvæðin þar að lútandi yrðu meira bindandi, og um leið mega vænta þess, að verði frv. þetta að lögum, verði við framkvæmd þeirra farið eftir þeim góðu fyrirheitum, sem í lögunum yrðu hvað leikfélögin úti á landsbyggðinni snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 116, n. 603, 604).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Merkilegustu nýmælin, sem fólgin eru í frv. til l. um Þjóðleikhús, sem menntmn. hefur haft til athugunar, eru tvímælalaust þau, að breytt er verulega skipan þjóðleikhúsráðs. Starfstímabil þess, sem áður var ótímabundið og raunverulega miðað við æviskipan manna í ráðið, er nú gert tímabundið, og fulltrúum er jafnframt fjölgað í ráðinu. Í öðru lagi er reiknað með því, að þjóðleikhússtjóri verði ráðinn til fjögurra ára í senn hverju sinni, það megi endurráða hann einu sinni, en enginn geti gegnt því starfi lengur samfellt en átta ár.

Önnur nýmæli, sem er að finna í þessu frv., eru þau, að það á að ráða að Þjóðleikhúsinu sérstakan bókmennta- og leiklistarráðunaut, list-

dansstjóra og tónlistarráðunaut. Það er lögfest, að blandaður kór starfi við leikhúsið, og það er lögfest, að Þjóðleikhúsið taki þátt í að koma upp leikmunasafni í samvinnu við leikfélög víðs vegar um land. Og loks er gert ráð fyrir því á meðal margra nýmæla, sem í þessu frv. eru, að komið verði á fót sérstökum leiklistar-, söng-listar- og listdansskóla ríkisins, án þess að ákvæðin um slíkan skóla séu að vísu mjög ítarleg. Því er aðeins slegið föstu, að slíkum skóla skuli koma upp.

Án þess að orðlengja frekar um efni þessa frv., þá er það kjarni málsins, að menntmn. telur frv. almennt horfa til framfara og mælir eindregið með því, að frv. verði samþ. Nefndin gerir þrjár till. um breytingar á frv., eins og kemur fram á þskj. 603. Ein af þessum till. er fram komin eftir ábendingu frá Bandalagi ísl. leikfélaga, 1. a-liður, önnur er fram komin eftir ábendingu sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, 1. b-liður, og ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja þær neitt nánar. Þar er um litilfjörleg fyrirkomulagsatriði að ræða, sem þó skipta máli fyrir viðkomandi stofnanir. Nefndin var sem sagt algerlega sammála um það að mæla með frv. með þessum breytingum, og hefur gefið út nál. á þskj. 603.

Hitt er svo annað mál, að í n. var ágreiningur um ýmis atriði málsins, sem birtist í því, að fimm nm. flytja brtt. við frv. á sérstöku þskj., 604. Þar er fyrst til að taka ákvæðin um stjórnskipunarmál Þjóðleikhússins. Í því frv., sem lagt var fyrir d., er gert ráð fyrir tvenns konar stjórnum, sem settar yrðu yfir Þjóðleikhúsið, fyrir utan framkvæmdastjórann sjálfan, þ. e. þjóðleikhússtjóra.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir fimm manna framkvæmdaráði, sem á að koma saman hálfsmánaðarlega. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 16 manna þjóðleikhúsráði og þar af er miðað við, að átta fulltrúar í þjóðleikhúsráði séu kjörnir beint af þingflokkunum, þannig að eftir núverandi skipan Alþingis fengi Sjálfstfl. þrjá fulltrúa í þjóðleikhúsráði, Framsfl. tvo og aðrir flokkar einn fulltrúa hver flokkur. Þetta skipulag þykir okkur tillögumönnum vera heldur óeðlileg yfirbygging á ekki stærri stofnun en Þjóðleikhúsið er. Við leggjum því til, að framkvæmdaráðið svo kallaða sé ekki starfandi og því ekki til, en þjóðleikhúsráð sé skipað 11 fulltrúum, sem komi saman til fundar mánaðarlega í stað þess, að gert var ráð fyrir því, að þjóðleikhúsráðið kæmi saman tvisvar á ári. Hins vegar er gert ráð fyrir því í till. okkar á þskj. 604, að þjóðleikhússtjóri undirbúi fundi ráðsins í samráði við fjármálafulltrúa Þjóðleikhússins og formann þjóðleikhúsráðs, og má því segja, að með því ákvæði sé um að ræða eins konar vísi að framkvæmdaráði, ráði til stuðnings sjálfum framkvæmdastjóranum, þjóðleikhússtjóra.

Menn kunna að spyrja í þessu sambandi, hvort yfirleitt sé ástæða til þess, að fulltrúar kjörnir af Alþ. komi nærri stjórnun Þjóðleikhússins, og hvort ekki væri eðlilegt að ganga enn lengra og fella algerlega niður aðild Alþ., eða stjórnmálaflokka að þjóðleikhúsráði. Ég vil taka það fram hins vegar, að það er persónuleg skoðun mín og væntanlega þeirra, sem standa að þeirri till., sem er hér á þskj. 604, að það sé eðlilegt, að fleiri eigi sæti í þjóðleikhúsráði en leikarar og listamenn þjóðarinnar, þó að að sjálfsögðu sé eðlilegt, að þeir séu þar einnig. Starfsemi Þjóðleikhússins er málefni, sem snertir þjóðina alla og þá ekki síst hina mörgu áhorfendur og aðdáendur Þjóðleikhússins, og það er því eðlilegt, að í þjóðleikhúsráði eigi sæti fulltrúar, sem kjörnir séu af Alþ. Við gerum því ráð fyrir því, að í þjóðleikhúsráði séu 11 menn: fimm, sem tilnefndir séu af listamönnunum, þar af þrír leikarar og tveir tilnefndir af öðrum listamannahópum, en fimm fulltrúar séu kjörnir í þjóðleikhúsráð af Alþ., og þar sé einnig einn fulltrúi ríkisvaldsins eða ríkisstj. skipaður án tilnefningar af menntmrh. og hann sé formaður ráðsins.

Það er hægt að fara fljótt yfir sögu og bæta því við, að allar aðrar brtt. á þskj. 604 eru afleiðing af þessari meginbreytingu, þessari einföldun á skipun þjóðleikhúsráðsins, allar nema ein, þ. e. 6. brtt. á þskj. 604. En þar segir:

„Við 12. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: Með samþykkt þjóðleikhúsráðs er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða rithöfund til að semja leikverk, og skal hann ráðinn með kjörum leikara í hæsta launaflokki, meðan hann vinnur að ritun þess. Eftir sem áður á höfundurinn fullan höfundarrétt að verki sínu, og ber honum sérstök þóknun, ef ákveðið er að taka verkið til sýningar.“

Ég held, að þessi till. þarfnist ekki mikils rökstuðnings. Við, sem flytjum þessa till., teljum, að meira þurfi að gera til þess að örva íslenzka leikritun. Við Þjóðleikhúsið starfa allmargir tugir manna við túlkun leikrita og við fjöldamörg önnur störf, og við teljum æskilegt, að a. m. k. einn starfsmaður við Þjóðleikhúsið vinni við það á hverjum tíma að semja leikverk. Rétt er að taka það fram að lokum, að leikhúsið er að sjálfsögðu ekki skyldað með þessu til þess að ráða slíkan mann í sína þjónustu. Það er aðeins gert ráð fyrir því, að þjóðleikhússtjóra sé heimilt að ráða menn til slíkra starfa með samþykki þjóðleikhúsráðs, og í till. segir ekkert um það, hve lengi höfundur skuli vera við slík störf. Því verður þjóðleikhúsráð að sjálfsögðu að ráða eftir atvikum hverju sinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. gat um, þá var menntmn. sammála um það að mæla með þessu frv. Ég sé því ekki ástæðu til þess að bæta neinu við um hin almennu rök, sem frsm. færði fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga. Hins vegar vil ég vikja að því, sem var ágreiningur í n. og hv. frsm. gerði einnig grein fyrir. En mér þykir ástæða til þess að ræða það mál nokkru nánar, vegna þess að ég lít svo á, að það sé ágreiningur um höfuðatriði.

Það er ágreiningur um það, hvernig skuli háttað stjórn Þjóðleikhússins. Í undirbúningi þessa frv. var þetta eitt af aðalmálunum, sem til athugunar var. Undirbúningur undir frv. var mjög ítarlegur. Það var skipuð sérstök nefnd til þess að annast þennan undirbúning 6. febr. 1970. Í þessari nefnd áttu sæti Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Baldvin Tryggvason fram-

kvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari. Formaður þessarar nefndar kom á fund menntmn. og skýrði þar, hvernig háttað hefði verið störfum þessarar nefndar. Það kom í ljós, að þessi nefnd hafði unnið mjög ítarlegt starf við undirbúning málsins. Nefndin hafði kallað á sinn fund fjölda aðila og málin voru þaulrædd, ekki síst það atriði, hvernig skyldi háttað yfirstjórn Þjóðleikhússins. Þetta var gert til þess að leita eftir sem víðtækastri samstöðu listamanna og sérstaklega leikara um þetta atriði. Það var gengið út frá því, að eftir því sem víðtækara samkomulag væri fyrir hendi um þetta efni, eftir því mætti gera ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar yrði styrkari. Og mér þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér í grg. með frv. En þar segir um störf þessarar undirbúningsnefndar á þessa leið:

„Nefndin hefur leitazt við að kynna sér viðhorf sem flestra, sem gerst eiga að þekkja til leikhúsmála hér á landi. Í því skyni átti nefndin m. a. viðræðufundi, áður en hún samdi frv., með þjóðleikhúsráði, þjóðleikhússtjóra, stjórn Félags ísl. leikara og sérstakri nefnd á vegum þess, stjórn Bandalags ísl. listamanna, stjórn Félags ísl. listdansara, framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga (stjórnin gat ekki komið til viðræðna), stjórn Þjóðleikhúskórsins og stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Eftir að hugmyndir nefndarinnar höfðu verið felldar í frv.-form., ræddi hún á ný við þá aðila, sem að framan eru nefndir, og leitaðist við að sameina í frv. þær hugmyndir, sem hún og aðrir töldu vænlegastar til þess að verða grundvöllur fyrir starfsemi Þjóðleikhússins með það fyrir augum, að stofnunin mætti sjálf vaxa og eflast og verða um leið öðrum aðilum, sem við sömu listgreinar fást í landinu, til stuðnings. Þess ber að geta, að samstarf við þá aðila, sem við höfum leitað til, hefur verið mjög ánægjulegt og hvergi gætt annarra sjónarmiða en þeirra, sem verða mættu til eflingar þeirri menningarstarfsemi, sem Þjóðleikhúsið sinnir og er ætlað að sinna."

Þetta segir í grg. með frv. Ég held, að þetta beri þess vott, að það er rétt, sem ég sagði í upphafi, að þetta frv. hefur hlotið sérlega vandaðan undirbúning. Árangurinn af þessum undirbúningi er að finna í frv. sjálfu. Og þar er í 5. gr. ákveðið, hvernig þjóðleikhúsráð skuli skipað. Þar segir:

„Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar nefnir hver þingflokkur einn fulltrúa fyrir hverja tíu þm. í flokknum eða brot úr þeirri tölu. Bandalag ísl. listamanna kýs þrjá fulltrúa (einn tónlistarmann, einn listdansara, einn rithöfund). Félag ísl. leikara kýs þrjá fulltrúa. Leikarafélag Þjóðleikhússins kýs einn fulltrúa. Menntmrh. skipar einn fulltrúa. Þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann."

Eftir hinar ítarlegu viðræður, sem undirbúningsnefndin átti við fulltrúa hinna ýmsu listgreina í landinu og aðra aðila, þá varð þetta niðurstaðan og þetta varð samkomulag milli þessara aðila. Að sjálfsögðu er það ekki bindandi fyrir aðgerðir Alþ. En það er augljóst, að í slíku máli sem þessu er það afar áríðandi, að samstaða sé um þessi efni, og vegna þess hve það var áríðandi, þá lagði undirbúningsnefndin svo mjög upp úr þessu atriði. Þetta er gert til þess að efla Þjóðleikhúsið og starfsemi þess. Ég tel, að það sé mjög varhugavert að breyta út frá þessu, sem frv. gerir ráð fyrir. Með því að gera það í einu eða öðru formi, þá er brostinn grundvöllur fyrir þessari samstöðu og ánægju meðal listamanna, sem fyrir hendi er og fékkst með undirbúningi nefndarinnar. Og ég hef hvorki heyrt í menntmn. né af munni hv. frsm. n. nokkur þau rök, sem réttlæti það að hverfa frá þeirri skipan, sem 5. gr. frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna lýsi ég algerri andstöðu við brtt. á þskj. 604, sem hv. frsm. n. gerði grein fyrir. Það er rétt, eins og hann sagði, að þær brtt. varða yfirstjórnina, og ég lýsi andstöðu við þær allar. Það er ein till., sem ekki varðar yfirstjórnina, en ég skal víkja að henni nánar síðar.

Eins og frv. er úr garði gert, þá eiga að fá sæti í þjóðleikhúsráði átta menn tilnefndir af stjórnmálaflokkunum og sjö af félögum listamanna, en einn þeirra skipaður af menntmrh. eða samtals 16. Hv. frsm. sagði, eða það mátti skilja það af orðum hans, að þetta væri of fjölmennt ráð til þess að fara með stjórn stofnunarinnar. Ég er honum ósammála um þetta. Til þess að ná hinu víðtæka samkomulagi og til þess að samstilla kraftana um rekstur og viðgang Þjóðleikhússins, þá held ég, að það hafi ekki mátt vera fámennara, þetta ráð, en frv. gerir ráð fyrir. En þegar við tölum um það, hvort eitt ráð er of fámennt eða of fjölmennt, þá verðum við að líta á það, hvaða hlutverk því er ætlað. Samkv. frv. er þessu ráði ekki ætlað að fara með hina daglegu framkvæmdastjórn, heldur er þessu ráði ætlað að marka hinar stærri línur í stefnu og störfum leikhússins. Og það er gert ráð fyrir, að þetta ráð komi til fundar einungis tvisvar á ári, nema sérstakar ástæður séu til. Þetta ráð er augljóslega ekki of stórt til þess að þjóna þessum tilgangi. Það sjá allir. En í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir, að við Þjóðleikhúsið skuli starfa fimm manna framkvæmdaráð og í því eigi sæti formaður þjóðleikhúsráðs, sem er jafnframt formaður framkvæmdaráðs, þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi Þjóðleikhússins, sá fulltrúi Félags ísl. leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður, og fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði. Þetta er fimm manna framkvæmdaráð, og það er augljóst, að það er ekki of fjölmennt til þess að annast það hlutverk, sem því er ætlað. En till. sú, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. mælti fyrir, brtt., er að mínu viti hvorki fugl né fiskur. Samkv. þeirri till. er þjóðleikhúsráð of lítið til þess að gegna því hlutverki, sem því er ætlað samkv. frv. sjálfu, en það er of stórt til þess að gegna því hlutverki, sem framkvæmdastjórninni er ætlað. Ég tel þess vegna, að þessi till. sé óraunhæf og ekki til bóta. Þvert á móti sé mjög varhugavert að samþykkja þessa till.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni hér áðan, að í brtt. hans og félaga hans á þskj. 604 væri að finna eins konar vísi að framkvæmdaráði, eins konar vísi. Ef vel er gáð í þessar till., þá finnst þetta. Þjóðleikhússtjóri undirbýr fundi ráðsins ásamt formanni ráðsins og fjármálafull-

trúa leikhússins. Þetta er nú vísirinn að framkvæmdaráði. Öllu má nú nafn gefa, ef það á að kalla vísi að framkvæmdaráði að undirbúa fund eða ef starfsmenn Þjóðleikhússins skipta kannske með sér verkum að tilkynna þjóðleikhúsráði um fund, dagskrá og fundarstað. Það er gjörsamlega fásinna að halda því fram, að þetta komi að nokkru leyti í staðinn fyrir þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá sagði hv. þm., hann lét orð liggja að því, að það hefði kannske mátt ganga enn lengra en gengið er í brtt. og fella algerlega niður kjörna fulltrúa Alþ. Þetta væri ekki hans skoðun, að það hefði átt að ganga lengra. Í þessum orðum má skilja, að í brtt. felist, að það sé verið að efla hlut listamannanna frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er algjör misskilningur. Hér kem ég að einu aðalatriði málsins. Lítum nánar á 8. gr. frv., sem fjallar um framkvæmdaráðið. Það er fimm manna ráð. Í þessu fimm manna ráði eiga sæti tveir leikarar. Formaður þjóðleikhúsráðs er sjálfkjörinn í framkvæmdastjórnina og samkv. frv. á þjóðleikhúsráð að kjósa hann. Hann getur líka verið leikari, þannig að það er vel til í því, að það séu þrír af fimm mönnum í framkvæmdastjórn starfandi leikarar. Það sjá allir hvílík fásinna er, að till., sem hv. 4. þm. Norðurl. v. var að mæla fyrir, efli hlut listamanna, frá því sem þarna er gert ráð fyrir. Nei. Ég held, að það mæli allt með því, að það sé mjög varhugavert að breyta þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu um yfirstjórn Þjóðleikhússins. Og það sé ekki Þjóðleikhúsinu eða starfsemi þess til framdráttar. Þvert á móti er hætta á því, að það stofni til ófriðar og úlfúðar og vonbrigða með, að ekki skuli komast í framkvæmd það samkomulag, sem búið var að ná og undirbúningsnefndin lagði svo mikið kapp á.

Þetta er um yfirstjórn Þjóðleikhússins. Ég sagði áðan, eins og raunar hv. frsm. n. tók fram, að það væri ein brtt. á þskj. 604, sem varðar ekki yfirstjórnina. Það er till. í 6. tölulið. En hún er um það, að við 12. gr. frv. bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

„Með samþykkt þjóðleikhúsráðs er þjóðleikhússtjóra heimilt að ráða rithöfund til að semja leikverk, og skal hann ráðinn með kjörum leikara í hæsta launaflokki. meðan hann vinnur að ritun þess. Eftir sem áður á höfundurinn fullan höfundarrétt að verki sínu, og ber honum sérstök þóknun, ef ákveðið er að taka verkið til sýningar.“

Ég er sammála því, að það sé ástæða til þess að vinna að því að efla íslenzka leikritagerð. En ég er algjörlega ósammála því, að það verði leitazt við að gera það með þeim hætti, sem þessi till. gerir ráð fyrir, vegna þess að ég hef enga trú á því, að nokkur trygging sé fyrir því, að þetta verði til nokkurs framdráttar fyrir íslenzka leikritagerð.

Ég tel, að það sé mjög varhugavert fyrir Alþ. að fara út á þá braut að ráða sem starfsmenn ríkisins einstaka menn til þess að skapa hugverk á borð við leikrit. Ég veit ekki til, að það séu dæmi þess, að slíkt sé gert eða hafi verið gert með löggjöf hér á landi. Þetta þykir góð latína á öðrum stöðum, þar sem listamenn, rithöfundar og aðrir andans menn eru ríkislaunaðir starfsmenn. Við þekkjum, hvar það tíðkast, og við vitum líka ofurvel, að þar fylgir böggull skammrifi. Þar verða þessir menn að skapa sín hugverk í samræmi við fyrirmæli og reglur yfirvaldanna. Ég er ekki að gera því skóna, að það mundi verða í þessu tilfelli, þó að þessi till. yrði samþykkt, en það gæti kannske orðið einhver smávísir að slíku. Hv. frsm. n. var að tala um vísi í öðru sambandi, hann var anzi smár. Ég hygg, að það mætti með sama rétti telja, að þetta gæti verið vísir að því, sem tíðkast í löndum austan við járntjaldið. En aðalástæða mín fyrir því að vera á móti þessari till., er sú, að ég tel hana ekki til þess fallna að efla íslenzka leikritagerð. Þó að einhver maður sé ráðinn á föst laun til þess að semja leikrit, held ég, að það sé ekki nokkur vissa fyrir því, að út úr því komi nokkuð, sem máli skiptir til þess að efla leikritagerð í landinu. Það kann að vera, að svo geti viljað til. Ég hygg, að það verði líka nokkur vandi að velja þennan mann, sem á að vera fastur starfsmaður til þessara verka. Nei, hvernig sem við veltum þessu fyrir okkur, er augljóst, að það eru aðrar leiðir mun líklegri til þess að þjóna þeim tilgangi að efla íslenzka leikritagerð. Það mætti t. d. hugsa sér, að það geti eflt íslenzka leikritagerð, ef þjóðleikhúsráð hefði heimild til þess að verðlauna bezta íslenzka leikritið á hverju ári. Það mætti líka hugsa sér, að það væri ein leið, að þjóðleikhúsráð hefði heimild til þess að efna til samkeppni um leikritagerð og veitti verðlaun. Þetta eru leiðir, sem við þekkjum vel í okkar þjóðfélagi, en ég er ekki að mæla með þessum leiðum. Ég held, að það geti verið enn betri leið, og í samræmi við það höfum við hv. 6. þm. Reykv. borið fram brtt. við þessa brtt. á þskj. 625, og hún er, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Við 12. gr. bætist ný málsgr. svo hljóðandi: Heimilt er þjóðleikhúsráði að greiða laun sem svarar hæsta launaflokki leikara til höfunda nýrra íslenzkra leikrita, meðan verið er að vinna að æfingum og uppfærslu leikrita þeirra. Skulu laun þessi greidd auk höfundalauna. Á vegum Þjóðleikhússins skulu flutt að minnsta kosti þrjú ný íslenzk leikrit á hverju leikári.“

Hér er farið inn á nýja braut. En það er ekki að ófyrirsynju. Öllum er ljóst, að það er annað að skrifa leikrit en að skrifa skáldsögur eða annað þess háttar ritverk. Það skiptir ákaflega miklu máli fyrir leikritahöfund að þekkja starfsemi leikhússins sjálfs, hafa aðstöðu til þess að vinna með leikurunum og skilja þannig og nema þau atriði, sem varða svo miklu í sambandi við leikritagerðina sjálfa. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að það sé einmitt þetta, sem íslenzkir leikritahöfundar telji, að þá vanhagi mest um nú. Með till. okkar hv. 6. þm. Reykv. viljum við bæta úr þessu og teljum þetta heppilegustu leiðina til þess að efla íslenzka leikritagerð.

Till. gerir ráð fyrir, að höfundar nýrra íslenzkra leikrita hafi álitleg laun meðan þeir eru að vinna að æfingum og uppfærslu á leikritum sínum. En auk þess skulu þeim greidd höfunda-

laun. En í till. er einnig gert ráð fyrir, að á vegum Þjóðleikhússins skuli flutt a. m. k. þrjú ný íslenzk leikrit á hverju leikári. Það kann kannske einhverjum að finnast, að hér sé of í lagt og það sé ekki rétt eða eðlilegt að binda þetta í löggjöf. En við teljum, að þessu sé ekki svo háttað. Þrátt fyrir allt er mikil gróska í íslenzkri leikritagerð. Það er af ýmsu að taka og verður væntanlega. En það er ekki þar með sagt, að það þurfi að sýna þessi leikrit öll á aðalsviði leikhússins, í Þjóðleikhúsinu sjálfu. Það segir í till. okkar, að á vegum Þjóðleikhússins skuli a. m. k. flutt þrjú ný íslenzk leikrit á hverju ári. Við höfum í huga, að á vegum Þjóðleikhússins er annað leiksvið, leiksviðið í Lindarbæ, nokkurs konar tilraunaleikhús, og það kemur náttúrlega ekki síður til greina, að á því sviði séu sýnd þessi leikrit, sem um er að ræða í till. okkar 6. þm. Reykv.

Ég leyfi mér að vona, að brtt. þessi, brtt. okkar við brtt. í 6. tölulið á þskj. 604, verði samþ. Ég vil láta það verða mín síðustu orð að ítreka aðvaranir mínar um það, að ekki verði horfið frá þeirri skipan um æðstu stjórn Þjóðleikhússins, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir. Ég óttast, að slíkt verði ekki til þess að efla starfsemi Þjóðleikhússins. Það yrði til þess að gera óvinafagnað og veikja starfsemi Þjóðleikhússins.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er nú ekki ástæða til að orðlengja mjög um þetta mál, en ég vildi bæta hér fáeinum orðum við í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar. Það er laukrétt hjá þm., að í nefndinni, sem undirbjó þetta frv., var um það fullt samkomulag að haga skipan þjóðleikhúsráðs á þann veg, sem þar var lagt til, og að þjóðleikhúsráð yrði svo fjölmennt sem þar var reiknað með. En hitt er allt annað mál, að það voru ekki allir jafnánægðir með þessa skipan. Ég held, að það sé ekkert launungarmál, að leikarar voru almennt mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag, mjög lítið hrifnir af þessu stóra og mikla ráði, og þó að þeir létu gott heita að hafa þessa skipan málanna eins og samkomulag náðist um, þá fóru þeir ekki dult með óánægju sína í einkasamtölum. Þetta kemur reyndar glöggt fram í umsögn frá öðru leikarafélaginu, sem gefur það fyllilega til kynna, að leikarar séu ekki mjög ánægðir með þessa skipan, þó að þeir hafi sem sagt látið kyrrt liggja. Ég er sannfærður um það, að listamennirnir sjálfir yrðu dauðfegnir, ef þessum furðulega pýramída, sem settur hefur verið eða fyrirhugað er að setja ofan á Þjóðleikhúsið, ef honum yrði velt um koll. En það er þó ekki fyrst og fremst vegna leikaranna og listamannanna, sem við flm. till. höfum haft frumkvæðið að því að breyta þessari skipan. Við gerum það fyrst og fremst til þess að varðveita virðingu Alþingis og stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Þetta skipulag, að hafa 16 manna ráð yfir Þjóðleikhúsinu með einum fulltrúa fyrir hverja tíu þingmenn í hverjum þingflokki, skipulag, sem á sér bókstaflega talað ekkert fordæmi í íslenzkri löggjöf, það er svo fáránlegt, að ég er sannfærður um það, að Alþingi og stjórnmálaflokkarnir yrðu beinlínis að athlægi með þjóðinni, ef þessir aðilar samþykktu slíka skipan. Til viðbótar kemur svo hitt, að með þessu skipulagi, með þessu fjölmenni, neyðast aðstandendur þessa frv. til að útbúa nýtt og fámennara ráð, vegna þess að þeir gera sér grein fyrir því, að stóra ráðið er óstarfhæft. Þeir verða að búa til annað ráð og minna til þess að hafa eitthvert starfrækjanlegt ráð yfir stofnuninni. Það er einmitt það, sem okkar till. miðar að, hún miðar að því að fækka það mikið í þjóðleikhúsráði, að það verði raunverulega starfhæft, að það verði eitthvað meira en bara puntstofnun, sem eigi að koma saman tvisvar á ári, að það geti m. ö. o. raunverulega rækt sitt starf, og þá um leið verður þetta fimm manna framkvæmdaráð algjörlega óþarft. Framkvæmdaráðið verður óþarft, vegna þess að það er síður en svo hægt að segja það, að Þjóðleikhúsið sé stjórnlaust án þess, það hefur sinn framkvæmdastjóra, þjóðleikhússtjóra, það hefur fjármálafulltrúa, bókmenntafulltrúa og fjöldamarga aðra til að stjórna þessari stofnun.

Ef litið er yfir frv. um Þjóðleikhúsið, kemur skýrt fram, að aðalverkefni þessa fimm manna framkvæmdaráðs átti að vera það að undirbúa fundi þjóðleikhúsráðsins, undirbúa till., sem væru lagðar fyrir þjóðleikhúsráðið, og ég held, að það mál sé leyst einfaldlega með því, að sú setning er sett inn í brtt. okkar, að þjóðleikhússtjóri undirbúi fundi þjóðleikhúsráðs í samráði við tvo aðila, fjármálafulltrúa leikhússins og formann ráðsins. Ég tók þannig til orða áðan, að það mætti kannske segja, að þarna væri um að ræða einhvers konar vísi að framkvæmdaráði, það hefur kannske verið nokkuð ónákvæmt til orða tekið, því að þarna er náttúrlega ekki um neitt framkvæmdaráð í þess orðs eiginlegri merkingu að ræða, auðvitað hlýtur framkvæmdahliðin að lenda á herðum þjóðleikhússtjóra fyrst og fremst og það hlýtur að nægja, en ég átti við það, að að svo miklu leyti sem þessu fyrra framkvæmdaráði var ætlað að undirbúa fundi þjóðleikhúsráðs, sem var aðalverkefni þess, þá hlýtur þetta að duga.

Hvað hina till. snertir, — þá, að heimilt verði að ráða rithöfund til nokkurra mánaða í senn, eftir atvikum, til að semja leikverk fyrir leikhúsið, — kom það glöggt fram hjá seinasta ræðumanni, hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðari Kristjánssyni, að það væri varhugavert að ráða einstaka menn á vegum ríkisins til þess að skapa listaverk, eins og hann sjálfur komst að orði, og það var nú einna helzt á honum að skilja, að slíkt skipulag væri eiginlega hálfgerður „bolsévismi“ af versta tagi eða a. m. k. vísir að „bolsévisma“, eins og hann komst að orði, er hann ræddi um þetta atriði, og ég verð nú að leyfa mér að benda hv. þm. á, að þarna er um harla mikinn misskilning að ræða. Ég veit ekki betur en að í vaxandi mæli hafi verið horfið að því ráði hvað snertir styrkveitingar til listamanna að veita þeim starfsstyrki, og mér hefur heyrzt, að starfsstyrkir yfirleitt ættu mjög vaxandi fylgi að fagna, bæði meðal alþm., meðal listamanna og annarra, sem láta sig varða þessi mál. Það má eiginlega segja, að þarna sé um nákvæmlega sams konar skipulag að ræða, nema

bara að þetta er tengt því að skrifa leikverk fyrir Þjóðleikhúsið. Ég vil spyrja hv. þm. um það, ef um þetta er að ræða, hvort ekki megi þá kalla það fáránlegt, að ríkið skuli ráða leikara til starfa við Þjóðleikhúsið, hvort það sé þá ekki jafnfáránlegt skipulag og í ætt við „bolsévisma“ eins og hann var að gefa í skyn hér áðan um till. okkar. Ég er anzi hræddur um, að það hljóti að mega leiða nákvæmlega sams konar rök að því, að það sé eitthvað óeðlilegt við það, að ríkið hafi leikara í sinni þjónustu, eins og það að ríkið hafi í þjónustu sinni einn mann hverju sinni til þess að skrifa leikverk. Ég vil undirstrika það, að ég fæ ekki séð, að það verði á nokkurn hátt erfiðara að velja rithöfunda til þess að vinna nokkra mánuði í senn að slíku verkefni en yfirleitt að ráða leikara að leikhúsinu eða hverja aðra menn.

Það er rétt, sem þm. sagði, að út af fyrir sig kæmi til greina að örva íslenzka leikritun með mörgum öðrum hætti, — hann nefndi samkeppni meðal rithöfunda og hann nefndi það fyrirkomulag að verðlauna bezta leikritið, — þetta er alveg laukrétt. Þetta eru auðvitað leiðir, sem vissulega koma til greina. Vandamálið er hins vegar það, eins og við allir þekkjum, að til þess að menn geti setzt niður og unnið í marga mánuði að einu leikverki, verða menn helzt að hafa efni á því að vera kauplausir þann tíma, þeir verða sem sagt að geta fórnað tíma sínum til þess að vinna upp á von og óvon að slíku verkefni. Till. okkar stefnir einmitt í þá átt að gera mönnum þetta kleift. Ég er sannfærður um það, að hvað snertir íslenzka leikritun er auðvitað flöskuhálsinn hvað mest þarna, að menn raunverulega hafa sig ekki í það að setjast niður til að vinna að þessu mikla verkefni, vegna þess að þeir bókstaflega hafa ekki fjárráð til þess. Þess vegna dugar sjaldnast það, að menn hafi von um að vinna í samkeppni einhvern tímann síðar meir eða hljóta verðlaun fyrir það að hafa skrifað bezta leikritið. Þeir hafa bara aldrei gefið sér tíma til þess að setjast niður og vinna verkið.

Hér liggur fyrir till. frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Auði Auðuns, þess efnis, að þessari till. verði breytt á þá leið, að um verði að ræða, að rithöfundi verði greidd laun meðan á því stendur, að verið er að æfa verk eftir hann og verið er að færa upp verk eftir hann. Ég vil taka það fram, að slíkt skipulag er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt og kæmi vel til greina, en það tekur ákaflega stuttan tíma að setja upp leikverk, það tekur venjulega ekki meiri tíma en 1½ til 2 mánuði í mesta lagi, og þar af leiðir, að þetta út af fyrir sig er kannske ekki nægileg örvun til þess, að menn setjist niður og skrifi leikverk. Þess vegna tel ég, að till. eins og hún er af okkar hendi gerð sé æskilegri og heppilegri.

Hvað snertir þá hugmynd, sem hann nefndi hér áðan, að það væri gæfulegra að skylda Þjóðleikhúsið til þess að flytja a. m. k. þrjú íslenzk leikverk á hverju ári, — hann hefur reyndar komið þessari hugmynd á framfæri í tillöguformi, — vildi ég segja það, að ég tel slíka skipan mála afskaplega óeðlilega og óheppilega og ég get ekki stutt þá till. Ég álít, að Þjóðleikhúsráð verði hverju sinni að hafa algjörlega óbundnar hendur um það, hversu mörg leikverk það flytur af hverju tagi á hverju ári og það sé ekki nokkur leið fyrir Alþingi Íslendinga að fara að segja Þjóðleikhúsráði fyrir um það, hvort það eigi að flytja eitt eða þrjú eða fimm íslenzk leikverk á hverju ári. Um það verður Þjóðleikhúsráð að hafa algjörlega frjálsar hendur.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég á sæti í menntmn., en var fjarverandi, þegar þetta frv. var afgr. úr n., og stend því ekki að nál. á þskj. 603, en ég vil taka það fram, að ég styð frv., eins og það er fram lagt, og er samþykk þeim brtt., sem n. flytur. Ég skal líka taka það fram, að á fyrri fundum n. hafði ég lýst mig andvíga brtt. á þskj. 604. Ég vil taka það fram, eins og reyndar kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að ég er þar alveg sérstaklega andvíg þeim breytingum, sem þar er lagt til, að gerðar verði á yfirstjórn Þjóðleikhússins.

Hv. frsm. n. og frsm. fyrir brtt. færði eiginlega þau einu rök fyrir þessum brtt., að þetta væri of mikil yfirbygging á ekki stærri stofnun en Þjóðleikhúsið væri. Það er auðvitað ekki hægt að afgreiða þetta mál með slíkum röksemdum, því að ef vel er að gáð er þarna um að ræða verkaskiptingu milli annars vegar þjóðleikhúsráðs og hins vegar framkvæmdaráðs, sem er fyllilega eðlileg. Eins og áður kom fram hér við umr., er hinu fjölmenna þjóðleikhúsráði ætlað að taka ákvarðanir eða marka aðalstefnu í málefnum leikhússins, þar sem framkvæmdaráðið skal aftur hafa það, sem nálgast að vera frekar eftirlit og afskipti af daglegri stjórn leikhússins, daglegum rekstri leikhússins. Eins og frv. liggur fyrir, er gert ráð fyrir góðum tengslum milli framkvæmdaráðsins og þjóðleikhúsráðs, þar sem í framkvæmdaráði eiga sæti formaður þjóðleikhúsráðs og enn fremur tveir leikarar.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. talaði um, að Alþ. gerði sig hlægilegt, ef það samþykkti þá skipan þjóðleikhúsráðsins og hvernig til þess skuli vera valið, sem í frv. er lagt til. Ég veit ekki, hversu hlátursgjarnt þeim manni kann að vera, en ég sé satt að segja ekkert hlægilegt við það, og þess skal geta, að skapa þarf nokkurt jafnvægi annars vegar milli Alþingis eða þingflokkanna og þeirra, sem þeir velja, og svo aftur fulltrúa listamannanna. Og það er alveg ákveðið markmið, sem þar er haft í huga, að styrkja leikhúsið með slíkum tengslum við Alþ. og þá fyrst og fremst við fjárveitingavaldið á hverjum tíma, því að það er vitað mál, en ekki alltaf auðvelt kannske að gera mönnum það almennt skiljanlegt, hve dýrt það er að reka leikhús, svo að með nokkrum myndarbrag sé og kannske sitthvað vefengt eða tortryggt, þegar um fjárútlát sem einhverju nema er að ræða.

Það er einnig gert ráð fyrir því, og einmitt í þessu sama skyni, að allir þingflokkarnir geti átt fulltrúa í ráðinu. Í brtt., sem flutt hefur verið, er svo sem ekki verið að þurrka út áhrif Alþingis, en hins vegar er þar till. um, að kosnir verði fimm, og þá með hlutfallskosningu, og auðvitað vitum við öll, að það koma ekki

allir þingflokkar að fulltrúum í ráðið. Þegar talað er um hið fjölmenna þjóðleikhúsráð, eða 16 manns, finnst mér kannske ástæða til að leiða athygli að því, vegna þess að það er ekki óeðlilegt, að þm. hugsi um kostnað af þeim frv., sem þeir eru að samþykkja, að það er ekki gert ráð fyrir, að um mikla þóknun verði að ræða, heldur yrði þarna fundarþóknun greidd meðlimum þjóðleikhúsráðs, sem gert er ráð fyrir, að komi saman tvisvar á ári; oftar, ef þörf þykir.

Það hefur verið rakið, að mikil vinna var lögð í þetta frv. og að nefndin, sem það samdi, lagði sig mjög fram um að ná samstöðu við listamannasamtökin um frv., sem þau teldu sig geta unað við. Þótt hv. 4. þm. Norðurl. v. hafi áðan sagt, að það mundi ríkja óánægja með frv. meðal listamanna eða leikara, ef ég tók rétt eftir, þá held ég, að óhætt sé að fullyrða, að að því séu lítil brögð. Nú kann ég ekki utanað umsagnir, sem nefndinni bárust, en ekki man ég betur en að umsögn, — þá vona ég, að ég muni það rétt, — frá Leikarafélagi Þjóðleikhússins, undirrituð af Guðbjörgu Þorbjarnardóttur leikkonu, formanni þess félags, hafi lýst yfir eindreginni ánægju með frv. Ég tel mikils virði, að það hefur náðst gott samkomulag við listamannasamtökin um gerð frv. Það má vera, að það séu til einstaka óánægjuraddir, en sáralítið held ég að kveði að því, satt að segja.

Og þegar formaður nefndarinnar, sem frv. samdi, ráðuneytisstjórinn í menntmrn., mætti á okkar fundi, þá heyrði maður á hans afstöðu, að hann væri ragur við, að vikið yrði frá því, sem þeir, listamannasamtökin og listamennirnir, litu á, a. m. k. á því stigi, sem samkomulag.

Svo vil ég koma að því, hve heppilegt það yrði fyrir Þjóðleikhúsið, þetta skipulag, sem hér er lagt til. Halda menn virkilega, að 11 manna þjóðleikhúsráð, sem á að taka við störfum framkvæmdaráðsins, sé heppilegt fyrir eina stofnun, og hvernig verður fyrir þann þjóðleikhússtjóra, sem starfar á hverjum tíma, að búa við slíkt skipulag? Ég efast um, að menn hafi athugað þetta. Ég vil taka það fram, að ég dreg ekki í efa góðan vilja allra í garð Þjóðleikhússins, enda vart annað sæmandi sem einnar okkar helztu menningarstofnunar. Og mér dettur ekki í hug að gera því skóna, að annað en góður hugur í garð leikhússins búi á bak við tillögugerðina, en hitt er annað mál, að mér sýnist hún vera ákaflega vanhugsuð.

Svo vil ég minnast á eitt atriði í þessu sambandi. Ef ég tala um atvinnulýðræði, sem a. m. k. sumir flm. þessarar brtt. taka sér stundum í munn, hvað er nú orðið af blessuðu atvinnulýðræðinu, sem að er stefnt með þessu frv. og framkvæmdaráðinu? Ef samþykkja á brtt. þeirra fimmmenninganna, þá er leikhúsinu stjórnað af ráði, þar sem á sæti einn leikari úr Þjóðleikhúsinu. Framkvæmdaráðið er þannig skipað, að þar á starfslið leikhússins meiri itök, og af því að ég er nú farin að tala um framkvæmdaráðið, — hv. frsm. fyrir brtt. er ekki hér inni, en ég vil leiðrétta samt það, sem hann sagði, að framkvæmdaráðinu væri samkv. frv. eiginlega ekki ætlað annað en að undirbúa fundi og gera till. að fjárhagsáætlun fyrir þjóðleikhúsráð. — Ég vil leyfa mér að lesa hér seinasta málslið 1. mgr. 9. gr. frv., þar sem segir af verkefnum framkvæmdaráðsins:

„Framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.“

Og þar má hver maður vitaskuld sjá, að það verður aðalverkefni framkvæmdaráðsins. Þessu verkefni er svo 11 manna ráði ætlað að taka við og skipað á þann hátt, sem í brtt. segir. Ég á nú eftir að sjá það, að Bandalag ísl. listamanna sé ánægt með það, að það er fækkað um fulltrúa í hópi þeirra, sem þeir mega tilnefna, sem beinlínis er tekið fram í frv., frá hvaða listgreinum skuli vera, sem sé tónlistarmann, listdansara og rithöfund, en samkv. frv. verður bersýnilega einhver þeirra úti í kuldanum.

Þá sagði frsm. fyrir brtt., að með því væri búið, eins og hann orðaði það, að koma þessu niður í starfhæfanlegt ráð 11 manna. Ég sé nú satt að segja ekki mikinn mun á því, ef þetta á að vera framkvæmdanefnd, sem má segja, að hafi undir smásjá daglegan rekstur leikhússins, hvort þar eru 11 eða 16 menn, því að alla vega er þetta orðið allt of stórt ráð og mun áreiðanlega torvelda störf leikhússins, að ég tali nú ekki um þjóðleikhússtjórans.

Þá skal ég víkja örlítið að þeirri brtt., sem ekki snertir yfirstjórn Þjóðleikhússins. Það er sem sé brtt. í tölul. 6 á þskj. 604, sem við hv. 5. þm. Vestf. flytjum brtt. við. Þessi brtt. er gamall kunningi okkar, sem eldri erum í deildinni alla vega. Ég man nú ekki, hvað mörg ár eru síðan, að hér kom inn afkastamikill varaþm., og ég skal ekkert um það segja, hvort svo mikil afköst koma niður á gæðum afreka manns, en mér leizt nú aldrei á þá till. Hún fór til n., en afgreiðslu hlaut hún ekki hér og líklega hefur ekki verið gefið út um hana neitt nál.

Þar var lagt til á sama hátt, að það væri heimilt að ráða rithöfund til þess að semja ritverk, í eitt ár í senn, ef ég man rétt. Alla vega var það takmarkað við eitt ár. Hér er lagt til, að hann verði ráðinn til að semja leikverk á þeim kjörum, sem þarna greinir, meðan hann vinnur að ritun þess. Frsm. fyrir brtt. sagði reyndar áðan: í nokkra mánuði, en hér stendur skýrum stöfum: „meðan hann vinnur að ritun þess“. Ja, það er nú það. Ég hef einhvern tíma heyrt, að Goethe hafi verið í 16 ár að fullgera sinn Faust, en það er nú kannske engin hætta á, að þau ósköp dynji á Þjóðleikhúsinu, að það fái annan Goethe til að rita leikverk. Það ber að vísu að harma, en þá væri kröfum stefnt nokkuð hátt, ef ætlazt væri til þess.

Þá sagði hv. frsm. brtt., að þetta væri gert með hliðsjón af því, að rithöfundar hefðu ekki ráð á að verja löngum tíma kauplaust til að semja leikrit. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það er ótrúlega mikið, sem kemur fram af íslenzkum leikritum. Ég efast um, miðað við fámennið hér, að annars staðar sé betur gert í þeim efnum. En einmitt eins og hv. 5. þm. Vestf. sagði: Það, sem leikritahöfundar þurfa fyrst og fremst að fá tækifæri til, er að kynnast leikhúsinu innan frá, vegna þess hvílík

sérgrein það er að skrifa fyrir leiksvið, og þetta, sem við leggjum til í okkar brtt., að menn séu við skulum segja verðlaunaðir með því að vera á launum þann tíma, sem verið er að setja upp eftir þá leikrit, tel ég, að ætti vissulega að örva menn til leikritagerðar, og það er líklegra til þess að gefa meiri breidd í viðleitni manna til að skrifa íslenzk leikrit. Þetta er atriði, sem mér hefur satt að segja oft komið til hugar, ekki beinlínis í þessu formi, en hve mikil brögð væru að því, að leikhúsin hleyptu rithöfundum inn fyrir sína veggi til að kynnast leikhúsinu innan frá. Ég held, að um það þurfi ekki út af fyrir sig lagafyrirmæli, því að segja má, að það sé frekar framkvæmdaatriði, en vissulega er æskilegt, eftir því sem unnt er, að gera slíkt. En mér er það ljóst, að það er vissulega ekki á allan hátt auðvelt.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa fleiri orð um frv. eða brtt., vildi þó gera grein fyrir minni afstöðu, þar sem ég á sæti í menntmn. Ég endurtek það, að mér finnst þessar brtt. vera vanhugsaðar og ég óttast, hvaða afleiðingar þær geti haft fyrir Þjóðleikhúsið. Ég veit auðvitað ekki um afstöðu hv. þm. í d. til þessara till., utan þeirra, sem þær flytja, en ég mætti kannske ljúka þessum orðum mínum með því að segja, að mikil forvitni léki mér satt að segja á því að vita um hug menntmrh. til þeirra.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. lýsti því hér yfir, að leikarar væru almennt óánægðir með þann hátt, sem gert er ráð fyrir um skipun æðstu stjórnar Þjóðleikhússins í frv. sjálfu. Þetta er ekki rétt. Leikarar eru ekki óánægðir með þetta. Höfuðágreiningurinn var um annað. Höfuðágreiningurinn, sem um var að ræða, var um, að leikararnir og listamennirnir töldu ekki rétt, að það væru fulltrúar stjórnmálaflokkanna í þjóðleikhúsráði. Þeir vildu, að þjóðleikhúsráð væri skipað einvörðungu, eða svo til, fulltrúum samtaka listamanna. En árangurinn af öllum þeim viðræðum, sem fóru fram við þessa aðila, varð samkomulag. Þegar byrjað er að tala saman, þar sem skoðanir eru mjög skiptar, þá fer það auðvitað þannig, að það ná ekki allir sínu, og gildi samkomulags er einmitt fólgið í því, að það er leitazt við að samræma ólík sjónarmið, og þess vegna hefur samkomulag gildi, að þetta tekst. Það er algjörlega rangt af hv. 4. þm. Norðurl. v. að segja, að leikarar séu óánægðir með niðurstöður málsins eins og kemur fram í frv. Og hv. þm. sagði, að listamennirnir yrðu dauðfegnir, ef brtt. hans og hans félaga yrðu samþykktar. Þeir yrðu dauðfegnir. Ég undrast stórlega, að hv. þm. skuli bera þetta á borð, þegar það liggur fyrir, að einmitt með hans till. er verið að afnema framkvæmdaráðið, eins og gert er ráð fyrir því í frv., þar sem listamennirnir koma til með að hafa tökin og þar sem þýðingarmest er að hafa tökin. Það var svo að skilja á honum, að þetta væru upplýsingar. sem menntmn. hefði fengið í málinu. Það er ekki rétt. Ég sé ástæðu til þess að upplýsa hv. d. um það, sem n. hefur verið upplýst um um afstöðu listamannanna. Þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fyrst víkja að umsögn Leikarafélags Þjóðleikhússins. Það er stutt bréf og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þökkum hv. Alþingi fyrir tilsent frv. til l. um Þjóðleikhús til umsagnar. Frv. þetta virðist mjög vandlega unnið og undirbúið, og þar sem leikarar úr Leikarafélagi Þjóðleikhússins sátu í þeirri sérstöku nefnd á vegum Félags ísl. leikara, sem skýrði sjónarmið leikaranna, sjáum við ekki ástæðu til annars en að óska frv. góðs gengis."

Ég vík að umsögn Bandalags ísl. listamanna. Þar segir m. a. í bréfinu:

„Stjórnin vill taka fram, að hún fagnar frv. og mælir með samþykkt þess. Tekið skal fram, að við óskum þeirra breytinga við 14. gr., 1. mgr., að þar sé fram tekið, að þjóðleikhússtjóri semji starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og allra þeirra ráðunauta, sem tilgreindir eru í 13. gr. Þannig breytt væri 1. mgr. svo hljóðandi: Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi Þjóðleikhússins og hefur forustu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fulltrúa, bókmennta- og leiklistarráðunautar, tónlistarráðunautar og listdansstjóra (balletmeistara) og leggur hana fyrir framkvæmdaráð. Um rökstuðning fyrir þessari breytingu vísast til aths. við 14. gr. í grg. frv. Að endingu viljum vér beina þeirri áskorun til hv. Alþingis, að það samþykki frv. þannig breytt."

Þetta er eina breytingin og það varðar ekki það mál, sem við erum að ræða um.

Þá er það umsögn Félags ísl. leikara. Hvað skyldu þeir nú segja um óánægju sína? (Gripið fram í.) Já, það er velkomið. Það er greinilegt, að hv. þm. hefur ekki lesið þetta bréf, enda get ég ekki skilið fullyrðingar hans hér áður á annan veg. Með leyfi hæstv. forseta skal ég lesa þetta bréf. Það er stutt:

„Stjórn Félags ísl. leikara þakkar heiðrað bréf yðar, dags. 2. febrúar s. l. Enn fremur þakkar Félag ísl. leikara menntmn. Ed. þá vinsemd að fá tækifæri til þess að fylgjast með þessu máli, sem fullyrða má, að hefur verið eitt af aðalbaráttumálum félagsins um margra ára skeið. Seint á árinu 1969 var kjörin sex manna nefnd á félagsfundi FÍL til þess að vinna að endurskoðun og gera tillögur um breytingar á lögum um Þjóðleikhús. Einnig var nefndinni falið að ræða við menntmrh. og eindregið mælzt til þess, að nýtt frv. til l. um Þjóðleikhús yrði samið og lagt fyrir hæstv. Alþingi. Nefnd FÍL lagði mikla vinnu í undirbúning þessa máls og hélt samtals 24 fundi, þar sem málin voru rædd og gerðar voru margar tillögur um breytingar á gömlu lögunum. Enn fremur var margoft rætt við menntmrh. um málið. Á árinu 1970 skipaði þáverandi menntmrh. þriggja manna nefnd til að semja nýtt frv. til l. um Þjóðleikhús. Stjórn FÍL telur, að nefnd þessi hafi unnið starf sitt af mikilli nákvæmni og lagt mikla vinnu í að safna heimildum og öðrum gögnum, til þess að þjóðleikhúsfrv. yrði í heild sem bezt úr garði gert. Þriggja manna nefndin hafði marga fundi með fulltrúum leikara, og margar af tillögum leikara eru felldar inn í frv., t. d. 10. gr., um ráðningu þjóðleikhússtjóra, en hún er í fullu

samræmi við það, sem nú tíðkast hjá leikhúsum í nærliggjandi löndum. Það skal að vísu játað, að leikarar voru ekki samþykkir öllum greinum frv., t. d. 5. gr., um skipan þjóðleikhúsráðs. Stjórn FÍL telur, að í öllum aðalatriðum sé frv. þetta mjög vel unnið og flestar breytingar frá gömlu lögunum séu til mikilla bóta. Það eru því eindregin tilmæli Félags ísl. leikara, að frv. þetta verði á þessu þingi samþykkt sem lög frá Alþingi. Rétt er að benda á það, að í byrjun næsta árs mun núverandi þjóðleikhússtjóri láta af embætti fyrir aldurs sakir. Mikil nauðsyn er á því, að nýr maður í hið virðulega embætti verði ráðinn í samræmi við ný og endurbætt lög um Þjóðleikhús."

Ég hef lokið upplestri þessa bréfs. Það er ein setning, sem ég vil koma að. Í bréfinu stendur: „Það skal að vísu játað, að leikarar voru ekki samþykkir öllum greinum frv., t. d. 5. gr., um skipan þjóðleikhúsráðs." Það, sem hér er um að ræða, er það, eins og ég gat um áðan, að leikararnir töldu ekki rétt, að þingflokkarnir tilnefndu menn í þjóðleikhúsráðið. Um það var ágreiningurinn. Samkv. frv. á þessi aðili, sem gefur þessa umsögn, að fá þrjá menn í þjóðleikhúsráðið, en samkv. brtt., sem er hér til umr., þá á þessi aðili að fá tvo, og geta menn þá dæmt um, hvort í þessu felast meðmæli með brtt.

Ég verð að lýsa undrun minni og ég átel það, að hv. frsm. þessarar n. skuli hafa gefið hv. d. villandi upplýsingar um svo þýðingarmikið mál. Mér kemur ekki til hugar að ætla, að hann hafi gert þetta vísvitandi. En mér þykir þetta benda til þess, sem ég hafði nokkurn grun um áður, að hann hafi ekki kynnt sér þessi mál nægilega mikið og þess vegna séu líka till. þær, sem hann ber hér fram og mælir fyrir, svo vanhugsaðar sem raun ber vitni um.

Það voru nokkur fleiri atriði, sem ég skal víkja að, í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. Hann hélt, að ef frv. væri samþ., þá mundi það vera stórkostlegur hnekkir fyrir virðingu þingflokkanna og Alþ., að þingflokkarnir ættu að tilnefna menn í þjóðleikhúsráð. Það var lítið um rök fyrir þessari fullyrðingu. En það mætti kannske minna á það, að frá því að Þjóðleikhúsið var stofnað hafa gilt þau lög og gilda enn í dag, að þingflokkarnir tilnefna menn í þjóðleikhúsráð, fjóra af fimm. Og er það þá að skerða virðingu þingflokkanna, ef sú eina breyting, sem felst í þessu frv., að þessu leyti, er fólgin í því, að það er komið við meira lýðræði í þessu efni en áður var? Samkv. núgildandi lögum tilnefna flokkarnir einn fulltrúa hver flokkur, hvort sem hann er stór eða lítill. Nei, ég held, að það sé lítið mark takandi á fullyrðingum sem þessum.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur tekið af mér ómakið að svara ýmsum öðrum atriðum varðandi þetta mál, og ég skal ekki lengja umr. með því að fara að endurtaka það, sem þessi ágæti þm. sagði varðandi æðstu stjórn Þjóðleikhússins.

Ég vík þá aftur að brtt. minni og hv. 6. þm. Reykv. varðandi aðstoð til að efla leikritagerð í landinu. Hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, að ég sæi ekkert nema „bolsévisma" í þessu. Ég tók nú einmitt fram, að ég teldi það ekkert aðalatriði í þessu efni. Tók ég það beint fram, þótt það mætti kannske finna einhvern vísi þess með sömu fundvísi eins og hann hafði viðhaft um annað atriði í ræðu sinni hér áðan. Það fór enginn hrollur um mig út af þessu máli í sambandi við þetta, og ef út í það er farið, þá er maður ýmsu vanur í þessu efni. Og ég vil alls ekki gera mikið úr þessu atriði. Það sem er aðalatriðið, eins og ég raunar sagði áður, er að finna þá leið, sem er raunhæfust til þess að efla leikritagerð í landinu. Ég hef fært rök að því, hvers vegna við hv. 6. þm. Reykv. berum fram okkar till. En hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, að það væri ákaflega eðlilegt að ráða ráthöfund til þess að skrifa leikrit með þeim hætti, sem brtt. hans gerir ráð fyrir, vegna þess að það sé oft svo, að listamenn séu fengnir til þess að vinna ákveðin verk, og það séu starfsstyrkir og hvað eina. Hér er hv. þm. að rugla saman tvennu ólíku, þó að segja megi, að það sé skylt. Það er allt annað að ráða þekktan, viðurkenndan höfund, einhvern af fremstu leikritahöfundum þjóðarinnar, til þess að semja leikrit eða ráða tiltölulega óþekkta menn. En það þarf ekki aðstoð við þá, sem fremst standa í leikritagerð. Það þarf einmitt aðstoð við hina, sem eru að ryðja sér braut. Í þessu liggur munurinn. Þá sagði hv. þm., að það væri ákaflega óeðlilegt og óhæfa að taka það fram í löggjöfinni, að á vegum Þjóðleikhússins skuli flutt a. m. k. þrjú ný íslenzk leikrit á hverju ári. Nei, því gat hann ekki verið með. En hann getur verið með því og hann getur mælt með því, að það sé ákveðið í löggjöfinni, að flutt skuli í Þjóðleikhúsinu óperа, barnaleikrit o. s. frv., eins og tekið er fram í 3. gr. Hér er enn ósamræmi í málflutningi hv. þm. Og mig furðar ekki á því, því að ég held, að það hafi komið fram í þessum umr., að því miður hefur hv. 4. þm. Norðurl. v. ekki kynnt sér þessi mál sem skyldi, og till. hans um breytingar bera þess líka augljós merki.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég ætla að leggja hér inn í þessar umr. Ég ætla nú ekki að hætta mér mikið út í það að deila um það, sem hér hefur mest verið til umr., þ. e. um þjóðleikhúsráðið sjálft, þó að ég verði að játa það, að í upphafi, þegar ég sá þetta frv., sá þetta fjölmenna þjóðleikhúsráð, þá datt mér það nú þegar í hug, að þetta væri frekar til skrauts heldur en að það ætti raunverulega að starfa mikið. Og það má vel vera, að meira að segja það þjóðleikhúsráð, sem meiningin er, að starfi samkv. brtt. meiri hl. menntmn., sé einnig of fjölmennt til þess, að það verði reglulega virkt, eins og það þyrfti að vera. Ég sem sagt get fyllilega tekið undir þær brtt., sem hafa komið fram hjá meiri hl. n. um þetta atriði.

Ég vildi aðeins vekja athygli hér á tvennu, sem ég hafði þegar gert við 1. umr. málsins, og ég vildi reyndar þakka n. fyrir það að hafa tekið inn í sínar brtt., sem öll n. stendur að, þá breytingu, sem lýtur að 18. gr., þar sem öll ákvæði um leikmunasafnið eru gerð ákveðnari og Þjóðleikhúsinu er gert það að skyldu að koma þessu leikmunasafni á, en síðan er öðrum aðil-

um gefinn kostur á því að eignast aðild að safninu.

Þá er annað atriði, sem ég minntist á hér við 1. umr., sem er vafalaust ekki von, að hafi verið hægt fyllilega að taka til athugunar, enda benti ég þá þegar á það, að um það væru allskýr ákvæði. Það er í sambandi við það, hvað Þjóðleikhúsið getur gert fyrir hina almennu leikstarfsemi í landinu, hvað Þjóðleikhúsið getur gert til þess að efla hana og glæða, hvað það getur gert til þess að gefa mönnum kost á að kynnast sinni starfsemi og læra af henni. Hér er að vísu í 19. gr. afskaplega fallegt mál um það. Það, sem ég dreg aðeins í efa er það, að þetta fallega mál, sem þar stendur, komist nokkurn tíma til framkvæmda. Við skulum vona, að svo verði. Hins vegar hefði ég talið, að sú ábending, sem var vísað til menntmn. og ég vissi, að var vísað til hennar frá Bandalagi ísl. leikfélaga, um einhvers konar samstarfsnefnd á vegum hinna ýmsu aðila, sem við leikhúsmál eða leiklistarmál fást, yrði til þess, að slík samstarfsnefnd yrði sett á laggirnar. Það hefur n. ekki séð sér fært að taka upp, og skal ég út af fyrir sig ekki sakast við hana varðandi það. En rétt er að benda á, að slíkar samstarfsnefndir munu vera til á Norðurlöndum og hafa gefið þar mjög góða raun, t. d. í Svíþjóð, og alveg sérstaklega hefur það gefið góða raun, veit ég fyrir starfsemi áhugaleikfélaganna þar í landi, sem er mjög öflug og til fyrirmyndar. Þetta var nú á þá leið, að það var óskað eftir því, — ég átti þar lítillega hlut að, — að Þjóðleikhúsið tæki á einhvern hátt þátt í samstarfsnefndum um leikhúsmálefni, þar sem Þjóðleikhúsið tilnefndi einn fulltrúa, Leikfélag Reykjavíkur tilnefndi annan og Bandalag ísl. leikfélaga einn, Félag ísl. leikara einn og svo aftur tilnefndi menntmrn. einn fulltrúa. Ég hygg, að það hefði vel getað verið, — þó að ég ætli ekki að fara að flytja um það neina sérstaka brtt., þá vildi ég aðeins vekja athygli á því, — að slík samstarfsnefnd hefði getað komið 19. gr. á einhvern hátt betur í framkvæmd en ég óttast, að hún verði. Ég skal ekki vera með neinar getsakir í garð þess, þjóðleikhúsráðsins, hvernig skipað verður eftir hinum nýju lögum, en hitt veit ég, að ef þessi grein um það að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té leikstjóra til leiðbeiningar, gera leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins og annað eftir því, ef hún á að verða meira heldur en bara bókstafur í lögum, þá þarf þjóðleikhúsráðið og þjóðleikhússtjóri að vinna að þessu, og ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að ég mun áreiðanlega gera mitt til þess að fylgjast með því, að þessi grein verði dálítið virt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur í þessum umr. lýst eftir afstöðu minni til þess máls, sem hér liggur fyrir, og þá fyrst og fremst aðaldeiluatriðisins við þessa 2. umr. í hv. deild, sem sé um stjórnun Þjóðleikhússins. Ég vil þá fyrst taka það fram, að í mínum augum, og ég held einnig listamannanna, sem svo mjög hefur verið tíðrætt um hér, er ekki aðalatriðið í þeim breytingum á stjórn Þjóðleikhússins, sem ráðgerðar eru í frv., hvort þar skal starfa 16 manna þjóðleikhúsráð og fimm manna framkvæmdaráð með mismunandi fundartíðni eða 11 manna þjóðleikhúsráð, eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 604. Aðalatriðið er að breyta því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur frá upphafi Þjóðleikhússins, að þjóðleikhúsráð sé skipað til ótakmarkaðs tíma og þjóðleikhússtjóri sé ráðinn ævilangt. Það eru þessi fyrirkomulagsatriði, sem listamennirnir og margir aðrir telja, að ekki eigi að halda lengur, að við slíka stofnun sé óeðlilegt, að stjórnarnefndin sé skipuð til ótakmarkaðs tíma, svo að svo geti farið, að þeir, sem þar eru einu sinni komnir inn, sitji lon og don meðan starfsgeta endist. Og einnig þyki varhugavert, að yfirmaður slíkrar listastofnunar sé ráðinn, máske á ungum aldri, til þess að veita henni forstöðu starfsævina út, ef svo vill verkast. Og það vekur reyndar furðu mína, að þetta skuli nokkurn tíma hafa verið gert, því að slíkt er þvert á móti öllum starfsreglum, sem ég þekki um slíkar stofnanir í öðrum löndum. En hins vegar höfðum við auðvitað ekki mikla reynslu af þjóðleikhúsrekstri, áður en okkar Þjóðleikhús kom til starfa. Þá tókst svo óheppilega til, að upp var tekið fyrirkomulag, sem er mjög varhugavert við slíka listastofnun. Það, sem er meginatriði og meginnýmæli þessa máls frá mínu sjónarmiði, er, að hér er ákveðið að brjóta í blað, að stjórnarnefnd stofnunarinnar og forstöðumaður skuli ráðnir til takmarkaðs tíma, en ekki ótakmarkaðs.

Hvað varðar stjórnunartillögurnar tvær, sem fyrir liggja, annars vegar í frv. um 16 manna þjóðleikhúsráð og fimm manna framkvæmdaráð, hins vegar í brtt. um 11 manna þjóðleikhúsráð með meiri fundatíðni en gert er ráð fyrir í frv., þá hefur frá mínu sjónarmiði hvort tveggja fyrirkomulagið sína agnúa. 16 manna þjóðleikhúsráð og fimm manna framkvæmdaráð er að mínu áliti of margbrotið fyrirkomulag. En hins vegar 11 manna þjóðleikhúsráð, það fer eftir mannavali í þetta ráð, hversu virkt og starfhæft það reynist. Hvort tveggja getur haft ókosti að mínu áliti, en af þessu tvennu mun ég þó heldur kjósa það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 604, m. a. vegna þess að meginatriðið frá mínu sjónarmiði er ekki fjöldinn í stjórnunarstofnuninni, heldur það, að stjórnunarstofnunin sé endurnýjanleg með eðlilegum hætti, hún geti ekki setið óbreytt von úr viti, eftir að hún er einu sinni komin á.

En úr því að ég kom í ræðustól, langar mig aðeins að víkja einnig að því, sem sagt hefur verið um aðrar brtt., annars vegar brtt. í tölul. 6 á þskj. 604, hins vegar brtt. á þskj. 625. Markmiðið með þessum brtt. báðum er lofsvert og æskilegt að ýta undir leikritun íslenzkra leikritahöfunda, en ég tel, að það væri mjög varhugavert að lögfesta, eins og gert væri með samþykkt brtt. á þskj. 625, að hvað sem tautar og raular skuli a. m. k. þrjú ný íslenzk leikrit frumflutt á leikári. Það getum við ekki séð fyrir, þó að margir skrifi hér leikrit, að á hverju ári, sem líður, berist fortakslaust a. m. k. þrjú ný, íslenzk, sýningarhæf leikrit.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að gera nema örstutta aths., og það voru aðeins síðustu orð hæstv. menntmrh., sem gáfu mér tilefni til þess að gera aths. Hann segir, að það sé ofrausn að tiltaka í lögum, að sýna skuli þrjú íslenzk leikrit árlega, því að það — **(Menntmrh.:** Þrjú ný.) Þrjú ný, þrjú ný. Það sé ekki víst, að það fáist svo mörg sýningarhæf. Ég gerði grein fyrir því, að í till. felst ekki, að það sé skylda að sýna þessi leikrit í Þjóðleikhúsinu, og ég benti sérstaklega á, að það gæti farið vel á því og ekki síður að sýna þetta í tilraunaleikhúsi eins og í Lindarbæ. Og það kemur líka vel til greina, að Þjóðleikhúsið leggi sinn skerf fram í þessu efni jafnvel með því að sýna slíkt leikrit úti á landi. Ég held, að þetta sé algerlega raunhæft og það sé auk þess, eins og ég hef áður bent á, bezta leiðin til þess að efla íslenzka leikritagerð, að fara þá leið, sem till. okkar hv. 6. þm. Reykv. gerir ráð fyrir.

Ég vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið aðalatriði hjá leikurum, að stjórn Þjóðleikhússins sé ekki skipuð ótakmarkaðan tíma og þjóðleikhússtjóri verði ekki ráðinn alla starfsævina út. Þetta eru stór atriði. En eftir því sem ég veit, þá held ég, að það hafi ekki verið neinn ágreiningur um þessi atriði við endurskoðun laganna, það hafi öllum þótt þetta sjálfsagt mál. Ágreiningurinn var um önnur atriði og fyrst og fremst um yfirstjórnina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 116, n. 603, 604, 625).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 604,1 samþ. með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JÁH, MÓ, ÞÞ, RA, StH, ÁB, BGuðbj, BFB, EggÞ, EÁ, GeirG.

nei: JónÁ, MJ, OÓ, SteinG, ÞK, AuA, BK, BJ.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 604,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 604,3,4,5 teknar aftur.

7.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 604,6 samþ. með 12:7 atkv.

Brtt. 625 felld með 10:6 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv.

13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 604,7 tekin aftur.

14.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 604,8 tekin aftur.

16.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 603,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 603,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

21.—25. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

26. gr., ákvæði til bráðabirgða, samþ. með 18 shlj. atkv.

27. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 74. og 76. fundi í Ed., 3. og 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 604,3,4,5,7,8, 690).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru greidd atkv. um nokkrar brtt., sem fluttar voru við frv. af hv. þm. Steingrími Hermannssyni, 1. þm. Vestf., Páli Þorsteinssyni, 3. þm. Austf., auk mín. Í þessum till. var m. a. fjallað um skipan þjóðleikhúsráðs og starfsemi þess. Þá var samþ. sú brtt. frá okkur, sem þessar till. fluttum, að fækkað yrði talsvert í ráðinu, eða úr 16 í 11, og skipan ráðsins þar með gerð allmiklu einfaldari en áður var fyrirhugað. Jafnframt var með þessum breytingum að því stefnt, að ráðið yrði virkara en áður hafði verið gert ráð fyrir. Það var ekki fyrirhugað, að þjóðleikhúsráð kæmi saman nema tvisvar sinnum á ári, en breytingin, sem þarna var gerð, var við það miðuð, að ráðið yrði miklu virkara og það kæmi saman mánaðarlega.

Það var okkar skoðun og er, að þjóðleikhúsráðið geri raunverulega ekki það gagn sem skyldi, ef það er ekki raunverulega virkt og fylgist náið með störfum stofnunarinnar. Þessi brtt. varðandi þjóðleikhúsráðið snertandi nokkrar greinar frv. var síðan samþ., og þessi breyting hlýtur að sjálfsögðu að hafa nokkur áhrif á aðra tilhögun, sem snertir stjórnskipan Þjóðleikhússins. Við höfðum í brtt. okkar gert ráð fyrir því, að þjóðleikhúsráð yrði hin virka stjórnarstofnun Þjóðleikhússins, og höfðum þar af leiðandi gert ráð fyrir því, að hið svo kallaða framkvæmdaráð Þjóðleikhússins félli niður eða yrði ekki sett upp og það yrði fyrst og fremst þjóðleikhúsráðið, sem stjórnaði Þjóðleikhúsinu í samráði við þjóðleikhússtjóra, en að vísu höfðum við gert ráð fyrir því í till. okkar, að þjóðleikhússtjóri undirbyggi fundi ráðsins í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins og formann þjóðleikhúsráðs, og mátti því segja, að þar væri nokkur vísir að starfsnefnd innan leikhússins.

Það fór nú svo, að við drógum hins vegar þessar till. til baka, áður en til atkvgr. kom, og þær komu því ekki til atkv., m. ö. o. þær till., sem snertu framkvæmdaráðið. Raddir komu upp um það meðal leikara, að æskilegt væri þrátt fyrir þessa breytingu á þjóðleikhúsráðinu að hafa eitthvert það ráð eða þá nefnd innan leikhússins, sem undirbyggi fundi þjóðleikhúsráðsins, þó að hún væri sem sagt ekki nein valdastofnun í sjálfu sér, og með hliðsjón af ábendingum, sem þá komu fram, höfum við nú endurmótað till. okkar og flytjum að nýju brtt. við frv., á þskj. 680, þar sem gert er ráð fyrir því, að sett verði á stofn svo kölluð starfsnefnd leikhússins, sem í eiga sæti fimm menn, og eru það sömu mennirnir og reiknað var með, að ættu sæti í svonefndu framkvæmdaráði. Það má segja, að þessi nefnd sé um margt með hliðstæðum hætti og framkvæmdaráðið svo kallaða, en þó er þarna sú

breyting gerð, að þjóðleikhúsráði er ætlað að starfa með virkara hætti en áður var reiknað með, og því er á samsvarandi hátt gert nokkuð minna úr þessari stjórnarstofnun heldur en ráðgert var í upphafi, í öndverðu. Og til enn frekari undirstrikunar á þessu er nafninu breytt og þessi stjórnarstofnun nefnd starfsnefnd leikhússins. Ég held, að þessi breyting þurfi ekki frekari útskýringar við. Það er rétt að benda á það, að brtt. voru prentaðar upp, brtt. á þskj. 680.

Ég bæti því þá við, að þær till., sem við höfðum áður flutt um framkvæmdaráðið, eru að sjálfsögðu dregnar til baka. en bendi á, að það er ekki hægt að láta frv. standa óbreytt, eins og það er í dag, vegna þess að við þær breytingar, sem gerðar voru seinast við það, að við drógum till. okkar til baka, þá raskaðist frv. talsvert, þannig að jafnvel þó að hv. deild væri nú sem sagt öndverð þessum brtt., sem við flytjum núna, þá yrði ekki hjá því komizt að gera lagfæringar á frv., til þess að það væri ein heild. En ég vænti þess, að deildin fallist á það að hafa þessa skipan á, sem við höfum gert hér till. um á þskj. 680, og þá þarf sem sagt ekki að efast um, að þjóðleikhúsráðið sé ein heild, ef þær verða samþykktar.

Ég vildi bæta því svo við, að við höfum í 5. lið flutt örlitla orðalagsbreytingu við 12. gr. frv., en þar stóð eftir 2. umr., að þjóðleikhússtjóra væri heimilt með samþykki þjóðleikhúsráðs að ráða rithöfund til að semja leikverk o. s. frv. Ég þarf ekki að útskýra þá grein frekar, en við gerum þá till., að þarna verði gerð sú bragarbót á, að þetta verði orðað á þann hátt, að heimilt sé að ráða rithöfund til að semja leikverk eða tónlistarverk til flutnings á sviði. Það er að sjálfsögðu aðeins ætlunin, að þarna verði um einn starfsmann að ræða hverju sinni, en heimildin er sem sagt útlistuð á þann hátt, að hún gæti líka náð til manna, sem fengnir væru til að semja t. d. söngleiki eða önnur tónlistarverk, sem flutt eru á sviði. Ég held, að þetta þarfnist ekki skýringa, en ég held, að greinin verði hyggilegri að fenginni þessari breytingu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. skýrði frá því, hvernig hv. deild afgreiddi þetta mál eftir 2. umr. Þá var samþ. brtt. frá honum o. fl. um skipun þjóðleikhúsráðs. Hann sagði, að með því að þessi till. hefði verið samþ., þá yrði ekki komizt hjá því að lagfæra frv. nú, ef brtt. hans og félaga hans á þskj. 680 væru ekki samþykktar. Þetta er ekki alls kostar rétt. Þetta á við með 1. tölul. brtt. á þskj. 680. Það er eðlilegt að samþykkja þann lið brtt. með tilliti til þeirra breytinga, sem gerðar voru og samþykktar við frv. við 2. umr. Að öðru leyti á þessi aths. hv. þm. ekki við, og þó að aðrar till. á þskj. 680 væru felldar, þá þarf ekki að gera sérstakar lagfæringar á frv. eins og hv. þm. sagði.

Hv. þm. sagði, að þeir hefðu dregið til baka till. við síðustu umr. um það að fella niður framkvæmdaráðið, vegna þess að þjóðleikhúsráði væri ætlað meira hlutverk eða koma oftar til fundar en áður, eftir þá breytingu, sem gerð var við síðustu umr. En í till. þeirra félaga nú á þskj. 680 er að forminu til lagt til, að framkvæmdaráðið verði lagt niður. Það er einungis að forminu til. Að vísu sagði hv. þm., að þeir gerðu ráð fyrir nefnd, en henni væri ætlað minna verkefni en framkvæmdaráðinu, og væri þessi nefnd kölluð starfsnefnd. Þetta er heldur ekki rétt. Starfsnefndinni er ekkert ætlað minna verkefni heldur en framkvæmdaráðinu. Ef töluð er hrein íslenzka í þessu efni, þá er það það, sem hefur gerzt, að flm. drógu til baka till. um að leggja niður framkvæmdaráðið af því að þeir hafa komizt að því, að þetta var ekki rétt stefna hjá þeim. Og það er lofsvert. En þetta áttu þeir að viðurkenna alveg hreinlega og ekki þykjast vera að koma núna með brtt., sem felur ekki í sér efnislega breytingu frá frv. eins og það liggur fyrir um þetta efni, heldur kallar einungis framkvæmdaráðið starfsnefnd. Hér er engin önnur breyting en sú, að það er breyting á þessu nafni. Það er engin minnkun fyrir neina að skipta um skoðun, ef þeir við nánari athugun komast að þeirri niðurstöðu, að það, sem þeir héldu fram eða vildu gera áður, sé ekki rétt. Hv. þm. þurfa ekkert að fyrirverða sig fyrir þetta. Þess vegna er algerlega óþarfi hjá þeim að breyta um nafnið á framkvæmdaráðinu og vilja kalla það starfsnefnd. Og þeim er svo brátt í þessu efni, að þetta heiti, starfsnefnd, kæmi eins og skollinn úr sauðarleggnum inn í þessa löggjöf, því að till. hefst á því, að í starfsnefnd leikhússins eigi sæti þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi leikhússins, sá fulltrúi Félags ísl. leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður, o. s. frv. Þetta er nákvæmlega sama skipun og er á framkvæmdaráði samkv. frv. En það var vandaðri undirbúningur að frv. sjálfu, og í frv. sjálfu er áður talað um það, að við Þjóðleikhúsið skuli starfa fimm manna framkvæmdaráð, áður en farið er að tala um skipun þess.

Ég vil algerlega vara við slíkum vinnubrögðum sem þessum, að menn eins og flm. brtt. á 680, sem eru búnir að sjá, að það er rétt stefna, sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, og eru búnir að viðurkenna það í verki með tillöguflutningi sínum, skuli ætla að breiða yfir það með einungis þessari nafnbreytingu á framkvæmdaráðinu. Um þá nafnbreytingu svo að öðru leyti er það að segja, að starfsnefnd þykir mér nú heldur lágkúrulegt nafn og í raun og veru ekki segja neitt og miklu eðlilegra væri að kalla þessa nefnd framkvæmdaráð, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil því mega vænta þess, að hv. þdm. fylgi þeirri stefnu, sem frv. í upphafi gerir ráð fyrir, að hafa framkvæmdaráð við Þjóðleikhúsið og felli þessa sýndartillögu í 4. tölul. á þskj. 680. Það er eina verðuga svarið við þessum vinnuaðferðum að fella þessa tillögu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega um aðra tölul. eða aðrar brtt. á þskj. 680. Ein till. er um það, að heimilt sé að ráða höfund til að semja leikrit eða tónlistarverk til flutnings á sviði. Við ræddum þetta mál við 2. umr. Ég lýsti mig andvígan þeirri till. við 2. umr. að ráða sérstakan rithöfund til þess að semja leikrit. Ásamt hv. 6. þm. Reykv. lagði ég fram till., sem við töldum, að kæmi að meiri notum og

væri raunhæfari stuðningur við leikritagerð í landinu en sú till., sem samþykkt var.

6. og 7. tölul. á þskj. 680 eru einungis um það, að í staðinn fyrir orðið framkvæmdaráð komi starfsnefnd leikhússins, og ég vonast til þess, að það þurfi ekki að samþykkja þær breytingar, vegna þess að það verði þegar búið að fella brtt. í tölul. 4 á þskj. 680.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég átti nú reyndar dálitið erfitt með að fylgjast með rökstuðningi síðasta hv. þm. og sýndist mér raunar, að hann gerði sér ekki grein fyrir þeim breytingum, sem hafa orðið á frv. og eru tengdar þeim brtt., sem við flytjum þrír á þskj. 680.

Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir 16 manna þjóðleikhúsráði, eins og hér hefur verið rakið, sem átti að koma saman tvisvar á ári, og er þá ljóst, að þar þurfti vitanlega mjög virka nefnd eða ráð til að stjórna raunverulega málum Þjóðleikhússins. Þetta stóra þjóðleikhúsráð var fyrst og fremst til málamynda. Það var rætt hér síðast og ætla ég ekki að fara út í það.

Nú er búið að breyta þessu þannig, að það er orðið virkt þjóðleikhúsráð, sem á að koma saman einu sinni í mánuði. Ég var því mjög fylgjandi að fækka í þjóðleikhúsráði. Ég taldi hitt óskapnað og ég hefði viljað fækka meira heldur en niður í 11. Ég hefði gjarnan viljað fara niður í níu, en um það náðist ekki samkomulag. Það er mín reynsla, að slík nefnd er betri eftir því sem í henni eru færri. Ég sá ekki, að með þjóðleikhúsráði, sem kæmi saman mánaðarlega, þyrfti að vera neitt framkvæmdaráð. Hins vegar komu fram mjög ákveðnar ábendingar og áskoranir frá starfsmönnum og fleirum, sem við þetta eru tengdir, að það væri einhver hópur, sem hitti þjóðleikhússtjóra oftar í sambandi við daglegan rekstur Þjóðleikhússins. Á þetta féllumst við flm. þeirrar brtt., sem liggur hér fyrir.

Með samanburði á starfsnefnd, sem við köllum svo, og framkvæmdaráði má öllum vera ljóst, að þar er um allt annað viðfangsefni að ræða. Framkvæmdaráð, eins og ég sagði áðan, hlýtur raunar að stjórna málum Þjóðleikhússins. Þjóðleikhúsráð kemur ekki saman oftar en tvisvar á ári, nema það sé sérstaklega til kvatt. Það er fjallað um þetta í 9. gr. upphaflega frv. Þar segir: „Framkvæmdaráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera, áður en hún er lögð fyrir þjóðleikhúsráð“ o. s. frv. En starfsnefndin, sem við ræðum um, þótt í henni eigi sæti sömu aðilar, hefur miklu minna og takmarkaðra starfssvið. Þetta er því allt annað, og ég vil andmæla því hér, að það sé verið að breiða yfir eitt eða neitt, breiða yfir nein mistök, eða við höfum breytt um nokkra skoðun. Við erum aðeins að ganga til móts við starfsmenn, sem á okkar fund hafa gengið og talið nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan, að þeir hefðu einhvern vettvang til tíðari funda með þjóðleikhússtjóra og fjármálaráðunaut Þjóðleikhússins.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð. Mér finnst nú eiginlega, að við hv. 5. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, séum að deila um keisarans skegg í þessu efni. Það er laukrétt, sem hann segir, að sú starfsnefnd, sem hér er gerð till. um, er stofnun, sem er á margan hátt mjög hliðstæð framkvæmdaráðinu, um margt er hún mjög lík. En hún er ekki alveg eins. Orðalagið er með nokkuð öðrum hætti í nokkrum atriðum. Það er ekki lögð sama áherzla og var í frv. upphaflega á það, að framkvæmdaráðið skuli vinna við og undirbúa og raunverulega ganga frá starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar, eins og gert var ráð fyrir í 9. gr. frv. upphaflega, heldur er eiginlega tekin afleiðingin af því, að hv. Ed. hefur breytt um stefnu hvað þetta snertir eða breytt stefnu frv. með því að gera þjóðleikhúsráð virkara heldur en áður var hugsað. Þar af leiðir, að það verður að reikna með því, að þessi undirstofnun, sem áður hét framkvæmdaráð, verði ekki eins valdamikil og áður var gert ráð fyrir. Eins og ég segi: hún er um margt lík, þessi stofnun, en hún er ekki eins valdamikil, orðalagið er í ýmsum greinum ekki það sama og það þykir því eðlilegt, að nafnið á stofnuninni sé heldur ekki alveg jafnstórt í sniðum og hið fyrra nafn var.

Hv. þm. var að krefjast þess af mér, að ég viðurkenndi hreinlega, að ég hefði haft rangt fyrir mér og að það hefði verið rétt stefna, sem hefði verið mótuð í frv., og þetta hefði ég séð, en væri með einhvern feluleik í þessu sambandi. Ég átta mig alls ekki á þessum ummælum hv. þm., því að ég veit ekki betur en að einmitt þær till., sem við fluttum varðandi þjóðleikhúsráðið, hafi verið samþykktar hér við seinustu umr. málsins, og spurningin er því bara sú, hvort frv. verður endanlega lagfært í þeim anda og gengið frá því í þeim dúr, sem eiginlega verður að segja, að hlýtur að leiða af þeirri breytingu, sem þá var gerð.

Ég var að vísu þeirrar skoðunar hér áður, að fella ætti þessa undirnefnd niður, eða a. m. k. að minnka hana niður í þriggja manna undirbúningsnefnd, eins og gert var áður ráð fyrir, en ég hef núna breytt um stefnu hvað það snertir og fallizt á, að þetta verði svolítið stærri stofnun, að þetta verði fimm manna nefnd og að hún gegni þessu hlutverki að undirbúa fundi þjóðleikhúsráðsins.

Ég tel mig ekki þurfa að fyrirverða mig á nokkurn hátt, þótt ég hafi fallizt á að gera þessa breytingu vegna eindreginna tilmæla frá nokkrum starfsmönnum Þjóðleikhússins. Það má vel vera, að þetta sé hyggilegri skipan, þótt ég sé ekki að öllu leyti ánægður með stjórnarfyrirkomulag Þjóðleikhússins, eins og það er þarna orðið. Mér finnst þetta fullviðamikið allt saman, en ég tel, að við getum samt sem áður látið gott heita, eins og þetta er ráðgert.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa mikilli undrun minni á ræðum tveggja síðustu hv. þm., sem hér töluðu. Hv. 1. þm. Vestf. byrjaði með því að segja, að hann ætti erfitt að fylgjast með rökstuðningi mínum, og hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði, að það hefði ekki verið ástæða fyrir mig að nefna þau átöluorð, sem ég nefndi hér áðan í tilefni af því, að

flm. brtt. á þskj. 680 væru að veigra sér við að viðurkenna sannleikann í þessu máli.

En hver eru rök þessara manna? Það kom skýrt fram í því, sem þeir sögðu. Þeir sögðu, að það væri skipt um nafn á framkvæmdaráðinu í þeirri brtt., vegna þess að starfsnefndin í þeirri brtt. hefði annað verkefni en framkvæmdaráðið, eins og frv. sjálft gerir ráð fyrir. Það yrðu miklu minni verkefni, sem starfsnefndin hefur, sögðu þeir, og þess vegna þurfti ekki eins virka nefnd eins og framkvæmdaráðið. Það er allt annað viðkomandi framkvæmdaráðinu heldur en starfsnefndinni. Starfsnefndin hefur miklu minna og miklu takmarkaðra verksvið. Allt þetta sögðu þeir og eitthvað fleira. En það er glöggt, hvað þeir meina. Þeir skipta um nafn, af því að verkefnið er ekki það sama, miklu minna. Ég er ekki að átelja hv. þm. fyrir það að hafa ákveðna skoðun í þessu máli. En ég átel þessa hv. þm. fyrir að gera ítrekaðar tilraunir til þess að fara með rangt mál, þegar þeir mæla fyrir þessari till. sinni.

Það er ekki rétt, sem þeir segja, að það sé dregið úr verkefnum framkvæmdaráðsins. Heyrðuð þið, í hverju það var fólgið? Tókuð þið eftir, hvað þessir hv. þm. bentu á í þessu sambandi? Ég heyrði það ekki. Ég veit, að þið heyrðuð það ekki heldur. Þeir nefndu ekki eitt einasta dæmi þess.

En nú skulum við athuga þetta og bera þetta nákvæmlega saman, hvað hér er um að ræða. Það vill svo vel til, að við höfum þetta á prenti hér fyrir framan okkur, og okkur er ekki vorkunn að lesa þetta yfir. Í 9. gr. frv., þar sem getið er um verkefni framkvæmdaráðsins, er tekið fram: „Framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.“ Þetta segir í frv.

Í brtt. þeirra félaga segir: „Starfsnefndin sér um, að staðfestri áætlun og öðrum ákvörðunum þjóðleikhúsráðs sé framfylgt, og fjallar um sérhver þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.“ Hér er markað aðalverkefni framkvæmdaráðsins. Það er með nákvæmlega sömu orðum í frv. og í brtt.

Víkjum svo að hinu aðalatriðinu, sem varðar verkefni framkvæmdaráðsins. Þar segir í frv.: „Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta framkvæmdaráðs, getur hann borið málið undir úrlausn þjóðleikhúsráðs.“ Þetta segir í frv. Hvað segir í brtt.? „Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta starfsnefndar, getur hann krafizt þess, að þjóðleikhúsráð sé boðað til fundar með sólarhrings fyrirvara, og hefur það úrslitavald um sérhvert deiluefni, sem upp kann að koma.“ Nákvæmlega það sama.

Hvað er þá eftir? Um hvaða efni er það, sem er mismunur á frv. og brtt. þeirra félaga. Jú, það segir í brtt. þeirra félaga: „Fundir þjóðleikhúsráðs skulu undirbúnir í starfsnefndinni.“ Um þetta segir ekkert í frv. varðandi verkefni framkvæmdaráðsins. En ef það á að leggja eitthvað upp úr þessum mismun, þá þýðir það það, að það er lagt meira verkefni á starfsnefndina samkv. brtt. heldur en framkvæmdaráðið samkv. frv.

Er það nokkur furða, þótt lýst sé undrun yfir slíkum málflutningi, sem hv. 1. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. v. gera sig bera að hér við þessar umr. Þeir gera sig bera að því að segja rangt til um efni og tilgang sinnar till. Auðvitað er þess að vænta, að hv. þdm. fari ekki að hlaupa til þess að samþykkja þennan lið brtt. þeirra. Ég vil naumast trúa því, að flokksbönd eða stjórnarsamvinna þurfi að heimta það af nokkrum hv. þm. hér í hv. deild, að hlaupa til þess að greiða atkv. með slíkri brtt., sem er þannig til komin, eins og ég hef lýst, sem er að efni, eins og ég hef lýst, og eftir slíkan málflutning, sem þessir tveir hv. þm. hafa gert sig bera að í þessu máli.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hv. 5. þm. Vestf. var að gefa okkur verklega leiðsögn í því að snúa út úr og fara með rangt mál, en það mætti ætla. Hann las upp báðar gr., 9. gr. og 11. gr., en sleppti aðalatriðinu — það er furðulegur málflutningur — og segir svo við okkur, að við séum að snúa út úr. Af hverju las hann ekki það, sem er í 9. gr. frv., þar sem segir: „Framkvæmdaráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera, áður en hún er lögð fyrir þjóðleikhúsráð.“ Hvers vegna las hann ekki þetta? Þetta er að mínu viti eitt mikilvægasta verksvið framkvæmdaráðs, sem er sleppt í því, sem við leggjum hér fram, og á þessu er gjörbreyting. Ég vil biðja hv. þm. að taka eftir þessu. Hann lagði til, að við læsum frv. og bærum það saman. Við skulum lesa það allt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að gera langa aths. Það, sem hv. 1. þm. Vestf. bar mér á brýn, að ég væri að snúa út úr og rangtúlka, fær ekki staðizt. Auk þess féll hann sjálfur í þennan pytt.

Það er rétt, að ég las ekki upp alla 9. gr. frv., en það, sem hann vitnaði í, var, að framkvæmdaráðið fjallaði um starfs- og fjárhagsáætlun. En í 6. gr. frv. nú segir, að starfs- og fjárhagsáætlun skuli lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins. Og þetta er nú sagt í 6. gr. frv. eftir samþykkt brtt. og er, eins og upphaflega sagði, í 9. gr. frv. varðandi verkefni framkvæmdanefndar. Ætlar hv. 1. þm. Vestf. að halda því fram, að framkvæmdaáætlunin eigi ekki að vinnast af starfsnefndinni eða framkvæmdaráðinu? Mér liggur þá við að segja: til hvers er þá starfsnefndin? Í þeirra eigin till. segir: „Starfsnefndin sér um, að staðfestri áætlun og öðrum ákvörðunum þjóðleikhúsráðs sé framfylgt, og fjallar um sérhver þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.“ Auðvitað er því verkefni starfsnefndarinnar eins og það var hugsað sem verkefni framkvæmdaráðsins.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það ætti að vera óþarfi að lengja þessar umr. Þær hafa sýnt okk-

ur berlega, hvernig menn bregðast við, þegar þeir þurfa að bjarga andlitinu, eins og kallað er. Það er út af fyrir sig ósköp mannlegt. En ég get þó ekki stillt mig um að sýna fram á, í hvaða ógöngur menn rata við að bjarga andlitinu. Hv. 1. þm. Vestf. sagði, hann lýsti því yfir, að hann hefði haft mikinn áhuga á að fækka í þjóðleikhúsráði og hann hefði líka talið heppilegt, að það væri einnig fækkað í framkvæmdaráðinu eða starfsnefndinni, hvort sem það nú verður, vegna þess að slíkar starfsnefndir gæfust yfirleitt ekki vel, ef fjölmennar væru. En þessi sami þm. vildi gera 11 manna þjóðleikhúsráð að starfsnefnd fyrir leikhúsið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram milli þeirra hv. ræðumanna, sem hér hafa talað um starfsnefnd eða þjóðleikhúsráð. Ég skal játa, að maður má hafa sig allan við að átta sig á því, hvað um er að ræða. En það var eitt atriði, sem ég hef í rauninni lengi haft hug á að spyrjast fyrir um hjá hv. n., og þá væntanlega formanni hennar, til skýringar, af því að ég álít, að það sé mjög nauðsynlegt, að það liggi fyrir, hvað átt er við með þeirri breytingu. Ég skal játa, að það er þegar búið að samþykkja þá breytingu, en það skiptir ekki öllu máli, það er jafnmikilvægt, að það liggi fyrir frá þeim, sem till. fluttu, hvað breytingin felur í sér. Þetta er sú breyting, sem gerð var við 6. gr. frv. Ég man að vísu ekki, hvort þetta var í frv. sjálfu, — þetta kann nú að hafa verið í því, þannig að það sé rangt með farið hjá mér, — en ég veit, að hv. formaður nefndarinnar getur þá eins upplýst mig um það, hvað hefði verið ætlunin hjá þeim, sem frv. sömdu. Það er þessi setning: „Staðfest áætlun skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins.“

Fljótt á litið sýnist mér, að með þessu orðalagi sé verið að fela þjóðleikhúsráði eða yfirstjórn Þjóðleikhússins, fjárveitingavald, og ég — það er að sjálfsögðu ekki mitt mál, eins og sakir standa nú um fjárstjórn ríkisins, hvort fjmrh. vill veita þessari stofnun þetta vald, — ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh., af því hann er nú staddur hér í deild, hefur veitt þessu athygli, en ég efast um, að hann sé mjög hrifinn af því, ef þetta fæli það í sér, að hann væri bundinn við þá áætlun, sem þjóðleikhúsráð gerir um útgjöld Þjóðleikhússins. Ég segi fyrir mitt leyti; hefði ég setið í þessum stól, hefði ég ekki viljað vera bundinn við þá áætlun. (**Fjmrh.:** Það er enginn fjmrh. bundinn við slíka áætlun.) Það er þá bezt, að það sé ekki ákveðið í lögum. Það er gott, að fjmrh. segir þetta, en orðalag setningarinnar er: „Staðfest áætlun skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins.“ Við þekkjum það, að í mörgum sérlögum eru bein ákvæði með þessum hætti og þar er það ákveðið, að eitthvað skuli lagt til grundvallar. Þetta er ekki haft til hliðsjónar, það á að leggja til grundvallar. Það væri allt annað mál, ef hér stæði, að þessi áætlun skyldi gerð og hún skyldi höfð til hliðsjónar við ákvörðun fjárveitingar, en hér er beinlínis talað um, að hún skuli lögð til grundvallar.

Ég heyri nú af því, sem hæstv. fjmrh. hefur hér skotið fram, að hann mundi ekki vera ýkja hrifinn af því, ef með þessu væri verið að binda hendur hans með fjárveitingar til Þjóðleikhússins, en þetta þykist ég vita, að hv. formaður geti upplýst, þannig að það standi þá bókað hér í umr. þingsins, hvaða skilning beri að leggja í þessa setningu.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. bar fram fsp. um það, hvernig ég, sem formaður menntmn. hefði skilið orðalag það, sem er í 6. gr., að staðfest áætlun skuli lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins. Ég skal játa það, að mér er ekki kunnugt um það, hvað þeir, sem frv. sömdu, höfðu í huga, þegar þeir settu þessa setningu á blað, en hún er í frv. eins og það kemur frá nefndinni, sem samdi frv. Ég minnist þess að hafa einhvern tíma rekið augun í þetta orðalag, en hvernig sem það gekk nú fyrir sig, þá er ég þeirrar skoðunar, að í þessu geti ekkert annað falizt en bara það, að þegar menntmrn. undirbýr sínar till. til fjmrn. um það, hvernig fjárveitingum til leikhússins skuli hagað, þá skuli þessi staðfesta áætlun lögð til grundvallar.

Mér finnst það blasa við og liggja nokkuð í hlutarins eðli, að með setningu eins og þessari er ekki nokkur leið, að Alþ. geti afsalað sér fjárveitingavaldi hvað þetta atriði snertir um aldur og ævi, eða a. m. k. meðan þessi lög standa, m. ö. o. fjárveitingar hvers konar hljóta að vera ákveðnar í fjárlögum og ég fæ ekki séð, að það standist, að Alþ. samþykki það, að einhverjir aðrir aðilar skuli ákveða, hve há upphæð sé greidd í ákveðnum tilgangi. Ég held, að það hljóti alltaf að vera Alþ., sem eigi þar seinasta orðið, og svona í fljótu bragði átta ég mig nú ekki á því, að það eigi sér neina hliðstæðu, að slíkt ákvæði sé í lögum og því sé framfylgt með þeim hætti, að það sé einhver aðili utan Alþ., sem ákveði slíka upphæð.

Ég verð að viðurkenna það, að ég hef ekki sama fróðleik hvað snertir fjárveitingarráðstafanir og hv. 2. þm. Norðurl. e., með sína margvíslegu reynslu í sæti fjmrh. En ef það er svo að dómi ýmissa þm., að þetta geti falið það í sér, að æðsta fjárveitingavald landsins, Alþingi, sé beinlínis bundið af slíkri áætlun sem þarna er gert ráð fyrir, þá er ég algerlega sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um það, að það verður að breyta þessu orðalagi, þannig að þar standi, að staðfest áætlun skuli höfð til hliðsjónar. Það finnst mér auðvitað alveg sjálfsagt mál. En ég sem sagt get aðeins sagt það, að ég hef skilið þetta þannig, mér finnst eðlilegast að skilja það þannig, að átt sé við, að áætlunin sé lögð til grundvallar við fjárlagaundirbúninginn.

Úr því að ég stend nú hér, þá get ég ekki á mér setið að segja örfá orð um þessi lítilfjörlegu orðaskipti, sem hafa orðið út af framkvæmdaráði eða starfsnefnd. Ég held, að kjarni þessa máls sé ósköp einfaldur. Þarna er um hliðstæðar stofnanir að ræða. Þær eru líkar um mjög margt og þar af leiðandi þarf enginn að

undrast það, að setningar í frv. og setningar í brtt. okkar séu þær sömu í mörgum tilvikum, eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sannaði hér með glæsibrag áðan. En hitt er allt annað mál, að ýmsar aðrar setningar, sem hann las ekki, eru dálítið öðru vísi orðaðar. Sumar eru þar alls ekki í frv., sem eru í brtt., og svo eru aftur aðrar setningar í frv., sem ekki eru í brtt. okkar. Það mikilvægasta er auðvitað sérstaklega þetta, að það er ekki lögð slík áherzla á það eins og var í frv., að það væri framkvæmdaráðið, sem ætti að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og undirbúa hana. Það lá nokkuð í hlutarins eðli, að þegar um var að ræða þjóðleikhúsráð, sem koma átti saman tvisvar á ári, eins og áður var ráð fyrir gert, þá hlaut starfsemi framkvæmdaráðsins að verða mikilvægari að þessu leyti, en eftir að því hefur verið breytt og eftir að þjóðleikhúsráðið kemur saman mánaðarlega, þá verður auðvitað að reikna með því, að starfs- og fjárhagsáætlun sé unnin og undirbúin í nánu samstarfi og samráði við sjálft þjóðleikhúsráðið. Þetta er mesta efnisbreytingin, sem í þessu er fólgin. En fleiri breytingar eru þarna, sem tína mætti til. Það geta hv. þm. sjálfir séð með samanburði á þessum greinum, og ég sé ekki ástæðu til þess að nefna það hér (**AuA:** Má ég aðeins, áður en hv. þm. stígur úr stólnum? Í frv., eins og það var lagt fram, er sagt, að það standist samanburð —). Já, það skal ég nú fljótlega upplýsa, en það mun vera í 9. gr. (Gripið fram í.) Það er 2. mgr. 9. gr., eins og frv. lá fyrir: „Starfs- og fjárhagsáætlun samkv. 7. gr. skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins.“ (Gripið fram í.) Já, og framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, sem leikhúsið varða. En það var nú bara þetta atriði, að það virtist vera, að hv. þm. efaðist um, að það væri rétt, að þetta hefði staðið í frv., en það stóð nú þar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki viss um, að það sé til annað dæmi þess, að setning sem þessi sé í lögum. Hitt er annað mál, að það er auðvitað í fjöldamörgum tilfellum, sem Alþ. hefur bundið hendur sínar með sérlögum um ráðstöfun fjár úr ríkissjóði, og það vitum við vel, að meiri hluti af öllum útgjöldum ríkissjóðs er þannig til kominn, að það er ekki annað að gera en horfast í augu við þær staðreyndir, af því að Alþ. hefur ákveðið það með sérlögum, og vitanlega gæti Alþ. með sérlögum ákveðið það, að þjóðleikhúsráð, sem það hefur ákveðið með lögum, hvernig skuli skipað, skuli ganga frá áætlun um rekstur þessarar ríkisstofnunar, og það er ekkert formlega því til fyrirstöðu, að þetta geti orðið skilið þannig, að Alþ. hafi ákveðið í þessum lögum um Þjóðleikhús, að því fjármagni skuli varið til Þjóðleikhússins. Það, sem aðeins vakti athygli mína, er þetta óvenjulega orðalag, því að ég man ekki til, að í neinum öðrum lögum sé svona komizt að orði. Það er ekki einu sinni sagt, að staðfest áætlun skuli lögð til grundvallar tillögum til fjárveitingar, eins og í sambandi við fjárlagafrv., og væri eðlilegast, að hún kæmi þá til álita þar í fjmrn., heldur er þetta orðað: „til grundvallar við fjárveitingar til Þjóðleikhússins.“ Ef hins vegar allir eru ásáttir um þennan skilning, sem hv. formaður nefndarinnar lagði í þetta, — þó að hann að vísu lýsti því yfir, að hann hefði ekkert sérstaklega íhugað þetta eða nefndin, vegna þess að þetta væri komið í upphaflega frv., sem mun vera rétt, — þá hefði ég nú talið æskilegra, að svona orðalag væri ekki notað, af því að óneitanlega getur það valdið misskilningi. Hér er um svo ótvíræða setningu að ræða, eins og ég segi, og ég man ekki til, að nokkurri stofnun sé veitt slíkt vald eða að slíkt orðalag sé notað í lögum um stofnanir, sem eiga að gera till. til fjárveitinga í sambandi við fjárlög. Hitt er annað mál, að það getur verið eðlilegt að segja, til þess að taka af allan vafa um það, að það sé þjóðleikhúsráð, sem gangi frá fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins, þá sé það þjóðleikhúsráðið. Það er efnislega ekkert óeðlilegt, að gert sé ráð fyrir því, að það semji till. til menntmrn. og síðan fjmrn. En ég held nú, ef maður fer að athuga þetta nánar, að þetta sé ákaflega óeðlilegt orðalag, ef við erum sammála um þann skilning, sem mér skildist, að hv. formaður nefndarinnar legði í þetta, að auðvitað getur ekki komið til mála, að Alþ. veiti þessu ráði það vald að ákveða fjárveitingarnar sjálfu, heldur megi það aðeins gera áætlun, en Alþ. meti síðan með eðlilegum hætti, hve miklu það vill verja til stofnunarinnar.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um það, að þetta er óeðlilegt orðalag, og mér þykir eðlilegast, að deildin breyti þessu nú við 3. umr., þannig að ekki þurfi að vera neinn vafi á um þetta efni. Það er öllu lakara, ef þarf að bíða eftir því, að hv. Nd. breyti þessu, því að þá þarf að senda frv. aftur til Ed., en nú er liðið að þinglokum, svo að ég vil leyfa mér að flytja skrifl. brtt. og vænti þess, að forseti leiti afbrigða, þar sem hún er seint fram komin.

Hún er við 6. gr. frv.: Í stað orðanna „skal lögð til grundvallar“ komi: skal höfð til hliðsjónar. Setningin verður þá á þessa leið: Staðfest áætlun skal höfð til hliðsjónar við fjárveitingar til leikhússins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 715) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 10. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 651, 604,3,5,7,8, 680, 715).

ATKVGR.

Brtt. 604,3,4,5,7,8 teknar aftur.

Brtt. 715 samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 680,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 680,2 samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðbj, BFB, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, PÞ, RA, StH, ÁB.

nei: EggÞ, GH, JónÁ, MJ, SteinG, ÞK, AuA.

BJ, JÁH greiddu ekki atkv.

1 þm. (OÓ) fjarstaddur.

Brtt. 680,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 680,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 680,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 680,6—7 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 755).
Á 77. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem menntmn. Ed. flutti að minni beiðni á þskj. 116, kemur nú í annað sinn fyrir Alþ. Þar er um að ræða endurskoðun á þjóðleikhúslögum, og mun ég gera lauslega grein fyrir helztu breytingum, sem í frv. felast frá gildandi lögum. Meginbreytingin er um stjórn Þjóðleikhússins. Í núgildandi lögum er svo kveðið á, að þjóðleikhúsráð er skipað til óákveðins tíma og þjóðleikhússtjóri er skipaður með sama hætti og flestir aðrir embættismenn ríkisins, í eitt skipti fyrir öll. Í frv. er ráð fyrir því gert, að þjóðleikhúsráð hafi takmarkaðan starfstíma, starfstími þess sé fjögur ár í senn, og sömuleiðis er ráð fyrir því gert í 8. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir komið frá Ed., að þjóðleikhússtjóri sé ráðinn til fjögurra ára í senn, en þó megi endurskipa hann einu sinni.

Önnur nýmæli eru ákvæði, sem eiga að tryggja sem bezt má verða, að listflutningur Þjóðleikhússins sé sem fjölbreyttastur, þar sé lögð stund á fleiri sviðsgreinar en leiklist, og þá fyrst og fremst sönglist og danslist. Í samræmi við það er gert ráð fyrir, að við Þjóðleikhúsið starfi menn sérfróðir um þessar listgreinar. Þar starfi bókmennta- og leiklistarráðunautur, tónlistarráðunautur og listdansstjóri. Loks er í 19. gr. frv., eins og það liggur fyrir frá Ed., ákvæði um, að komið skuli á fót sérstökum leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla ríkisins, og er það ákvæði við það miðað, að sérstakur skóli á ríkisins vegum taki við því hlutverki, sem leiklistarskóli Þjóðleikhússins og leiklistarskóli Leikfélags Reykjavíkur hafa gegnt, en þeir skólar hafa hvorugir tekið nemendur síðasta ár og leikskóli Leikfélagsins hefur lagt niður störf.

Í Ed. urðu þó nokkrar breytingar á frv., frá því að það var lagt fram, og þó sérstaklega á ákvæðunum um stjórnarstofnanir leikhússins. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir 16 manna þjóðleikhúsráði. Í meðförum Ed. var þeim mönnum fækkað í 11 og fyrst og fremst fækkað þingkjörnum fulltrúum. Þeirri stofnun, sem í frv. nefndist upphaflega framkvæmdaráð Þjóðleikhússins, hefur verið valið annað heiti í frv., eins og það liggur fyrir frá Ed., þar er þessi stofnun nefnd starfsnefnd, en er nákvæmlega eins skipuð og gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Sömuleiðis er vald og verksvið starfsnefndarinnar mjög áþekkt því, sem ætlað var um framkvæmdaráðið í hinu upphaflega frv.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og ég vil mælast eindregið til, að hv. deild sjái sér fært að gera frv. að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 83., 85. og 87. fundi í Nd., 17. og 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 755, n. 885, 886).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á 38. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [181. mál] (þmfrv., A. 346).

Á 47. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Sú brtt., sem hér liggur fyrir í þessu frv., felur ekki í sér ýkjamikla breytingu á þeim lögum, sem hér er um að ræða, en þetta er þó tvímælalaust breyting, sem skiptir miklu máli fyrir þann hóp, sem hún varðar, sjómenn á opnum vélbátum.

Í núgildandi lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, nánar tiltekið í 17. gr., er kveðið á um greiðslur til útvegsmanna vegna hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, og þessi ákvæði eru í allmörgum liðum. Upphaflega eru þessi ákvæði komin inn í tengslum við samninga milli sjómanna og útvegsmanna, að ég hygg. Þar segir, að á fiskibátum, sem eru 151 brúttórúmlest á stærð eða stærri skuli greiða 120 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann. Fyrir báta, sem eru minni en þarna greinir, skal greiða 100 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann. Þegar um er að ræða aftur á móti fiskibáta með bilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, þá eru nú í lögum ákvæði, sem ekki voru upphaflega, um það að greiða skuli 85 kr. á úthaldsdag eigendum slíkra fiskibáta. Og á s. l. vetri var svo enn bætt því við, að greiða skyldi hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður. Eins og menn munu taka eftir, ef þeir bera þessar greinar saman, þá er í öllum tilvikum greiðsla fæðispeninga miðuð við úthaldsdag og áhafnarmann nema í þessu eina tilviki, þegar um er að ræða opna vélbáta, þá er miðað við hvern róður pr. áhafnarmann. Breytingin, sem hér er lagt til, að gerð verði, er sem sagt fólgin í þessu einu, að því verði breytt, að fæðiskostnaður sé miðaður á opnum vélbátum við hvern róður, og hann sé í þess stað miðaður við úthaldsdag.

Það er svo, að róður víða um land á slíkum bátum getur tekið lengri tíma heldur en aðeins einn einasta dag. Á Norðurlandi er algengt, að 5—10 tonna opnir vélbátar fari í langa róðra að sumrinu, þeir fari t. d. frá Siglufirði út að Grímsey og út að Flatey og víðar um norðurslóðir, og þá getur hver róður gjarnan tekið tvo daga og þó jafnvel allt upp í 3—4 daga. En sjómennirnir fá þá einungis einn dag borgaðan vegna þessara þröngu ákvæða, eins og þau eru í lögunum í dag. Þessu þarf því að breyta, það þarf að breyta þessu eina orði, þannig að miðað sé við úthaldsdag, en ekki róður.

Ég vil láta þess getið, að haft hefur verið samráð við Fiskifélag Íslands og þá starfsmenn þess, sem mest fjalla um þetta atriði, og töldu þeir eðlilegt, að þessi breyting væri gerð. Hitt blasir auðvitað við hverjum manni, að breyting af þessu tagi má ekki verða til þess, að þessi heimild verði misnotuð og menn fái greidda fleiri fæðiskostnaðardaga en þeir eiga rétt til. En þetta verður þá að sjálfsögðu að tryggja með því eftirliti, sem Fiskifélag Íslands stendur fyrir í dag og á að gera. Það er nú svo, að eigendur báta eru nú til dags skyldir til þess að kaupa slysa- og ábyrgðartryggingu, ef þeir ætla sér að gera þessa kröfu um greiðslu fæðiskostnaðar, og það eitt minnkar ákaflega mikið líkurnar á því, að þetta ákvæði geti verið misnotað.

Eftir ábendingu starfsmanns Fiskifélags Íslands, sem með þessi mál hefur að gera, þá var þeirri setningu skotið hér inn, að menn ættu því aðeins rétt á þessum fæðiskostnaðarpeningum, að um aðalatvinnu manna væri að ræða, þannig að ekki gæti verið um það að ræða, að menn kannske væru bara í róðrum svo sem einu sinni til tvisvar í viku, en störfuðu við aðra atvinnu og gætu á þann hátt misnotað þessi ákvæði.

Ég tel ekki, að þessi till. þarfnist frekari skýringar eða grg. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 535).

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. fól í sér þá breytingu, að greiðsla á hluta af fæðiskostnaði sjómanna á opnum bátum miðaðist við úthaldsdaga í stað inn fyrir róðradaga. Og sjútvn. sendi þetta til umsagnar Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og stjórnar aflatryggingasjóðs.

Það er skemmst af að segja, að afgreiðsla n. var í samræmi við það, sem Fiskifélag og stjórn aflatryggingasjóðs lagði til, en þetta mál var einmitt til meðferðar á Fiskiþingi í vetur. Það varð samkomulag um það að fara hóflega í sakirnar, þannig að sú breyting, sem gerð verður, sé eins og Fiskiþing lagði til. Þá gildir hún frá 1. maí til 30. sept., sem vitanlega er sá tími, sem opnir bátar eru einkum notaðir til sjósóknar og fiskveiða. En auk þess varð samkomulag um það í n. að mæla með því, að sú breyting gilti þó ekki að svo komnu máli nema fyrir það sumar, sem í hönd fer, þannig að ef reynslan af framkvæmd þessa þætti ekki góð, þá féllu þær niður þegjandi og hljóðalaust og giltu ekki lengur, en ef reynslan þykir góð, eins og mér skilst, að menn almennt geri sér vonir um, þá er vitanlega hægt að lögfesta það framvegis.

Í öðru lagi gerði n. þá breytingu á, og það er líka eftir till. Fiskiþings, að fullnægja þurfi, á þessum opnu bátum, kröfum Siglingamálastofnunarinnar um öryggisbúnað og vottorð að liggja fyrir um það. Og í öðru lagi lagði Fiskiþing til, þar sem talað var um smærri báta, lokaða, að það yrði að vera skilyrði, að þeirra úthaldstími væri ekki skemmri en fimm mánuðir, en samkv. till. Fiskiþings leggur n. til, að þar komi til ekki skemmri tími en fjórir mánuðir.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv., því að ég er einn af flm. þess. Eins og fram kom hjá hv. frsm. n., þá var þetta mál sent til umsagnar ýmsum aðilum, bæði LÍÚ, Fiskifélaginu, stjórn sjóðsins o. fl., eins og hann greindi frá. Það var LÍÚ, sem mælti gegn samþykkt þessa frv. og taldi, — það voru aðalrökin hjá þeim, — að vera mundi mjög erfitt að fylgjast með því, að ekki væri farið þannig að í greiðslu fæðispeninga í þessu sambandi, að það væri nokkurn veginn tryggt, að ekki væri um misnotkun að ræða.

Ég verð að viðurkenna, að það er rétt, að um allmikið vandamál getur verið að ræða í þessu sambandi, og það mun sérstaklega vera, eftir því sem upplýst er, að um slíka útgerð geti verið að ræða á Norðurlandi. Það mun vera mjög lítið um það, að opnir bátar hér á Suðvesturlandi stundi róðra á annan hátt en þann að koma jafnan að landi að kveldi, og þegar þannig er, þá er náttúrlega enginn vandi að fylgjast með raunveruleikanum í þessum efnum.

Ég féllst á það, eins og aðrir nm., að ákvæði það, sem hér um ræðir og fjallar um, á hvern hátt greiðsla fari fram, gildi að þessu sinni aðeins fyrir yfirstandandi ár. Eins og frsm. sagði, verður þá komin reynsla á þetta mál, og með hliðsjón af því taldi ég fyrir mitt leyti, þó að ég væri flm. að frv., að við nánari athugun væri rétt að afgreiða málið þannig að þessu sinni, og ég mun að sjálfsögðu, eins og fram kemur í nál., fylgja þeirri afgreiðslu.

Ég vil svo að lokum segja það, að mér er fyllilega ljóst, að það getur verið um nokkur vandamál að ræða í sambandi við framkvæmd á þessum lögum, þannig að nokkurn veginn sé öruggt, að komið verði í veg fyrir, að misnotkun eigi sér stað, og ég vænti, að sú reynsla, sem kemur á framkvæmdina á yfirstandandi ári eða komandi sumri, leiði þá í ljós, hvort það er ekki eðlilegt að lögbinda þetta til frambúðar.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli deildarinnar á því, að hér er stigið spor aftur á bak frá því, sem samþykkt var í fyrra. Þá var samþykkt mjög svipað frv. og er lagt til nú af hálfu frv.-flytjenda, en með því að binda

þetta svo stuttan tíma, aðeins í ár, frá 1. maí til 30. sept., þá er það spor aftur á bak frá þeim lögum, sem nú eru í gildi, sem eru óbundin tímamarki, og ég lýsi því hér með yfir, að ég verð á móti þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 535 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 561).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. og 64. fundi í Nd., 19. og 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Dvalarheimili fyrir börn.

Á 52. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð ríkisins við byggingu dvalarheimila fyrir börn [211. mál] (þmfrv., A. 417).

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 417 hef ég ásamt þrem öðrum hv. þm. Sjálfstfl. leyft mér að flytja frv. til l. um aðstoð ríkisins við byggingu dvalarheimila fyrir börn. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. þessu, er til þess ætlazt, að sú aðstoð, sem hér er lagt til, að veitt verði af opinberri hálfu eða ríkissjóði, nái jafnt til dvalarheimila, sem taka börn til dvalar daglangt, og hinna, sem taka börn til lengri dvalar. Svo sem kunnugt er, hefur Alþ. nú um nokkurt skeið samþ. fjárveitingar til byggingar barnaheimila víðs vegar um landið. Þessar fjárveitingar hafa gengið jafnt til dvalarheimila, sem taka börn til dvalar um lengri tíma, og hinna svo kölluðu dagheimila, sem aðeins taka börn til dvalar yfir daginn. Í frv. þessu er, eins og ég áðan sagði, lagt til, að þessi regla verði einnig framvegis varðandi ríkisstyrkinn.

Það væri ekki óeðlilegt, að á meðan þessi starfsemi hefur verið að þróast og festa rætur í þjóðfélaginu, legðist kostnaðurinn öðru fremur á þau byggðarlög, sem dvalarheimilin eru staðsett í, en með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þegar er fengin fyrir nauðsyn og þýðingu dvalarheimilanna frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, er ekki óeðlilegt, að um starfsemi þessa sé sett ákveðin löggjöf og þá jafnframt kveðið á um það, hver hlutur ríkissjóðs skuli vera í þátttöku í sjálfum stofnkostnaðinum. Með frv. þessu leggjum við til, að byggingarkostnaðinum verði skipt að jöfnu á milli ríkissjóðs og framkvæmdaaðila. Yrðu það sömu hlutföll og gilda um skólabyggingar í þéttbýli, og er ekki óeðlilegt að hafa það til viðmiðunar. Ég tel óþarft að fjölyrða um það, í hvaða tilfellum eða hvers vegna barnaheimili séu nauðsynleg. Öllum er ljóst, hvaða þýðingu þau hafa fyrir einstæðar mæður eða foreldra með smábörn, sem verða að leita sér atvinnu utan heimilisins til þess að sjá sjálfum sér eða fjölskyldunni farborða. Þá má einnig segja, að sama máli gegni um húsmæður almennt, sem eru með smábörn, en vilja leita sér atvinnu utan heimilisins og auka þannig tekjur fjölskyldunnar.

Í mörgum tilfellum eru dagheimilin eina úrlausnin, sem til greina kemur við barnagæzluna, meðan húsmóðirin er fjarverandi frá heimilinu. Þá tel ég einnig rétt að geta þess, sem enn skiptir máli og ekki er lítill þáttur í sköpun þjóðarteknanna, en það er það vinnuafl, sem hér um ræðir og oft hefur bætt úr brýnni þörf atvinnuveganna á auknu vinnuafli. Það ættu þeir að þekkja bezt, sem búsettir eru í sjávarplássunum, að án þess að unnt sé að nýta til hins ýtrasta allt vinnuafl, sem fyrir hendi er, t. d. þegar vertíð stendur yfir, fara mikil verðmæti forgörðum. Allar þessar staðreyndir, sem ég hef nú vikið að, ber að hafa í huga, þegar afstaða til afgreiðslu þessa frv. verður tekin.

Að sjálfsögðu er allt það málefni, sem hér um ræðir, verulega stærra en sjálfur stofnkostnaðurinn, en það er rekstur dagheimilanna. Í dag styrkir ríkissjóður þá hlið málsins einnig að nokkru leyti, en sá þáttur þyrfti endurskoðunar við og skilst mér, að e. t. v. séu þau mál í athugun nú. Þá þarf einnig að athuga gaumgæfilega, hvaða uppeldishlutverki dagheimilin gegna og hvort ekki kemur til greina að útvíkka starfsemi þeirra á sviði kennslumála. Fóstrumenntun fyrir alls konar barnaheimili er í dag orðin sérfag og ber að fagna því og leggja á það sérstaka áherzlu, að hið opinbera veiti þeirri starfsgrein verðskuldaðan stuðning.

Um frv. í heild og einstakar greinar þess vil ég að öðru leyti aðallega vísa til þess, sem fram kemur í aths. við frv. Eins og fram kemur í 1. gr., er gert ráð fyrir því, að þeir, sem geti notið stuðnings samkv. þessum lögum, verði

frv. samþ., séu sveitarfélög, félög áhugamanna og einnig í vissum tilfellum atvinnufyrirtæki. Þar kæmu að sjálfsögðu helzt til greina dagheimili, en þó er fram tekið í 4. gr. frv., að þegar um önnur heimili er að ræða en þau, sem byggð eru af sveitarfélögum, þá skal menntmrn., áður en það tekur afstöðu sína til byggingarinnar, hafa leitað umsagnar viðkomandi sveitarfélags um málið.

Gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til framkvæmdanna sé greitt á fjögurra ára tímabili, á meðan á framkvæmdunum stendur, og þá miðað við upphaflega kostnaðaráætlun. Fari hins vegar kostnaður fram úr upphaflegri áætlun á byggingartímabilinu, skal því, sem umfram verður, skipt á tvö ár að því loknu. Hér er um hliðstæður að ræða á við það, sem tíðkast um skólabyggingar, sem má telja einnig eðlilegt.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka.

Á 54. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka [214. mál] (þmfrv., A. 433).

Á 55. og 56. fundi í Ed., 15. og 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 433 hef ég leyft mér að leggja fram ásamt hv. 1. þm. Vesturl. frv. til laga um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Mál þetta eða skyld mál eru ekki ný hér á hinu háa Alþingi. Þessu hefur verið hreyft nokkuð oft. M. a. var lagt fram á síðasta þingi frv. til laga um verkfræðiráðunauta ríkisins á Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurlandi, og fleiri mál mætti nefna svipaðs eðlis. Öll eiga þessi mál rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar, að verkfræðiþjónustu hefur mjög skort í dreifbýli landsins. Raunar hygg ég, að þeir staðir séu afar fáir utan Reykjavíkursvæðisins, sem hafa verkfræðinga, sem geta veitt þá þjónustu, sem að sjálfsögðu er nauðsynleg, ekki aðeins sérhverju sveitarfélagi, heldur einstaklingum og öðrum framkvæmdaaðilum. Þetta hefur leitt til þess, að ferðir slíkra manna til Reykjavíkur eru mjög tíðar, og fer í það mikill tími og erfiðleikar í sambandi við ferðir að vetrum og tímasóun veruleg.

Ég ætla ekki að hafa langa framsögu um þetta og vísa fyrst og fremst til grg., vil geta þess þó, að í því frv., sem nú er lagt fram, er farið út á nokkuð aðra braut en hefur verið gert í fyrri frv. Upp á síðkastið hafa landshlutasamtök sveitarfélaga mjög eflzt. Ég hygg, að þau séu alls staðar komin á fót í einni mynd eða annarri. Okkur þykir því eðlilegra, flm. þessa frv., að þau fái veg og vanda af því að reka slíka verkfræðiþjónustu. Við teljum, að betur muni farnast á þann veg, að heimamenn séu þarna með í spilinu. Það er því meginbreytingin, sem hér kemur fram, að lagt er til, að komið verði á fót verkfræðiþjónustu í þeim landshlutum, þar sem ekki er fáanleg slík þjónusta, og lagt til, að ríkisvaldið aðstoði landshlutasamtök sveitarfélaga til þess að koma slíkri verkfræðiþjónustu á. Það er gert ráð fyrir því, að þau landshlutasamtök, sem koma á fót verkfræðiþjónustu, fái styrk í eitt skipti fyrir öll, 500 þús. kr., og jafnframt er gert ráð fyrir því, að hið opinbera ábyrgist greiðslu á ¾ hlutum af hallarekstri verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur ¾ hlutum af launum og kostnaði við einn verkfræðing.

Það er einnig gert ráð fyrir því, að opinberir aðilar, sem þurfa mjög á verkfræðiþjónustu að halda í dreifbýlinu, notfæri sér slíka verkfræðistofu, ef á fót er komið, og greiði þá að sjálfsögðu fyrir þá þjónustu, sem þeim er veitt, eins og sérhver annar aðili, sem þangað leitar. Það er einnig vakin athygli á því, að opinberir aðilar, sem kjósa að staðsetja eigin verkfræðinga eða tæknimenn úti í dreifbýlinu, geti fengið aðstöðu á slíkri verkfræðistofu, að okkar dómi öllum til verulegs hagræðis. Það vottar þegar fyrir þessu. Vegagerð ríkisins hefur staðsett verkfræðinga, a. m. k. í einum landshluta, sem mér er kunnugt um, og ef til vill fleirum, og það er öllum ljóst, að slíkur maður fær stórum bætta aðstöðu, ef hann getur unnið með fleiri sínum félögum eða „kollegum“ á verkfræðistofu.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem fram koma í þessu frv. frá fyrri frv., sem fram hafa verið lögð, og skal ég ekki teygja tímann frekar en ég hef gert, en vísa að öðru leyti til grg.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 746).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar d. hefur fjallað um frv. það, sem hér er til umr., frv. um verkfræði-

þjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga, og mælir með samþykkt þess með vissum breytingum, sem um getur á þskj. 746, í nál. Ég vil leyfa mér aðeins í örfáum dráttum að ræða tilgang og efni þessa frv.

Landshlutasamtök hafa víðast hvar verið stofnuð með margvíslegum verkefnum og nauðsynlegum. Markmið samtakanna er að efla félagslega samstöðu byggðarlaga og vinna að sameiginlegum félags- og framkvæmdalegum viðfangsefnum. Þegar þannig er komið, er auðsætt, að sú þjónusta er eigi síst nauðsynleg, sem horfir að verkfræðilegum efnum og tæknimálum yfirleitt. Slík þjónusta hefur fram að þessu verið að mestu leyti veitt beint frá höfuðborginni og oft erfitt að fá slíka þjónustu og stundum ekki kleift. Til þess að koma þessum málum sem bezt fyrir heima í héruðunum verður ekki hjá því komizt að hafa tæknimenntaða menn búsetta þar. Mörg undanfarin ár hafa frv. verið flutt hér á hv. Alþ. um þessi efni, en þau ekki fengið afgreiðslu endanlega. Í þeim hefur verið gert ráð fyrir, að ríkisvaldið kæmi á fót slíkri starfsemi, sem hér ræðir um, en í frv. því, sem hér er rætt, er gert ráð fyrir því, að landshlutasamtökin hafi með að gera stofnun og starfrækslu verkfræðiþjónustunnar, en hljóti nokkra aðstoð af hálfu ríkisvaldsins. Þessi landshlutasamtök eru nýorðin allöflug og sjálfsagt vel hæf að sjá um þessa starfsemi. Hins vegar sýnist líklegt, a. m. k. í fljótu bragði, að þessi starfsemi beri sig ekki fyrsta kastið og jafnvel nokkuð fram eftir, það má vel vera. Þess vegna verður að telja það höfuðnauðsyn, að hið opinbera hlaupi undir bagga, ef til rekstrarhalla kemur á starfseminni, og ég held, að flestir okkar geti verið um það samdóma, að eðlileg aðstoð ríkisvaldsins eigi fyllilega rétt á sér til uppbyggingar slíkri þjónustu. Auk þess getur ríkisvaldið á eina eða aðra lund notið góðs af þessari starfsemi, þegar til kemur.

Ég vil aðeins víkja að frvgr. þeim, sem snerta höfuðtakmark málsins. Ef landshlutasamtök sveitarfélaga óska eftir að koma á fót verkfræðiþjónustu í landshlutanum, þá á ríkisvaldið að veita aðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar starfsemi, enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta alls ekki fáanleg í þeim landshluta, sem óskar þessa. Þetta er í 1. gr. frv og er að sjálfsögðu meginkjarninn.

Þá vil ég næst geta þess, með hverjum hætti aðstoð ríkisvaldsins á að berast til þessarar starfsemi, og þar segir um þetta í 5. gr.: Í fyrsta lagi þá greiðir ríkið 500 þús. kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, til að koma á fót verkfræðiþjónustu. Í öðru lagi, segir í frv., ábyrgist ríkið greiðslu á ¾ hlutum af hallarekstri verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur ¾ hlutum af launum og kostnaði við einn verkfræðing. Ég vil geta þess, að n. hefur gert brtt. við þessa grein, þennan hluta, sem ríkisvaldinu er ætlað að greiða af rekstrarhalla. Við höfum lagt til, að þessi hluti yrði minnkaður niður í helming. Okkur þótti það varlegra en hitt svona fyrsta kastið. Ef það kemur í ljós síðar, að þessar stofur verða mjög dýrar í rekstri og tekjur kannske af störfum þessara verkfræðinga eða tæknimenntuðu manna verða ekki svo ýkjamiklar, þá að sjálfsögðu yrði að íhuga það mál nánar. Okkur þótti rétt að ganga ekki lengra í þetta sinn.

Þá gerðum við aðra brtt. í n., og hún er við 4. gr. Í frvgr. segir: „Verði komið á fót verkfræðiþjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins," og svo segir áfram í frvgr.: „enda greiði stofnunin þá sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. des. 1971, 31. gr." Við viljum breyta seinni parti þessarar greinar á þessa lund: Á eftir orðunum „getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins" komi: gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila. Aðrar brtt. gerðum við ekki í n.

Yfirumsjón með þessum skrifstofum verkfræðiþjónustunnar hefur félmrn. Þegar landshlutasamtök sveitarfélaga hyggjast stofna til slíkrar starfsemi, þá verður fyrst alls leitað til félmrn., og þar verða samtökin að gera grein fyrir sinni fyrirætlan og láta rn. í té áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Síðan á árlega að senda rekstraráætlun til þessa rn. Þetta er þá í höfuðdráttum megininntak þessa frv.

Eins og ég sagði í upphafi, þá mælir n. einróma með samþykkt þess með þeim breytingum, sem ég hef nú lítillega að vikið.

Ég vil geta þess, að fjarstödd voru afgreiðslu þessa máls hv. þm. Auður Auðuns og Oddur Ólafsson.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að þakka hv. heilbr.- og félmn. þessarar deildar fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég get í höfuðdráttum fallizt á þær brtt., sem n. gerir á frv., og ég skil þær vel og hvað þar á bak við liggur.

Ég vil geta þess, að við 4. gr. var ég með í huga, að í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er þegar gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnunin greiði ¾ hluta af kostnaði sérfræðings, sem starfar að áætlanagerð í samráði við landshlutasamtökin, og hugmynd mín var sú, að þetta væri einn og sami maðurinn, og því eðlilegt að vísa til þeirrar greinar. Ég geri ráð fyrir því, að sú breyting, sem n. hefur gert, breyti þar litlu eða engu um. Ég held, að svo hljóti að verða, að þetta verði einn og sami maðurinn og þá hljóti að koma til kasta þeirra laga, sem þegar hafa verið samþykkt, og get því fallizt á þessa breytingu, þó að þarna sé í mínum huga e. t. v. lítilfjörleg spurning um framkvæmd.

Ég skal viðurkenna það, að ég hefði heldur kosið, að hv. n. hefði fallizt á, að ¾ hlutar mættu greiðast af kostnaði verkfræðings. Ég taldi rétt að hafa þennan hundraðshluta háan, vegna þess hvað landshlutasamtök sveitarfélaga eru veikburða eins og er, en þeim vex vonandi fiskur um hrygg og geta þá tekið í sinn hlut meira af þessari áhættu. Það er von mín, að þetta komi ekki að sök og verði ekki til þess, að slíkar stöður verði ekki settar á fót. Það er sannfæring mín, eins og ég hef sagt við framsögu

þessa máls, að mikil er þörfin, mjög mikil, og sjálfsagt að nota þessi samtök, sem þegar eru til orðin og eru að eflast, til þess að koma á samstarfi hins opinbera og samtakanna. Það er aðalatriðið í þessu máli og á það hefur n. algjörlega fallizt, og fyrir það fyrst og fremst vil ég þakka.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram og reyndar kemur fram í nál. á þskj. 746, þá var ég ekki viðstödd fund heilbr.- og félmn., þegar frv. var afgr. úr nefnd. Ég ætla ekki að fara að ræða frv. efnislega, en vil aðeins víkja að því, að það var sent til umsagnar á sínum tíma Sambandi ísl. sveitarfélaga og Verkfræðingafélagi Íslands. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvenær það var, en það mun vera orðið alllangt umliðið síðan, og um það vil ég segja yfirleitt, að aðilar, sem fá mál til umsagnar, mega sjálfum sér um kenna, að ekki sé tekið tillit til þeirra skoðana, ef þeir senda ekki sínar umsagnir á þeim tíma, að viðunandi geti talizt fyrir þingnefndir, en Samband ísl. sveitarfélaga mun hafa bent á, að rétt væri að senda landshlutasamtökunum sjálfum þetta frv. til umsagnar. Umsögn Verkfræðingafélagsins var ekki komin, þegar málið var afgr. í n., og ég var nú satt að segja á eigin spýtur að grennslast eftir því, hvað henni liði. Mér skilst, að hún muni þá e. t. v. geta legið fyrir á morgun, er fundur verður í heilbr.- og félmn., og þá er tækifæri til að skoða þá umsögn milli umr., ef hún verður komin. Það er ekki ætlun mín á nokkurn hátt að tefja fyrir, að frv. fái eðlilegan gang og verði afgr. hér við 2. umr., en eins og ég sagði, þá mun e. t. v. liggja fyrir umsögn, sem maður mundi þá áskilja sér rétt til að hafa til hliðsjónar við afstöðu sína til málsins við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 746,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 746,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 777).

Auður Auðuns: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls sagði ég nokkur orð, lét þess m. a. getið, að frv. hefði verið sent til umsagnar ákveðnum aðilum, en umsagnir hefðu ekki verið komnar til n., þegar frv. var afgr. þar. Á fundi heilbr.- og félmn., sem haldinn var í morgun, lá hins vegar fyrir umsögn frá Verkfræðingafélagi Íslands, og ég tel, að það sé þá eftir atvikum rétt að kynna hana, þó að málið sé nú komið til 3. umr. og ég sé ekki þar með að gera neina tilraun til þess að bregða fæti fyrir frv. En þar koma fram viss sjónarmið, sem ég held, að rétt sé að kynna hv. þdm., þótt seint séu fram komin. Þessi umsögn Verkfræðingafélagsins er dagsett í gær, og ég vil þá leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Bréf Verkfræðingafélagsins er svo hljóðandi:

„Vér höfum móttekið bréf hv. heilbr.- og félmn. Ed. Alþ., dags. 6. apríl s. l., þar sem óskað er umsagnar Verkfræðingafélags Íslands um frv. til l. um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga, 214. mál. Stjórn Verkfræðingafélags Íslands skipaði eftirtalda verkfræðinga í nefnd til þess að athuga frv. og semja um það umsögn: Páll Sigurjónsson, formaður, Björn Ólafsson og Sigurbjörn Guðmundsson. Nefndin hefur í dag skilað áliti sínu, og fylgir það hér með sem álit félagsins.

Hinrik Guðmundsson.

Til heilbr.- og félmn. Ed. Alþingis."

Álitið, sem þessu bréfi fylgir, er svo hljóðandi:

„Umsögn um frv. til l. um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Verkfræðingafélag Íslands telur frv. þarfa ábendingu um nauðsyn sveitarfélaga fyrir verkfræðiþjónustu. Í því sambandi vill Verkfræðingafélag Íslands benda á eftirfarandi:

1. Sveitarfélög hafa í höfuðatriðum þörf fyrir þrenns konar verkfræðiþjónustu: a) Könnun á þörfum sveitarfélaga fyrir framkvæmdir, framkvæmdaáætlanir, umsjón með, að framkvæmdir hljóti viðhlítandi undirbúning og að til þess undirbúnings sé ætlaður hæfilegur tími, samræming milli einstakra framkvæmdaþátta og önnur stjórnun í tækniatriðum. b) Hönnun framkvæmdar. c) Stjórnun sjálfra framkvæmdanna og eftirlit með þeim.

2. Verkfræðingafélag Íslands telur hverju sveitarfélagi og landshlutasamtökum sveitarfélaga nauðsynlegt að hafa aðgang að tæknimenntuðu starfsliði til að sinna verkefnum samkv. lið a hér að framan, og hafa reyndar sum sveitarfélög þegar slíkt starfslið í sinni þjónustu. Eðlilegt virðist, að landshlutasamtökin ráði til sín verkfræðinga og/eða tæknifræðinga til að sinna þessum verkefnum fyrir samtökin og einstök sveitarfélög, eftir því sem þurfa þykir. Hlutverk þessa starfsliðs væri m. a. að samræma aðgerðir sveitarfélaga á framkvæmdasviðinu, undirbúa reglur um framkvæmdir einstaklinga og fyrirtækja í hverju sveitarfélagi (byggingarsamþykktir og því um líkt) og fylgjast með, að farið sé eftir þeim, segja til um, hvenær einstök sveitsveitarfélög hafi þörf á að tilkalla sérstaka verkfræðiráðgjafa og þá fylgjast með störfum þeirra fyrir hönd sveitarstjórna o. fl. Hins vegar verður að teljast óæskilegt, að tæknilegt starfslið, sem vinnur að stjórnunarmálum sveitarfélaga, sinni jafnframt hönnun á störfum og þá einkum fyrir einstaklinga.

3. Hönnun mannvirkja, þar með taldar ýmiss konar áætlunargerðir og eftirlit með framkvæmdum, hefur fram til þessa að mestu verið unnin af verkfræðistofum eða einstökum verkfræðiráðgjöfum, og á þetta jafnt við um framkvæmdir einstaklinga og sveitarfélaga. Á síðustu árum hafa risið upp verkfræðistofur víða um landið til þess að sinna verkefnum á þessu sviði, sumar

í nánum tengslum við samsvarandi fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Fullvíst má telja, að þessi þróun haldi áfram og verkfræðistofum úti á landi fari fjölgandi. Verkfræðingafélag Íslands telur, að með þessum hætti hafi sveitarfélög og einstaklingar aðgang að fjölbreyttari verkfræðiþjónustu og viðtækari starfsreynslu en fengist með rekstri einnar verkfræðistofu í hverjum landshluta með einokunaraðstöðu í tækniundirbúningi í þeim landshluta. Hætt er við, að starfsfólk slíkrar verkfræðistofu einangrist frá starfsreynslu, sem fæst annars staðar.

4. Útboð verka hafa orðið æ tíðari á seinni árum, og hefur það m. a. leitt af sér skýrari mörk milli þeirra þriggja þátta verkfræðiþjónustu, sem taldir eru undir 1. tölulið, samfara aukinni sérhæfingu verkfræðinga. Verkfræðingafélag Íslands telur þessa þróun eðlilega og í samræmi við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar.

5. Verkfræðingafélag Íslands telur, að fram komið frv. til l. um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga sé skref aftur á bak, þar sem framkvæmd þess, sem í lagafrv. felst, muni verka letjandi og jafnvel binda endi á fyrrgreinda þróun utan höfuðborgarsvæðisins."

Þar með lýkur umsögn Verkfræðingafélagsins. Það, sem mér sýnist eða sem ég helzt tek eftir í þessari umsögn, er annars vegar það, að Verkfræðingafélagið telur óæskilegt, eins og það er orðað, að tæknilegt starfslið, sem vinnur að stjórnunarmálum sveitarfélaga, sinni jafnframt hönnunarstörfum og þá einkum fyrir einstaklinga, en í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að slíkar verkfræðistofur veiti einnig þjónustu einstaklingum, og sýnist það nokkuð ljóst, að Verkfræðingafélagið er þar með að verja sína hagsmuni, að hið opinbera sé ekki í samkeppni við verkfræðistofur eða fyrirtæki, sem rekin eru með frjálsu framtaki, og einnig það, að þeir telja, að frv. gæti orðið til þess að hindra það eða tefja, að sú þróun verði utan höfuðborgarsvæðisins, að þar rísi upp í landshlutunum verkfræðistofur, sem veiti þessa þjónustu.

Ég hef enga aðstöðu til þess að dæma um það, hvort slíkt yrði. Mér sýnist hins vegar, að með þeirri öru fjölgun, sem sem betur fer verður hjá okkar þjóð á tæknimenntuðu fólki, hljóti að því að reka, sem þegar munu líklega vera einhver brögð að, að slíkar þjónustustofnanir eða verkfræðistofur rísi í landshlutunum, og má í því sambandi þá vitna til þess, sem segir í 1. gr. frv., að ríkið geti veitt aðstoð við stofnsetningu verkfræðistofa landshlutasamtakanna, enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta ekki fáanleg í þeim landshluta. Ég geri ráð fyrir því, að það yrði þá í verkahring viðkomandi rn. að meta það, hvort verkfræðiþjónusta sé þegar fyrir hendi í þeim landshlutum, sem um þann stuðning kynnu að sækja, sem frv. felur í sér, og kæmi þá eftir atvikum ekki til þess, að landshlutasamtökin sjálf hlytu þá fyrirgreiðslu, sem í frv. er lagt til, að veitt verði af hálfu ríkisins.

Mér fannst sem sé, vegna þess að ég við 2. umr. málsins minntist á þetta, að frv. hefði verið sent Verkfræðingafélaginu til umsagnar, og vegna þess að umsögnin hefur síðan borizt, þá fannst mér rétt, að hún væri kynnt hv. þdm. Eins og ég áður sagði, skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvort þetta frv. hindrar það, að verkfræðistofur á vegum einstaklinga kæmust á úti um landið. Um það þori ég ekkert að fullyrða. En verði sú þróun, þá ætti að fást viðunandi verkfræðiþjónusta í landshlutunum og frv. þá eftir atvikum, ákvæði frv. eftir atvikum þá að verða óþörf.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það er leitt, þegar þeir aðilar, sem hafa nægan tíma til þess að veita umbeðnar umsagnir um mál, sem eru lögð fram á hinu háa Alþingi, draga það svo við sig, eins og orðið hefur í þessu tilfelli. Það er út af fyrir sig virðingarvert, að hv. þm. hefur tekizt að ná þessari umsögn fram, en ég hefði gjarnan kosið einnig, að það hefðu verið umsagnir frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, og harma, að það hefur ekki orðið.

Ég er dálítið undrandi að sumu leyti á þessari umsögn Verkfræðingafélagsins, og þó ekki. Það er staðreyndin, að félagar mínir, verkfræðingar, hafa margir hverjir haft horn í síðu fjölmargra opinberra stofnana, sem hafa rekið verkfræðiþjónustu. Það þekki ég af eigin raun. Ég hygg, að svipaða umsögn mætti fá um verkfræðiþjónustu Vegagerðarinnar, Vita- og hafnamálaskrifstofunnar og Raforkumálaskrifstofunnar og fjölmargt fleira. Verkfræðingar hafa margir talið, að einkaskrifstofur þeirra gætu sinnt þessum verkefnum, og vel má vera, að slíkar stofur gætu gert meira en þær gera nú. Engu að síður hefur ávallt verið talið sjálfsagt og eðlilegt, að slíkar stofnanir og fjölmargar fleiri hafi sína eigin verkfræðinga, og hygg ég, að engum hafi raunar dottið í hug, sem hafa fjallað um þessar stofnanir sem slíkar að leggja niður þá starfsemi.

Ég lít svo á, að landshlutasamtök sveitarfélaga séu nokkuð svipað eðlis og aðrar opinberar stofnanir og ekki óeðlilegt, að þær þurfi að tryggja viðkomandi landshluta þá verkfræðiþjónustu, sem nauðsynleg er. Ég hef nú ekki getað kynnt mér þessa umsögn, og því get ég ekki fjallað um einstaka liði hennar, enda tel ég það raunar nánast óþarft. Ég vil þó vekja athygli á því, að í 1. gr. frv. er tekið fram: „enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta ekki fáanleg í þeim landshluta." Hið opinbera hefur það því að sjálfsögðu á sínu valdi að meta það hverju sinni, hvort veita skuli þann styrk, sem hér er rætt um, og þá þátttöku í rekstri verkfræðistofu með tilliti til þess, hvort slík verkfræðiþjónusta er fáanleg.

Út af fyrir sig hefði verið fróðlegt, ef í umsögn Verkfræðingafélags Íslands hefði komið fram, hvar slík þjónusta er fáanleg. Ég hygg, að upptalningin hefði ekki orðið löng. Því miður er það staðreynd, að verkfræðingar hafa ekki brugðið svo við sem e. t. v. hefði mátt vænta og verið æskilegt í þessu sambandi, þó að ég sé alls ekki að gera lítið úr þeim einstöku tilfellum, þar sem verkfræðistofur í Reykjavík hafa sett upp útibú í dreifbýli, stundum að vísu aðeins hluta úr árinu.

Ég skildi ekki vel þann þátt í umsögn Verk-

fræðingafélagsins, sem fjallaði um stjórnun sveitarfélaga og þessa verkfræðiþjónustu. Mér sýnist þar vera satt að segja ruglað saman nokkuð ólíkum hlutum. Það hefur aldrei verið ætlunin, að verkfræðingar, sem starfa á verkfræðistofu sem þessari, annist stjórnun viðkomandi landssamtaka, heldur þvert á móti, að þeir annist þann þáttinn, sem verkfræðingar virðast leggjast mest gegn, hönnun framkvæmda og eftirlit, þar sem slík þjónusta er ekki fáanleg í viðkomandi landshluta á annan máta.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að opinberir aðilar eins og t. d. Vegagerð ríkisins, eins og fram kemur í vegáætlun, sem liggur fyrir hinu háa Alþingi, er einmitt nú að undirbúa að flytja verkfræðinga sína út um landið. Gert er ráð fyrir því í 2. gr. þessa frv., að slíkir verkfræðingar geti fengið aðsetur á verkfræðistofum, sem um er fjallað í frv., og ég leyfi mér að fullyrða, að það er mjög til hagræðis, ekki aðeins verkfræðingum landshlutasamtakanna, heldur einnig verkfræðingum slíkra opinberra aðila að geta haft sameiginlegan sama- og starfsstað.

Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki kynnt mér þessa umsögn nægilega vel til þess að fjalla um hana eins og ég hefði gjarnan viljað, en í fljótu bragði, eftir þann lestur, sem ég hlustaði á áðan, sé ég ekki, að það breyti í nokkru afstöðu minni til þessa frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá heilbr.- og félmn., á þskj. 895, var útbýtt 17. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á 62. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965 [233. mál] (þmfrv., A. 496).

Á 63. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 496 hef ég leyft mér að leggja fram ásamt tveimur öðrum hv. þm. frv. til l. um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 frá 1965. Frv. gerir ráð fyrir því, að inn í lögin verði felld ákvæði þess efnis, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sé gert kleift og raunar skylt að setja upp eins konar útibú á fimm stöðum kringum landið, en þeir geti orðið fleiri með ákvörðun ráðh. Fyrrnefnd lög frá 1965 fjalla, eins og ég sagði, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og þar fjallar IV. kafli um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Samkv. 26. gr. þessara laga er þeirri rannsóknastofnun m. a. ætlað að veita fiskiðnaðinum leiðbeiningar við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera, val á vélum, tækjum til fiskiðnaðar o. s. frv., kynna nýjungar í fiskiðnaði og veita nauðsynlega rannsóknarþjónustu við fiskiðnaðinn, m. a. með gæðaeftirliti og þess háttar.

Þetta hefur rannsóknastofnunin reynt að gera eftir fremsta megni og eins og starfskraftar og fjárveitingar hafa leyft frá aðalstöðvum stofnunarinnar, sem eru hér í Reykjavík, og raunar má segja einu stöðvum stofnunarinnar. Fyrst og fremst hefur verið um margvíslega þjónustu að ræða við fiskiðnaðinn í landinu, m. a. með gæðaeftirliti á útflutningsvörum fiskiðnaðarins, með gerlarannsóknum og fleiru af því taginu. Þessi þjónusta hefur til þessa beinzt fyrst og fremst að einstökum þáttum fiskiðnaðarins, eins og t. d. mjölframleiðslu, svo að eitthvað sé nefnt. Upp á síðkastið og á næstu árum er hins vegar ljóst, að kröfur um gæðaeftirlit í íslenzkum fiskiðnaði munu stóraukast, og nægir þar að nefna títtnefnt frv., sem talið er, að Bandaríkjaþing muni samþykkja á þessu ári, um innflutning á sjávarafurðum til Bandaríkjanna og þær afarströngu kröfur, sem vitað er, að gerðar munu verða í því sambandi. Í því frv. hjá Bandaríkjamönnum, sem þegar hefur farið í gegnum öldungadeild þeirra þings, er gert ráð fyrir því, að svipaðar kröfur verði gerðar og gerðar eru í öðrum matvælaiðnaði, m. a. í sláturhúsum og í sambandi við landbúnaðarafurðir almennt, og við Íslendingar þekkjum þegar af raun. Það er gert ráð fyrir því, að eftirlitsmenn ferðist til þeirra landa, sem flytja afurðir til Bandaríkjanna, skoði frystihús og aðrar vinnslustöðvar, gefi þeim einkunnir eftir ákveðnu kerfi og geti jafnvel lokað fyrir útflutning frá þeim húsum til Bandaríkjanna, sem ekki fullnægja hinum ströngu kröfum.

Við Íslendingar höfum brugðizt við þessu með því að setja á fót tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði, sem einnig hefur oft verið nefnd hér í sölum hins háa Alþingis. Þessi nefnd hefur þegar gert drög að breytingum, sem gera þarf á íslenzkum frystihúsum, og fyrir liggja áætlanir frá samtökum frystihúsanna og frystihúsunum sjálfum um mjög viðamiklar endurbætur. Í þessu sambandi hefur jafnframt verið á það bent, að nauðsynlegt mun verða að koma á fót langtum ítarlegri og meiri þjónustu við frystihúsin allt í kringum landið með leiðbeiningastarfsemi, eins og ég nefndi áðan og talið er með verkefnum stofnunarinnar, og með hvers

konar þjónustu annarri, sem viðkemur gæðaeftirliti, gerlarannsóknum og fleiru.

Það er ljóst, að þessari þjónustu verður alls ekki sinnt, svo að viðunandi sé, frá einum stað hér í höfuðborginni. Slíkur sérfræðingur þarf að vera til staðar sem næst meginfiskiðnaðarsvæðum landsins, fylgjast þar með því, sem fram fer, geta tekið við beiðnum frá frystihúsum og framleiðendum um athuganir á framleiðsluháttum og veitt leiðbeiningar með sem allra minnstum fyrirvara. Þessu hafa forstöðumenn umræddrar rannsóknastofnunar gert sér grein fyrir, og er nú þegar kominn vísir að rannsóknastofnun eða frekar útibúi frá þessari stofnun í Vestmannaeyjum, sem gera má ráð fyrir, að verði komið á fót þar, hefur raunar starfað að nokkru leyti, en verið rekin í samráði við frystiiðnaðinn þar. Það er einnig komið fram hjá forstöðumanni stofnunarinnar, að komið hefur til tals, að koma verði svipaðri deild á fót á Ísafirði og víðar á aðalfiskiðjusvæðunum.

Okkur flm. þessa frv. sýnist því mjög tímabært orðið að gera ráð fyrir því í umræddum lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, að slíkri þjónustu úti í dreifbýlinu verði á fót komið. Við gerum okkur grein fyrir því, að allri slíkri þjónustu fylgir nokkur kostnaður og gera verður ráð fyrir slíkum kostnaði á fjárlögum ársins 1973, og því er rétt að vekja máls á þessu að okkar mati mjög mikilvæga máli nú. Hins vegar teljum við, að slíkar rannsóknastofur eða deildir megi starfrækja með tiltölulega litlum kostnaði, ef þess er gætt að leita samvinnu og samstarfs við hina ýmsu aðila á viðkomandi svæði, sem hagsmuna eiga að gæta. Þar má fyrst og fremst benda á frystiiðnaðinn sjálfan, sem hefur m. a. sýnt það í Vestmannaeyjum, að hann er fús til samstarfs að þessu leyti og gerir sér grein fyrir þeirri nauðsyn, sem hér er, og það er sannfæring mín, að svo er víðar um landið, að slíkt samstarf getur orðið mikil lyftistöng fyrir þá þjónustu og er raunar nauðsynlegt fyrir þá þjónustu, sem hér um ræðir. Við teljum einnig, að vel geti komið til greina að leita samstarfs við menntastofnanir á hinum ýmsu stöðum. Slík rannsóknastofa getur sinnt mikilvægu hlutverki í menntun unglinga. Þeir geta fengið þar tækifæri til að kynnast þessum nauðsynlega þætti í okkar atvinnulífi, og sérfræðingur eða sérfræðingar við slíkt útibú eða slíka deild geta tekið að sér ákveðin kennsluverkefni. Loks virðist ekki ólíklegt, að sveitarfélög á viðkomandi svæðum séu reiðubúin til samstarfs. Þess ber einnig að geta, að slík rannsóknastofa tekur að sjálfsögðu gjald fyrir sína þjónustu, eins og gert er ráð fyrir í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna fyrir þær stofnanir, sem þar er fjallað um. Af öllu þessu má ljóst vera, að kostnaður af slíkri starfrækslu verður stórum minni en í fyrstu mætti álykta. Hann verður þó einhver, fyrst og fremst stofnkostnaður og svo kostnaður vegna sjálfstæðra athugana, sem slíkur sérfræðingur eða starfslið í útibúi þarf að geta tekið sér fyrir hendur til þess að afla sem gleggstra og ítarlegastra grundvallarupplýsinga í starfi sínu.

Í frv. þessu er aðeins fjallað um það verkefni, sem ég hef nefnt þjónustu við fiskiðnaðinn eða frystihúsin og fiskiðnaðinn almennt. Hins vegar er sjálfsagt að láta þess getið, að slík útibú gætu auðveldlega veitt margvíslega aðra þjónustu á viðkomandi svæði, t. d. þjónustu við landbúnaðarframleiðslu, við mjólkurbú o. fl., þar sem gerlarannsóknir og eftirlit með gæðum er nauðsynlegt ekkert síður en í frystiiðnaðinum. Þess má jafnframt geta, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur hér í Reykjavík veitt einmitt þessa mikilvægu þjónustu með gerlarannsóknaraðstöðu sinni. Það ber einnig að leggja á það áherzlu, að deild sem þessi hlýtur að starfa í mjög nánum tengslum við höfuðstöðvarnar í Reykjavík, aðeins að vera útibú þaðan, og allar viðameiri athuganir og rannsóknir hljóta að fara fram í höfuðstöðvunum, þar sem tækjakostur og aðstaða er fyrir hendi, sem ekki er rétt að setja upp víðar en þörf krefur.

Herra forseti. Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en vísa til grg. um frekari upplýsingar og leyfi mér að lokum að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. og 89. fundi í Ed., 17. og 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 888).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Rannsóknastofnun fiskræktar.

Á 63. fundi í Ed., 5. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um Rannsóknastofnun fiskræktar [236. mál] (þmfrv., A. 500).

Á 64. og 72. fundi í Ed., 10. og 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 500 hef ég leyft mér að leggja fram frv. til l. um Rannsóknastofnun fiskræktar, og flyt ég það ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni.

Frv. þetta á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þess vaxandi skilnings, sem er orðinn almennur hér á landi á gífurlega miklum möguleikum þessa atvinnuvegar, sem er tiltölulega nýr og vanþroska hjá okkur, er á byrjunar vaxtarskeiði. Við erum þeirrar skoðunar, að þessi atvinnugrein þarfnist, ekki síður en aðrar atvinnugreinar og e. t. v. að ýmsu leyti fremur, öflugrar rannsóknarstarfsemi til þess að vel megi fara. Ég held, að það sé einnig ljóst, að

þörfin, ekki eingöngu hér, heldur almenn þörf í heiminum fyrir vaxandi framleiðslu á eggjahvituefnum og matvælum almennt, hlýtur að krefjast þess af okkur Íslendingum, að við nýtum þau gullvægu tækifæri, sem við eigum í tiltölulega hreinum vötnum okkar, bæði til fjalla og í fallvötnum og sjó, til þess að framleiða þá mikilvægu matvælavöru, sem hér er um að ræða.

Ég hygg, að flestum sé nú að verða það ljóst, að möguleikar okkar á þessu sviði eru gífurlega miklir. Eins og ég sagði áðan, erum við svo heppnir að vera enn þá með tiltölulega gott og hreint vatn, en ýmsar aðstæður hér eru allmikið á annan veg en þær eru hjá öðrum þjóðum og er því ekki eins auðvelt og í sumum öðrum tilfellum að flytja hingað heim þá þekkingu og þá tækni, sem þar hefur þróazt, og nota hana hér án aðlögunar. Því er það skoðun okkar, að þessi starfsemi þurfi á öflugum rannsóknum að halda. Þróun fiskeldis og fiskræktar almennt á sér ædilanga sögu. Þessi atvinnugrein hefur þróazt t. d. með austrænum þjóðum í marga mannsaldra og náð þar miklum viðgangi. En þó hygg ég, að þær framfarir, sem hafa orðið á þessum sviðum á síðustu árum, eigi að öllum líkindum meira erindi til okkar vegna okkar aðstæðna heldur en það, sem fram hefur farið í þeim fjarlægu löndum.

Mjög eru athyglisverðar ítarlegar tilraunir, sem stór fyrirtæki og stofnanir í nágrannalöndum okkar hafa tekið sér fyrir hendur í sambandi við eldi á fiski við hinar ýmsu aðstæður, m. a. í sjó, í búrum, í tjörnum og á margháttaðan annan máta. Allt er þetta tækni og aðferðir við fiskeldi og fiskræktun, sem á mjög mikið erindi til okkar. Hér á landi hefur þessi atvinnugrein hafizt, eins og ég sagði áðan, að nokkru, en hún hefur átt í ýmsum erfiðleikum, vegna þess að menn hafa ekki þekkt þær aðstæður, sem hér eru sérstakar. Vatn er oft kaldara og oft næringarskortur í okkar vatni af þeim sökum, og mörg mistök hafa verið gerð, sem von er í slíkri ungri atvinnugrein. Engu að síður hefur náðst hér athyglisverður árangur á nokkrum sviðum og nægir þar t. d. að minna á margumrædda stöð í Lárósi, sem náð hefur afar athyglisverðum árangri og vonandi til eftirbreytni.

Einnig hefur tekizt hér að rækta upp fjölmargar ár, þannig að fiskgengd hefur aukizt þar verulega, og er enginn vafi, að á þeim sviðum er töluverð reynsla fengin. Hitt er svo annað mál, að á þessu sviði bíða hér hjá okkur Íslendingum gífurlega mikil rannsóknarverkefni. Það er lítið sem ekkert gert enn til þess að rannsaka okkar fjallavötn, sem eru æðimörg og þurfa ítarlegrar athugunar við á líffræðilegum skilyrðum og athugunar á því, á hvern máta má bæta þau skilyrði og auka þar fiskgengd. Það eru ekki heldur nema tiltölulega litlar tilraunir gerðar til eldis á fiski í tjörnum, til slátrunar t. d. Hins vegar hafa nokkuð víða verið reist klakhús, og sá fyrri þáttur þessa eldismáls er töluvert betur þróaður hér en sá síðari.

Það á einnig eftir að gera hér langtum ítarlegri úttekt en gerð hefur verið á t. d. okkar fallvötnum og könnun á því, hvað þau þola, hvað þau geta borið af seiðaísetningi, ef ég má orða það svo. Það hefur ekki heldur verið gerð athugun á því eins og skyldi, hvernig aðstaða er til fiskeldis og fiskræktar víðs vegar um landið, og hefur það m. a. leitt til þess, að ýmsir hafa farið út í þessa grein á æðivafasömum forsendum og með litla þekkingu á grundvallaraðstöðu. Það er ekki heldur komið nálægt því nógu langt athugunum, sem þó eru nokkuð byrjaðar að vísu, á fóðrun á fiski hér í fiskeldi og í klakhúsum og þar hygg ég, að við Íslendingar eigum gífurlega mikla möguleika á framleiðslu ágætis fóðurs.

Ég nefni þetta fyrst og fremst aðeins sem dæmi um það gífurlega verksvið, sem hér er fram undan, en ætlast alls ekki til þess, að það sé á nokkurn máta tæmandi. Því fer víðs fjarri, því að eins og ég sagði í upphafi, þá hygg ég, að þessi unga atvinnugrein þarfnist leiðsagnar og rannsóknarstarfsemi almennt, jafnvel meiri en fjölmargar ýmsar aðrar atvinnugreinar, sem betur eru þróaðar með þessari þjóð.

Nú munu sumir spyrja, hvort ekki sé séð fyrir þessu í lögum, sem fjalla um lax- og silungsveiði, sem Alþ. hefur iðulega fjallað um, og síðast voru samþ. ný lög á Alþingi 1970. Við flm. þessa frv. erum ekki þeirrar skoðunar. Við viðurkennum, að mjög margt gott hefur verið gert af þeim mönnum, sem um framkvæmd þeirra laga hafa fjallað. Við viðurkennum vissulega t. d., að eldisstöðin í Kollafirði er mjög góðra gjalda verð og hefur náð töluverðum árangri, þó að við teljum hins vegar, að hún falli á engan máta inn í nauðsynlega rannsóknastarfsemi eins og þyrfti að gera. Við teljum, að sú rannsóknastöð hafi verið rekin um of, og e. t. v. af illri þörf, sem framleiðslufyrirtæki, orðið að afla sér tekna til að standa undir gífurlega miklum kostnaði, sem ég veit raunar ekki hver orðinn er.

Við teljum ekki heldur, að stjórn þeirrar stöðvar sé skipuð þeim mönnum, sem ætla má að leggi mikið fram til þeirrar rannsóknastarfsemi, sem þar þarf að fara fram, og þegar ég segi það, vil ég hins vegar taka það fram, að þeim ágætu mönnum, sem þar eru, er ég á engan máta að hallmæla sem slíkum. En það er varla til þess að ætlast af seðlabankastjóra, ráðuneytisstjóra og fleirum, sem tiltölulega litla þekkingu hafa á þessum málum. Við teljum, að stjórn slíkrar stöðvar þurfi að vera í nánari tengslum við þá, sem að rannsóknastarfsemi starfa.

Mikilvægari er þó e. t. v. í þessu sambandi sú staðreynd í okkar huga, að lögin um lax- og silungsveiði frá 1970 fjalla fyrst og fremst um ýmiss konar skýringar, takmarkanir og leiðbeiningar, ef ég má kalla það svo, til þeirra, sem eru veiðiréttareigendur, og þeirra, sem veiðirétt fá gegnum leigu þess réttar. Það nægir raunar að vísa í kaflafyrirsagnir þessara laga til þess að gera sér grein fyrir því.

I. kafli er nú aðeins orðaskýringar. II. kafli fjallar um veiðirétt, III. kafli fjallar um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur, IV. kafli fjallar um friðun lax og göngusilungs, V. kafli um friðun vatnasilungs, VI. kafli um veiðitæki og veiðiaðferðir, VII. kafli fjallar um fiskvegi og aðra mannvirkja-

gerð í veiðivötnum, VIII. kaflinn fjallar um veiðifélög. IX. kafli laganna fjallar loksins um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi. Þó er ekki í þeim kafla nema örlítið minnzt á rannsóknastarfsemi sem slíka, heldur fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, almennar reglur um fiskeldi og ýmislegt í því sambandi. X. kafli fjallar um innflutning á lifandi fiski og hrognum, XI. kafli um álaveiðar, XII. kafli um ófriðun sels, XIII. um stjórn veiðimála og eftirlit, XIV. kaflinn um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar, XV. um matsgerðir og skaðabætur og XVI. um refsiákvæði og réttarfars.

Ég hef farið yfir þessar fyrirsagnir til þess að gera mönnum grein fyrir því, að eins og ég sagði áðan, fjalla þessi lög fyrst og fremst um ýmiss konar skilning löggjafans á réttindum og skyldum veiðiréttareigenda og þeirra, sem um þessi mál fjalla í víðtækri merkingu, og að sjálfsögðu hafa þeir, sem eftirlit hafa með framkvæmd þessara laga, mjög mótað starfsemi sína í anda þeirra og hljóta fyrst og fremst að fjalla um það og fylgjast með því, að lögin séu framkvæmd á þann máta, sem löggjafinn hefur ætlazt til. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé ekki heppilegt, ekki æskilegt að blanda saman rannsóknastarfsemi og þeim fjölmörgu hitamálum, sem tengd eru veiðirétti og veiðimálum almennt, eins og gert er í þessum lögum hér. Við teljum, að það sé eðlilegra, að rannsóknastarfsemin sé utan þeirrar deilu, sem þar á sér iðulega stað og er til skaða, að okkar mati, fyrir rannsóknastarfsemina, hún þarf að vera óháð og raunar, ef ég má orða það svo, yfir slíkar deilur hafin. Við teljum hins vegar sjálfsagt og nauðsynlegt, að góð tengsl séu á milli slíkrar rannsóknastofnunar og þeirra, sem um framkvæmd þessara laga fjalla.

Ég hef rakið í nokkrum orðum meginástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið. Það má einnig í þessu sambandi spyrja að því, hvort ekki væri þá eðlilegra að tengja þessa rannsóknastarfsemi t. d. einhverjum öðrum rannsóknastofnunum í þágu atvinnuveganna. Mér kemur í hug Hafrannsóknastofnunin eða Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Við hurfum frá því að nokkuð vel athuguðu máli, vegna þess að við óttumst, að þessi unga atvinnugrein og tiltölulega litla rannsóknastarfsemi muni hverfa í þeim miklu viðfangsefnum, sem þær stofnanir eru með á öðrum sviðum, þótt nokkuð skyld séu. Það er óþarft að rekja það, hvað starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar er víðtæk og mikil í sambandi við almenna rannsókn þeirra á hafsvæðinu kringum landið og á okkar meginatvinnuvegi, og öllum er það auðvitað ljóst, að slíkur angi af rannsóknastarfsemi, sem hér er hafin, yrði ekki nema dropi í hafið, og ég óttast, að hann mundi eiga erfitt uppgangs í slíkri starfsemi, og raunar má svipað segja um Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hins vegar teljum við æskilegt, að þarna séu góð tengsl á milli, eins og raunar á milli allra stofnana, sem að rannsóknum starfa í okkar landi, ekki sízt á sviði atvinnuveganna, og leggjum því m. a. til, að í stjórn stofnunarinnar komi maður frá Hafrannsóknastofnuninni.

Við höfum því valið þann kostinn að leggja til, að komið verði upp sjálfstæðri stofnun, sem við höfum nefnt Rannsóknastofnun fiskræktar. Við veltum þessu orði nokkuð fyrir okkur. Það er oft talað um fiskrækt og fiskeldi og það er nokkur greinarmunur á gerður, þótt öllum sé það e. t. v. ekki ljóst. Við völdum þá þetta orðið, en vel má vera, að unnt sé að bæta það, og raunar mjög líklegt. Við leggjum til, að stjórn þessarar stofnunar sé fimm manna. Við teljum sjálfsagt, að í þeirri stjórn sitji veiðimálastjóri, sem hefur framkvæmd laganna um lax- og silungsveiði á höndum, og þar sitji einn samkv. tilnefningu Landssambands íslenzkra veiðiréttareigenda, því að þeir eiga þarna að sjálfsögðu stórra hagsmuna að gæta. Við leggjum til, að þar verði einn samkv. tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, stjórnar hennar, með tilliti til þeirra tengsla, sem ég minntist á hér áðan, og tökum fram, að hann skuli vera líffræðingur, og við leggjum til, að þar verði einn samkv. tilnefningu sérfræðinga, sem við stofnunina starfa, og ef það er dálitið nýmæli, er þar farið inn á þessa margumræddu braut atvinnulýðræðis. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé æskilegt í slíkri stofnun, að sérfræðingar hafi rödd í stjórn hennar og bæti þau nauðsynlegu tengsl, sem þurfa að vera á milli stjórnar stofnunarinnar og starfsliðs hennar. Loks leggjum við til, að einn verði þar samkv. tilnefningu Félags áhugamanna um fiskeldi og fiskrækt, sem er félagsskapur, sem starfað hefur hér nú í nokkur ár, og þar eru saman komnir yfirleitt flestir af þeim mönnum, ekki raunar aðeins áhugamönnum heldur einnig og ekki síður mönnum, sem hafa gert fiskeldi og fiskrækt að atvinnugrein sinni. Við leggjum til, að ráðh. skipi formann stjórnarinnar úr þessum hópi.

Það eru nokkur nýmæli hér, að í 4. gr. þessa frv. er lagt til, að stjórn stofnunarinnar ráði forstjóra til fjögurra ára í senn. Hér er horfið inn á nýja braut. Ég hef aldrei leynt þeirri persónulegu skoðun minni, að ég tel, að í forstöðu slíkra stofnana sem þessi er, sé mjög nauðsynlegt, og raunar langt um víðar, að hreyfanleiki sé á. Ég held, að það sé afar nauðsynlegt að opna þann möguleika, að þar geti komið inn nýtt blóð og ferskar hugmyndir, og því er sá háttur hér á hafður, að forstjóri sé aðeins ráðinn til fjögurra ára í senn. Það er langtum tíðara með öðrum þjóðum en hjá okkur, að forustumenn stofnana færast á milli starfa og milli stofnana. T. d. hefur það verið fullyrt, að þetta sé ein af ástæðunum fyrir því, að í Bandaríkjunum sé stjórnun og yfirleitt framgangur fyrirtækja tölúvert meiri og „dynamiskari“, ef ég má orða það svo, en þekkist víða annars staðar. Við teljum hins vegar sjálfsagt, að forstjóri, sem þannig er ráðinn, hafi aðgang að góðri stöðu við stofnunina, ef hann verður ekki ráðinn áfram, sem að sjálfsögðu er opið.

Í 6. gr. eru verkefni Rannsóknastofnunar fiskræktar talin, og má í fáum orðum segja, að þar sé raunar flest það, sem við kemur því að auka fiskgengd og fiskmagn í íslenzkum vötnum og stuðla að aukinni fiskrækt í landinu, og ætlumst við til þess, að upptalningin þar á eftir sé aðeins til nánari ábendingar í sambandi við það

víðtæka verkefni. Við ætlumst til þess, að klak- og eldisstöðvar ríkisins, eins og m. a. eldisstöðin í Kollafirði, hverfi undir stjórn þessarar stofnunar.

Í 9. gr. gætir nokkurs nýmælis, sem ég hygg, að vel geti verið að sé eitthvað umdeilt. Við rekjum þar tekjur stofnunarinnar, bendum á nýjan tekjustofn. Við gerum ráð fyrir því, að sérhver einstaklingur, sem kaupir leyfi til veiði í íslenzku vatni, skuli áður hafa keypt veiðikort, sem gildir fyrir veiðitímann. Veiðikort skal greiða sem hér segir: a. íslenzkur ríkisborgari greiði 100 kr. fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en 500 kr. fyrir heimild til laxveiði. b. erlendur ríkisborgari greiði 500 kr. fyrir veiðikort, sem veitir heimild til veiði á silungi, en 5 þús. kr. fyrir heimild til laxveiði. Hér er farið inn á braut, sem þekkist annars staðar allvíða, m. a. í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem krafizt er veiðikorta, eins og hér er lagt til, og þar sem er einnig höfð sú regla á, að mjög miklu hærri upphæða er krafizt af erlendum ríkisborgurum heldur en innlendum. Þetta hefur verið rökstutt með því, eins og við gerum í þessari grg., að íslenzkir ríkisborgarar hafa að sjálfsögðu greitt þann gífurlega kostnað, sem liggur að baki þeirri þróun, sem er í lax- og silungsveiðimálum. Við höfum greitt kostnaðinn við stöðina í Kollafirði, við höfum greitt fjölmargan annan kostnað, almennan kostnað í landinu með sköttum okkar og skyldum, sem allt hefur stuðlað að því að gera þessi veiðivötn okkar sem bezt nýtanleg. Vitanlega er því eðlilegt, að erlendir menn, sem í vaxandi mæli koma hingað og nota sér þessi gæði, verði skattlagðir að einhverju leyti og töluvert meira en innlendir aðilar, þannig að þeir taki þátt í þeim kostnaði, sem er við rekstur þessarar starfsemi almennt. Ég þekki þess dæmi og get nefnt það af eigin reynslu, að ég hef keypt veiðikort t. d. í Bandaríkjunum og orðið að greiða fyrir það u. þ. b. fimmfalda upphæð, og það gilti aðeins fyrir tvær vikur, en fyrir innlenda menn fyrir allt veiðitímabilið. Við áætlum, að með þessum stofni geti fengizt um 5—6 millj. kr. tekjur, sem ég skal þó viðurkenna, að er nokkuð lauslega reiknað og líklega raunar allt of lágt, því að það er miðað fremur við það, sem verið hefur, en ekki við þann stóraukna fjölda erlendra manna, sem hingað leitar í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég hef nú rakið bæði aðdraganda þessa máls og sögu lax- og silungs- og fiskeldis almennt, í örfáum orðum að vísu, og farið yfir frv. Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að leggja áherzlu á það, sem ég sagði í upphafi, að þetta mál er fram komið af þeirri sannfæringu okkar flm., að fiskeldi og fiskrækt í íslenzkum vötnum geti orðið ein af meiri atvinnugreinum þessarar þjóðar. Við erum sannfærðir um, að þar eru stórkostlegir möguleikar, sem eru ekki nýttir nema að afar litlu leyti í dag. Ég ætla ekki að nefna neinar tölur um verðmæti, sem þarna gætu skapazt, eða útflutningstekjur, en ég leyfi mér að fullyrða, að þær yrðu afar miklar og jafnvel borið saman við okkar eldri og þroskaðri atvinnugreinar. En það er sannfæring okkar, eins og ég sagði áðan, að þessi atvinnugrein verði að byggjast á mjög öflugri rannsóknastarfsemi, ekki sízt vegna þeirrar aðstöðu, sem hún á við að búa, breytilegrar aðstöðu, nauðsyn á ítarlegri könnun á öllum grundvallaratriðum þeirrar aðstöðu, og því teljum við orðið mjög tímabært að setja upp sérstaka rannsóknastofnun í þessu skyni. Með þessum orðum vil ég að lokum leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði til að fara nokkrum orðum um þetta frv., sem hér er um að ræða, og grg. þess. Stofnun á stofnun ofan. Það virðist vera mikil tilhneiging til stofnanamyndana nú á tímum, en ég vildi í því sambandi vekja athygli á því, að við eigum á þessu sviði mjög unga stofnun, sem er Veiðimálastofnunin. Það má segja, að Veiðimálastofnunin öðlist enga starfsmöguleika fyrr en til kemur eldisstöðin í Kollafirði, og hún er ekki nema 10 ára gömul, og ég get verið svolítið sammála og algjörlega sammála fyrri flm. þessa frv. um það, að allur styrr sé óheppilegur um starfsemi eins og þar fer fram. Ég gæti líka fallizt á það, að það getur verið nauðsynlegt, að rannsóknaraðstaða og önnur starfsemi slíkrar stofnunar sem Veiðimálastofnunar fari fram í sérstakri deild, en að það sé nauðsyn að koma hér á fót sérstakri stofnun, er fari eingöngu með rannsóknamál, það get ég nú ekki fallizt á og get ekki séð ástæðu til, og ég vil vekja athygli á því, sem kom fram í ræðu flm., að við eigum hér ýmsar rannsóknastofnanir, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, við eigum náttúrufræðideild við Háskólann, sem vafalaust þarf mikið á rannsóknaraðstöðu að halda í framtíðinni, og við eigum mikla möguleika til að geta framkvæmt mikilvægar og vaxandi rannsóknir, en það byggist þó allt á einu skilyrði og það er á fjármagni. Rannsóknastarfsemi Veiðimálastofnunar hefur örugglega farið vaxandi á síðustu árum, en þessari stofnun hefur frá upphafi verið fjár vant og það svo mjög, að segja má, að það sé kannske aðeins nú á síðustu árum, sem hún hefur einhverja möguleika til þess að snúa sér við í þessu efni.

Þessi stofnun á að vera sjálfstæð ríkisstofnun og það kemur nú kannske ekki berlega fram, hve mikið hún á að taka undir sig af starfsemi Veiðimálastofnunarinnar. Í laxveiðilögunum, sem eru ný lög frá 1970, — það eru lög, sem voru mjög vel undirbúin og borin undir mjög marga viðkomandi aðila, — er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta, að veiðimálastjóri skuli hafa með höndum þessi störf:

„a. Hann annast þau verkefni, sem honum eru falin í lögum þessum. b. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna. c. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkinga með skilyrðum, sem hann setur. d. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt. e. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja. f. Hann gerir tillögur um reglu-

gerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun, fiskeldi eða veiði. g. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðh. til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur."

Í b-lið þessarar 87. gr. laganna er tekið fram, að hann skuli annast rannsókn vatna og fiska. Þar undir kemur að sjálfsögðu allt það, sem tekið er fram í 6. gr. þessa frv., þ. e. að verkefni Rannsóknastofnunar fiskræktar skuli vera að annast rannsóknir á íslenzkum vötnum og sjávarlónum í því skyni að afla sem ítarlegastra upplýsinga um lífsskilyrði fisks. Í öðru lagi að gera tilraunir til að bæta lífsskilyrði í íslenzkum vötnum og sjávarlónum. Í þriðja lagi að annast rannsóknir og tilraunir með klak- og eldisfisk og fiskræktun í eldisstöðvum. Í fjórða lagi að gera tilraunir með eldi og dreifingu á göngufiski, sem í raun og veru er nú komið þarna í 3. málsgr., og í fimmta lagi að veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið. Þarna sér maður, að það eru ótalmargir þættir, sem þarna koma saman, og ekki séð, hverju Veiðimálastofnunin heldur af sínum verkefnum. Ég vil þó geta þess, að mér er kunnugt um það, að þessi stofnun, eins og sjálfsagt allar ungar stofnanir, hefur verið að koma sér upp ýmiss konar aðstöðu einmitt á undanförnum árum. Hún er búin að öðlast allmikið og nýtízkulegt bókasafn og ýmis tæki. Hún hefur upplýsingar um ár okkar og vötn, og enda þótt meira hefði þurft að gera af rannsóknum, þá er þó vitað mál, að verulegar rannsóknir hafa farið fram á íslenzkum ám og nú upp á síðkastið einnig byrjandi rannsóknir á íslenzkum vötnum. En það, sem háð hefur fyrst og fremst þessari stofnun, er að sjálfsögðu það, að hún hefur ekki getað ráðið sér sérfræðinga, vegna þess að henni hafa verið ætlaðar mjög litlar tekjur.

Sú bjartsýni var ríkjandi við stofnun þessarar stofnunar, að eldisstöðin í Kollafirði mundi gefa henni tekjur til starfa, en eins og fram kemur í grg. þessa frv., þá hefur nú ekki orðið mikill rekstrarafgangur þar, heldur er þar getið um, að hún þurfi að standa undir gífurlegum stofnkostnaði, sem ég vil þó fara aðeins nokkrum orðum um. Það er oft haft við orð, að það sé gífurlegur stofnkostnaður, en ég leyfi mér nú að efast um, að hægt sé að tala um gífurlegan stofnkostnað. Í árslok 1969 er stofnkostnaður þessarar stofnunar innan við 24 millj. kr. og þar af eru einar 4—5 millj. vextir, þar eð stofnunin hefur fengið lán og orðið að standa undir vaxtakostnaði. Öll framlög ríkissjóðs til þessarar stofnunar eru um 35 millj. kr., og er það bæði stofnkostnaður og það, sem þurft hefur að leggja fram til rekstrar. Nú kann að vera, að mönnum finnist þetta stórar upphæðir, en ef við tækjum nú ýmsar aðrar stofnanir og tækjum þar 10, 20 ára tímabil, ætli það gætu ekki orðið allverulegar upphæðir, sem þá kæmu í dagsins ljós? Þetta er um þau atriði, er varða það, hvort við eigum að hafa sjálfstæða stofnun eða ekki. Ég fyrir mitt leyti tel í raun og veru sjálfsagt, að þar sem stofnuninni hefur háð fyrst og fremst fjárskortur, þá verði þær viðbótartekjur, sem kunna að koma, notaðar til þess að bæta hennar rannsóknaraðstöðu, en ekki til þess að stofna nýja stofnun, sem vafalaust þyrfti á framlögum fyrstu áranna að halda eingöngu til þess að koma sér fyrir. Ég viðurkenni það, að mikil þörf er fyrir auknar rannsóknir, og ég tek undir þau orð frummælanda, að hér er um mjög merkilega búgrein og atvinnugrein að ræða, sem enginn vafi er á, að á sér mikla framtíðarmöguleika. Hér er því eingöngu verið að tala um aðferðir, mismunandi skoðun um, hvaða aðferð eigi að hafa við að efla þessa starfsemi sem mest.

Ég get frekar illa fellt mig við það í 2. gr., að Búnaðarfélags Íslands sé hvergi getið þarna. Ég viðurkenni það, að það er mjög aðgengilegt, að Hafrannsóknastofnunin fái aðild að stjórn þessarar rannsóknastofnunar, en aftur á móti finnst mér það mjög óeðlilegt, þar sem þetta heyrir undir landbúnaðarmál, að þar sé Búnaðarfélagsins hvergi getið og það eigi enga aðild að stjórninni.

Um Félag áhugamanna um fiskeldi og fiskrækt, sem þarna kemur inn, þar sem Búnaðarfélagið ætti í raun og veru að vera, þá vil ég nú segja það, að það er mjög gott, að þeir, sem áhuga hafa á fiskeldi og fiskrækt, fái aðstöðu til þess að hafa áhrif á slík mál, en ég vil þó taka það sérstaklega fram, að þetta er algjörlega opinn félagsskapur, þar sem ég og þú og hver sem er getur gengið inn, hvort sem hann hefur áhuga á fiskrækt eða ekki, og er ekki því að neita, að slíkur opinn félagsskapur er kannske aðeins varhugaverður til þess að skipa aðila í stjórn slíkrar stofnunar.

Ég viðurkenni þetta nýmæli, sem þarna er, um að ráða forstjóra til fjögurra ára í senn. Þetta er nýjung, sem er farin að stinga sér niður, og að vissu leyti er hér um merka nýjung að ræða. Við eigum að sjálfsögðu eftir að sjá á fleiri sviðum en þessu, hvernig það reynist, en hér er þó ekki tekið neitt fram um það, hvort þessi forstjóri eigi að vera sérmenntaður eða ekki. Það kann að vera, að það sé óþarfi að taka það fram, en það skyldi maður nú halda, að væri aðgengilegt, að forstjóri slíkrar stofnunar hefði sérmenntun á þessu sviði.

Það er sagt hér í grg. þessa frv., að tilgangurinn með því sé tvíþættur, þ. e. að gera rannsóknastarfsemina sjálfstæða og efla hana verulega. Ég held nú, að tilgangurinn sé þríþættur a. m. k. Ég neita ekki þessum þáttum, að þetta er tilgangur frv., að gera rannsóknastarfsemina sjálfstæða og að efla hana með auknum fjárframlögum. Hins vegar er hér augljós tilhneiging, sem hefur komið fram fyrr, og það má nú segja, að nú er vegið oft í sama knérunn. Í laxveiðilögunum, sem samþykkt voru 1970, var samþykkt 2% framlag til Fiskimálasjóðs, sem á að greiðast af veiðifélögum, hér fyrir nokkru síðan var samþykkt frv. á Alþ., þar sem vissum hluta veiðiréttareigenda er gert að greiða stórkostleg gjöld, sem jafnvel geta orðið jafnhá tekjum af veiðirétti, og nú er hér sýnilegt, að þetta ákvæði, þar sem 5 þús. kr. skulu greiðast af erlendum ríkisborgara fyrir heimild til að veiða í íslenzkri laxveiðiá, hvort sem um einn dag er að ræða eða heilt sumar, að þetta ákvæði getur ekki haft nema einn tilgang og það er

að verka sem hömlur á veiði úlendinga í íslenzkum ám.

Nú er vitað mál, að báðir flm. frv. hafa verið og eru því mjög fylgjandi, að íslenzkar laxveiðiár séu fyrir Íslendinga, og við því hef ég ekkert að segja, að íslenzkar ár séu fyrir Íslendinga. Hitt er svo annað mál, að hér er um stórkostlega hagsmuni að ræða fyrir nokkurn fjölda af þegnum í þessu þjóðfélagi, veiðiréttareigendur. Nú er það svo, að sjálfseignarbændur, ríkið og sveitarfélög munu eiga um 90% af veiðirétti í landinu eða af jörðum, sem eiga veiðirétt, og má því segja, að hinir aukaðilarnir, sem oft koma nú á dagskrá, þeir séu ekki stórtækir, ekki stórvirkir, þegar litið er á heildina, en það er útilokað annað en að gera sér grein fyrir því, að þessar hömlur, þetta geysiálag, að greiða 5 þús. kr. kannske fyrir einn dag, kannske fyrir þrjá daga, áður en til greiðslu hins raunverulega veiðileyfis kemur, það hlýtur að verka sem hömlur á aðsókn útlendinga að veiði í íslenzkum ám eða sem rýrnun á tekjum veiðiréttareigenda. Þetta er skýrt á ýmsan hátt. Menn hafa verið að tala um, að þessar tekjur kæmu ekki alltaf til skila. Það hlýtur að vera hægt að finna leiðir til þess að tryggja slíkt á annan hátt en að hamla hér á móti þeirri þróun, sem hefur verið hér á síðustu árum. Ég er þess alveg fullviss, að sú hækkun og sú aukning á verðmæti veiðiréttar, sem orðið hefur hér á undanförnum árum, er fyrst og fremst vegna aukinnar eftirspurnar útlendinga til veiða í íslenzkum laxveiðiám. Og þar sem hér er nú um eina af þeim örfáu búgreinum íslenzkra bænda að ræða, sem ekki er háð ströngum verðlagsákvæðum eða eftirliti hins opinbera, þá finnst mér það nú vera heldur hart að gengið, að stefna að því á svo áberandi hátt að rýra þessi verðmæti þeirra. Enda er það svo, að nú eru vissir aðilar, sem áður voru þessari þróun mjög andvígir, sjálfir farnir að stíla að þessu og nota sér. Þannig má geta þess, að stærsta stangaveiðifélag landsins, Stangaveiðifélag Reykjavíkur, er nú farið að leigja útlendingum í sínum stærstu ám, og er sagt, að það leigi fyrir allt að 200 dollara á dag stöngina og muni nota hluta af þessari háu leigu til þess að greiða niður verðlag á þær stengur, sem Íslendingar hagnýta. Ég vil þó taka það fram, að ekki má skilja það svo, að 200 dollarar sé einhver venjuleg greiðsla útlendinga fyrir venjuleg laxveiðileyfi hér, og einnig má geta þess, að í þessari upphæð er falið allmiklu meira heldur en það, sem Íslendingar njóta við kaup á sínum veiðileyfum. Það er sem sagt falin í þeim ýmiss konar þjónusta, frá því að þessir menn koma til landsins og þangað til þeir fara aftur. Það er uppihald, bílar, leiðsögn og ýmis annar kostnaður, sem þar kemur til greina, en algengast mun vera, að veiðiréttareigendur fái 5—6 þús. kr. í sinn hlut fyrir þessi veiðileyfi. Enn fremur þori ég ekki að taka ábyrgð á, að þessir 200 dollarar séu eitthvað algengt, en þó mun það vera í þessu tilfelli. Ég vil líka geta þess, að þessar háu greiðslur koma að sjálfsögðu eingöngu til góða örfáum ám í þessu landi, en það er ekki því að leyna, að ásókn útlendinga fer vaxandi og þeim ám fer fjölgandi, þar sem möguleikar eru á að leigja útlendingum einhverja veiði um stuttan tíma á ári, og ég held, að einmitt þetta atriði sé einhver sá mesti hvati, sem orðið hefur á síðustu árum til allra þeirra stórfelldu framkvæmda, sem gerðar hafa verið á þessu sviði, og ég get getið þess, að nú er sá hluti íslenzkra fljóta, sem er laxgengur, 400 km lengri en hann var fyrir nokkrum árum, og þetta er mjög mikil viðbót, sem þarna fæst og hefur fengizt með gerð fiskvega, þ. e. laxastiga. Enn fremur er í vaxandi mæli unnið að því að framkvæma svo nefnda vatnsmiðlun, þ. e. að jafna vatnsrennslið í ánum. Þetta er hægt, vegna þess að gjöldin fyrir veiðileyfin hafa hækkað svo stórkostlega og gert slíkar framkvæmdir sem þessar mögulegar, og enn fremur að sjálfsögðu með vaxandi áhrifum Fiskimálasjóðs. Enn fremur er afleiðing af þessu, að áhugi veiðiréttareigenda hefur vaxið stórlega fyrir því að setja niðurgönguseiði í ár, en slík ræktun ánna er mjög dýr og því aðeins möguleg, að tekjur komi á móti, þar sem þetta atriði fiskræktarinnar er ekki á nokkurn hátt styrkt af opinberum aðilum. Sem dæmi um áhrif Veiðimálastofnunarinnar á þennan þátt má nefna, að fyrir nokkrum árum voru niðurgönguseiði ekki til hér á landi, voru ekki framleidd. En núna síðustu árin höfum við framleitt á ári hverju, bæði í Kollafirði og á vegum einkaaðila, um 300 þús. niðurgönguseiði, þar sem t. d. Norðmenn framleiða aðeins 130 þús. laxaseiði árlega.

Ég tel, að þessi þróun, sem orðið hefur í þessum málum og er mjög mikil á undanförnum árum, sé tvíþætt. Í fyrsta lagi er hún vegna þess, að komið hafa meiri fjármunir inn fyrir veiðileyfi og vitanlegt, að sú þróun heldur áfram, verður varanleg og vaxandi. Og enn fremur það, að Veiðimálastofnunin og ýmsir einkaaðilar hafa í auknum mæli starfað bæði að rannsóknum og að framleiðslu seiða til dreifingar í íslenzkar ár, bæði sumaröldum seiðum og niðurgönguseiðum. Ég er þess vegna gersamlega andvígur því ákvæði í þessu frv., að tífaldað verði gjaldið til erlendra ríkisborgara, þ. e. að Íslendingar borgi 500 kr. fyrir veiðikortið, en útlendingar 5 þús. Og sú afstaða byggist á þessum grundvelli, sem ég hef verið að segja frá, að ég tel, að það muni verka letjandi á þá ásókn, sem nú er í íslenzkar ár. Í Noregi var þessi háttur á hafður, eins og frummælandi sagði frá. Þar voru gefin út veiðikort, sem kostuðu 10 kr. fyrir veiðitímabilið fyrir Norðmenn og upp í 25 kr. fyrir útlendinga. En ég veit ekki betur en nú alveg nýlega hafi þessu verið breytt — vafalaust hafa þeir verið búnir að fá af þessu reynslu — og gjaldið gert hið sama, 15 kr., hvort sem um erlenda ríkisborgara var að ræða eða Norðmenn sjálfa.

Sjálfur hef ég veitt í Bandaríkjunum og hef ekki orðið var við þetta fyrirbrigði, sem frummælandi gat um, að þar væri hátt gjald, fimmfalt gjald fyrir erlenda ríkisborgara. Og ég held, að það sé a. m. k. mjög óvíða í Bandaríkjunum, sem um slíkt er að ræða. Hins vegar gildir sú sérstaða þar, að þar gildir veiðikortið sem veiðileyfi, en hér eigum við í framtíðinni, sem kaupum rétt til laxveiða eða silungsveiða, að ganga með tvö kort í vasanum. Annað er greiðsla fyrir

veiðitímabilið allt til þessarar væntanlegu stofnunar, en hitt er hið raunverulega veiðileyfi. Og þótt ég viðurkenni nauðsyn þess að efla þá sjóði, sem nauðsynlegir eru til rannsókna og til að styrkja ýmsar ræktunaraðgerðir, þá er ég nú í fyrsta lagi ekki sannfærður um, hvað slík veiðikort mundu gefa í arð. Ég held, að þetta atriði hafi verið mjög vel rannsakað, þegar laxveiðilögin voru í undirbúningi nú síðast, og að fróðustu menn hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að innheimta og skriffinnska við slíka aðferð yrði svo erfið, að betra væri að fara aðrar leiðir, og þá var þetta 2% ákvæði tekið upp. Hitt er svo annað mál, að það er ekki þar með sagt, að þetta nægi á nokkurn hátt.

Það er mjög ánægjulegt að gera sér grein fyrir því, að nú, þegar þjóðirnar allt í kringum okkur eru að kvarta yfir þverrandi laxi, þá getum við hér sýnt fram á það, að Ísland er eina landið við norðanvert Atlantshaf, þar sem laxagengdin er vaxandi. Fyrir 10 árum veiddum við hér eitthvað um 20—30 þús. laxa, fyrir fjórum árum veiddum við 30—40 þús. laxa, árið 1970 veiddum við 56 þús. laxa og 1971 veiddum við 59 þús. laxa, svo að þetta er í sjálfu sér bending um það, að ekki sé að öllu leyti illa á málum haldið hjá okkur. Til viðbótar þessu má svo geta þess, að þáttur stangaveiðinnar í laxafengnum er vaxandi, og ég man ekki betur en á síðasta ári hafi um 70% af íslenzkum laxi verið veitt á stöng. Þetta hefur nokkra þýðingu, þar sem hver lax mun vera um það bil þrefalt verðmætari veiddur á stöng, borið saman við þann, sem veiddur er í net.

Það hefur staðið styrr um framkvæmd veiðimála hér á landi og starfsemi þeirrar stofnunar, sem nú á að vera við hlið þessarar nýju stofnunar, sem á að taka að sér verulegan hluta af hennar verksviði. Ég held, að við þurfum ekkert að furða okkur á því, þó að það standi styrr um stofnun, sem á að sjá um slík málefni sem hér um ræðir. Ég held, að veiðimál og landamerkjamál séu einhver viðkvæmustu mál, sem um getur, og það þurfi engan að furða, þó að þar verði einhverjir árekstrar. Að því leyti er það rétt, sem flm. sagði, að það er aðgengilegt að aðskilja þetta að einhverju leyti. En það er ekki þar með sagt, að það þurfi að setja upp aðra stofnun til að taka við rannsóknunum, heldur geti hér fyrst og fremst verið um tvær deildir sömu stofnunar að ræða. Þar að auki er það svo með byrjandi vísindi, eins og hér er um að ræða, að þá er iðulega deilt um aðferðir. Og það er það, sem hér hefur gerzt. Það hefur verið deilt um aðferðir, og ég held, að sú aðferð, sem hér hefur verið notuð, að hafa þetta ekki aðeins tilraunastöð, heldur tilrauna- og ræktarstöð, það hafi verið gert af illri nauðsyn, en ekki af því, að flestir aðilar, þ. á m. forráðamenn þessarar stofnunar, vildu ekki gjarnan fá nóg fjármagn til að geta rekið þetta eingöngu sem tilraunastöð. En það er ekki á þessu eina sviði, sem Íslendingar hafa orðið að sætta sig við það að fara krókaleiðir til að ná markinu, og ég held, að hér hafi a. m. k. mikið áunnizt og einmitt nú sé þessi stofnun að komast á það stig að geta í auknum mæli sinnt því verkefni, sem þessi nýja stofnun á að sinna. Og það byggist m. a. á því, að hún hefur nú fengið aðgang að tveimur fiskifræðingum. Nú vantar hana sem sagt aðeins fjármagnið, og ef aukið fjármagn fæst, þá tel ég samt, að því yrði betur varið til að efla þá stofnun, sem fyrir er, heldur en til þess að stofna nýja.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þessu frv. til l. um Rannsóknastofnun fiskræktar verður væntanlega vísað til n., sem ég á sæti í, og ég mun þess vegna geta komið að þar í n. aths., sem ég kann að vilja gera við þetta frv., og ætti þess vegna ekki að þurfa að lengja þær umr. svo mjög, sem hér hafa orðið eða verða um frv. við 1. umr. Þó eru það viss atriði, sem mér þykir rétt að koma lítillega inn á í örstuttu máli, sem fram hafa komið, einkum hjá 1. flm. frv., hv. 1. þm. Vestf.

Hann hafði orð á því í sinni framsöguræðu og lýsti raunar undrun sinni á því, hversu kaflinn um rannsóknir og ræktun væri stuttur í lögunum um lax- og silungsveiði. Ég hef ekki í höndunum laxveiðilögin í heild og get þess vegna ekki fellt um það dóm og man það ekki svo glöggt, hversu mikið mál er þar um þessa þætti veiðimálanna, en það er nú alltaf dálítið afstætt, þegar maður talar um stutt eða langt, mikið eða lítið, og ég verð að segja það, að jafnvel þó að þetta frv. allt væri fellt inn í lögin, þá væri e. t. v. ekki heldur hægt að segja, að sá kafli væri langur. En það, hvort kafli úr lögum, sem afmarkar ákveðið efni, er langur eða stuttur, hefur ekki mest að segja, aðalatriðið er, að hann sé byggður þannig upp og þannig fyrirmæli séu í lögunum, að til bóta verði og það verði auðvelt og gott að vinna eftir þeim fyrirmælum. Ég vil lýsa því yfir strax, að ég er mjög vantrúaður á, að hér sé verið að fara inn á rétta braut, þegar gert er ráð fyrir að efna hér til sérstakrar stofnunar um fiskirækt eða fiskrækt, eins og það heitir nú þarna. Ég tel, að það fyrirkomulag, sem mótað hefur verið og mörkuð stefna um í núverandi lögum um lax- og silungsveiði, sé mjög athyglisvert og ég hygg sú stefna, sem viðráðanlegust sé fyrir okkur og muni, þegar allt kemur til alls, kosta okkur minnsta fjármuni til þess að ná mestum árangri miðað við eyðsluna. Og það er eitt, sem ég rek augun í í þessu sambandi, þegar farið er lauslega yfir frv. þetta, sem hér er til umr., að þar er gert ráð fyrir, að stjórn hinnar nýju rannsóknastofnunar sé skipuð ekki með ólíkum hætti því, sem gert er með veiðimálanefnd í lax- og silungsveiðilögunum. Það er að vísu ekki alveg með sama hætti, en það virðist vera, að það sé sama hugsunin, sem liggur á bak við, og að það séu menn með svipuð áhugasvið, svipuð viðhorf til þessara mála, sem ætlað er að stjórna hinni nýju stofnun, og þeir, sem ætlað er að fylli veiðimálanefnd.

Hv. fyrri flm. þessa frv. hafði orð á því, sem ég er honum algerlega sammála um, að ekki sé fært að flytja hingað inn í landið reynslu og þekkingu á sviði fiskræktar, sem nægilega væri haldbær og örugg til þess að við gætum tileinkað okkur hana hráa. Þess vegna er okkur það að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa tilraunastarf-

semi í landinu sjálfu, og ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að við getum með auðveldum hætti eflt þá stofnun, sem fyrir er og lagafyrirmæli eru um og er að störfum í Kollafirði, við getum eflt hana svo, að hún ætti að geta fyllilega svarað til þeirra verka, sem þessari nýju stofnun er ætlað að sinna.

Við komum þarna að einu og sama atriðinu, sem er það mikilvægasta fyrir okkur, og það er það, á hvern hátt við fáum fjármagn til þeirra hluta, sem við verðum að vinna að, og í þessu tilfelli þarf að sjálfsögðu mikið fjármagn, því að allt þetta kostar mikla peninga, mikla vinnu og það verður ekki hægt að líta fram hjá því. Okkur var það ljóst, sem stóðum að því að setja lög síðast um lax- og silungsveiði, að ekki var nægilega vel séð fyrir þessum málum til frambúðar fyrir ræktun og rannsóknir í þeim lögum, sem þá voru afgreidd. En ég vil leiðrétta það, að það er alls ekki rétt, að það sé um nýmæli að ræða í þeim till., sem settar eru fram í 9. gr. frv. um tekjuöflun til þessara mála. Þessum hugmyndum var hreyft hér á Alþ., þegar lögin voru síðast endurskoðuð, og það var Alþ., sem hafnaði þeim hugmyndum, og ég hef ekki trú á því, að veruleg breyting hafi orðið á því með þeim mönnum, sem um þessi mál hafa hugsað og fjallað. Ég held, að það sé ástæðulaust að ala nokkurn ugg í brjósti út af því, þó að rannsóknastofnun sé í föstum tengslum við veiðimálanefnd eða í föstum tengslum við lög um lax- og silungsveiði, þó að þau fjalli um þau málefni, sem oft og tíðum hafa valdið hagsmunaátökum, eins og getið er um hér í grg. með þessu frv. Ég hygg, að ef hætta er á því, að það lami stofnun af þessu tagi, þá sé ekki sett undir þann leka í till. þeim, sem hér eru gerðar um rannsóknastofnun, því að ég hygg, að það sé gert ráð fyrir því, að veiðimálastjóri verði einn af þeim, sem stjórna Rannsóknastofnun fiskræktar, og ég hygg, að það hafi ekki farið á milli mála, að hann hefur orðið að blanda sér einmitt í þessar viðkvæmu deilur og hagsmunaátök ekki síður en veiðimálanefnd hefur þurft að gera, svo að ég sé ekki, að þar sé verið að fjarlægja neitt eða setja undir þennan leka, sem þarna var talað um, að hætt væri við, að mundi valda erfiðleikum.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil aðeins benda á það, að ég tel, að það sé engin lausn á þeim vanda, sem við er að glíma, að setja upp nýja stofnun í þessu efni. Ég tel miklu haldbetra og áhrifaríkara að reyna að finna leiðir til þess að fá meira fjármagn til þeirrar starfsemi, sem þegar er búið að setja á stofn. Að mínum dómi væri vel hugsanlegt að setja þetta allt til nýrrar endurskoðunar, einkum kaflann um ræktun og fiskeldi. Með hverju árinu kemur fram nokkur reynsla, og það er þess vegna athugandi, hvort ekki ætti með ákveðnu millibili að taka einmitt þann kaflann til athugunar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ágreiningur um þetta mál kemur mér alls ekki á óvart, því að eins og sagt hefur verið og fram hefur komið, þá eru veiðimálin ágreiningsmál af ýmsum eðlilegum ástæðum. Ég vil aðeins leyfa mér að fara fáeinum orðum um nokkur atriði, sem fram komu hjá hv. þm., sem hér hafa talað. Ég er alveg sammála því, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Sunnl., að það skiptir ekki öllu máli, hvort kaflinn er langur eða stuttur, enda var það alls ekki ætlun mín að gefa það til kynna. Hitt held ég, að fari ekki á milli mála, að þeir kaflarnir, sem fjalla um veiðirétt og lögskipan þeirra mála, eru vitanlega aðalefni þessa mikla lagabálks um lax- og silungsveiði. Það held ég, að sé alveg ljóst. Ég hef talið og tel, að rannsóknastarfsemin hverfi þar í skuggann.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykn., að það stendur mikill styrr um veiðimálin eins og um landamerkjamálin, enda væri það nú laglegt ástand, ef við fælum Rannsóknastofnun landbúnaðarins að annast það mál. Ég býð ekki í það. Og þetta er einmitt ein af ríkustu ástæðunum fyrir því, að við teljum eðlilegra að skilja þetta í sundur. Ég fagna því, sem fram kom hjá hv. þm., að það komi vel til greina að gera hér nokkra endurskoðun á því fyrirkomulagi, sem er, og reyndar kom það fram hjá báðum hv. þm. Minnzt var á það, að e. t. v. mætti skipta þessu í sérstaka deild og skilja það þannig betur í sundur. Það má vel vera, að slík athugun mundi lagfæra það ástand, sem nú er. Þar kemur fram skilningur á því, að lagfæringa geti verið þörf. Það finnst mér töluvert spor og viðurkenning á þessu máli okkar.

Vitanlega má mikið um það deila, hvort það eigi að vera sérstök rannsóknastofnun eða ekki. Ég nefndi þetta sjálfur í framsögu minni. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að ef ekki er vilji til þess að setja á fót sérstaka rannsóknastofnun, væri betra að tengja þessa rannsóknastofnun öðrum rannsóknastofnunum frekar en Veiðimálastofnuninni. En þó er ég sammála því, og reyndar kemur greinilega fram í frv., að við teljum, að þar verði einnig tengsl að vera á milli. Að sjálfsögðu gegnir allt öðru máli, hvort veiðimálastjóri sé í stjórn stofnunar eða hann sé framkvæmdastjóri þessarar starfsemi, og get ég ekki fallizt á það, sem í því sambandi kom fram hjá hv. 6. þm. Sunnl.

Hv. 3. þm. Reykn. fór nokkrum orðum og allmörgum um kostnað við eldisstöðina í Kollafirði. Vitanlega má mikið um það deila og lengi, hvort hann sé gífurlegur eða ekki, en það má vel vera, að of djúpt sé í árinni tekið hér í þessari grg. Ég hafði satt að segja heyrt allmiklu hærri tölu og því miður hef ég ekki getað fengið staðfestar tölur, þó að ég sé ekki að vefengja það, sem þarna kom fram, langt frá því. En það er, held ég, óumdeilanlegt, að hún fór mjög mikið fram úr áætlun, og aðalatriðið hjá okkur er, að það sé rangt að ætla eldisstöðinni að gefa tekjur til að standa undir þessum kostnaði. Við teljum, að það komi ekki til mála og slík stefna gerði ekkert annað en gera stöðina nálægt því lítils virði til rannsóknastarfsemi. Starfsemin beinist þá fyrst og fremst að því að standa undir greiðslum vaxta og afborgana, og það er ekki hentugt fyrir neina rannsóknastarfsemi að standa í slíku. Ég þekki þessa ekki önnur dæmi,

nema e. t. v. eitt í landbúnaði, það er fjárræktarbúið að Hesti, sem gerir það þó aðeins að litlu leyti og hefur aldrei verið aðalmarkmið þess. Tekjur, sem hafa komið inn, hafa að sjálfsögðu fallið inn í almennan rekstrarkostnað, en ekki í þeim mæli, sem hér er gert ráð fyrir, enda hefur mér sýnzt, að stjórn þeirrar stofnunar sé öll þannig skipuð, að við það sé miðað, að hún sé fremur rekin sem „business"-fyrirtæki, ef má nota það orð, heldur en rannsóknastofnun.

Það var nokkuð rætt um stjórn stofnunarinnar. Ég get vel fallizt á, að það sé kannske rétt, að stjórn Búnaðarfélagsins eigi að tilnefna þarna mann, og ég er vissulega til viðtals um þá breytingu, geri þar ekki neinn ágreining á þessu stigi, er tilbúinn að athuga það. Að forstjóri sé sérmenntaður, við töldum nú alls ekki þörf á því. Það er stundum dálitið umdeilt. Ég er nú þeirrar skoðunar, að þarna hlyti að vera maður með háskólapróf, og engum dytti satt að segja í hug að ráða mann sem forstöðumann rannsóknastofnunar, nema hann hefði háskólapróf í þeirri grein, og það má vel vera, að nauðsynlegt sé að setja það inn, ef stjórninni er ekki til þess treyst að sjá svo um.

En fyrst og fremst stóð ég upp til að andmæla því, að það sé þriðji megintilgangur frv. að setja hömlur á veiði erlendra manna hér á landi. Ég skal ekki leyna því, að ég tel þá þróun, sem nú er, stórkostlega varasama, að erlendir menn eru að meira og minna leyti að gleypa, ef ég má orða það svo, þessi lífsgæði okkar Íslendinga, sem við eigum í okkar fámenna landi, og ég hygg, að það muni fljótlega verða almennari skoðun en nú er, að þarna sé stefnt inn á afar hættulega braut og það sé ekki aðeins laxveiðin, sem þarna er um að ræða, heldur jafnvel fjölmargt annað, sem við höfum; rjúpan, gæsin, jafnvel gönguslóðir í okkar dásamlegu náttúru og okkar dásamlega umhverfi.

Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar, að þetta land okkar sé félagsbú og við eigum að standa saman að því, við eigum að efla okkar landbúnað sameiginlega og hann eigi að hafa fyrsta aðgang að okkar mörkuðum. Og eins eigum við Íslendingar yfirleitt sjálfir að hafa nokkurn forgang að okkar landi, hvar sem er, og gildir þar yfirleitt svipað, hvort sem landið er leigt til herstöðvar eða til laxveiði. En ég ætla alls ekki að fara út í þetta mál. Ég hef alls ekki litið á þetta mál sem tengt því, sem hér er um að ræða, og satt að segja þótti mér það undarlegt, hvað hv. þm. varði miklu af sinni ræðu í að ræða um stangaveiði. Það er ekki aðallega stangaveiðin, sem við erum með í huga. Það er fyrst og fremst sú sannfæring okkar, að þetta geti orðið öflug atvinnugrein, fiskeldi og fiskrækt, geti orðið mjög öflug atvinnugrein, og þar á ég vitanlega við þá grein, sem ég nefndi, sem þróazt hefur í fjarlægum löndum og er nú í mikilli framför í nálægum löndum okkar, þar sem þessi verðmæti fiskur, lax og silungur, er í vaxandi mæli ræktaður í t. d. lokuðum tjörnum eða jafnvel búrum, eins og ég nefndi, til slátrunar og stórfyrirtæki leggja gífurlegt fjármagn í þróun þeirrar tækni, eða honum er sleppt og tekinn aftur, en við eigum fyrst og fremst við þetta sem atvinnugrein. Ég er ekki að gera lítið úr stangaveiðinni. Hún er vissulega mikilvæg. En það er sannfæring mín, að hún er hverfandi miðað við þennan þáttinn, sem við höfum hér fyrst og fremst í huga. Raunar held ég, að 5 þús. kr. gjald sé litlar hömlur. Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er leigt allt upp í 200 dollara á dag. Það er ekki allt svo hátt, en ætli það sé ekki víðast hvar 100—200 dollarar eða kringum 9—18 þús. kr. á dag, og fáa útlendinganna þekki ég, sem hingað koma til eins dags veiði. En það getur vel verið, að það þurfi að endurskoða upphæð þessa gjalds, ef við höfum það í huga, að þetta fer allt saman óðum hækkandi með hverju ári, og grunur minn er sá, að þessi upphæð verði talin lítil eftir skamman tíma, ef svo heldur áfram sem nú horfir, og engar líkur eru til, að á verði breyting.

Ég ver vissulega hagsmuni bænda, þeir eiga að hafa verulegar tekjur af þessu. En eins og ég segi, þá get ég alls ekki séð, að þetta skerði þær, og ég hef rakið það og þarf ekki að fara um það fleiri orðum, þótt ég telji eðlilegt, að nokkuð verði þar af mörkum lagt til þeirrar rannsóknarstarfsemi, sem hér er um að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, sem kom fram í löngum ræðum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég hef nú fengið skýringuna á 5 þús. kr. og ég verð nú að segja það, að mér finnst ekki of í lagt, ef hv. flm. og þá vafalaust báðir flm. leggja að líku erlent herlið hér í landi og veru einstakra hermanna í landinu og þeirra manna, sem koma hér til að stunda laxveiði, þá get ég vel skilið, að þessi tíföldun sé viðhöfð. En varðandi það, að það beri að hamla á móti því, að útlendingar komi hér til eins og annars, þá stangast þetta náttúrlega gersamlega á við þá ríkjandi stefnu, sem mér hefur skilizt, að væri í þessu landi, að reyna að laða hingað ferðamenn. Og það var engin tilviljun, þegar ég minntist á það, að útlendingar þyrftu að borga 5 þús. kr. fyrir að veiða hér einn dag, fyrir kortið. Það er vegna þess, að hér er fjöldi útlendinga, sem kemur hingað í allt öðrum tilgangi, en sem hefur hug á því að reyna þetta sport, sem stangaveiði er. Hér er sú stefna ríkjandi að fá hingað alls konar ráðstefnur. Þessir aðilar, sem sækja ráðstefnur, eru gjarnan í því landi, þar sem ráðstefnan er haldin, kannske einn eða fleiri daga fram yfir ráðstefnuna og hafa þá hug á að gera eitthvað sér til afþreyingar. Það eru slíkir menn, sem gjarnan veiða í ánum í einn dag, en aftur á móti þeir, sem koma gagngert til laxveiði, þeir eru að sjálfsögðu oftast eitthvað lengur.

Við búum nú rúmlega 200 þús. sálir í þessu stóra landi okkar, og ég held, að við getum ekki einangrað okkur það mikið, að við getum borið það saman við erlenda hersetu hér í landi, þó að einhverjir vilji njóta okkar hreina lofts eða rjúpnaveiði eða hvað það nú er. Mér finnst það nú heldur langsótt og a. m. k. fleira en þetta frv., sem verður að koma til, ef við eigum að breyta svo um stefnu. Ég vil endurtaka það, að ég lít á þetta sem alvarlegar hömlur á þeirri þróun, sem verið hefur um vaxandi verðmæti veiði-

réttar á undanförnum árum. Ég álít, að það standi í beinu sambandi við eftirspurnina frá útlöndum. Og ég veit líka, að það hafa verið sterkir aðilar hér í landi, sem hafa talið þetta óhagkvæmt.

Varðandi ræktun í fulla stærð til neyzlu, þá er ég flm. fyllilega sammála um það, að það er sannarlega atvinnuvegur, sem hér á sér framtíð. En ég vildi þó geta þess, að bæði á þessu sviði og fleiri öðrum eru hér í gangi miklar rannsóknir. Ég veit ekki betur en það sé farið að nota íslenzkt fóður til þess að fóðra á þessa fiska okkar, og við erum sem sagt núna búnir að mennta úti í útlöndum einmitt aðila, sem eru færir um að taka þessar rannsóknir að sér, sem við höfum verið að ræða um, þannig að þó að eitthvað sé ógert eftir 10 ára starfsemi eða rúmlega 10 ára starfsemi, þá tel ég það nú ekki vera svo óeðlilegt. Ætli það væri ekki á fleiri sviðum, sem við gætum haldið því fram, að það væri ekki búið að gera allt, sem gera þarf? Og einkum vil ég endurtaka það, sem ég sagði, að fjárskorturinn hefur háð þessu fyrirtæki, Veiðimálastofnuninni, rannsóknum og öðrum þáttum alla tíð, fjárskortur hefur háð okkar rannsóknastarfsemi á fjölda annarra sviða vafalaust alla tíð og svo er enn. Og meginatriðið er að auka fjármagnið, sem í rannsóknastarfsemina fer, en ekki að fjölga stofnununum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Áfengislög (frv. PÞ o. fl.).

Á 71. fundi í Ed., 24. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969 [264. mál] (þmfrv., A. 602).

Á 72. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hygg, að allir hv. alþm. geti verið sammála um það, að áfengisnautn með þjóðinni um þessar mundir sé meiri heldur en góðu hófi gegnir og að þróunin í því efni sé næsta uggvænleg. Áfengisvarnaráðunautur á að vera ríkisstj. til ráðuneytis um þessi efni. Hann er formaður áfengisvarnaráðs og á að hafa með höndum umsjón með framkvæmd á þeim kafla áfengislaganna, sem fjallar um áfengisvarnir. Það þarf ekki að draga í efa, að áfengisvarnaráðunautur vill leita allra tiltækra ráða til þess að draga úr því böli, sem af áfengisnautninni leiðir. Kemur þar til bæði staða hans sem embættismanns og einnig persónulegur áhugi þess manns, sem starfinu gegnir.

Áfengisvarnaráðunautur hefur haft nokkurt samband við einstaka þm. og leitað eftir því að fá einn þm. úr hverjum þingflokki til þess að fylgjast með þeim hugmyndum, sem áfengisvarnaráðunautur og áfengisvarnaráð hafa um ráðstafanir bæði á sviði framkvæmda í þessu efni og nokkrar lagabreytingar, er miðað gætu að því að draga úr áfengisnautn eða veita aukið aðhald í þessu efni. Tildrögin að því, að þetta tiltölulega litla frv., sem ég mæli hér fyrir, er flutt, eru þau, sem ég greindi, að áfengisvarnaráðunautur hefur mælzt til þess, að þetta frv. yrði fram borið, og flm. þessa frv. eru fimm þm. sinn úr hverjum þingflokki, eins og þskj. 602 ber með sér.

Í þessu frv. eru einungis borin fram þau atriði, sem áfengisvarnaráðunautur hefur bent á og talið æskilegt, að freistað yrði að fá breytingar á áfengislögunum um þessi atriði. Ég skal nú með örfáum orðum víkja að þeim atriðum, sem í frvgr. felast.

Í áfengislögum er svo fyrir mælt, að áður en veitingahúsi er veitt leyfi til vínveitinga, skuli leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðh. óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingunni mótfallin. Hér er lagt til, að við þetta ákvæði í gildandi lögum sé því bætt, að það verði einnig gert skylt að leita umsagnar áfengisvarnanefndar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, áður en veitingahúsi er veitt vínveitingaleyfi.

Í 20. gr. áfengislaga segir: „Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl efir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka.“ Þar sem um það eru skýr ákvæði í áfengislögum, að ungmennum yngri en 18 ára sé óheimil dvöl á þessum veitingahúsum eftir kl. 8 á kvöldin, þá er rökrétt að álykta, að þeim, sem orðnir eru 18 ára að aldri, sé heimilt að fá aðgang að veitingahúsi, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Hins vegar er kveðið svo á í 16. gr. laganna, að yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Af þessum ákvæðum hefur leitt og leiðir nokkurt misræmi, þannig að það er talið torvelda strangt eftirlit í veitingahúsum, að þarna eru ákvæði um tvenns konar aldursmörk, svo að þeir, sem vilja beita sér fyrir auknu aðhaldi í þessu efni, telja nauðsynlegt að samræma þetta. Þessu samræmi mætti vitanlega ná á tvennan hátt, annars vegar með því að gera þeim, sem yngri eru en 20 ára, það óheimilt að dvelja í veitingahúsi, þar sem vínveitingar eru leyfðar, t. d. eftir kl. 8 að kvöldi. En það er nú á ýmsum öðrum sviðum keppt að því að veita þeim, sem ungir eru, aukin réttindi í þjóðfélaginu. Má í því efni minna á lækkun kosningaaldurs og ég ætla, að nú sé stefnt að því með frv., sem fjallað er um einmitt um

þessar mundir, að lækka þann aldur, þegar mönnum er heimilað að stofna til hjúskapar, þannig að í samanburði við þetta og að athuguðu máli þykir jafnvel bindindismönnum okkar sú leið naumast fær að banna öllum, sem yngri eru en 20 ára, aðgang að veitingahúsum, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Þess vegna er hér farið út á þá braut að ná þessu samræmi á þann hátt, að þrátt fyrir þau ákvæði í 16. gr. laganna, sem ég minntist á, þá megi þó í veitingahúsi, sem fengið hefur vínveitingaleyfi, afgreiða áfengi til þeirra, sem náð hafa 18 ára aldri.

Samkv. lögum um Stjórnarráð Íslands og reglugerð á grundvelli þeirra laga, þá verður framkvæmd áfengislaga með vissum hætti skipt á milli þriggja rn. Dómsmrn. fer að öllu leyti með þau mál, sem varða löggæzlu. Hins vegar er kveðið svo á í reglugerð um stjórnarráðið, að heilbr.- og trmrn. fari með áfengisvarnir og bindindisstarfsemi. Og menntmrn. hefur yfirumsjón með allri fræðslu í skólum ríkisins og þ. á m. þeirri fræðslu, sem á lögum samkv. að halda uppi um áfengismál, útgáfu námsbóka í því efni o. s. frv.

Í 3. gr. þessa frv. er því sú leiðrétting gerð, sem leiðir af lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, að í stað þess, að áður hefur staðið eða í lögunum segir, að dómsmrh. skipi varaformann áfengisvarnaráðs, þá á nú samkv. 3. gr. þessa frv. að fela það heilbrmrh., enda mun það vera orðið svo í framkvæmd, að heilbrmrh. skipar t. d. formenn áfengisvarnanefnda, en ekki lengur dómsmrh.

Þá kem ég loks að 4. gr. þessa frv. Hún felur í sér smávægilega breytingu á aðstöðu áfengisvarnanefnda. Í lögunum er kveðið svo á, að áfengisvarnanefndir skuli vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim. Þetta er nú ekki í samræmi við þá þróun, sem nú á sér stað, því að það er hin algenga regla, að nefndir fái einhverja þóknun fyrir þau störf, sem þær vinna. Að sönnu er starf áfengisvarnanefnda fyrst og fremst starf áhugamanna og svo þarf að vera. Hins vegar þykir áfengisvarnaráðunaut það a. m. k. óþarfi að kveða á um það með lögum, að ekki megi greiða áfengisvarnanefndum þóknun fyrir störf, sem þær inna af hendi, heldur verði stefnt að því að leggja það á vald sveitarstjórnanna, það sé frjálst samningsatriði milli áfengisvarnanefndar og sveitarstjórnar á hverjum stað, hvort nefnd tekur þóknun fyrir störf sín eða ekki.

Ég hef þá skýrt með þessum fáu orðum þau tilteknu atriði, sem í frv. þessu felast, og ég endurtek að lokum, að þessi atriði eru þau ein, sem áfengisvarnaráðunautur hefur óskað eftir, að fram yrðu borin, og þm. úr öllum flokkum standa að flutningi þessa máls.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allsh.

Umr. frestað.

Á 74. og 75. fundi í Ed., 3. og 4. maí, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 5. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.